 " stefnit öðrum, biskupum ok öllum inum vitrustum  
 " mönnum í landinu, ok væri þeirra ráð við slík stórv-  
 " mæli." Þá mælti Önunldr merkismaðr: "Eigi man  
 " oss Birkibeinum hæfa at bíða langræðu biskupanna  
 " at þessu máli; þvíat munu þeir lítið fylgja lögum  
 " ins [helga] Óláfs konungs eðr landsins þurft um  
 " þetta mál, þegar nokkurr á hlut í af ætt Sverris  
 " konungs. Þá er sá annarr í þessu máli, er öllum er 253.  
 " kunnigt, at Baglar sitja í Vík austr með her-  
 " mikinn, ok kallask hafa konung yfir sér. Ok ef þeir  
 " verða þess varir, at [vér] sitjum með höfuðlausan  
 " her, ok þó eigi sáttir vár í millum, þá man þeirra  
 " eigi langt at bíða, ok munu margir leikinn<sup>1</sup> styrkja  
 " með þeim á hendr oss; en lærdir menn eru litlir  
 " várir vinir; ok höfu vér öngvan annan til, er fylgja  
 " viljum<sup>2</sup> konunga-aettinni, enn fylgja oss sjálfir  
 " meðan Guð vill fylgja oss."

13. Eptir þetta nefndu þeir tólf menn á þinginu at  
 ganga þangat sem konungs-son var; en hann var þá  
 [í skóla] upp við Krist-kirkju; gengu þeir inn í  
 skólað. Sá er fyrir þeim var mælti þessum orðum  
 til konungs-sonar: "Allir fornir Birkibeinar ok bæjar-  
 " menn ok baendr, þeir sem hér eru staddir, senda  
 " yðr, konungs-son, kveðju Guðs ok sína. Sitja nú í  
 " konungs-garði Birkibeinar ok bíða yðar." Þeir tóku  
 í hönd konungs-syni, ok höfdu hann með sér. Ok er  
 þeir kómu þangat [á þingit] sem jarl var ok sat á  
 stóli fyrir, ok lézk eigi mega svá bráðliga setja hann  
 í háseti, "Þvíat þeir eru margir, er eigi þykkjask  
 " sann-fróðir hvárt hann er son Hákonar konungs  
 " eðr eigi." Þá var svarat af hendi konungs-sonar:

<sup>1</sup> *leikinn*] thus Sk., Fl., not *leik-*  
 menn.

<sup>2</sup> *viljum*] add. Fr.

“ Pann fyrsta vetr er hann kom til Inga konungs A.D. 1217.  
 “ tók hann við hónum sem sönnum sínum frænda, ok  
 “ hann hafði aldri ef á, at hann var son Hákonar  
 “ konungs Sverris-sonar; slíkt sama görði ok Hákon  
 “ jarl, jafnan meðan þeir lifðu báðir, konungrinn ok  
 254. “ jarlinn, þá sýndu þeir þat í sínu yfirlæti ok viðr-  
 “ væri, at hann var sunnr þeirra frændi. Man þetta  
 “ vera komit af rótum ok ráðum þeim sem nú hafa  
 “ verit um hríð, ok af fornum fjándskap þeirra er  
 “ fyrir-koma vildu konunga-aettinni hér í Noregi, en  
 “ fram draga þá sem ekki eru til kommir.” Eptir  
 þetta stóðu upp frændr konungs-sonar ok aðrir þeir  
 er hér var mest kunnigt um, ok sögðu at þeir vildu  
 glaðliga ganga til skírslu fyrir sveininn heldr enn hann  
 misti sínan föður-leifðar.

14. Þeir gengu nú af þinginu; en Inga móðir konungs-sonar til Pétrs-kirkju ok fastaði hon þar til járn, sem siðr er til. En meðan þetta var, voru nógur nátsetur með jarli af nokkurum Kórsbraeðrun ok enn fleirum lærðum mönnum, þeir [er] í móti voru konungs-syni. En þá er járnit skyldi bera, var því brott skotið, ok vissi eingi<sup>1</sup> hvar þat var komit. Sunir Kórsbraeðr sögðu, at þeir þorðu eigi at járn veri borit fyrir enn erkibiskup kæmi til. Semi hirðstjórar ok Birkibeinar sá hversu fór, þá héldu þeir fram eigi at síðr sínu málí; ok sendu mönnum orð um öll Praenda-lög; ok stefndu Eyra-þing, at vera skyldi á mánaðar-fresti.<sup>2</sup> Þeir nefndu ok menn til, at fylgja skyldi konungs-syni hvern dag, ok köllnðu æ konungs-efni sitt; ok létu hann sitja í hásæti ljá jarli, þó at hónum væri þat eigi injök at skapi.

15. Þá er þetta var tíðenda er nú [var] frá sagt, kom sunnan ór landi Dagfinnr lögmaðr ok stallari 255. konungs. Hann hafði bréf frá Hávarði, er þá var

<sup>1</sup> eingi] Fl.; ei, Cd.

<sup>2</sup> mánaðar-fresti] so Sk., Fr., Esp.; hálfs mánaðar, Fl.

A.D. 1217. biskups-efni í Björgyn ok frá lendum [mönnum] ór Gulaþings-lögum. Þá er Dagfinnr var nýkominn til bæjarins var blásit til hirðstefnu, ok vóru þar bréf upp lesin þau er þetta stóð á:—“Vér höfum spurt fráfall “ Inga konungs várs; var þat miklum mun fyrr enn “ várr vili stóð til ef vér maettim ráða. Svá höfum<sup>1</sup> “ vér [ok] heyrta, at nökkut leikr á tveim tungum hverr “ í konungs stað vill<sup>2</sup> koma, ok er þat undarligt, at “ vitrir [menn] sem þér eru, skolu vera tvídrægir um “ þat er vér hugðum at öllum skyldi auðsýnt vera. “ Segju vér því svá, at öngvan vitu vér til fallinn “ konungs-nafn at bera nema Hákon son Hákonar “ konungs; þvíat hans ætt hefir jafnan fyrir Noregi “ ráðit, maðr eptir mann. Nú vilju vér, at þér vitið “ sanuliga várn vilja um þetta, at vér munum öngum “ konungi þjóna nema hónum; ok sjálfa oss, ok allt “ þat er vér eignum, fram leggja fyrir hans sakir [ok “ hann verja] ok hans föður-leifð. En hvern annan “ sem ér takit til konungs, þá skulu vér í móti vera, “ bæði liðs-menn, ok allir aðrir þeir sem Gulaþings-lög “ byggja. Ei ef þér Þraendir vilit nökkut fram draga “ þá menn er yðrir frændr eru eðr fóstbræðr, þótt “ þeir eigi nökkura frændsemi eðr ættar[tölu] til kon- “ unga, ok skulu svá hvárir sínum frændum ok fóst- “ bræðrum fylgja, þá kann verða at margir verði brátt “ nes-konungarnir. En vér hugðum þat, þó at nök- “ kurir væri aðrir tvídrægir um konungs-tekjuna, þá “ skyldu þeir þó vera einarðir, Þraendir; ok svá væntu<sup>256</sup> “ vér at sé hvat sem hverrgi segir. Dagfinnr bóndi ok “ Hróarr konungs-frændi kumnu at segja yðr allan várum “ vilja um þetta mál ok þeir aðrir er bréfum várum “ vilja fylgja.”

16. Sem bréfít var lesit, þá stóð upp Dagfinnr bóndi, ok talaði mörgum orðum, ok lauk svá sínu eyrendi: “ Ef eigi verðr,” sagði hann, “ Hákon skjótt til konungs

---

<sup>1</sup> *háum]* Fl.; maettum, Cd. | <sup>2</sup> *vill]* Sk.; skal, Fl.

“ tekinn, þá viljum vér Birkibeinar fylgja hónum suðr A.D. 1217. “ til Björgynjar, ok höfum þetta eyrendi af hendi allra “ Gulaþings-manna.” Þá varð rómr mikill sem fyrr af hendi allra Birkibeina; ok sögðu eigi skyldn annat fram ganga enn þetta, hvat sem hvergi legði til. Ok lauk svá þeirri stefnu. Ok er þetta var tíðenda, þá fór þingboð um héruðin; ok svá ráð fyrir gört, at seu flestir skyldi þingit sækja.

17. Dag þann er Eyra-þing var stefnt, kom til bæjarins fjöldi bónda af héruðum, svá sem siðr er til þá er konungr er tekin. Var blásit eptir fornum sið ok skipan út á Eyrar öllu fólkni. Þá vóru menn görvir til Kórsbraeðra, at út skyldi vera borit skrín ins helga Óláfs konungs. Ok er menn kómu til kirkjunnar þá var hón í lási, en klukkarar sögðu, at Kórsbraeðr lögðu hverjum manni bann fyrir at bryti upp kirkju ok út tæki skrímit. Ok er þetta spurðisk á þingit, þá var 257. þat tekit ráðs, at Hákon var gefit konungs-nafn eptir réttum siðum, ok görði þat sá maðr er Skervaldr hétt or Gaulardal; ok var hónum þá dæmt land ok þegnar; ok játuðu allir Þrændir hónum alri rétttri hlýðni ok lýðskyldu svá fullkomlega sem bæði hefði hann svarit þeim eið ok þeir hónum eið. Ok því þingi sleit svá. Annan dag eptir var blásit til hirðstefnu; kómu þangat lendir menn ok hirðin öll, ok sóru þeim þá eiða báðum, Hákon konungi ok Skúla jarli, ok görðusk sverðtakrar, hvern með slíkum nafnbótum sem áðr hafði haft með Inga konungi.

18. Brátt eptir þetta bjoggusk þeir Hákon konungr ok Skúli jarl suðr til Björgynjar ok höfðu eina tvítug-sessu, en Eilífr kapalin stýrði gesta-skútunni. Ásólfr frændi jarls hafði it þriðja skip, þat var át-ján-sessa. En þá er ór var lagt þaenam, þá var jarl eptir, en konungrinn fór með skipinu. Veðr var á lítið, ok lögðu þeir at við Hattarhamar. Þá deildu þeir um lægi, Eilífr ok Ásólfr; hann hafði marga menn með sér; en gestir vildu þróngva Ásólfi ór læginu. En hann

A.D. 1217. hafði áðr komit nökkuru fyrri. Ok gengu þá fyrst árar ok forkar. Síðan fórn hvárir til vápna sínna; ok var hörð svipan um hríð, þvíat skipin lágu jafnfram. En er konungs-skipit rendi at, þá sá þeir at sverðum var brugðit á hinum skipunum. Konungr kallaði á þann er stýrði; bað hann stefna beint milli 258. skipanna ok róa sem mest mátti, lét svá skjótast skilja mundu mega með þeim. En er konungs-skipit rendi milli skipanna, þá skilðusk þau, ok máttu hvárigir öðrum mein göra. Þar urðu margir menu sáir á hvárn-tveggja skipinu. Síðan kallar konungr þá alla á land upp ok sætti þá. Kom jarl nú ok innan ór bænum ok sigldu eptir þat út ór firði. Þeim byrjaði vel suðr til Björgynjar; þeir lögðu at um kveldit við Hegranes. Um morguninn í dagan kom til þeirra Dagfinnr bóndi or bænum ok sagði at bréf hafði komit frá Kórsbraeðrum norðan til biskups-efnis ok Kórsbraeðra, at þeir skyldi öngva tign veita Hákonni konungi. Sagði Dagfinnr, at þeir þóttusk við vanda um komnir; því at þeir óttuðusk reiði erkibiskups ok Kórsbraeðra, en annarri hendi létusk þeir gjarna vilja veita konungi hlýðni ok alla semð þá er þeir mætti. Jarl svarar hér fá um, ok sagði þat lítlum mundu varða hvárt þeir görðu heldr. Dagfinnr svarar: "Ef þeir fara með slíku<sup>1</sup> " hér fram sem þeir görðu í Þróndheimi, þá mun " brátt af þvásk öll sú semð er konunginum heyrir " til." Þá mælti konungriun: "Dagfinmr bóndi, far " inn til bæjar, ok seg svá Kórsbraeðrum, at ek vænti " af þeim eiuna manna bezt þeirra manna sem í eru " landinu. En ef þeir göra öðruvíð, þá skal eigi langt " til, at þeir skulu vita hvárt oss líkar vel eðr illa." Dagfinnr röri þá inn til bæjar ok sagði Kórsbraeðrum orð konungs, ok svá hvat jarl mælti.

19. Kórsbraeðr svara svá, at þeir vildu gjarna göra 259. konungi alla semð; kvóðusk eigi skyldu svá kaupa

<sup>1</sup> *slíku*] Fl.; slíkan, Cd.

vingan erkibiskups eðr Kórsbraeðra í Prónðheimi, at A.D. 1217. týna þar í mótt vingan konungs. Síðan röri konungr inn til bæjar, ok var hringt um bæinn allan; en lærdir menn gengu sem sæmiligast í mótt hónum. Pangat var þá stefnt öllum lendum [mönnum] ok hirðstjórum þeim er í Gulaþings-lögum vorú ok nefndir menn til or héruðum<sup>1</sup> fjölmennt, ok settr stefnu-dagr á Seljumann-vöku-dag, at allir skyldu koma til Björgynjar. En meðan þessa varð beðit,<sup>2</sup> voru þeir í bænum, konungrinn ok jarl. Konungrinn var ungr; ok fyrir bernsku sakir sínnar gáði hann meirr leiks síns enn landráða. En allar þessar stundir var jarl í ráðagörðum við sína vini, ok sendi bréf bæði<sup>3</sup> suðr ok norðr í landit; var flestum þat ókunnigt hvat á þeim var, ok fá vorú konunginum sýnd. Þá voru menn sendir austr í Vík til Filipus Bagla-konungs; ok leitaði jarl þangat vináttu ok félagskapar. En er vinir konungs kærðu slíkt fyrir konungi, at slík umleitan væri grunsamlig, at þangat væri leitað vináttu sem hefði jafnan fjándskapr verit; þá svarar konungr, at Skúli jarl var svá vitr maðr, at hann mundi sjá kunna sér vini til handa; "ætla ek mér þat meinlaust,

260. "þó at hann eigi sér margar vini, þvíat hann mun vel " halda vár einka-mál af sínum hendi; ætla ek ok eigi " fyrri at bregða."

20. Skúli jarl [lét] göra bréf vestr um haf til Jóns jarls í Orkneyjum, ok var þar fyrir imnisigli konungs, ok vissi konungr ekki til þess, ok eigi hvat á var bréfumur.<sup>4</sup> Sá maðr fór með bréfunum er Jósteinn hét, ok var kallaðr þömb; hann var gestr. Ok þá er [bréfin] kóm[u út] til hafs, urðu menn við [varir á skipum konungs] ok görðu orð inn til Ivars bodda ok Dagfinns bónða, ráðgjafa konungsins; ok sögðu, at konungs-

<sup>1</sup> héruðum] hieruðum, Cd.

<sup>2</sup> meðan . . beðit] meðan þessi biðvandr væri, Esp.

<sup>3</sup> bæði] í Svíaveldi ok, add. Fl.,

but no doubt badly; om. Cd., Fr., Esp.

<sup>4</sup> bréfunum] Fl.; brefinu, Cd.

A.D. 1217. innsigli var fyrir bréfum þeim er send vóru með Jósteini. Ívarr gékk þá til konungs, ok spurði ef hann vissi nökkut til þessarra bréfa. Konungr létk eigi vita. Ívarr sagði betr vera, at hann sei þau bréf er með konungs innsigli vóru send í önnur lönd. Konungr görði þá menn til Herðlu-vers eptir bréfunum. Jarl varð þessa varr, ok sendi þegar menn sína á öðru skipi, urðu þeir skjótari; náðu bréfunum áðr enn konungs-[menn] kæmi til. Ok þegar sem þeir kómu inn til bæjar, þá lét jarl blása til hirðstefnu, ok hafði miklar kærslur á Ivarr boddla ok aðra konungs ráðgjafa; sagði, at þeir vildu koma sundrþykkji milli hans [ok sín], en mistryggja jarl í sínum ráðum. Þá stóð upp Gregorius Jónsson, frændi jarls, ok þá enn lítill vinr konungs. Hann mælti ákafliga til Ívars boddla með þessum orðum:

“ Ek var fyrst í tali með þeim mönnum er sóru eiða  
 “ konungi ok jarli til trúnaðar, ok hugðu vér at allt  
 “ skyldi eitt<sup>1</sup> vera. En nú vill einn prestr spilla våru 261.  
 “ samþykki alha Birkibeina; ok skal þat aldri hlýða.  
 “ Tökum hann ok refsum hónum<sup>2</sup> fyrst svá at allir sé  
 “ við.” Síðan eptir þetta hljóp upp mikill fjöldi frænda Skúla jarls ok vina, ok sögðusk skyldu rífa í sundr Ívar kvikan. Ívarr stóð upp ok beiddi sér hljóðs, ok fékk [eigil]. Þá hljópu fram fyrir hann vinir konungs ok vörðu hann svá at hann sakadí ekki; ok var þá kurr mikill á hirðinni. Siðan stóð<sup>3</sup> konungrinn upp ok mælti:—“ Ek kann fátt tala; en þó vi lek þess biðja at  
 “ þér hlýðit Ívari fóstr-feðr mínum, ok svarit síðan  
 “ sem [yðr] líkar.” Hróarr konungs-frændi segir svá skyldu víst vera.

21. Eptir þetta stóð Ívarr upp ok mælti svá: “ Þat  
 “ er fornum Birkibeinum kunnigt,” sagði hann, “ at ek  
 “ kom þat vár til Sverris konungs áðr enn barizk var á

<sup>1</sup> eitt] Fl., Fr.; eins, Cd.

<sup>2</sup> hónum] Here begins the first  
leaf of II\*.

<sup>3</sup> stóð] Fl.; stökk, Cd.

“ Strindsjó, hafða ek af konungi gótt yfirlæti meðan A.D. 1217.  
 “ hann lifði; ok ek þjónaða hónum svá, at um síðir  
 “ vissa ek flest öll leyndar-mál [með hónum]; ok þó at  
 “ hann hefði hjá sér ráðgjafa sína ina haestu, þá var<sup>1</sup> ek  
 “ eigi úti byrgðr; ok mundi hann eigi svá hafa gört, ef  
 “ hann hefði mik reynt at nökkurum falsara eðr ódygð-  
 “ ar-manni. Slíkt sama görði ok Hákon konungr son  
 “ hans; ok<sup>2</sup> inn sama hátt hafði Guttormr konungr.  
 262. “ En síðan þeir tóku ríki, Ingí konungr ok Hákon jarl,  
 “ þá<sup>3</sup> görðu þeir enn með sama hætti; ok þat framarr  
 “ er mér var mjök móti skapi, at þeir hlíttu mér til  
 “ bréfa-görðar; ok var [ek] jafnan um þat hræddr, at  
 “ mínir óvinir mætti þat nökkut til finna, er mér stæði  
 “ háski af; því at þá varð sem nú, at eigi skorti  
 “ öfundar-menn þá er mér vildu fyrir koma; ok því  
 “ vil ek skjóta til allra manna vitnis er nú eru hér,  
 “ at aldri varð enn því á mik sannat er til fals eðr  
 “ flærðar væri við mínn höfðingja. En ek veit sjálfur  
 “ sök mína, at þessi inn ungi konungr várr er bernskr  
 “ ok þarf í helldra lagi [heilla] ráðgjafa [ok] tryggra  
 “ návistar-manna, þvíat þeir sitja ýrit<sup>4</sup> nærri er þá  
 “ vildu frá hónum spenja<sup>5</sup> sem hónum væri hollir ok  
 “ heilráðir<sup>6</sup> ok mætti jarl í sjálfræði um leika at skipa  
 “ konungs málí sem þeim líkaði. Nú með því at þessi  
 “ míni sök er svá mikil, at ek sé þess verðr at vera  
 “ rifinn í sundr kvíkr, sem þú sagðir, Gregorius Jónsson,  
 “ ok þú Páll fliða, fyrir þat [er] ek bað konung sjá  
 “ bréf [sín] þau er send vórú í önnur lönd með hans  
 “ innsigli, þá skal eigi optarr þess þurfa, þvíat ek  
 “ skal mik ór konungs-garði skilja, ok eigi spilla þeirra  
 “ samþykki, konungs ok jarls. Gefi Guð, at þeir einir  
 “ sé eptir er báðum þeim sé hollir ok heilráðir, ok  
 “ þat ráði, at [þú] sœmð hafi livárr er til er borinn.”

<sup>1</sup> var] Fl.; er, Cd.

<sup>2</sup> ok] Fl.; er, Cd.

<sup>3</sup> [þá] ok, H\*.

<sup>4</sup> ýrit] yfrit, Cd.; ærit, Fl.

<sup>5</sup> spenja] Fl.; spenna, Cd.

<sup>6</sup> hollir ok heilráðir] F.; heilir  
ok hollráðir, Cd., H\*.

A.D. 1217. Svá lauk [þessi stefnu], at konungs-menn vóru óglaðir en öfundar-menn kátil.

22. Hákon konungr kom svá til ríkis at hann fékk 263. eigi meira af föður-arfi enn eina sylgju, ok fingr-gull af lansa-fé. En Skúli jarl hafði komisk at öllu því fé er átt hafði Ingi konungr, ok hann hafði tekit eptir Hákon konung ok svá Sverri konung. Sem at leið þingstefnu þeirri er Gulaþings-menn höfdu sett á Seljumanna-vöku-dag, kómu fyrst til Björgynjar lendir nienn ok hirðstjórar, ok inir beztu menn ór landinu um öll Gulaþings-lög. Ok einum degi fyrir þingit littask þeir<sup>1</sup> konungr ok jarl ok ráðgjafar þeirra. Sögðu svá konungs-ráðgjafar, at þeir vildu, [at] jarl svaði konungi trúmaðar-eiða eptir fornri siðvenju. En jarl sagði, at hann vildi þat eigi fyrr enn hann vissi hvat hann aðtti í móti taka; ok beiddisk þegar hálfs Noregs ok allra hálfra skattlanda; en ráðgjafar konungs buðu þriðjung af Noregi, en ekki [af] skattlöndum. Gregorius Jónsson ok Páll fliða svara af jarls hendi, at hann skyldi minnsta hafa þriðjung af skattlöndum ok Noregi, elligar skyldi hann þangat snúa með sínum styrk sem hann fengi þat hónum líkaði. Nú sá ráðgjafar konungs, at hónum var ofrefli at standa móti Skúla jarli ok Filipo Bagla-konungi, er þá hafði Víkina ok Upplönd með miklum styrk; ok var þat ráðs tekit af konungs hendi ok hans ráðgjafa, 264. at Skúla jarli var játaðr þriðjungr af Noregi ok öllum skattlöndum. Lauk með því þessari stefnu.

23. Annan [dag] eptir var blásit til þings út í Krist-kirkju-garði; var þingit skipat norðan at kirkju; ok síðan var út borit skrin [innar] helgu Sunnifu ok margir aðrir helgir dómar. Þá stóð upp Sigurðr af Ónarheimi at hendi allra Gulaþings-manna ok fagnaði konungi [ok] jarli; ok fór þar um mörgum fórum orðum. Ok þar eptir talaði Dagfinnr bóndi; ok hafði

<sup>1</sup> fyrir þingit, add. Cd.

þat í sínni ræðu, at þó at þeir<sup>1</sup> í Þróndheimi læsti A.D. 1217. inni skrín ins helga Óláfs konungs, þá var þat eigi ráð bónða eðr vili. Skulu Gula-menn göra glaðliga alla þá saemd er þeir megu Hákoni konungi, þædi kerðir ok leikmenn.

24. Eptir þetta stóð upp sá maðr er Steingrímur hét stryllr, snjallr maðr ok vitr. Hann gaf Hákoni konungsnafn; ok þokkuðu flestir allir hans verk. Síðan sór konungrinn at halda lands-rétt; en jarl hafði skipat eiðinum áðr sem hónum líkaði; ok var svá eiðrinn, at konungr skyldi halda öll einka-mál við jarl, þau er milli þeirra vóru gör; en jarl sór, at hann skyldi halda lög við landsfólkit; ok fylgði hans eiði, at hann skyldi vera hollr ok þeir Hákoni konungi svá lengi sem hann héldi þau einka-mál er milli þeirra vóru mælt.<sup>2</sup>

265. Síðan stóðu upp lendir menn, Gregorius Jónsson, Páll fliða, Brynjólfur Knútsson, Gantr Jónsson, Arni sturla<sup>3</sup> ok aðrir hirðstjórar, ok sóru konungi eiða; eptir þat sóru bændr; ok lauk svá því þingi.

25. Þá er Hákon var til konungs tekinn, var ár mikit í landinu. Sumar þat var svá gótt, at þat var víða um landit at aldin-viðrinn bar tvenan ávöxt, ok úti-fuglar urpu tysvar. Svá kvað Ólafr hvítaskald :—

“ Mærir glöddusk miklu ári  
      menn báru þá ávöxt tvennan  
“ (veglig sýndisk) viðr ok fuglar  
      (vísa grein) á sumri einn.”

Svá kvað Sturla í Hákonar-kviðu :—

“ Bar tállaust tvinnan blóma  
“ aldin-viðr einu sumri :  
“ ok ókalt úti-fuglar  
“ öndvert<sup>4</sup> ár urpu tysvar.”

<sup>1</sup> menn, add. Cd.

<sup>2</sup> mælt] en jarl sór at hann skyldi vel göra til konungs, add. II\*.

<sup>3</sup> Sturla] so Sk., II\*, Fl.; storka,

Fr.

<sup>4</sup> öndvert] öndurt, H\*.

A.D. 1217.

266.

“ Þá er allvaldr við jöfurs<sup>1</sup> nafni  
 “ tírar-gjarn of tekit hafði;  
 “ ok hans gupt hæstrar tírar<sup>2</sup>  
 “ vegi-valit vaxa knáði.<sup>3</sup>

“ Sá hvern maðr, at höfuð-skepnur  
 “ fylkis tígna fagna vildu  
 “ göfuglátz gjálfri kringðum  
 “ á vindkers<sup>4</sup> víðum botni.”

26. Litlu eptir þingit kómu austan menn ór Víkinni frá Filipo Bagla-konungi með bréfum til Skúla jarls,<sup>5</sup> ok var þat í, at Filipus beiddisk helnings-skiptis á Noregi við Skúla jarl ok Birkibeina; en at öðrum kosti mundi hann reisa ófriðar-flokk móti þeim. Ekki [var] konungs getið [í] þessu bréfi; en þess var getið, at fleiri bréf ok orðsendingar höfðu austr farit. Jarl gaf þau andsvör þessum mönnum með ráði hirðstjóra, at herra Filipus skyldi hafa þann hluta lands þá tólf mánuðr;<sup>6</sup> sem hann hélt áðr; en þeir skyldu finnask at sumri, ok skyldi þá vera stefna milli allra biskupa [ok] inna vitrustu manna í landinu. Ok nú fóru sendimenn með þessum bréfum austr aprí.

27. Sigurðr konungs-frændi var sett til gæzlu í Vík-<sup>267.</sup> inni af hendi Birkibeina. Fór hann þetta sumar til Jórsala. En þessir voru sveitar-höfðingjar eptir í Víkinni af Birkibeinum: Loðinn Pálsson, Hallvarðr brattí, Bárðr bristeinn, Karl svangi. Peir sátu við mikinn ótta, þvíat Baglar hétu þeim hvesdagliga dauða ok afarkostum. En áðr sendimenn Bagla kómu austr með bréfin jarls fékk Filipus sótt í Túnsbergi, ok var hann fluttr inn til Laufeyja.<sup>7</sup> Hann lá litla hríð áðr hann andaðisk. En Baglar leyndu andláti hans sem mest; en Loðinn Pálsson varð varr við, ok sendi sem skyndi-

<sup>1</sup> *jöfurs*] Fr., H.\*; konungs, Sk.<sup>4</sup> *vindkers*] vinkers, Cd., Fl., ac-<sup>2</sup> *tírar*] So also H\*.

ording to pronunciation.

<sup>3</sup> *knáði*] næði, H\*, where the leaf ends.<sup>5</sup> *jarls*] frá, Sk.; jarli, Cd.<sup>6</sup> *mánuðr*] mánuðu, Cd.<sup>7</sup> *Laufeyja*] Laufeyjar, Cd.

ligast skútu norðr, ok stýrði sá maðr er Gunnarr bana- A.D. 1217.  
maðr hét. Hann var eigi lengr á leið enn þrjár nætr til Björgynjar. Hann hafði bréf til konungs ok jarls þau er sögðu andlát Filipus, ok at<sup>1</sup> Birkibeinar þeir er í Víkinni vóru báðu konunginn ok jarl skunda austr þangat þvíat Baglar leituðu sér hvertitna um konungs-efni. “Þeir görðu ok menn til Danmerkr, ok “ kallask hafa spurt at þar sé sá maðr er Sigurðr heitir “ son Erlings steinveggs. Nú ef þér komit skjótt austr “ hingat, þá munu þér slitið fá flokk Bagla; en verðr “ meira fyrir ef þér komit síðarr.”

28. Þegar sem konungr ok jarl höfðn lesit bréfin<sup>2</sup> bjoggu þeir ferð sína sem skyndilicast, ok höfðu vel 268. fjóra tigi skipa ok flest öll stór. Þeir höfðu báðir eitt skip er kallat var Ógnarbrandrinn hálfsjúrugt at rúma-tali. Þeir fóru austr eptir Máriú-messu [ina] fyrri ok byrjaði vel. Baglar vóru allir austan-fjarðar þá er Birkibeinar kómu í Víkina. Þessir vóru sveitar-höfðingjar Bagla, herra Andrés bróðir Filipus konungs, Rögnvaldr Hallkelsson [systur-son Magnúss konungs], Arnbjörn Jonsson. Margir vóru aðrir góðir menn með Bögum. Níkulas biskup hafði lagt allt norðr í Lúasund ok nökkurir sveitar-höfðingjar með hónum; en Hákon konungr ok Skúli jarl sigldu austr í Víkina. Þá röri í móti þeim Níkulas biskup, ok hittusk þeir inn við Hrossanes. Vóru þá sett grið milli Bagla ok Birkibeina. Síðan kómu Baglar austan um fjörðum, Herra Andrés, Rögnvaldr, Arnbjörn, ok margir aðrir. Þeir lögðu skipum sínum við Gunnarsbæ, ok gengu svá til bæjar. Var fundr þeirra í Máriú-kirkju í Túnbergi. Þar vóru margir hlutir talaðir milli þeirra Hákonar konungs ok jarls; ok buðu Baglar at görask handgenguir Skúla jarli, ok hafa slíkar sæmdir sem þeir höfðu áðr. En Baglar beiddusk þess hluta af landi sem þeir höfðu áðr, ok kölluðusk varla trúa

<sup>1</sup> at] er, Cd.

<sup>2</sup> bréfin] Fl., Fr.; brefit, Sk.

A.D. 1217. Birkibeinum fyrir sakir forn<sup>1</sup> vandræða. En þessar urðu mála-lyktir þeirra í millum, at Baglar skyldu hafa þann vetr allar þær sýslur hálfar er Filipus hafði áðr; en hvárir-tveggju skyldu senda menn norðr til <sup>269.</sup> erkibiskups, ok skyldi hann staðfesta þetta, ok setja frið milli þeirra um sumarit eptir; ok réðusk til ferðar af hendi Birkibeina Gregorius Jónsson ok Dagfinnr hóndi; en af hendi Bagla Eindriði bækill ok Grundi féhirðir. Hákon konungr ok Skúli jarl skipuðu sýslur er til þeirra heyrðu. Síðan var stefnt Hauga-þing, ok var Hákon gefit konungs-nafn. Eptir þetta vísuðu þeir konungr ok jarl flestu liðinu norðr aprtr; en þeir fóru austr aprtr yfir Foldina ok áttu Borgar-þing, ok þaðan í Vettar-hérað til Stofna ok áttu þar þing, ok þaðan til Hornboru-þings ok austr til Elfar-bakka. Var Hákon gefit konungs-nafn á öllum þessum þingum; ok görðu menn út allan almenning með góðum vilja; ok enn gjafir á ofan um alla Víkina. Þeir sátu langa hríð í Konungahelli um haustið.

29. <sup>2</sup>Frú Kristín, er átt hafði Hákon galinn, var gipt austr í Gautland; fékk hennar Áskell lögmaðr son Magnúss minniskjaldar bróður-son Birgis jarls brossu.<sup>3</sup> Þar fæddisk upp með þeim jungherra Knútr son Hákonar jarls ok frú Kristímar. Um haustið er þeir sátu í Konungahelli Hákon konungr ok Skúli jarl, sendu þeir bréf upp í Gautland til Lögmannsins, at hann skyldi senda þeim jungherra Knút, ok létkust þeir til hans skyldu sæmliga göra; ok var fundr <sup>270.</sup> lagðr milli þeirra; ok kom jarl at stefnu-degi en Lögmaðr eigi, því at hann trúði varla Birkibeinum. Eptir þetta fóru þeir konungr ok jarl norðr til Tánsbergs ok þaðan norðr í land.

<sup>1</sup> *forna*] fornra, Fl., Fr.

<sup>2</sup> Sumar þat er þeir voru í Víkinni var frú Kristín . . . gipt etc., Fr., Esp., but om. Sk., Fl.; it may

be simply a repetition from the following chapter.

<sup>3</sup> *brossu*] thus Cd.; brosn, Fl.

30. Sumar þat er þeir vóru í Víkinni fór Hróarr A.D. 1217, konungs-frændi út í Jórsala-heim; hann hafði mikil skip ok frítt. Erlendr Þorbergsson hét maðr er fór með hónum; hann stýrði öðru skipi; þat höfðu bæjar-menn göra látið af sínum kosti. Þat skip er Hróarr átti kom til Akrs, en bæjar-manna skip kómu til Damiatar,<sup>1</sup> ok sýsluðu hvárir-tveggju vel í þeiri ferð.

31. Áðr Hákon konungr ok Skúli jarl fóru ór Túnbergi stefndu þeir til sín öllum lendum mönnum heim er í Víkinni vóru. Var þeim varúð mikil á boðin at þeir skyldu varir vera um, at Baglar hefði öngvan óróa<sup>2</sup> uppi; svá ok at gaeta sjálfra sín vel, at [öngum svikum] verði at þeim komit. Eptir þetta siglðu þeir til Björgynjar konungr ok jarl, ok kómu sjau nóttum fyrir Jól til bæjarins, ok sátu þar um Jólin ok um vetrinn. Um Jól görðu þeir tvá [lenda menn], Jón stál ok Ívar nef. Pótti þá flestum mönnum líkt til, atvel mundi fara milli konungs ok jarls.

32. Baglar skiptu sýslum með sér þeim er þeir höfðu hlotið á Upplönlum ok í Víkinni. Rögnvaldr hlaut sýslu á Fold ok um Oslo; en hann hafði áðr haft sýslu uppi á Raumaríki. Raumar kölluðu hann heldr harðan í sýslunni; þurfti hann ok mikils við, þvíat hann hafði sveit mikla. En er Foldungar spurðu þetta, þá kurruðu þeir illa, ok sögðu at eigi mundi hann þeim góðr, er<sup>3</sup> hann var hinum íllr. Rögnvaldr fór út í Haugsvík, ok stefndi Foldungum þing, sem siðvenja er til sýslumannna. En er þingboð kom til bygðanna, þá snuru bændr því í herör, ok stefndu saman liverjum manni er vápn mátti bera, ok sóttu þingit með alvæpni. Rögnvaldr fór með fá menn til þingsins. Hann bað bændr setja þingit. En þegar hann vildi nökkut tala, æptu bændr í móti, ok báðu hann þegja; sunir brugðu sverðum ok veittu honum atgöngu.

<sup>1</sup> til Damiatar] thus, or ‘Dar-  
matar,’ Cd., Fl.

<sup>2</sup> öngvan óróa] enga úró, Fl.  
<sup>3</sup> er] Fl.; ef, Cd.

A.D. 1218. Rögnvaldr vildi þá undan leita ; en baendr sóttu eptir ok drápu hann, ok særðu nökcura menn aðra. En allir hans menn leituðu undan til skipa ok fóru í brott. Foldungar fóru heim. En baendr fluttu lík Rögnvalds til Oslóar ok jarða þar.

33. Um sumarit þá er Hákon konungr ok Skúli jarl vóru í Víkinni, þá var prestr sá með Rögnvaldi er Benedikt hét; hann var kallaðr Beni, ættaðr austan af Mörkum ; hann fór með leika [ok] var maðr kátr.<sup>272.</sup> Hann létt þat orð yfir fara, at hann væri son Magnúss konungs Erlingssonar. En Rögnvaldr hafði hann með sér, ok virði hann meirr fyrir dára enn frænda. En þá er Rögnvaldr var fallinn, fór Beni austr á Markir ok safnaði sér þar liði. Hann sneri svá nafni, ok létz [Magnús] heita eptir föður sínum.<sup>1</sup> Dreif þá lið mikit til hans. Sá maðr styrkti hann mest í öndverðu, er Haraldr prestr hét á Rakkastöðum. Beni hafði verit leigu-prestr hans. Þat fólk er Bena fylgði, var mjök fátaekt ; þeir vóru bæði lítt klæddir ok vápnadír. Þeir vóru kallaðir Slittungar.<sup>2</sup> Þeir hljópu um Markir ok óbygðir en sjaldan um héruð. Mjök vóru þeir óspakir í ránum ok laun-stulðum. Um vetrinn réðusk þeir í lið með þeim Slittungum, Þorbjörn af Lumalöndum ok Helgi bróðir hans ; þeir [vóru] bæði ættstórir ok féríkir ok sjálfr vel menntir. Rézk þá mart í flokkinn af bónum með þeim ok bónda-synir ; hugðu þeir allir at Beni höfðingi þeirra væri sannr son Magnúss konungs, sem hann sagði. Fóru þeir þá víða um bygðir með rán ok stulði ok marga óspekt aðra. Baglar vóru í Víkinni um vetrinn ok gaettu bæjarins. Vóru þeir fyrir [þeim], herra Andrés ok Arnbjörn Jónsson, ok enn fleiri.

34. Á Föstu fengu Baglar njósn af því, at Slittungar vóru á skip komnir ok ætluðu til bæjarins. Baglar

<sup>1</sup> litz . . sínum] thus according to Fl. Fr.; litz heita eptir föður sínus Magnús, Cd.

<sup>2</sup> ok vápnadír . . Slittungar] ok fyrir því vóru þeir kallaðir Slittungar, Fl.

bjoggusk at verja bæinn. Ok litlu síðarr héldu Slit- A.D. 1218.

273. tungar skipum sínum austan um Foldina til Tánsbergs ok lögðu inn at Skeljasteins-grunni, ok gengu upp við Gunnarsbæ. Baglar fengu hér njósni af, ok létu blása liðinu upp á Hanga um kveldit með vápnum. En er myrkva tók, þá fór mart liðit fyrir ofan Thomas-kirkju ok svaf þar um nóttina. Beni sendi menn á fund Arnbjarnar Jónssonar; ok sagði svá, at hann mundi eigi þess vænta, at hann mundi berjask móti bróður Erlings konungs Steinveggs, er hann hafði fyrr þjónat. Arnbjörn svarar svá: " Rétt segir Beni þat, " at mér samir illa at berjask í móti bróður Erlings; " þat mun ek eigi göra ef ek spyrr með sannindum " at hans bróðir [er]; en ek hygg at Beni sé í an- " narri ættar-tölu. Skulu þér svá segja Slittungum, ef " þér leitið hingat til bæjarins, at vér Baglar munum " koma í móti yðr ok halda upp orrostu við yðr." Fóru sendimenn aptr með þessum eyrendum. Nök- kurnu fyrir dag urðu Baglar varir við at Slittungar vóru á Gunnarsbæ ok höfðu nær fimm hundruð manna. Þá létu Baglar blása; ok gengu upp á Hauga ok höfðu nær þrjú hundruð manna. Þeir maettusk við Gunnarsbæ; þar varð hörð orrosta; fóllu hvárir-tveggju, ok miklu fleiri af Slittungum. Beni var á hesti ok eigi í orrostu. Arnbjörn fékk sár; var hann lagðr í hálsinn fyrir neðan eyra. Herra Andrés varð ok sárr á kinninni. En er [hann] fékk sárit, kastaði hann skil- dinum; hann var manna sterkastr; hann [tók] vinstri hendi í skjölduna, ok dró af þeim skjölduna, en hjó 274. inni hægri hendi hvern þeirra [til] bana með sverði því er Skarði hét, allra sverða bitrast. Arnbjörn gékk þá hart fram ok sótti at merki Slittunga. Þar fóll Þorbjörn af Luunalöndum ok Helgi bróðir hans. Þar fóllu meir en fjórtán tigir manna; en allir flýðu aðrir þeir sem eptir vóru af Slittungum. Beni komsk undan með lítin orðstír. Lík Þorbjarnar ok Helga vóru flutt til kirkju; en öll önnur lík af liði þeirra vóru þar

A.D. 1218. grafin sem þeir félru. Eptir ósigr þenna sneri Beni aptr austr á Markir, ok dró þá lið at sér á nýja leik. Herra Andrés ok Arnbjörn rituðu til Hákonar konungs ok Skúla jarls; báðu þá skunda í Víkina; sögðu at lið dreif hversdagliga til Bena ok hann styrktisk mjök at liði.

35. Um varit eptir Páska kómu Slittungar ofan af landi til Osloar. Ivarr útvík<sup>1</sup> hafði þá Osloar-sýslu af hendi konungsins ok jarls. Ívarr ok Birkibeinar ok bæjar-menn ok biskups-menn fórni í móti Slittungum, ok hittusk þeir við Frysju,<sup>2</sup> ok skutusk á yfir ána. Þar felli meistari Stefnir af biskups-mönnum, en fáir menn aðrir. Mart varð sárt, ok flýðu bæjar-mennu í bæinn. Slittungar hljópu í bæinn ok ræntu mörgu. Þeir tóku langskip er biskup átti ok nökkur skip önnur, ok fóru síðan út eptir firði, ok svá suðr í Víkina, ok ræntu hvar sem þeir fóru ok máttu. En er<sup>3</sup> þeir kómu suðr fyrir Elfar-kvíslir, þá lögðu þeir í ina eystri kvíslina. Áskell 275. lögmaðr var þá í Ljóðhúsum; hann hafði fengit kvitt nokkurn um ferð Slittunga, ok þeir ræntu víða. Hann skipaði skútu eina<sup>4</sup> ok reri út ór ánni; ætlaði hann at banna þeim ránin; vissi hann at eigi mundi lið skorta af héruðum ef hann þyrfsti við. Þar var með hónum jungherra Knútr. Þeir lágu við land út í ánni. Þeim var sagt at meiri ván væri at langskip nökkur feri út eptir ánni. Hét lögmaðr þá jungherra Knút á land, ok rann hann í skóg. Litlu síðar renndu at þeim skútur Slittunga; hljóp lögmaðr á land upp undan, en Slittungar tóku þar skip hans ok gótt landtjald ok mes-su-föt ok marga aðra góða gripi, ok fóru síðan leiðar sinnar. En menn lögmanns leituðu lengi sveinsins Knúts áðr þeir fundu hann. En Slittungar fóru út til sjófar, ok svá suðr [á Halland], ok fóru heldr óspakliga.

<sup>1</sup> útvík] í Vík, Cd. Fl.

<sup>2</sup> Frysju] Fysio, Cd.

<sup>3</sup> er] hvar, Cd.

<sup>4</sup> skútu eina] skútur, Fl. Fr.

36. <sup>1</sup> Birkibeinar þeir er í Víkinni vóru, spurðu hvat A.D. 1218. Slittungar höfðusk at. Stigu þeir þá á skip, ok fara suðr at leita þeirra. Þar vóru þessir sveitar-höfðingjar: Guttormr Gunnason, Loðinn Pálsson, Loðinn Gunnason, Hallvarðr bratti, Ívarr útvík, Karl svangi. Þar vóru ok Baglar: [herra] Andrés ok Arnbjörn. Ok er þeir kómu suðr í Víkina, spurðu þeir at Slittungar höfðu farit suðr til Hallands; héldu þeir þá suðr eptir, ok hitti þá þar sem heitir Barðafjörðr. Fundu Slittungar 276. eigi fyrr en skipin renndu fyrir höfnina; tóku þegar upp á land ok flýðu undan; en Birkibeinar ok Baglar tóku skip þeirra ok allt [þat er] á var, en fengu ekki af mönnum.

37. Herra Andrés lagðisk sjúkr lítlu síðarr, ok opnaðisk sár þat er hann hafði fengit á Gunnarsbæ; tók þá at svella ok þrútna. Sem hann kenndi at mjök leið at hónum, þá lét hann göra bréf til Skúla jarls, ok vóru á vinsamlig orð sem þeir [höfðu] áðr við mælk. Hann sendi jarli sverðit Skarðann <sup>2</sup> ok skjöld einn gull-lagðan. Litlu síðarr andaðisk herra Andrés. Lík hans var flutt til Osloar ok jarðat at Hallvarðskirkju-garði. Hann var mjök harmdauði.

38. Vetr þann er Slittungar vórni í Víkinni sat Hákon konungs í Björgyn. Þessi var inn fyrsti vetr 1217-18. konungdóms hans. Áðr um sumarit var þat tíðinda á Íslandi, at Sæmundr í Odda Jónsson görði Norrænum mönnum ófrið á Eyrum. Hann fór at þeim með nökkur fimm hundruð manna, ok tók fyrir þeim þrjú hundruð hundraða vaðmála. En hann fann þat til saka, at Páll son hans hafði týnkz áðr um vetrinn fyrir Staði. Þá týndisk Áslákr Hauksson ok nökkur sex skip eðr sjau. En Sæmundr þóttisk þat spurt hafa, at 277. Björgynjar-menn höfðu gört hónum ónáðir nökkurar, ok hefði hann því norðr farit; en eigi at fýsi sínni.

<sup>1</sup> Here Cd. II. begins again.

| <sup>2</sup> *Skarðann*] skjöldinn, Cd.

A.D. 1218. Margan ófrið görðu Oddaverjar Norðmönnum annan en þenna.

39. Hákon konungr ok Skúli jarl bjoggu ferð sína er vára tók<sup>1</sup> norðr í Prónheim, ok kómu til bæjarins hálfum mánaði fyrir Páskir.<sup>2</sup> Ekki var liringt í móti þeim, ok öngva processionem vildi erkibiskup göra móti konungi; þóat þeir mættisk þá veitti [erki]biskup konungi öngva blíðu. En jarl ok erkibiskup fundusk hversdagliga, ok var þar inn mesti blíðskapr. Þann dag er jarl var einn í Krists-kirkju, var hónum veitt höfðinglig tign. Pálm-Sunnudag vóru þeir láðir í Krists-kirkju, konungr ok jarl, ok sátu í hásæti; ok var konungi eingi tign veitt, ok hvárigum þeirra. Ok er þeir vóru leiddir til altaris at offra, þá vildi erkibiskup eigi snúask í móti konungi né við hans offri taka. Konungrinn lagði offrit á altarit, ok gékk útar aprí til sætis síns. Síðan vóru Birkibeinar fjölorðari um en áðr, at þeim þótti sín svívirðing mikil alls kostar. Litlu síðarr höfðu þeir stefnu í erkibiskups-garði; ok spurði konungr erkibiskup hverja sök hann gaſ hónum er hann vildi eigi veita hónum konungliga tign. Erkibiskup svarar svá: “ Þetta er “ eigi mitt eins ráð; allir vér biskupar erum í þessu “ ráði, ok þeir sumir er innan-hirðar eru með yðr; ok “ fundu vér þat til, at vér höfum heyrt ymt á nökkrum<sup>3</sup> 278. “ hvárt þú ert sonr Hákonar konungs eðr eigi.” Konungr svarar: “ Eigi er þetta öllum biskupum at “ kenna, ok<sup>4</sup> fám mönnum innan-hirðar. Af þeim “ mönnum er þetta komit, er mér vill niðra, ok “ sjálfan<sup>5</sup> sik til míns föður-arfs draga.” Erkibiskup svarar: “ Pegar vér erum sann-fróðir um þetta sem

<sup>1</sup> er vára tók] ór Björgvin á Föstu, II.

<sup>2</sup> Páskir] Esp. Fl. Fr.; Palm-Sunnudag, Sk.

<sup>3</sup> ymt á nökkrum] II.; ympt nökkrum á, Fl.; þat nökkuð talat, Sk.

<sup>4</sup> ok] heldr, II.

<sup>5</sup> vill . . . sjálfan] II.; vildu . . . sjálfa, Sk.

“ vér efumst nú í, þá skulu vér veita þér alla tign A.D. 1218.  
 “ er vér megum.” Jarl Þagði, ok lagði með hvárigum til. En þessari stefnu lauk svá, at eptir um summarit skyldi þeir koma til Björgynjar, Hákon konungr ok Skúli jarl, ok erkibiskup ok allir ljóðbiskupar, lendir menn ok lögmenn, ok allt it mesta mannvæl, ok skyldi þá taka af þessu máli þat er líkast þætti. Dagfinnr bóndi var þá næst konungi um allar ráðagörðir. Erkibiskup lét göra Dagfinni bónda orð leyniliga eptir stefnuna, ok sagði hónum svá: “Guði er þat kunnigt,  
 “ at ek vil gjarna vera vin konungs, ok eigi væri  
 “ þessir hlutir [sumir] talaðir er nú eru, ef ek réða.  
 “ En þó skulu þér þat ráða konungi at hann taki  
 “ þessu vel, ok beri með þolinmæði fyrir Guðs sakir;  
 “ því at svá segir [mér] um lugr, at þetta skal hónum  
 “ verða mest til særðar en þeim til vanvirðu er  
 “ hyggjask [hónum] niðra skulu í þessu.”

40. Hákon konungr ok Skúli jarl dvöldusk um várit í Prónðheimi. En er sunra tók, bjoggusk þeir norðan 279. ok fóru til Björgynjar, sem ætlað var. En er þeir kómu til bæjarins urðu margar greinir milli þeirra; ok gengu Birkibeinar þá mjök sveitum. En er lendir menn kómu, þá vóru þeir flestir er at snerusk öðrum hvárum, konunginum eðr jarli. En [þá] var sein fyrir, at sá hafði fólkit fleira er féit hafði meira. Konungsmenn gættu haus af mikilli varygð, svá at þeir fóru út í konungs-garð með sveitum sínum at sofa. Andrés skjaldarband ok Végarðr veradalr létu hvern dag fylgja konunginum tólf menn alvápnaða um fram þá er fylgð héldu. Sem á leið sunarit, kómu allir biskupar til bæjarins. Guttormr erkibiskup kom síðast. Þar kom<sup>1</sup> Nikulas biskup af Oslo,<sup>2</sup> Heinrekr biskup af Stafangri, Ívarr biskup af Hamri, Bjarni biskup af Orkneyjum, ok margir aðrir lærðir menn ok lögmenn, ok inir beztu bændr er þangat vóru nefndir. Konungr

<sup>1</sup> kom síðast. Þar kom] add. II. | <sup>2</sup> af Oslo] add. II.

A.D. 1218. ok biskupar vóru sjaldan á tali milli sín, en þeir optliga jarl ok biskupar.

41. Einn dag er konungr var á tali við lenda menn síma ok ráðgjafa, þá kómu sendimenn frá erkibiskupi ok jarli. Vóru þar þeir Hávarðr biskup af Björgyn ok meistari Bjarni ór Þróndheimi. Bar biskup fram örendi með þessum orðum: "Herra," sagði hann, "erkibiskup ok jarl báðu þess yðr, herra, at járnburðr "sá er boðinn var af yðarri hendi þat vár er þér "vórut kosnir til ríkis, at hann skyldi nú fram koma, "til þess at þeirra manna sögn sé ónýtt er áðr hafa "nökkurn efa<sup>1</sup> á um yðart faðerni. Nú ef þér vilit "svá gjort hafa, [ok] beri Guð yðr gótt vitni um 280. "Þetta mál, þá vilja þeir yðr tigna sem sinn sannan "herra, ok veita yðr alla konungliga tign." Konungrinu svarar svá: "Ek [veit] eigi hvárt mér<sup>2</sup> þykkir "því kaupandi tign yður, at ganga undir slíka afar- "kosti." Þá ræddu lendir menn ok ráðgjafar mjök misjafnt um þetta mál. En þær lyktir felli á, at um morguninn eptir skyldu þeir finnask í skrúðhúsi, konungr ok erkibiskup, jarl ok ljóðbiskupar. Ok er þeir fundusk, talaði erkibiskup þat sama sem áðr var sagt. Síðan talaði Dagfinnr bóndi svá: "Varla "mumu dæmi til finnask, at bónda synir ok kot- "karla skulu göra einvalds-konungi [ok konungs- "syni] afar-kosti slíka ófriðarlautst ok þreyngva hónum "til járnburðar, síðan hann var konungr görr yfir allt "landit ok allir menn hafa hónum eiða svarit; ok "ætla ek oss þykkja litlu verra vera at bera ekki "járn, nema þeim kalt er hans óvinir eru, ok láta "allsvaldanda Guð skipta í millum hans ok óvina "hans, sem hann skipti í milli Sverris konungs ok "hans móttöðu-manna."

42. Eptir þetta svarar konungr sjálfur með þessum orðum: "Þat [er] víst satt, Dagfinnr bóndi, at þetta

---

<sup>1</sup> nökkurn efa] nökkvat ef, II. | <sup>2</sup> mér] H. Fl.; mū, Cd.

" mundi þykkja mikill afar-kostr mörgum konungi at A.D. 1218.

" taka nú járnburð á hendr sér eptir staðfest ríki.

" En þá er ek bauð þetta af mínni hendi ok móðir

" mím,—var ek ok eigi fastliga þá til konungs tekinn,—

" en [þá] var því öllu niðr drepit, ok voru inir sömu

281. " þá er því ollu<sup>1</sup> ok nú þessu. Kunnigt er öllum mön-

" num ok, þeim er þá voru með Inga konungi er

" ek ok móðir míni kómum fyrsta sinn norðr til

" Prónðheims til Inga konungs, ok svá þá er hón fann

" Hákon jarl: bauð hón<sup>2</sup> af sínum hendi, at þessar

" [inar] sömu skírslur skyldu fráin fara, ef þeim væri

" [nökkut] misstrúnaðr á mínu máli. En þeir vildu

" þat með öngu móti beyra. Ok Hakon jarl sagði

" svá, at<sup>3</sup> hónum var allt kunnigt ok þurfti ekki

" skírslu<sup>4</sup> við. Optliga mælti hann þat mörgum mön-

" num áheyrorðum<sup>5</sup> síðan, at hann ok þeir braðr

" sátu í mínum föðurarfí. Nú skulu vér þó þetta eigi

" til afar-kosta virða; þvíat þenna járnburð vil ek

" gjarna láta fram fara þegnum mínum til sæmðar.

" Sá hlutr gengr ok annarr til, at margir menn munu

" þat hyggja, at þetta sé því undan dregit, at vér

" sjálfir hafim nökkurn esa<sup>6</sup> á um vårt faðerni. En

" þessi er inn þriði hlutr er mest dregr til, at ek

" em öruggr um þann dómaranu er þetta mál er undir

" skotið er aldri brásk nökkurum manni til réttinda

" sínum; ok hann óttask öngan at satt at segja. Ok

" geng ek því svá glaðliga undir hans réttidaemi."

Þetta eyrendi váttuðu allir vel er við voru.

43. Eptir þessa stefnu gékk konungs-móðir til kirkju<sup>7</sup> at fasta til járns. Pessir menn föstuðu með henni: Sigurðr konungs-frændi, Dagfinnr bóndi, Andrés skjaldarband, ok enn fleiri bæði lærðir ok ólærðir.

282. En tólf menn voru fengnir til at gæta útan kirkju, bæði nætr ok daga, at öngir spillendr kæmi til. Jarl

<sup>1</sup> ollu] volldu, II. Fl.

<sup>2</sup> bauð hón] hónum, add. II.

<sup>3</sup> svá at] H.; þá, Sk.

<sup>4</sup> skírslu] II. (skírslu); sliks, Sk.

<sup>5</sup> áheyrorðum] II.; áheyraða, Sk.

<sup>6</sup> nökkurn esa] nökvat ef, II.

<sup>7</sup> kirkju] Kristkirkju, II.

A.D. 1218. var miklu blíðari til konungsins en fyrr, þessa daga ; en eigi vissu menn hvat þessu ölli.<sup>1</sup>

44. Sá maðr var með jarli er Sigarr hét ; hann var ættaðr af Brabant, ok var vel hagr ok marga hluti kunnandi, ok vitr til ráðagörðar. Sigarr lézk vera vin konungs mikill ; Hann gókk um morguninn til Dagfinns bónda, ok kallar hann á einmæli. Þat var Óðinsdag<sup>2</sup> áðr en bera skyldi járnit. Hann mælti svá : “ Veit ek, at þér erut hngsjúkir mjök um yðart “ mál. En fyrir því at ek vil konunginum gótt, þá “ vil ek fá til eina list<sup>3</sup> þá [er] ekki skal til saka. “ Ek hefir þat eitt gras, ef ek ríð því á hönd konungs-“ móður, at ekki skal til saka, ok hón skal örugg bera “ mega þetta járn, ok skír verða.” Dagfinnr svarar : “ Guð þakki þér sannan góðvilja, þú ert vitr ok skyn-“ samr ;<sup>4</sup> seg mér hvar þetta gras vex, er svá mikinn “ krapt hefir með sér.” Sigarr svarar : “ Þetta vex “ á þínum húsum ok hvers annars manns [hér], í “ Björgyn.” Dagfinnr svarar : “ Engin lyf eðr lekningar “ skulu vér til þessa bafa, nema þær einar<sup>5</sup> er Jesús “ Christus vill göra með sínni miskunn ok árnaðar-“ orði innar helgu mey[jar] Márie, ok ins helga Óláfs “ konungs, ok innar helgu Sunnifu, ok allra Guðs “ heilagra manna. En þú far brott með skrum þitt ; “ ok vit þat sannliga, at þú skalt fara [nökkura], “ vánda ferð ef þú mælir þetta optarr.” Síðan gékk Dagfinnr bóndi til konungs-móður ok þeirra manna<sup>283</sup> er næstir henni vóru, ok mælti til hennar leyniliga : “ ef Sigarr kemr hér eðr annarr maðr, at ljóða yðr “ [nokkur] lyf eðr aðrar vélar, þá varizk<sup>6</sup> sem inn “ versta andskota ; þvíat ek veit sannliga at fals ok “ flærð er undir þessu máli ok opinber svik.”

45. Um daginn eptir prima-mál bar konungs-móðir járn eptir réttum tíma. Görðisk þat it bezta [af]

<sup>1</sup> ölli] volldi, II. Fl.

<sup>4</sup> skynsamr] skynjungr, II.

<sup>2</sup> Óðinsdag] Miðvikudaginn, II.

<sup>5</sup> þær einar] þau, II.

<sup>3</sup> list] lyst, Cd.

<sup>6</sup> varizk] þat, add. Fl. ; þar, II.

hennar hendi. Þar var við konungr ok erkibiskup, A.D. 1218. jarl ok aðrir lands-höfðingjar. Þar var ok Jón<sup>1</sup> jarl af Orkneyjum. En þann dag er höndina skyldi leysa, var konungi sagt, at jarls-vinir höfðu kurr nökkurn á at bera vápn um daginn leyniliga. Ok af því bauð konungr Jóni stál, Guttormi Gunnasyni, Végarði veradal, Bárði bristeini, at þeir léti vápnask sveitir sínar allar; ok göra orð gestum, at þeir vápnaði sik, ok væri út við Krist-kirkju meðan höndin væri leyst. Um daginn at réttum tíma þá kom konungr ok erkibiskup, jarl ok allir biskupar ok höfðingjar, með öðru fólkí út til Krist-kirkju. Ok sem leyst var hönd konungs-móður, þá görði Guð þar miklar jartegnir með sínni miskunn, at hón var vel skír; ok sögðu þat allir þeir er sá, at miklu var þá fegri höndin en áðr hón tók undir járnit. Sönnuðu [þat] bæði vinir ok óvinir.

284. 46. Eptir þetta vóru á nýja-leik görvar sættir millum þeirra Hákonar konungs ok Skúla jarls, ok var þing átt í Kristkirkju-garði Dróttinsdag eptir; vóru þar allir höfðingjar. Lýsti þá erkibiskup skírslu konungs-[móður]; ok lagði þar bann við hverjum manni, ef nökkurn mistrúmað legði þar á. Þá lýsti hann ok endr-nýjaðum sáttmálum<sup>2</sup> milli konungs [ok] jarls. Hér eptir bjoggu þeir ferð sína konungr ok jarl með miklu fjölmenni [austr í Vík];<sup>3</sup> þvíat þá kómu bréf til þeirra austan fra Birkibeinum ok Büglum, at Beni ok Slittungar styrktisk níjög, ok drógu saman mikit illþýði ok görðu mikinn ófrið. Peim byrjaði vel<sup>4</sup> austr. Sein þeir kómu til Túnbergs, var þeim sagt, at Beni ok Slittungar vóru í Osló, ok öngvar njósnir fóru fyrir konungi. Þeir vildu þá þegar sigla inn til Osloar, þvíat byrr var á góðr. Var þá blásit öllu liðinu til brotflögu, ok sum skipin lögðu út. Jófreyr hét pró-

<sup>1</sup> ok Jón] add. H.

<sup>2</sup> endr-nýjaðum sáttmálum] II.;  
endr-nýjaði sáttina, Sk. Fl.

<sup>3</sup> austr i Vik] add. H.

<sup>4</sup> vel] Sk. Fr.; seint, Fl.

A.D. 1218. fastr sá er þá var í Túnsbergi. Hann gékk þegar til konungs ok jarls; ok hafði með sér svein einn, ok kvað vera mjök móðan;<sup>1</sup> sagði, at Nikulás biskup hefði sent hann út til Túnsbergs til prófasts ok bæjar-manna, ok göra þá vara við at Slittungar vildu fara út til bæjarins; kvazk sveiuninn hafa skilizk við þá, þá er þeir fóru ór Osló. Sumir Birkibeinar sögðu þetta mundu vera prett Nikuláss biskups, at hepta svá ferð þeirra. En prófastr ok bæjar-menu báðu konunginn eigi fara ór bænum. Ok þeir dvölðusk þann dag. Ok <sup>285.</sup> var hleypt mönnum it efra á hestum; ok mættu þeir mönnum er rakleiðis<sup>2</sup> höfðu farit ór bænum, ok sögðu at þetta var hégoði ok uppslátta biskups.

47. Ívarr útvík ok Ásbjörn koppr lágu þá við Höfuðey. Þeir höfðu Oslóar-sýslu af konungs hendi. Þeir höfðu gört út létti-skútu at vita um ferð konungs ok jarls. En er þeir fundu konunginn, sögðu þeir at Slittungar voru í Osló, ok höfðu ekki frétt til ferðar konungs. Þeir skunduðu ferð sínni sem mest; en byrr var inn bezti. Ok er þeir kómu til Höfuðeyjar, kom þar til þeirra Ívarr útvík ok þeir félagar með þrímr skipum, ok sögðu at Slittungar voru í Osló, ok létu sem kyrrast. Síðan var lieflat<sup>3</sup> á konungs-skipinu; ok var sagt á önnur skipin, at öll skyldi sigla janni-fram, ok leggja svá at bænum. Síðan siglðu þeir sem mest. En þau skipin er þungfærri voru, görðu bæði, siglðu ok réru. Slittungar höfðu vörð uppi í Hallvarðs-kirkju-stöpli, ok sá þeir skipin þegar utan fóru fyrir nes-oddann. Skundaði Beni þá sem mest ór bænum. En [er] Birkibeinar kómu inn um Höfuðey, þá sá þeir görla at sumir Slittungar fóru inn á leið. Þá var lagt at bryggjum sem ákast bæði norðr ok suðr, ok hljópu menu upp í bæinn, ok voru þá allir Slittungar ór bænum. Sumar sveitir

<sup>1</sup> *kvað . . móðan]* Fl.; ok lizt | <sup>2</sup> *rakleiðis]* rakleitt, II. Fl.  
vera miök móðr, Sk. | <sup>3</sup> *heflat]* Fl.; áflat, Cod.

Birkibeina sóttu eptir Þeim allt norðr til Frysjo ok A.D. 1218. fengu ekki af Þeim í því simni.

286. 48. Baglar sátu margir í kastala biskups, ok gættu sín; en hvárki vóru [þeir] með Slittungum né í móti Þeim; þvíat þeir vóru þá enn eigi<sup>1</sup> handgengnir Birkibeinum. En þegar Hákon konungr kom jam-fram kastalanum, þá gengu þeir ofan ok buðu hónum sína þjónostu. Nikulás biskup var í þaenum; hann görði bát til konungs-skips, ok lét fara Ingu konungs-móður til garðsins, ok hélt hana sæmiliga. Við Birkibeina var hann inn blíðasti. En um morgininn eptir görði hann processionem móti konungi með allri sæmð. Eptir þetta vóru bréf gör til Arnbjarnar Jónssonar ok allra Bagla. Kómu þeir þá til Oslóar, ok görðusk handgengnir Hákoní konungi ok Skúla jarli, ok gáfu upp nafn flokks þess er þeir höfðu með farit. En [þessir] vóru þá sveitar-höfðingjar með Böglum er til handa géngu—Arnbjörn Jónsson, Gunnbjörn Jóns-bróðir, Símon kýr, Eysteinn Hróason, Guðólfr af Blakkastöðum, Einriði bækill, Finnur Kálffson, Bótólfr Æfuson,<sup>2</sup> Finnur Bergþórsson, Guðleikr skreiðungr, Sigurðr sépill,<sup>3</sup> Gunnarr Ásuson, Eilífr kembir, Þórir Ámundason.

49. Nú spurði Hákon konungr at Slittungar vóru uppi í Eyja-vatni. Lét þá konungr draga fjórtán skip upp í vatnið, ok fékk þar til mikil líð, ok þessa sveitar-höfðingja : Guttorm [Gunnason], Óláf mók, Gunnbjörn, Harald stanga-fylju, ok enn nökkura aðra. Slittungar fengu njósan af um ferð þeirra, ok flýðu þegar upp á Markir. En Birkibeinar skipuðu skip sín þegar sem<sup>4</sup> þeir kómu til vatzius, en sumir sneru aprí til konungs í Osló. Vóru þá drykkjur miklar í þaenum, ok görðusk mörg tíðendi.

<sup>1</sup> *enn eigi*] add. H.; þá vóru | it seems; evo. son H.; Fl. reads  
þeir handgengnir Birkibeinum, | Aufurssun; Tr. and Esp. om.  
Sk. Fl.

<sup>2</sup> *Æfuson*] thus (éfus.) Cod. as | <sup>3</sup> *sépill*] Esp.; sæfill, Cd.  
<sup>4</sup> *sem*] add. H.

A.D. 1218. 50. Hákon konungr átti móður-bróður er Gunnólfr hét; hann var ekki vitr maðr við drykk. Hann mætti eitt kveld góðum manni er sira Eilífr hét, kurteiss maðr ok vel siðaðr; hann var inn mesti höfuð-vin jarls ok ráðgjafi. Gunnólfr brá sverði, ok hjó til Eilífs, ok mjög svá af hónum höndina hægri. Petta var skjótt sagt jarli; en [þeir] höfðu báðir eitt skip konungr ok jarl. Jarl hét þegar á sína menn ok bað þá vápmask; en Gunnólfr komsk miðskipa til hirðmanna, ok skutu þeir yfir hann skjaldborg ok vörðu hann. Skipit lá við konungs-bryggju, ok mörg skip umhverfis. Ok þegar er þeir heyrðu brak á konungs-skipit, tóku þeir til vápna. Jarl vildi ganga fram at Gunnólfí, en hirðin getti hans. Ok er hann sá [at] hann kom því eigi fram, þá sneri hann aptr til fyrirrúms með sína menn. Sem hirðin sá, at hann fór svá ákafliga þangat alvápnaðr, þá óttuðusk þeir at hann mundi vilja at konunginum, ok hljópu þeir upp allir ok aptr til konungs. En jarl sneri þá upp eptir skutbryggjunni ok þeir menn sem hónum fylgðu. En þar lágu næst skip þeirra Óláfs jarls-frænda<sup>1</sup> ok 288. Pórðar drafla ok Þorfinnus illa. Fleiri manna skip lágu þar nær þeirra, er allir voru viljaðir jarli. Ok er þeir kómum upp á bryggjurnar til jarls, þá spurði hann hvat til ráðs væri; kvezk hefna vilja Eilífs. Maðr hét Reiðulfr Barða-bróðir. Sá holp<sup>2</sup> Inga konungi þá er hann svannum yfir ána Níð, þá er slagit var í Próndheimi. Hann var eingi vin konungs. Hann mælti til jarls: "Vér munum fara slikar<sup>3</sup> fleiri, ok " því næst þér, herra; ok er þat ráð, at vér verðim " fyrri at bragði, ok drögum upp skip undir þeim, ok " drepum konunginn ok alla þá er fyrir hónum standa." Óláfr jarls-frændi svarar: "Of hefnt man þá einnar " handar." Margir svara, at með öngu móti vildu þeir

<sup>1</sup> jarls-frænda] II.; konungs- | <sup>2</sup> holp (i.e. halp)] hafði holpit, II. frænda, Sk. | <sup>3</sup> slikar] II. Fl.; svá, Sk.

níðask á konunginum, “Því at hann er um þetta A.D. 1218.  
“ sannliga saklauss.”

51. En er þetta tíðenda, þá kómu þeir upp á bryggjurnar, Dagfinnr bóndi ok Guttormr Gunnason, Végarðr veradalr, Andrés skjaldarband, með sveitum sínum mjök fjölmennum; ok viku þeir þegar at konungs-skipini. Sem jarl sá þat, snéri hann í móti Végarði, ok lagði til hans sverði; þat lag kom í kinnina. Végarðr bar af sér, ok skar út ór kinninni. Eptir þetta gékki jarl af bryggjum ok þangat sem Eilífr lá, ok var þar<sup>1</sup> um stund. Nú vissu þetta, Arnbjörn Jónsson, Loðinn Pálsson ok mestr Þori liðs haus; tóku nú til vápna sínya, þvíat allir höfðu skjöldu fyrir stöfnum<sup>2</sup> fyrir ófriðar sakir. Þeir görðu menn á bátum til konungs, ok sögdu[sk] hónum allir vilja fylgeja. Dagfinnr bóndi ok Guttormr með sínum félögum gengu út á skip til konungs, enn létu sveitir [einar] með vópnum.  
289. Pá kom jarl út á skipit reiðr mjök. Konungr stóð upp í móti hónum, ok bauð boð fyrir Gunnólf frænda sínn, baði jarli ok svá Eilífi. Jarl æmti<sup>3</sup> því lítt. Pá mælti Dagfinnr bóndi: “Ef þér, herra jarl, vilit eigi “ láta vera grið á þessu málí í nótt til allra manna. “ Pá megu<sup>4</sup> þit eigi vera báðir á þessu skipi, konungr “ ok þér; ok skal konungr oss fylgja.” Konungr svarar þegar: “Fyrir öngvan mun flý ek mítt skip í “ nótt né sveitunga mína.” Pá mælti hirðin, at þeir vildu þar vera sem konungr var. Jarl svarar þá með mjúkum orðum; sagði allt þat skyldu standa með griðum til morgins. En vörðu höfðu hvárir-tveggju um nóttina sem sterkasta.

52. Um morganinnum eptir, er sungnar vóru formessur, gékki konungr til Eilífs, ok bauð hónum boð af hendi Gunnólfs. Eilífr svarar vel, ok seldi grið til þess er menn sæi hversu mál hans skipaðisk. Konungr létt þá

<sup>1</sup> var þar] talaði við hann, H.

<sup>2</sup> Því at . . . stöfnum] ok höfðu  
allir skjöldu við stafna, H.

<sup>3</sup> æmpti, Cd.; anzadi, H.

<sup>4</sup> megu] megí, Fl. Sk.

A.D. 1219. Blása til hirðstefnu, ok sagði þá Dagfinni bónða hvat um hafði liðit. Lögðu menn mjök misjafnt til. Végarðr veradalr stóð þá upp, ok birti fyrir hirðinni hverja vanvirðing hann hafði saklauss fengit. Þat lét hann ok fylgja, at hann mundi þetta fyrir öngum kæra, ef hónum væri nökkur sœmð fyrir boðin. Lendir menn ok hirðmenn sögðu, at þeir vildu með öngu móti at svá búið væri. Kom þá svá, at jarl festi<sup>1</sup> 290. góðra manna dóm. Var Végarði daemt bæði fé ok eiðar eptir þat til bókar, en Végarðr gaf upp bæði fé ok eiða. Ok unði þó jarl verr sínum hlut, ok lagði mikinn fjándskap á Végarð, sem síðan man sagt verða.

53. Hákon konungr ok Skúli jarl skipuðu sýslur allar á Upplöndum. En af því at ófriðar-vænt var mjök, þá völðu þeir menn mjök til. Var þeim skipat yfir Haðaland, Gunnbirni Jóns-bróður ok Þorgeiri biskups-manni; en yfir Raumaríki, Haraldi stanga-sylju ok Póralla Ögurssyni;<sup>2</sup> yfir Heiðmörk, Óláfi mók ok Friðreki slafsa; en í Guðbrandsdöllum, Eindriði bækill ok Bárðr hali. Hákon konungr ok Skúli jarl fóru til Túnsergs, en sendu menn til Björgynjar at segja at [þeir] ætlunda at sitja at Túnbergi um vetrinn. Skipaði konungr þar Dagfinn bónða at búa til Jólavézlu af sínni hendi; en jarl Grunda féhirði fyrir sik. En þeir fóru í Víkima austr til Elfar, ok rann-söknðu eptir fornnum málum ok nýjum konungldómsins. Síðan fóru þeir norðr til Túnsergs, ok sátu þar um Jólin. Þat sama haust varð Gautr Jónsson aptr-reka ór Jórsala-ferð. Konungr görði vel til hans, ok fékk hónum Elfar-sýslu hálfa, ok var hann með konungi um vetrinn.

1218-19. 54. Pessi var annarr vetr ríkis Hákonar konungs.<sup>291.</sup> Þá görði hann lenda menn, Guttorm Gunnason, Pál vaga-skálm. Gregorius Jónsson var þann vetr fyrir Prænda-lögum af konungs hendi. Hann ritaði til

<sup>1</sup> *festi*] thus Sk. Fl. Tr.: undir, | <sup>2</sup> Póralla Ögurssyni ] Pórallda add. II. | Egilssyni, II. (badly).

konungs ok jarls um vetrinn eptir Jól, ok sagði at A.D. 1219.  
 upp hafði brunnit bærinn í Níðarosi. Þessir voru þá  
 ráðgjafar konungs, Marteinn konungs-frændi, Gunnri  
 Loðinsson, Guthormr son hans, Dagfinnr bóndi, Búrðr  
 bristeinn. Komungrinn var þá fimbrotan vetra. Þessir  
 ráðgjafar konungs görðu orð Arnþimi Jónssyni ok  
 Gunnbirni bróður hans, [Páli vagar-skalm]. Þeir töludu  
 á þessa lund: "Oss þykkir mál konungs vera mjök  
 " hættligt svá búit, þvíat jarl hefir forsjá bæði fyrir  
 " ríkinu ok hónum sjálfum, ok þeir eru margir er  
 " þeirra ganga verr í millum enn vera skyldi; ok  
 " standum verða þeir eigi við staddir, er konunginum  
 " eru öruggir; ok [fyrir] því vildu vér gjarna fá svá  
 " saman komit þeirra vináttu, at þeir þyrfti öngvan  
 " mistrúnað á [at] bera." Sögðu þeir þat líkast [efni]  
 til þess at komungrinn bæði dóttur jarls, frú Margrétar;  
 sögðu at þá mundi allt öruggt vera, ok jarl mundi þá  
 unna konunginum sem sínum syni. Þeir töludu þetta  
 fyrir konunginum, ok hafði hann fátt um í fyrstu;  
 en hann létkr þetta vilja, ef þá væri allt trútt ok  
 transt um alla hluti. "En um þat em ek hræddr,"  
 sagði hann, "at allt komi til eins; en þat líkar mér  
 " vel, sem þér vilit fyrir sjá." Síðan gengu þeir til  
 jarls ok fluttu þetta fyrir hónum. Jarl tók þessu  
 vel, ok skaut þó til móður hennar ok til hennar  
 sjálfrar ok annarra þeirra frænda. En þær félru lyktir  
 á, at konungr festi sér jungfrú Margrétu. Sögðu þá  
 bæði vinir ok svá aðrir,<sup>1</sup> at ekki mundi mega skilja  
 þeirra vináttu, ef þessar tengdir tækisk.

1218.

53. Um haustið aðr kom útan af Íslandi Snorri Sturluson. Þá kom útan Sörli ok Grímarr með knörr þann inn mikla er þeir höfðu haft í Vestmanna-eyjar; ok sögðu þau tíðendi, at þeir höfðu tekit af lífi göfgan mann, [Orm] Jónsson, bróður Sæmundar í Odda, ok Jón son hans, ok Skeggja prest;<sup>2</sup> ok mest fyrir þann

<sup>1</sup> svá aðrir] Fl.; óvinir, Cd.; ok  
 öll alþýða, H. | <sup>2</sup> Jón . . . ok Skeggja prest] add.  
 H.

A.D. 1219. ójafnað er Sæmundr hafði gört Austmönnum. Ok var þó Ormr þess eigi valdr; <sup>1</sup> því at hanu hafði jafnan baett um með þeim.

56. Hákon konungr ok Skúli jarl fóru um várit ór Túnbergi til Björgynjar ok sátu þar um sumarit. Þá kom Jón stál til Björgynjar með skip þat er hann hafði göra látið konunginum, hálf-þrítugt at rúma-tali. Þat skip hafði konungrinn lengi [síðan], allra skipa bezt. Um Máriu-messo-skeið fór konungr ok jarl norðr <sup>293.</sup> í land ok höfðu fjölmennt ok góðmennt or Gula-þings-lögum. En Mikjals-messu-dag var jungfrú Margrét púsut konunginum; ok var veitt í höllinni sœmiliga.<sup>2</sup> Sátu þeir þann vetr í Þróndheimi konungr ok jarl, ok fóru allir blutir vel ok líkliga með þeim. Þessi var inn þriði vetr ríkis Hákonar konungs. Þá var þeim skipuð sýsla í neyrðstu<sup>3</sup> þingá Vegardí veradal ok Andréí skjaldar-band. Var þeim fyrir því þessi sýsla fengin at þeir voru mestir höfuðvinir konungs.

1219-20.

57. Eptir þat er Baglar höfðu gengit til sættar við Hákon konung, sem fyrr er ritað, var eingi sýsla fengin Guðólfí á Blakkastöðum, þvíat hann var mjök illa kenndr af bónum þar sem hann hélt sýslu. Ok er Guðólfur [sú] at hann fékk öngar sœmdir af Birki-beinum, þá mislíkaði hónum ok settisk um kyrт. En vetr þann er nú var frá sagt, ok þeir sátu í Þróndheimi Hákon konungr ok Skúli jarl, sendi Guðólfur son sínn Eilíf krúnu suðr á Halland, ok með hónum Eirik para,<sup>4</sup> ok inn þriðja Jón rödd,<sup>5</sup> at leita sveins þess er Sigurðr hét; hann var kallaðr son Erlings steinveggs. Þeir fandu haun, ok tókn haun sœmiliga;

<sup>1</sup> eigi valdr] óvaldr, II.

<sup>2</sup> En Mikjals-messu-dag . . . . .  
<sup>3</sup> sœmiliga] instead of this II. (better):  
—En Mikjals-messu-dag veitti Hákon konungr sœmiliga festar-öl sítt í höllinni í Níðarósi. Þetta haust sóru þeir konungr ok jarl lög ok

réttindi at Ólafs-skríni á Eyrapungi í Kaupangi.

<sup>4</sup> para] panna, Sk.; pari, H.; farri, Fl.

<sup>5</sup> rödd] redda, H.

ok dreif þegar lið til hans. Guðólfur var höfuð- A.D. 1219  
ráðgjafi hans, en Erlingr rúmstafr merkismaðr hans.

En þessir kómu fyrstir sveitar-höfðingjar til Þeirra,  
294. Söndúlfr Hauksson, Þorleifr brúðr, Erlingr hringr,<sup>1</sup> Helgi  
á Sólbjögum, Ganti gótt-smjör, Gassi undan Fjallim,  
Grímmarr svangi. Þeir höfðu mikit lið ok frítt, ok vóru  
kallaðir Ribbungar. Þá var Sigurðr sjantján vetra.<sup>2</sup>

58. Nökkurnu áðr höfðu þeir görzk eiðbraeðr, Ívarr  
útvík ok Guðólfur á Blakkastöðum,<sup>3</sup> ok vóru góðir  
félagar. Ívarr hafði inn vestra hlut Osloar-sýslu; ok  
sat í sýslunni ok varði einskis nema góðs. Guðólfur  
safnaði liði á laun ok fór at Ívari til Höfuðeyjar um  
nótt, ok kom á óvart ok elti Ívar af skipi sínu. Þar  
félle margir vaskir menn ok fornir Birkibeinar,  
Smiðr sleppa,<sup>4</sup> Hallvarðr kurt. Ívarr komsk í brott  
á báti einum, en sveitungar hans kómusk í kirkjur.  
Guðólfur tók skipit ok öll vápn ok mörg önnur fóng.

59. Þenna vetr sátu þeir í Þróndheimi, sem fyrr er  
ritað, Hákon konungr ok Skúli jarl. En er váraði,  
fóru þeir suðr [til Björgynjar] ok sátu þar<sup>5</sup> lengi um  
sumarit. Þá görði jarl orð á því, at hann mundi  
göra her til Íslands. Þá hafði Björn, son Þorvalds  
Gizurarsonar, dregit mann Norraenar ór kirkju í Mið-  
firði ok látið drepa hann. Póttisk hann þat láta  
göra í hefnd Orms Jónssonar; þvíat hann átti Hall-  
veigu dóttur hans. Jarl ætlaði mörg skip til ferðar-  
innar. En menn vóru mjök ófúsir til ferðarinnar. Þá  
kvað Guðmundr Oddsson skáld þessa vísu:—

“ Hvæt skal ek fyrir mik hyrjar  
hregg-mildr jöfurr leggja  
“ (gram fregn at því gegnan)  
geir-netz sumar þetta :

<sup>1</sup> *hringr*] hiringr, II.

<sup>4</sup> *sleppa*] skeppa, II.; kippa, Fl.

<sup>2</sup> *þá var . . vetra*] add. II.

<sup>5</sup> *þar*] þeir, Cd.

<sup>3</sup> á *Blakkastöðum*] emend.; blakkr, Fl. II.; smjörlik, Sk.

A.D. 1220.

“ Byrjar hafs at herja  
     hyr-sveigir mér eigi  
   “ (sárs vinnr jarl) á órar  
     ætt-leifðir (svan reifðan).

Snorri Sturluson ok þeir Íslenzkir menn sem þar vóru, báðu Dagfinn bónda flytja við konung at þessi ætlan félli niðr. Kom svá, at stefna var til lögð; ok talaði konungr á stefnunni, ok hóf svá: “Herra “jarl,” segir hann, “ætlan sjá<sup>1</sup> er hér hefir verit “i sumar, sýnisk ráðinu ekki vitrlig,<sup>2</sup> at herr sé görr “til Íslands, þvíat sú ferð<sup>3</sup> þykkir torsóttlig ef landit “er herjat. En land þat hefir héðan byggzt, ok várir “frændr ok foreldrar hafa kristnað landit, ok veitt “lands-mönnum [mikil] hlunnendi. Eru þar ok flestir “menn saklausir fyrir oss, þó at sumir hafi illa gjort “til várra þegna. En þat man allra skaði ef á lan-“dit er herjat. Nú vil ek biðja yðr, herra, at þér “kítið niðr falla þessa ætlan fyrir sakir flutnings “þessa.” Sem konungr hafði þetta mælt, þá fluttu margir með hónum. Gaf þá jarl upp þessa ráða-görð. Var þat ráð gjort, at Snorri Sturluson var út sendr at friða fyrir Austmönnum. Gaf Hákon konungr hónum lends manns nafn. Töluðu þeir jarl mart um mál Íslendinga. Var þá fyrsta sinni rætt um þat af jarli, at Snorri skyldi koma landi undir konung. En um haustið er Snorri kom út, urðu þeir ósáttir sjálfir Sunnlendingar. Ok um várit eptir drap Loptr í Skarði<sup>296</sup>. Björn Þorvalldsson frá Breiðabólstað. Þat sumar sendi Snorri útan Jón son sínum jarli, sem mælt var með þeim. En öngu kom Snorri við landsmenn áleiðis; flutti hann ok lítt. En frið höfðu kaupmeum góðan þann tíma á Íslandi.

60. Um sumarit er þeir sátu í Björgyn, Hákon konungr ok Skúli jarl, kom bréf austan ór Vík frá

<sup>1</sup> sjá] H.; sú, Sk.; þessi, Fl.

<sup>2</sup> synisk . . vitrlig] H. Fr.; sýn-  
ist ráðin sumt ekki vitrliga, Sk.

<sup>3</sup> ferð] H. Fl.; ætlan, Sk.

lendum mönnum, at þeir konungr ok jarl skundaði A.D. 1220. austr þangat; þvíat Ribbungar styrktusk mjök. Bjog-gusk þeir skjótt, ok urðu búinir at Mikkjals-messu. Þeir höfðu þrjá tigi skipa. Þessir vóru þar lendir menn, Páll vaga-skálm, Jón stál, Ivarr nef. Þeir fengu harðan byr fyrir Jaðri. Síðan lágu þeir hálfan manuð í Lykri. Gékk þá upp drykkr þeirra mjök ok svá vist. Var þá höggvit bú fyrir mörgum mönnum í bygðinni. Görðisk þá illr kurr í hernum; leiddisk mörgum lang-legan. Var þá þat ráðs<sup>1</sup> tekit at þeir skiptu liðinu. Snöri konungr norðr til Björgynjar með stór-skipum; en jarl fór austr í Víkina með in smæri skipin, ok hafði hann meira lið. Svá [var] skilt með þeim, at jarl skyldi [taka] lands-skyldir ok leiðangr um alla Víkina ok flytja norðr til [Björgynjar til] Jóla-veizlu ok mála-gipta. Þá er Hákon konungr kom norðr í Eikunda-sund fann hann Heinrek biskup ór Stafangri;<sup>2</sup> ok töluðu þeir marga hluti sín í milli ok 297. staðfestu sína vináttu. Var Heinrekr biskup staðfastr síðan ok öruggr vin konungs. Hann mælti þat í skilnaði þeirra: "Þat vil ek at þér vitið, herra, at " öngvan áttu þér meira óvin í litlum manni fyrir sér " enn mik; en héðan af skal yðr eingi traustari vin enn " ek af oss biskupum, þó þat megi lítið." Konungi byrjaði vel síðan<sup>3</sup> til Björgynjar. Hann hafði lítið fé með sér á skipunum þat er hann mátti halda sik við; en með öllu var ekki fyrir. Þá kallaði konungr til sín Dagfinn bónda, ok tók hann við félirzlu at búa til Jóla-veizlu. Vóru þá tekin stór-lán bæði til borðz-halds ok Jóla-búnaðar. Þá var ok útboða-bréf gört til allra sýslumanna; ok varð þat at lithum skilum, þvíat sýslumenn hræddusk lítt konunginn; ok hverju sinni er hann talði<sup>4</sup> á þá, var því þegar svarat, at þeir skyldu annars-staðar til stunda.

<sup>1</sup> ráðs] til ráðs, Cod.

<sup>2</sup> ór Stafangri] add. II.

<sup>3</sup> Konungi . . . síðan] H. Fl.;

Konungr byrjaði ferð sína, Sk.

<sup>4</sup> talði] talaði, Sk.

A.D. 1220. 61. Nú er at segja frá Skúla jarli, at hónum byrjaði heldr seinliga í Víkina. Ok er hann kom fram, bauð hann út leiðangr [ok landskyldir konungs] um alla, Víkina. Hann tók af slíkt er hann fékk, ok snöri norðr aftr, ok fór fimm nótum fyrir Jól ór Túnbergi. Hónum byrjaði vel, ok kom it fjórða kveld Jóla til Björgvinar. Hann görði menn [fyrir] til konungs; en konungr görði menn í móti hónum, ok bauð hónum með sér alla kosti. Sátu þeir báðir saman um Jólin, ok fór allt sem blíðast með þeim. Pessi var inn fjórði vetr ríkis Hákonar konungs. En er á tók líða vetrinn, kómu þau orð austan ór Víkinni, at Ribbungar styrktusk mjök ok görðu margar óspektir. Var þá 298. Beni kominn ok Slittungar til Ribbunga; var Beni sveitar-höfðingi í hernum; en ekki vildi Sigurðr hann meirr tigna.

62. Þá er vára tók, görðu þeir þat ráð, Hákon ok Skúli jarl, at jarl skyldi fara norðr til Prónðheims, ok eflask þaðan at líði, ok fara it efra í Víkina til móts við Ribbunga; en konungr skyldi fara austr með skipa-liði, ok skyldi [þeir] þar finnask. Þegar sem jarl kom í Prónðheim, stefnudi hann til sín lendum mönnum: Gregorius Jónssyni, Páli vaga-skalm, Pétri Pálssyni. Fóru þeir síðan á land upp sem ætlað var. Jarl hafði frítt lið ok mikit. Þá fór hann it beinsta þar til er hann kom suðr á Heiðmörk til Hamars. Þá kómu í móti hónum allir sýslumenn Birkibeina, þeir er á Upplöndum vóru; ok hafði hann þá fréttir austan ór Víkinni, at Ribbungar vóru þar, ok styrktusk mjök. Hafði Sigurðr litlu áðr verit í Oslo ok tekit þar tvau skip er biskup átti. Ok hvervitna drógu þeir skip at sér, ok ætluðu at fara til Túnbergs at Arnbirni Jónssyni ok þeim lendum [mönnum] er þar vóru. Þeir Arnbjörn gættu sín á bergen. Sem jarl spurði þessi tíðindi, skundaði hann sínni ferð ór Hamri, ok allir sýslumenn [með hónum], fyrst til Oslóar.

63. Nú er at segja frá Hákoní konungi :—at haun A.D. 1221.  
 299. fór um sumarit austr til Víkr,<sup>1</sup> sem ráð var fyrir gört. Konungr bafði mikit lið. Þar var Gautr Jónsson, Jón stál, Dagfinnr bóndi. Ok er ekki sagt af hans ferð, fyrr enn hann kom austr, ok sigldi inn eptir Víkinni ok lagði at í Grindhólma-sundi. Þá var þat tíðinda í Víkinni, at Ribbungar lágu austan-fjarðar við Vörnu<sup>2</sup> ok höfðu [mög skip ok] mikit lið. En Arnbjörn Jónsson, ok þeir lendir menn er í Túnsbergi vóru, höfðu dregit lið at sér [ok skip], ok ætluðu at þeim, ok vóru albúmir at halda út. En er þeir kómu út um Skeljasteims-grunn, sigldi byrðingr einn móti þeim.<sup>3</sup> Arnbjörn reri til á báti ok spurði tíðinda. Þeir segja, at Hákon konungr var norðan kominn, ok lá í Grindhólma-sundi með mörgum skipum. Arnbjörn varð þessu mjök feginn, ok sneri þegar liði sínu inn um Smjörbjörg til konungs, ok sagði hónum tíðindi um ferð Ribbunga.

64. Hákon konungr, þá er hann spurði til Ribbunga, lét hann blása. Vóru látin tjöld af skipum; ok röru þegar suðr eptir sundinu. Ok þá vildu þeir Gautr ok Dagfinnr bóndi láta þegar róa á fjörðinn suðr um nóttina. En Arnbjörn, ok þeir Víkverjar, sögðu at þá var mjök liðit degi, ok kvóðu ráðligra at taka út í móti degi á fjörðinn. Röru þeir þá þar inn til Jarlseyjar, ok lágu þar um nóttina. Öndverða nótt kom skúta austan um fjörðinn,<sup>4</sup> ok vóru á sveitungar Hallvarðs bratta; ok sögðu, at Ribbungar höfðu elta þá, "Ok röru þeir þá austan at Rugey er vér skild-  
 300. " um; ætluðu þeir hingat at lendum mönnum; þvíat " þeir hafa spurt, at lendir menn hafa skip fá ok smá; " en þeir hafa meirr enm fimm tigi<sup>5</sup> skipa; ok líkt " þikkir oss at þeir muni hingat róa á fjörðinn í

<sup>1</sup> austr til Víkr] add. II.

<sup>2</sup> við Vörnu] thus H. Fl.; með

Vorn, Sk.

<sup>3</sup> móti þeim] norðan, H. Fl.

<sup>4</sup> um fjörðinn] add. II.

<sup>5</sup> fimm tigi] xl., II.

A.D. 1221. “nótt; en ekki vita þeir at konungrinn er norðan “kominn.” Þá var kallat upp liðit af skipum.<sup>1</sup> Dagfinnr bóndi talaði fyrir hernum; ok sagði ætlun konungs, at menn skuli liggja tjaldlausir í nótt ok í öllum herklæðum, “Þvíat oss þíkkir þess vón at Rib-“ bungar komi hér í nótt með öllum her sínum.”

65. Loðinn Gunnason fór á njósn um nóttina með þrimr skútum. Menn vöknuðu snemina fyrir dag, þvíat nökkut var kallt, ok bjoggusk þegar. Þá kom Loðinn aptr er lýsa tók, ok hafði tekit skútu af Ribbungum ok flutti til konungs. Þeir sögðu mart af ætlun Ribbunga, at þeir höfðu spurt, at Skúli jarl var kominn af landi ofan [með] mikinn her, ok var þá í Oslo; “Ok því þora þeir ekki þangat at halda. “ Spurt [hafa] þeir ok, at lendir menn eru í Túnss-“ bergi með smá-skipum, ok ætla þeir fyrst at þeim. <sup>301</sup> “En ef þeir vinna þá, ætla þeir at fara í mótt jarli.”

66. Konungrinn kallaði til sín ráðgjafa sína. Ok var ráð fyrir gört, at smá-skipin skyldu fara fyrir en langskipin eptir, ok skyldi standa tré á þeim. Mundi Ribbungar þá hyggja at allt væri byrðingar eðr smá-skip. Ok svá var gört. Röru menn þá á fjörðinn sem ákafligast. Ok er þeir kómu skamt suðr um eyjarnar, sá þeir at Ribbungar röru sunnan ok stefndu [it] beinsta í móti þeim. Þótti þá Birkibeinum líkt at saman mundi bera með þeim. Logn var á veðrs ok sólskin fagrt. Á stór-skipunum spenntu<sup>2</sup> tvær eina ár, ok gengu skútunar lítt<sup>3</sup> undan. Konungs-skipit var mest; voru þó mörg skipin seinni enn þat. Konungr bað Sigurð skjálga stíga á bát, [ok] róa fram til smá-skipanna, ok segja svá, at sjaldan röri fornir Birkibeinar svá slæliga, þá er slíkt lá við. Síðan gengu skútunar betr fram. Ribbungar hugðu at byrð-

<sup>1</sup> af skipum] á skipunum, H.

<sup>2</sup> spenntu] spendu, H.

<sup>3</sup> lítt] Fl. Fr.; seint, Sk.

ingar væri í ferðinni, ok röru sem beinast í móti. Ok A.D. 1221.  
 er þeir tóku á smá-skútumum at skjóta á þá er næstir  
 vóru, sá Ribbungar at veðr-vitar glitruðu í sólskininu  
 á stór-skipum. Póttusk þeir þá vita, at fleira var í  
 ferðinni með Birkibeinum enn lendir menn einir. Víku  
 þeir þá stöfnum, ok vildu snúa inn eptir firðinum.  
 Semi konungr sá þat, stefndi hann fyrir þá á stór-  
 skipum, svá at þeir áttu eigi þess kost. Víku þeir þá  
 aprí [til] lands þangat [sem] skemst var. Gengu þeir  
 þar af skipum sem Jólund heitir, ok hjoggu af brand-  
 ana. Birkibeinar hljópu eptir þeim þeir sem næstir  
 vóru. En brú var fyrir þeim. Tóku Ribbungar hana  
 302. af; ok kómusk svá undan. Féllu nökkurir menn af  
 þeim; en sumir urðu sárir. Svá kvað Sturla Þórðar-  
 son :

“ Ern lét austr til Vörnu<sup>1</sup>  
 allvaldr skipum haldit;  
 “ Rín-fúra vann rýrir  
 Ribbunga blut þungan:  
 “ Ok óstiltan elti  
 örþingaðr víkinga  
 “ (rönd klauf ræsir steinda)  
 reiðr á land af skeiðum.”

67. Skúli jarl var í Oslo sem fyrr var ritað. Hann  
 bað Nikulas biskup ljá sér Skeggjann, skip sítt; en  
 biskup vildi þat eigi, ok hétt þeim stórmælum ef tæki  
 [skip] ins helga Hallvarðs.<sup>2</sup> Þá svarar jarl: “ Eigi er  
 “ löng stund síðan liðin er Sigurðr Ribbungr tók skip  
 “ þín tvau, ok bannsettir þú hann ekki fyrir þat; ok  
 “ munu vér<sup>3</sup> fyrir því djarfliga taka til þessa skipa.  
 “ En ef þú bannsetr oss fyrir þat er vér tökum skip  
 “ þín til land-hreinsunar, en hinum þoldir þú er áðr  
 “ vóru bannsettir fyrir sín illvirki, þá verðr þér [þat]  
 “ bann alkeypt, ok svá þeim er þér þjóna.” Eptir  
 þetta léði biskup skiptit með höfðum ok öllum reiða.

<sup>1</sup> *Vörnu*] Vænis, Cd.

<sup>2</sup> *Hallvarðs*] Hallvarðar, H.

<sup>3</sup> *munu vér*] H. Fl., má mér,

Cd.

A.D. 1221. Gregorius tók þat<sup>1</sup> skip er Stokka-buzan hétt, Páll vaga-skalm Hasauga-buzuna. Síðan tóku aðrir sveitar-<sup>303</sup> höfðingjar þau hin stærstu skip er voru í þennum, ok víggýrðluðu<sup>2</sup> stafna í milli. Fórn síðan sem ákafast út eptir firði. Ok er þeir kómu til Jólundar, hljóp bóndi einn á nesit ok kallaði á þá; sagði, at lendir menn ok Birkibeinar fóru ór Túnsbergi ok ætluðu til móts við jarl; “En þá kómu Ribbungar í móti, ok “ lögðusk at; berjask þeir nú sem harðast; vænti ek “ at Birkibeinar þurfi liðs, þvíat þeir hafa bæði færi “ skip ok smæri.” Bóndinn sagði því svá, at hann vissi eigi at konungrinn væri [norðan kominn ok þar]<sup>3</sup> í ferð með þeim. Ekki hafði jarl þá enn<sup>4</sup> spurt til konungs. Síðan spenntu tveir hverja ár, ok röru sem ákafast. Var þá allt senn, at þeir röru fyrir Stallinn,<sup>5</sup> svá at konungr sá ferð jarls, ok Ribbungar gengu af skipum. Görði konungr þá skútu í móti jarli at segja hvat fram fór; ok [þeir] þurfti eigi at róa meira enn þeim væri haegast. Sem jarl varð þessa varr, röru þeir af tómi. Konungs-menn tóku skip Ribbunga ok mikil annat herfang, ok settu menn til at gæta þar til er skipt var. Síðan fundusk þeir konungr ok jarl, ok fagnaði hvárr öðrum-blíðliga.

68. Síðan er Ribbungar voru eltir, snerusk [þeir] austr it efra á Markir. En er konungr ok jarl urðu þess varir, þá sneru [þeir] inn eptir Oslóar-firði, ok sigldu um kveldit til Haugsvíkr, en um morgininn inn til Höfuðeyjar. Lagði konungr þar at, ok flestr<sup>304</sup> allr herrinn; en sum skipin lögðu þegar til þejar ok þessir sveitar höfðingjar. Páll vaga-skálm, Ásólfur konungs-frændi, Kolbeinn kettu-hryggr, Hákon kaviss,<sup>6</sup> ok flestir allir sýslumenn af Upplöndum. Um [kveldit] kom njósni til konungs ok jarls at Ribbungar mundu

<sup>1</sup> [pat] Fl.; þeim, Cd.

<sup>2</sup> [viggýrðluðu] Fl.; viggýrðlar lágu, Cd.

<sup>3</sup> norðan . . þar] add. H.

<sup>4</sup> þá enn] add. H.

<sup>5</sup> Stallinn] Fl.; Staðinn, Cd.

<sup>6</sup> kaviss] kaafvis, Fl.

leita á bæinn um nóttina. Konungr görði lúðr-svein A.D. 1221. sínum til bæjarins, ok lét blása öllum mönnum ór bænum. En þeir gáfu lítinu gaum at því, ok dyöldusk eigi at síðr; en sunir lögðu út um akkeri. Um morginim í dagan kom Sigurðr Ribbungr hlaupandi í bæinn ok allr hans herr. Þeir hljópu niðr strætið, ok á bryggjur;<sup>1</sup> ráku nökkura menn á kaf ok særðu. En Birkibeinar kómu út skipum frá bryggjum, ok urðu menn sárir af skotum. Hákon kavis var genginu upp í bæinn, ok hljóp hanu á kaf skotinn í fótinn, ok dreginn við þat í skip. Fjórir menu vóru drepnir af Birkibeinum. En þeir Birkibeinar er á skipum vóru, herklæddusk ok lögðu at bryggjum. En er Ribbungar sá þat, viku þeir undan upp til strætis, ok svá norðr ór bænum, en Birkibeinar eptir þeim.

69. Hákon konungr ok Skúli jarl lágu undir Höfudhey. Ok er þeir heyrðu at blés í bænum, herklæddisk allr herrinn, ok röru til bæjarins. Urðu þau skipu sein-búnust sem stærst vóru, konungs-skipit ok buzurnar. Þá mælti Ögmundr merkismaðr til konungs: "Herra, nú má sjá hvar Ribbungar hlaupa norðr ór bænum, ok sýslu vér þar ekki at sinni. Er þat nú " betra ráð, at vér snúim yfir [í] Gyljanda<sup>2</sup> ok " gangim þar upp, ok svá austr yfir Akrs-haga í móti " Frysjo, ok mættim þeini þar við brúna; ok fám vér " þá meira sýslat, ef<sup>3</sup> Guð vill." Konungr lézt þat gjarna vilja; ok kallaði á þau skipin er næst vóru; bað þá vestr snúa. En Barna-Pétr, ok þeir er þung-færastir vóru, kvóðusk eigi til þess færir at eltask eptir Ribbungum<sup>4</sup> um skóga; ok fylgðu hónum margir at því. Ok snöru öll skipin [inn]<sup>5</sup> at bryggjum. En þær

<sup>1</sup> niðr . . bryggjur] niðr í stræti  
ok á bryggjur, H.; niðri um stræti  
ok um bryggjur, Fl.

<sup>2</sup> Gyljanda] Gyljandi, H.

<sup>3</sup> þá meira sýslat ef] Fl.; eigi  
meira enn, Cd.

<sup>4</sup> Ribbungum] Fl. H.; víkingum,  
Sk.

<sup>5</sup> inn] add. H.

A.D. 1221. skútur er fyrst höfðu róit<sup>1</sup> undan eynni, kómu fyrst á bryggjur; ok hljópu þegar upp. En í því bili kómu þrjár sveitir Ribbunga í bæinn. Ok er þeir mættusk ok skútna-menninnir, hugðu Ribbungar at þat væri þeirra menn, ok spurðu hvar Sigurðr konungr þeirra var. Kenndu þá Birkibeinar at þetta voru Ribbungar. Kom þá skjótt högg í liðit; viku Ribbungar þá undan norðr eptir strætinu, en sumir á Akrana. Þar félù átta tigir manna af Ribbungum. En þeir Birkibeinar er fyrst höfðu hlaupit eptir Ribbungum, fylgðu þeim norðr til ár þeirrar er Fad<sup>2</sup> heitir, ok skutusk þeir [þar] á um hríð. Tóku Ribbungar undan; en Birkibeinar snörn aprí til Osloar. Svá<sup>3</sup> kvað Sturla:

306.

“ Lögðu til litlu síðarr  
“ öðlings menn Oslo bæjar :  
“ Ok þar stökk fyrir stál-hvötuð  
“ á glap-stig grýtlinga lið.

Okk enn kvað hann þetta:

“ Hólmi-reyðar gékk hjálmi  
Hörða-valdr und faldi  
“ enn sá er úthlaups-mönnum  
auðmildr sakar gildi :  
“ Féllu fjándmenn stillis ;  
fékksk tafn blám hrafni ;  
“ en sigr-gæði síðan  
sumir skunduðu undan.

70. Hákon konungr ok Skúli jarl bjoggu síðan ferð sína út ór bænum, ok skipuðu áðr sýslumönnum öll Upplönd. Þeir sigldu út til Haugsvíkr, ok höfðu þar hirðmanna-stefnu. Sagði jarl, [at] hann vill fara upp á Follu<sup>4</sup> at hefna Rögnvalds Hallkelssonar<sup>5</sup> er Follungar<sup>6</sup> drápu saklausán, ok brenna bygðir þeirra. Konungrinn svarar: “ Öngar hiefndir á ek at göra “ eptir Rögnvald, þvíat heldr hafa hans frændr niðrat

<sup>1</sup> róit] H.; komit, Sk.

<sup>2</sup> Fad] so also H.

<sup>3</sup> Svá] Pá, Cd.

<sup>4</sup> á Follu] H.; á Upplönd, Cd.

<sup>5</sup> Hallkelssonar] add. H.

<sup>6</sup> Follungar] H.; þeir, Sk.

“ mínni aett. En fyrir því at Follungar<sup>1</sup> drápu hann A.D. 1221. “ saklausan, þá mæli ek eigi á mótt því, at þér farit “ með liði ok hefnit þeim.” Fór þá jarl upp á Follu<sup>2</sup> 307. ok Gregorius Jónsson, fóður-bróðir Rögnvalds, ok margir Birkibeinar, ok þeir flestir er Baglar höfðu verit. Þeir brenndu mikinn hluta<sup>3</sup> af bygðinni; en bændr tóku ekki í móti. Síðan fóru Birkibeinar til skipa sínna. Ok kómu Follungar; ok festu bændr gjald, tvær merkr gulls af liða hverjum um alla Folldina.<sup>4</sup> Þá var þetta kveðit:—

“ Rekit var Rögnvaldz dauða  
 þá er rand-viðir brendu  
 “ (þurru hús fyrir harra)  
 harða austau fjarðar :  
 “ Vara tál at skaut Skúli  
 skjal-þrungrum Follungum<sup>5</sup>  
 “ (eldr lék hús fyrir höldum)  
 hingat skelk í bringu.”

71. Síðan sigldu þeir konungr ok jarl út til Jarlseyjar, ok bjoggusk þaðan norðr til Björgynjar. Loðinn Pálsson var eptir á bergen. En Guttormr Gunnason á Grenlandi, ok sýslumenn austr við Elfina. Arnbjörn Jónsson ok Loðinn Gunnason fóru norðr með konungi. Þeir lágu nokkurar nætr í Hornboru-sundi, ok tóku þaðan út eitt kveld ok vóru mjök drukknir. Um nóttina görði mjök hvast ok regn í móti þeim. Þeir sigldu inn til hafna ok vissu þá eigi hvar þeir fóru. Um morgininn í dagan siglðu þeir inn um Tregðasund. Þeir kómu við sker ok brutu stýri sítt. Síðan 308. greiddisk þeim vel norðr til Björgynjar.<sup>6</sup> Síðan kómu þeir til bæjarins. Þá vóru þær norðan komnar, jungfrú Margrét, ok frú Ragnhildr móðir hennar, ok Sigríð

<sup>1</sup> *Follungar*] H.; bændr, Sk.

<sup>2</sup> á *Follu*] add. H.

<sup>3</sup> *hluta*] þora, H.

<sup>4</sup> *Ok kómu . . Folldina*] add. H.

<sup>5</sup> *Follungum*] *Foldungum*, Cd.

<sup>6</sup> *Björgynjar*] thus H.; Pröndheims, Sk. Fl.

A.D. 1221. jarls-systir er síðan var abbadís á Reini. Þær fóru því<sup>1</sup> norðan, at þá fékk Loðim Gunnason Ingibjargar Erlingsdóttur<sup>2</sup> systur jarls. Var þá gört brúðlaup í konungs-garði.

72. Í þenna tíma kómu norðan af Hálogalandi sveitungar Végarðs veradals, ok sögðu konungi þau tíðindi, at Andrés skjaldar-band frændi konungs hafði látið drepa Végarð inn mesta höfuðvin konungs ok mág. Konungr spurði hvat til saka var. Þeir segja, at hann gaf hónum öngar sakir, ok at þeir [sátu] norðr í Hini, Andrés þar sem Höfn heitir, en Végarðr lithu ofarr í bygðinni. Végarðr kóm þá<sup>3</sup> til Hafnar ok bað Andréxi til borðs, en Andrés játaði. Þá sendi Végarðr heim suma sveina sína at setja borðit. Andrés bað Végarð ganga til háss þess er Finn-skattr var í, ok bað hann at hyggja at eigi spiltisk. Végarðr gékk at húsinu. Þar var fjöl ein sigin ofan yfir durunum. Végarðr<sup>4</sup> tók ofan stálhúfsuna ok sá inn. Þá hljópu fram tveir sveinar Andréss, Bótólfr limr ok annarr Özurr gnit,<sup>5</sup> ok særðu hann bana-sárum. Þetta lík-aði konungi stór-illa;<sup>6</sup> ok þóttisk í þessu verki hafa tvá meini látið þá er hónum vóru hollastir; en vita þóttisk hann af hverjum rótum þetta hafði risit. Konungr gékk þá til [jarls] ok sagði þessi tíðendi; ok fannsk hónum svá í orðum jarls, at hónum þótti eigi<sup>309.</sup> verr þó þessa væri hefnt á Andréxi.

73. Konungr kallar nú til sín vini síma, ok spurði ráðs um þetta mál. Hann fékk þat ráð af þeim, at Andrés missti sæmð síma af konunginum; en eigi léti hann lífit, þótt þess væri vert; þvíat þeir fundu, at þess völd gengu til eigi minnr, er báða vildi þá

<sup>1</sup> [því] II, Fl.; síðan, Sk.

<sup>2</sup> Erlings dóttur] add. II.

<sup>3</sup> [þá] eim dag, II, Fl.

<sup>4</sup> yfir durunum Végarðr] add. II.;  
hann tók, Sk. Fl.

<sup>5</sup> Ozurr gnit] add. Esp.; the name  
is left out in Sk, Fr. Fl. and H.

<sup>6</sup> stór-illa] stórum illa, II.

dauða.<sup>1</sup> Litlu [seimna] kom Andrés til bæjarins ok A.D. 1221 hafði tvítug-sessu vel skipaða nýja. Andrés iðraðisk þessa verks, ok þóttisk sjá hverjar snörur fyrir hann vórн lagðar. Konungr tók af hónum sýsluna, en gaf hónum sætt. Konungr [fókk] Ívari útvík sýsluna; en jarl fékk Andrési sýslu um vetrinn af sínni hendi.

74. Þá er á leið haustið, gengu þeir [til] konungs, Arnbjörn Jónsson, Hallvarðr bratti, Loðinn Gunnason, ok aðrir Víkverjar, ok sögðu,<sup>2</sup> at þeir höfðu spurt at Ribbungar styrktusk mjök í Víkinni. Sem konungr ok jarl heyrðu þetta, þá bjoggu þeir ferð síma skyn-diliga. Tók konungr tvítug-sessu er Ívarr nef hafði göra látið; en jarl tók biskups skip. Þeir fóru þar til er þeir kómu austr fyrir Agðir. Þá spurðu þeir at nökkurar sveitir af Ribbungum vóru austan komnar þar í nánd. Þá tóku þeir menn af skipum sínum ok létu fara at þeim á létti-skipum. Þar félle nök-kurir menn af Ribbungum, en aðrir flýðu undan. Bú [mikit] var tekit fyrir þeim; ok létu þeir í<sup>3</sup> byrðing eim, ok vildu svá sigla með<sup>4</sup> út til skipa. Þeir fengu veðr hvassst ok sigldu í boða, ok lézt þar byrðingrim ok margir góðir menn. Slístandi hétt forn Birkibeinn er þar lézt, Hjaltlendzkr maðr. En þeir er af kómusk, hulpuz<sup>5</sup> með því, at þeir lögðusk á nauta-búkana dauða. Fluttnusk svá til lands. Hákon 310. konungr ok Skúli jarl siglðu þann dag á Grenmar ok inn fyrir Nesjar, ok fengu all-mikinn storm; var veðrit læði stórt ok þvert; var ansit bæði apríl fram, ok var búit við váða sjálfsum. Konungs-skipit ok jarls-[skipit] ok Arnbjarnar skip, þau ein<sup>6</sup> drógu fram; en öll önnur skipin viku inn af leið til hafnar. Þeir lögðu at við Áreyjar, ok spurðu at Sigurðr Ribbungr ok Beni vóru á Rauðaríki með miklu liði, en sumar svei-

<sup>1</sup> *dauða*] feiga, H.

<sup>2</sup> *sögðu*] sagði, Cd.

<sup>3</sup> *þeir i]* H.; þar, Sk.

<sup>4</sup> *sigla með]* add. H.

<sup>5</sup> *hulpuz]* H.; hjálpuðuz, Sk.

<sup>6</sup> *ein]* add. H.

A.D. 1221. týr Ribbunga vóru suðr í Víkinni. En er lið kom til konungs, görðu þeir þat ráð, at jarl skyldi fara suðr í Víkina ok leita Ribbunga, en konungr var eptir í Túnbergi með sínu liði. Gunnarr Ásuson hét maðr; hann hafði verit forn Beglingr ok mikill óvin Birkibeina; hann görðisk handgenginn Hákoní konungi, þá er Baglar gáfusk upp. En því at hann fékk öngva sæmð af konungi sem hann vildi, þá hljóp hann til Ribbunga, ok tók þegar lén af þeim; ok fékk hann mikla sveit; ok görði [eingi] maðr einn<sup>1</sup> verr enn hann. Jarl sigldi austr ok spurði at Gunnarr var í Vettar-héraði. Hann fékk njós af hvar hann var, ok tvær sveitir aðrar af Ribbungum. Ok þá er myrkast var nætr, kómú þeir<sup>311</sup>. at Gunnari þar sem heitir Apaldrs-setr. Birkibeinar kringðu bænn ok húsin, ok kómusk fáir menn út, [ok] vóru þegar drepnir. En Gunnarr ok þeir sem með hónum vóru bjoggusk [við] sem bezt; hann hafði mikla sveit. Ámundi ákafr hét merkis-maðr jarls; hann var lostinn örú í óstinn<sup>2</sup> ok fékk þegar bana. Þar varð hörð svipan, þvíat Ribbungar vörðusk drengiliga. Þar [fell] Gunnarr Ásuson ok níu [tígar] manna með hónum. Svá kvað Snorri Sturluson í Háttali.<sup>3</sup>

“ Stála kenndi stökkvi-lundum  
styrjar-valdi rauðu falda ;  
“ (rekkar stýrðu rétt til jardar  
roðnu barði) austan fjarðar :  
“ Oddum renndi eljun-strandir  
ýta ferðar hríunga-skerðir ;  
“ hilmir stærði hvössu sverði  
heila-grundar megin-undir.”

Enn kvað hann :—

“ Vafði lítt er virðum mætti  
veg-rækjandi fram at sækja :

<sup>1</sup> eingi maðr einn] eingi einn-  
hverr, Fr.; eigi einn maðr, Fl.

<sup>2</sup> óstinn] H.; hóstit, Sk.

<sup>3</sup> Háttatali] er hann orti um  
Skúla jarl, add. H.

A.D. 1221.

“ skerðir gékk í skúrum Hlakkar  
 Sköglar serks fyrir roðnum merkjum :  
 “ Ruddisk land, enn ræsir Þrænda  
 Ribbungum skóp bana þungan ;  
 “ Gunnarr skaut und gera fótar  
 grimm-setta il hijarna-kletti.”

75. Eptir þetta snöri jarl norðr aptr til Túnsbergs, ok hitti þar konunginn. Var þá þat rúð gjort at jarl<sup>1</sup> 312. var eptir í Víkinni; en konungr fór norðr aptr til Björgynjar, ok kom þar fyrir Jól ok sat þar um vetrinn. Þessi var inn fimti vetr ríkis Hákonar 1221-22. konungs. Vónu bráðara er þeir höfðu skilizt, konungr ok jarl, þá spurði jarl at Guðólfr blakkr var í Osloar-héraði með mikla sveit manna. Hann var í bænum um daga, en um nætr í héraði á ýmsum bæjum. Jarl tók skútur nökkurar ok siglði inn til Höfuðeyjar. Hann spurði þá at Guðólfr var at Fossi at munka-búi skamt frá bænum. Kom jarl í dagan at Guðólf, ok kringðu bænn, ok skipaði til atgöngu. Þar félru sjau tigir manna af Ribbungum, en Guðólfr, komsk undan. Optliga görði<sup>2</sup> jarl til Ribbunga um vetrinn 1221-22. ok drap menn af þeim. Svá kvað Snorri Sturluson :

“ Eyddi úthlaups-mönnum  
 ítr hertogi spjótum ;<sup>3</sup>  
 “ sungu stál um stillis  
 (stóð ylgr í val) dölgum :<sup>4</sup>  
 “ Hal margan lét höfði  
 hodd-grimmr jöfurr skemra ;  
 “ svá kann<sup>5</sup> rán at refsa  
 reiðr oddviti þjóðum.”

Haðar ok Heimir höfðu haft sammað móti Ribbungum síðan þeir hófusk, ok varit svá drengiliga hvárt-tveggja fylkit, at Ribbungar þrifusk þar ekki. Þeir Gunnbjörn

<sup>1</sup> *jarl*] Here is a blank in H.  
<sup>2</sup> *görði*] gordiz, Cd.

<sup>3</sup> *spjótum*] sveitum, Sk.

<sup>4</sup> *dölgum*] Edda ; dylgjum, Fr., Sk., Fl.  
<sup>5</sup> *kann*] kannt, Fr.

A.D. 1221. ok Þorbjörn biskups-maðr höfðn pá sýslu á Haðalandi ok um Þótn. Sigurðr Ribbungr hafði fengit Bergþóri <sup>313.</sup> lokk ok<sup>1</sup> Eysteini ring sýslu á [Haða]landi af sínni hendi. Ribbungar drógu skip ór Dramni ok upp í Týri ok svá upp í Rönd. En er þat spurðu sýslumenn Birkibeina, fóru þeir í móti þeim ok baendr; ok mættusk þeir við strönd þá er Leina heitir, ok ortusk þeir þegar til. Gékk Ribbungum betr í fyrstu; en síðan snöri mannfallinu á hendr þeim; ok fíllu vel tvau hundruð af Ribbungum; en Sigurðr flýði, ok tóku Birkibeinar öll skip þeirra. Eptir þetta slag dreifðusk baendr mjök ok höfðu öngvar gæzlur á bygðum sínum. Ok er Sigurðr spurði þetta, fór hann upp á Haðaland ok kom á óvart at Jóni kút á bæ þeim er Hlunnar heitir, ok drápu hann þar. Eptir þat sættusk þeir baendr við Sigurð ok guldu stór gjöld. Sigurðr létt þá búa<sup>2</sup> fyrir sér í eynni Fróðung í Týri, ok tók gísla af bóndum, ok skipaði sýslu um Haðaland. Þilir gengu þá mjök til handa Sigurði ok svá Verdælir. Þá er Heinir spurðu þetta slag sem Haðar höfðu fengit, þá gættu þeir því betr sína bygða, svá at Ribbungar kómu þar ekki fram; heldr riðu baendr eptir Ribbungum upp á Raumaríki ok gáfu þeim mörg slög. Hér eptir urðu margir þeir hlutir milli Birkibeina ok Ribbunga at ymsir urðu brögðum segnir. Um várí eptir Kyndil-messu spurði jarl at Ribbungar vóru í vestra <sup>314.</sup> hlut Oslóar-sýslu með nökkunar [veitir]. Skúli jarl görði Eirek cirizo með sveitungum sínum, ok görði orð til Oslóar Haraldi stangar-sylju ok þeim sveitarhöfðingjum er þar sátu, at þeir færí at Ribbungum. Þeir Eirekr ok Haraldr fóru at leita þeirra, ok mættusk þar sem Svans heitir, ok börðusk þar. Þeir gengusk at svá fast, at merkis-menninir mættusk, ok fengu Birkibeinar tekit merkis-mann Ribbunga er Herbjörn hét; en þar fíll Ásti er verit hafði merkis-

<sup>1</sup> ok] en, Cd.

<sup>2</sup> búa] búask, Cd.

maðr Sigurðar, ok nökkur sveit manna af Ribbungum. A.D. 1222.  
Eptir þetta flýðu Ribbungar; en Birkibeinar fóru  
út til jarls, ok höfðu Herbjörn með sér; var hann  
síðan hirðmaðr Skúla jarls.

76. Um várit í Föstu bjósk Hákon konungr norðr til Þróndheims; fóru með hónum Dagfinnr bóndi, Bárðr bristeinn, Hákon kavis. Konungr hafði sjau skip. Um Páskir lá hann í Leirgula, ok siglði þaðan fjórða dag Páska fyrir Stað mikit ofviðri. Þrim nótturnum síðarr sigldi hann inn um Agðanes, svá mikinn storm, at allt tók seglit frá þeim, ok skipin snöru hér ok hvar undir nesit. Konungr fékk öngu öðru við komit en halda inn at ánni. Þá var flóð er hann kom í ár-minnit, ok mátti öngum festum við 315. koma fyrir stormi. Rak þá upp á sandinn fyrir Bakka. Fór þá allt fólkit til ór bænum, ok báru strengi á skipit, ok var nauðuliga upp dregit.

77. Guttormr erkibiskup var þá í bænum. Hann fagnaði konungi í öllum hlutum sem sæmiligast. Þeir höfðu opt tal í milli sín. Konungr spurði erkibiskup eitt sinni, hví hann snöri svá mikilli óvináttu til hans meðan hann var í bernsku sínni. Erkibiskup segir, at annarra manna völd gengu eigi miðr til þess en sjálfs hans íllvili. Kom þá allt upp it sanna fyrir konungi. Hét erkibiskup þá því, at hann skyldi kona annat sumar til Björgynjar; ok göra þá sæmð hans því öllu meiri sem hónum þótti áðr á fátt. Hákon konungr skipaði Gregorium<sup>1</sup> Jónsson at gæta allra Þrænda-laga fyrir sakir mikils ófriðar er þá var á Upplöndum. Konungr bjósk norðan er á leið várit, ok siglði til Björgynjar; ok sat þar um sumarit.

78. Skúli jarl sat í Túnbergi, en Arnbjörn Jónsson var austan-fjarðar ok varði þar landit. Ribbungar vóru á landi uppi ok höfðu mikinn styrk. Þeir höfðu

<sup>1</sup> *Gregorium*] thus Fl. and syni, Sk., Fr., see Mnch. iii. 640, Peder Clansen; Gunnbirni Jons- | footnote.

A.D. 1222. komit mörgum skipum upp í vatn Eyja. Sýslumenn Birkibeina lágu þá í Mjörs, ok höfðu mikit lið; var fyrir þeim Haraldr stangar-fylja ok Ólafr mókr, Frið-rekr slafsi, Þorgeirr biskups-maðr. Ribbungar kómu upp í Mjörs skipum sínum, ok leituðu Birkibeina um vatnit. Sigurðr, konungr þeirra, var fyrir þeim ok margir sveitar-höfðingjar með hónum. Þeir fundu Birkibeina þar sem heita Íkorna-hólmar,<sup>1</sup> ok varð þar bardagi. Höfðu Ribbungar meira lið ok voru mjök ákafir; en Birkibeinar tóku við drengiliga. Ok lauk svá at Birkibeinar fengu sigr en Ribbungar flýðu. Þar féll framarla á öðru hundraði af Ribbungum; ok þessir sveitar-höfðingjar: Styrr prestr, Örnólfur af Folvelli, Auðunn austan-sjór, Þorbjörn rígr. Af Birkibunum féll fátt. Sigurðr flýði upp á Pótn, ok stefndi baðan til fjalls. Þetta sumar spurði Arnbjörn Jónsson, at Beni skinnknífr var upp á Raumaráki með sveit mikla, ok görði þar miklar óspektir. Arnbjörn sendi menn til hans, Helga fleskhun,<sup>2</sup> ok þá er honum þóttu fræknastir. Þeir fundu hann upp við vatnit Eyja. Hljóp Beni á skip. Þeir fengu haldit skipinu,<sup>3</sup> ok drápu flesta alla menn. Beni hljóp á kaf ok leyndisk hér ok hvar undir skipum. Lengi var áðr enn þeir gátu fundit hann; en þó varð haum fundinn. Ok létz Beni þar við litinn orðs-tír.

79. Hákon konungr sat í Björgyn um summarit ok hafði alla lenda menn norðan ór landi ór Gula-þingslögum. Ok er hanu spurði ófrið af Upplöndum, þá bjó hann ferð sína austr í Vík. En um Mártú-messu-skeið kómu menn norðan ór Próndheimi frá Gregorius Jónssyni, ok segja at Ribbungar voru kominir norðr yfir fjall ok aetluðu í Próndheim. Bárðu þessir menn konung skunda norðr. Konungr létt

<sup>1</sup> *Íkorna-hólmar*] thus Fl.; Kor-naholmar, Cd.; now called Ekorn-holmen.

<sup>2</sup> *fleskhun*] Fl., Tr.; Flenzon, Sk.  
<sup>3</sup> *skipinu*] skipum, Cd.

þegar til hirðstefnu blása, ok segir þessi tíðindi; ok A.D. 1222.  
lýsti því, at hann mundi norðr snúa; en [allir] létusk  
hónum fylgja vilja. Konungr sendi menn ok bréf  
eptir Gregorius Jónssyni<sup>1</sup> ok Ívari nef; ok bjoggusk  
þeir sem ákafast eptir hónum. Þórsdaginn sigldi  
konungr norðr með hálfan fjórða tög skipa.<sup>2</sup> Ok er  
hann sigldi norðr um Sogn-sæ mætti hann þar knerri  
einum er kominn var af Íslandi. Þar var á Guðmundr  
biskup, ok sagði hann konungi mörg tíðindi af Íslandi :  
Þat vár höfðu þeir barizk í Grímsey, Sighvatr Sturluson  
ok biskups-menn; en áðr um vetrinn varð Tumi  
drepinn á Hólum af biskups-mönnum. Konungr ætlaði  
318. at sigla norðrum Áleyjar-sund. Þá kómu þar sendi-  
menn Gregorii Jónssonar á hleypí-skútu, ok sögðu at  
Ribbungar hefði komit norðr um fjall með mikinn  
her ok gört mart íllt þar er þeir kómu. Þeir fóru  
norðr allt í Sóknadal til bús þess er átti Ívarr í  
Berudal, ok görðu þar marga ferliga hluti. En er  
bændr í Gaulardal spurðu þetta, skáru þeir upp  
herör, ok hver-vitna var samnaðr fyrir þeim. Sem  
Ribbungar spurðu þetta, þá hurfu þeir austr um fjall,  
ok sögðu sendimenn konungi, at eigi væri minni ván  
at þeir kæmi ofan í Raumsdal, eðr á Mæri. Konungr  
sigldi norðr til Leirgula, þvíat hann vissi eigi nema  
Ribbungar kæmi ofan á Mæri. Beið hann þar til þess  
er hann spurði sannliga at Ribbungar hefði snúit í  
Eystri-dali.

80. Hákon konungr snöri suðr aptr. Hann kom  
eptir Mikkaels-messu til Björgynjar. Gaf konungr þá  
lendum [mönnum] heimleyfi; en hann efnaði þar til  
vetr-setu. Konungr hafði látið út bjóða leiðangri um  
sumarit áðr í hvárum-tveggja Egða-fylkis-helmingi;  
en Skúli jarl hafði látið taka drjúgum allan leiðan-  
grinn. Fékk konungr ór nörðra helmingi nökkut,

<sup>1</sup> *Gregorius Jónssyni*] thus Cd.; | <sup>2</sup> *hálfan . . . . skipa*] halfsan  
see Munch. III., 648, footnote. | xxxv. skipa, Cd.

A.D. 1222. en ekki ór inum syðra. Konungr kallaði til sín ráðgjafa sína, ok segir þetta. Ok virðisk svá öllum sem jarl vildi þá göra sinn þriðjung mikinn<sup>1</sup> af Noregi, er hann vildi hafa alla Víkina ok öll Upplönd ok allt norðr til Rygja-fylkis; en Eirekr jarl, bróðir Sverris konungs, ok Filipus Bagla konungr, hlutu þann þriðjung, at hafa millum Svína-sunds ok Rygja-bitz; ok svá <sup>319.</sup> höfðu inir fyrri höfðingjar skipt milli sín. Hákon konungr görði þá orð til jarls með bréfum; ok sagði svá, at honum mislíkaði þetta landa-skipti lengr; ok jarl mundi eigi við Ribbunga eina eiga ófrið ef hann héldi þessu fram lengr.

81. Sumar þetta fóru þeir herferð til Bjarmalands, Andrés skjaldar-band ok Ívarr útvík. Þeir höfðu fjogur skip. En sú sök var til ferðar þeirrar, at [þeir] höfðu farit kaupferð til Bjarmalands nökkurum vetrum áðr, Andrés af Sjaumelingum,<sup>2</sup> ok Sveinn Sigurðarson, Ögmundr af Spánheimi,<sup>3</sup> ok margir aðrir. Þeir höfðu tvau skip. Ok fóru aptr um haustið, Andrés ok Sveinn; en þeir sátu eptir með annat skipit, Helgi Bograns son ok skipverjar hans. Ögmundr af Spánheimi var ok eptir; ok fór um haustið aptr í Suðrdalaríki <sup>4</sup> með sveinum sínum ok varnaði. En Háleygar vóru missáttir víð Bjarma-komimg. En um vetrinn fara Bjarmar at þeim ok drápu alla skips-höfnina. En er Ögmundr spurði þat, fór hann austr í Hólmgarða, ok þaðan it eystra út til hafs; ok létti eigi fyrr enn hann kom til Jórsala. Fór hann þaðan aptr til Noregs, ok varð hans ferð all-fræg. Þeir Andrés ok Ívarr fóru til Bjarmalands, ok görðu þar it mesta hervirki í manndrápum ok ránum, ok fengu stór-fé <sup>320</sup> í grávöru ok brenndu silfri. Ok er þeir fóru norðan,

<sup>1</sup> [þá . . . mikinn] Fl.; [þat göra sem þriðjung mikít], Cd.

<sup>2</sup> [Sjaumelingum] Fr.; Saum., Cd. and Fl.; see Muneh. 87.

<sup>3</sup> [Spánheimi] Spanaheimi, Cd.

<sup>4</sup> i.e. Susdal' in Russia.

siglðu þeir í röst norðr fyrir Straumnes-kinnum;<sup>1</sup> ok A.D. 1222.  
 bar ór þrjú skipin; en á því skipi er Ívarr var á,  
 bar sjóinn í seglit, ok hallaði svá skipinu, at inn fíll  
 sjórinn, ok<sup>2</sup> því næst vellti. Jógrímr hét maðr er  
 Ívari kom á kjöl, ok inn þriði maðr komst á kjölinn.  
 Þeir skutu til báti af skipi Þorbergs; ok gékk ór  
 stafninn ór bátnum, ok kom Jógrímr þeim í bátinu.  
 Ok þá létz Jógrímr eigi sjá Þorstein, félagsmann sinn;  
 ok hljóp þá enn á sund í röstina. Ok þar létz hann,<sup>3</sup>  
 ok þeir allir er á voru skipinu, nema þeir Ívarr tveir  
 einir. Þar týndisk stór fé. Andrés fór um haustið til  
 Hálogalands. Ok hefir ekki verit síðan [farit] af  
 Noregi til Bjarmalands.

82. Nú er at segja frá Skúla jarli; at hann sat í  
 Víkinni, ok hafði þar mikit lið ok kostnað mikinn.  
 Arnbjörn var austan-fjarðar, ok varði þar landit, svá  
 at Ribbungar héldusk eigi við. Sýslumenn voru þá  
 enn uppi í Mjörs með mikinn styrk; en Ribbungar  
 fóru þá mjök sundrlaust, ok kómu fram hér ok hvar.  
 Þeir fóru út á Hadaland; ok settisk Sigurðr í eyna  
 321. Fróðung í Tyri.<sup>4</sup> Þá er Skúli jarl spurði þetta, þá  
 bjó hann ferð sína inn í Drönn. Hann hafði mikit  
 skip, sex rúm [ok] tuttugu, ok mörg smá skip. [Hann]  
 hafði ætlat at draga skipin upp í Týri ok þaðan upp  
 í Rönd. En er jarl kom í Drönn, skyldi þeir leiða  
 upp skipit<sup>5</sup> inn ytra strauminn. Þá kómu Ribbungar,  
 ok skutu á þá um hríð. Varð þá laust skipit. Svá  
 lauk þar, at Ribbungar flýdu allt austr á Markir; en  
 jarl fór til Túnsergs, ok lítlu síðarr austr í Vík at  
 leita Ribbunga. Þeir Tobbu-synir höfðu Elfar-sýslu af  
 hendi Ribbunga. Jarl görði til þeirra Símon kú ok  
 Pórð drafla ok Þorfinn illa; ok fundu þeir Tobbu-sonu

<sup>1</sup> Straumnes-kinnum] Straumnes  
 kiñu, Cd.

<sup>2</sup> ok] at, Cd.

<sup>3</sup> hann] við mikinn hraustleik,  
 add. F.

<sup>4</sup> Týri] emend.; Rönd. Cd., Fl.,  
 Fr.

<sup>5</sup> skipit] skipin, Cd.

A.D. 1222. við Hléssey, ok drápu þá þar. Mikinn afla höfðu Ribbungar austan-fjarðar, svá at þat var eigi minna en fjórtán hundruð manna er Sigurði var handgengit. Þessir voru í [Borgar]-sýslu af Ribbungum: Herjólfr dyntill, Eirekr dregill. Þeir áttusk mörg skipti við ok Arnbjörn Jónsson, ok veitti Ribbungum jafnan þyngra. Jarl dvalðisk þrjár vikur<sup>1</sup> í Víkinni; ok áttusk þeir mörg slög við, Birkibeinar ok Ribbungar, sem eigi er hér ritað.

83. Skúli jarl sat lengstum í Túnbergi. Líthu síðarr spurði [hann] til Ribbunga; ok sendi þá enn menn til þeirra; ok segir, at þar sem húðfats-félagar tveir væri, skyldi þeir blauta með sér hvárr fara skyldi. Þeir voru rekkju-félagar, Pórir flík ok Játgeirr skáld; ok blaut Játgeirr at fara. Þeir fundu Ribbunga þar sem Kýrfjall heitir, ok börðusk þar. Þar féllu enn <sup>322.</sup> nökkurir Ribbungar, en sumir flýðu; en Birkibeinar fóru aptr til jarls. Pórir spurði Játgeirr, féлага sínn, hversu tekisk hefði. Hann kvað vísu:

“ Ejjóðr sá ek hlækinn héðna  
hjaldr-drifs á Kúrfjalli  
“ stírð-aurriða storðar  
stór-fjarri mér Póri :  
“ Þat frá ek líkn þá er lékum  
lung-torgs við Ribbunga  
“ dasinn lá at<sup>2</sup> við dísi  
dverg-rannz í Túnbergi.”

Jarl lagði mikla stund á at eyða flokki Ribbunga; ok sendi æ menn at þeim, hvar [sem] hann frétti til þeirra. Um haustið sendi jarl orð Nichniasi biskupi, at hann legði ráð til at eyða flokki Ribbunga; en biskup fékk til konu þá er Ása blokk hét, frilla Guðólfs, at eggja Ribbunga til at sættask við jarl.

84. Um sumarit fékk Sigurðr Ribbungr menn til at

<sup>1</sup> *vikur*] nætr, Fl., Fr. (badly).

<sup>2</sup> *lá at*] thus, Fl., Esp.; read “ látt,” or “ láttu ;” lá, Fr.

leita við jarl hverra sætta hann mundi vilja unna A.D. 1222.  
 hónum, ef hann gæfi upp alla móttöðu við hann ok  
 Birkibeina. Sem þetta var flutt fyrir jarli, tók hann  
 ekki ólíkliga á sættinni, ok lét forvitnask hvers hann  
 beiddisk; ok hófusc þá upp bréf-sendingar ok meðal-  
 ferðir. Lýsti þá Sigurðr sínum áhuga, beiddisk þrið-  
 jungs af Noregi, ok at jarl skyldi gipta hónum dóttur  
 323. sína. En er jarl heyrði þetta, svarar hann svá:  
 " Hákon konungr á vald á því hvat hann vill miðla  
 " Sigurði af landi; en ekki væntir mik, at ek gipta  
 " dóttur mína út í skóga eðr markir; ok ekki mun  
 " ek miðla mínn þriðjung af landi. En hinu vil ek  
 " heita Sigurði, ef hann ferr á mítt vald, at hann  
 " skal hafa grið ok allir hans menn. Ek skal ok því  
 " valda, at hann skal finna Hákon konung í griðum;  
 " má hann þá<sup>1</sup> flytja sitt mál, með þeirra manna full-  
 " tingi sem hans mál vilja flytja, um landa-skipti eðr  
 " aðrar sæmðir; en eigi skal ek þá móti hónum;  
 " heldr hitt, at konungrinn sæmi hann. Nú skal hann  
 " um kjósa, hvárt hann vill þenna kost eðr halda  
 " stríð við oss Birkibeina." En er þessi kostr kom  
 til Ribbunga, þá görðu þeir ráð sín, ok þóttu þessir  
 kostir harðari [er] jarl hafði gört þeim, en þeir hugðu.  
 En með því at þá var þróngt þeirra kosti, [svá] at þeir  
 áttu hvergi vist né veru í Víkinni né Upplöndum;  
 þótti þeim ok eigi haegt norðr í land at sækja þar  
 [sem] konungrinn var fyrir: Tóku þeir því þat ráð,  
 at Sigurðr reið á vald Skúla jarls, ok gaf upp kon-  
 ungs-nafn, en flokkum í vald jarls; ok skilði sér í  
 mótt vináttu jarls ok flutning við konunginn sér til  
 sæmðar. Jarl tók vel við hónum, ok var til hans  
 sæmiliga. En sá orðrómr lék á í Víkinni, at þessi  
 væri inn fegrsti sigr, er jarl hafði unnit; þar sem  
 hann hafði orrostu-laust eytt svá miklum flokki ok  
 sterkum sem Ribbungar voru; ok komit því áleiðis,

<sup>1</sup> þá] finna jarl ok, add. Cd.

A.D. 1223. at þá var friðr orðinn um allan Noreg. Þetta vár, er Sigurðr var með Skúla jarli, fór Skúli [jarl] til Danmerkr ok hafði þrettán skip. Ok er hann kom til Kaupmanna-hafnar, þá hafði greifi Heinrekr fangit<sup>324</sup>. Valdimar konung. Fór jarl þá aptr í Noreg er hann spurði þessi tíðindi.

85. Hákon konungr sat í Björgyn þá er þessi tíðindi urðu.<sup>1222-23.</sup> Þessi var inn sétti vetr konungdóms hans. Um várit fóru menn í millum þeirra jarls; ok var mælt, at höfðingja-fundr mundi verða um sumarit eptir í Björgyn, ok skyldi þar til koma allir inir beztu menn er í væri landinu.<sup>1</sup> En þó var mikil ákall á ríki konungs ok föðurleifð af þeirra manna hendi, er sik vildu fram draga til ríkisins. En með því at konungr var ungr, ok aðrir höfðu áðr lengi setið í hans föðurleifð, þá var þat mikill fjöldi manna er mjök vóru tvídraegir hvárum þjóna vildi. Vóru þeir sumir er giarna vildu fyrir-koma ætt ok afsprengi Sverris konungs, fyrir fornán fjándskap er þeir höfðu haft til hans; ok var því mjök tvídraegt um allt landit, ok mest af stórmenni. Flestr allr mógr var vel viljaðr Hákoní konungi, bædi norðr í land ok suðr.

29th July. 86. Þessi stefna hófsk Óláfs-vöku. Var konungr fyrir í Björgyn, ok Hávarðr biskup, Heinrekr biskup af Stafangri, Sörkvir biskup af Færeysjum. Ok þessir lærðir<sup>2</sup> menn: Nikulás erkjákn, Sigurðr álbóti. Ok þessir lendir menn: Páll fliða, Pétr son hans, Brynjólfur Knútsson, Jón Stál, Gautr af Meli, Ívarr nef. Þar<sup>325.</sup> var ok kominn Jón jarl af Orkneyjum, Bjarni biskup; Gregorius kíkr af Hjaltlandi. Þar vóru lögmenn ór Gula-þings-lögum: Dagfinnr bóndi, Ámundi reniba. Nefndir vóru ór hverju fylki enir vildustu bændr ok

<sup>1</sup> *landinu]* Gsk. here adds, "ok  
"skyldi þar koma þeir er nökkut  
"tilkall þóttusk eiga til Noregs."

<sup>2</sup> *lærðir]* Fr.; lendir, Fl., Sk.

enir beztu. Ábótar kómu þar allir ok sýslumenn. En A.D. 1223. ór Þraenda-lögum kómu þessir: Guttormr erkibiskup, Sveinn prior af Elgi-setri, Ásgautr ábóti af Hólmi, Sigurðr ábóti af Tautru; Meistari Bjarni, Pétr af Húsastöðum, Eysteinn ræðismaðr. Þessir lendir menn: Gregoríus Jónsson, Páll vaga-skalm, Ásólfur af Austrætt. Þessir voru lögmenn: Gunnar grjónbakr, Bjarni, Marðarson, Þorsteinn Ásmundarson. Ór Víkinni austan kom: Skúli jarl, Arnbjörn Jónsson, Loðinn Gunnason, Loðinn Pálsson.<sup>1</sup> Símon kýr, Eysteinn lögmaðr, Þórðr skollri. Af Upplöndum voru þessir lögmenn: Saxi<sup>2</sup> af Haugi, Þórðr Guðmundarsson. Ok sýslumenn: Hallvarðr bratti, Gunnbjörn Jóns-bróðir, Kolbjörn rauði, Haraldr véseti. Þessir flestir höfdu þat tjáð ok ráðit Skúla jarli, at hann væri rétt kominn til Noregs eptir Inga konung. Þar kom Nikulás biskup af Osló, Askatín ábóti af Höfuðey, Ormr ábóti ór Túnbergi. Þessir prófastar: Ívarr geslíngr af Osló, Jófreyr af Túnbergi, Ámundi af Grenlandi, Óláfr af Konungahellu, Þorgeirr erkidjákn. Af Upplöndum: meistari Þorleifr, Bárðr prófastr. Ok þessir sýslumenn: Óláfr mókr, Haraldr stangar-fylja, Áslákr, Þorgeirr biskupsmaðr, Hávarðr í Sandbúi,<sup>3</sup> Friðrekr slafsi, Einriði bækill, Eilifr keikr.

Svá hafa vitrir menn mælt, þeir er þá voru í Björ-gyn, at eigi hafi á þeirra dögum betra mannvæl komit saman í Noregs-konungs-ríki. Höfðingjar finmask iðu-liga, en stundum áttu þeir stefnur sín í milli, hvern við sína ráðgjafa. Þessir voru ráðgjafar konungsins með lendum mönnum hans: Marteinn í Kinnzavík, Sigurðr af Ónarheimi, Áskell Jónsson<sup>4</sup> kapalín hans er síðan varð biskup í Stafangri, bróðir þeirra Arn-bjarnar ok Gantz á Meli, ok Ívarr boddi. Þessir báru

<sup>1</sup> Pálsson] Petrssou, Cd.

<sup>2</sup> Here begins the second leaf of H\*.

<sup>3</sup> Sandbúi] Sundbú, Cd., H\*.

(Munch, 137).

<sup>4</sup> Jónsson] add H\*.

A.D. 1223. boð<sup>1</sup> af konungs-hendi til erkibiskups, at þeir skyldi finnask í tré-höllinni, ok allir aðrir höfðingjar, lendir menn ok lögmann. Þessi stefna skyldi vera Sunnu-  
20th Aug. daginn eptir Márin-messu ina fyrri.

Sem þeir kómu í höllina, ok höfðu setið um hríð, þá hóf Hákon konungr fyrst ræðu með þessum hætti:

“ Herra erkibiskup! yðr er kunnigt ok svá öðrum bis-  
“ kupum ok flestum góðum mönnum þeim er hér eru  
“ komnir: þeir eru sumir hér er þraeta vilja til  
“ Noregs-ríkis; en ek hugða at þat væri mínu föður-  
“ arfr, ok ek væra sanir óðals-maðr at fornu ok nýju  
“ til Noregs. En með því at þessi stefna er hingat  
“ lögð af öllum inum vitrustum mönnum er í eru land-  
“ inu, þá berr yðr vel, herra erkibiskup, at hafa  
“ nökkura órferð<sup>2</sup> á málinu, þá er bæði væri til  
“ skunda ok þó með sannindum til skynsemðar; því  
“ at þér erut skipaðr bæði af Guðs álfu ok manna<sup>327</sup>.  
“ höfðingi. Jafnaðar-menn<sup>3</sup> eigu þér at vera allra  
“ manna í milli; ok óttask öngan at því, at segja sem  
“ þér vitið satt er, hvárt sem er ljúft eðr leitt. Þér  
“ vitið ok mjök allra manna tilkall þeirra sem til  
“ ríkis þessa kalla.”

87. Erkibiskup svarar á þessa lund:—“ Þat er víst  
“ satt, herra, at vér erum skyldir millum allra manna  
“ rétt at göra, ef vér kynnim; ok [svá] vili Guð at  
“ sé. Vér höfum heyrt margra manna tilmæli, er sik  
“ telja til Noregs, ok eru oss kunnig flestra þeirra  
“ málezni; ok þó vilju vér enn gjarna til hlýða, ok  
“ þat til leggja sem Guð kennir oss, með góðra  
“ manna ráði, er hér eru við staddir. Þess biðjum  
“ vér ok bjóðum af Guðs hálfu, at allir menn segi  
“ þat sem þeir vitu sannast fyrir Guði hér um. Þér

<sup>1</sup> i *Stafangri . . . . boð]* H\*; þessir báru boð ok Ívarr boddi af konungs hendi, Sk.

<sup>2</sup> órferð]

<sup>3</sup> *Jafnaðar-menn]* hofðingiar ok jafnaðar menn, Cd.; better would be: “jafnaðar-maðr” eigu þér at vera, but all the MSS. have here the plural.

<sup>7</sup> orfð, Cd.; orðfaerð, Fl., perhaps better; orskarð, H\*.

“ sitið nú, Hákon konungr, í ríkinu, ok segit svá, A.D. 1223.  
 “ ok allir yðrir vinir, at þér erut erfingi til Noregs  
 “ eptir fóður yðvarn; ok allt yðart forellri hefir áðr  
 “ þessu ríki ráðit, maðr eptir mann, svá at aldri hefir  
 “ kven-kné í milli komit; ok væntir mik, at flestir  
 “ menn fylgi því,<sup>1</sup> at þat sé satt er þér segit. Skúli  
 “ jarl er austan kominn<sup>2</sup> ok margir góðir drengir með  
 “ hónum, ok kallask hann erfingi Inga konungs.<sup>3</sup>  
 “ Marga höfum vér heyrt hans vini sanna þat með  
 “ hónum. Hér er ok Guttormr, sonr Inga konungs,  
 “ ok kallað til Noregs eptir fóður sínn. Hér er ok  
 “ Sigurðr Ribbungr með jarli, son Erlings steinveggs, er  
 328. “ Víkverjar héldu konung sínn;<sup>4</sup> ok kallask til kominn  
 “ Noregs eptir Magnús konung [Erlingsson] er hann  
 “ kallað fóður-fóður sínn. Menn eru hér komnir  
 “ austan ór Gautlandi frá jungherra Knúti, syni  
 “ Hákonar jarls; ok flytja svá af hans [hendi], sem  
 “ menn vitu at satt er, at hann kallask skilgetinn  
 “ arfi jarls<sup>5</sup> ok svá Inga konungs, eptir einka-málum  
 “ þeim er gör voru milli þeirra<sup>6</sup> á Eyra-Þingi. Eru  
 “ hér nú bréf þau ok innsigli þeirra braeðra, ok Þóris  
 “ erkibiskups ok annarra biskupa, er þat vátta, at sá  
 “ þeirra er skilgetinn erfingja ætti eptir, þá skyldi  
 “ sá taka arf eptir þá báða. Nú er þat at mæla til  
 “ allra manna þeirra, sem hér eru nú, laerðra ok leik-  
 “ manna, at þeir leggi hvern til sem hann veit sannast  
 “ fyrir Guði til þessa máls. En þó at vér vitim  
 “ hverjum [vér] viljum fylgja um þetta mál, þá viljum  
 “ [vér] þó heyra fleiri manna tillögur.”  
 88. Skúli jarl tók þá til orða:—“ Þat er víst,<sup>7</sup> herra  
 “ erkibiskup, at ek em bróðir Inga konungs [samfeðri  
 “ ok skilgetinn] ok samr hans erfingi, at lögum ins

<sup>1</sup> [því] norðr í landit, add. II\*.

<sup>2</sup> [kominn] ór Vík, add. H\*.

<sup>3</sup> [konungs] bróður síns, add. II\*.

<sup>4</sup> er Vík. . . . sinn] add. II\*.

<sup>5</sup> [jarls] jarlsins fóður síns, H\*.

<sup>6</sup> [þeirra] Inga kgs. ok H. jarls,

add. II\*.

<sup>7</sup> [víst] satt, add. II\*.

A.D. 1223. “ [helga] Oláfs konungs.” Hákon konungr svarar þessum orðum jarls:—“ Þú ert víst arfi Inga konungs til “ alls þess, er þit tókut réttliga eptir föður ykkarn, en “ eigi til Noregs ríkis; þvíat Ingi konungr [var “ settr]<sup>1</sup> til at gæta mér til handa mínnar föður-“ leifðar.”—Jarl svarar: “ Ek köllumst víst erfingi “ hans til alls þess réttar er hann hafði.”<sup>2</sup> Þá svarar konungr: “ Þat skalt þú nú vita,<sup>3</sup> hvárt hann erfði<sup>329</sup> “ Noreg eptir [Hákon konung] föður mínn, eðr var “ hann settr til at gæta með góðra manna skipan.”<sup>4</sup> Sem erkibiskup heyrði at [í] nökkurar styttingar fór í með þeim, þá bað hann þá af þess kyns orðum léttu. Eptir þat lögðu til hvárs-tveggja vinir slíkt sem hverjum líkaði.

89. Síðan stóð upp Jón stál ok mælti:—“ Þat “ hugðu vér fornir Birkibeinar þá er vér þolðum mest “ erviði með Sverri konungi, ok helldum<sup>5</sup> flestum “ sveita út, at eigi mundi þurfa þessa tals at sinni; “ þvíat allir börðusk til þess at frelsa hónum sína “ föður-leifð ok hans afkvæmi. En er þat eigi un-“ darligt sums-kostar þó at Skúli jarl fylgi<sup>6</sup> þessu “ málí; þvíat vér höfum heyrt, at þeir lögmenn eru “ hér nú inni, er tjáðu jarli,<sup>7</sup> at hann væri rétt-kominn “ til ríkis eptir Inga konung;<sup>8</sup> ok er þetta mælt til “ yðar, Ámundi remba, ok Eysteinn Róason,<sup>9</sup> þar “ sem þit sitið á pallinum.” Ámundi hljóp upp ok svarar: “ Hvar var þú þá, Jón stál, er ek mælta þetta “ fyrir þér? eðr seg mér mann þann, er mik heyrði “ þetta mæla.” Eysteinn stóð þá upp, ok dulði þessa orða fyrir sik. Arnbjörn Jónsson mælti þá: “ Vera

<sup>1</sup> settr] í ríkit, add. H\*.

<sup>2</sup> réttar er hann hafði] er hann tók réttliga, H\*.

<sup>3</sup> vita] rannsaka fyrir góðum mönnum, H\*.

<sup>4</sup> settr . . . skipan] settr í ríkit með góðra m. skipan til gæzlu, II\*.

<sup>5</sup> helldum] Cd.; helltum, Fl., Esp., Fr.

<sup>6</sup> fylgi] Fl., H\*.; fylgði, Cd.

<sup>7</sup> jarli] optliga, add. II\*.

<sup>8</sup> konung] bróður sinn, add. H\*.

<sup>9</sup> Eysteinn Róason ] Eysteins Hróasonar, Cd.

“ kann, at lögmenn várir hafi þetta mælt, ok meira A.D. 1223.  
 “ verit í þeim af mjáðar-legi-en lögum ins Helga  
 “ Óláfs konungs. Má ok vera at fylgt hafi mútu-  
 “ gjafir.”

330. 90. Hákon konungr stóð þá upp, ok mælti:—  
 “ Ekki skulu vér svá at fara um rannsakit þessa  
 “ máls.<sup>1</sup> Vér skulum fyrst taka þann lögmanni er  
 “ fyrstr á at [vera, ór] Prænda-lögum, þar sem konungs-  
 “ setr er með réttu; hann er ok ellztr lögmanni í  
 “ landinu, þvíat hann tók við lögsögn<sup>2</sup> um daga  
 “ Sverris konungs ok Eysteins erkibiskups. Eigi  
 “ hafa menn ok hér til fundit með hónum fals eðr  
 “ rangindi; ok því hafa allir þat fyrir satt, at hann  
 “ sé [inn] vitrasti [maðr] í landinu. Ok með því,  
 “ Gunnarr bóndi, at til þín er skotið, þá seg nú  
 “ öllum áheyrandis<sup>3</sup> þat er þú veizt sannast fyrir  
 “ Guði um várt mál.”

91. Gunnarr tók seint til orða:—“ Þér ánefnit  
 “ mik til þessa, herra konungr, at ek skula segja í  
 “ milli yðar höfðingja, hverr yðar Noreg á. En þat  
 “ er mikil byrðr einu kotkarls-barni, at skipta svá  
 “ miklum ríkdóm, at segja af einhverjum ok til  
 “ annars; ok kenni ek á mik, þat sem [ek] vænti at  
 “ fleirum fylgi, at skjálfandi ok hræddr mun ek þat  
 “ göra; þvíat þá er Sverrir konungr fékk mér þetta  
 “ starf, bauð haun mér at skipa málum milli kotkarla,  
 “ en eigi milli höfðingja; allra hellzt, er þeir heyra  
 “ á sjalfir, er varðar. Ek heyrða nú um hríð, at  
 “ lögmenn dulðu þess er þeim [var] kennt. Ok með  
 331. “ Því at flestir eru hræddir fyrir valdinu, þá vil ek  
 “ [eigil] þessa byrði á mik binda, at leysa um þetta  
 “ mál. En því at flestir kotkarla-synir kunnu lítlia  
 “ skynsemð til þess, at skipa svá stórum málum,  
 “ sakir kunnáttu-leysis—má ok vera, at sumir sé

<sup>1</sup> rannsakit þessa máls] Fl.; þetta | <sup>2</sup> lögsögn] lögbókinni, H\*.  
 mál, Cd. | <sup>3</sup> -andis] -ondum, H\*.

A.D. 1223. " nökkut vin-hallir—þá lánum þann fram segja, er  
 " veit hvat satt er; ok satt segir, hvárt sem á heyrir  
 " ríkr eðr óríkr, en öngvan óttask þó at einhverjum  
 " mislíki: en þat er lögbók ins Helga Óláfs konungs,  
 " er eptir hans skipan [var] gör um allan Noreg, ok  
 " allir Noregs-konungar hafa síðan haldir, þeir er  
 " réttu vilja fylgja. En ef ek skal fyrir fram segja,  
 " hvat hón skýrir mér, sem framast hefi ek skyn til;  
 " þá segi ek svá: at Hákon konungr er einn rétt-  
 " kominn til Noregs af öllum þeim mönnum er nú  
 " kalla til í dag. Ok þó at þeir sæti báðir í ríki í dag,  
 " Ingi konungr ok Hákon jarl, þá segi ek svá, at  
 " Hákon konungr<sup>1</sup> ætti at stíga til föður-leifðar sí-  
 " nar, ok krefja þá<sup>2</sup> ór ríkinu, ef hann skyldi lögum<sup>3</sup>  
 " ná. Ok því segi ek svá, at hvárki Skáli jarl eptir  
 " Inga konung bróður sínn, ok eigi jungherra Knútr  
 " eptir Hákon [jarl] föður sínn, né Guttormr eptir  
 " föður sínn Inga konung, á at kalla til Noregs  
 " meðan Hákon konungr lifir. En syni Erlings stein-  
 " veggs segi ek eingi lög, ok eigi kann ek; segi  
 " Vikverjar hónum lög; þeir hófu hann ok hans  
 " föður; munu þeir vita hvert hann skal síns föður-  
 " arfs leita. Mun ek nú hér fella mína ræðu<sup>4</sup> at  
 " sinni."

92. Þá orti konungr á Dagfinn bónda, er næst<sup>332</sup>.  
 hafði lögsögn í Gula-þings-lögum, ok bað hann segja  
 þeim [hvati] hann vissi sanuast fyrir Guði. Dagfinnr  
 hóf svá síma ræðu: "Ek kom ungr til Sverris kon-  
 " ungs; ok var ek í tveimr bardögum með hónum,  
 " þeim-öðrum<sup>5</sup> er hann barðisk í Flóruvágum við  
 " Eyjar-skeggja, ok annan<sup>6</sup> á Jónsvöllum við Bagla;  
 " ok skilði hann svá fyrir áðr hann barðisk: 'Guð

<sup>1</sup> *Hakon konungr*] II\*.; hann, Cd.

<sup>2</sup> *þá*] Fl.; hann, Cd.

<sup>3</sup> *lögum*] af, add. H\*.

<sup>4</sup> *ræðu*] tölù, H\*.

<sup>5</sup> *tveimr . . . öðrum*] thus ac-  
 cording to H\*.; nökkurum bar-

dögum, ok þeim tveimr öðrum, Sk.

<sup>6</sup> *annan*] öðrum, II\*.

“ ‘ gæti vár, ok heilög Máría ok inn helgi Óláfr konungr; A.D 1223  
 “ ‘ gefi Guð mér svá sigr í dag, sem ek hefir rétt at  
 “ ‘ mæla, ok at verja mína föður-leifð, en þeir rangt  
 “ ‘ er móti mér eru.’—Ok því [veit ek]<sup>1</sup> at hann ok  
 “ hans afspundi eru rétt komnir til konungdóms;<sup>2</sup> ok  
 “ þat segi ek lög, ok því vil ek Guði svara, at Hákon  
 “ konungr er<sup>3</sup> rétt kominn [til] Noregs, en eingi  
 “ annarr, sá er hér kallar nú til; ok þat legg ek til  
 “ þessarar lögsögn, at ek vil með hónum berjask, ok  
 “ með hónum lífít láta, ef þörf görisk.”—Petta rómundu  
 flestir vel.

93. Hákon konungr mælti þá til Ámundra rembu, lögmanns af Rygja-fylki:—“ Með því, Ámundi bónði,” segir hann, “ at svá er sagt, at þú hafir nökkt orðum “ til hallat, at ek væra rétt kominn til ríkis í Noregi, “ þá seg nú þat [er] þú veizt sannast fyrir Guði.”

333. Ámundi svarar: “ Margar fagrar [gjasir] á ek at launa “ Skúla jarli; ok svá opt hefi ek verit vel haldinn “ með hónum, at eigi sæ ek tölu á komit. En eigi “ hefi ek drukkit frá mér<sup>4</sup> vit né einord, at ek hafa “ fyrir því látið manndóminn eðr sannyndi; þvíat “ þat veit ek fyrir Guði, at Hákon konungr er rétt “ kominn erfungi [í Noregi] eptir [Hákon konung] “ föður sínn, ok borinn til alls Noregs eptir<sup>5</sup> sitt “ forellri. En þat hefi ek opt mælt, at Skúli jarl er “ réttr lögarfi eptir Inga konung bróður sínn til allra “ þeirra arfa er hann fékk réttliga. En til yðar bis- “ kupanna sumra at mæla, ok sumra lendra manna; “ gangit nú við þeim bermælum er þér hafit mælt, þá “ er vér höfum allir setið hjá jarli, ok verit vel “ haldnir, ok þegit af hónum fagrar gjasir. Þér hafit “ ok nafnbætr með miklu valdi; ok skyldu þér nú “ eigi undan smeykjask<sup>6</sup> sannindunum, þvíat þér hafit<sup>7</sup>

<sup>1</sup> *veit ek]* segir Dagfinnr, add. H\*.

<sup>2</sup> *konungdoms]* í Noregi, add. H\*.

<sup>3</sup> *er]* einn, add. H\*.

<sup>4</sup> *frá mér]* add. Fr.

<sup>5</sup> *eptir]* hann ok annat, add. H\*.

<sup>6</sup> *smeikjask]* thus Sk., Fl., H\*.

<sup>7</sup> *hafit]* Here is a blank in H\*.

A.D. 1223. " optarr ok með fleirum fortölum eggjat Skúla jarl,  
 " at halda til Noregs, en lögsögn Ámundra ; ok löngu  
 " mundi hann ófrið upp hafa hafit, ef þér hefðit ráðit.  
 " En Guð gefi þeim góða sætt, konungi ok jarli. Ok  
 " eigi kann ek fleira at leggja til þessa máls at sinni.  
 " En þess vil ek Guð biðja, at hvernátt sem verra  
 " hefir til þessa máls lagt, en Ámundi remba, hafi  
 " nú horn i höfði, ok eigi sem biskups-mítr." Arnbjörn  
 svarar, ok mælti þá til Eysteins Róasonar : " Eysteinn,  
 " fóstbróðir ok lögunautr ! vit erum fornir Beglingar,  
 " ok höfum lengi í búð saman verit; lánum nú þat  
 " uppi er vit höfum jafnan mælt fyrir jarli." Eysteinn  
 svarar : " Ek vænti, at margir vér hafim þau orð  
 " mælt fyrir jarli, at eigi gangi nú allir við; en þat 334  
 " veit ek sannliga, at eigi mælt ek þat fyrir þér né  
 " hónum, at eigi væri Hákon konungr rétt kominn til  
 " Noregs eptir feðr sínn ok forellri."

94. Þá bað konungrinn Pórð skolla segja lög um  
 mál þeirra jarls. Hann hafði lögsögn austr frá Svínasundi. Hann hóf svá sitt örendi : " Ekki em  
 " [ek] því lögmaðr, at ek kunna nökkt í lögum ; en  
 " opt hefi ek skipat málum milli kotkarla ; en fátt  
 " kann ek um konunga at tala ; ok ekki ætlaða ek,  
 " at þat væri mín yfirseta at dæma milli þeirra. En  
 " Pórðr faðir mínn hét lögmaðr ; ok sagði hann svá,  
 " at hans faðir sagði hónum svá, ok aðrir forellris-  
 " menn vánir, at æ skyldu allir Noregs-menn fylgja  
 " konungs-syni meðan hann væri til. Þat létu þeir ok  
 " fylgja, at þeir mundi aldri þrífask<sup>1</sup> er móti þeim  
 " væri."

95. Eptir þetta bað konungrinn Saxa á Haugi at  
 segja lög. Hann var af Heiðmörk. Saxi tók svá til  
 orðs : " Ek var með Hákonni konungi, föður þessa  
 " konungs ; ok heyrða ek þat alla segja, bæði biskupa  
 " ok alla alþýðu, þá er konungr var frá fallinn, at

<sup>1</sup> [þrifask] Fl., Tr.; í þ' faz, Cd.

335. " gjarna vildu hans syni þjóna, ef til væri. Ok eigi A.D. 1223.  
 " segi ek önnur lög, en hann er rétt kominn til Noregs  
 " eptir föður sinn."

96. Þá bað konungr Þóri lögmann af inum syðra hlut Upplanda birta sína sögu. Hann segir svá : " Þó at ek væra svá vitlauss eðr illviljaðr, at ek vilda annat segja en þessir lögmenn hafa áðr sagt, þá mundu minn orð einkis [virð]. En nú veit ek þat fyrir Guði, at aldri hefi ek annat mælt hér til; ok þat segi ek enn til, at Hákon konungr á allan Noreg með réttum erfðum; ok þat legg ek til, at vér allir Noregs-menn fylgim konungs-syni meðan til berr,<sup>1</sup> þvíat þá ferr Noregs-ríki vel, hversu sem síðarr ferr."

97. Guttormr erkibiskup tók þá til orða, er lögmenn höfðu lukt örendum sínum : " Nú höfum vér heyrt á," segir hann, " lívat lögmenn várir hafa talat; þótt síma leið hafi hverr þeirra greint, þá hafa þeir þó allir eitt sagt, sem vér vissum áðr at satt var. Ok játu vér gjarna, at Hákon konungr er eium rétt kominn til alls Noregs eptir föður sinn ok forelri af þeim öllum mönnum er lifa. En þó vil-jum vér, at sú skipan standi öll ok sættar-görð, milli Hákonar konungs ok Skúla jarls, sem áðr var mælt um landa-skipti; þvíat [þat] er líkast til 336. " friðar, at þeir sé sem bezt sáttir sín í milli. Ok þess biðjum [vér] konung, at hann göri [sem] bezt til Guttorms frænda síns. En um Sigurð Ribbung kunnu vér færra at tala." Eptir þetta talaði sítt örendi hvárr þeirra, Gunnars grjónbaks ok Dagfinns bónða; ok um þat mest, at fýsa sætta ok samþykkit með konungi ok jarli. Ok lauk svá þessi stefnu.

98. Eptir þetta finnask þeir [hversdagliga], konungr ok jarl, ok töludu um ráða-görðir sínar. Ok þá er um þriðjunga-skipti skyldi tala, vildi jarl inn synsta<sup>2</sup>

<sup>1</sup> *berr*] meðan til er, Fl.

| <sup>2</sup> *synsta*] hlutz, add. Cd.

A.D. 1223. Þriðjung allt norðr til Sallt-síru.<sup>1</sup> En konungr segir, at hann var þó meiri en fyrr væri dæmi til, þó at hann væri frá Rygjar-bitni ok austr til Landsenda; en kvazk þó þat vilja fyrir sakir félagsskapar ok friðar. Ok skilðusk at því sinni. Hér eptir gengu til lendir menn, Andrés Jónsson, Loðinn Gunnason, ok sýslumenn ór Víkinni; ok báðn konung, at hann skyldi sjálfr hafa austr þangat, en skipa jarli norðr [um] Prænda-lög. Nikulás biskup bað ok þessa; ok hét konunginum, at hann skyldi í öllum hlutum honum trúr vera, bæði opinberliga ok leyniliga.

Eptir þetta finnask þeir konungr ok jarl; ok segir konungrinn, at hann vildi þá fara austr í land; en hann vildi at jarl færí norðr í Pröndheim. Ok þá er þessi kostr kom upp, ok um þriðjunga-skipti var talat, þá orðaði konungr þat, at hér skyldi laga-skipti á vera, ok skyldi inn nörðri þriðjungr vera norðan til Sunnmaeris; en jarl vildi at hann [værí] allt suðr til Sogn-sæs. Ok þá er skynsamir menn hugðu<sup>2</sup> at, þá skildi eigi meira en tíu skipreiður, at Hákon konungr hefði meirr en hálft. Konungr mælti þessn í móti; ok sagði, at eigi mætti svá vera. Þá bað erkibiskup <sup>337.</sup> með jarl, at þat [skipti] skyldi standa með þeim, sem skilr erkibiskups ríki ok Björgynjar-biskups. Ok með hans ráði var svá staðfest með þeim. Ok eptir þessari skipan voru bréf gör, ok sett fyrir innsigli konungs ok erkibiskups, jarls ok ljóð-biskupa, at þessi skipan skyldi standa þeirra milli. Ok ef ófriðr gengi á ríki konungs, þá skyldi jarl skyldr at fara [svá] austr í land sem norðr, þegar konungr þyrsti. Ok at þessum hlutum skipaðum, bjoggusk heim biskupar ok lendir menn. Tók konungr menn norðan ór landi, þá er hónum þóttu traustastir, ok setti þá austr í Víkina, en jarl tók sína vini, ok hafði þá með sér. Konungr

<sup>1</sup> *Sallt-síru*] Sallt-sýru, Cd.; ep. | <sup>2</sup> *hugðu*] Fl.; sáu, Cd. Sir-elven.

tók Gullbringuna, er hamni átti mest skipa, ok sendi A.D. 1223 austri fyrir sér, ok stýrði Björn móður-bróðir hans ok Óláfr Inguson. En hann bjósk nökkuru seinna.

99. Sigurðr, er verit hafði Ribbunga konungr, bað konung, at hann skyldi fylgja hónum í Vík austri. Konungr játaði hónum því. Ok [er] jarl vissi þat, taldi hann þat fyrir Sigurði, at eigi mundi allt tryggt vera. Ok síðan fór Sigurðr með jarli norðr í land. Hákon konungr mælti svá til jarls, aðr þeir skildu: "Meðr því at [þér] vilit Sigurðr með yðr hafa, þá "haldir hann sæmiliða, ok sét svá fyrir," at hann göri "oss öngva afar-kosti." Jarl létz þat fullkomliga 338. varða skyldu. Ferr nú jarl norðr í land með lendum móimum sínum ok liði. En konungrinn fór austri í Víkina, ok kom þann Sunnudag til Túnsbergs er upp hóf *Adventus Domini*. Þar tóku allir menn vel við hónum. Nikulás biskup var þá í Túnsbergi fyrir kominn, ok fagnaði konungi sæmiliða, ok gaf hónum margar gjafir. En konungr veitti hónum inn nyrrðra hlut Osloar-sýslu, ok gaf hónum áttján-sessu með öllum reiða. Fór biskup eigi fyrri ór Túnsbergi en þrimr nóttum fyrir Jól; ok lá í Laufeyjum Jóladaginn. Pá sendi konungr til hans Jófrey prófast ok Dagfinn bónda, at bjóða hónum aptr til konungs um Jólin. Biskup létz þann kost gjarna taka mundu, ef hónum byrjar eigi fyrir þriðja dag. En biskupi gaf þá byr inn til Osloar. Biskup sendi þá Ivar prófast með mörgum fögrum sendingum til konungs. Hákon konungr görði þessa lenda menn um Jólin: Hallvarð bratta, Símon kýr. Þessi var inn sjauandi<sup>1</sup> vetr 1223-24. konungdóms hans.

100. Hákon konungr fór í móti Páskum inn til Osloar; ok var þar mjök lengi um várit í garði Þorleiks spaka; því at konungs-garðr var þá eigi upp smíðaðr, síðan brunnit hafði. Pá kómu menn norðan

<sup>1</sup> *fyrir*] hann, add. Cd.

| <sup>2</sup> *sjauandi*] sjöundi, Cd.

A.D. 1224. frá Kórs-braeðrum ok jarli með bréfum, ok sögðu andlát Guttorms erkibiskups; ok þat með, at þeir hefði kosit í stað hans Sigurð, er verit hafði ábóti í Tautru; hann var þá útan-lands. Þeir báðu konung<sup>339.</sup> leggja þar til sitt samþykki, ok rita með hónum til páfans. Konungr talaði þetta mál fyrir Nikulási biskupi. Ok fannsk þeim svá í, at með því at Sigurðr var appellaðr því, er áðr hafði hann, þótti þeim hann eigi til svá stórra hluta fallinn. Bar þat ok til, at hann var lítill vin konungs. Konungr ok biskup rituðu bréf til páfans, þau er í mótt stóðu Sigurði. En þeir báðu at Pétr á Húsa-stöðum skyldi vera erkibiskup, er þá fór með bréfum jarls ok Kórs-braeðra til páfa at flytja mál Sigurðar. Svá varð með Guðs miskunn.

101. Austr í Vermalandi hafði Sigurðr Ribbungr löngum verit þá er hann stríddi við Birkibeina, ok gört þaðan óspekt á ríki Hákonar konungs. [Hákon konungr] sendi bréf austr um várit, ok stefndi til betr en tuttugu mönnum, þeim er beztir vóru þar, til umbóta þessa máls. Þeir kómu til konungs á Túnbergi. Þá kómu þar ok margir af bóndum, ok kærðu á þá afar-kostu<sup>1</sup> ok rán er þeir höfðu fengit af Vermum. Vermar lögðu á konungs vald allt. En konungr lagði á þá mikit gjald, en gaf þeim upp fyrir myskunnar sakir; en eiða sóru þeir konungi, at þeir skyldi hónum jafnan tryggvir vera, ok láta hans óvini aldri þrifask í sínu landi. Konungr görði menn austr með bréfum. Ok var þessum sættum lýst á öllum þingum ok játað.

Hákon konungr bjósk um várit ór Oslo ok til<sup>340.</sup> Túnbergs. Ok Trinitatis-dag, er hann veitti sveitungum sínum, görðisk hark mikit í þænum með hirðinni ok gestum ok húskörlum. Féllu þar fimm menn, en margir urðu sárir. Konungr kom þar í mikinn háska, áðr hann fengi skilit þá. Eftir þat

<sup>1</sup> -kostu] -kostum, Cd.

fór konungr til Björgynjar. Þar kom til mótz við A.D. 1224. hann vestan um haf Gilli-chistr ok Óttarr Snaekollsson, ok margir Suðreyingar; ok höfðu mörg bréf um nauðsyn þeirra landa. Þá kom Jón jarl af Orkneyjum; ok sættisk við konunginn um þau mál er þeirra vóru í millum, ok setti Harald son sínn í gisling; ok var hann um sumarit með konungi.

102. Þetta sumar fór Skúli jarl norðr á Hálogaland, ok kom at stefnu í Vága. Með hónum var Sigurðr Ribbungr. Ívarr útvík var á skipi jarls í stafni. Hann lagði at [i] Kirkju-vögum. Um morguninn er jarl vaknaði, þá vóru í brott allir menn af skipi hans fyrir framan austr-rúm. Hann spurði hvar þeir vóru. Hónum var sagt, at þeir höfðu stefnur í Vögum<sup>1</sup> ok vóru flestir með vópnum. Jarl hljóp [upp] með sverði í lín-klæðum. Þeir fóru með hónum er eptir vóru á skipinu. Sem hann kom út í Vága, var þat þar tíðenda, at Bárðr flekkr ok Pórðr prestr, son Eireks bága,<sup>2</sup> höfðu vegit Árna, systur-son Páls vaga-skálfms, ok hirðmann, fyrir þat er hann hafði vegit Auðgrím agðanes, lögunaut þeirra, saklausan. Jarl varð illa við þetta. En Ívarr útvík hafði til farit með þeim, ok hélt upp svörum af hendi hirðarinna. Páll bóndi hafði komit út um nóttnina, [ok] líkaði stór-illa. Um morguninn er þingit var, bauð Ívarr boð fyrir vígit. En Páll bóndi svarar; kvað Ívari meiri nauðsyn at hafa betr gaett siglingar sínnar, er hann fór af Bjarmalandi, ok hafa eigi þar týnt inum beztum bóndasonum, en görask fyrir-maðr at þessu, at drepa hirð konungs ok jarls, en lögu-nauta sína; ok kvað eigi boð mundu þegin af hónum. Ok sleit svá þessu þingi.

103. Þá er Skúli jarl hafði lukt örendum sínum á Háloga-landi, hélt hann norðan. Ok er hann kom til Níðaróss, þá vóru komin leyndar-bréf austan af

<sup>1</sup> *Vögum*] Fl.; Vóga, Cd.

<sup>2</sup> *bága*] baaga, Fl.

A.D. 1224. Vermalandi til Sigurðar Ribbunga frá þeim sumum  
 (July.) Vernum er áðr höfðu svarit Hákoní konungi trúnaðar-  
 eiða, ok þeim suum er Sigurði höfðu fyrr þjónat :  
 at hann skyldi leita í brott ór valdi jarls ok austr til  
 þeirra. Erlingr rúm-stafr var þá ráðgjafi hans, er fyrr  
 hafði verit merkis-maðr hans. Þeir görðu þat ráð, at  
 um morguninn snemina fyrir Óláfs-vöku-aptan fengu  
 þeir sér kórkápur af klerkum, ok gengu svá út um  
 akra, ok út um Steinbjörg, ok upp á Gudlarsás, ok  
 leyndusk þar um hríð. Þá [er] sungnar voru tíðir í 342.  
 bænum, var jarli sagt, at Sigurðr var í brottu. Jarl<sup>1</sup>  
 lét menn fara á alla vega, bæði á skipum ok hestum ;  
 ok fannst hann eigi. Jarl lét taka einn Íslenzkan  
 mann, er verit hafði með Sigurði, Andrés Þorsteins son,  
 bróður-son Sæmundar í Odda, ok sagði at hann mundi  
 nökkut vita hvar hann var. En hann vildi ekki frá  
 segja. Ok lét jarl hengja hann. Hann gaf ok sök  
 klerk þeim er Bárðr hét, [er] kápurnar<sup>2</sup> hafði léð. Guðmundr biskup var þá þar í bænum ; ok gaf hann  
 mörg hörð orð jarli fyrir aftöku Andrés, þvíat hann  
 hafði jafnan verit með biskupi. Jarl görði nú bréf  
 til konungs, ok sagði at Sigurðr var með því móti  
 brott hlaupinn ; at haun hafði áðr jafnam kyrrliga ok  
 spakliga með sér verit ; ok kvazk hanu hyggja<sup>3</sup> at haun  
 vildi ófrið hefja. Konungr lét þá góra bréf bæði it  
 efra ok it ytra austr í Víkina, ok bað meunn gæta sín.

104. Sigurðr Ribbungr fór austr yfir fjall, ok kom  
 í Eystri-dali. Þá kom í mótt hónum mart hans manna  
 eptir því sem þeir höfðu áðr ráð fyrir gört ; ok hóf  
 hann þá flokk ok reisti merki, ok fór svá austr á Ver-  
 maland. Dreif þá mikit lið til hans. Þessir sveitar-  
 höfðingjar kómu til hans í Vermalandi : Pórðr aust-  
 maðr, Eirekr lati, Oddr son hans, ok Hallvarðr svaði,  
 Þorbjörn rígr<sup>4</sup> ok Þorgeirr rígr. Þeir voru alls tólf 343.

<sup>1</sup> jarl] ok, Cd.

<sup>2</sup> kápurnar] kapunna, Cd.

<sup>3</sup> at hann . . . hyggja] add. Fl. ;

om. Cd.

<sup>4</sup> rígr] ringr, Fl.

sveitar-höfðingjar ok höfðu allir marga menn. Þá A.D. 1224.  
 kómu þeir ok mótt [hónum], Haraldr af Skotun,<sup>1</sup> Álfr  
 Styrsson, ok Gjardarr bróðir hans, Ámundi á Folavelli,  
 [með] myklu liði. Vermar tóku við öllum þeim er  
 þangat kómu, ok görðu hónum sjálfir mikinn styrk  
 ok alla liðveizlu, svá [sem] þeir máttu framast.

Síðan lyptu þeir ferð sínni í Noreg, ok kómu fram  
 á Raumaríki. Þeir kómu á óvart Óláfi mók, frænda  
 konungs, í bygð þeirri er Skaun heitir. Hann var at  
 brúðlaupi á bað þeim er Leorin heitir. Þeir tóku hús  
 yfir hónum, ok byrgðu hann inni. Óláfr hafði mikla  
 sveit ok góða, hirðmenn konungs ok gesti, ok marga  
 aðra góða menn. Ribbungar buðu Óláfi grið, en  
 öngum öðrum; en hann kvazt eigi með því móti grið  
 þiggja, nema allir hefði þeir grið. Þeir játuðu hónum  
 því. Síðan, er Óláfr gékk út, þá tóku þeir hann, ok  
 héldu hónum; en drápu hvern hans mann sem út  
 gékk. Par félru sex tigir manna, ok tuttugu hirðmenn.  
 Svá kvað Sturla:—

344.

“ Hljóp sá er hersum steypa  
 hyr-gildandi vildi  
 “ ýgr frá all-valdz mági  
 járn-sveims ór Pröndheimi :  
 “ Endr lét Erlings frændi  
 Upplönd farit bröndum ;  
 • stríð hlutu stála meiðar  
 stór-þung af Ribbungum.”

Ribbungar báðu Óláf sverja sér eið, at hann skyldi  
 aldri mótt þeim vera, ella drepi þeir hann. Hann sór  
 eiðinn; ok sagði þó, at eigi mundi vel sárr vera.  
 Þegar sem Óláfr komst í brott sömnuðusk menn til  
 hans; fékk hann sér í annat sinn mikla sveit ok  
 góða, ok fór at Ribbungum, ok drap af þeim nök-  
 kura menn. En fyrir því at Ribbungar áttu frændr í

---

<sup>1</sup> *Skotun*] thus, Skotun or Skotyn, all the vellums; read Lautyn? See Munch, iii. 677, foot note.

A.D. 1224. hverju húsi á Raumaríki, þá urðu þeir skjótt varir við hvar hann var, ok kómur þeir á óvart Óláfi. Óláfr komsk út, ok fóll þar skamt frá húsunum. Þeir drápu flesta alla sveitunga hans, er hann hafði þá ný-fengit.

105. Þessir menn höfðu sýslu á Heiðmörk af hendi Hákonar konungs: Ívarr af Skeðju-hofi,<sup>1</sup> Friðrekr slafsi. Heinir lýstu þá mikinn drengskap, skáru upp herör, ok nefndu menn ór þriðjungum, ok héldu vörðu á sér nótt ok dag, ok tóku samheldi sítt um alla Heiðmarka-sýslu, at sá skyldi vera landráða-maðr við konung er eigi var þegar uppi, er nauðsyn krafði. Þeir höfðu hundrað manna ór hverjum þriðjungi at gæta bygðanna. Kómusk Ribbungar þar aldri fram; heldr reistu þeir ferð ór bygðum sínum at Ribbungum austr í Värmaland ok út á Raumaríki, ok görðu þeim marga bakelda.

106. Hákon konungr ok Skúli jarl höfðu svá mælt 345. sín í milli, at þann sama vetr skyldi konungr göra brúðlaup í Björgyn; ok skyldu þeir finnask. Konungr görði svá ráð fyrir sem þeir höfðu talat áðr, fyrst um Jóla-veizlu ok síðan um brúðlaups-veizluna. En konungrinn fór um haustið austr í Vík, ok fékk hörð veðr þá er hann siglði ór Rotti fyrir Jaðar. Konungr kom í dagsetr í Seleyjar. Þeir höfðu storm veðrs; en þó hélt konungrinn heilu skipi sínu. Hann hafði Sætta-spill[inn]. Þegar sem konungrinn kom til hafnar, þá röri hann út í móti skipunum á eptir-báti. Hákon kávis kom fyrst eptir, ok vísaði konungrinn hónum til hafnar; hann hafði látið flesta skjöldu sína, þá er við fram-stafni voru, ok mjök lekit<sup>2</sup> skipit af siglingu. Konungrinn beið til þess í sundinu er öll kvómu skipin. Um morgininn siglði hann inn um nesit. Ok

<sup>1</sup> *Skeðju-hofi*] Skeiðahoffi, Fl.; Skerju hof, Cd. See Munch. 197. | <sup>2</sup> *lekit*] thus Cd.; lekat, Fl. Now Skee-kirke.

er hann kom í Hornboru-sund lágu þar fyrir hónum A.D. 1224. byrðingar; ok sögðu menn konungi, at Ribbungar vóru komnir anstan af Vermalandi með mikit lið, ok höfðu drepit Óláf mók. Þat þótti konungimum skaði mikill; þvíat Óláfr var góðr drengr, ok þó frændi konungsins, svá at föður-móðir hans var dóttir Haralds konungs gilla. Óli vargr hafði heitið föður-faðir hans, lendr maðr á Raumaríki. Konungr fór til Túnsbergs, ok kom þar til hans Arnbjörn Jónsson, ok Símon kýr, ok aðrir lendir menn ok sýsluinnem ór Víkinni. Konungr sagði þeim ætlan sína, at þegar sem hann hefir sýst örendum sínum, þá vill hann norðr til Björgynjar at göra brúðlaup sitt eptir einka-málum 346. þeirra jarls. En þeir sögðu, at svá mikill ófriðr var í Víkinni, at þeir vildu með öngu móti at hann færðan, ok sögðusk þegar brott skyldu fara ef hann færð. Þá görðu þeir þat ráð, at komungr sendi norðr Dagfinn bóna ok Hákon kavis, at segja, hvat tálmaði ferð konungsins.<sup>1</sup> Þá görði Hákon konungr aamat sinni bréf til Svía-konungs; ok minnti á, hvern skaða hann hafði fengit af Vermum, ok bað hann eigi láta óvini sína styrkjask í hans ríki; talði þau einka-mál verit hafa inna fyrri konunga at hverr skyldi reka annars óvini ór sínu ríki.

107. Hákon konungr sigldi austr til Konunga-hellu. En allir Ribbungar, er þá vóru í Víkinni, stukku undan upp á Markir. Var þá kyrrt í Víkinni meðan konungr var þar. Þá kom til hans Áskell lögmaðr, er átti Frú Kristinu, móður jungherra Knúts. Konungrinn bauð þá Knúti frænda sínum til sín, ok lézt hans saemdir myklar göra skyldu, ef hann væri með hónum. Lögmaðr tók því vel, en beiddisk þó þeirra kosta, er konungr mátti varla játa. Þeir töludu mart um ófrið, er Vermar ok Marka-menn görðu í Noregi með Ribbungum. Hér vóru ok við lendir menn

---

<sup>1</sup> *konungsins*] d<sup>v</sup>, add. Cd., drottningu?

A.D. 1224. konungs, ok kærðu fast, hvern skaða þeir höfðu fengit af Vermum ok Gautum; sögðu þeir ván, at Noregs-menn máttu með öngu móti þenna skaða lengr þola. Lögmaðr svarar svá: "Þat er ekki mitt ríki eðr vald; " en þó vil ek, at Þér ritid austr til Eireks konungs " með mér, at hann segi sínum umboðs-mönnum, at " þeir reki her þenna ór landi, ok leggi þeim við afar- " kosti." Hákon konungr svarar: " Vér höfum ritað " tveim sinnum til Eireks konungs, ok hafa sömu " svör móti komit, at hann skyldi um bæta; en þó " hefir þat ekki orðit; þvíat æ er verr ok verr, ok " þeirra afli vex hversdagliga í vórum skiptum; en vér " höfum látið marga góða menn af þeirra völdum." Lögmaðr bað góða it þriðja bréf til Svía-konungs; ok 347. lézt ljá vilja vera er lesit væri, ok leggja til þat er bæri. Hákon konungr görði þá bréf, með því móti, at Eirekr konungr skyldi fyrir Átta dag Jóla hafa rekit óvini hans ór sínu ríki; ella segir hann efunar-laust, at hann mundi sjálfr hefna síns skaða. Lögmaðr hétt at hann skyldi sönn tíðindi hafa til konungs fyrir inn Átta dag. Hann var tvá daga [með konungi] í saemiligrí veizlu. Síðan skildusk þeir; ok fór konungr norðr til Túnsbergs; ok kom þar sjau nótum fyrir Jól, ok stefndi til sín sýslu-mönnum af Rauma-ríki ok Haðalandi, ok öðrum þeim er vóru á Upplöndum; ok kom þar mikit fjölmenni.

1224.  
(Dec.)

108. Hákon konungr hafði mikla rausn um Jólin, ok þessa ráðgjafa hversdagliga á tali með sér: Eystein lögnmann, Símon í Vervíkun. Jafnliga kómu þeir menn til konungs, er kærðu rán ok stulði er fengit höfðu af Ribbungum, Vermum ok Marka-mönnum. Í Jól-unum kóinu austan bréf frá Svía-konungi; ok fannsk konunginum svá í hans bréfum, sem hann mundi lítlar bætr á ráða um þat sem konungr talði at. Ok eptir þetta lýsti konungr því, at þegar eptir Jólin mundi hann ríða austr at Vermum ok Ribbungum, ok hefna 348. þess skaða er þeir höfðu hónum gört. Görði hann

þá orð Arnbirni Jónssyni, at hann kæmi í mótt hónum A.D. 1225.  
við Eiða-skóg; en Símon kýr, ok Bárðr bristeinn, ok  
Hallvarðr bratti, skyldu koma til móts við hann á  
Mörkum, ok allir Víkverir.<sup>1</sup> Hann stefndi til sín  
öllum sýslu-mönnum er á Upplöndum vóru. Hann  
átti hversdagliga stefnur við sína menn, ok bað þá  
búa sik ok vápn sín. Konungr sendi menn ok bod  
um alla Foldina, at þeir skyldu búa hónum reið-  
skjóta. En Vestfyladir görðu svá menniliga, at þeir  
fluttu tvau hundruð hesta, ok gáfu hónum alla fyrir  
góðvilja sakir.

109. Hákon konungr byrjaði ferð sína ór Túnbergi 9th Jan.  
þrimr nóttum eptir Jól. Þeir vóru þar formenn: Ni-  
kulás, Pálsson, Gunnljörn bóni, Haraldr stangar-fylja  
En konungr skipaði eptir á Berginu: Óláf Inguson,  
Eystein Róason, Önund Brynjólfsson, ok tvau hundruð  
vaskra manna, þeirra er þungfærastir vóru. Hákon  
konungr fór it ytra ór bænum á skútu. Þessi var inn  
átti vetr konungdóms hans. Hann var þrjár nætr á 1224-25.  
leið inn til Haugsvíkr. Þar kómu reiðskjótar móti  
hónum; ok reið þar upp með öllu liði sínu, ok svá  
inn í fjórðinn Skialldr. Sem hann kom undir Eika-  
bergs-skor, kvómu þeir í mótt hónum, er it efra höfðu  
farit, ok mart bæjar-manna ór Osló. Þá átti konungr  
þing við lið sitt, ok setti gríð, ok lýsti því, at ham  
mundi eigi lengr dveljask í Osló en tvaer nætr. Bað  
349. menn svá við búask. Nikulás biskup var í bænum; hann  
hafði spurt at konungr ætlaði austr á Vermaland eptir  
Jólin. Prestr einn var kominn austan af Vermalandi  
er Jón hét. Biskup lét kalla hann til sínu, ok segir  
hónum svá, at Hákon konungr ætlaði at fara austr  
með allan Noregs-her, ok brenna bæði konur ok börn,  
en presta skyldi leggja á stiga ok hýða. Prestrinn  
ferr nú skjótt í brott, ok segir þessi tíðindi hvar sem  
hanu kom. Hann fór tvá daga ór Noregi í Verma-

<sup>1</sup> *Víkverir*] Víkverjar, Fl.

A.D. 1225. land ; ok fór þessi njósn fyrir konunginum. Hákón (January.) konungr sendi Harald stangar-sylju fyrir sér til biskups ; ok bað konungr, at hann skyldi í hans garði hafa kostnað þær tvaer nætr er hann væri í bænum. Biskup sagði, at ekki mátti vera allt samt, úlfar ok kálfar. En þó reið biskup í móti konungi, ok bauð hónum alla sæmiliga hluti af sínni hendi ; en konungr fór í garð Haralda sýslu-manns síns ; en hversdagliga sendi biskup hónum vist af sínum garði. Dagfinnr bjósk skyndiliga ; ok fór Jóla-aptan ór Björgyn ok Haugsvík ; ok fór með hónum inn til Oslóar, ok bauð hónum fylgð sína í Vermaland. En konungr vildi þat eigi, en þakkaði hónunn margfaldan góðvilja er hann hafði þá birt hónunn með miklu erviði sem jafnan. Konungrinn talaði þá marga hluti, ok svá hvat ráði hann görði fyrir Sigurði syni sínum, ef hónum yrði eigi aurðit aptr-kvámu í Noreg. Hann átti þá öngan son annan. Þau voru börn König ungu,<sup>1</sup> ok Cecilia konungs-dóttir.

Dagfinnr bóndi snörisk þá apr. Ok er hann kom 350 austr fyrir Nesjar, rak at hónum ísa, ok varð hann at snúa til megin-lands ; en þar voru Ríbbungar fyrir í flestum bygðum með stórum sveitum. En Suðrmenn lágu fjölmennit á kuggum í Sandasundi.<sup>2</sup> Ok er þeir spurðu til Dagfimms, létu þeir hann fara til síni, ok héldu hann vel, en lögðu skip hans milli kugganna. Ísakr í Bæ hafði sýslu í Sogni ; hann hafði verit með konungi um Jólin, ok hafði fengit orlof til norðr-ferðar ; hann kom í þenna ís-reka inn sama. En fyrir sakir Ribbunga átti hann öngvan kost annan en snúa til Suðmannana ; ok tóku þeir við hónun sem bezt ; ok setti hann þar upp skip sitt, ok fór inn til Túnsbergs. En Dagfinnr heið til þess er rýmkaði ísana, ok fór síðan norðr til Björgynjar.

<sup>1</sup> König ungu] thus Fl. and Fr. ; | <sup>2</sup> Sandasundi] Esp. ; Sandaks. (=konungs), Cd. | firði, Sk., Fl., Fr.

110. Hákon konungr fór ór Oslo Mánadaginn.<sup>1</sup> A.D. 1225.  
 Hann fór upp á Raumaríki, ok var um nóttina at <sup>(20-22)</sup>  
 Gunnars á Bergi; en liðit var um-hverfis [í] bygðinni.  
 Konungr var aðra nótt uppi at Elvi, at þess manns  
 er Kolbeinn á Fyri hét. Ok um miðnættis-skeið  
 kvómu menn af hest-verði til konungs, ok sögðu at  
 ófriðr fór. Konungr klæddisk skjótt, ok hljópu menn  
<sup>351.</sup> út. En tunglskin var á bjart, ok máttu menn vífða  
 sjá. Vildi konungr því eigi blása láta, at mönnum  
 sýndisk ekki ófriðligt; en þó görði hann menn á alla  
 vega á hestum. En nökkurir menn höfðu riðit af  
 Haðalandi, ok hugði því hest-vörðrinn ófrið. Um  
 morgininn reið konungrinn við herinn austr með  
 ánni til þess bæjar er Nes heitir, mikill kirkju-bær.  
 Þar kvómu í móti hónum sýslumenn af Heiðmörk,  
 Friðrekr slafsi, ok Ívarr á Skeðjuhofi, með hálft þríðja  
 hundrað manna vel búit. Um daginn eptir<sup>2</sup> fóru þeir  
 austr með konungi til Elvar;<sup>3</sup> ok var konungrinn á  
 þeim bæ er Straumr heitir, en herrinn um-hverfis. Þá  
 var konunginum sagt, at Vermar höfðu samnað mikinn,  
 ok höfðu sann-spurt um ferð hans. Þá kallaði konungr  
 til sín alla sveitár-höfðingja; ok voru þá skipaðir ver-  
 ðir ok njósnir í brott. Klemet í Hólmi fór á fyrstan  
 vörð með átta tigi manna, alla riddara. Hann hélt hálfu  
 röst frá konunginum. Annarr vörðr var nærrí, ok voru  
 þrír tigir manna á þeim; en þar næst voru sjau  
 [menn], svá at sjá mátti til bæjarins. Um morgininn  
 eptir fór konungrinn austr í bygð þá er Vingr heitir;  
 ok eru þat skaminar tvær rastir. [Konungr] dvaldisk  
 því þar um nótt, at hann vænti, at nökkurir menn  
 mundi koma móti hónum at bjóða boð af hendi Verma.  
 Pat sama kveld hljópu Ribbungar á nökkurar sveitir  
 konungs, ok drápu nökkura menn fyrir konunginum.

<sup>1</sup> *Mánadaginn*] Manodaginn, Cd.

eptir um daginn, see Munch, iii.,

683, footnote.

<sup>2</sup> *eptir*] So Cd.; better would be,

<sup>3</sup> *til Elvar*] við Elvi, Cd.

A.D. 1225. 111. Hákon konungr kallaði til sín alla sveitar-<sup>352.</sup>  
 (January.) höfðingja sína, ok skipaði með hverju móti herrinn  
 skyldi ríða í Vermaland; þvíat þau fóru tíðindi, at  
 bæði mundi í móti standa land-herrinu ok svá Rib-  
 bungar. Þeir menn vóru, er af eggjuðu, at hann  
 skyldi ríða í annars konungs ríki; ok sögðu, at mikill  
 herr væri í Vermalandi. En ef Svía-konungr sjálfr  
 stæði í móti, sögðu þeir standa til meira háska. Hák-  
 kon konungr talði þá fyrir hernum: "Engi ofkæti  
 " dregr oss til þessar ferðar. En þó at Ribbungar ok  
 " Vermar standi í móti oss, þá óttumst ek ekki þeirra  
 " móttöðu; þvíat vér mælum eptir vórni fé ok frelsi.  
 " Kemr ok <sup>1</sup> sjálfr Svía-konungr í móti oss, þá verðr  
 " annat-hvárt, at vér sætumsk skjótt, ella skulu vár  
 " skipti fara sem Guð vill. En at vissu skulu vér  
 " hefna þeirra skaða er oss hafa görvir verit ór Svía-  
 " veldi útan várrar tilgörðar." Pessi skipan var á  
 gör ferðinni: at konungs-merkit skyldi fyrst fara, ok  
 þar með átta tigir manna,<sup>2</sup> skntil sveinar ok hirðmenn,  
 vel vápnadír, ok allir ríðandi; ok fylg[d]ji hverjum  
 hesti blaupandi sveinn. Njósnar-menn [fóru] fyrstir,  
 ok hafði hverr þeirra tvá hesta. Hér næst fóru tvan  
 hundruð manna. En eptir þat sleða-menn af Upplön-  
 dum, ok vóru þat sex hundruð manna. En þar næst  
 reið Nikulás Pálsson ok Haraldr stangar-fylja, ok  
 höfðu þrjú hundruð ríðandi-manna. Þar næst fóru  
 allir sleða-menn útan frá sjó, meirr en átta hundruð  
 manna. Síðast reið Loðinn Gunnason, ok Erlingr <sup>353.</sup>  
 ljóðhorn, Haraldr Vesetason,<sup>3</sup> Gunnólfur hvíti, Gutt-  
 ormr Erlendsson, ok höfðu fimm hundruð manna. Þá  
 var þessi skipan á gör, at ríðandi-menn fóru fyrst, ok  
 þá sleða-menn. Ef ófriðr kaemi móti þeim, þá skyldi  
 ríðandi-menn verjask meðan sleða-menn tæki vápni sín;  
 skyldu hvárir-tveggju sleða-menn hjálpa, ef á aðra

<sup>1</sup> ok] Fl.; oss, Cd.

<sup>2</sup> manna] ok, add, Cod.

<sup>3</sup> Vesetason] Fl.; Vesetils s.,

Cd.; veseti, Fr.

yrði hlaupit, —heir sem fyrir færí ok eptir. Hákon A.D. 1225.  
konungr hafði í Vernaland fimm hundruð ok tuttu<sup>1</sup> (23rd and  
vildis-liðs, ok vel fimm hundruð vápnáðra manna, ary.)  
<sup>24th Janu-</sup>

Par var ok fjöldi reiðskjóta-manna, þvíat þat var  
mikill þori<sup>2</sup> liðsins er tveir höfðu þrjá hesta; ok fylgði  
hverjum hesti reiðskjóta-maðr. Liðit sýndisk þó  
miklu meira en var, fyrir sleðanna sakir. En þó at  
íss væri tveggja rasta langr á einhverju vatni, þá  
var fyrri annarr endir hersins af ísinum en annarr  
kom á.

112. Um kveldit, er sveitar-höfðingjar skilðusk við  
konung, þú var svá fyrir sagt, at allir skyldu mettir  
at miðri nótt. Þá lét konungr blása; ok þá fluttisk  
herrinn eptir því [sem] áðr var ætlan á gör. Veðr  
var vindligt<sup>3</sup> ok mjök kallt. Í móti degi görði kon-  
ungrinn fram á skóginne miðjan [menn]. Par var  
mikil sælu-húss-stofa við kirkjuna. Hann bað þar  
göra elda stóra í garðinum. Þat var allt senn, at  
dagr rann upp, ok konungr kom til eldanna, ok  
354. vermdú menn sik þar um hríð; þvíat flestir vóru  
nökkut frosnr á höndum eðr fótum eðr andliti. Há-  
kon konungr reið þaðan fyrr en al-ljóst var með allan  
herinn. Eiða-skógr er tólf rasta langr, ok er kirkja á  
miðjunum skóginum. Þat er góðr vegr ok sléttir, þá er  
íasar liggja. Sem konungr kom af skóginum í Verma-  
land, þá kómu njósnir hans í móti hónum; ok  
segja, at eingi samnaðr var fyrir í landinu, ok allt  
fólk hafði flýit fyrir hónum á merkr út ór bygðinni.  
Svá vóru Ribbungar allir brottu. Þá fluttisk herrinn  
til bæja þeirra er Morastir heita—þat er norðast<sup>4</sup> í  
landinu—þar var allt fólk heima. Þar beið konungr  
til þess er allr herrinn kom saman; ok var þat um  
nón-skeið. Þá talaði konungr við sveitar-höfðingja.

<sup>1</sup> *tuttu*] Fl. v. c. z. xx., Cd.

<sup>2</sup> *mikill þori]* Fl.; fjöldi, Cd.

<sup>3</sup> *vindligt]* vinnligt, Cd.

<sup>4</sup> *norðast]* neyrðzt, Fl.; hingat

næst, Fr.

A.D. 1225. Ok síðan var blásit til þings; ok lýsti konungr ráða-  
(24th and  
25th Janu-  
ary.) görð sínni fyrir hernum, at hann vildi með friði fara

til allra bóna í landinu, ef þeir vildu á hans vald  
koma, ok til miskunnar festa sít mál. "Ok með  
"því," segir hann, "at várir óvinir eru hvergi fyrir  
"oss, þá viljum vér hvergi ákafliga fara; ok vita ef  
"lands-fólkit vili<sup>1</sup> ganga til yfirbóta við oss."

113. Konungrinn dvalðisk þar lítha hríð, ok gaf  
þar grið öllum mönnum. En andvirki gékk upp fyrir  
hestum. Hann reið um kveldit til bygðar þeirrar er  
Eiðar heita; ok var um nóttina á bæ þeim er Meðal-  
bær heitir, er átti Oddr Eireksson. Þetta var Frjá-  
dag fyrir Nín-vikna-föstu. Konungr hafði marga  
sveitar-höfðingja í boði sínu um kveldit, þvíat hann  
hafði haft vel vín<sup>2</sup> norðan með sé, ok var ekki  
leingra flutt fyrir frosta sakir. Þá görðisk sá atburðr<sup>355.</sup>  
um nóttina, at öllum verplonum vor kastað út í garð-  
inn, ok var drjúgum þriðjungr frosinn af hverjum.  
Reiðskjóta-menn tóku verplana til sín, ok brutu í  
sunndr. Síðan tóku [þeir] jöklana ok braeddu, en suma  
átu þeir. Af þessu urðu þeir druknir, svá at þeir  
börðusk um nóttina; ok [urðu] þar fjörtán menn sáir,  
en margir lamðir. Ok var þat fyrst gört um mor-  
guninn, at konungrinn fékk menn til, at setja þetta  
niðr milli þeirra. Sýslu-menn vildu gefa þeim sakir  
á; en konungr gaf þeim upp.

114. Laugardag kómu allir sveitar-höfðingjar til  
konungs. Ok var herrinn þá mjök ákafr, ok vildu  
brenna bygðina; en konungr frestaði, ok hugði at  
bændr mundi koma til hans, ok biðja miskunnar, ok  
bjóða yfirbætr. Ok er hónum þótti sú ván þrotin,  
þá tóku menn ok brendu allar bygðir þar sem þeir  
fóru. En svá vendiliga<sup>3</sup> fórn allir menn ór bygðinni,

<sup>1</sup> *vili*] Fl.; vill, Cd.

<sup>2</sup> *vel vín*] Fl.; átta, Cd.

<sup>3</sup> *vendiliga*] endiliga, Cd.; vand-  
lega, Fr., Esp.

at á öngum bæ fannisk nökkur maðr. Svá kvað A.D. 1225.  
Sturla :— (25th January.)

356.  
 “ Var-at landráð lítlu goldit  
 “ við allvald austan markar :  
 “ já er lofðungr leystan hafði  
 “ elris-garm eski-mettan.”

“ Svalg hvert hús heitum munni  
 “ viðar hundr<sup>1</sup> Verma bygðar :  
 “ ok svip-gár selju rakki  
 “ um garðs-hlið grenjandi fór.”

Svá segir Óláfr hvíta-skáld :—

“ Víg-storma namt Vermum  
 valdr fláraði gjalda ;  
 “ léztú, ræsir, gim geisa ;  
 gékk eldr um sjót rekka :  
 “ Baendr hlutu kvöl þá er kyndisk  
 kapps-hár logi sára :  
 “ gegn, létuð hyr hegna,  
 hjör-éls-frömuðr ! vélar.”

Nær vatni nökkuru hljóp út kerling ein gömol, ok spurði : “ Hvar er konungr Norðmanna ? ” Henni var sagt. Hón gékk fyrir konunginn djarfliga ; ok bað, at hann skyldi eigi láta brenda bæ dóttur hennar, fyrir þat [er] hón þorði ein heima at vera. Konungr kvað svá vera skyldu. Ok kallaði til sín gest þann 357. er Jón ónagi hét, ok þrjá aðra, ok bað þá þar vera til þess er allir væri um farnir ; ok segir, at allt skyldi þar í friði vera, fyrir þat er þessi ein kona vildi biðja hann miskunnar af öllum Vermum ; ok bað hana fara eptir hjúm sínum, ok hafa þau heima hjá sér ; ok segj[a] svá, at fleiri lygðir mundu óbrendar, ef nökkurir menn hefði á hans fund komit miskunnar at biðja.

115. Eptir þetta kómu menn til konungs ; ok segja at Vermar höfðu fellt mörk fyrir hann skamt frá

<sup>1</sup> *hundr*] Fl.; lundr, Cd.

A.D. 1225. kirkju þeirra er Nýja-kirkja heitir. Þá sendi konungr  
 (25th and  
 26th Janu-  
 ary.) fram hundruð manna ríðandi ok bogmenn. Ok er  
 þeir kómu til brotans, voru þar fáir menn fyrir, ok  
 stukku þegar í brott. Var þá brotinn höggvinn með  
 bolöxum; en konungrinn lét gæta meðan, at öngvar  
 væri görvar bak-slettur. En þeir flestir, er fyrstir riðu  
 með konunginum, kómu skjótt yfir brotann. En síðan  
 leiddu menn tómliga hesta síma þar yfir sem þymnstr  
 var brotinn. Þat var sagt herinum<sup>1</sup> þeim er síðarr  
 fór, at konungr var [fyrir] framan brotann ok bardisk  
 við Verma. Geystisk þá múgrinn fram at brotanum,  
 ok var[ð] af því mikill gnýr<sup>2</sup> er sleðar brotnuðu.  
 En er konungr heyrði til harksins, þá hugðu þeir at  
 ófriðr væri, ok snérú þeir aptr sem ákafast, ok hafði  
 þar nær miklum váða áðr menn kenndusk. Þeir fóru  
 þá í þá bygð er Arvíkr<sup>3</sup> heita út í landit.

116. Konungr kom þar snimma um kveldit, ok þat 358.  
 fólk er hónum fylgði. Ok er hann var af kleddr,  
 var blásinn her-blástr; ok var sagt, at Vermar væri  
 komnir, ok börðusk við liðit á skóginum. Konung-  
 rinn hljóp upp, ok sá herrinn er hónum fylgði, ok  
 riðu aptr. Kom þá allr herrinn í mótt þeim, ok höfdu  
 ekki heyrт ófríðligt. En þeim var búit við dauða er  
 þessu höfðu upp slegit. Fóru menn þá til búða sem  
 ætlað var. Fyrir dag kómu menn til [konungs] sex  
 af bygð þeiri er Strönd heitir. Sá hét Geirr er fyrir  
 þeim var. Þeir báðu konunginn miskunnar, ok lögðu  
 allt á hans vald. Konungr játaði þeim gríðum. Ok  
 gaf þeim þat mark yfir alla þá bæi er í þeiri bygð  
 voru, at þeir skyldu taka cina stöng vel mikla, ok  
 binda við hvíta blaðju, ok reisa á þat hús er hæst  
 væri í bænum, ok skyldu allir af því kenna þá bæi  
 er gríð væri gefin. En í þeiri bygð voru eigi meirr

<sup>1</sup> *herinum*] emend.; l<sup>m</sup>, Cd.; <sup>3</sup> *Arvíkr*] Fl., Esp.; auuikr, Cd.  
 hverjum, Fl. = Arvika in Wermland.

<sup>2</sup> *gnýr*] nyr, Cd.

en fjörtán bæir. En þó görðu fleiri bændr slíkt sama A.D. 1225.  
mark, ok fengu allir gríð. (January.)

117. Síðan reið Hákon konungr með allan herinn út í Vermaland; ok var brennt hvar sem þeir fóru. En menn vóru hvergi heima í bygðum. Þeir fóru allt 359. í þá bygð er Glaða-fors<sup>1</sup> heitir, ok brenndu. Sem konungr var á þeim bæ er Knollr heitir, þá kómu bændr móti hónum, ok beiddu miskunnar af hendi landsmanna, ok buðu allt á konungs vald. En með því at Ribbungar höfðu ekki lengra verit út í landit en þar, þá tók [Hákon konungr] sattir af þeim; ok settu [þeir] hónum átta gísla þá er konungi fylgðu heim í Noreg. Hákon konungr snéri heim aptr ferð sínni; ok var um nóttna á Strönd at Gils bónda, þar sem óbrennt var. Svá segja Vernar, at þar lívili heilagr maðr, er Þorgeirr hét. Konungr fór þaðan inn morguninn. Ok var þá brennt hvar sem þeir fóru, þvíat þar kómu öngir menn miskunnar at biðja. Um nóttna eptir var konungr þar sem Saurvíkr heita við Kjölinn; ok fór um morguninn í þá bygð er Hólmadalr heitir. Ok áðr þeir kómu þar, var görr samnaðr í móti þeim þar sem helzt vóru kleifar ok skógar Þróngvastir, ok skutusk menn þar á um hríð. Þá hljópu Norðmenn af hestum sínum ok í skóginн at þeim. En Vermar tóku undan, ok varð af [því] þeirra hlutr harðari en hinna er ekki höfðu í móti tekit. Ok þar var svá vandliga brennt, at þar stóð ekki kot eptir. Í þeirri bygð var skipað mjök Ribbungum, ok flestir bændr vóru handgengnir Sigurði. Svá kvað Sturla:—

- “ Eim lék hyrr með himni ;  
      hljóp eldr í sal felldan ;  
“ vítt hykk ek þegnum þóttu  
      þeim markar ból sveima :  
“ Óðusk allar þjóðir  
      (eið-vandr) konungs reiði  
“ (baug-sendir rauð brýndan  
      brand) í Verma-landi.”

<sup>1</sup> *Glaða-jörs*] thus Esp.; Glaða þorp, Cd.; Glaða þros, Fl., Fr.

A.D. 1225. <sup>(29th January.)</sup> Þá er Hákon konungr reið á Vestri-hólma-dali; þá kómu þar í mótt hónum baði prestar ok bændr, ok háðu miskunnar. Konungr lét þá blása öllu liðinu á vatz-is einn. Þá lýsti konungr því, at menn skyldi hætta at brenda, ok lagði við líf-lát ok lima hverjum er hans boð bryti. Um nóttina var konungr í Vestrahólma-dali at prestz eins í góðum fagnaði. En ekki var at drekka nema blanda; ok hvergi fengu þeir tungát í Vermalandi; en slátr-vist skorti þar eigi, þvíat búit var hvergi undan rekit. Um morguninn fór konungr vestr á skóginn; ok kom at miðjunni degi í sitt ríki, ok var um nóttina í bygð þeirri er heitir á Ánsmörk<sup>1</sup> í Borgar-sýslu á bæ þeim er Folki[n]s-berg heitir; hafði hann þar alla hluti [g]nóga með góðvölfja.

118. Arnbjörn Jónsson hafði fjogur hundruð manna, ok ætlaði at mæta konungi við Eiða-skóg, sem ráð var fyrir gört. Ok er hann fór austr af skóginum; <sup>361.</sup> kom hann á farveg Ribbunga, ok snérisk hann þegar eptir þeim; en þeir fóru inn beinsta veg út til Óslóar. Ok er þeir kómu þar, voru öngir Birkibeinar í bænum; ok því dvöldusk þeir þar ekki, ok snéra út it vestra til Túnsbergs. Arnbjörn kom um kveldit til Óslóar, en Ribbungar höfðu áðr [um] morguninn í brott farit. Þar kom til móts við hann Arnbjörn með hundrað manna, vel búit; en hann sendi aptr annat hundrað af sínu liði þat sem lakast<sup>2</sup> var.

Nikulás biskup var fóstr-faðir Arnbjarnar ok kærr viu. Biskup dvalði Arnbjörn lengi um daginn, ok lézk kenna hónum mörg heil ráð. En þat segja flestir, at því görði hann svá, at hann vildi, at Ribbunga draegi sem lengst undau. Arnbjörn varð síð-búum ór bænum, ok var lið hans mjök drukkit; ok því fór hann skamt um nóttina. En Ribbungar skunduðu ferð sínni sem mest. Ok er þeir kómu út í Hlíðir, var þar fyrir bóndi einu ór Túnsbergi er Reiðúlfr gull-kroppr hét. Ok er hann spurði til Ribbunga, þá

<sup>1</sup> Ánsmörk] Ånsmark, Fl.

<sup>2</sup> lakast] léttast, Fl.

skundaði hann sínum ferð sem mest aprí, ok kom at A.D. 1225.  
miðjum degi til Túnsbergs. Var þá þegar blásit, ok (The  
winter.)

sagt ván ófriðar. Þeir Oláfr höfðu hálft þriðja hun-  
drað manna á bergen. Varla var trúat orðum Reið-  
úlfs, ok var því minnstr gaumr at gefinn. Páls-messu-  
aptan at kveldi kómu Ribbungar í bæinn. Eysteinn  
Róason komsk nauðuliga upp á bergit. Ok er hann  
kom upp í kleifina, þá felldu þeir skutil-svein konungs

62. er Rúnólfr hét. Þar féll ok Grúnr hvíti; ok emi fleiri  
konungs-menn vóru drepnir hér ok hvar í bænum.  
Fjórtán menn fíllu. Ketill staurr hét hirðmaðr, ok  
Eilífr dvergr; hann var gestr. Þeir vóru í lopt-stofu.  
Þeir vörðusk vel ok drengiliga alla nöttina, svá at  
varla finnask dæmi til, at tveir meni hafi betr varizk.  
En þeir Ribbungar rufu húsín yfir þeim, ok lögðu  
þar inn spjótum; ok fíllu þeir þar með drengskup.

119. Um nöttina, er Ribbungar höfðu rannsakat  
bænn, fóru þeir norðr undir Berg, ok brenndu þar  
konungs-skip, tvítog-sessu góða, ok Saetta-spillinn; ok  
alls brenndu þeir sextán skip. Þeir drápu tvá kaupmenn  
saklausa. Þegar sem dagr kom, fóru þeir í brott ok  
vestr á Foldina. Þeir tóku leiðangr konungs, hvar  
sem hann var, ok ræntu bændr ok kaupmenn, hvar  
sem þeir kómu. Um daginn at miðjum degi kom  
Arnbjörn í bænn; var hónum þá sagt, at hann mundi  
ekki fá af Ribbungum at sinni. Snéri hann þá [austr]  
aprí til Valdis-hólma með öllu líði sínu.

120. Símon kýr ok Hallvarðr bratti höfðu farit upp  
á Markir með sex hundruð mamma eptir bodi konungs.

63. Ok er þeir kómu þar, var konungrinn farinn norðr.  
Snéru þeir þá aprí. Hákon konungr snéri inn beinsta<sup>1</sup>  
veg af Folki[n]s-bergi til Oslóar. Ok síðla um kveldit  
kómu menn ór Túnsbergi, ok segja þau tíðindi, er  
þar höfðu görzk. Konungr var um nöttina í bygð  
þeirri er Leirheims-skógr heitir. En um morguninn

<sup>1</sup> beinsta] Fl.; bezta, Cd.

A.D. 1225. eptir fór hann út til Óslóar, ok átti þar stefnu við  
 (The winter.) sveitar-höfðingja; ok sagði svá: "Ek hefti spurt, at  
 " Ribbungar ætla at snúa upp á Heiðniörk í móti  
 " samnaði þeim er bændr hafa þar. Nú vil ek skipta  
 " hernum í þriðjunga. Skal Loðinn Gunnason, ok  
 " Gunnbjörn, ok Upplendingar, hafa einn þriðjung, ok  
 " snúa upp á Raumaríki eptir Ribbungum, ef þeir hafa  
 " stefnt á Heiðniörk eðr þaðau austr. En ef [þeir]  
 " hafa eigi komit á Haðaland, þá skulu þér snúa  
 " vestr á Ása-skóg<sup>1</sup> móti þeim ok út eptir Haðalandi;  
 " en ek mun fara [með] amnan þriðjung upp í Haka-  
 " dal ok it beinsta upp á Haðaland. Þessir sveitar-  
 " höfðingjar skulu mér fylgja: Nikulás Pálsson, Har-  
 " aldr stangar-fylja, Friðrekr slafsi; en Eirekr ljóð-  
 " horn, ok Klemet af Hólmi, ok Haraldr Vésetason,  
 " ok nefndar-menn af Foldinni, skulu fara sem skjót-  
 " ast til Túnbergs; ok eigi lengra, nemia þeir spyri  
 " nökkut til Ribbunga."

121. Lendir menn<sup>2</sup> þeir er [upp] fóru á landit,  
 spurðu at Ribbungar vóru ekki upp um farnir; ok 364.  
 því snérur þeir vestr Ása-skóg, ok fengu harðan veg,  
 ok lágu úti um nöttina, þvíat skógrinn var ekki  
 brotinn. Ok er þeir kómu af skóginum, snérur sýslu-  
 menn upp á Heiðmörk; en lögmenn<sup>3</sup> ok Gunnbjörn  
 it beinsta út eptir konungi. Þá er konungr kom  
 út í Hakadal, kómu þar njósnir í móti hónum; ok  
 segja at Ribbungar höfðu farit af Vestfold ok upp  
 á Ringará; en síðan vissu þeir eigi hvert þeir  
 snérur. Konungr létt segja öllum sveitar-höfðingjum,  
 at þeir væri búnir í óttu. Ok svá var. Konungrinn  
 kom snimma í Uppdal. Ok er hann kom í Haðaland,  
 spurði hann, at Ribbungar höfðu ekki upp farit.  
 Snéri hann þá aptr út eptir bygdinni. Hann var um

<sup>1</sup> *Asaskóg*] Áasa-skóg, Fl.; now Asak-skog.

<sup>2</sup> *Lendir menn*] Sendi menn, Fr.

<sup>3</sup> *lögmen*] thus Sk., Fl., Fr.;  
 | read Loðinn?

nóttina þar sem Gratta-gref<sup>1</sup> heitir. Hann sendi A.D. 1225. Ögmund Ölmoðsson út í bygðina á njósn við tólfta (The winter.) mann, ok höfðu þeir góða hesta. Um kveldit er maðr bjósk, sagði sá er við ljórann var, ok vörð hélt, at njósnar-menn hleyptu apríl í garðinn; ok segja, at ófriðr var. Þeir er fyrst hljópu til vápna, höfðu hleypt í lá� hurðunni, ok var því sein útgangan. Snjór var mikill; ok bað konunginn menn snúa á hæð nökkura ok troða sér gadd, þar til er sveitir kæmi<sup>2</sup> til hans, er umhverfis væri í bygðinni. Þá kom Ögmundr til konungs, ok kvazk hafa mætt Ribbungum er þeir fóru útan; en eigi vissi hann hversu fjölmennir þeir voru. Konungr mælti styggliga til njósnar-manna síンna, at þeir hefði fyrr flýit en þeir burflu; er [þeir] vissu eigi sönn tíðindi at segja. Ok voru görvar aðrar njósnir sterkari með Ögmundi. Hann mælti þetta er hann skildi við konung: "Guð "láti mik svá apríl koma, at ek kenna einhvern "Ribbung, ella kenni hann mik."

122. Þá er Ribbungar fóru af Vestfold, stefndu þeir it beinsta á Upplönd, ok kómu útan at Ringaríki, ok stefndu it beinsta móti Birkibeinum; en hvárigir höfðu sannar njósnir af öðrum, áðr en þessir njósnar-menn höfðu farit, er nú var frá sagt. Ribbunga njósn snéri ok apríl; ok segja, at þeir höfðu sét vápnadá menn; en [eigi] vissu þeir hversu margir voru. Sigurðr sendi þá Erling rúm-staf á njósn við sex menn. Hann reið upp í bygðina; ok spurði, at Birkibeinar voru kommir á Haðaland mjök margir; en Erlingr snéri þá út apríl til Sigurðar. Hann var á bæ þeim er Sóstrangr heitir. Sagði hann Ribbungum, at Hákon konungr var í Haðalandi, "ok því hefir njósnin svá "djarfliga farit í nótt, at ham hefir verit nær."

<sup>1</sup> *Gratta-gref*] Guðlaugr grœf, Cd., now called *Greftegrev*; Gratta berg, Esp.; Bratta gróf, Fl.

<sup>2</sup> *kæmi*] Fl.; hömu, Cod.

A.D. 1225. Sigurðr lét þá göra orð í bygðina, ok lét saman kalla  
 (The winter.) lið sitt. Vóru þeir um nóttina á haugi einum, ok  
 höfðu illa búð. Hann görði menn fimm, þá er kun-  
 nastir vóru, á njósni; ok mættu þeir Ögmundi ok hans 366.  
 félögum á þeim er Jafnakr heitir. Þat var í önd-  
 verða dagan. Félru allir njósnar-menn Ribbunga við  
 kirkju-garðinn.

123. Hákon konungr reið í óttu af bænum með allt  
 liðit; þá mætti hann Ögmundi; var hann þá við  
 annan mann. Konungr spurði, ef hann vissi nökkut  
 til Ribbunga. Hann segir, at hann hefði sét njósnir  
 þeirra við kirkju-garðinn. "Ok munu þér nú skjótt  
 " finna þá, ef þér ríðit mikinn." Vegrinn lá beint  
 með garðinum<sup>1</sup> ok lágu Ribbungar þar drepnir. Ög-  
 mundr mælti til konungs: "Hér bíðr njósni Ribbunga  
 " yðar nú." Konungr segir hann hafa vel sýst. Birki-  
 beinar hugðu þá gótt til, at þeir mundu finna Rib-  
 bunga; þvíat þeir vissu glöggjt hvar þeir höfðu verit  
 um nóttina. Ok fóru þá ákafliga. Ribbungar höfðu  
 staðit [upp] um nóttina, ok snúit ofan til vatzens  
 Týri; ok vóru þeir í brottu er konungr kom þar  
 sem þeir höfðu verit. Snéru Birkibeinar þá eptir  
 farveg þeirra; ok fara mikinn.<sup>2</sup> Ok er þeir kómu at  
 vatninu, fóru Ribbungar af ísinum ok stefndu vestr á  
 Dali. Konungr reið þá sem mest eptir þeim, þvíat  
 þá var eigi langt milli þeirra. Snjór var mikill, ok  
 [vegrinn] svá mjór, at eigi máttu meir ríða en tveir  
 jafn-fram. Þeir Ribbungar, er seiustir vóru, höfðu  
 hæði kastað klæðum ok vópnum. Þeim var kunnigt  
 upp á Dalina; ok snéru þangat fyrst er mestar vóru  
 óferðir, ok þróngvastir vegir. Ok er þeir kómu á  
 brekku nökkura háfa, svá at þeir máttu sjá Birkibeina  
 á ísinum, þá görðu þeir ráð sitt, hvárt þeir skyldu  
 upp á Pela-mörk, eðr upp í Haddingja-dal, ok svá upp

<sup>1</sup> *Ok munu . . garðinum]* om. Sk.; add. Fl.

<sup>2</sup> *mikinn]* Fl.; mikit, Cd.

á Valdres. Ok þat tóku þeir af; þvíat þá þóttusk þeir A.D. 1225. mega snúa norðr í Sogn til sjóvar, eðr austr í Eystrí-<sup>(The winter.)</sup> dali. Þeir fóru sem mest máttu þeir.

367. 124. Hákon konungr stöðvaði lið sitt þá er hann kom í vatn-botninn. Var raunsakat liðit, ok var eigi meirr en tvau hundruð [fyrir] útan sveina. Konungr átti þá tal við menn [sína], ok af löttu flestir at fara lengra, þvíat reiðskjótar þeirra voru mjök farnir. Konungr snéri út um Móðheim it beinsta til Túnbergs. Dreif þá enn lið til hans. Fýstu Upplendingar, at hann skyldi fara upp á Heiðmörk, ok gæta þess styrks er þar var; þvíat Heinir höfðu svá drengiliga saman haldit, at Ribbungar kómu þar aldri sínum metum við. Sumir fýstu, at konungr feri út í Víkina, ok réði þar til skipa. En þeir er konungi höfðu norðan fylgt, báðu hanu fara út til Túnbergs, ok bæta at þeim skipum er brenud voru; ok fara síðan norðr [ok] taka sér þar skipa-styrk. Þá kómu ok menn ór Túnbergi, ok segja, at bréf væri komin norðan frá Skúla jarli. Ok því snéri konungr út þangat.

Bréf jarls váttuðu svá, þau er hann sendi norðan til konungs, at hónum þótti eigi öllum einka-málum haldit við sik, er konungr sat eigi í Björgyn um Jólin; en hann fór norðan, eptir því sem mælt var, 368. at konungr skyldi göra brúllaup sitt eptir Jólin. Þat lét jarl ok fylgja, at haun mundi bíða konungs til Páska. En ef hann kæmi þá eigi, þótti hónum ekki haldinn trúnaðr við sik; mundi hann þá göra sem hónum líkaði, hvárt hann héldi nökkurn trúnað eðr öngvan. Allir konungs-vinir báðu hann halda af sínni hendi allt. Ok því af lattisk ferð hans á land upp. Ís-lög voru svá mikil, at eingi maðr mundi slík. Ok þó at menn gengi á hin hæstu fjöll, þá sá þeir hvergi til vaka; en skip sá þeir mörg frosin í ísum, bæði kugga ok önnur skip. Ok gengu menn af skipum suðr í Víkinni; ok voru á leiðinni tvau dægr eðr hálf annat,

A.D. 1225. ok vissu ekki til vaka út frá skipum sínum. Mörg  
(The winter.) skip hurfu um várit, svá at ekki spurðisk til.

125. Hákon konungr sendi Gauta prest austr í Vetta-hérað at taka leiðangr sinn; ok reið hann austr yfir Foldina it beinsta með boðunum. Ok innan [fára náttu] kom hann aptr ríðandi með þrjú hundruð hesta, ok var þat sjau nóttum eptir Mið-föstu; ok voru þá enn öruggir ísar um alla Foldina. Konungr létt ráða til at bæta skip þau er brennd vóru, Sætta-spillinn, ok fleiri þau er bætandi vóru. Þat skip er Uxinn hèt, stóð uppi í því uppsátri er norðast<sup>1</sup> er undir berginu við Dana-kleifina. Þat höfðu Birkibeinar varit, svá at eigi var brennt; ok svá vel er sú uppsát komin, at þat skip fær vart eldi af berginu.

126. Þá er Sigurðr Ribbungr spurði at konungr<sup>369</sup> hafði sezt á berginu, stefndi [hann] til sín öllu liði sínu. En bændr á Heiðmörk lágu í samnaði ok gættu sín vel ok drengiliga; en Ribbungar sátu þess meirr um. En eptir þat er Hákon konungr hafði ellta Ribbunga af Ringaráki, var þat nökkura hríð, at ekki spurðisk til heirra; ok þá slitu bændr samnaðinn, ok höfðu þó vörðu um bygðirnar. Er sagt, at þeir vóru nökkurir menn, at svá vóru ótryggir bóndum, ok lítlir vimir konungs, at þá sendu orð Ribbungum leyniliga. Ok fóru þeir þá af Raumaríki með öllum her sínum, ok kómu upp á Heiðmörk í bygð þá er Skaun heitir [eptir miðja nótt]. En sú bygð var skipnð af kirkjum ok bæjum góðum. En jafn-skjótt sem varð-menn urðu varir við, þá hringðu þeir her-klukkunni at höfuð-kirkjunni á Stöngum. En fyrir því at Ribbungar vóru kómnir í miðja bygðina, þá var illt at samna liðinu; þvíat þeir drapu hvern er til vildi hlaupa samnaðarins. Þeir brenndu tvá bæi mikla, Óttastaði,<sup>2</sup> ok Hverfin; ok bjoggu þar tveir konungs-menn þeir er

<sup>1</sup> norðast] nerðst, Fl.

<sup>2</sup> Ottastaði] thus Fl.; Kastadi, Cd. See Muneh, 142.

mestu réðu með bónnum. En [er] bændr sá brennuna, A.D. 1225. þá sníru þangat sumir, en sumir til samnaðarins. En Ribbungar riðu um bygðma, ok drápu hvern er þeir náðu. En þar sem sýslu-menn vóru, ok helzt var 370. nökkur samnaðrinn, þá ríðu þeir þangat sem þeir sá flesta Ribbunga fyrir. En sá maðr var merki bónda er Jónn sandhafri<sup>1</sup> hét, vaskr maðr; hann reið svá ákafliga [at] hann féll áðr en liðit kom saman, ok fleiri menn með hónum. En er bændr sá fall sínum manna, leituðu þeir undan, ok sá hvern fyrir sér. Ribbungar ráku flóttann, ok drápu hvern er þeir máttu. En þegar sýslu-menn kómu lengra norðr í bygðina, þá skáru þeir upp herör á nýja-leik. En þá fór sem mælt er, at "illt er flyjanda at hepta." Nökkurum tveim sinnum eðr þrim kómu bændr í samnaðinn; en þegar þeir sá fjölmenni Ribbunga þá létu þeir undan. Ribbungar vóru því djarfari sem þeir sá at bændr vóru hræddari. Eptir þetta leitaðu Birkibeinar fyrir sér. En Hallvarðr biskup fór þá til Ribbunga, ok tók grið af þeim til handa bónnum. En konungs-menn fóru vestr yfir vatnið, ok út um Þótn, ok svá til Túnsvæðis. Ívarr á Skeðju-hofi ok Þorgeirr biskups-maðr sögðu konungi þau tíðindi er görzk höfðu. Konungi líkaði þetta stór-illa. Þeir láðu konunginn fara upp á Heiðmörk at Ribbungum. En þá var sem fyrir, at inir sömu af töldu fyrir konungi, ok láðu hann norðr fara eptir cinka-málum þeirra jarls.

371. 127. Ribbungar tóku sé þeirra manna er fallit höfðu; en lögðu stór gjöld á bændr; ok saettusk með því móti. Ribbungar fóru þá út í Víkina heldr mjök djarfliga. Nökkurar sveitir fóru svá nær bænum, at eigi [var] meirr en ein röst milli. Sem konungr spurði þetta, þá nefndi hann nú sveitir ór bænum at fara at Ribbungum; ok vóru þessir formenn fyrir: Gunnljörn, Haraldr stangar-fylja, Ívarr af Skeðju-hofi,

<sup>1</sup> sandhafri] Fr.; landhafri, Cd.; landhafr, Fl.

A.D. 1225. Guttormr Erlingsson, Ísakr í Bæ. Þeir fundu Ribbunga inn í Oslóar-héraði á bæ þeim er Angleysa<sup>1</sup> heitir. Par varð bardagi, ok fengu Birkibeinar sigr. En þar fell Nikulás Reiðars-bróðir, inn mesti maðr af Ribbungum, ok túa tigir manna með hónum. Eptir þetta þorðu Ribbungar ekki at fara svá nær bænum í Túnbergi sem þeir höfðu áðr farit.

128. Þórsdag í Páska-viku lét konungr draga skip sín um þvert nesit fyrir útan Skelja-stein, ok síðan út í Hundsund. Var þar þá enn öruggri iss; en hafísar vóru leystir, ok öll sund fyrir útan. Eptir Páska-viku sigldi Hákon konungr norðr til Björgynjar, ok var fimm nætr á leiðinni. Skúli jarl var í Björgyn fyrir, ok fagnaði vel konunginum. Var þá ráðit til brul-<sup>372.</sup> laups-görðar Hákonar konungs ok jungfrú Margrétar, ok boðit lendum mönnum ok inum beztum bóndum um öll Gula-þings-lög; þar kómu ok lærdir menn margir. Brullaupit var sett Þrenningar-messu-dag, ok stóð fimm nætr með sæmiligri veizlu, sem til var ætlat. Konungr veitti öllum karlmönnum í Jóla-höllinni; en dróttningin var uppi í sumar-höllinni, ok konur með henni; en klaustra-menn vóru sér allir í stofu einni, ok vóru fimm ábótar fyrir þeirri sveit.

129. Fyrir brullaupit sendi konungr átta tigi mauma upp á Valldres; ok vóru þessir formenn: Álfur standveykr,<sup>2</sup> Gunnarr samr, Klemet langi. Þetta var fyrir þá skyld gört, at þeir skyldi halda vörð meðan brullaupit væri, svá Ribbungar görði þeim ekki hark. En er þeir kómu á Valdrés, vóru þar fyrir nökkrar sveitir Ribbunga; ok fóru Birkibeinar þegar at þeim, ok börðusk við þá. Þar fellu margir Ribbungar, ok tveir formenn þeirra; hét annarr Ulfr skygnir, en

<sup>1</sup> Angleysa] Agnleysa, Cd.; Agn-  
lausa, Fl.; ep. Munch, 173, nu Löse, | <sup>2</sup> standveykr ] standreykr, Fl.  
in the parish Angr, i.e. Anglöysa. | (false); ep. Dipl. Norv. ii. 207.

annarr Þórir pæla.<sup>1</sup> Eptir þat snéru Birkibeinar norðr A.D. 1225. í Guðbrands-dali. Urðu þá enn árásir með þeim ok Ribbungum, ok höfðu Birkibeinar optast betr. En þeir misstu einn formann sinn, Guunar sám.

373. 130. Hákon konungr ok Skúli jarl vóru lengi um sumarit í Björgyn. Þá lét konungr göra út leiðangr, bæði at liði ok vistum, um öll Gula-þings-lög. Síðan bjósk hann austr í Vík, ok hafði fimm tigi<sup>2</sup> skipa, en Skúli jarl snéri norðr til Þróndheims. Svá var [ráð] fyrir gört, at jarl skyldi þegar [er] hann kæmi norðr, fara á land upp ok finna konung uppi við Mjörs. En sá þeirra sem fyrir kæmi, skyldi ráða til skipa-görðar. Þá er konungr sigldi fyrir Jæðar, kom þar buza ein af Englandi, er á var Jón stál; hann hafði farit til vöku til ins helga Thomas erkibiskups. Þeir sigldu nær konungs-skipinu. Konungr spurði eptir erkibiskupi; en þeir sögðu hann í Englandi, ok búinn til Noregs. Konungr spurði hverr erkibiskup var. Jón svarar: "Sá, er þér vilit, herra, Pétr á Húsa-stöðum." Konungr þakkaði þat Guði. Um kveldit, er konungr kom til Hafnar, görði hann bréf aptr í móti erkibiskupi hvar sem hann kæmi at, ok hann skyldi vera Guði vel kominn [ok svá hónum]. Þá er konungr sigldi inn fyrir Líðandisnes, kom þar móti hónum Friðrekr slafsi; ok sagði hónum, at Ribbungar vóru þar víða í bygðum, ok görðu mart illt, bæði konungi ok bónendum. Konungr veik þá til inn-sunda, ok görði létti-skip inn í Marna-dal at Ribbungum. Þeir drápu nökcura menn af þeim. Síðan fóru þeir austr lengra, ok fengu hér ok hvar menn af Ribbungum. En er 374. konungr sótti inn í Víkina, var hónum sagt, at Ribbungar vóru austr á Nesjum, ok í Skíðunui. Þá görði sá maðr brullaup sítt, er Grímarr svangi hét. En er konungr spurði þat, þá steig hann á skip, ok fór í Skíðu at Ribbungum. En þeir fengu njósn, ok fóru

<sup>1</sup> en . . pæla] add. Esp

| <sup>2</sup> fimm tigi] l., Cd.; xxxv., Fl.

A.D. 1225 ór bænum um nöttina; en konungr kom í dagan. Ok er hann missti þeirra þar, þá snéri hann út eptir firðinum, ok sigldi inn í Víkina, ok austr eptir Grindhólma-sundi, ok þaðan inn til Oslóar. Krossmessu-aptan kom hann inn til Nes-odda með sextán<sup>1</sup> skútum. Þar skipti hann liðinu; röru sjau skútur inn undir Þraelaberg; var þar fyrir Ívarr á Skeðju-hofi. Þeir gengu upp, ok lágu um nöttina í Elvinar-egg. En í dagan um morguninn röri konungrinn inn til bæjarins. Ribbungar<sup>2</sup> voru í bænum, ok hljópu upp þegar þeir urðu varir at skúturnar kómu at bryggjum. Þeir stefndu upp ór bænum. Þeir [Ívarr] kómu þar í móti þeim. Hljópu Ribbungar þá aptr í bæinn; varð þá lítil móttakan. Ribbungar féllu þar betr en tuttugu menn, en allir aðrir kómusk í kirkjur. Gaf konungr þeim grið um morguninn. Svá segir Sturla í Hákonar-kviðu :—

“ Ríkr gaf hlenna-hneykir  
her-þrungit Ribbungum  
“ ógnar-skýs í Oslo  
eitt kveld megin-sveitum :  
“ Mildr kom heimskum<sup>3</sup> höldum  
hervígta glap-stígu ;  
“ kenndi langt í landi  
Lauf-víkinga ríkis.”<sup>3</sup>

375.

Þegar um kveldit fór konungr ór bænum, ok út til Túnsergs it beinsta.

131. Þá er Pétr biskup kom í land, sendi hann bréf til konungsins þau er pávinnu hafði ritað með hónum, at konungr væri vin erkibiskups. Erkibiskupinn bað ok konunginn vináttu í sínum bréfum, [ok] hét í móti sínni vingan með fóstum trúleik. Í þenna tína kómu

<sup>1</sup> *sextán*] Fl., Fr.; xiiij., Cd.

<sup>2</sup> *röri . . . Ribbungar*] réru þeir at bryggjunum; þeir stefndu upp til bæjarins. Ribbungar, Fl.

<sup>3</sup> *heimskum*] add. Fl.; om Sk.

<sup>4</sup> *kenndi . . . ríkis*] thus Fl.;

kenndu langt . . . víkingar, Cd.; Fr. and Esp. om. the latter half of the verse. (Lauf-víkinga = Birkibeina.)

til konungs bréf frá jarli ok Kórs-bræðrum í Níðarósi ; ok A.D. 1225.  
 sögðu þeir svá í sínum bréfum, at Pétr svikarinn var  
 kominn í land, er keypt hafði erkibiskups-nafn með  
 fé ins helga Óláfs konungs, ok báðu konunginn taka  
 hann sem annan svikara heilagrar kirkju. Þessi sömu  
 bréf sendi konungr til erkibiskups, ok þar með sín  
 bréf, ok bað erkibiskup bíða sín í konungs-garði, eðr  
 fara austr til sín. Bauð konungr sjálfan<sup>1</sup> sik til at  
 fylgja hónum norðr til staðarins. Þá er konungr kom  
 norðr til Túnsbergs, kómu til [hans] stór-skip þau er  
 hann hafði af gengit; var þar á drótning ok konungs-  
 376. mōðir. Þá kómu ok til hans lendir menn ok sýslu-  
 menn ór Víkinni. Bjósk hann sem skjótast inn til  
 Oslóar. Þá kom prestr einn Danskr til konungs frá  
 Sigurði Ribbung með bréfum. Hann bauð konunginum  
 bardaga-stefnu við vatn þat er Drafn heitir. En  
 mönnum þótti konungr eigi þangat mega fara stór-  
 skipum fyrir straumum. Þá segir prestr : " Bauð hann  
 " yðr ok þann kost, at þér skylduð fara inn til Oslóar,  
 " ok ganga norðr á Leir[u], ok mun hann þar koma at  
 " berjask við yðr; þá fara allir jafn-langt<sup>2</sup> til." Kon-  
 ungrinn játaði þessu glaðliga. Þá dró prestr málit;  
 [sagði] at Ribbungum þætti jafnt, at konungr riði  
 upp til Eiðs, en þeir kæmi þar til móts, ok berðisk á  
 Eiðs-velli. Konungr svarar: " Lengra sækjum vér þá  
 " til Birkibeinar, er farit höfuð nordan ór Björgyn á  
 " skipum, en ríðum nú átta rastir á landi til móts  
 " við þá, en þeir fara þrjár vikur skammar eptir vatni.  
 " En ef Sigurðr vill þar finna oss heldr en í öðrum  
 " stöðum, þá far nú sem skjótast, prestr, ok seg Rib-  
 " bungum, at þeir skulu mega sjá merki Hákonar  
 " konungs á Eiðs-velli, þegar sem Guð gefr tíma til."  
 Eptir þetta fóru Birkibeinar sem skyndiligast inn til  
 Oslóar.

<sup>1</sup> sjálfjan] Fl.; sjálfri, Cd.

<sup>2</sup> jafn-langt] Fl., Fr.; jafnliga, Cd.

A.D. 1225. 132. Skúli jarl görði sem þeir konungr höfðu rætt sín í millum, at hanu fór á land upp; ok með hónum Gregorius Jónsson ok Páll vaga-skálm, Nikulás son <sup>377.</sup> hans, Petr í Gizka. Jarl hafði mikit líð ok frítt. Hann hafði látið síð skipa-saum margan, ok var fluttr í klyfjum; hann hafði ok marga skip-smiðu með sér; ok fór mjök ákafliga, ok kom í sunnan-verða Guðbrands-dali. Sendi hann fyrir sér hálf annat hundrað mamma. Var þar fyrir Kolbeinn kettu-hryggr ok Ívarr útvík. Þeir kómu til Hamars at miðjum degi. Þar var þá Sigurðr Ribbungr í baði, ok komsk nauðnliga undan<sup>1</sup> á skip sít; en þar félhu nökkurir menn af þeim. Hann röri þá út á vatnit, ok kallar á Birkibeina, ok spurði hverr fyrir liði því væri er norðan var komit. Jarl svarar: "Skúli er fyrir því liði," segir hann. Eptir þetta rær Sigurðr út til eyjarinnar þar sem lið hans var fyrir, ok sendi Erling Rúm-staf á fund jarls; ok var hann þar vel tekinn. Ok síðan fundusk þeir Sigurðr ok jarl við sá menn, ok töluðusk við um hríð. Eptir þat tók jarl skip biskups til sín ok öll önnur þau er haim fékk. Þá lét hann ok reisa sinni skip, þau er svá vörn stór, at slík hafa eigi gör verit fyrr á Upplöndum; ok urðu þau mjök gör af hrapaði.

133. Þá er Skúli jarl fór ór Þróndheimi,<sup>2</sup> sendi hann grá-munck einn með bréfum til Hákonar konungs; ok maëtti [hann] konunginum á firðimum þá er hann fór inn til Oslóar. Hann segir, at jarl var farinn á Upplönd, ok bað konung hvata til móts við hann; ok segir, at jarl mundi ráð fyrir göra, at skip skyldi eigi <sup>378.</sup> skorta; bað þó konung hafa saum með sér ef til þyrfti at taka. Nikulás biskup var fyrir í Osló; ok görði orð, at hann vildi leita um sættir með Ribbungum ok Birkibeinum. Þá fundusk ok bréf þau, er konungi

<sup>1</sup> undan] Fl. v̄ daḡ, Cd.

<sup>2</sup> Þróndheimi] Fl., Esp.; Tunseberg, Sk., Fr.

þótti eigi allr trúnaðr haldinn við sik af biskupi, A.D. 1225. eptir því sem hónum þótti hann hafa játað sér. En biskup bað konung vægja sér um þessi mál. Síðan fór konungrinn á land upp, ok allir lendir menn með hónum ok allt it léttasta fólk; en Hallvarðr bratti, ok nökkurir aðrir sveitar-höfðingjar, vóru eptir at gæta skipanna, ok lögðu þeir öllum skipunum út í Elgjar-nes. Þar vóru á konungs-skipi, dróttning ok konungs-móðir. Konungr var ina fyrstu nött at Gunnars á Bergi, en aðra at Ámunda lögmanns, í góðum fagnaði. Um morguninn fóru Birkibeinar upp til Eiðs. Kómu þá njósnar-menn móti þeim; ok segja, at Ribbungar mundu vera fyrir þeim á Eiðs-velli.

134. Hákon konungr átti tal við lið sitt hjá brú einni. Lýsti því, er hónum var sagt, at Sigurðr Ribbungr ætlaði at halda orrostu við hann um daginn. Því fögnuðu allir Birkibeinar, at sá fundr yrði sem fyrst. Var þá farit sem ákafligast. Ok er þeir kómu upp at kirkju, þá hleypði allr herrinn ofan eptir brekkunni til árinnar; þvíat þeir hugðu at þar mundi herr Ribbunga fyrir vera, eptir því sem þeir höfðu sjálfir boðit Hákoní konungi. En þeir héldu þenna stefnu-stað sem þeir höfðu aðr aðra haldit, at eingi þeirra var þar kominn í móti Birkibeinum. Snöri konungr þá aprí til bæjarins, ok skipti þar hernum í garða; hann var í prests-húsum. Hann sendi þá njósnar-menn bónum upp um vatnit, at segja jarli, at konungr var kominn, ok bað hann senda skip í móti sér sem skyndiliggast. Lítlu síðarr kómu sendi-menn frá jarli, Nikulás kartr. Peir segja konungi, at þar vóru með þeim hirðmenn Sigurðar Ribbunga, Erlingr Rún-stafr ok Alfr Stysson, ok vildu hafa gríð af Birkibeinun til viðtals. Konungrélt ekki eiga van-talat við Ribbunga. Nikulás kvað þetta vera ráð jarls, at dvelja svá stundina fyrir Ribbungum til ráða-görðar; þvíat skipin vóru eigi fyrr búin en eptir fjóra daga liðna—þá mundi öll á floti, ok búin at öllu. Konungr játtáði [þá at] sendimenn

A.D. 1225. Ribbunga kæmi í friði til tals við hann. Þeir kómu, ok báru upp örendi sín; ok segja, at Sigurðr byði sættir ok beiddisk skiptis á landi.

Hákon konungr svaraði svá: "Meira kostaði Sverri komung, föður-föður minn, ok fleiri vásbúð hafði ham en vér höfum eum haft, áðr hann fengi undir sik Noreg af sínum óvimum; ok leituðu þó margir á hann síðan er hann fékk ein-valdit; ok lét hann ekki skipti á ganga annat, en bað Guð skipta eptir því sem hans miskunn er til. Nú megi þér ok svá segja höfðingjum yðrum, at ekki landa-[skipti] mun ganga 380. með oss annat en Guð skipti. Vitu vér ok eigi, hvárt Sigurðr er son Erlings, eðr eigi. En þat vitu vér til víss, at hann er eigi son Magnúss konungs; ok þat var fals eitt, er hann fór með, sem þeim er kunnigt er nú sitja hér hjá, þér, Arnbjörn Jónsson, ok þér, Gunnbjörn, ok þér, Símon kýr." Arnbjörn hafði þar fátt um; en Simon kýr sagði svá: "Þat er öngum manni jamm-kunnigt sem mér, at ekki þjómuðu vér þeim Erlungi sem ek sá á steinvegginum í Vissinsey; en þó þotti mér þessi góðr meðan ek var með hónum." Eptir þetta skutusk þeir á nökkrum orðum, Simon kýr ok Ribbungar. Þar næst háðu Ribbungar, at friðr skyldi vera um vetrinn, ok hefði þeir Upplönd til varnar. Konungr neitaði því. Þá beiddusk þeir at hafa Heiðmörk ok Raumaríki til várss. Konungr svarar: "Ef þér sitið í friði í vetr, þá dragi [þér] at yðr margan þjóf ok vándan dreng, sem þér erut vanir; man [þá] þyngra at hrinda yðr í brott en nú." Þá fóru Ribbungar ofan til skips; en konungr sendi þá menn með Nikulási,<sup>1</sup> ok sögðu þeir jarli viðraður konungs ok Ribbunga. Þeir sögðu jarli, at konungr mátti með öngu móti dveljask lengr á Eids-velli en átta nætr, en á níunda degi varð hann brott at fara; ok var sá næstr eptir Allra-heilagramessu.

<sup>1</sup> i.e. Nicholas kart.

135. Þá sendi jarl Nikulás Pálsson til konungs ; ok A.D. 1225.  
 sagði, at skip vóru búin ; en ekki segir hann sýnask  
 mönnum þau mjök þéttlig. Jarl bað, at konungr skyldi  
 senda til hans nökkut lið. Konungr sendi til hans  
 átta sveitir, ok þessa formenn : Ívar af Skeðju-hofi; ok  
 Saxa blaðspjót. Konungr görði ok menn með Niku-  
 lási til jarls, ok bað hann koma til sín með skipum  
 381. eðr senda hónum þau skip er fær væri. Sem Nikulás  
 kom til jarls, hafði hann flotað skipum, ok vóru þau  
 svá lek, at varla varð flotað eðr upp ausit, ok með  
 öngu móti herfaer. Þá höfðu Ribbungar farit ór Eymni  
 með skipum sínum ok hingat [ok þangat] í ár-minnin  
 eðr fjörðu. Ok er jarl spurði þat, fór hann norðr á  
 Ringis-akr á skipum sínum, ok vóru þar sum brennd,  
 en sum upp höggin. En jarl snöri norðr til Prónd-  
 heims með her síun ; ok kómu öngar orðsendingar at  
 því sinni til konungs af jarls hendi.

136. Hákon konungr beið á Eiðs-velli svá sem þeir  
 jarl höfðu við mælk. Hann fór síðan í brott með  
 öllum sínum her, ok ætlaði út til skipa sínum. Ok er  
 hann kom á Raumaríki var hónum sagt, at Ribbungar  
 höfðu farit út um Þótn með skipum sínum ok  
 svá út á Haðaland,<sup>1</sup> ok ætluðu at draga skip sín í  
 vatn þat er Týri heitir á Ringaráki. Nú snöri konungr  
 ferð sínni, ok fór út um Hakadal ok svá á  
 Haðaland. Mestr þori liðsins snöri út til skipanna ;  
 vóru þeir sumir er eigi vissu at konungr hafði apr  
 snúit, en sumir höfðu eigi dreng í serk sér at fylgja  
 hónum. Konungr var ina fyrstu nött i Hakadal. En  
 um morguninn at miðjum degi mataðisk hann á Gul-  
 lynn ; þat er á Haðalandi. Þá var konunginum sagt, at  
 382. nökkurar sveitir af Ribbungum drógu her saunan ok  
 skip sín út um bygðina. Konungr sendi þá Ívar nef  
 fyrir ok lið með hónum ; en konungr fór seinna. Ok  
 er hann kom í bygð þá er Branda-bú heitir, kómu menn

<sup>1</sup> út á Haðaland] thus Cd.

A.D. 1225. í móti hónum, ok segja at Ívarr var elltr á skóginum Kjölvög, ok margir menn dreppir af hónum. Lítlu síðarr komi Ívarr, ok sagðisk hafa [riðit] austr á skóginum um hríð; "Ok þá kómu menn af Ribbungum; ok " vissa ek eigi hversu margir voru," sagði hann, "ok " fóru þeir sam-fleytt; en vér sundr-slita; þvíat oss " varði eigi, at svá skjótt mundi at bera með oss. Ok " er vér fundumst, fengu vér varla vápnunum fyrir oss " komit; þvíat skógrinn var þykkur; ok því næst " hljópu mínir menn á skóginum ok hlifðu sér með " því; en ek fékk snúit mínum hesti ok nökkurir " menn með mér; ok riðu vér aptir veginum."<sup>1</sup>

137. Hákon konungr hélt liðinu á haugi einum um daginn, ok lét skora liðit, ok var þá eigi meirr en þrjú hundrað manna af þeim famtán er hónun fylgðu á land upp. Svá sem á leið daginn, kómu þeir af skóginum er elltr voru, ok þeir hugðu fallna; ok því beið konungrinn um daginn. Þá var hónum sagt, at Sigurðr Ribbungr mundi koma þar með her sínum; ok því hélt konungrinn saman liðinu um nóttina. Þorbjörn grómr, hirðmaðr konungs, kom um dagsetrs-skeið, 383. ok nökkurir menn með hómum; ok voru sumir flettir klæðum, en sumir særðir af Ribbungum. Um morguninn í lýsing görði konungr frá sér hálft hundrað manna með hestum á njósn við Ribbunga; ok kómu þeir aptir at miðjunum degi, ok sögðu Sigurðr hafa snúit út aptir á Haðaland,<sup>2</sup> ok aetlaði upp til Eyjarinnar<sup>3</sup> með skipum sínum ok liði. Konungr þóttisk skilja at ekki mundi tjóa at rekask eptir þeim upp til vatnsins, þar sem hann hafði eingi skip; ok því snöri hann upp aptir á Haðaland, ok var um daginu at Bárðar prósasts á Grön í góðri veizlu.

138. Nikulás biskup var þá mjök sjúkr. Hann görði

<sup>1</sup> *veginum*] Fl.; yðr, Cd.; eptir pat, Fr.

<sup>2</sup> *út á Haðaland*] thus Cd., see Munch iii. 709, footnote.

<sup>3</sup> i.e. the island in the lake Miörs; see Munch, iii. 709, foot-note.

orð konunginum, at hann kæmi til hans. Konungr A.D. 1225.  
hafði fundit bréf nokkur<sup>1</sup> í þessarri ferð, þau er hónum (Novem-  
þótti eigi allr trúnaðr á vera af biskupi til sín; ok  
bar hann þat á hann. En biskup gékk við, ok bað  
konung fyrir-gefa sér. Hann kvezk þat gjarna vilja  
fyrir Guðs sakir. Konungrinn þóttisk skilja hvar þá  
var komit mætti biskups. Ok fyrir því dvalði hann  
ferð sína þar til er Guð kallaði hann af heiminum.  
Hákon konungr fylgði líki hans til graftrar, ok görði  
vel ok virðuliga sem vera átti; þvíat Nikulás biskup  
var inn mesti ágætis-maðr ok stórræða um fram alla  
384. lærða menn í Noregi. Hann var ok kominn af inum  
staerstum ættum í Svía-veldi ok Danmörk, en þó vel  
ættaðr innan-lands. En þótt hann væri eigi vin Birki-  
beina, já sagði Hákon konungr svá, at varla hefði  
slikr maðr verit sem Nikulás biskup til veraldar vits  
ok sæmðar.

139. Hákon konungr fór ór Túnsbergi, ok gaf heim-  
leyfi Dagfinni bónda ok Gauti á Meli ok öðrum mönu-  
num norðan ór landi; en hann bjósk austr til Elfar.  
Dróttning ok konungs-móðir fóru upp á Bergit, ok  
hafði Gunnbjörn þar forsjá fyrir meðan konungrinn  
var austr. Sem konungr var í Konunga-hellu kom  
þar móti hónum Áskell Lögmaðr, ok Frú Kristín.  
Lögmaðrinn segir svá, at Eirekr konungr ok allir  
Gautar höfðu stórar átölur við Noregs-konung um  
ferð já er hann fór í Vermaland. En konungrinn segir,  
at þat var Lögmanni kunnigt, [hversu] opt hann hafði  
bedít, at Svía-konungr skyldi brott reka þá þjófa ór  
sínu ríki, er hversdagliga stálu ok ræntu í ríki Noregs-  
konungs. Lögmaðrinn kvazk þat görla vita; en sagði  
svá, at Svía-konungr var mjök bernskr, “En hefir þá  
“ fá ráðgjafa er hónum eru fullkomliga trúir; hefði  
“ þeir hónum verit heilráðir, já mundi þeir hreinsat  
“ hafa sitt land af þessu illþýðis-fólki.” Lögmaðrinn

<sup>1</sup> *Konungr . . . nokkur*] Fl.; “hann” hafði bréf fundit nokkut, Cd.

A.D. 1225. var í boði konungs; ok fóru allir hlutir vingjarnliga  
 (Novem- með þeim at þessu sinni. Þá voru margir fornir  
 ber.) Beglingar með Hákoní konungi: Loðinn Gunnason,  
 Símon kýr, Hallvarðr bratti. Konungr hafði þat til 335.  
 gamans, at hann galþaði þá um þat, at þeir hefði  
 eigi þjónat réttum konungs-syni þá er þeir voru með  
 Erlingi Steinvegg; ok áttu margir menn hlut í þessu  
 tali. En Lögmaðrinn hlýddi til, ok mælti til konung-  
 sins síðan: "Vili þér, herra, lofa oss Gautum at eiga  
 " hlut í gabbi yðru Norðmanna?" En því játuðu  
 allir. Þá mælti hann: "Eigi skiptir mik miklu um  
 " gabb yðart, eða [hvæt] ferr í Noregi fram; en eigi  
 " vilda ek ósatt segja þat er ek vissa. Er mér ó-  
 " kunnigt um þat hvárt Erlingr þessi var son Magnúss  
 " konungs, er Baglar þjónuðu; en þat vissa ek sann-  
 " liga, at eigi var hann sá Erlingrinn er sat í stein-  
 " vegginum með oss í Vissinsey; en svá segju vér, at  
 " sá var son Magnúss konungs. Ok hygg ek [af því]  
 " at þér hafit<sup>1</sup> rangt þjónat, at þessi hafi gefit sér  
 " nafn hans ok viðr nefni. En þú munt þetta vita,  
 " Simon kýr, þvíat þú vart inni byrgðr<sup>2</sup> með hónum." Konungr mælti þá til Símonar: "Seg nú, Símon, þat  
 " er þú veit sannast fyrir Guði um þetta mál." Símon segir: "Þat veit ek fyrir Guði, at mér er  
 " þetta kunnigt, þvíat ek sat í steinvegginum með  
 " Erlingi, ok var ekki þessi sá Erlingr. En því  
 " þjónuðu vér þessum, at vér vildum fá einhvern  
 " þann er móti stæði Birkibeinum." Konungr skír-  
 skotaði þá undir þá menn er hjá voru, at Símon gækk  
 við með hverju falsi þeir höfðu farit, ok þeir allir er  
 síðan þjónuðu afkvæmi þessa Erlings.

140. Hákon konungr ok Áskell Lögmaðr skildusk 336.  
 með myklum kærleikum, ok gað hvárr öðrum saemiligar  
 gjafir. Þá bauð konungrinn herra Knúti frænda sínum  
 at fara með sér í Noreg, ok hét hónum þar myklum

<sup>1</sup> *hafit*] þm, add. Cd.

<sup>2</sup> *byrgðr*] byrðr, Cd.

sæmðum fyrir sakir föður hans ok frændsemi þeirra. A.D. 1225.  
 En móðir hans réð er hann fór eigi. Eptir þat fór konungrinn norðr til Túnsbergs, ok kom þar Jóla-aptan, ok sat um Jólin á Berginu. Þessi var inn níundi vetr konungdóms hans. Eptir Jólin fór kon-<sup>1225-6.</sup> ungrinn ór Túnsbergi norðr til Björgynjar at afla sér liðs, þvíat Ribbungar styrktusk þá mjök í Yíkinni ok á Upplöndum. Konungr setti eptir Gunnbjörn á Berginu með hundrað manna. Konungrinn hélt út [it] eystra, þvíat öll sund voru ísuð. Hann lá sjau nætr í Hvöllum. Þá kom Gunnbjörn til konungs, ok sagði at menn vildu eigi sitja á Berginu, þeir sem hann hafði til nefnt. Konungr fór þá apríl efra til bæjarins; ok átti tal við sína menn, ok lagði þeim við stóra afar-kosti ef þeir gæti upp Bergit. Síðan fór hann apríl til skipa sínum. Sá atburðr varð í Túnsbergi, at reisa skyldi tré á konungs-skipinu. Ok þá er reist var, tók tréit at falla fram at stafni eptir stokkinum. Konungrinn stóð undir er tréit reið; ok tók maðr í belti hónum ok kipði hónun út at bordinu. Görði Guð þar myklar jartegnir, þvíat öngvan mann sakaði, en margir urðu midir. En þat olli,<sup>1</sup> at íss var í stallinum.

387. 141. Þá er konungrinn sigldi í gegnum Eikundasund, vildi hann at leggja; en menn mæltu í móti, ok sögðu at eigi skorti dag fyrir Jaðar. Konungr lézt ekki vera fúss at sigla; kvazk svá dreymt hafa, sem þeim mundi á berask áðr en þeir kæmi heim til Björgynjar. En þó siglðu þeir góðan byr fyrir Jaðar, ok kómu í Rótt um kveldit. Um morgininn var land-synningr<sup>2</sup> hvass er þeir tóku til segls. Peir höfðu sjau langskip. Ok er þeir liðu Frekeyjar-sund,<sup>3</sup> þá hvessti svá, at varla var váð-hæft á konungs-skipinu; kastaði fram seglinu á akkeris-fleininn, ok reif

<sup>1</sup> olli] volld, Fl.

<sup>2</sup> land-synningr] landnýrðingr, Fl.

<sup>3</sup> Frekeyjar-sund] thus F.; Feey-

jarsund, Cd.

A.D. 1226. seglit, svá at þat féll allt niðr í skipit. En skipit rak at boða. Hétu menn þá stór-heitum þeir er á vóru; en eingi vænti sér undan-k[v]ómu; ok þat hugðu þeir er hjá sátu, at hver-vettna mundi látask. En þá sýndi Guð stórar jarteignir; þvíat meðan at leið boðanum, þá rak skipit ákafliga,<sup>1</sup> ok svá síðan boðann leið; en meðan skipit fór jafn-fram boðanum, þá rak með öllu ekki. Konungr lagði til hafnar í eyjumum Aunum með mikilli nauð.<sup>2</sup> Bátrinn var brotinn en rífit seglit; ok at flestu öllu hafði nökkut bilat. Konungr sigldi þá norðr til Björgynjar, ok stefndi þá til sín lendum mönnum sínum ór Gulaþings-lögum, ok sagði þeim, [at] hann vildi búa ferð sína austr apríl í Víkina. En þeir segja, at bændr 388. máttu eigi skjótliga góra leiðangr, bæði at vistum ok liði. Ok því beið konungrinn fráum á várit.

142. Sigurðr Ribbungr sat á Upplöndum með miklum styrk. Hann sendi bréf norðr til Skúla jarls ok Pétrs erkibiskups, ok bað þá leita um sættir við Hákon konung. Beiddisk hann landa-skiptis, ok svá þess, at sættar-stefna væri lögð með Ribbungum ok Birkibeinum. Ok er hann hafði norðr sent bréf, þá stefndi hann til sín öllum her sínum ok fór út í Víkina með miklum styrk. Ok er Birkibeinar spurðu þat, þeir sem í Víkinni vóru, þá treystusk þeir eigi at haldask í Víkinni fyrir Sigurði, ok bjoggusk at halda norðr til konungs, ok fóru í brott flestir allir. Konungrinn fagnaði þeim vel. Þeir segja hónum slík tíðindi sem þar vóru. Konungrinn fékk átta skip vel skipuð. Snörur þeir þá austr apríl með sínu liði. Þá er bréf Sigurðar kómu norðr, þá görðu þeir [bréf] austr it efra, erkibiskup ok jarl, þvíat þeir hugðu, at konungr væri í Víkinni. Var þat á þessum bréfum,

<sup>1</sup> ákafliga] at boðanum, add.  
Cd., a repetition from the preceding  
line.

<sup>2</sup> nauð] neyd, Cd.

at Hákon konungr skyldi taka sætt af Sigurði Rib- A.D. 1226.  
bung; ok lagði erkibiskup bann við hverjum manni,  
er nökkurn ófrið görði áðr en sættar-stefna væri  
reynd. Þessi bréf kómu í móti lendum mönnum austr  
389. fyrir Ögðum, ok [för með] kórs-bróðir einn af Níðar-  
ósi, ok annarr af Osló, ok nökkurir jarls-menn. Þá  
er lendir menn höfðu heyrt bréfin, fóru sendimenn  
norðr til konungs, en lendir menn austr í Víkina.  
Ok er þeir kómu til Jarlseyar, var inn bezti byrr inn  
til Oslóar; en Ribbungar vóru fyrir í Osló. Hefði  
Birkibeinar unnit inn fagrsta sigr ef þeir hefði inn  
sigt; en þeir kvóðusk eigi yildu verða fyrir banni  
erkibiskups ok reiði jarls. En þeir sem fyrir þeim  
áttu skipum vóru, er konungrinn hafði norðr sent,  
vildu fara inn at Ribbungum þó at þeir færí einir  
saman. En lendir menn hepta þá, ok vildu með öngu  
móti þeir færí. Ok varð því ekki af þeirra sameign.

143. Þá er bréf kómu til Hákonar konungs, þá  
mislikaði hónum ok svaraði svá: "Eigi mun ek játa  
" þessu landa-skipti svá ákafliga." Síðan sendi hann  
norðr með bréfum til jarls ok erkibiskups, þeim sem  
svá mæltu: "Pér rituðut til vár, ok hétuð oss nökk-  
" urum afar-kostum, ef vér vildim eigi sættask við  
" Sigurð Ribbung ok játa hónum várri föður-leifð.  
" En oss þykkir þat harðr kostr, at játa þeim mön-  
" num landa-skipti er ekki er til Noregs borinn. Mun  
" nú at því koma er þér rituðut til vár í haust, er  
" þér kómum til, [herra] erkibiskup, at hvárigir vóru  
" annarra vinir, Kórs-bræðr ok þeir allir samt: at  
" 'Sækjask sér um líkir, ok saman skrifða níðingar.'  
390. " Petta tal megu þér nú fylla, félagar. En svá sem  
" þat er, þá skal Guð skipta með oss Sigurði, en eigi  
" biskupar." Erlingr ljóðhorn var þá með konungi;  
hami var nökkut í ætt við Pétr erkibiskup. Ok er  
hann heyrði þetta, þá svaraði hann konunginum svá  
at allir ráðgjafar heyrðu á: "Pat er ekki undarligt,

A.D. 1226. " at erkibiskup, frændi mínn, bregði nökkut á ótrún-  
 (The  
 spring.) " aðinn, þvíat þat fylgir oss öllum er af Standala-aett  
 " eru[m] kommir, at vera eigi alls-kostar tryggvir."

144. Sem á leið várit, bauð konungr út leiðangri, ok bjó ferð sína í Vík austr. Í þenna tíma kómu menn norðan frá jarli með bréfum; ok segja, at jarl hefði fengit harða sótt ok tekit alla Kristiliga þjónostu, ok kölluðu haettligan mátt hans. En Guð batti hónum þó af þeirri sótt. Þá er Hákon konungr bjósk ór Björgyn, reið hann upp til Alreks-staða einn Sunnudag sem vanði hans var til. Þá kom þar móti hónum einn hlaupandi maðr mjök ákafliga ofan ór fjallinu. Konunginum þótti undarliga, er hann fór svá ákafliga, þvíat konungr kenndi manninn, at hann var einn af Ríbbungum. Hann hafði rúma-kefli þat sem einn Ríbbungr sendi konungi,<sup>1</sup> ok s[agði] svá, at Sigurðr Ribbungr, konungr, var andaðr; ok bað konunginn göra nökkut skjótt ráð fyrir sér, at eigi kæmi jungherra Knútr, frændi hans, at styrkja Ríbbunga í annat sinn. Konungr lét þegar göra bréf austr til Knútz frænda síns, ok bauð hónum góða kosti þá sem fyrr. Hann skundaði þá síuni ferð austr í land, <sup>391</sup> ok kom eptir Seljumanna-vöku í Víkina.

145. Sigurðr Ribbungr andaðisk í Oslo. En menn hans leyndu andláti hans ok fluttu lík hans upp á land, ok segja hanu sjúkan. Ok í þessu bili görðu þeir menn austr í Gautland: Harald af Lautyn, Álf Styrrsson, Erling Rúm-staf, til Áskels Lögmanns ok Frú Kristínar, ok báðu þau, at jungherra Knútr skyldi bindask fyrir flokkinn, ok segja landit mundu liggja laust fyrir, ef hann kæmi til. Frú Kristín trúði þessum fortölum; ok fengu jungherra Knút í hendr Ríbbungum; ok fylgðu hónum margar sveitir af Gautum [ok Vermun] ok Marka-mönnum.

---

<sup>1</sup> konungi] Fl.; hm, Cd.

146. Þá er Knútr kom á Raumaríki lét hann taka A.D. 1226.  
sik til konungs. Ok dreif þá stór-mikit lið til hans, (The sum-  
mer.) sem Sturla segir :

“ Flokk tók enn sá er ekki  
ógn-mitdri friðask vildi  
“ eptir dölg-stríði dauðan  
dáð-singinn höfðingja :  
“ Knútr réð bág at bjóta  
býð-traustr við gram hraustan  
“ geystr, þvíat Gautar fýstu  
geð-bráðir landráða.

Lendir menn ok Birkibeinar þeir sem í Víkinni vóru,  
hugðu eptir andlát Sigurðar, at eingi mundi nýr  
392. ófríðr uppi. En er þeir spurðu þessi tíðendi, eflusk  
þeir at líði, hvern í sínum sýslu. Allir bændr í Víkinni  
vildu eigi ganga undir útlenzkan höfðingja. Knútr  
fór út til Osloar, ok lét þar gefa sér konungs-nafn.  
Þeir höfðu þá Osloar-sýslu, Guttormr Erlendsson ok  
Clement af Hólmi; þeir vóru vestr í Hlíðum í sýslum  
sínum. Sem þeir<sup>2</sup> spurðu þessi tíðendi, sömnnuðu  
[þeir] at sér öllum Birkibeinum þeim sem vóru í  
nánd. Bændr stefndu þing, ok nefndu menn ór bygðum  
at fara at Ribbungum til Osloar. Þessir menn vóru  
fyrir bónum: Steinröðr prestr, Þorbjörn slóði, Eirekr  
ignar-bakki; hann bar merki bónða. Þeir fóru ferðar  
sínum, Birkibeinar ok bændr. En er Ribbungar  
spurðu þetta, fóru þeir móti þeim, ok mættusk fyrir  
vestan Akr á engjum nökkurum. Ok varð þar inn  
fyrsti bardagi með Gautum ok Norðmönnum. Staðr  
[varð] á bónum er þeir fundusk, ok vildu varla fram.  
Sem Birkibeinar sá þat, þá hljópu þeir af hestum  
sínum ok gengu djarfliga fram. Ribbungar sóttu mjök  
at þeim, þvíat þeir höfðu höfðingja vaskan. Þeir  
sóttu svá fast í fyrstu, at þeir felldu Eirik ignar-bakka  
merkis-maun bónða. Nú er bændr sá Birkibeina berjask

<sup>1</sup> höfðingju] her, Cd.

<sup>2</sup> Sem þeir] Þeir sem, Cd.

A.D. 1226. djarfliga, hljópu þeir af hestum sínum ok fylgdu þeim sem bezt. Ok vánu bráðara héldu Ribbungar undan, ok féll þar mikill hluti vildar-liðs þeirra. Þar félru flestir allir sveitar-höfðingjar Gauta. En Knútr komsk hest ok þrír Ribbungar með hónum ok flýði. Hann hleypti yfir brú nökcura, ok féll þar hestr hans; en hann dró sem nauðuligast undan, ok fór upp á land; 393. þvíat Ribbungar höfðu þá mestan hlut Upplanda ok skip öll í vötnum, bæði í Mjörs ok öðrum. Skipuðu Ribbungar þar allar sýslur; þvíat Birkibeinar vóru öngvir á Upplöndum.

147. Hákon konungr siglði suðr til Víkrinnar; hann hafði skip þat er Drekkinn hét. Hann siglði frá öllum skipum sínum. Ok er hann kom til Áreyja, lagði hann þar at. Ok er skip kom í laegi, gækk hann í bát, ok fór yfir til baejarins, ok spurði tíðinda. Bónði<sup>1</sup> svaraði: "Segjum vér tíðindi þau er yðr "munu góð þykkja; ek átta mér tvá sonu með Rib- "bungum, ok eru nú báðir fallnir; en mér þykkja "þau stórum höṛð." Síðan sagði hann Hákoní konungi allan atburðinn frá bardaga á Akri. Konunginn beiði þar skipa síenna, ok siglði síðan inn til Oslóar.

Eptir þat stefndi Hákon konungr til sín lendum mönnum ok sýslu-mönnum ór Víkinni, ok fór upp á land, ok lét draga þrjá tigi ok fjogur<sup>2</sup> skip ór baenum. Eptir þat er Knútr hafði flýið, lágu bændr í samnaði um alla Oslóar-sýslu, ok gettu sin drengiliga, ok biðu svá konungsins. Arnbjörn Jónsson ok Símon kýr drógu þrettán skip upp um Elfi. Hákon konungr var tvær nætr á leiðinni áðr hann kom yfir it fyrsta eiðit upp til Stafs-bjarga. Þat eru langar tvær rastir at draga, mýrar ok skóga, áðr hann kemni í vatnið. Kom 394 þar í mótt hónum Arnbjörn ok Símon kýr ok Loðinn Gunnason. Síðan drógu þeir vel rastar-langt [eið]

<sup>1</sup> Bónði] Fl.; Bændr, Cd.

| <sup>2</sup> xxxiv. Cd.; xxx. ok. fjogur, Fl.

áðr þeir kómu upp í Elfina. Birkibeinar fóru heldr A.D. 1226. óspakliga, ok hafði konungr af því nökkut ámæli<sup>1</sup> at hann refsædi lítt. Hann lét þá drepa gest einn þann er óspakastr hafði verit. Eptir þetta gat eingi maðr, at óspekt væri gör. Um morguniinn er konungrinn kom til Eiðs, görði hann fyrir nökkur létti-skip, ok tóku þeir þar njoðnar-menn Ribbunga uppi í Mynni,<sup>2</sup> ok drápu þar sjan menn. Um kveldit fór hann til vatzzins<sup>3</sup> með allan herinn. Hann hafði eigi sanna njósn af hvar Ribbungar vóru, ok skipaði hann svá, at hann röri sjálfr með vestr-landimu. Þeir á konungs-skipinu sá hvar röri eitt skip. Ribbungar lögðu þá at landi, en konungr tók skip þeirra. Síðan átti konungr tal við lið sítt, ok bauð öllum mönnum, at þeir skyldi eigi drepa Knút frænda hans, þóat þeir ætti kost, fyrir sakir Hákonar jarls föður<sup>4</sup> hans. Þá er ljóst var um morguninn, sá Birkibeinar skip Ribbungar róa í móti sér sem ákafligast, ok hugðu at þeir vildu berjask; þvíat þeir höfðu skip myklu stærri en Birkibeinar. En þegar sem Ribbungar sá ferð konungsins snöru þeir at landi ok flýðu upp í bygðina þá er Hun<sup>5</sup> heitir. En konungr tók öll skip þeirra ok vistir ok mikit herfang. Eptir þetta fór konungr austr til Hamars, ok lágu þar margir Ribbungar í 395. sárum, þeir sem barisk höfðu á Akri. Konungr gaf þeim öllum grið. Eptir þat stefndi hann bónum til sín, ok áttu þeir þá allir samheldi við konung móti Ribbungum. Knútr hafði flýið upp á Haðaland. Konungr sendi til hans Guðleik af Aski, frænda hans ok stallara sínn, ok þann mann er Arnþórr hét. Bauð [hann þá enn] Knúti sættir ok góða kosti, ef hann vildi á hans vald ganga. Ok þá er sendimenn fundu Knút, ok Ribbungar urðu varir at Knúti vóru sættir

<sup>1</sup> ámæli] Here II. begins again.

<sup>2</sup> Mynni] So also II.

<sup>3</sup> vatzzins] vatzz-myndis, II., better.

<sup>4</sup> föður] II.; frænda, Sk.

<sup>5</sup> Hun] Hlm, Cd.; Hvn, H., now

Huns-berred.

A.D. 1226. boðnar, þá gættu þeir hans svá, at hann mátti eigi frá þeim komask. Fóru þeir þá aprí sem þeir kómu, ok sögðu konungi.

Hákon konungr skipaði eptir þat [Upplönd], ok lét öll skipin vera í Mjörs, ok setti menn til at gæta. En hann bjósk þá norðr til Björgynjar til stefnu þeirrar er hann hafði gört við erkibiskup ok jarl. Konungr hafði spurt at þeir voru komnir báðir til Björgynjar,<sup>1</sup> þá sendi hann Þorsteinn heimnes, merkis-mann sinn, norðr fyrir, at segja, at þeir skyldu bíða hans. Þorsteinn var átta nætr á leið. Ok er hann kom norðr, þá fóttusk þeir jarl ok erkibiskup hafa frétt af [at] konungr mundi bera upp bréf nökkur þau er eigi mundi hónum þykkja allr trúnaðr á vera til sín af þeirra hendi; ok görðu þeir þat ráð, at erkibiskup fór norðr heim, en jarl beið konungs. Hákon konungr átti þing í Oslo ok í Túnbergi, ok gengu allir bændr í samheldi við konung móti Ribbungum. Síðan fór hann norðr. Ok er hann kom í Portyrju, þá kom Þorsteinn heimnes móti hónum, ok hafði verit þrjár nætr á leið norðan, en tvær í bænum; ok segir, at erkibiskup hafði heitið at bíða konungs áðr þeir jarl töluðusk við; en síðan var þat allt annars,<sup>2</sup> ok bjó sína ferð, sem ákafast. Þorsteinn sagði svá, at þá voru margir komnir vestan um haf at finna konung; ok bað hann skynda. Þá er konungr kom til Björgynjar, var þar fyrir Skúli jarl, ok Jón jarl af Orkneyjum, Símon biskup af Suðreyjum, ok ábóti af Eynni Helgu. Skipaði konungr fyrst þeirra málum er vestan voru komnir, ok öllum meðr jarls ráði.

148. Herra Knútr flýði vestr í Dala<sup>3</sup> þá er hann hljóp af skipum í Mjörs. En þá er hann spurði at samnaðr var fyrir hónum á Heiðmörk ok Haðalandi, snöri hann norðr í Guðbrands-dali, ok svá í Eystri-

<sup>1</sup> báðir til Björgynjar] add. II.

<sup>2</sup> annors] om. H.; allt úti, Fl.

<sup>3</sup> Dala] H.; Dali, Sk.

dali ok þaðan á Vermaland. Efldisk<sup>1</sup> þá af nýju at A.D. 1226. liði ok fór síðan norðr til Noregs; kom fram í sýslu (Dec.) Arnbjarnar Jónssonar þar sem Skaun heitir ok Heggin, ok görði þar hervirki. En er bændr vildu verja sínn kost, þá fóllu þar margir góðir drengir af bónum. [Arnbjörn] sendi þá bréf til konungs, ok bað hann skynda í Víkina; ok sagði, at Ribbungar styrktisk mjöök. Sem konungr spyrr þessi tíðindi, fór hann austr í laund, en jarl fór til Próndheims norðr. Þá er konungr kom til Túnsbergs, setti hann eptir á berginu Erling ljóðhorn at búa til Jóla-veizlu; en konungr fór inn til Oslóar, ok lá um nöttina við Jarlsej.

Þar kom móti konungi Þorgeirr biskups-maðr ok Friðrekr slafsi; þeir höfðu sýslu á Haðalandi; ok 397. sögðu þau tíðindi, at Ribbungar höfðu dregit skipin austan<sup>2</sup> um Eiða-skóg ok komit þeim í Mjörs. En þar í eyjunni voru fyrir sýslumenn Birkibeina, Guttormr þjónkr<sup>3</sup> frændi konungs, ok Árni á Hóli, at gæta skipa í vatninu. Þeir höfðu fjölmennar sveitir. Ribbungar kómu at þeim óvörum, ok felldu Guttorm inni, en [Árni] komst út, ok fóll á Akrinum. Þar fóll öll sveit þeirra. Síðan tóku Ribbungar skip öll, bæði í Mjörs ok öðrum vötnum. En er bændr spurðu þat, gáfu þeir upp bygðina, ok tóku sér grið af Ribbungum. Tóku nú Ribbungar öll Upplönd. Hákon konungr sigldi um daginn inn til Oslóar frá Jarlsej.<sup>4</sup> Þar var þá fjöldi bóna í bænum meirr en tólf hundruð með bæjar-mönnum. Konungr átti tal við þá; ok segja bændr svá, at þeir hefði halldit samnaðinum síðan þeir börðusk á Akrinum við Ribbunga, “En nú heita “ þeir oss afar-kostum ok brenna bygðir várar; ef<sup>5</sup> “ þeir ná eigi sjálfum oss. Nú viljuni vér biðja yðr, “ herra, at þér sitið hér í vetr, at gæta bygða várra;

<sup>1</sup> *elfdisk*] elfdiz, Cd.

<sup>2</sup> *austan*] II.; austr, Sk.

<sup>3</sup> *þjónkr*] II.; fjonkr, Sk.

<sup>4</sup> *frá Jarlsej*] add. II.

*ef*] II.; en, Sk.

A.D. 1226. “ en vér viljum göra yðr allan almenning, ok annan á  
 (Dec.) “ bak Jólum. Ok ef yðr þykkir nökkut á bresta, þá  
 “ viljum vér gefa yðr hálf bú vár ok hálfar allar vistir.<sup>1</sup>  
 “ En ef þér vilit eigi hér dveljask, þá töku vér oss  
 “ grið af Ribbungum ok sætumst við þá.” Konungr  
 þakkaði þeim boð sít, en kvezk skyldu gefa þeim ór-  
 skurð þá er hann hefði átt tal við hirð sína. Sem  
 konungr ræddi þetta fyrir ráðinu, þá löttu allir at 398.  
 hann sæti í Oslo nudir trúnaði bónða; ok segja, at  
 Sverri konungi gafzkk þat eigi vel þá er bændr fóru  
 at hónum til Osloar. Konungr segir bónnum, at hann  
 vill sitja á bergen [um vetrinn], “ Ei setja eptir  
 “ lenda menn í Oslo<sup>2</sup> [at gaeta] yðars varnaðar.” Bændr  
 áttu tal sín í milli, ok buðu at nefna konungi gísla  
 ór kirkju-[sóknum], ina beztu bændr, ef hann hefði  
 nökkurn mistrúnað. Átti konungr þá enn tal við  
 sína menn, ok báðu allir, at hann trýði eigi bónum.  
 Konungr gaf þá órskurð; ok segir, at hann mundi  
 þar einskis manns ráð um taka nema sjálfs síns, ok  
 kvazk at vísu skyldu sitja hjá bónum, er þeir buðu  
 hónum svá góða kosti, ok vildu sitt fjör ok fé leggja  
 við hans líf. Ok eptir þat sendi hann norðr til Björg-  
 ynjar eptir föngum, ok svá til Túnsbergs. Konungr  
 sat í garði Hákonar gríss;<sup>3</sup> en Jólin hélt hann í  
 1226-27. biskups-garði. Pessi var inn tíundi vetr konungdóms  
 hans. Arnbjörn Jónsson sat um vetrinn í Valdis-  
 hólma til njósnar ok land-gæzlu.

149. Herra Knútr fór austr í Gautland, ok sat þar  
 á meðan hæst var vetrar, en setti eptir í Mjörs nök-  
 kurar sveitir af Ribbungum, ok drógu þeir skip at  
 sér um öll Upplönd. Hákon konungr sendi um  
 vetrinn bréf leyniliga í lið Ribbunga til sveitar-  
 höfðingja ok margra annarra, ok bauð þeim grið, ef

<sup>1</sup> *vistir*] eignir ok vistir, II.

<sup>2</sup> *En . . . Oslo*] II.; en setja  
þar eptir lenda menn, Sk.

<sup>3</sup> *gríss*] add. Fl.

þeir kæmi til hans. En þessi grið tók fyrst Erlingr A.D. 1227.  
Rúm-staffr; hann var vaskr maðr ok vel síðaðr.

399. Ok er hann kom á konungs-fund, fékk hann góð  
grið ok sættir. Konungr görði nökkurar sveitir  
[austr] í Soleyjar<sup>1</sup> at leita Ribbunga, ok var Erlingr  
í þeirri ferð. Þar felldu þeir fjóra tigi manna af Rib-  
bungum. Eptir þetta hélt konungrinn Erling fyrir  
tryggvan mann, ok kvað hann hafa höggvit sik í  
lendan [mann]. Þá var gör önnur fór austr í Víkina  
it efra á hestum. Var þar fyrir Símon kýr, ok hafði  
þrjú hundruð manna; ok kómu anstr í Befju;<sup>2</sup> ok  
vóru þar fyrir margir Ribbungar; ok fengu njósn af  
Birkibeinum ok flýðu þegar undan, en þó fengu  
Birkibeinar hér ok hvar menn af [þeim]. Fór Símon  
aptr til konungs.

Um sumarit eptir andlát Sigurðar Ribbunga skildi  
Guðólfr af Blakkastöðum sik frá flokinum Ribbunga,  
ok fór heim til bús síns ok gætti sín í kirkju nær  
baenum; þar var gótt vígi; Guðólfr hafði gört margar  
óspektir þar í bygðinni þá er hann var með Ribbungum.  
Ótryggr hélt bóndi, sá er hann hafði bart mjök,  
ok tekit hest góðan af hónum; hann átti tvá sonu;  
hét annarr Ásólfr, en annarr Guðleifr. Þeir fengu sér  
sveit manna, ok fóru at Guðólfi. Þeir tóku stiga, ok  
settu við kirkjuna, ok hjoggu ræfrit yfir hónum, ok  
hljópu þar inn, ok drápu hann. Guðólfr var lítt harm-  
dauði af mönnum fyrir sínn ójafnað.

400. 150. Um haustið, er Hákon konungr settisk í Osló,  
görði Skíli jarl sendi-menn til Valdimars [Dana-]konungs:  
Kolbein<sup>3</sup> kettu-hrygg ok Grunda féhirði. En er  
þeir fóru heim um vetrinn, þá lágu þeir í Máströndum  
fyrir ísa sakir. [Herra] Knútr var þá í Ljóðhúsum.  
Ok er hann spurði til þeirra, þá tóku Ribbungar létti-

<sup>1</sup> *Soleyjar*] Fl.; Soleyjar, Cd.

<sup>2</sup> *Befju*] H.; Beiu, Cd.; now called Bæve-sogn.

<sup>3</sup> *Kolbein*] Here the fragment b.

begins.

A.D. 1227. skip ok fóru at þeim ok kómu á þá óvara. Þar lágu margir kaupmenn í höfninni, ok vildu eigi hjálpa þeim. En þeir vörðusk vel ok drengiliga; ok fóllu þar báðir, ok flest allt föruneyti þeirra, með drengskap ok miklum hraustleik.

Þá er Hákon konungr spurði þessi tíðindi, lét hann höggva ísinn ór Oslo ok allt um Slíðhólma; ok var þat sýst á tveimr dögum. Síðan skipaði hann mörg létti-skip austr til Ljóðhúsa, [ok setti] þessa menn fyrir líðit: Loðin ok Símon kú,<sup>1</sup> Hallvarð bratta, Gunnbjörn, Óláf Ínguson. Ok er þeir kómu fram, var Knútr í brottu, ok allr megin-herrinn, nema fáir menn vóru eptir. Sá hét Björn packi<sup>2</sup> er fyrir þeim var. Þeir sátu í kastalanum norðr frá bænum. Birkibeinar settusk um kastalann, ok var hann skjótt upp gefinn þegar þeir fengu grið er í sátu. Þá tóku Birkibeinar mikit herfang, en brutu ok brenndu kastalann. Þeir lögðu gjald á bændr, ok tóku stór-fé fyrir þeim mönnum er verit höfðu með Knúti. Eptir þetta fóru þeir apr til konungs. Svá kvað Sturla:

“ Vitr lét virki brjóta  
valdr Norraennar aldar  
“ austr þar er jöfrar treystusk  
ógn-fúsir Ljóðhúsa :  
“ Þat veit ek, at galt Gautum  
göfugr oddviti jöfra.  
“ (þjóð fékk ræsis reiði)  
rán ; gékk slíkt at vánum.”

401.

151. Ribbungar sömmuðusk saman á Upplönd ok vóru fjölmennir í Mjörs. Þá lét Hákon konungr draga skip ór Oslo ok upp í Elfi, ok vóru þessir menn fyrir: Ívarr af Skeðju-hofi ok Saxi blað-spjót. En er þeir kómu í Elfsina, þá skipuðu þeir skipin sem bezt, ok gættu sín þar.<sup>3</sup> Ribbungar létu þá eptir öll skip í Mjörs; ok vóru flestir farnir ór vatninu ok austr á

<sup>1</sup> kú] H.; kýr, Sk.<sup>2</sup> packi] Fl., b.; packi, Cd.<sup>3</sup> sín þar] síðan, Fl., b.

Markir til móts við Knút. Konungr fór ór Osló upp til A.D. 1227. Eiðs-vallar ok átti þing við bændr. Gengu þeir þá í samheldi við konung á nýja-leik. Konungr snöri þá þaðan út á Raumaríki ok austr yfir Elfi; þvíat hónum var sagt, at Knútr léti draga skip ór Hellisfirði, ok ætlaði upp á Markir ok þaðan í Elfina. Ok er konungr kom í bygðina þá er Heggin heitir, var hónum sagt, at þat væri lygð. Snöri konungr þá aptr, ok fór út á Follu,<sup>1</sup> ok síðan inn til Oslóar. Þat var hálfum mánaði eptir Páskir. Þá er Knútr spurði at konungr var aptr horfinn, lét hann draga skip ór Hellisfirði, þar sem aldri höfðu skip dregin verit, ok kom þeim upp á Markir<sup>2</sup> ok síðan norðr í Elfi; ok kom á óvart at þeim Ívari, ok eltu þá af skipum; ok fóru þeir síðan út til Oslóar á fund Hákonar konungs.<sup>3</sup>

152. Sem konungrinn spurði þetta, lét hann draga hálfan fjórða tog<sup>4</sup> skipa ór Osló, ok fylgði sjálfr. Hann görði ok orð Arnbirni Jónssyni ok öðrum lendum mönnum, at þeir drægi skip upp í Elfina, ok mætti þeir konunginum í Eyja-vatni. Þá spurðu þeir til Haralds af Lautyn ok margra Ribbunga er<sup>5</sup> voru í bygð þeiri er Skauð heitir. Konungr görði þá til þeirra nökkurar sveitir. Peir mættusk á skógi nökkrum. Varð þar bardagi, ok flýðu Ribbungar, ok létu fimm tigi manna, en Birkibeinar fóru aptr til konungs. Konungr lét þá draga skipin í á þá er Kinna<sup>6</sup> heitir, ok þaðan rastar-langt eið áðr hann kom í Elfi. Þá var þeim sagt at Ribbungar höfðu snúit austr ór Elfinni; héldu Birkibeinar þá eptir þeim, ok drógu skipit um eið þat er Fundu-eið heitir, ok kómu til þess bæjar er Fála heitir; þá var þeim þegar sagt,

<sup>1</sup> *Follu*] Cd.; om. Fl., b. qs. Fold-ló, modern Follen, Munch,

161.

<sup>2</sup> *Markir*] Hámarkir, Fl., b.

<sup>3</sup> *af skipum . . konungs*] add. Fl., II., b.

<sup>4</sup> *hálfan fjórða tog*] II., Fl.; xxxv., Sk.

<sup>5</sup> Here is a blank in H.

<sup>6</sup> *Kinna*] Kma, b., now Kiens-mo-elven.

A.D. 1227. at Ribbungar vóru austr á Vingri.<sup>1</sup> Gékk konungrinn þá af skipum, ok flest-allt liðit, ok setti eptir Gunnbjörn 403. bónða ok Saxa blað-spjót at<sup>2</sup> gæta skipa; ok bað þá vera þeim-megin vatzens sem hann fór. Var þetta Sunnu-nott. Ok um morguninn í lýsing kómu þeir jamm-fram kirkjunni á Vingri; þar var bóndi sá er Gunnarr hét, virr konungs. Hann segir konunginum, at Ribbungar lágu þar öðrum-megin gegnt; en þeir röru hvern dag yfir<sup>3</sup> vatnit at spryrja tíðinda. Þá bað konungr sína menn leynask í skóginum upp í frá bænum. En er sólin tók at skína, þá sá Ribbungar hvar liðit lá í skóginum, ok snöru þegar út aptr skipum þeim-megin sem þeir vóru. Birkibeinar skunduðu þá ferð sínni; þvíat þá óttuði, at Ribbungar tæki skip þeirra. Þá er konungrinn gékk af skipum, sendi hann nökkrar sveitir þangat sem hann spurði til Ámunda af Folavelli, ok kómu Birkibeinar at þeim óvörum. Vóru sumir dreppnir, en sumir á kaf eltir, en flestir allir létu vápnin. Um morgininn er Birkibeinar hljópu fram ór skóginum, sýndisk Ribbungum meira liðit en var. Þá hljóp Haraldr af Lautyn<sup>4</sup> út á árbakkann, ok spurði hverr syrir liði réði. Haraldr stangar-fylja svaraði: "Kennask munu "vér frændr; en vér erum hér kuslungar, ok sýslu- "menn af Upplöndum." Hinn svarar: "Sjaldan hafi "þér svá mikit lið [eða] jafn-vel búit; eðr hvar er "Hákon konungr?" "Hér er hann," segir Haraldr. Hinn svarar: "Hví vildi hann taka á sik svá mikla 404. "vesuld at láni, at rekask allt á Markir austr at oss "Ribbungum?" "Meirr ætla ek nauðsyn til þess en "ofkeski,"<sup>5</sup> segir Haraldr, "at stökkva slíkum óaldar- "flokki ór landinu sem þér hafit." Fóru þá hvárit-tvæggju sem mest máttu þeir; skutusk þeir á þar sem

<sup>1</sup> *Vingri*] Esp.; Vig<sup>7</sup>, Cd.; Vig-rin, b.

<sup>2</sup> at] ok at, Cd.

<sup>3</sup> *yfir*] um þvert, b.

<sup>4</sup> *Lautyn*] Latyn, b. now Löften.

<sup>5</sup> *ofkeski*] ofkæti, b.

in var mjóst. Þa görði Guð, sem jafnan, mikla A.D. 1227. miskunn við Hákon konung, þvíat þeir sem á skipum vóru, gengu þar<sup>1</sup> upp sem konungr hafði ráð fyrir gört, ok fundu [þar] sveit af Ribbungum, ok drápu þá alla. Þá urðu þeir varir við, at megin-herrinn Ribbunga var þeim-megin árinnar. Snöru þeir þá yfir ána ok mættu konunginum; urðu þá hvárir öðrum fegnir. En þegar Ribbungar sá, at konungr hafði náð skipum sínum þá snöru þeir austr aprí sínni ferð. En þar var svá mikill straumr, ok há-steint í ánni, er konungr náði skipum, ok þar sem Ribbungar vóru komnir, at<sup>2</sup> hvárir-tveggju gengu á land, ok leiddu skip síni, en sumir stýrðu með forkum; ok ef nökktu reip bilaði á ein-hverju<sup>3</sup> skipi, var þat þegar í foraði, ok þeir sem á vóru. Ok er þeir kómu þar sem mjóst<sup>4</sup> var án, hvíldusk hvárir-tveggju; ok ætlaði konungr at snæða; en Ribbungar skutu á þá, ok varð því ekki af snæðingu.<sup>5</sup> Fóru þá hvárir-tveggju sem mest, þar til er Ribbungar kómu til kirkju-bæjarins þar sem þeir höfðu áðr verit. Gékk þá enn fram Haraldr af Lautyn ok fleiri Rib-  
405. bungar, ok mæltu mörg að ferlig til Birkibeina. En konungr kallaði til sín Óláf sundram,<sup>6</sup> sveitung Arn-bjarnar Jónssonar, ok bað hann segja Ribbungum at þeir hætti fölksku-orðum, ok bað þá bíða þar<sup>7</sup> til þess er skip hans kæmi, ok mætti þeir þá fleira við eigask en orð ein. Ribbungar kvóðusk þat gjarna vilja.

153. Þat er [er nú því næst, at] fjórtan skip kómu til konungs; skipaði hann þau sem bezt. Ok meðan konungr görði þetta, lögðu Ribbungar austr með kirkjunni; ok upp um þver-á eina lítla, í vatn þat er Vingr-sjór heitir; þat gengr allt at Eiða-skógi. Birkibeinar röru yfir ána. Ok er þeir kómu á miðja, þá sá þeir

<sup>1</sup> [þar] þeir þar, Cd.

<sup>2</sup> at] ok, Cd.

<sup>3</sup> ein hverju] eins hverju, b.

<sup>4</sup> mjóst] mest, (i.e.=mæst?) b.

<sup>5</sup> snæðingu] snæðinginum, b.

<sup>6</sup> sundram] Fl., b.; sundfara, Sk.

<sup>7</sup> bíða þar] Here ends the first

leaf of b.

A.D. 1227. at Ribbungar höfðu fylkt fyrir Þeim, ok skutu á þá í ákafa; ok hugðu Birkibeinar, at þeir mundu bíða vilja, ok þótti flestum háskasamligt at Þeim at ganga; þvíat ár-bakkinn var þriggja spjót-skapta hár sá er þeir stóðu á; en leiran svá blaut, at annarr fótr stóð fastr þar til er annarr var niðr settr; en Birkibeinar röru þó at sem djarfligast. En er skipin renndu at landi, þá flýðu Ribbungar; en Birkibeinar gengu upp, ok hugðu 406. at þeir mundu bíða ofarr meirr. Ok er þeir kómu upp á bakkann, vóru Ribbungar hvergi nær. Snöri Hákon konungr þá aptr til skipa sínna, ok fór austr eptir vatninu þar sem skip Ribbunga fóru undan. Röru hvárir-tveggju sem mest. Knútr fór it efta um skóga austr með vatninu. En er Ribbungar kómu til vatz-endans, hljópu þeir af skipum. Konungrinn kom þá eptir, ok felldi af Þeim nökkrum menn, ok tók öll skip, ok snöri aptr. Kom hann um morguninn í dagan þangat sem hann hafði á skip gengit. Þetta var Mánadag í Gagndögum. Konungr bað menn snæða, þvíat þeir höfðu ekki etið síðan Laugardaginn. Þar kómu til konungs njósnir þær er hann hafði sent eptir Ribbungum; ok sögðu, at Knútr hafði snúit it heinsta út á Markir. Snöri konungr þá norðr, ok svá upp á Heiðmörk, ok drógu skipit um Fundu-eið, ok svá í Mjörs. Hallvarðr biskup var þá í Hamri; ok var konungr með hónum Helga-Þórsdag í góðum fagnaði. Skipaði Hákon konungr öll Upplönd, ok setti menn til skipa-gæzlu. Eptir þat fór hann til Eiðs-vallar, ok þaðan til Oslóar. Hann var þar hálfan mánuð áðr hain bjósk austr<sup>1</sup> til Elfar.

154. Pá er Hákon konungr var búinn at fara austr til Landz-enda, kómu bréf frá Knúti ok Frú Kristínu 407. ok Lögmanni, ok leituðu þau Knúti griða til konungs; ok sögðu, at hann vildi á hans vald koma þegar sem hann kæni austr. Þau báðu þetta fara leyniliga svá

---

<sup>1</sup> austr] Fl., Fr.; aptr, Cd.

at eigi yrði Ribbungar varir við; þvíat þeir vildu A.D. 1227.  
 hafa Knút at dauða-manni ef hann færí frá þeim.  
 Konungr fagnar þessu vel, ok görði bréf í móti; hét  
 Knúti, frænda sínum, bæði gríðum ok sæmðum, ef  
 hann kæmi á hans vald. Ok er Hákon konungr kom  
 austr í Elfina, var hónum sagt at Ribbungar voru  
 upp í Væni. Görði konungr þá njósn til Frú Kristínar,  
 at vita hvárt nökkut skyldi haldask af því sem Knútr  
 hafði mælt. En Frú Kristín segir svá, at hón mundi  
 sjálf koma at frið-helga Knút, son sínn, við konung.  
 Þar var þá Ormr biskup með konungi [ok] margir  
 lendir menn er konungr ætlaði við þessa saettar-stefnu  
 at hafa. Ok sat hann hálfan mánuð í Konunga-helli;  
 ok kómu hversdagliga menn Frú Kristínar, ok segja  
 þá ok þá at Knútr mundi koma á hans vald.

155. Herra Knútr hafði þá ráð með höndum þat  
 er aldri slíkt hafði Hákon jarl faðir hans, ok mikil  
 svik fylgðu. Hann létt draga austan<sup>1</sup> yfir Eiða-skógi  
 skip þar sem aldri voru fyrr dregin, ok kom á óvart  
 mönnum konungs í á þeiri er Varma<sup>2</sup> heitir, ja[mn-]  
 402. fram Eiðs-velli; ok mundi hann hafa þar fyrir komit  
 miklum styrk konungsins á Upplöndum, ef eigi væri  
 miskunn Guðs meiri en trúleikar Ribbunga. Þar var  
 fyrir konungs-mönnum Ívarr af Skeðju-hofi, Jón ket-  
 lingr, Erlingr Rúm-stafr, Þorgeirr biskups-maðr, Andrés  
 hvíti. Þeir voru á skipum; en bændr heldu samnaði  
 á Eiðs-velli. Þá er Birkibeinar fengu njósn af Rib-  
 bungum, görðu þeir orð bónnum; ok fóru þeir sem  
 fræknaðir voru ór samnaðinum út á skip til Birkibeina.  
 Ribbungar höfðu stór-skip. Þeir höfðu dregit  
 fjórtan-sessu austan<sup>3</sup> ok tólf skip. Birkibeinar höfðu  
 smæri skip. Ok er þeir fundusk, tóksk bardagi með  
 þeim; ok veitti Birkibeinum þyngra í enni fyrstu at-  
 lögú, ok svá, at næsta voru þeir á flóttu kommir. Þá

<sup>1</sup> austan] emend.; austr, Sk., Fl., | the vellums, not Verma (Varmaa,  
 Fr. | Fl.)

<sup>2</sup> Varma] or Varm-á; thus all | <sup>3</sup> austan] Fl.; austr, Cd.

A.D. 1227. kom til Jón ketlingr ok Erlingr Rúm-stafr á karfa einum, ok réttu Birkibeinar þá við. Snöri mann-fall-inu í lið Ribbunga; ok vámur bráðara tóku þeir undan. Knútr hljóp á kaf, ok fékk nauðuliga forðat sér. Þar féll mart vildar-lið af Ribbungum; en Birkibeinar urðu margir sárir. Ívarr bóndi fékk fótar-sár, ok gékki jafnan baltr síðan. Birkibeinar tóku þar öll skip Ribbunga. Eptir þetta dirfðusk bændr mjök móti Ribbungum, svá at þeir fóru jafnan at þeim, ok drápu mart manna fyrir þeim.

156. Nú er Ribbungar sá, at alla vega þróngði kosti þeirra, þá sendu þeir menn til Birkibeina, 409. sem á Upplöndum vóru, ok beiddusk sættar. En Birkibeinar tóku því vel, ok seldusk þeir gísla milli. En Birkibeinar sendu gíslana, þá er þeir tóku af Ribbungum, austr í móti konungi. En þeir fóru með þeim: Clemetr af Hólmi, Guttormr Erlendsson; ok fundu konunginn í Hornboru-sundi, ok sögðu, at allt var á hans valdi ok miskunn, hversu hann vildi fara með gislunum. Konungrinn tók þeim vel; ok sigldi austr um daginn til Úsviks-eyja;<sup>1</sup> ok sendi menn á nýjaleik til Knúts; ok hét öllum Ribbungum griðum, ef þeir vildi á hans miskunn koma. Eptir þat fór konunginn til Osloar. Ok er hann hafði ar lítla hríð dvalizk, kom til hans Haraldr af Lautin, sendr af Knúti; ok beiddisk þá öruggra gísla til fastra sætta við Birkibeina. Hákon konunger hafði þá hirð-stefnur ok sagði svá: "Flestum mönnum er þat kunnigt, hvern "rekstr ok vás vér höfum haft til Ribbunga, ok "margfaldað skaða í láti góðra drengja, þóat þeir "hafi fleiri fyrir oss látið, er betr er. Nú biðja þeir "oss griða, ok vilja gjarna koma á várt vald. En ef "vér viljum grið gefa þeim, þá skulu vér þat með "því móti göra, at þeir skulu vera klanda-lausir um "alla hluti, þá er þeir hafa við oss misgört, svá sem

<sup>1</sup> *Úsviks-eyja*] -eyiř, Cd.

" siðr er góðra höfðingja til ; ella játum þeim öngum A.D. 1227.

" griðnm, ok fylgjum þeim nú sem ríkast. Er nú

" minnkaðr styrkr þeirra. Ok em ek þess ekki

" ófúsari. En þó skulu þér ráða." Birkibeinar kvóð-

410. usk gjarna vilja fyrir-gefa Ribbungum fjár-tjón ok  
frænda-lát heldr en rekask eptir þeim lengr. Sendi  
konungr [nú] eptir Knúti ok Ribbungum : Eystein  
Róason, Guttorm Erlendsson, Friðrek slafsa. Þeir fundu  
þá uppi í Eyja-vatui, ok fór hann með þeim til Os-  
lóar á vald Hákonar konungs, ok sjöldi vildar-liðs með  
hónum. Eptir þetta skipaði konungrinn ríki sitt um  
öll Upplönd. En þeir Ribbungar, er sér væntu öngrar  
griða, stukku ór Noregi [austr] á Markir. Sá maðr  
hét Magnús blaðstakkr er þá batz fyrir þeim, ok kal-  
laðisk konungr. En er Hákon konungr spurði þetta,  
sendi hann austr Harald af Lautin, at vita ef hann  
næði Magnúsi. En er Magnús spurði til Haralds,  
hafði hann grun af, at hann mundi hónum eigi trúr,  
ok fór til ok drap hann. Konungrinn hafði ok sent  
bréf austr í Vermaland, at bændr skyldu göra annat-  
hvárt, at reka óflokk þenna ór bygðum sínum, ella  
mundi hann fara til at göra þeim bakeld öngum mun  
minna en fyrr. Sem baendir sá bréf þetta, sömnuðusk  
þeir saman ; ok fóru at Magnúsi, ok tóku hann, ok  
festu hann upp ok nökkrara menn með hónum.—Ok  
lýkr þar aefi Ribbunga.

157. Hákon konungr bjósk ór Osló til Björgynjar ;  
hann gaf Knúti frænda sínum tvau skip ; var annat  
tvau rúm ok tuttugu,<sup>1</sup> ok fékk honum alla hluti þá  
er hann þurfti at hafa. Síðan fór konungr norðr í

411. land. Ok er hann kom í Seleyjar, kom í móti hónum  
Skúli jarl með mörgum skipum ok stórum. Hann  
hafði ætlat suðr til Danmerkr. Ok er þeir funduskar,  
rézk þat af, at jarl snöri norðr með konunginum til

<sup>1</sup> *tuttugu*] Fl.; xxii., Cd.

A.D. 1227. Björgynjar. Þeir vóru báðir í konungs-garði, ok höfðu mikit fjölmenni. Þá var blíðligt með þeim, ok gækki sinn dag hvárr til annars til skemtunar. Þá vóru drykkjur miklar í þrenum. Lendir menn höfðu stórar sveitir. Páll vagar-skálm átti son, er Ívarr grettir hét; hónum varð eigi betra verk fyrir, en hann drap einn fornán Birkibein um kveldit eptir aptan-söng; ok faum þat til saka, at son hans hafði verit at vígi Árna heljar-dals; en þessi hétt Eirekr baggi. En hitt víg varð norðr í Vágum, sem fyrr var ritað. En þegar sem hirðin varð vör við, her-klæddusk allir handgengnir menn. Þessi týðendi kómu til Páls ok þeirra Nikulás, feðganna, ok létu þeir illa yfir verkinu, er sá varð fyrir er saklauss var. Þeir feðgar fóru inn í Nikulás-kirkju-stöpul, ok hjoggusk þar við. Hirðin gækki at kirkjunni, ok vildu upp brjóta. Þá var sagt konunginum. Jarl var þá í boði konungs; ok gengu þegar til Nikulás-kirkju. En er þeir kómu þar, já hafði hirðin tekit Ívar nef,—hann var frændi Nikuláss Pálssonar,—ok æthlðu at drepa hann; ok horfði þar til mikilla vandræða áðr konungr kom til. Konungr tók þegar Ívar á sitt vald, ok bað hirðina haetta at ganga at kirkjunni. En um morgininn lét konungr blása til hirð-stefnu, [ok] sagði birðinni, at hann vildi með öngu móti, at Nikulás gyldi þessa verks, þar sem hann var hvárki vitandi né valdandi.<sup>412.</sup>

Gékk þá Nikulás ór kirkju ok á vald konungs; en Ívari, bróður hans, lét hann skjóta yfir til Mumk-lífis, ok var þar til þess er hann fór ór landi. Mart hark varð þar annat um sumarit fyrir ofdrykkju sakir; en allir hlutir fóru þá blíðliga milli konungs ok jarls.

158. Skúli jarl bað konunginn, at hann skyldi gefa hónum orlof at fara til Danmerkr á fund Valdimars konungs, ok lézt hann vilja ríða ór Þróndheimi um várit austr í Vík. Konungr lagði þar leyfi til. Bjósk þá jarl at fara norðr í land. Herra Knútr var þá þar í góðu yfirlæti af konunginum. Hann lét

flytja bónorð sitt við jarl, ok bað jungfrú Ingiríðar A.D. 1227  
dóttur hans með ráði konungsins. Festi hann hana,  
(Autumn.)  
ok rézk til ferðar með jarli at göra brullaup sitt.  
Áðr þeir skildisk, konungr ok jarl, var fæddr Óláfr  
son Hákonar konungs. Jarl fór norðr til Þróndheims;  
ok skildusk þeir með miklu mæru kærleikum, konungr ok  
hann,<sup>1</sup> at því sinni.

159. Pétr erkibiskup hafði andask annat haust áðr,  
Dionisius-messu, ok var kosim í stað hans síra Þórir  
inn Þraenzi, ok út farinn. Á þessu ári andaðisk  
Honorius páfi, en Gregorius kom í stað hans. Hákon  
konungr sat þenna vetr í Björgyn. Ok var þessi inn

413. ellefti vetr konungldóms hans. Um várit í Föstu fór 1227-28.  
konungr austr í Vík, ok kom til Túnbergs eptir  
Páskir. Ok fór þaðan inn til Oslóar. Ok er hann  
kom, var jarl þar fyrir, ok herra Knútr, Gregorius  
Jónsson, Ásólfur jarls-frændi, ok margir aðrir göfgrir  
drengir, er norðan höfðu farit með jarli.

160. Þá er þeir höfðu fár nætr verit í bænum,  
konungr ok jarl, kom Þórir erkibiskup þar frá Róma  
[ný-vígðr]; ok sendi konungr menn í móti hónum út  
til Höfuðeyjar, ok fór erkibiskup í konungs-garð. En  
með því at konungr hafði gnög fóng flutt með  
sér af skipum, en jarl hafði lítið flutt, þá var jarl  
með konunginum optast á kveldum. Konungr var í  
garði þeim er Digi-skytningr heitir, en jarl var í  
Skarthelinum. Sá atburðr görðisk, at sá maðr, er  
Rói Hallkelsson hét, sveitungr jarls, drap eitt kveld  
handgenginn mann konungs, þann er Óláfr hét hvíti.  
Ok er Rói hafði gört þetta verk, hljóp hann í þann  
garð er þeir voru láðir, konungr ok jarl, ok kallaði  
at durunum. Konungr bað upp láta. Ok er Rói kom  
inn, gaf hann sik á vald konungs, ok sagði hvat hann  
hafði gjort. Konungr svarar svá: "Með því móti, at  
" þú komst á vart vald, þá máttu ná griðum af oss;

<sup>1</sup> konungr ok hann] Fl. ; við konunginn, Sk.

A.D. 1228. “en þess er eigi [minni] ván, at þeir gjaldi þessa verks, sem einskis eru af valdir.” Lítlu síðarr kvað við konungs-líðr, ok hljópu saman lendir menn konungs ok handgengnir er í vorú bænum, ok hljópu at garði<sup>414</sup>. Þeim er sveit jarls var í. Þessir vorú lendir menn fyrir: Armbjörn Jónsson, Símon kýr, Loðinn Gunnason, Gunnbjörn bóndi. Þá er konungr ok jarl spurði þetta, þá bað jarl konung, at hann skyldi nökkut ráð til leggja, at betr faeri en til var stofnat. Konungr stóð upp þegar, ok bað hann jarl bíða sín til þess hann kaemi aptr. En er konungrinn kom til garðs-hliðsins, var svá mikil þróngin af vápnuðu fólk, at hann komsk þar ekki fram. Þá fór hann á höfuð mönnum, ok komsk svá fram til jarls-manna. Ok af hans tilkvámu lægðisk harkit, ok stefndi konungr öllum mönnum til tals norðr til Hallvarðs-kirkju. En sá maðr, er Sigurðr hét, varð til at mæla þessi orð: “Þá hefðim vér nökkut fyrir hark ok ónáðir, er oss eru görvar, at vér drepim<sup>1</sup> fyrst konunginn, ok mundi eigi mikit fyrir verða.” En þeir félagar hans bönnuðu hónum, ok mæltu: “<sup>2</sup> Vildir þú, vesall maðr, níðask á konung-“ inum ok drepa hann, fyrir þat er hann kom til “ljálpars við oss!” Síðan gékk konungrinn ór garðinum, ok fylgdi hónum norðr allt liðit til fjala;<sup>3</sup> ok fékk seint stöðvat, þvíat allir Birkibeinar vildu ganga á jarls-menn. En erkibiskup sendi eptir þetta menn til konungs, ok bað hann sjá svá fyrir, at eigi stæði vandræði af þessu máli. Konungr kvað svá vera skyldu. Síðan kom hann á griðum, ok skyldi standa málit um nöttina til rannsaks um morguninn. Gékk<sup>4</sup> konungr þá heim, ok var jarl þar fyrir, ok sátu þá ok skemtu sér. Ok þá er konungrinn gékk út, tók hann í hönd<sup>5</sup> Hróa, ok leiddi hann upp til Hall-<sup>415</sup>.

<sup>1</sup> drepim] Fl.; drepum, Cd.

<sup>2</sup> aumr ertú málſ] add. Esp.

<sup>3</sup> fjala] Fl., i.e. mótfjala? ;

<sup>4</sup> Here fragm. b. begins again.

<sup>5</sup> ok var jarl . . hönd] Fl., b.;

Gékk konungr þa heim ok tók í hönd Hróa, Sk.

varðs-kirkju;<sup>1</sup> ok bað hann sjálfan gæta sín þaðan af. A.D. 1228.  
Ok var þessum máli sett um myrgininn.<sup>2</sup>

161. Skúli jarl var því norðan kominn, at hann ætlaði at fara suðr til Danmerkr<sup>3</sup> á fund Dana-konungs, á skipi kaupmanna,<sup>4</sup> því at hann hafði engi skip þar í Víkinni.<sup>5</sup> Þá léði konungr hóum sín skip, ok gaf hónum leiðangr ór tólf skipreiðum. Síðau fór jarl leið sína, ok með hónum herra Knútr, ok Gregorius Jónsson, Ásólfur frændi jarls. Þeir hittu Dana-konung í Kaupmanna-höfn; ok tók konungr vel við jarli, ok töluðu þeir marga hluti þá er ekki vóru í annarra manna vitand. Dvaldisk jarl um hríð með Dana-konungi í góðu yfirlæti. Ok er þeir skildusk, gaf konungr hónum stórar gjafir, en fókk jarli at léni hálf Halland. Fór jarl síðan norðr í Noreg. Ok er hann kom til Túnbergs var konungr norðr farinn til Björbynjar.<sup>6</sup> Herra Knútr, ok Gregorius Jónsson fýstusk at fara skipleiði<sup>7</sup> norðr til konungs; ok er þeir fengu orlof [af jarli] stigu þeir á eitt skip báðir. Ok er þeir kómu norðr fyrir Hvarfsness-enda, ok sigldu þeir í boda, ok týndisk þar Gregorius [Jónsson], ok nökkurir menn með hónum. Hann þótti þá göfgastr lendra manna í Noregi, ok kominn af inum beztum ættum í Noregi.

416. Ok varð nú mjök endir á þeirri lendra-manna-ætt, er göfgust hafði verit á Sunnmæri, er Blindheims-menn vóru kallaðir. Herra Knútr komsk nauðuliga af, ok týndi þar mörgum ágætum gripum. Fluttisk síðan norðr til Björbynjar. Tók konungr við hónum sæmliga. Skúli jarl dvaldisk um haustið í Víkinni, ok fór, [er] á leið, norðr til Próndheims; ok sat þar um vetrinn.

1228-29.

<sup>1</sup> *Hallvarðs-kirkju*] Here H. begins again.

<sup>2</sup> *ok var . . . myrgininn*] add. H.; om. b.

<sup>3</sup> *at fara . . . Danmerkr*] add. H.

<sup>4</sup> *á skipi kaupmanna*] Fl., H.; en með því, Sk.

<sup>5</sup> *í Víkinni*] add. H.

<sup>6</sup> *til Björbynjar*] add. H., b.

<sup>7</sup> *skipleiði*] add. H.

A.D. 1228. 162. Petta sumar kómu vestan um haf sendi-menn Jóns jarls af Orkneyjum með mörgum göðum fórum,<sup>1</sup> er jarl sendi Hákon konungi. En um haustið sendi Hákon konungr jarli langskip gótt ok margar gjafr 1228-29. aðrar. Hákon konungr sat þenna [vetr] í Björgyn. Ok var sjá inn tólfsti konunglóms hans. Þá var friðr góðr í landinu, ok milli konungs ok jarls gótt samþykki. Um vetrinn sendi Þórir erkiþiskup öllum biskupum í Noregi orð, at þeir skyldi koma til hans norðr um sunnarit.—Petta<sup>2</sup> sumar var mikill ófriðr sagðr vestan um haf ór Suðreyjum.

163. Aleinn hét jarl einn í Skotlandi, son Rollantz jarls af Galvei. Hann var inn mesti hermaðr í<sup>3</sup> þann tíma. Hann hafði<sup>4</sup> mikinn her ok fjölda skipa, ok herjaði um Suðreyjar ok Írland, ok görði mikinn skaði<sup>5</sup> víða um Vestr-lönd. Þá var Óláfr Guðröðar-<sup>417.</sup> son konungr í Mön, ok hélt hann drengiliga þat ríki fyrir jarli ok með miklum trúleika við Hákon konung. En Suðreyja-konungar, þeir sem af Sumarliða-ætt voru komnir, voru [mjök] ótrúir Hákon konungi. Þeir voru konungr í Suðreyjum, Duggall skräkr,<sup>6</sup> ok Dungaðr bróðir hans, faðir Jóns er síðan var konungr. Þeir voru synir Duggals Sumarliða-sonar. Óspakr hét maðr, er lengi hafði verit með Birkibeinum. Þat kom upp, at hann var son Duggals, ok bróðir þeirra.<sup>7</sup> Sumarliði hét enn frændi þeirra, er þá var enn konungr í Suðreyjum.

164. Hákon konungr fór um haustið ór Björgyn austr til Víkr, ok dvaldisk um hríð í Túnbergi ok fór þaðan inn til Oslóar. Andrés skjaldar-band, frændi konungs, var þar, ok bjó þann vetr ferð sína af landi

<sup>1</sup> fórum] sendingum, b.

<sup>2</sup> Petta] H. begins the new chapter in this word, but all the other vellums in 'Aleinn hét,' etc.

<sup>3</sup> i] om. Fl.

<sup>4</sup> Hann hafði] Fl.; hafði hann, Sk.; it is not quite certain whether

the words "í þann tíma" are part of the preceding or of the following sentence: — "Í þann tíma hafði hann," etc.

<sup>5</sup> shaða] hernað, b, Fl.

<sup>6</sup> skräkr] Sk., Fr.; skröggr, Fl., b.

<sup>7</sup> þeirra] þessarra, Fl., b.

brott til Jórsala. Andrés reið um vetrinn suðr á A.D. 1229 Halland, ok þaðan í Sjóland, ok til Hvítsanz,<sup>1</sup> ok <sup>1230.</sup> þaðan pálmara-veg út til hafs, ok gékk þar á einn drómund. Ok hefir síðan aldri til hans spurzt. Ok ritaði Hákon konungr til Friðreks keisara, ok annarra vina sínna, út í lönd, at þeir skyldu fréttum til 418. halda hvat af Andrési var orðit. Ok hefir aldri til hans fréttz. Ingibjörg, kona Andrés, var eptir, ok Pétr, er kallaðr var son þeirra. Ok er Andrés var allr,<sup>2</sup> kom þat upp af Ingibjörgu, at Skúli jarl væri faðir Pétrs; ok tók jarl við frændsemi hans, ok tók Pétr til sín, ok lagði á hann mikla ást.

165. Hákon konungr sat í Oslo um vetrinn. Ok var þessi inn þrettándi konungdóms hans. Um vetrinn <sup>1229-30.</sup> eptir, er á leið, hafði konungr þing í bænum. Á því þingi gaf hann Óspaki konungs-nafn,—en hann var kallaðr Óspakr [inn] Suðreyrski;—þar með gaf hann hónum Hákonar-nafn. Görði konungr þá ok bert, at hann mundi fá hónum lið um sumarit vestr um haf. Þann dag, er þingit var, kom til bæjarins austan ór Svía-veldi Magnús broki,<sup>3</sup> son Knútz jarls, Birgis sonar brossu,<sup>4</sup> frændi konungsins. Hann [átti] Sigríði, dóttur Knútz Svía konungs, ok hét Knútr son þeirra. Hákon konungr tók sémiliga við Magnúsi; ok dvaldisk hann um hríð með hónum; ok skilðusk með miklum kærleikum. Um várit nrðu þau tíðendi í Próndheimi, at Þórir erkibiskup andaðisk; þat var Páska-dag. En í stað hans kom Sigurðr, son Einriða peina;<sup>5</sup> ok fór þat sumar ór landi.

166. Hákon konungr fór um várit norðr til Björg-419. ynjar. En er hann kom þar, létt hann búa her vestr um haf, þann er fylgja skyldi Óspaki. Til þessarar ferðar fékk Skúli jarl sunt liðit; ok vórn þessir skip-

<sup>1</sup> *Hvítsanz*] Hvít sandz, Fl., b.

<sup>2</sup> *allr*] H.; láttinn, Sk.

<sup>3</sup> *broki*] brockr, b.

<sup>4</sup> *brossu*] thus Sk.; brosu, b.;

II. here reads, "Magnus brosi sou

"Birgis jarls Knútz-sonar."

<sup>5</sup> *peina*] penna, b.

A.D. 1230. stjórnar-menn af hans hendi: Sigurðr sepill, Sigurðr smiðr, Páll Bálkason. En af konungs hendi: Óspakr konungr, Þormóðr þing-skaun,<sup>1</sup> Sörkvír<sup>2</sup> Sygna-kjúka, Ölver illt-eitt, Sveinungr svarti, Páll gás. Ellifu skip höfðu þeir af Noregi. Sem þeir vórn búmir, kom vestan af Suðreyjum Óláfr svarti, Manar-konungr. Hann sagði mikinn ófrið vestan af Eyjunum. Hann kvazt því stökkva af Eyjunum ok ór Mön, at Aleinn jarl hafði dregit saman mikinn her, ok ætlaði á hendir Manar-mönnum.<sup>3</sup> Hann hermdi mörg stór-yrði jarls til Noregs-manna. Hann sagði, at [jarl] kallaði eigi tor-sóttara hafit til Noregs, en af Noregi til Skotlands, ok þar eigi verra til hafna, þeim er herja vildi. En bat var mælt, [en] eigi gjort.<sup>4</sup> Óláfr konungr dvaldisk fjórar nætr<sup>5</sup> í baenum áðr þeir fær vestr. Óláfr fór á skip með Páli Bálka-syni til Orkneyja. En þá fékk Jón jarl hónum skip er Oxinn hét. Þá er þeir fórn af Orkneyjum, höfðu þeir tuttugu skip. Ok er þeir spurðu, Bálki ungi ok Óttarr smækolrh, þá fóru þeir fyrir norðr í Skíð, ok fundu þá í<sup>6</sup> Vestr-firði, ok fundu Þorkel Þormóðar son ok börðusk við hann. Féll þar 420. Þorkell, ok synir hans tveir; en Þormóðr son hans komsk undan; með því móti, at hann hljóp í ker eitt er [þar] flaut við skip eitt; ok rak þat með hann at Skotlandi fyrir norðan Hattar-skot. Eptir þetta fóru þeir Óttarr ok Bálki til móts við þá Óspak konung.

167. Eptir þat kómu þeir saman öllum hernum suðr í Ílar-sund. Þá vóru þar braeðr Óspaks tveir, Duggall ok Dungaðr, ok sá höfðingi inn þriði er Sumarliði hét, fraendi þeirra; ok höfðu þeir mikit lið. Þeir buðu Norðmönnum til veizlu, ok höfðu vín sterkt. Norð-

<sup>1</sup> *þing-skaun]* Fr.; *þing skom*, Sk.; *þingskōn*, II.; faded in b.; *þing-skorin*, Fl.

<sup>2</sup> *Sörkvír]* Fl., b.; Serkr, Sk.

<sup>3</sup> *Manar-mönnum]* Fl.; Noregs-mönnum, Fr.; num., Sk.

<sup>4</sup> *En . . . gjort]* Þetta mæltu Skotar en gerðu eigi, b.

<sup>5</sup> *nætr]* here is a blank in II.

<sup>6</sup> *fyrir norðr . . . þá í]* Fl.; þá fóru þeir með liði sínu um Vestfirði, Cd.

mönnum var sagt, at eigi mundi allt vera svíka-laust ; A.D. 1230.  
 ok því vildu þeir<sup>1</sup> eigi fara til veizlunnar. Drógu þá  
 hvárir-tveggju saman lið, þvíat hvárigir trúðu öðrum.  
 Dungaðr svaf á skipi Óspaks bróður síns. Lítlu  
 síðarr veittu Norðmenn Suðreyingum atgöngu ok  
 drápu Súmarliða, ok mart manna með hónum. Þeir  
 toku Duggal höndum, ok settu í fjötra.<sup>2</sup> Fátt féll af  
 Norðmönnum. Ekki var Óspakr konungr við þetta.  
 Ok er hann varð varr, skaut hann á brott Dungaði  
 bróður sínum, en Duggal bróður sinn tók hann í sína  
 gæzlu. Þeir sömnuðu nú liði um Eyjarnar, ok fengu með  
 öllu saman átta tigi skipa; ok siglðu síðan suðr fyrir  
 421. Satiris-múla, ok svá inn til Bótar. Ok þar sátu Skotar  
 í kastölum; ok var stívarðr fyrir, einn af Skotum.  
 Norðmenn lögðu til borgarinnar, ok veittu þar harða  
 atgöngu. En Skotar vörðusk vel, ok steypðu á þá  
 biki vellanda ok blýi. Þá féll mart af Norðmönnum,  
 ok mart sárt. Þeir bundu yfir sik fleka af viði, ok  
 hjoggn síðan múninn, þvíat steinninn var blautr; ok  
 hrapaði veggrinn eptir þeim. Þeir hjoggu við jörðina.<sup>3</sup>  
 Sá kertis-sveinn, er Skagi skitrað hélt, skaut stivar-  
 ðinn til bana í því er hann hljóp á borgar-vegginn.  
 Þrjá daga börðusk þeir við borgar-mennina, æðr þeir  
 fengi unnit borgina. Þeir toku þar mikit fé, ok Rid-  
 dara einn Skotzkan, er sik leysti út fyrir þrjú hun-  
 druð marka brendra. Þar félru, Sveinungr svarti, ok  
 nökkur þrjú hundruð manna af Norðmönnum, allt  
 saman, ok af Suðrey[ing]um. Þeir fengu mikinn storm,  
 ok týndu þar þremur skipum með mönnum ok öllu því  
 er á var. Þeir spurðu þá, at Aleinn jarl var suðr á  
 Nesjum, ok hafði dregit [saman] hálft annat hundrað  
 skipa, ok ætlaði at þeim. Þeir siglðu þá norðr undir  
 Satiri, ok lágu [þar] um hríð, ok görðu margar upp-

<sup>1</sup> Here ends the second vellum leaf b.

<sup>2</sup> settu í] Fl.; létu, Sk.

<sup>3</sup> við jörðina] ör við jörðina,  
Sk.; upp v. j., Fl.

A.D. 1230. rásir. Þá fékk Óspakr konungr sótt, ok lítla hríð; ok andaðisk; ok var hann mjök harmdauði af sínum mönnum. Þeir fluttu lík hans til graftrar. Eptir þetta görðisk Óláfr konungr höfðingi yfir öllum herum. Síðan siglðu þeir yfir undir Kaupmannae-yjar, ok 422. lágu þar lengi vetrar. Þeir fóru suðr til Manar, ok var þar samnaðr fyrir. Sá maðr var fyrir liði því, er Þorkell Njálsson hét. Manar-byggjar vildu eigi berjask móti Óláfi konungi, ok rufu þeir saumaðinn fyrir Þorkatli; ok tóku Norðmenn hann höndum, ok höfðu hann um hríð í fjötrum. Þeir lögðu gjald á Manverja, þrjá penninga Eńska af hverri kú, ok faða allan herinn um vetrinn.<sup>1</sup> Sigurðr sepill ok Sigurðr smiðr hleyþu Þorkatli í brott, ok líkaði sumum þat illa. Sem váratók, fóru Norðmenn í brott ór Mön; en Óláfr konungr var eptir. Þeir siglðu norðr undir Satiri, ok gengu þar á land; en Skotar kómu þar móti þeim, ok börðusk við þá, ok voru mjök lausir við bardagann; hljópu til ok frá. Þar félle margir menn af hvárum-tveggjum. Ok er Norðmenn kómu til skipa sínna, þá höfðu Skotar drepit alla sveina þeira,<sup>2</sup> er á landi voru at búa vistir, ok allir mat-katlar voru í brottu. Þeir veittu margar upprásir á Satiri, ok fóru þaðan norðr í Eyjar. Ok er þeir kómu í Ljóðhús, var þar fyrir Þormóðr Þorkelsson. Þeir eltu hann ór Eyjum, ok drápu þar nökkura menn af hónum, ok tóku öll föng hans, ok hertóku konu hans. Síðan siglðu þeir norðr til Orkneyja. En Páll Bálkason var eptir í Suðreyjun, ok féll hann fám vikum síðarr fyrir Guðröði svarta, syni Rögnvalds konungs. Flestir Norðmenn siglðu þegar austr til Noregs; ok höfðu í þessari ferð 423. helzt verit unnar konungsins saemðir fyrir vestan haf. Ok er þeir kómu á fund Hákonar konungs, þakkaði hann þeim vel sína ferð.

---

<sup>1</sup> [þeir lögðu . . vetrinn] om. Cd.; | <sup>2</sup> [alla sveina þeira] Fl.; alla add. Fl.

168. Hákon konungr hafði þenna vetr setið í A.D. 1231. Björgyn. Ok var þessi inn fjórtándi konungdóms hans. 1230-31. Petta sama haust kom Sigurðr erkibiskup heim frá vígslu ok fór norðr til stólsins. Í Orkneyjum dvalðisk eptir sá maðr<sup>1</sup> er Ölver illt-eitt hét; hann var hirðmaðr konungs ok mikill ójafnaðar-maðr. Hann fór til Hánefs unga, er þá hafði sýslu af konungs hendi. Hánefr var skutil-sveinn konungs. Þeir voru þrír bræðr, Hánefr ungi, ok Kolbeinn, ok Andrés. Hánefr hafði mikla sveit.

169. Maðr hét Snækollr þar í Eyjunum, ok var Gunnason; móðir hans hét Ragnhildr; hón var dóttir Eireks stagbrellz,<sup>2</sup> ok Ingigerðar, dóttur Rögnvalldz jarls ins helga. Snækollr kallaði á bú nökkur þar í Eyjunum, þau er þeir frændr höfðu átt, er af Rögnvalldz-ætt<sup>3</sup> voru komnir, en Jón jarl hafði at halda; ok hafði jarl undan-drátt at láta laus búin. En Snækollr kærði þetta opt fyrir hónum. Jarl tók þá at svara styggliga; ok spurði, hvárt hann vildi göra eptir Haraldi móður-bróður sínum, ok kalla til Orkneyja í hendr hónum. “En at vísu ætla ek at verja þér “ ríki mitt, svá sem faðir mínn görði við móður-bróður “ þínn.” Snækollr svarar: “Ván er mér þess, at “ lítils unnir þú mér af Orkneyjum, er þu vill eigi “ unna mér eigna þeirra, er ek á at réttum erfðum.” Jarl lagði fæð mikla á Snækoll. Tók hann svá upp, ut hónum mundi eigi óhætt fyrir jarli. Fór hann þá til þeirra Hánefs, ok gékk þar í sveit ok félags-skap með þeim.

170. Þeir fóru um haustið hvárir-tveggju yfir á Katanes í Þórsá. Höfðu sín herbergi hvárir, jarl ok þeir Hánefr. Hvárir-tveggju höfðu mikla sveit. En optliga skilði sveitunga þeirra á, er þeir fundusk drukknir á kveldum. Þat var eitt kveld, er þeir

<sup>1</sup> maðr] skip stjornar-maðr, Fl. | <sup>3</sup> Rögnvalldz-att] Fl.; hans att,  
<sup>2</sup> stagbrellz] so all the vellums. | Cd.

A.D. 1231. Hánefr sátu ok drukku ok vóru mjök kátil, at hljóp (Autumn.) inn maðr fyrir Hánef ok mælti: "Hugsa svá ráð þitt, " Hánefr ok þér félagar, at jarl ætlar at láta veita " yðr atgöngu í [nótt], ok láta nú skipta um með yðr; " þvíat hann trúir yðr ekki, ef þér búit lengr saman.<sup>1</sup>"

171. Sem Hánefr heyrði þetta, sagði hann Kolbeini bróður sínum ok Snækolli. Taka nú þetta fyrir sannleik; ok göra ráð sín, at þeir skulu verða fyrri at bragði. Biðja nú sveitina vápna sik. En ofdrykkjan bjó svá um, at öllum þeim þótti þetta gótt ráð, er þeir tóku upp. Sem þeir vóru vápnaðir, gengu þeir <sup>425.</sup> at þeim herbergjum, sem jarl lá í, með ófriði ok eldi, ok báru þegar vápn á þá sem fyrir vóru. En er jarl varð varr við ófriðinn, þá leitaði hann undan í undirklefa nökkurn, ok ætlaði at fela sik þar. En þeir fengu njósn [af] hvar [hann var]. Þjópu þeir þangat [í klefann] Snækollr, Sumarliði Hrólfsson, ok Ölvir illt-eitt,<sup>2</sup> Porkell ok Rafn, ok enn fleiri. Snækollr fann jarl við tunnu eina; ok veittu [þeir] hónum þar bana-sár. Þar léту sk með jarli nökkurir menn fyrir þeim Hánefi. Jarl hafði nú sár. Eptir þetta verk fóru þeir Hánefr brott af Katanesi ok út í Orkneyjar. Peir fóru í Vigr; ok settusk í kastalann, er Kolbeinn hrúga hafði göra látið. Peir drógu at sér nóg fóng ok fjöldu nauta, ok varð-veittu í út-kastalanum. En er þetta spurðu vinir jarls í Orkneyjar, sömnuðu þeir miklu liði, ok fóru út í Vigr, ok settusk um kastalann. En þar var óhægt atsókn við at koma. Þá sömnuðusk ok saman frændr Hánefs, Kolbeinn í Rennadali,<sup>3</sup> ok margir aðrir, ok leituðu um sættir með þeim. Ok svá kom, at þeim vóru grið gefin. Skyldu vera um vetrinn í Orkneyjum, ok fara um sumarit í Noreg á fund Hákonar konungs; ok skyldi hann skipa þessu

<sup>1</sup> cf. . . saman] ef þér erusk svá næð, sem nú hefir verit um hríð,

<sup>2</sup> illt-eitt] illt iarn, Cd. (here).  
<sup>3</sup> Rennadali] Reinadali, Cd. and Fr.

máli. Raufsk þá samnaðrinn; ok stóð þetta mál A.D. 1232.  
 vandræða-laust um vetrinn. Um [várit] eptir fóru  
 426. þeir til Noregs, Hánefr ok hans félagar; en á öðru  
 skipi fóru frændr jarls ok vinir, ok nær allir enir  
 beztu menn ór Orkneyjum.

172. Þenna vetr sat konungr í Björgyn. Ok var  
 þessi inn fímtándi hans konungdóms. Um várit hafði 1231-32.  
 konungr farit austr í Vík at örendum sínum, ok var  
 hann eigi austan kominn þá er þeir Hánefr kómu til  
 Björgynjar. Þeir fóru í garð Auna-Páls. Ok er þeir  
 höfðu lítla hríð dvalizk í bænum, kom Skúli jarl  
 norðan or Próndheimi; hann átti fátt við þá Hánefr.  
 Nökkuru síðarr kom konungr austan. Þar var ok  
 herra Knútr. Ok er hann hafði lítla hríð dvalizk í  
 bænum, lét hann blása til hirð-stefnu öllum hand-  
 gengnum mönnum. Ok er þeir kómu á stefnuna,  
 Hánefr ok hans félagar, tóku skutil-sveinar þá braðr,  
 Hánefr ok Kolbein, ok sonn Rólfs ketlings, Sumarliða  
 ok Andrés, ok leiddu upp til borgar; ok voru [þar]  
 inn settir. En þeir Ölver flít-eitt, ok þeir sem voru  
 at víginu, voru fluttir út í Tölu-hólm. Björn hét  
 gestr einn, er enn hafði verit at víginu með þeim.  
 Hann var þá kominn gegnt Máriú-kirkju, er þar  
 hóf messu, ok ætlaði at ganga á hirð-stefnuna. Hann  
 mælti: "Skyldra ætli ek mér, at ganga til messunnar  
 "en stefnunnar;" Snýr inn í kirkju. Ok fyrr en  
 lokit var messunni, var hónum sagt, at þeir  
 Ölver voru teknir. Ok gaf hónum þat líf er hann  
 427. fór í kirkjuna. Sigvaldi Skjálgsson' gékk fastast eptir-  
 þessu máli.<sup>1</sup> Hann tók Porkel inn svarta inn í Svartabúðum,<sup>2</sup>  
 ok færðu hann út eptir stræti. Ok er þeir  
 kómu fyrir garð þann er Skúli jarl var í, þá stóð  
 hann í svala-glugg einum, ok kallaði á Sigvalda; bað  
 eigi drepa [hann] Porkel, "Nema hann sé of mjök  
 "sakaðr." Sigvaldi svarar: "Hann er því meirr sakaðr  
 "en aðrir, at hann vann á dauðum manni, þar jarl

<sup>1</sup> [eptir þessu máli] at eptir máli  
um víg jarls, Fr.

<sup>2</sup> inn í Svartabúðum] add. Fl

A.D. 1232. " var." Fór Porkell út í Hólm með Ölve. Vóru þeir (Autumn;) þar háls-höggnir fimm menn, Rafn ok Ölver ok Porkell,<sup>1</sup> ok tveir menn aðrir, þeir er at vígi jarls vóru.<sup>2</sup>

173. Þetta sama haust fóru Orkneyingar vestr, ok gengu allir á eitt skip, inir beztu menn af Eyjunum. Þetta skip týndisk, ok allir þeir er á vóru. Ok hafa margir menn þess seint bætr beðit. Skúli jarl fór norðr til Þróndheims um haustið, ok þeir með hónum, Hánefr, ok Kolbeinn, ok Snækollr. Var [Hánefr] um vetrinn, ok þeir bræðr, með Páli vaga-skálum norðr á Dynjar-nesi. Fór Hánefr til konungs um várit, ok fékk þá heim-leyfi. Hann varð aprí-reka í Hernar, ok fékk þar sótt ok andaðisk; en Kolbeinn, bróðir hans, andaðisk í Þróndheimi lítlu síðarr. Snækollr var lengi síðan með Skúla jarli ok Hákoní.<sup>3</sup>

174. Um hanstið, er þeir höfðu skilizk í Björgyn, 428. Hákon konungr ok Skúli jarl, þá var fæddr, Marteinsmessu-nótt, Hákon son Hákonar konungs; ok þann 1232-33. vetr eptir sat konungr í Björgyn. Ok var þessi inn sextándi konungdóms hans. Penna vetr kómu upp margar greinir ok sundr-þytki milli Hákonar konungs ok Skúla jarls. Ok er flestra manna [sögn], at þat hæfisk mjök af orðum lendra manna, þeir<sup>4</sup> er menn vissu, at meirr höfðu jafnan sundr dregit þeirra [vináttu] en vera ætti. Jarl hafði pennu vetr [skipa]-görðir miklar, ok mörg þau tiltæki, er hans óvinir drógu mjök grun á, ok virðu til ótrúleika við konung. Þá var önduð frú Ingiríð dóttir Skúla jarls, er átt hafði herra Knútr; ok var þá öll þeirra vinátta, jarls ok hans. Herra Knútr hafði þá hálf Rygja-fylki ok Sogn hálfan, ok þótti hónum þat lén minna en hugr hans stóð til. Hann kærði þat, ok lendir menn með hónum, at landa-skipti þat væri eigi jafnt,<sup>5</sup> sem verit

<sup>1</sup> ok Ölver ok Porkell] om. Cd. and Fl.; add. Fr.

<sup>2</sup> þeir er . . vóru] add. Fr.

<sup>3</sup> ok Hákoní] om. Fl.

<sup>4</sup> þeir] þeira, Fl.

<sup>5</sup> jafnt] Fl., i.e. equitable; jafn mikit, Cd.

hafði í Björgyn, ok þat væri nær helmingi en þrið- A.D. 1253.  
jungi í Noregi er jarl hafði. Þenna vetr görði Sigurðr  
erkibiskup orð öllum biskupum, ok stefndi þeim til  
móts við sik í Björgyn um summarit eptir.

175. Hákon konungr fór um várit austr til Víkr.  
Hann sendi menn norðr til Þróndheims með þeim  
orðum, at Skúli jarl skyldi koma um summarit suðr  
til Björgynjar, ok skyldi þar ræða um greinir þær,  
er þá fóru milli þeirra. En er konungr kom til Víkr,  
429. stefndi hann til sín öllum lendum mönnum ok sýslu-  
mönnum þeim er í Víkinni vóru, ok skyldaði þá til  
alla, at fara með sér til Björgynjar. Hann hafði þá  
stór útboð í Víkinni, ok dró saman mikinn her, ok  
fór síðan til Björgynjar. Þessir vóru lendir menn :  
Arnbjörn Jónsson, Símon kýr, Loðinn Gunnason,  
Gunnbjörn bóndi. Konungr hafði ór Víkinni mikit  
lið ok frítt. En er hann kom [norðr] í Gula-þings-  
löög, þá stefndi hann öllum lendum mönnum til sín  
með stórum sveitum. Þá er konungr kom til Björg-  
ynjar, lagði hann sínu skipi fyrir [konungs-lægi]. Síðan  
lögðu lang-skip allt með endi-löngum bryggjum í  
innan-verðan bæinn.

176. Skúli jarl var í Þróndheimi um summarit. Hann  
hafði látið reisa skip mikit um várit út á Eyrum.  
Þat hét Langi-Frjádagr. Þat var meira en önnur  
skip miklu, ok því varð lítið at gört um summarit.  
Jarl bjósk norðan er á leið, ok varð síð-búinn. Hann  
hafði á þriðja tigi skipa,<sup>1</sup> ok flest stór. Þessir vóru  
lendir menn með hónum : Álfr mágr hans, ok Ásólfur  
frændi hans, Páll vaga-skálm, Nikulas son hans, Bárðr  
bratti, Eilífr af Velli ; þar vóru ok margir sýslu-menn.  
Þá var mjök á liðit haustið er jarl kom suðr. Sendi  
[hann] fyrir sér Pál vaga-skálm á fund konungs. Ok  
er hann kom í Björgyn, veittu lendir menn hónum  
stórar átölur ; ok segja, at þat var undarligt er hann

<sup>1</sup> á þriðja tigi skipa] Fl.; a xxx. skippa (*sic*), Cd.

A.D. 1233. var með jarli en í móti konungi, ok aðrir lendir menn (Autumn,) þeir sem norðr vóru komnir; ok báðu þá skilja við jarl ok fara til konungs. Páll svarar: "Ekki hefi " ek verit í móti konungi, þó at ek færa norðan með " jarli, þar sem konungr sendi hónum orð. En svá " ætla ek flestum lendum mönnum gefit, þeim er " norðan eru komnir, at ekki munu þeir skiljask við " Skúla jarl fyrir sakir ákefðar yðarrar." Síðan fann Páll konung; ok fóru allar ræður vel þeim. Fór Páll í 430. móti jarli, ok sagði átekjur þær sem vóru í bænum, ok skip lágu svá þykt fyrir bryggjum, at eingi ván var, at þeir mætti þar at leggja.

Skúli jarl skipaði svá atlögu til bæjarins: at hann lét fyrst fara sítt skip; þar næst þau tvau er mest vóru; þa þrjú þá fimm, sex, ok sjau.<sup>1</sup> Þá fór svá í vöxt æ meðan til vansk; ok var fagrt at sjá til þessarar skipanar. Jarl lagði at við Norðnes út frá Munklifi við Hákarla-strönd; ok höfðu þar vánt lægi, svá at þar braut nökkrur skip fyrir jarli áðr en létti. Svá kvað Óláfr hvíta-skáld :

" Orð sendi þá jöfri Prænda  
afrendr konungr víða lendum;  
" fólk-prúðr keyrði flota breiðan  
(flugu borð um haf) stillir norðan:  
" Fyrðar mæltu á hendr sem harðast  
(hófsk önn af því lendum mönnum,  
" (errinn bjó með herskip harri  
Hákarla-strönd) frönum jarli."

177. Þá er jarl hafði lítlu stund verit í bænum, áttu þeir þar, konungrinn, fund í skrúðhúsínu í Kristzkirkju, ok gaf konungr hónum nökkrar sakir; ok veitti þar með harðar átölur. Eptir þat var þing sett í Kristskirkju-garði. Var þá stóll settr undir konung, ok sat hann þar á, ok [um-hverfis] lendir menn hans ok ráðgjafar. Gunnarr konungs-frændi stóð á baki

<sup>1</sup> þá fimm, sex, ok sjau] add. Fl.

konungs við stólinn. Herra Knútr var á Þinginu, ok A.D. 1233.  
 431. Sigurðr erkibiskup, ok allir hljóðbiskupar þeir er í vóru (Autumn.)  
 landinn. Síðan kom Skúli jarl á Þingit með öllum  
 sínum mönnum. Þeir sá, at jarli var ekki rúm ætlat  
 á þeim stóli sem konungr sat. Ok gengu hans menn  
 at setja hónum annan stól, ok settu undir hann. Eptir  
 þat stóð upp Dagfinnr bóndi, ok fagnaði konunginum,  
 sem siðvenja er til, ok talaði langt<sup>1</sup> örendi; ok lauk  
 svá sínu máli, at hann eggjaði friðar ok sætta með  
 þeim mágum. Þá stóð upp konungr, ok talaði snjallt  
 örendi; ok lauk því svá, at hann<sup>2</sup> bar á jarl sakir  
 þær er óvinir hans höfðu tjáð fyrir hónum. Ok er  
 hann hafði lukt sínni ræðu, stóðu upp lendir menn,  
 ok báru sakir á jarl, hverr eptir annan, ok veittu  
 hónum stórar átölur. Ok er því létti, stóð jarl upp,  
 ok hóf á þessa leið ræðu sína:—

“Eina kann ek vísu:

‘ Ari sat á steini,’<sup>3</sup>

“ ok ina aðra:

‘ Ari sat á steini,’<sup>3</sup>

“ öll er sem ein sé:

‘ Ari sat á steini.’<sup>4</sup>

“Hér er svá í dag,” segir hann, “at á síma leið hefr  
 “hverr örendi; en líka einn veg, at bera sakir á  
 “mik.” Eptir þat talaði hann langt örendi ok snjallt,  
 ok bar af sér allar sakir þær sem hónum vóru kenndar.  
 Hann veik svá til í ræðunni, at hann væri skyldr at  
 vægja til við konung. En þess kvað hann vísa-ván,<sup>5</sup>  
 432. at hann kunni lendum mönnum fulla óþökk fyrir sítt  
 róg ok vanda meðal-göngu milli konungs ok hans. Ok  
 er hann lauk sínni ræðu, talaði Gunnarr konungs-

<sup>1</sup> langt] snjallt, Fl.

<sup>2</sup> ok lauk . . . hann] Fl.; ok Sk.

Here begins vellum fragm. a.

<sup>3</sup> steini] Fl.; hellu, Cd.

<sup>4</sup> öll . . . steini] Fl.; om. Cd.;

Tr. transposes the lines, “ok ina  
 “aðra” and “öll er sem ein sé.”

<sup>5</sup> En þess . . . vísa-ván] En þess  
 kvez hann vera sannr, Fl.

A.D. 1233. fraendi: "Oss þykkir þú því at eins skyldugliga hlýðni  
 (Autumn.)" veita konunginum, at þú<sup>1</sup> leggir af þér yfir-klaeðin,  
 "ok fallir til fóta konungi, ok gefir þík ok allt þitt  
 "mál í konungs vald ok miskunn." Þá svarar jarl:  
 "Þá kunna ek höfðingjum þjóna, [Gunnarr], er þú  
 "vannt annat."

Eptir þat stóð konungr upp, ok bað þá alla [menn]  
 með sér ganga inn í kirkju, er hónum vildu þjóna.  
 Gékk hann þá af þinginn ok allr mógrinn með hónum.  
 En jarl stóð eptir, ok þat lið er norðan hafði farit.  
 Fór hann þá til skipa síenna. Síðan fór erkibiskup  
 millum, ok aðrir biskupar; ok fengu setta þá eptir  
 því sem konunginum líkaði; ok soldi jarl þar festu  
 til. Sem kvað Óláfr hvíta-skáld:

" Þing stofnuðu jöfrar ungar  
 (jarl veitti svör ræsi) snarla;  
 " hersar báru á hilmi dýran  
 (hjaldrs fýstu þeir) sakar kaldar :  
 " Allt lagði þá frömuðr frægða  
 (fékk sætt af því) stilli rekka  
 " snildar-skýrr, ok selði várar,  
 sítt mál í kné (lituðr stála)."

433.

Erkibiskup kom svá sínni meðal-göngu, at þá fór  
 enn blíðara með heim mágum at yfir-sýn, ok hvárr var  
 í annars boði. En þat hafa þeir menn sagt, er vita  
 þóttusk hvárra-tveggju skaplyndi, at aldri hafi síðan  
 orðit fullr trúnaðr milli þeirra.

178. Skúli jarl fór um haustið norðr til Þróndheims,  
 en konungr var eptir í Björgyn, ok sat þar um vetrinn  
 fram um Jól. Ok var þessi inn sjautjándi konung-  
 doms hans. Penna vetr var fædd Frú Kristín, kon-  
 ungs-dóttir. Eptir Jól móti Föstu fór Hákon konungr  
 norðr í Sogn ok þaðan á land upp. Ok er hann  
 kom á Upplönd, hófsk sundr-þykki með heim Páli

<sup>1</sup> Því at . . at þú] Fl.; skyldugr til hlýðni við konunginn ok leggir,  
 Sk.

biskupi í Hamri. Var þat fyrst til, at konungr veitti A.D. 1234, ákall til eyjar þeirrar er liggr í Mjörs, ok heitir Eyin-Helga. Þessa ey hafði Ingi, er Baglar kölluðu konung sinn,<sup>1</sup> gefit til staðarins í Hamri, en Birki-beinar kölluðu hann fals-konung; ok sögðu, at hann hét Þorgils þúfu-skítr, ok væri Dansk. Nú þótti Hákon konungi hann ekki eiga at gefa föður-leifð síma. En biskup synjaði þverliga at láta lausa eyna. Hákon konungr fór austr til Túnbergs, ok var þar um várit. Páll biskup ritaði norðr til erkibiskups ok Skúla jarls um ákall þetta, er konungr hafði haft við hann, ok leitaði ráðs til um þetta mál. Ok af þessum 434. orðsendingum rézk þat af, at Páll biskup byggi,<sup>2</sup> ferð síma ór landi; ok fór fyrst austr í Gautland ok þaðan í Danmörk, ok svá suðr í Saxland; ok létti eigi sínni ferð fyrr en hann kom á páfa-fund.

179. Þá er Hákon konungr sat í Túnbergi um várit, lét hann efslan injök stein-vegginn um Bergit; ok bar lét hann húsa konungs-garð.<sup>3</sup> Ok lét hann reisa skip mikit er hann kallaði Óláfs-síðina. Hákon konungr dvalðisk í Vikinni nökcura hríð; ok fór um summarit norðr til Björgynjar. Þá kom jarl norðan; ok voru þeir báðir samt um summarit, ok fór allt vel með þeim, sem jafnan er þeir voru báðir saman. En þó at þeir væri með blíðu, þá gengu þó svá óvinir þeirra milli, at hélta við váða sjálfan, þegar skamt leið frá; sem síðan bar raun á. Frú Inga, módir Hákonar konungs, var með hónum; ok var konungr [ágaeta-] vel til hennar, sem vera átti. Hón hafði sjúkleika mikinn; ok tók sóttar-far hennar mjök at þyngja[sk]; ok andaðisk hón fyrir Jóla-föstu um vetrinn. Skúli jarl fór um haustið norðr til Þróndheims; en konungr fór austr til Víkr, ok sat um vetrinn í Osló. Þessi var inn áttjándi vetr konungdóms hans. 1234-35.

<sup>1</sup> sinn] hana, add. Cd.

<sup>2</sup> byggi] thus, indie. = bjoggi, = bjó.

<sup>3</sup> ok þar . . . garð] add. Fr.

A.D. 1233. 180. Hákarma-haustið kom útan af Íslandi Sturla 435.

1233-34. Sighvatsson; ok fór þegar af landi brott um vetrinn

1234. út til páva. Hann kom aptr þetta sama haust, ok fann Hákon konnng í Túnsbergi. Konungr hafði Sturlu í boði með sér, ok talaði við hann marga hluti. Lét konungr illa yfir er Sturla sagði hónum mikinn ófrið af Íslandi. Konungr spurði, hversu mikit mundi verða fyrir at koma ein-valdi á landit; ok léttá þá mundu verða frið [betra] ef einn réði mestu. Sturla tók léttliga þessu; ok kallaði lítið mundu fyrir verða, ef sá væri harð-yrkr ok ráðugr, er við teki. Konungr spurði, ef hann vildi taka þat ráð. Hann kvezk til mundu hætta með konungs ráði ok forsjá, ok eiga slíkra særða ván af konunginum sem hónum þætti verðugt, ef hann fengi þessu á leið komit. Konungr sagði svá, at eigi skyldi [hann] með manndrápum vinna landit; ok bað hann taka menn ok<sup>1</sup> senda, útan, eðr fá ríki þeirra með öðru móti, ef hann

1234-35. mætti. Sturla var optliga fyrir konunginum um vetrinn; ok töluðu um þetta mál.

En um sumarit eptir, er Hákon konungr hafði setið í Oslo um vetrinn, fór Sturla til Íslands, ok var á Grund með föður sínum um vetrinn. En Órækja Snorrason, bræðrngr hans, hafði gört mikinn ófrið í ríki hans meðan hann var

1236. útan. Ok um várit, er Sturla hafði verit einn vetr á Íslandi, þá fóru þeir Sighvatr, feðgar, at Snorra með 436.

fjölmenni, ok vildu at hann bætti fyrir ill-virkni [þau] sem Órækja, son hans, hafði gört. Snorri vildi eigi samna mönnum móti bróður sínum. En Þórðr, bróðir þeirra, fór milli þeirra, ok fékk ekki samit með þeim. Stökk Snorri þá í brott. En Sturla settisk í Reykjaholt, ok tók undir sik alla kosti Snorra. Eptir þetta fór Sturla<sup>2</sup> í Vestfjörðu at Órækju, ok sættusk-þeir þá at kalla; ok héltk þat lítlar hríð. Ok þarf þeirra skipti eigi hér at telja.<sup>3</sup> En sá varð endir á, at Órækja fór útan þat sumar með ráði Magnúss biskups af Skála-

<sup>1</sup> ok] Fl., Fr.; at, Sk.

<sup>2</sup> Sturla] Fl.; hann, Cd.

<sup>3</sup> telja] skrifia, Fl.

holti. Eptir þat fór [Sturla] at Þorleifi í Görðum, ok barðisk við hann í Bæ í Borgarfirði. Fékk hann þá 1237. vald yfir Þorleifi; ok fór hann útan sumri síðar en Órækja. Þá fór ok útai Snorri Sturluson, ok Þórðr 1238. kakali, ok Óláfr hvíta-skáld, son Þórðar Sturlusonar. En Sturla snöri þá ófriði á hendr Gizuri Þorvaldssyni, ok Kolbeini unga Arnórsyni, frændum sínum; ok fóru þeirra skipti sem enn man getið verða síðarr.

181. Hákon konungr sat um vetrinn í Oslo, sem A.D. 1235. fyrr var sagt. Þá kómu enn upp margar greinir með þeim jarli; ok varð þat enn af sömu manna meðal-<sup>437.</sup> göngu, er jafnan vóru vanir at spilla þeirra vináttu. Hákon konungr ritaði norðr um várit til jarls, ok lagði hónum stefnu við sik um summarit í Björgyn, til tals um greinir þær er milli vóru. Ok er þessar orðsendingar kómu til jarls, átti hann ráð við vini sína, hvárt hann skyldi stefndan fund sækja, eðr eigi; ok tjáði þat fyrir þeini, at hónum þótti fast at sér lagt Hákarla-haustið af eggjan lendra manna: “En “mér er sagt, at þeir munu nú ekki óákafari en þá “vóru þeir. Eru nú þeir hlutir í orðnir, er þér vituð,<sup>1</sup> “at ek em ófúsari at vera í valdi þeirra en fyrr. “Þvíat Hákarla-haustið er vér fundumst í Björgyn, “vóru austan með oss, Arnbjörn Jónsson, Gregorius “son<sup>2</sup> herra Andrés; ok görðusk [þeir] þá hand-gengnir “konunginum, ok sóru hirðmannz-eið einum saman “konunginum. Ok skilði þann eiðstaf mikit, þar<sup>3</sup> sem “allir höfðu áðr svarit báðum okkr. Svá görði ok “Brynjlfr son Jóns stáls; ok margir menn aðrir hafa “þann eið svarit; ok trúi ek þeini mönnum verr en “þeim sem eru beggja okkar eiðsvarar. Hafa þeir “báðir stórar sveitir, Gregorius ok Brynjólfur.” Fleiri hluti fann jarl til þess, at hann af talði ferðina fyrir sér. En þó vóru þeir fleiri vinir hans er fýstu; ok þat var af ráðit. Bjó jarl þá ferð sína. Sendi hann þá orð lendum mönnum þeim er norðr þar vóru; ok

<sup>1</sup> *vituð*] Fl.; *vitið*, Sk.

<sup>2</sup> *son*] emend.; ok, Sk., Fl.

<sup>3</sup> *mikit þar*] add. Fl.; om. Sk.

A.D. 1235. varð hann mjök síð-búinn. Hann hafði nær tuttugu (Autumn.) skip. Hann sigldi suðr á Mæri, ok lá lengi um haustið í Steina-vági.

Hákon konungr bjósk ór Víkinni; ok dró saman lið mikit. Hann hafði með sér marga lenda menn þá er þar vóru. Hann lét þá fram setja Óláfs-súðina, er hann hafði göra látið í Túnbergi. Þat var níu<sup>1</sup> rúm 438. ok tuttugu, all-frítt skip. Sem konungr kom í Gula-þings-lög, bauð hann liði út um öll fylki, ok stefndi [til Björgynjar til] móts við sik. Þá sendi hann norðr til Þróndheims Clemet af Hólmi; ok skyldi hann fara til Frostu-þings, ok segja, at Hákon konungr 'ætlaði sér norðr til Þróndheims um haustið, ef jarl kæmi eigi til móts við hann. Þá er á leið haustið, fór Hákon konungr ór Björgyn, ok hafði nær fjóra tigi skipa, ok öll stór. Pessir vóru lendir menn með konungi: Armbjörn Jónsson, Loðinn Gunnason, Símon kýr, Hallvarðr bratti, Eirekr stílkr, Ívarr nef, Gautr á Meli, Nikulás Pálsson, Pétr í Gizka, ok margir aðrir göfgir menn; hafði konungr bæði mikit lið ok frítt. Skúli jarl lá í Steina-vági, sem fyrr er ritad. Þar kom til móts við hann Páll vaga-skálm norðan af Hálogalandi. Tók jarl þá þær fréttir, at Hákon konungr hafði dregit saman lið mikit, ok ætlaði at fara norðr til Þróndheims. Jarl átti þá stefnur við sína menn, hvárt hann skyldi fara suðr í mótt konungi, eðr snúa norðr aptr til Þróndheims. En Páll, ok enn fleiri, fýstu þess, at fara móti<sup>2</sup> konungi; sögðu þá mundu bezt fara, ef þeir syndisk. En þeir vóru sumir trúnaðar-menn jarls er þessa löttu, ok sögðu ráðligrar, at snúa norðr til fóstbraðra sínna, "Ok bíða þar konungs, ef sýnisk." Petta var af ráðit, at jarl snöri norðr aptr sínni ferð til Níðaróss. Jarl stefndi þá til sín hestum, ok bjó ferð sína á land upp. En Páll 439. vaga-skálm, ok fleiri aðrir, löttu þessar ferðar, ok báðu

<sup>1</sup> níu] ellifn, Fl.

<sup>2</sup> Here ends the first leaf of fragm. a.

hann bíða konungs. Var þat rádit, at Páll fór suðr A.D. 1235. í móti konungi á Mæri, ok mætti flota konungs við Solskel; ok fékk eigi þar fundit konung, þvíat konungr var þá segl-búinn, ok sigldu þeir þá allir saman norðr til Þróndheims. Ok er þeir kómu í Leirangra, fann Páll konung, ok tók konungr hans orðum vel, ok lézt ætla at vel mundi fara ef þeir syndisk konungr ok jarl.

182. Þá nött er konungr lá í Leirangrum var Skúli jarl at Meðalhúsum, ok reið þaðan út til Orkadals ok ætlaði suðr um Fjall. Hann hafði þá mikil lið ok frítt. Þá er hann kom upp at Orknar-brú, skilðusk við hann margir vinir hans, ok hand-gengnir menn, bæði [hirðmenn ok] skutil-sveinar; en sumir á Uppdals-skógi. Þessir skilðusk við hann: Öndóttr skaka-lokkr, ok Eliu-Bjarni,<sup>1</sup> Reiðarr dyn, ok margir aðrir, þeir er aðr kölluðusk kempur jarls. Þá var þetta kveðit:—

“ Hóli gæddusk hirðmenn Skúla ;  
    hrukku lítt meðan full var skukka ;  
“ drukku þeir af Danmörk rekkar ;  
    drógusk lítt um fjöll ok skóga :  
“ Síðan varð er slósk í ferðir  
    sangvan<sup>2</sup> ill ok þunnt um stangir ;  
440.     “ eiðar rufusk við Inga bróður ;  
    eingi vildi fylgja lengra.”

Óláfr hvíta-skáld segir svá:—

“ Snæfrir drógn enn meðal jöfра  
    (alldir kvóðu varla haldask  
“ öðlings heit við allvald mætan)  
    ár-skapðan grun vinir hvárskis ;  
“ Minnigr bjoggi<sup>3</sup> siklingr sunnan  
    sunda-vigg ; en jarl stökk undan  
“ (ýtar brugðusk jöfri mætum)  
    austr um fjall með drengi snjalla.”

<sup>1</sup> Eliu-Bjarni] or, Eliu-Bjarni? ; | <sup>2</sup> sangvan] thus Fr. ; sanván, Sk. ;  
Ælu-B., Fl. | saungvan, Fl.

<sup>3</sup> bjoggi] Fr. ; bio, Sk.

A.D. 1235. 183. Hákon konungr kom í Níðarós. Var hónum þá sagt, at jarl var í brott riðinn. Hann sendi eptir jarli með ráði vina sínna, Pál vaga-skálm, ok Ívar nef; ok fundu hann í Uppdal; ok sögðu, at konungr vildi, at hann hyrfi aptr; ok semði þeir sín í milli, ok sæti báðir saman í Próndheimi um vetrinn. Jarl átti þá tal við sína menn; ok fýstu flestir at hann snöri aptr; en þeir voru sumir, er þat kölluðu ómerkiligt, at skipta svá skjótt ráða-görð sinni. Jarl svarar: "Sé ek, at "ráðligra væri at snúa aptr; en þeir munu ráða er "þess eggja at ek fara suðr." Eptir þetta snöri hann upp til fjalls, ok svá suðr um fjallit. Þá er sýslumenn Hákonar, þeir sem á Upplöndum voru, spurðu at jarl var norðan kominn, þá tóku þeir skip öll er voru 441. í Mjörs, ok gengu þar á ellifu sveitir höfðingja. En þessir voru fyrir þeim: Gregorius Jónsson, herra Andrés, Hávarðr af Sundbúi, Áslákr smjör-stakkr, Jón ketlingr, Ámundi af Folavelli, Dagr af Gróvo,<sup>1</sup> Oddr Eireksson, Saxi blaðspjót; ok höfðu þeir fjolmennar sveitir. Skúli jarl fór til þess er hann kom á Heiðmörk í Hamar-kaupang, ok dvalðisk þar um hríð með öllum sínum mönnum.

184. Sem Páll vaga-skálm ok Ívarr nef kómum aptr til konungs, ok sögðu um ferð jarls; átti konungr þá tal við Sigurð erkibiskup ok ráðgjafa sína, ok leitaði ráðs við þá hversu með skyldi fara. Þótti mönnum þá í óvænt efni komit, er jarl var farinn suðr um fjall með miklu [liði] á ríki þat er konungr átti einn saman. Erkibiskup bað konung gefa til ráð nökkut at friðr mætti standa um vetrinn. Konungr tók þá, með ráði erkibiskups ok annarra vina sínna, [þat ráð], at hann sendi þá suðr eptir jarli Björn ábóta af Hólmi ok Ívar af Skeðju-hofi, Vilmund pilt, ok menn með þeim; ok bað konungr svá segja jarli; at hann skyldi um vetrinn hafa þriðjung af öllum sýslum um öll

<sup>1</sup> *Gróvo*] Grouo, Cd.; mod. Gruo, Munch, 153.

Upplönd ok Víkina, ok mætti með því móti friðr A.D. 1235. standa þar til er beggja vinir færí milli. Þeir ábóti kómu á Heiðmörk; ok görðu menn til sýslu-manna, ok sögðu þeim boð konungs; ok báðu þá eigi fyrri brigða friðinum, en vitað væri hversu jarl tækí þeirra örendum. En er þeir ábóti kómu í Hamar, þá hafði 442. jarl sent Nikulás af Mói,<sup>1</sup> skutil-svein sínn, upp á Heiðmörk at taka þar allar konungs-skyldir. Sýslumenn höfðu fengit njósn af þessu, ok ætluðu til móts við Nikulás. Ok ef þeir ábóti hefði komit tveim nótum seinna, þá mundi brugðit hafa verit friðinum með jarli ok konungs-mönnum. Ábóti fann jarl í Hamri; ok sagði hónum konungs boð. Ok jarl tók þá vitriltig ráð, at hann játaði þessum kostum, sem konungr hafði gört, ok hét þar til friði til þess er enn féri vinir þeirra milli. Eptir þetta snöru þeir ábóti norðr aptr, en sumir þeirra félagar fóru út í Víkina at konungs-örendum. Skúli jarl skipaði allar sýslur at þriðjungi á Upplöndum, ok svá í Víkinni. Hann setti í Borgar-sýslu Árna rofu ok Finn knött. Síðan fór jarl út í Osló, ok þaðan til Túnbergs; ok voru konungs-menn þar fyrir hónum þeir sem norðan höfðu farit með ábóta.

185. Þá er Hákon konungr sendi Björn ábóta af Níðarosi á fund jarls, lét hann heim fara Arnbjörn Jónsson ok alla lenda menn þá sem ór Víkinni voru, ok bauð þeim svá, at þeir skyldi verja ríki hans, ef jarl görði nökkurn ófrið í Víkinni; ok skyldi Arnbjörn vera fyrir þeim; ok bað þá fylgja hónum sem bezt, ef nökkurs þyrfsti við. Þeim byrjaði vel, ok kómu í Víkina lítlu síðarr en jarl; ok lögðu þá í 443. Grindhólma-sund er hann var í Túnbergi. Skúli jarl vildi þá senda til þeirra þá menn [sem] konungr hafði norðan sent með ábóta, ok bað þá stefna til sín lendum mönnum ok til Túnbergs; en þeir sögðu, at konungr hafði svá fyrir mælt, at Eirekr stillkr skyldi

<sup>1</sup> *Mói*] thus fragm. a; mors, Cd.; nior, Fl.

A.D. 1235. finna jarl, ok hann fór með konungs-bréfum, en ekki aðrir lendir menn. Sem lendir menn spurðu, at jarl fór með friði, þá skilðusk þeir í Grindhólma-sundi, ok fór hvern í sína sýslu; en Eirekr fór með bréfum til jarls. Ok er Arnbjörn kom heim í Valdis-hólma, sendi hann orð sýslu-mönnum er jarl hafði sett þar, ok bað þá brott fara; ok sagði, at hann mundi við öngan manni miðla Borgar-sýslu, fyrr en hann heyrði konungs-orð, at hann skyldi laust láta. Jarls-menn fóru á hans fund, ok sögðu orð Arnbjarnar. Sendimenn konungs, þeir sem í Túnbergi vóru, tóku mikit fé ór Lafranz-kirkju þat sein konungr átti, svá at jarl vissi ekki til, ok fluttu þat norðr til konungs. Þeir kómu Jóla-aptan til [Níðar]óss, og sögðu konungi slík tíðendi sem þeir vissu ór Víkinni. Höfðu svá sagt vinir konungs, þeir sem austan fóru, at þeir væri margir með jarli er hann eggjuðu ófriðar móti konungi, ok at hann rækisk eigi lengr af eignum sínum ok óðolum;<sup>1</sup> ok eigi þóttusk þeir vita, hvárt friðrinn mundi haldask eðr eigi. Skúli jarl fór eptir Jólin suðr til Elfar, ok dvalðisk þar mjök lengi í Konunga-hellu. Þar kómu til hans margir menn, ok görðusk hand-gengnir. Þar kom til hans Álfr af Leifa-stöðum með nökkura sveit manna, ok Þorgils slyðra, ok görðusk flestir hand-gengnir. Veseti ungi, ok Algauti bróðir hans, kómu fyrri til jarls. Pessa menn, er þá görðusk hand-gengnir, 444 kölluðu Birkibeinar Várbelgi. Álfr hafði áðr verit húskarl Arnbjarnar. Pessir fýstu mjök jarl, at hann skyldi hefja ófrið, ok láta eigi Hákon konung yfir sínum bróður-arfi sitja. Jarl veikzk of mjök eptir þeirra fortólu, sem [síðarr] bar raunir á.

Hákon konungr sat um Jólin í Prónðheimi. Ok var þessi inn nítjandi vettr konungdóms hans. Sigurðr erkibiskup bað enn konung, at hann skyldi göra nökkurar orðsendingar til jarls, at friðrinn maetti standa; þvíat erkibiskup þóttisk þá spurt hafa, at

<sup>1</sup> óðolum] óðulum, Fl.

mjök [var] at komit ófriðinum í Víkinni. Eptir þetta A.D. 1236.  
 vóru þeir sendir á fund jarls, Björn ábóti ok Vilmundr (Spring.)  
 piltr, með sáttar-boðum. Hákon konungr görði orð  
 til Munans biskups-[sonar] ok sýslu-manna á Upplönd,  
 at þeir skyldu allir fara til Arnbjarnar Jónssonar, ok  
 skyldu saman haldask, til þess er vitað væri hver  
 örendi ábóta yrði til jarls. Ábóti fann jarl austr í  
 Konunga-hellu um várit í Föstu; ok báru upp sín  
 örendi; ok þetta fluttu margir beggja þeirra vinir  
 fyrir jarli. Ok þá tók at sveigjask hugr jarls; en  
 áðr þeir kómu var búit við berum váða, at jarl  
 mundi ófrið hefja.

186. Skúli jarl fór austan<sup>1</sup> or Konunga-hellu at  
 liðinni Föstu. Hann görði [orð] fyrir sér til Arnbjarnar Jónssonar, at hann skyldi koma til móts við  
 hann, ok skyldu þeir eiga þing þar sem Eiðsberg  
 heitir. Arnbjörn sótti þingit, ok með hónum Eirekr  
 stillkr, Munann biskupsson, ok margir aðrir sýslu-menn  
 af Upplöndum. Þeir höfðu vel þrjú hundruð manna,  
 445. ok alt vel búit; ok kómu þeir fyrri til Eiðsbergs en  
 jarl, ok settusk utan undir kirkju-garðinn. Sagði  
 Arnbjörn svá, at fyrri skyldu þeir berjask við jarl,  
 en játa þeim hlutum sem þeim væri ósæmð í. Skúli  
 jarl kom á þingit, ok hafði hálft fjórða hundrað  
 manna, ok var þat lið eigi jamm-vel búit sem hitt er  
 fyrir var. Jarl hafði hvítan þófa-hatt á höfði, ok sat  
 á fríðum hesti. Arnbjörn hafði svá mælt við sína  
 menn, at hann skyldi ejun svara öllum áköllum jarls.  
 Þá er þingit hafði skamma stund staðit, tók jarl til  
 orða: "Hví raktú, Arnbjörn, sýslu-menn mína ór  
 " Borgar-sýslu, þá er ek hafða setta í þann þriðjung  
 " sem konungr skipaði mér at hafa í vetr?" "Því,"  
 sagði Arnbjörn, "at ek em öruggr í, at láta fyrir  
 " öngum laust þat lén sem konungr hefir mér fengit,  
 " [fyrr] en ek vissa með sannleik at konungr vildi af  
 " mér taka." Þá svarar jarl: "Tóktu eigi af mér í

<sup>1</sup> austan] Fl.; austr, Cd.

A.D. 1236. " fyrstu Borgar-sýslu, ok þátt<sup>1</sup> hálfa? Ok hétzú mér  
 " þá góðu í móti, hvornig sem þú hefir ent." "Satt  
 " var þat," segir Arnbjörn. Jarl mælti: "Eigi var  
 " Hákon þá síðr konungr en nú, þótt hann sé nú  
 " meirr þroskaðr; ok virði ek því nú eigi minna orð  
 " hans, en þá um þau lén,<sup>2</sup> er hanñ skipar mér. En þó  
 " at þú sért fyrir öðrum mönnum í Noregi, þá þykkir  
 " öllum þat of-rausn at halda því fyrir mér sem kon-  
 " ungr játar at ek skula hafa." Arnbjörn svarar:  
 " Satt er þat; ek ætla [at] engi lendr maðr skal taka  
 " þat af mér er Hákon konungr fær mér. Ok fyrir  
 " öngum manni ætla ek háls at beygja, nema fyrir<sup>446.</sup>  
 " Hákoní konungi; ok eigi fyrir<sup>3</sup> þeim inum hvíta  
 " hettinum er nú er hér á Þinginu." Þá mælti Björn  
 ábóti; ok sagði, at hann hafði þar bréf þat, er Hákon  
 konungr mælti svá fyrir, at þeir skyldi tveir cinir  
 heyra er upp væri lesit, jarl ok Arnbjörn; ok bað at  
 þeir gengi inn í kirkjuna, ok talaðisk þar við. Ok  
 er þeir kómu í kirkjuna, innti ábóti upp orðsend-  
 ingar þær sem konungr hafði með hónum gört, bæði  
 til Arnbjarnar ok annarra formanna; sagði hann, at  
 konungr vildi, at allir aetti í því hlut at draga saman  
 sætt með þeim mágum. Sagði hanñ sannliga hafa  
 konunginn upp gefit þriðjung af sýslum<sup>4</sup> á Upplönd-  
 um ok í Víkinni jarli til kostnaðar um vetrinn. Eptir  
 þat tók Arnbjörn at snúask í ræðunni; ok fór þaðan  
 af allt álitliga með þeim; þvíat Skúli jarl tók undir  
 sik þriðjung Borgar-sýslu. Fór jarl þá norðr í Víkina.  
 Peir Björn ábóti fara þá norðr til konungs með sættar-  
 boðum. Var þat þá mælt, at þeir skyldu finnask  
 um summarit í Björgyn, ok skyldi hvárr selja öðrum  
 gísla til þess fundar.

187. Skúli jarl var í Víkinni um summarit; ok görð-  
 usk hónum þá margir menn handgengnir. Dró hann

<sup>1</sup> [þátt] Fl.; þá, Cd.

<sup>2</sup> [þá um þau lén] Fl.; en þau, Cd.

<sup>3</sup> [ok eigi fyrir] thus Fl., a; eða,

Cd.

<sup>4</sup> [sýslum] here ends fragun. a.

þá mikit lið at sér. Hann réð þá til skipa, ok tók A.D. 1236.  
skip ólofuð fyrir bónnum, ok lét búá norðr. Hann (Summer.)  
hafði Borgar-þing um sumarit Margrétar-messu. Þá  
447. lét hann taka skip Arnbjarnar Jónssonar, ok ætlaði  
norðr at hafa; en Arnbjörn hafði látið bora skipit,<sup>1</sup>  
ok höggva inn-viðuna; ok fyldi þegar sem flotað var.  
Ok var síðan upp sett.

Þenna tíma kómu norðan frá konungi, Sigurðr son  
hans ok Ingimundr puss, gíslaðir jarli. En áðr hafði  
farit til konungs Ásólfur jarls-fraendi ok Játgeirr skáld  
í gíslung. Ok er jarl var búinn, fór hann norðr til  
Björgynjar. Ok lagði í konungs-höfn. Fóru menn þá  
í milli þeirra. Ok sagði jarl, at [hann] mundi eigi  
leggja til bæjarins, nema þat væri skilt um þann hlut  
sem hónum væri skiptr af landi, at Pétr son hans  
skyldi taka eptir hans dag. En er þetta var flutt kon-  
ungi, þá neitaði hann því berliga; ok sagði svá, at  
aldri skyldi hans afspringr erfa<sup>2</sup> Noreg, nema sá er  
kominn væri af Margrétu dróttning. Eptir þetta fóru  
menn milli þeirra. Þá var Sigurðr erkibiskup, ok átti  
hann mestan hlut í at sætta þá. Lagði jarl þá til  
bæjarins; ok vóru þá stefnur at áttar; ok gékk  
þá enn saman sættin með ráði erkibiskups ok bæn  
annarra góðra manna. Þá var þat ráðit, at þeir  
skyldu sitja um vetrinn báðir í Björgyn, ok halda  
eitt horð, með því móti, at jarl skyldi leggja frá  
kostinn þriðja hvern dag. Fóru þann vetr öll skipti  
vel milli þeirra, sem jafnan er þeir vóru báðir saman,  
þvíat þá vóru færi lygðir milli bornar, er<sup>3</sup> svá skaut  
var at reka, at þeir máttu þegar prófa sjálfir.—Þetta  
448. sumar kom Órækja Snorrason af Íslandi, ok sagði  
þaðan mikinn ófrið af Sturlu fraenda sínum; ok virði  
konungr svá, sem Sturla hefði harðara at farit, en  
hann hafði hónum ráð gefit.

188. Þessi var inn tuttugti<sup>4</sup> vetr ríkis hans er þeir 1236-37.

<sup>1</sup> *skipit*] Fl.; skipin, Sk.

<sup>2</sup> *erfa*] Fl.; nema, Cd.

<sup>3</sup> *er*] Fl.; ok, Sk.

<sup>4</sup> *tuttugti*] xx., Cd., Fl., Fr.

A.D. 1237. jarl sátu báðir saman í Björgyn. Þeir bjoggn ferð sína um várit í Föstu norðr til Próndheims, ok sigldi konungr fyrir Staði, Kærn-sunnu-aptan,<sup>1</sup> ok bægði hónum veðr svá at hann varð at leggja at í Angri. En jarl sigldi Sunnudaginn ór Síld, ok fékk [svá] mikil hrað-byri, at hann lagði at norðr við Söndólfstaði. Hann sat á Reini um Páskir. Konunginum byrjaði seint; hann kom í Níðarós um Páskir, ok fundusk þeir jarl þar eptir Páskir,<sup>2</sup> ok voru báðir saunt í Kaupangi um várit. Þá voru orð gör Páli biskupi í Hamri, með ráði Sigurðar erkibiskups, at hann skyldi norðr [koma] til sættar-stefnu við Hákon konung. Ok er biskup kom norðr, voru stefnur [at] áttar at málum þeirra konungs, ok gékk seint saman sættin. Var biskup jafnan harðari á þeim stefnum sem jarl var við. En þó kom þar, at þeir sættusk, með því móti, at konungr tók við eynni, ok lagði aðrar eignir í móti til staðarins þær sem konungi lík-aði, ok biskup játaði at hafa.

Um várit varð einn lítill hlutr í Próndheimi, er sjá mátti, hve nær um-spillendr stóðu um þeirra skipti, <sup>449.</sup> konungs ok jarls. En þat varð með því móti, at þá var Gunnarr konungs-frændi með konungi. Hann hafði skilt á við gesti jarls, ok þóttusk þeir hafa fengit harð-leikit af hónum. En lítlu síðarr fór Gunnarr út á Nes, ok ætlaði í sýslu þá er konungr hafði í brott farit, var konungi sagt, at Gunnarr veri dreppinn, ok jarl hefði sent hónum gesti ok látið drepa hann. Konungr lét þegar kalla lúðr-sveininn, ok klæddisk sjálfur; hljópu allir til vápna. Konungs-menn gengu út í garðinn ok settu upp merki. Jarl svaf í öðru húsi skamt í frá. Hann vaknaði við gnýinn, ok hljóp upp, ok gékk út í svalirnar. Hann sá at drótning stóð þar út í garðinum. Jarl spurði hana hverju gegndi

<sup>1</sup> *Kærn-sunnu-aptan]* Fl., i.e. Ju- | <sup>2</sup> *konunginum . . . Páskir]* Fl.;  
dia; Kerlingar-sunnu-aptan, Sk. | om. Sk., an homoteleuton.

þetta. Hón segir hónum hvat títt var. Jarl bað A.D. 1237.  
hana vera káta, ok sagði at ekki mundi saka. Jarl  
klæddisk þá. Þar kom Sigurðr konungs-son í her-  
bergi til hans, ok gengu þeir þá báðir út. Var þá ok  
vist orðit, at þetta var ekki nema lygð ok upplost<sup>1</sup>  
vándra manna.

190. Þetta sama vár hafði Hákon konungr þing á  
Eyrum; ok kom þar mikil fjölmenni; ok á því þingi  
jók hann nafn-bætr Skúla jarls, ok gaf hónum hertuga-  
450. nafn. Þat tignar-nafn hafði eingi fengit fyrri í Noregi.  
Um þetta kvað Óláfr hvíta-skáld :

“ Snjallir fóru mága í milli  
menn; seldusk þar gísla tvenna;  
“ sýnni tók þá satt er funnusk  
snarir bragningar her at magna:  
“ Nafnbætr jók sá er Noregs gætir  
niðjum prýddr, ok sikling skryddi  
“ björtu heiti böðvar fljótan  
blíðs hertoga, gjöfum fríðum.”

Með þessari nafnbót gaf konungr hertoganum margar  
sæmiliðar gjafir. Ok hófsk þá af nýju bíða með þeim  
mágum.

191. Þá er þeir réðu Noregi, Hákon konungr ok  
Skúli hertogi, þá var keisari yfir Rómaborgar-ríki  
Friðrekr, sonar-son<sup>2</sup> Friðreks keisara; hann var mikill  
höfðingi ok ágætr. Þýddusk í þann tíma til hans  
margir höfðingjar ágætir af öðrum löndum. Keisari  
sendi menn norðr til Noregs á fund Hákonar konung<sup>3</sup>  
ok Skúla hertoga. Þetta var langri stundu fyrr en  
þat er nú var frá sagt áðr. Sá hét Vilhjálmr er fyrir  
þeim var. Þeir fórnuðu konungi ok hertuga margar  
presentur; en þeir sendu móti þá hluti er með keisara  
vóru toru-gætir, ok þar þóttu gersimar. Síðan hófusc  
upp sendi-ferðir milli keisara ok [Hákonar konungs.

<sup>1</sup> *upplostning*, Fl.

<sup>2</sup> *sonar-son*] thus emend.; ‘son,’ all the vellums.

A.D. 1237. Fór fyrstr af] konungs hendi Guðleikr af Aski, ok 451. fann keisarann í Sikiley; ok tók keisari hónum vel. Síðan fór Nikulás Pálsson; ok var lengi í keisaragarði, ok þá af hónum stórar sæmdir; ok eingi maðr var jafn vel tekinn af Norðmönnum sem hann í þann tíma. Nökkuru síðarr en þetta var fóru þeir út, Rói konungs-frendi ok Bárðr bróðir Ísaks í Bæ; var Bárðr af jarls hendi; ok þótti Róa hann eigi flytja af skynsemi eðr sannendum um skipti þeirra Hákonar konungs ok Skúla hertoga. Eptir þetta fór sað maðr mest í milli keisara ok Hákonar konungs er Heinrekr hét; hann var fæddr upp í Noregi, en Þýðeskr at ætt; hann var kallaðr Heinrekr sendimaðr. Hann fór margar sendifarir í milli með ágætum sendingum. Af þessu varð in mesta vinátta með keisara ok Hákoní konungi.

192. Um várit er þeir sátu í Próndheimi, Hákon konungr ok Skúli hertogi, þá höfðu þeir sýslu uppi á Heiðmörk af hertogans hendi, Bárðr Ísaks-bróðir ok Hákon dúfa; þvíat svá var þá skipt landinu, at hertoginn hafði þriðjung af öllum sýslum um allan Noreg. Þar varð illr atburðr, með því móti, at Bárðr tók konu nauðga; en hón [var] eigin-kona Þórðar sonar Friðreks slafsa, er alla æfi hafði verit höfuð-vin Hákonar konungs. En í ráði ok vitand með Bárði hafði verit 452. Hákon dúfa. Þetta fréttu þeir Hákon konungr ok Skúli hertogi norðr í Próndheim, ok létu illa yfir, sem ván var at; ok hafði hertogi eigi færi orð um opinberliga en konungr.

193. Hákon konungr ok Skúli hertogi bjoggu ferð sína um summarit suðr til Björgynjar. Ok áðr þeir fóru, sendi konungr Jón prófastz-son á land upp, ok nökkura menn með hónum, ok skyldi hann fara it efra austr. Ok er þeir vóru búrir, konungrinn ok hertoginn, fóru þeir suðr til Björgynjar. En áðr þeir kómu suðr höfðu bæjar-menn gefit Suðr-mönnum mikit slag, ok drepit suma, en rekit suma á kaf, ok

margir vóru særðir. Þat hafði til orðit, at Suðr-menn A.D. 1237-  
hofðu lagt kuggum sínum at bryggjum þar sem bæjar-<sup>38.</sup>  
mönnum líkaði eigi, ok brotið skip nökkur, þau sem  
lágu fyrir bryggjum. Ok er Hákon konungr kom til  
bæjarins, setti hann þetta vandræði niðr. Jón prófast-  
son fór á land upp. Ok er hann kom á Heiðmörk,  
þá maetti hann í Mjörs Bárði Ísaks-bróður þar sem  
hann lá á skipi. Tóku þeir hann þar höndum ok  
drápu, ok fóru síðan í Vík austr. Þetta sama sumar  
drap Þórðr Friðreksson Hákon dífu í Túnbergi, fyrir  
þær sakir sem þeir Bárðr höfðu gört. Þessi tíðendi  
kómu til konungs ok hertoga; lét hertogi sér fátt um  
453. finnask; ok þat höfðu menn fyrir satt, at hónum væri  
mjök í móti skapi aftaka þessara manna.

194. Um sumarit, er á leið, bjoggu þeir konungr ok  
hertogi ferð sína ór Björgyn austr í Víkina. Ok er  
þeir kómu til Osloar, efnuðu þeir þar til vetr-setu.  
Þeir héldu báðir saman Jól um vetrinn. Ok var þessi<sup>1</sup> 1237-38.  
vetr ens þriðja tigar ríkis Hákonar konungs. En eftir  
Jólin hélt sínn hjúkólf hvárr þeirra, ok drukku þó  
jafnan báðir saman á kveldum. Þetta sumar áðr,  
hafði komit útan af Íslandi Snorri Sturluson, Þórðr  
kakali, Þorleifr ór Görðum, Óláfr hvíta-skáld, ok vóru  
í Próndheimi. Skúli hertogi bjósk norðr til Prónd-  
heims um várit, ok fór norðr í Föstunni. Fór þá allt  
vel með þeim mágum er þeir skilðusk; ok var mælt  
til þess, at þeir skyldi finnask um sumarit í Björgyn,  
þvíat þeir fengu þat skilt, at þá fór jafnan betr með  
þeim er þeir vóru báðir saman. Hertogi kom norðr  
fyrir Páskir, ok sat í Próndheimi um várit, ok önd-  
vert sumar. Þeir frændr, Skúli hertogi ok Ásólfur á  
Austr-átt, urðu mis-sáttir; ok skildi þá um eignina<sup>2</sup>  
Austr-átt; þvíat frú Sigríð abbadís, systir hertogans,  
er átt hafði Jón á Austr-átt, kallaði þat til-gjöf sína,  
en Ásólfur kallaði þat fóður-arf konu sínnar Baugheiðar,  
dóttur Jóns. Hér vóru at áttar margar stefnur;

<sup>1</sup> [pessi] thus Sk.; inn fyrsti, | <sup>2</sup> [eignina] here II. begins again.  
add. Fl.

A.D. 1238. ok urðu þeir ekki ásáttir. Bauð Ásólfur at leggja <sup>454.</sup> fram aðrar [eignir] til staðarins a Reini; ok því neitaði hertoginn eigi. En þó skilði at þessu þeirra vináttu, ok snörisk Ásólfur eptir þetta til Hákonar konungs í sínum trúnaði. Hákon konungr sat um várí í Túnbergi. Þá var fæddr Magnús, son hans, ok skírðr Kross-messu. Síðan fór konungr norðr til Björgynjar, ok sat þar um sumarit. Ok um haustið kom norðan Skúli hertogi, ok vóru báðir samt í Björgyn, ok fór allt álitliga með þeim, ok eigi þó um þá er blíðast var. Hertogi lá jafnan á skipum sínum. Hann bjósk norðr at öndverðum vetri, ok varð eigi fyrr búinn en at Marteins-messu. Róaldr hét maðr, bróðir Ásólfss stryeks; hann hafði fyrir konungs-reiði orðit [sakir] óspektar sínnar; vildi konungr ekki at hann væri í landinu. Hann var þá í Björgyn, ok lá jafnan í kirkju. Annarr maðr hét Sigurðr kerrir; hann hafði vegit víg á Hálogalandi, ok enn gört fleiri ospektir. Hann sat í Krists-kirkju, þvíat hann þorði eigi úti at vera fyrir konungi ok hans mönnum. Hertogi gékk út um Krists-kirkju áðr hann lagði ór baenum. Þá gékk Sigurðr ór kirkjunni ok út á skip hertoga með hónum. Þá var ok Róaldr þar kominn; ok fóru þeir báðir brott með hónum, ok vóru báðir síðan með hertoga. Sem hertogi kom norðr [til] Þróndheims, görðu menn mikil orð á því, at lendir menn Hákonar konungs hafi þá verit miklir um-spillendr með þeim hertoga; ok eignuðu þeir þat mest <sup>455.</sup> Gauti Jónssyni. Hertoginn spurði einn dag Snorra Sturluson í skemant: "Hvárt er þat satt," kvað hann, "at þér segit, at Óðinn, sá er atti forn-konungum "saman,<sup>1</sup> héti Gautr öðru nafni?" "Satt er þat, herra," segir Snorri. "Yrk nú vísu at því," segir hertogi, "ok "seg hversu mjök þessi líkisk þeim." Þá kvað Snorri þetta:

---

<sup>1</sup> sá er atti . . saman] thus Fr., | konungum, Sk.; sá er var fyrir forn-H., Esp.; sá er átti at stýra forn- | konungum, Fl.

“ Herfanga bauð Hringi  
hjaldr<sup>1</sup> einskóðr galdra  
“ (Gautr hvatti þrym Þróttar<sup>2</sup>  
þann) ok Hildi-tanni :<sup>3</sup>  
“ Of-lengi veldr Yngva  
ósett (en vel mætti  
“ her-stefnandi<sup>4</sup> hafna  
hjör-dóm)<sup>5</sup> Völundr rómu.”

A.D.1238-  
39.

Mart var þat þá mælt af mönnum hertogans er auðsét var, at í annat efni var komit, en vera átti; ok mest til vina konungs.

195. Hákon konungr sat þenna vetr í Björgyn. Var þessi annarr vetr ok tuttugti<sup>6</sup> konungdóms hans.

1238-39.

Hann sendi orð um vetrinn norðr til hertoga, at þeir skyldi finnask um summarit í Björgyn; ok bað hann fara norðan með létti-skipum, ok óhaegja ekki bóndum

456. til þessarar ferðar. Íslenzka menn, þá<sup>7</sup> sem með hertoga vóru, bað konungr ekki út fara, fyrr en þeir hefði ráð fyrir gört með hverjum örendum þeir skyldu fara;<sup>8</sup> því at áðr um haustið hafði spurzt, at þeir höfðu barizt í Skagafirði, Kolbeinn ungi ok Gizurr, við Sturlunga, ok Sturlungar höfðu fallit. Hákon konungr fór um várit austr í Vík, ok dvalðisk lengi í Túnbergi. Kómu þar til hans vinir hans, bæði ór Víkinni ok [af] Upplöndum. Konungr tók þar fréttir norðan ór landi ok sunnan. Hann frétti at hertogi hafði gefit Snorra orlof, ok Órækju syni hans, ok Þorleifi, til Íslands, ok fengit [þeim] skip þat er hann átti hálfst, en hálf Guðleikr af Skarta-stöðum. Þegar sem konungr varð þessa varr, þá görði hann norðr bréf, ok bannaði at þeir færí. Þessi bréf kómu til þeirra er þeir lágu við haf. Ok fóru þeir eigi at síðr í banni konungs.

1238.  
(Spring.)

<sup>1</sup> *hjaldr*], thus Skálða, where this verse is cited; hialldrs, Fr.

<sup>6</sup> *tuttugti*] xx., Cd., Fl.

<sup>2</sup> *þróttar*] þreyta, Skálða.

<sup>7</sup> *þá*] II.; Jr, Sk.

<sup>3</sup> *-tanni*] Sk., Fl., Skálða; tannar,

<sup>8</sup> *bað konungr . . . fara*] bað

Fr.

hann aunga út fara fyrr en þeir fyndiz, ok við hverjum errindum sem þeir færí (!) II.

<sup>4</sup> *-stefnandi*], -stofnandi, Skálða.

<sup>5</sup> *hjör-dóm*] hans dóm, Sk., Fl., Skálða.

A.D. 1239. Þá er Hákon konungr sat í Túnbergi, kom norðan (Summer.) frá hertoga Björn ábóti, sendr af hónum. Spurði konungr þá eptir, hvárt hertoginn mundi koma norðan til móts við hann. Ábóti sagði hann koma mundu at vísu sem konungr hafði orð til sent. Þá [var] spurt 457. hversu fjölmennr hann mundi fara. Hann lét þat mundu eptir því sem konungr hafði mælt. Ábóti dvalðisk lengi með konungi meðan bréf þau voru búin sem konungr sendi [norðr]. Ok er ábóti var búinn, kom norðan ór Þróndheimi Ásólfr bóndi af Austr-átt á skipi með húskarla sína; ok sagði þau tíðendi, at hertogi hafði flotað stór-skipum sínum, Langa-Frijádag, ok Hólm-buzunni, ok Strinda-kollunni, ok mörgum stór-skipum. Sagði Ásólfr, at hertogi hafði mikil útboð; ok var þat orð á, at hann mundi ætla til Björgynjar, ok eiga eigi allt undir öðrum, hvat sem í yrði. Dvalðisk nú ferð ábóta; þvíat hónum voru gör önnur bréf en þau sem áðr voru búin.

Hákon konungr görði þá orð Armbirni Jónssyni ok öðrum lendnum mönnum, ok lét segja þeim, at hertogi dró saman mikit lið í Þróndheimi. Jók konungr þá stórum útboðit; stefndi til sín lendum mönnum öllum ok sýslu-mönnum; drósk þá saman mikill herr. Þjó konungr þá ferð sína norðr. Skúli hertogi bjó ferð síua norðan ór Þróndheimi, ok hafði norðan tuttugu skip, ok flest öll stór. Hann hafði sjálfr Langa-Frijádag, ok var hann sex rúm ok þrír tigir,<sup>1</sup> ok allra skipa fríðast. Hertogi hafði mikit lið ok frítt ok vel búit. Svá kvað Óláfr hvíta-skáld :—

“ Nú er þat er flaust ór festum  
flýtr hertoga ins nýta;  
“ né fákr á ver víka  
veðr-sollit kom betri.”<sup>2</sup>

Hann kom til Björgynjar um sumarit, ok lá í Flórvágum með hernum. Þá spurði hann þau tíðendi, at Hákon konungr bjósk ór Víkinni með miklu fjölmenni,

---

<sup>1</sup> sex rúm . . . tigir] sex rúm xxx., | <sup>2</sup> Only Fr. has preserved this Cd., Fl. half verse.

458. ok hafði hann með sér alla lenda menn sína; ok svá A.D. 1239.  
var hónum sagt, at konungr mundi hafa fjóra tígi (Summer.)  
skipa. Átti hertogi stefnur við sína menn, hvárt hann  
skyldi bíða konungs, eðr skyldi þeir fara norðr undan;  
þvíat þeir höfðu grun af, at konungi mundi eigi líka  
þeirra meðferðir. Var þat ráð upp tekit, at þeir biðu  
eigi konungs, ok snöru norðr með öllum hernum.

196. Hákon konungr kom til Björgynjar lítlu síðarr  
en hertogi var norðr farinn, ok fann þar Sigurð erki-  
biskup, ok sendi-menn<sup>1</sup> hertoga, Björn ábóta, ok Ját-  
geir skáld. Sagði erkibiskup svá, at mönnum þótti í  
óvænt efni komit, nema konungr legði nökkut gótt  
ráð til. Var þat þá af ráðit, at erkibiskup setti grið  
í milli þeirra um vetrinn. Fóru sendi-menn við þat  
norðr. Tók þá erkibiskup umboð konungs til þessa  
máls; ok ritaði biskup þegar til hertoga, ok bað hann  
eigi brjóta friðinn þar til er þeir fyndisk,<sup>2</sup> hvat sem  
síðarr görisk at. Erkibiskup fór í sýslu síma um  
haustið suðr á Mæri. Þá er Hákon konungr hafði  
dvalizk um hríð í Björgyn, gaf hann heim-leyfi lendum  
mönnum ok sýslu-mönnum, bæði þeim sem austr vóru  
ok norðr.<sup>3</sup> Þessir fóru norðr í sýslur sínar: Sigurðr  
son Pétrs erkibiskups, Ásólfur á Austr-átt, Pétr ór Gizka,  
Pórir ábóti, Ögmundr kræki-danz, Árni blakkr; ok man  
enn verða sagt þá þeim síðarr.

459. 197. Hertogi fór norðr til Níðaróss,<sup>4</sup> ok lá nökkurar  
þrjár vikur á leiðinni. Ok er hann kom norðr, létt hann  
upp setja öll stór-skipin; kom þá vánu brúðara lið mikit  
til hans ofan af landi ok austan ór Vík, eptir því sem  
hann hafði orð til sent. En fyrir því at hann hélt  
mikinn kost sakir fjölmennis, þá létt hann göra útboða-  
bréf inn í Þróndheim,<sup>5</sup> ok bauð [út] almenning allan.  
En bændr þóttusk eigi vera við látnir at ganga undir

<sup>1</sup> sendi-menn] sendi menn til, Cd.

<sup>2</sup> fyndisk] Fl.; fundusk, Cd.

<sup>3</sup> austr . . . norðr] austan . . . .

norðan, Fl.

<sup>4</sup> til Níðaróss] add. Fr.

<sup>5</sup> Þróndheim] at matr ok

drykr (!), add. H.

A.D. 1239. svá miklar álögur. Hákon konungr hafði ok gört bréf (*Autumn.*) til Inn-þrænda, at þeir skyldi eигiganga undir meiri útboð en hann tæki af þeim er undir hónum væri. Ok með því, at hertogans menn fengu ekki af þessum útboðum, þá ljó hertogi ferð sína í Þróndheim; fór hann á skipum, en margir sveitar-höfðingjar fóru it eftir með mikit lið. Pessir vóru fyrir þeim: Álfr af Leifa-stöðum, Véseti litli, Algauti bróðir hans. Hertoginn lagði sínum skipum við Vágs-brú, ok guldu bændr hónum mikit fé, sumir mörk gulls, sunir tvær, sunir aleigu.

198 Skúli hertogi fór eftir þetta inn til bæjar, ok átti optliga tal við sína menn ok ráðgjafa. Pessir vóru lendir [*menn*] með hónum: Álfr af Pornbergi, Ívarr af Sundbúi, Bárðr brattí, Bárðr vargr, Óláfr af Vígdeild, Erlingr ljóðhorn, Véseti litli, Clemet faðir,<sup>1</sup> Guttormr af Suðr-heimi. Hertoginn átti jafnliga tal við þá um þat sem síðan kom fram, at hann vildi láta gefa sér konungs-nafn. Stundum lét hann þá <sup>460.</sup> hafa tal sitt eina saman, ok vildi svá verða víss hvers þeirra tillögu. En þar vóru hvárir-tveggju: Sumir eggjuðu hann til ranginda, ok sögðu hann væntan bróður-arfi sínum, ok hann átti at bera konungs-nafn eftir Inga konung; en sumir mæltu nökkut í móti. Hann átti ok optliga tal við Kórs-bræðr, ok leitaði ráðs við þá. Ok vóru þeir sumir er eggjuðu hann, ok kölluðu hann til kominn, þó at annarr bæri konungs-nafn; ok lásu bækri fyrir hónum, þær er hann átti eigi síðr at taka konungs-nafn í erfð, en eignir ok óðul. Hertoginn hafði jafnan nökkurn af Kórs-bræðrum hjá sér. Höfðu menn nú pata af, at hann mundi nökkura nýja ráða-görð með höndum hafa. Hugr hans sjálfs samþyktisk of mjök þessum mönnum, sem ónýtt<sup>2</sup> töldu fyrir hónum. Ok með ágirnd hans, en fortölum ráðgjafa hans, lét hann stefna Eyra-Þing; ok sendi orð

<sup>1</sup> *faðir*] hans, add. Fl. (badly). | <sup>2</sup> *ónýtt*] skrök ok hégoða, II.

inum [beztum] bónnum, þæði innan ór Þróndheimi A.D. 1239.  
(Autumn.)  
ok útan.

Sunnudaginn eptir Allra-heilagra-messu, þat var Leonardus-messu-dag, þá er hringt var til messu, gékk 6th Nov. fólk upp til Krists-kirkju<sup>1</sup> eptir síðvenju; ok þá er upp hóf messuna, kom meistari Bergi í kirkjuna, klerkr hertoga, ok skygndisk um sem skyldi hann at nök-kuru njósna. Ok þá er lesit var guðspjall<sup>2</sup> kom 461. hertogi í kirkjuna, ok mart lið með hónum. Hann gékk þegar upp á kór, ok lét kalla sín Kórs-bræðr. Varð þá staðr á messunni meðan þeir töluðusk við, ok urðu þeir eigi á eitt sáttir. Í þenna tíma heyrðu þeir blásit í baenum bónum ok kaupmönnum ok allri alþýðu, til Eyra-þings. Eysteinn sýri<sup>3</sup> hét sá kórsbröðir, er fyrir var skipaðr at svara þeim málum er mestr vandi þótti á vera af hendi erkibiskups. Nú bciddi hertogi, at Kórs-bræðr gæfi leyfi til, at út væri borit skrín ins helga Ólafss konungs. Þeim varð staðr á um andsvörin; ok þóttusk sjá til hvers ætlat var. Hertogi spurði, hví þeir veitti svá sein svör mál hans. Þeir sögðu, at þeim þótti mikill vandi til sín horfa, ok létusk vilja tala einir saman sín í milli. Gengu þeir þá suðr í kórinn; ok kom þeim varla á samit. Kunnu vér ok fátt frá þeirra tali at segja [annat] en þeir báðu syngja messuna. Hertogi spurði, hví þeir gæfi svá sein andsvör til þessa máls. Sira Eysteinn bað, at þetta mál biði erkibiskups. En sumir af bræðrum vildu, at út væri borit skrínit. Hertoginn spurði Eysteini: "Hví viltú jafnau standa í móti mínum "málum ok várrí sæmd, ok vilja annarra Kórs-bræðra "þínna?" Eptir þetta gengu þeir af kórnum<sup>4</sup> ok innar til altaris; en hertoginn gékk út ór kirkju ok í konungs-garð; en eptir í kirkju var Pétr son hans,

<sup>1</sup> Krists-kirkju] Fr.; kirkju, Sk., Fl., H.

<sup>2</sup> guðspjall] add. H.; om. Fl., Sk.

<sup>3</sup> sýri] súri, II. Fl.

<sup>4</sup> kórnum] kórinum, Fl.

A.D. 1239. ok Arnfínnr Þjófsson, ok mart annarra manna. Peir  
 (6th Nov.) gengu til, ok vildu ofan taka skrímit. Ok er sira [Ey-  
 steinn] sajetta, gékk hann fyrir há-altarit ok mælti :  
 "Pat viljum vér, at allir menn viti, at vér köllum  
 "alla þá menn í banni, er út bera skrímit utan vára  
 "samþykt, braðra." Pétr svarar : "Svá þykkir oss  
 "sem þú bjóðir oss til injaðar-drykkjn; ok mael heill!  
 "Takit nú ofan skrímit, ok berit út." Peir tóku til;  
 ok var fast. Pétr hljóp upp á altarit, ok skaut á  
 knjám, ok færði svá skrímit ór stað. Síðan tóku þeir  
 umibúnaðinn, ok bjoggu um eptir siðvenju. Pá var  
 ok út borinn kross saj er í var *lignum Domini*, ok  
 öx ok spjót ins helga Óláfs konungs; ok voru at  
 þessu fremstir Pétr hertoga-son, ok Arnfínnr Þjófsson.  
 En flestir aðrir voru í nökkurum kúrhuga.<sup>1</sup>

199. Nú voru þessir helgir dómar út bornir, ok ofan  
 á strætið til konungs-garðs; kom þar hertogi í mótt  
 með alla hirðina alvápnaða; ok fóru svá út á Eyra-  
 þing. Sá maðr stóð fyrst upp, er Ámundi reuba hélt.  
 Hann fagnaði hertoganum ok hirðinni, ok talaði langt  
 örendi. Síðan talaði Arnfínnr Þjófsson örendi, ok  
 þótti mönnum ekki miðök sannligt þat er hann sagði.  
 Eptir þat stóð upp Erlingr ljóðhorn, ok mælti miðök  
 í orða-stað Arnfínu; ok höfðu þat efni, at þeir töldu  
 ætt hertogans til ins helga Óláfs konungs, ok þat at  
 hann var [í] aumarri erfð eptir Inga konung bróður  
 síun, en Hákon í enni elliftu;<sup>2</sup> ok þar eptir fóru <sup>463.</sup>  
 fleiri ræður þeirra; ok þótti<sup>3</sup> fám sannligar nema  
 hertogans mönnum. Því næst stóð upp sjálfr her-  
 toginn, ok sagði hversu mikla skönum ok svívirðu  
 hann hafði haft fyrir sín góðvilja af Hákonim; ok  
 hann hafði bæði léð hónum lönd ok þegna; en konungr  
 ömbunaði hónum nú svá, at hann vildi taka af hónum  
 þann þriðjung sem hónum hafði ætlað verit. Mar-

<sup>1</sup> *kúrhuga*] kúrhuga, Cd.; kur-  
 huga, II.

<sup>2</sup> *elliftu*] ix. Fr.  
<sup>3</sup> *þótti*] so also Fl., II.

gar sakir aðrar gaf hann konunginum. Þá er her- A.D. 1239.  
 toginn lyktadí sínni tölu, stóð upp Ívarr lögmaðr, ok (6th Nov.)  
 talði fyrst aett hertoguns. Síðan lauk hann svá sínu  
 málí, at hann einn væri rétt-komin til Noregs; ok  
 þar með gaf hann hónum konungs-nafn, ok lönd ok  
 þegna, með öllum skattlöndum, þeim sem undir Noregs  
 konung liggja. Ok því orði lauk hann á, er hónum  
 [var] lítið gagn í, at þat görði hann svá, at hónum  
 kvazk [bezt] líka. Síðan stóð upp Skúli, er þá var  
 kallaðr konungr, ok talaði nökkrur orð. Síðan gékk  
 hann til skrínsins, ok lagði á hönd sína, ok sór<sup>1</sup> eiði,  
 at hann skyldi lög ins helga Óláfs halda ok réttindi,  
 sem góðr konungr, við sína þegna. Síðan nefndi hann  
 fram lenda menn sína; ok létt sverja sér trúnaðar-  
 eíða; þar næst skutil-sveina ok hirðmenn. Síðast  
 baendir ór ölhun fylkjum. Ok þó at hér sé fáir  
 hlutir sagðir, þá voru þó margir þeir sem frásagnar  
 væri verðir. Síðan er lokit<sup>2</sup> var þinginu, fylgði Skúli  
 heim skríni. Eingi proceessia var móti gör, ok ekki  
 hringt. Tveir kórsbraeðr kómu í móti skríniu jafn-  
 464. gengt Óláfs-kirkju, ok leiddu þeir Skúla. Minna  
 óþokka þóttusk þeir finna á Kórs-braeðum en ván  
 þótti á vera. Ok er þessu starfi var lokit, fór hvern  
 heim til sín. En Skúli veitti þánn dag sveitungum  
 sínum. Svá segir Óláfri hvíta-skáld :—

“ Fláraði kom fram um síðir ;  
 frið-bann hófz þá ríkra mamma ;  
 “ eigi má við örlog bægjask  
 jöfра sveit, þótt ráðug heiti :  
 “ Stórr var harnr þá er stríddu harrar  
 stála-hregg ; þvíat æ man beggja  
 “ rausnar-kapp ok ríki uppi  
 ramri þjóð, meðan jörð heldr flóði.

Ok enn þetta :—

“ Hauk-snjallr tók þá hersa stillir  
 hæra naðu en mundang væri ;

<sup>1</sup> sór] svór, II.

| <sup>2</sup> lokit] lukt, II.

A.D. 1239.  
(Nov.)

“ Prændir eftdu þengil reyndan ;  
þungr magnaðisk aðgi bragna.

Sturla segir svá :—

“ Pat er skrok-laust at Skúli var  
“ frægðar-maðr í frömu lifi,  
“ þó at hvar-brigð á hann sneri  
“ aldar-gipt auðnu-hveli.

Ok enn :—

“ Pá er of-rausn öfgu heilli,  
“ randa-rjóðr reisa knátti ;  
“ ok ólágr jöfра bági  
“ öðlings-nafn á Eyrum tók.

465.

200. Fáir hirðmenn Hákonar konungs voru innan-bæjar er þingit var, en færí síðan. Grímr keikan hét hirðmaðr Hákonar konungs, er þá var í bænum er lokit var þinginu. Ok er hann þóttisk samma njósn af hafa um tiltæki hertogans, sékk hann sér hest, ok reið sem skyndiligast út í Gaulardal, þar sem hann átti bú; ok fann þar lögu-naut sínn, er í því hafsi bundisk, ef þeir yrði við nökkur ný tíðendi varir, at [þeir] skyldu þegar fara á fund Hákonar konungs, ok ber[a] hónum njósn um þá hluti er þeir yrði vísir af tiltekjum hertogans. Ok nú vill sá eigi fara. En Grímr sör eigi at síðr, ok kom fram suðr í Súrnadal, ok sör svá til Þingvallar, ok fann þar Ásólf bónda, ok sagði hónum þessi<sup>1</sup> tíðendi, ok bað hann fara með sér eðr vara sik. Síðan sör hann til Arna blakks, ok bar hónum njósn, ok þaðan til Petrs í Gizka, ok sagði hónum.

201. Eptir þetta, er Skúli hertogi hafði látið gesa sér konungs-nafn, þá kallaði hann til [sín] lenda menn sína ok ráðgjafa; ok spurði, hvat líkast væri til ráðs at taka. Sumir gáfu þat ráð, at hann skyldi þá þegar fara suðr at konunginum með öllum styrk

<sup>1</sup> [pessi] pessor, II.

sínum, svá at eingi njósn færí fyrir; þvíat allra vega A.D. 1239.  
 var<sup>1</sup> gætt, bæði á sjá ok landi. Sumir gáfu þat ráð, (Nov.)  
 at hann skyldi fara á land upp með öllu líði sínu,  
 ok vera þar meðan sem hæst væri vetrar. Sumir  
 eggjuðu, at hann skyldi vera í Prónðheimi, ok búask  
 þar um sem bezt þar til er vára tæki. Peir vóru  
 466. enn sunnir, er þat ráð gáfu, at hann skyldi skipta líði  
 sínu, ok senda alla vega frá sér, ok láta drepa alla  
 konungs-menn þá sem þeir fengi náð, hvar sem staddir  
 væri. Ok þetta var upp tekit; þvíat þessa var hann  
 fúsastr. Þessir sveitar-höfðingjar fóru norðr á Háloga-  
 land: Algauti, Páll pottr, Sigurðr pakki.<sup>2</sup> Þessir fóru  
 á Upplönd: Ívarr í Sundbáu, Álfr af Leifastöðum,  
 Véseti líthi, Guðini geigr,<sup>3</sup> Sigurðr Tólason, Sigurðr  
 hít, Úlfr fasi, Eirekr gullveggr, ok höfðu fimm hun-  
 druð manna. Þessa görði hann suðr at konunginum:   
 Óláf af Vígdeild, ok Guttorm af Suðr-heimi,<sup>4</sup> ok með  
 þeim hirðmenn ok gesti ok kertis-sveina, ok mestan  
 þora ins bezta liðsins; ok munu vér frá þeim síðarr  
 segja.

202. Hákon konungr hafði gört áðr um haustið  
 hirðmenn sína [tvá] norðr til hertoga með brésum,  
 hét annarr Ívarr korni, en annarr Gunnarr mirmán.   
 Peir vóru beggja þeirra þjónostu-menn, ok höfðu opt-  
 liga farit milli þeirra. En er þeir höfðu fengit hertoga  
 bréfin, dvölðusk [þeir] nökkrar nætr í góðu yfir-læti.  
 En jafn-skjótt sem þeir fengu andsvör af hertoga,  
 bjoggusk þeir í brott, ok vóru í boði hertogans um  
 467. daginn, ok gaf hann þeim orlof, ok hundrað vaðmála  
 til vás-klæða. Síðan fóru þeir leiðar sínar út til  
 Fólksnar,<sup>5</sup> ok dvölðusk þar um hríð at konungs-búi,<sup>6</sup>  
 ok vissu sér einskis ótta ván.

<sup>1</sup> var] Fl.; væri, Cd.

<sup>2</sup> pakki] fattiñ, Fl.

<sup>3</sup> geigr] Fl., H.; gengr, Sk.

<sup>4</sup> -heimi] -heimum, H., Fl.

<sup>5</sup> Fólksnar] so also Fr.; Folsknar, Esp.; Folknar, Fl.

<sup>6</sup> at konungs-búi] Fl., Esp., H.; í kirkjunní, Sk.

A.D. 1229. Þann dag sem hertogi lét gafa sér konungs-nafn, (Nov.) sendi hann bréfa-sveina sína á skútn<sup>1</sup> út at þeim Ívari; var þar fyrir Gautr várbelgr ok Sigurðr saltzsáð. Þeir kómu á óvart til Fólksnar<sup>2</sup> ok felldu þegar Gunnar inni í stofunni; [þar félle ok fleiri menn]. Ívarr [korni] var úti í lopti, ok komz út um glugg einn í skyrtu ok lím-brókum, ok ætlaði í kirkju, ok var hon læst. Stigi stóð við kirkjuna, ok hljóp hann í stigann, ok upp á kirkjuna, ok var þar um nóttina; en þeir hljópu um-hverfis ok gaettu. Um morguninn er d[agat] var, var Ivárr dýrjúgum<sup>3</sup> dauðr af kulða. Hann bað griða ok fékk eigi. Síðan gækki maðr upp í stigann at hónum ok lagði hann með spjóti. Hrapaði Ívarr þá ofan, ok var dauðr; en blóð hans ok innilfi<sup>4</sup> lágu eptir á kirkjunni. Þetta var it þriðja sumar síðan Hákon konungr hafði vígja látið kirkjuna. Eptir þetta fóru þeir suðr til Ljoxnu.<sup>5</sup> Þar vóru fyrir bræðr tveir, hirðmenn konungs ok hertoga; þeir vóru kallaðir Ljoxno-sveinar. Þeir vóru inni í stofu, er Várbelgir kómu. Þeir sóttu stofuna; en hinir vörðusk vel ok drengiliga. Várbelgir fóru upp á stofuna, ok skutu á þá staurum. Þeir bræðr særðu nökkura<sup>468.</sup> menn af Várbelgjum, ok einn dó af þeim. Þar féllyn þeir bræðr við góðan orðz-tír. Várbelgir ræntu þar hver-vitna, svá at hvárki var eptir matr, né [drykkr, né] klaði. Síðan fóru þeir inn til bæjar, ok sögðu hertoga slík örendi sem orðit höfðu.

203. Skúli hertogi hafði fengit njósn af, at Þórir af Borri, bróðir Végarðs veradals, hafði farit sunnan frá konungi; en hertogi hafði fengit þeim sýslu suðr á Mæri, Sigurði pertli ok Eysteini á Aurum.<sup>5</sup> Hann bað þá taka af lífi Þóri, hvar sem þeir fyndi<sup>7</sup> hafi. Ok þá er þeir fóru ór Níðarósi, spurðu þeir til Þóris

<sup>1</sup> bréfa-sveina sína á skútn] Fl., H.; bréfa sveina skutu, Sk.

<sup>2</sup> til Fólksnar] í Folsn, Fr.

<sup>3</sup> dýrjúgum] ónum nær, H.

<sup>4</sup> innilfi] innylfi (!) H.

<sup>5</sup> Ljoxnu] Losno, Cd.

<sup>6</sup> Aurum] Fl., Esp.; Eyrum, Cd.

<sup>7</sup> fyndi] staði, Fl.

er þeir kómu út til Flæðka, þá var Pórir sunnan A.D. 1239 kominn;<sup>1</sup> ok skipuðu svá sínni ferð, at Eysteinn fór (Nov.) með suðr-landi, en Sigurðr snéri út til Rauða-bjarga. Pórir hafði farit með norðr-landinum, ok ætlaði heim it beinsta, ok ætlaði ekki at koma til bæjarins. Sigurðr mætti hónum við Rauða-björg. Póri þótti þat líkt, at ekki mundi þurfa griða at biðja, ok greip þegar til vámpa; en fyrir því, at vópnin vóru öll bundin, þá varð ekki af vörn hans. Féll Pórir þar, ok annarr hirdmaðr er Héðinn hét. Þeir börðu menn mjök þá er á skipinu vóru, ok tóku síðan skipit ok allt þat er á var, ok Þorberg son Póris, ok fóru síðan inn til bæjar; ok fékk Þorbergr grið með margra manna þær, ok [var hann] síðan með Skúla hertoga. Sigurðr erkibiskup sigldi inn eptir Pröndheimi, ok spuriði eingi [tíðendi af] þinginu fyrr en hann kom í 469. Leirangra; ok þótti hónum í verra efni komit [en hann hugði]. Görði hann þegar bréf til Hákonar konungs, at segja hónum þessi tíðindi. En hann fór inn til bæjarins.

Skúli hertogi görði menn frá sér, sem fyrr var ritað; ok fóru þessir á Hálogaland:<sup>2</sup> Algauti fór it iðra<sup>3</sup> um Eldu-eið; en Páll fótr ok Sigurðr pattin fóru it ytra á skipi, ok drápu þessa menn: fyrst þann mann er Jón hét, annan Jón svarta í Björey.<sup>4</sup> Þaðan fóru þeir í Torgar, ok tóku upp fyrir þeim manni er Ingjaldr hét, ok [tóku] skútu hans. Þaðan fóru þeir í Brunneyjar, ok tóku þar aðra skútu. Þaðan til Tjólgar-heims, ok tóku upp allt fyrir Jóni silki. En húspreyja hans görði hónum orð út í Veigu.<sup>5</sup> En þegar sem hann spuriði þetta, fór hann til Gutorms í Bjarkey; en hann hafði þá sýslu af konungs hendi í

<sup>1</sup> [þá var . . komini] add. II.

<sup>2</sup> á Hálogaland] af Hallandi, Cd.

<sup>3</sup> iðra] II.; innra, Sk.

<sup>4</sup> Björey] Fl.; Björg-ey, Cd., now Björön.

<sup>5</sup> Veigu] emend.; see Muneh.

iii. 939, footnote; Vága, Cd. in the vellums.

A.D. 1239. syðra hluta Hálogalands, ok fundusk þeir í Hereyjum.  
Nov.)

Jón sagði hónum slík tíðendi sem hann hafði spurt; en Guttormr trúði varla; ok fóru þeir báðir á eitt skip, ok röru þeir til þess bæjar er Sandnes heitir. Ok er þeir sátu í stofn um kveldit, kom þar inn újósnar-maðr Várbelgja; en þeir höfðu grun af, ok sló Guttormr hann öxar-hamars-högg; ok komst hann þaðan í brott. Síðan fóru þeir í kirkju, ok aðlaðu þar at vera um nóttina. En um dagsetrs-skeið kvómu Várbelgir, ok kringðu þá um kirkjuna, ok láðu þá út ganga. Þeir vildu eigi út ganga. Þá sögðu Várbelgir, at þeir mundu brenna kirkjuna. Guttormr kvað eigi þess [skyldu] við þurfa. Þeir hétu hónum gríðum slíkum sem inn helgi Óálfr konungr haffði sett 470. Heilagri kirkju. Ok við þat gékk hann út. Páll fótir tók þegar í hönd hónum. Ok er hann kom ór kirkju-durunum var hann þegar drepinn. Jón silki komsk út um söngþúss-dyrnar, ok hljóp út á akrinn fyrir austan kirkjuna,<sup>1</sup> ok var þar felldr. Þeir tóku þar mikit fé, ok þrettán-sessu er Guttormr hafði átt. Síðan fóru þeir út í Sanda,<sup>2</sup> ok drápu þar sonu Páls dálks, Óláf dálk ok Jón sylgju, hirðmeum konungs, ok tóku þar allt þat er þeir áttu. Þaðan fóru þeir út í Arneyjar, ok drápu þar Áshjörn nebba í Medalbúni, skutil-svein konungs, ok rændu fó öllu. Þaðan fóru þeir norðr í Salpta; þar bjó sú maðr er Einar prestr hét; hann var [hirðmaðr, ok var]<sup>3</sup> eigi heima; en þeir ræntu þar fó miklu. Þaðan fóru þeir norðr til Leifunes; þar bjoggu þeir meini er Bolla-synir voru kallaðir; ok gaf þeim þat líf, at þeir höfðu farit út í Skrofar þann dag. Petta sama kveld kvómu þar sveitugar Ívars Pétrssonar, Eirekr hvíti, ok Þórðr tönn.<sup>4</sup> Þeir voru

<sup>1</sup> *fyrir austan kirkjuna*] add. II.

<sup>2</sup> *Sanda*] thus, emend. according to Munthe in his notes to Álf's Translation of Snorri iii. 294; see

Munch, iii. 939, footnote; Salpta,

Cd.; Salreyrar, II.

<sup>3</sup> *hirðmaðr ok var*] add. II.

<sup>4</sup> *tönn*] add. Fr.

báðir drepnir. Þar var ok særðr kaupmaðr sá er Jón A.D. 1239 smæðra hét. Sva bjoggu þeir búum<sup>1</sup> Bolla-sona, at (Nov.) þeir settu út byrding þeirra, ok hlóðu öllu því gózi er þeir áttu, nema búinu. Þar tóku þeir bæði lérept ok klæði, brennt silfr smíðat ok ósmíðat, ok mikit gang-silfr. Annan dag fóru þeir í Hamarey, ok ætluðu at drepa Hákon rauð.<sup>2</sup> Þeir mættu ferju einni, ok sögðu [þeir] at Hákon hefði komit njósni um ófríðinn. Síðan fóru þeir aprí til Leirness, ok voru þar um nóttina. En þegar Hákon hafði njósni komit, þá skar hann upp herör, ok stefndi saaman liði, ok höfðu þeir sjau skútur vel skipaðar. En svá var þeim sagt, at ráns-menn nökkurir hefði komit til Leirness, ok hefði tekit upp fyrir þeim bræðrum. Um morgininn í dagan kvómu þeir til Leirness. Várbelgir höfðu hládit eina skútu með vápnum sínum. Hákon bað þá róa at sem mammiligast. En er Várbelgir heyrðu þetta, mælti Páll fótr:<sup>3</sup> “Flýju vér undan! hér eru “konnir Salptverir,<sup>4</sup> ok vilja hefna Guttorms.” Al-gauti var [þá] til kominn, ok lá hann öðrum-megin nessins á prettán-sessu, ok þar lá byrdingr Bolla-sona. Páll hljóp yfir nesit, ok bað þá höggva festarnar; sagði at drepnir voru allir hans félagar. Þeir tóku Pál á skip til sín, ok röru til Leirness; ok voru þeir Hákon á brottu. Þá fóru orð í millum Várbelgja ok Bolla-sona; ok tóku þeir sér grið; ok skyldi Ívarr Bollason fylgja þeim suðr til Níðaróss; ok kómur þar fyrir Jólin. Hertoginn lét sér mislíka, er þeir höfðu drepit Guttorm bónða ok Jón silki ór heiðagri kirkju; ok lét þá setja í járn. Hertogi tók undir sik mestan hluta fjár þess er þeir höfðu norðan haft. Ívarr Bollason settisk við hertogunn, með því móti at hann skyldi

<sup>1</sup> búum] Fl.; búm, H.; bunir Bolla-synir, Cd.

<sup>2</sup> rauð] Fl., Esp.; rönd, Cd.

<sup>3</sup> fótr] pottr, H.

<sup>4</sup> Salptverir] thus; but Sandnes in Bjarkey was the place where Guthorm was slain.

A.D. 1239. gjalda tólf merkr gulls um þat fram sem hann hafði  
(Nov.) ræntr verit áðr; ok leysti hann svá líf þeirra  
þræðra.

204. Álfr af Leifastöðum ok þeir félagar fóru á 472.  
land upp sem ætlað var, ok höfðu fimm hundruð  
manna. Ok er [þeir] kómu austr um Fjall, drápu  
þeir Óláf Fríðuson, ok son hans, ok þann mann er  
Ívar hét. En flestum konungs-mönnum hafði þá njósni  
komit, ok gættu þeir sín í kirkjum eðr í skógum. Ok  
er þeir kómu austr í Dali,<sup>1</sup> skildisk við Sigurðr Tółason,  
ok veik hann í Eystri-Dali, ok drap þar þá menn er  
Leifs-synir vóru kallaðir; en aðrir sveitar-höfðingjar  
fóru út til Oslóar;<sup>2</sup> ok var fyrir þeim Bárðr bratti,  
lendr maðr hertoga. Þar var fátt konungs-manna.  
Várbelgir görðu Bárði orð, at sem flestir væri dreppni  
konungs-menni. En Bárði fór þat vel; ok sagði hvat  
hann hafði spurt; ok bað þá gæta sín. Fóru flestir allir  
í kirkjn, ok gættu sín svá. Várbelgir kómu í bæinn  
um nöttina á óvart, ok drápu þessa menn: Sigurðr  
pattinn,<sup>3</sup> Grím magna, Ásólf, ok sex menn aðra. Eftir  
þat dvölðusk Várbelgir í bænum. En [Véseti] fór austr  
í Vík ok hafðisk þar við um hríð; en því drap hann  
öngva menn, at hann óttaðisk at sammaðr mundi görr í  
móti hónum. Hertogi hafði gört norðan með Véseta  
prest einn Íslenzkan, til herra Knútz, með innsigli því  
sem átt hafði Hákon jarl faðir hans, ok þar með merki,  
ok bað [hónum], at hann skyldi vera jarl hans, sem  
hónum þóttu þeir hafa áðr orðat nökkut. En herra  
Knútr vildi ekki á þat hlýða, ok bað prest fara brott.  
Þá er Símon kýr spurði til Véseta, ok herra Knútr  
sagði hónum at hertogi hafði reist ófrið móti Hákoní  
konungi, þá samnaði Símon nöfnum, ok Véseti at Helli, 473.  
ok fóru at Véseta með fimm tigi manna, ok fundu  
hann á bæ þeim er Sólbjargir heita, ok drápu af hónum

*austr í Dali*] í Eystridali, H.  
*Oslóar*] Oslu, H.

<sup>3</sup> *pattinn*] paktinn, H.

sjau menn ok tuttugu. En Véseti komst undan, ok fór A.D. 1239.  
austr á Markir, ok var [þar] til þess er hertogi komi<sup>(Nov.)</sup>  
austr um vetrinn.

205. Nú er at segja frá þeim er suðr voru sendir  
at konunginum, Óláfi af Vígdeild ok Guttormi af  
Suðr-heimum. Þeim byrjaði seint, ok kom víða njósun  
fyrir þá; ok fengu þeir ekki mönnum náð; en víða  
drápu þeir bú, ok görðu margar óspektir. Ok er þeir  
sá, at þeir máttu eigi sigla rakleiðis, þá dreifðusk  
þeir, ok fóru inn í fjördum þar sem þeir [vissu] at  
konungs-menn voru fyrir. Þeir kómu fyrst at Drómu-  
nesi, þar bjoggu þeir Árni leðrungr ok Eindriði,  
ok hjoggu þeir allt búit. Síðan snöru þeir inn um  
nesit, ok suðr eptir sundum,<sup>1</sup> ok kómu til Árna blakks,  
ok tóku þar allt þat er þeir kómu höndum á; ok svá  
fyrir Ógmundi rostung, ok Andrési á<sup>2</sup> Sjaumaelingum.  
Þaðan fóru þeir suðr í Raumsdal, ok hjoggu hver-vitna  
bú konungs-manna. En hvergi náðu þeir mönnum,  
þvíat allir voru suðr farnir undan.

Nú skal hér standa um athæfi Várbelgja. En nú  
skal tala um konunginn:—Þá er þeir hittusk um  
haustið, Hákon konungr ok Sigurðr erkibiskup, þá  
voru þar komuir sendimenn hertogans, Björn ábóti ok  
Játgeirr skáld, ok Sóni síkr. Görðisk þá þat ráð fyrir,  
at grið voru sett milli konungs ok hertoga þann [vetr].  
Setti erkibiskup þá grið, ok lagði þeim við bann er  
474. eigi héldi. Ritaði konungr þá bréf til hertogans með  
ábóta, ok bað hann halda [grið] þessi; ok göra kon-  
ungi orð, ef hann vildi öðruvis góra. En konungr gaf  
heimleyfi lendum [mönnum]; ok bað konungr þá fara  
varliga þar til er þeir vissi at haldin [vaeri] griðin.   
Peir fóru norðr it ytra, ok væntu sér [einkis] ófriðar.  
Urðu þeir eigi varir við fyrr, Birkibeinar, en Várbelgir  
voru fyrir sunnan þá; ok var þá eingi kostr aptr at

<sup>1</sup> *sundum*] suðneri = sverðveri, | <sup>2</sup> *a]* Fl., H.; ok, Sk.  
H. (badly?).

A.D. 1239. snúa. Ögmundr kræki-danz skyldi hafa sýslu í Orkadal,  
 Nov. ok snöri hann inn í Súrnadal, ok sökði þar niðr skútum  
 [sínní]. Árni blakkr skyldi hafa sýslu í Raumsdal,  
 ok snöri hann suðr til konungs. En þeir konungs-menn,  
 Sigurðr biskupsson ok hans menn, mættu Várbelgjum  
 á Lyngvers-flóa, ok komst hann nauðuliga undan, ok  
 fór hann suðr til konungs. En þeir konungs-menn,  
 sem fóru á byrðingum með kaupeyri sínn, vóru dreppir  
 þar sem staddir voru. Pétr Pálsson kom til Borgun-  
 dar, er hann spurði at Várbelgir voru fyrir sunnan á  
 þrimr skútum, en sumir fóru norðan<sup>1</sup> at hónum. Pétr  
 hafði lofat heim-[ferð] flestum sveitungum sínum ;  
 hann hafði mikla tvítog-sessu ok skútu með ; snöri  
 hann þá sur sem skjótast. Ok er hann kom norð-  
 an<sup>2</sup> at Hereyjum, var hónum sagt, at Várbelgir lágu  
 þar fyrir í höfninni á þrimr skútum. Ok er þeir Pétri.  
 kómu fyrir höfnina, lét hann blása í lúðr. Ok þegar  
 sem Várbelgir heyrðu þat, ráku þeir af sér tjöldin, ok  
 röru í brott. Var þetta mis-jafnt virt fyrir Pétri.  
 Sumir sögðu, at því léti hann blása, at hann vildi  
 göra njósn Várbelgjum, ok vildi öngan ófrið hefja við  
 hertoga. Sögðu þat sumir, at þar fyrir heldi hann  
 heilum bíbýlum sínum í Gizka. Pétr ok Ásólfur, ok  
 Árni blakkr, ok Sigurðr biskupsson, fóru tómliga síðan  
 er þeir kómu suðr um Stáði.

206. Hákon konungr sat í Björgyn nijök fámennr.<sup>3</sup> 475.  
 Hann hafði ekki ráðit um ferð sína, hvárt hann  
 skyldi austr eðr eigi ; þvíat hann vænti hversdagliga  
 orðsendinga norðan inn. Þá hluti er hann hafði ritarð  
 til hertoga. Þótti hónum nijök undarligt er eingi orð  
 kómu ; ok því var hónum grunr á, at eigi mundi allt  
 tryggt. Kallaði hann þá til sín rádgjafa sína, ok átti  
 tal við þá ; ok réðu þeir þat, at hann skyldi hafa  
 varygð á sér. Síðan görði hann skútu norðr í Sogn-  
 sie, en aðra lét hann fljóta við Folld-hellu hverja nótt,

<sup>1</sup> norðan] Fr. ; norðr, Cd.

<sup>2</sup> norðan] Fl. ; norðr, Cd.

<sup>3</sup> fámennr] fámeðr, II.

er Vættan hét, allra skipa skjótast; vóru þar á ker- A.D. 1239.  
tis-sveinar, ok aðrir konungs-menn. Röru þeir hvern (Nov.)

dag til bæjarins, ok út um kveldum. Eina nótt, er  
þeir vóru á þessum verði, urðu þeir varir við, at  
áttæringr einn röri norðan með landi ákafliga. Þeir  
stefndu fyrir þá, ok hugðu at þat væri njósnar-skúta. En  
þar var á Grímr keikan. Hann bað þá fylgja sér  
til konungs, ok lézk hafa mikil tíðendi at segja konungi.  
Par röru at konungs-bryggjum, [ok] gengu þar upp. Þá mundi vera eptir þriðjungr nætr. Þeir köll-  
uðu at herberginu, ok létsuk vilja finna konung.

476. Stóð hann upp þegar, ok klæddisk, ok gékk inn í málstofuna til þeirra. Var þar Grímr fyrir, ok heilsaði konungi. Konungr bað hann vel kominn, ok spurði tíðenda. “Tíðendi eru mikil, [herra,] at segja;—Skúli  
“ hertogi, mágr yðarr, hefir látið gefa sér konungs-  
“ nafn, ok sagt í sundr öllum gríðum milli yðvar.”  
Konungr mælti í móti.<sup>1</sup> Grímr mælti: “Hann hefir ok  
“ gört lið á alla vega frá sér, baði norðr ok suðr,  
“ ok á land upp, at láta drepa menn yðra, hvar sem  
“ staddir væri. Hann hefir ok sent at yðr fjörtán  
“ skútur, ok þar á lenda menn sína ok hirðmenni.  
“ Ok görít skjótt ráð fyrir; þvíat hér koma þeir  
“ brátt. Segisk þetta með öngu móti aptr; þvíat ek  
“ reið þá út um [Gaular]-ás er þeir vóru á Eyra-  
“ þingi; en síðan dvöldumk ek í skógum í Gaulardal  
“ þar til ek vissa sannliga þessi tíðendli. Nú hefi ek  
“ verit níu nætr<sup>2</sup> á leið norðan.” Konungr spurði  
at sýslu-mönnum sínum, er norðr höfðu farit. En  
Grímr lézk fundit hafa alla, útan Þóri; “Ok vóru  
“ þeir heilir, ef þeir gæta sín héðan í frá; en Þórir  
“ var um farinn, ok þikki mér mjök hættligt hans  
“ mál.”

<sup>1</sup> Konungr mælti í móti] thus, “ sem hann fékk,” Fl., so also H. Sk.; Konungr kvez eigi trúá vilja, and Esp.  
Fr.; Konungr mælti “nioti hann” | <sup>2</sup> nætr] dægr, H. (better?).

A.D. 1239. 207. Fátt var manna hjá konungi er hann spurði  
 (Nov.) pessi tíðendi. Hann þagði nökkura stund, ok mælti  
 síðan: "Guð sé lofaðr, er ek [veit] hvat ek skal at  
 " hafask héðan af; þvíat þetta var fyrir löngu ætlat  
 " sem nú er fram komit." Síðan<sup>1</sup> gékk hann til her-  
 bergis dróttingar, ok bað upp láta. Var svá gjört;  
 gékk konungr í herbergit; brann þar ljós. Þar sváfu<sup>477.</sup>  
 sveinar nökkurir, ok þjónustu-meyjar dróttingar.  
 Konungr gékk at rekkjunni; en drótting stóð í  
 silki-serk, ok kastaði yfir sik tugla-möthli rauðum.  
 Hón fagnaði konunginum. Hann tók því blíðliga.  
 Hón tók einn silki-kodda, ok bað konunginn sitja.  
 Hann kvezk þat eigi vilja. Hón spurði, ef kon-  
 ungrinn hefði frétt nökkur ný tíðendi. "Smá eru  
 " tíðendin," segir hann, "tveir eru konungar í Noregi  
 " i senn." Hón sagði: "Einn mun vera réttr konungr,  
 " ok erut þér þar; ok svá láti Guð vera ok inn helgi  
 " Óláfr konungr." Þá sagði konungr, at faðir hennar  
 hefði látið gefa sér konungs-nafn á Eyra-þingi. "Betr  
 " mun vera," segir hon, "ok görít fyrir Guðs sakir,  
 " trúit þessu eigi, meðan þér megit við dyljask." Kemr  
 þá upp grátr fyrir henni, ok mátti hón ekki fleira um  
 tala. Konungrinn bað hana vera káta; sagði, at hón  
 skyldi ekki gjalda frá hónum tiltækja föður síns.  
 Lítlu síðarr gékk konungr í brott.<sup>1</sup> En þegar sem dagr  
 var, fór konungr til tíða. Síðan kallaði hann til sín  
 ráðgjafa síma; var þar Grímr við [staddir], ok sagði  
 þau tíðendi, sem hann fór með. Varð þat ráð gjört, at  
 skorin var upp heyrir norðr ok suðr frá Björgyn, ok  
 þangat stefnt almenningi. Konungr görði orð lendum  
 mönum sínum: Gauti Jónssyni, Gunnari frænda sínum,  
 Nikulás Pálssyni, Brynjólfur Jónssyni, Ísaki í Bæ.

<sup>1</sup> The episode, "Síðan gékk hann til herbergis dróttingar . . . . Lítlu síðarr gékk konungr í brott," is only found in Fr.; being omitted in all the other vellums; it is, however, probably but an homoteleuton, "Síðan," "Lítlu" "síðarr" being repeated.

Þann sama dag átti konungr þing í Krists-kirkju-garði, A.D. 1239.

ok [sagði] öllum mönnum þar tíðendi sem hann hafði <sup>(Nov.)</sup> <sub>(Dec.)</sub>

478. spurt, ok bað menn eigi vera í kúrhuga fyrir þetta; þvíat hónum kvazk svá hugr um segja, at af þessu mundi nökkurr góðr útvegr görask. Um morguinн eptir átti konungr vápna-þing; ok kannadi konungr lið sitt; ok sagði at sú skipan skyldi á vera, at kaupmenn skyldi vera, hvern í sínni skytnings-stofu með alvæpni; en konungs-menn skyldu liggja í konungs-garði; en hann lézt svá skyldu ráð fyrir göra með Guðs miskunn, at eingi ófriðr skyldi þeim at óvörum koma. Síðan létt hann fram setja skip sín þau en stærri: Hugróna, Óláfs-súðina, Fitja-brandinn, Gull-bringuna, Rygja-brandinn. Ok þá er Hugróin var fram sett, gengu undan henni [undir-]hlutirnir, ok var þat skip þegar upp sett, ok baett at tómi; en öllum öðrum var flotað, ok búin sem bezt. Lágu skip konungs fyrir endilöngum bryggjum inn eptir bað. Eptir þetta kómu hvers-dagliga lendir [meun] ok sýslu-menu með stórar sveitir. Versir kómu einn dag með sjau skipum. Þá er þeir kómu norðan Pétr ok Ásólf, ok Sigurðr biskupsson,<sup>1</sup> sögðu þeir, at hertoginn hafði skipat allar sýslur fyrir norðan Staði.

208. Hákon konungr görði þá sveitar-höfðingja norðr at þeim Várbelgjum: Pétr ór Gizka, Ásólf bónða, Gunnar frænda sinn, með fimm skip ok tuttugu. En áðr þeir fóru ór þaenum, talaði hann við þá, ok bað þá fara svá langt norðr sem [þeim] væri vel fært.

479. Hann bað þeim at halda kirkju-grið ok kvenna-gríð, svá sem allt hans forelri hafði gört fyrir hónum. Síðan fóru þeir. Ok er þeir kómu til Borgundar, þá voru þar fyrir sýslu-menn Várbelgja: Óláfr kábeinn, Snækollr, ok Andrés skæla. Þar félru nökkurir menn af Várbelgjum áðr þeir kómusk í kirkju. Birkibeinar tóku leiðangr þann er þeir höfðu saman-dregit. En þeim

<sup>1</sup> ok, add. Cd.

A.D. 1239. vórn gefin grið til konungs-fundar. Þá kvað Snæ-  
(Yule,) kollr þetta :

“ Skal ek alldri þótt ek æ lifa  
sýslu biðja á Sunn-mæri :  
“ Þvíat fluttu mik fjándmenn þaðan  
Björgynjar til at boði hilmis.”

Þeir Pétr spurðu, at öngvir [Várbelgir] vóru norðan á leið ; en hertuginn sat fjölmennr í Níðarósi, svá at þeim var ófæra þangat at fara. Snöru þeir þá suðr aprí til Björgynjar með fé ok mönnum þeim sem þeir höfðu tekit. Hákon konungr gaf öllum grið, þeim sem á hans vald kómu. Konungr görði Klemet af Hólmi suðr á Agðir at þeim Várbelgjum sem þar vóru. Hann drap Ólaf Þóruson, fornari Begling. Bórðr í Hestbæ hafði sýslu í Rygja-fylki af hendi hertogans ; ok þegar sem hann spurði þau tíðendi, at hertuginn hafði látið gefa sér konungs-nafn, þá fór hann þegar til Hákonar konungs, ok gafsk á hans vald ; en konungr gaf hónum góð grið.

209. Hákon konungr átti hversdagliga tal við sína 480. lenda menn, hvat til ráðs skyldi taka. Fýstu þeir, er norðr vóru kommir, at hann héldi norðr með allan herinn ; þvíat þeir höfðu látið fyrir Várbelgjum, bæði frændr ok vini, ok fí. En allir þeir, er fyrir sunnan Stað vóru, fýstu þess, at hann væri kyrr, meðan hæst væri vetrar. Ok var þat ráð[s] tekit, at konungr sat í Björgyn með öllu liði sínu. Nikulás Pálsson var með konungi. Hann var yngstr allra lendra manna, ok þótti manna vænstr til vits ok fremdar. Hann lagðisk sjúkr ; ok af þeim sama sjúkleik andaðisk hann um daginn fyrir Jóla-aptan. Var lík hans nátt[-sett]. Um morguninn var Hugróin bætt, ok vildi konungr at hón væri út sett fyrir Jólin. Ok meðan sungnar vóru tíðir, létt konungr búa skipit. Var þá blásit. Ok er fólkit var til komit skipsins, þá [hafði] konungr allt í einni ræðu, at hann sagði fyrir skipinu, ok setti

grið<sup>1</sup> milli manna. Var þá skipit fram sett, ok tóksk A.D. 1239, þat sem bezt. Eptir þat gækki konungr móti líki<sup>1240</sup>. Nikulás, ok þakkaði sjálfr söng á grafar-bakka. En meðan líkit var niðr-sett, var reipat tréit á skipinu ok borinn reiði á skipit. Eptir þetta átti konungr hirð-stefnu, ok fagnaði sjálfr hirð sínni. Hafði konungr mikit starf þann dag.

- <sup>481.</sup> 210. Ögmundr kræki-danz kom til Björgynjar fyrir Jólin, ok dvalðisk með konungi til ens níunda dags. <sup>1240 (9th January).</sup> Hákon konungr fékk hónum þá lið, hirð-menn sína ok gesti, hundrað manna. Síðan fór Ögmundr inn í Sogn, ok svá upp um fjall. Var þá kyrt; öngir Várbelgir vóru þá í Dölum. Munan biskups-son hafði þá sýslu á Heiðmörk. Hann hafði farit af Heiðmörk fyrir Várbelgjum ok út á Valdres, ok var þar um Jólin. Þeir fundusk, Ögmundr ok Munan, ok fóru síðan út til Oslóar. Par vóru fyrir margir konungs-menn, ok sögðu þeir, at Ögmundr faeri því ofan af landi, at hann þorði eigi at vera á Upplöndum fyrir Várbelgjum. Ögmundr sagði, at hann þóttisk lið-fár, ef hertoginn kæmi norðan. Síðan fóru þeir Munan á land upp, ok dvölðusk um hríð norðr í Dölum.

Árni biskup hafði sent klérk einn norðr til erki-biskups um haustið, áðr ófriðr hófsk, með bréfum. Ok er hann kom norðr, þá létt hertoginn taka öll bréfni. En síðan [er hann] bjósk suðr aprí, bað hertoginn hann taka við sínum bréfum, ok var lesit fyrir hónum, ok var þar ekki á nema skulda-ferði<sup>2</sup> til manna í Björgyn. Ok er innsigla skyldi bréfit, létt hertoginn skipta; hafði klérkrinn önnur suðr. Hákon konungr komst at þessum bréfum, ok varð [viss] alls fals þess sem á var [til hans] ok hans manna.

Hákon konungr létt búa til virðuligrar Jóla-veizlu í Björgyn þvíat þá þurfti miklu meira við en vanði var til. Sat hann um Jólin með miklum kostnaði, ok var <sup>239-40.</sup>

<sup>1</sup> grið] i.e. Jóla-grið.

<sup>2</sup> skulda-ferði] skuldafer i, Fl

A.D. 1240. Þessi vetr inn þriði ok tuttugti<sup>1</sup> konungdóms hans.  
 (Feb.) Hann hafði sent austr í Vík eptir land-skyldum ok 482.  
 leiðangri til mála-gjafar; en ekki kom sunnan. Ok  
 [at] inum Átta degi lét konungr brjóta í sundr  
 gersemar sínar, silfr-ker ok silfr-diska, ok görði  
 hirðinni eigi síðr góð skil. Þat var níu nóttum  
 eptir Jól [at] konungr gékk um kveldit út, ok var  
 heiðviðri á. Hann sá undarliga stjörnu, miklu meiri  
 ok ógurligri en aðrar, ok út af sem skapt væri.  
 Konungr lét kalla til sín meistara Vilhjálm. Ok er  
 hann kom ok sá stjörnuna, mælti hann: "Guð gæti  
 " vár! Þetta er mikil sýn! Þessi stjarna heitir *kometa*;  
 " ok sésk hon fyrir fráfalli ágaetra höfðingja, ella fyrir  
 " stórum bardögum." Þessi stjarna var sén á mörgum  
 löndum um vetrinn.

211. Sem frá leið Jólum, tóku lendir menn at óróask,  
 ok vildu gjarna norðr fara. Konungr lét sér ekki um  
 finnask. Heyrði hann þá mikit ámæli af mörgum,  
 ok hann mundi þat sanna, er Várbelgir kölluðu hann  
 Hákon svefn. Gaf konungr öngvan gaum hér at. En  
 þegar at Kyndil-messu [dró], þá bjó konungr ferð  
 sína, ok stefndi til [sín] öllu liðinu. Hann hafði  
 fjóra tigi<sup>2</sup> skipa, ok öll stór ok vel búin. Þessir  
 lendir menn voru með konunginum: Gautr Jónsson,  
 Pétr Pálsson, Ásólfur jarls-frændi, Gunnarr konungs-  
 frændi, Ísakr í Bæ. Áðr konungr fór ór bænum lét hann  
 dróttningina fara upp í borgina ok junkæra<sup>3</sup> Magnús;  
 ok var þar forsjá-maðr Guðleikr af Aski, ok fjórir  
 tigir hirðmanna, ok mart fólk annat. Hákon kon- 483.  
 ungr hafði gört um vetrinn bréf austr í Vík til herra  
 Knúts ok Arnbjarnar Jónssonar; ok var þat á, at  
 Arnbjörn skyldi láta gefa Knúti jarls-nafn. Síðan  
 skyldu þeir verja Víkina fyrir Várbelgjum ok hertoga,  
 ef hann bæri þar at eðr hans menn.

<sup>1</sup> *tuttugti*] xx., Cd., Fl.

<sup>2</sup> *fjóra tigi*] lx., Fl.

<sup>3</sup> *junkæra*] junkherra, II.; jung-  
 herra, Fl.

212. Þá er Hákon konungr fór ór Björgyn, var A.D. 1240.  
 hónum sagt, at hertoginn hafði sent menn í sýslur á Sunn-mæri ok í Raumsdal. Ok er konungrinn kom til Keili-straums,<sup>1</sup> lét hann kalla menn til tals við sik, ok nefndi nökkur skip til at fara norðr. Vóru þessir stýri-menn: Gunnarr konungs-frændi, Ásólfur, Sigurðr biskups-son, Árni blakkr. Síðan fóru þeir sem skyndiliggast. [Ok] er þeir kómu norðr fyrir Raumsdalsminni,<sup>2</sup> spurðu þeir at Finnur knöttr var inn i Vé-eyju með sveit sína. [Hann] hafði þar sýslu yfir af hertogans hendi. Snöru þeir þegar inn, ok kómu á óvart, ok drápu Finn ok nökkura menn með hónum. Hákomí konungi hafði eingi njósn komit norðan um vetrinnu, þvíat svá [var] gætt allra vega, at eingi komsk norðr, þótt vildi. En þá er konungr fór norðr, fór sá kurra af, at hertoginn byggisk á land upp, ok vildi eigi bíða konungs. Ok er konungrinn fór norðr um Knarrarskeið, þá var hvasst veðr ok snjó-fok,<sup>3</sup> ok lagði hann at við Söndúlfs-staði. Var þá konungi sagt til sanns, at hertogi mundi hafa smúit á land upp. Ok var þá ráðs tekit, at gör voru fyrir fumtán skip; ok voru þeir þar fyrir, Ásólfur af Austr-átt ok Gunnarr, ok sigldu þeir rakleitt norðr til bæjarins um nóttina. Bergþórr tanni hét maðr hertoga; hann sigldi fyrir þeim á léttiskútu ok bar njósn til bæjarins. Ok er þeir sigldu at bænum, lagði Gunnarr konungs-frændi í Ils-vík, ok gengu þar upp; en Ásólfur ok sumt liðit reiðit beinsta upp í ána, ok gékk þar upp. En með því, at njósn hafði komit fyrir, þá kómusk menn í kirkjur. Þeir drápu þar nökkura menn af Várbelgjum, en sumir urðu sárir.

213. Skúli hertogi hafði farit ór bænum á Laugardegi í Níu-vikna-föstu, ok var hann um nóttina at Meðalhúsum, ok fór þaðan út til Orkadals; ok hafði

<sup>1</sup> *Keili-straums*] Keli-straums, II.

<sup>2</sup> *-minni*] -mynni, II.

<sup>3</sup> *snjó-fok*] snæfok, II.

A.D. 1240. sett eptir í bænum at gæta skipa síma ok allra  
 (Feb.) Þrænda-laga, Clemet föður, ok Guttorm af Suðr-heimi-  
 num, ok höfðu þeir tvau hundruð manna. Hertoginn  
 fór suðr um fjall með finum hundruð manna, ok et  
 fríðasta lið, ok vel búit at vápnum ok hestum. Álfr  
 af Leifa-stöðum hafði<sup>1</sup> fyrr austr farit, sem áðr segir.  
 Þá voru þeir í Guðbrands-dölum, Munan biskups-son  
 ok Ögmundr kræki-danz. [Ok] er þeir spurðu at  
 hertoginn var norðan [kominn], þá snöru þeir út á  
 Heiðmörk. Ok er þeir kómu til Ringis-akrs þá var<sup>485</sup>  
 þar fyrir Álfr af Leifa-stöðum, ok varð hónum sva-  
 [nær] þróngt, at haun hleypti inn í kirkju ok allir  
 hans menn; en þeir Munan ok Ögmundr settusk um  
 kirkjuna ok sátu þar lengi um daginn. En með því, at  
 hertogans var eptir ván, þá snöru þeir undan ok út  
 til Oslóar til þeirra konungs-manna sem þar voru.  
 Görðu þeir þá njósnir Knúti jarli ok Arnþirni Jónssyni,  
 ok öðrum lendum mönnum í Víkinni, ok drógu saman  
 mikinn her.

214. Hákon konungr sigldi inn eptir Þróndheimi,  
 ok lagði at við Hólum. Þá var hónum sagt, at Vár-  
 belgir voru þar fyrir fjölmennir, Clemet faðir, ok  
 Guttormr. Þeir höfðu þangat flýit þegar þeir vissu  
 at konungs var þangat ván, ok sátu trúfastliga í  
 kirkju. Hákon konungr vildi fyrir því eigi upp ganga.  
 En Várbelgir görðu menn til hans ok beiddu griða;  
 en eingi kómu annsvör móti frá konungi. Konungr átti  
 ráð við menn sína, ok röri sifðan inn til bæjar. Gékk  
 í móti konungi Sigurðr erkibiskup ok Kórsbræðr, ok  
 fögnum höfðu hónum vel. En finna þóttisk hann, at sunir  
 töludu annat en í lug var. Þeir töludu optliga,  
 konungr ok erkibiskup, um þau stórmæli er stóðu um  
 allt landit. Þeir voru nökkurir vinir hertogans, er þat  
 tölðu, at þeir skyldu sættask, konungrinn ok hertogi,  
 með því, at hálft ríki hefði hvárr þeirra, ok báðir

<sup>1</sup> *hafði*] ok þeir höfðu, Cd.

486. konungs-nafn. Konungr sagði, at hónum gætisk eigi A.D. 1240.  
(Winter.)  
 at þeirri sætt svá búit. Hertoginn [harði] sent upp til Elgi-setrs í kirkju frú Ragnild, ok frú Ragnfríði, ok margan annan sinn varnað. Ærkibiskup bað þeim griða af konungi. En hann svarar svá, at þó mundi hann gefa grið at aðrir menn væri komnir í kirkju en þær; ok sagði, at því heldr skyldi þær hafa grið, at allir þeir skyldu hafa grið, er í sátu kirkju í Hólmi. Ok gengu þeir til griða. Fóru sumir til konungs, en sumir til búa síma. Hertoginn hafði svá farit ór Próndheimi, at bú þeirra manna, er hónum fylgðu, [stóðu] kyrr; ok því kómu menn ór öllum fylkjum or Próndheimi, þeir er gættu búa Várbelgja, ok báðu miskunnar, at konungr léti eigi upp taka búin. Konungr lét þá blásu til þings, ok lýsti því fyrir öllum mönnum at bú Várbelgja skyldu standa til summar-mála, ok freista ef þeir vildi ganga til sættar við konung ok miskunnar.

215. Sigurðr erkibiskup varð reiðr Birni ábóta í Hólmi um haustið þá er hertoginn hafði látið gefa sér konungs-nafn; ok bæði fyrir þær sakir er hann hafði sjálfr gört; ok svá fyrir þat, er hann var í ráði með hertoga um hans tiltæki. Ok fyrir þetta allt saman bannsetti erkibiskup ábóta. Hónum líkaði þetta stór-illa; ok fyrir því appellaði hann erkibiskup 487. til pávans. Þeir báru saman ráð sín, hertoginn ok ábótinn. Tók ábóti fé af hertoga, ok setti staðinn Hólmi í veði. Tók ábóti við örendum hertogans ok bréfum til annarra landa, Danmerkr ok Pýðeska-ríkis, ok þau lönd er þar eru nær, ok svá út til Curiam. Fór ábóti ór Níðarósi um vetrinn fyrir Jól. Ok er hann kom upp um fjall, þá fór hann sem tómligast, sem hann hefði öngva þá hluti með at fara er varðaði. Ok er hann kom í Hamar-kaupang, var þar fyrir Munan biskups-son. Lét ábóti all-blítt við hann, ok görði öngvan grun á sér. En Munan hafði spurt áðr um ferð hans; ok fyrir því tók hann ábóta ok allt

A.D. 1240. Þat er hann fór með, ok fékk til fjóra hirðmenn, ok (Feb.) fjóra aðra menn at fara með ábóta ofan í Sogn, ok til Björgynjar. Ok var hann uppi í Borg með dróttninginni þar til er Hákon konungr kom norðan.

216. Skúli hertogi hafði gört austr í Jamtaland með bréfum Játgeir skáld, ok svá í Helsingjaland, ok þaðan í Svíþjóð. Ok þegar konungr spurði þetta, görði hann Gunnar frænda sínn eptir hónum. Ok fór hann sem ákafligast, ok hafði mikla nauð í þessari ferð. Gunnarr hafði eigi meira [lið] en fímtán menn. Hann drap þann mann í Jamtalandi er Þórir hrís-bítr hétt; hann hafði haft þar sýslu af hertoga hendi. Síðan fór hann austr eptir Játgeiri; ok stóð hann í Helsingjalandi; ok tók þar öll bréf þau er hann hafði af hertoga hendi, ok gersimar þær, er hann hafði sent vinum sínum. Játgeirr komst undan sem nauðuligast. Fékk 488. Gunnarr í þessari ferð all-mikinn heiðr.<sup>1</sup> Kom hann ok fyrr aptr til Níðaróss en konungr vaeri brott búinn.

Þá er Hákon konungr var í Níðarósi, kómu þar sveinar nökcurir austan um fjall; ok sögðu, at Knútr jarl ok lendir menn konungs höfðu saman samnask í Oslo, ok höfðu fimm hundruð ok tuttugu manna;<sup>2</sup> ok létu all-vænliga, at eir mundu vinna sigr á hertaganum, þó at þeir hefði minna lið en þá höfðu þeir. Sögðu þeir, at hertogi var með liði sínu á Heiðmörk er þeir fóru þar um. Sögðu allt it efniligasta um tiltæki Birkibeina.

217. Þá er Skúli hertogi var á Heiðmörk, kom til hans Véseti litli austan af Mörkum. Hertoginn fór ór Hamri ok út til Eiðs-vallar. Þat var í annarri viku Langa-föstu. Hann görði fram fyrir sik Álf af Leifastöðum á njósn. Hann mætti um nóttina njósnarmönnum Knúts jarls. Fóru þeirra skipti svá, at Knúts-menn fengu tekit svein einn af Álfsmönnum,

<sup>1</sup> *all-mikinn heiðr*] allmikla æru, | <sup>2</sup> i.e. twenty-five hundreds; hálf-II.

| an þriðja tólg hundraða manna, II.

ok færðu hann jarli. En þar var sá maðr fyrir, er A.D. 1240.  
 sakir átti við hamn, ok görði hann háls-höggvinn. (Feb.)  
 Þá er hertogi fór af Eiðs-velli, kom í móti hónum  
 prestr einn Danskr, ok fáir menn með hónum. Prestr  
 sagði, at hann lézk vera sendr af Knúti jarli til  
 hertoga, at jarl vildi at þeir fyndisk þar sem Leir-  
 489. vellir heita, ok héldi orrostu. Bjoggisk hvárir-tveggju  
 við sem bezt, ok træði sér gadd; en hvárigir staelisk  
 á aðra þar til er þessi fundr væri reyndr. Hertogi  
 bað svá segja jarli ok öðrum Birkibeinum, at þenna  
 kost vill hanu; ok létz öngan ófrið göra skyldu áðr  
 þessi fundr lyktask. Annan dag eptir kom þessi  
 prestr til hertogans; ok sagði þá svá, at jarl vildi at  
 þeir skipaðisk um fylkingar síuar, liverjar sveitir mótt  
 skyldu gangask. Bað hertogann láta sítt [merki móti]  
 jarls merki; en hann sagði kertis-sveina, ok þær sveitir  
 er með þeim væri, mundu hafa gult<sup>1</sup> merki, ok skyldi  
 þar í mótt kertis-sveinar hertogans. Hann sagði, at  
 gestir konungs mundu hafa svart merki, ok skyldi þar  
 gesta-merki hertogans móti. Prestr bað hertogann  
 senda mann með sér á fund jarls, ok heyra [þessi]  
 orð af hans munni. Hann sendi þann mann, er Kári  
 einhendi hét. Hertoginn hafði verit um nótina á  
 Raumaríki á þeim bæ er á Láku heitir. En prestr ok  
 [Kári] kómu skamt brott frá hertoganum yfir einn  
 lítinn skóg. Þá sá þeir merki Birkibeina fara móti  
 sér. Prestr sagði þá, at jarl var hvatlátari en hónum  
 var sagt; bað Kára þá aprí snúa, ok segja hertoga  
 hvat titt var; ok svá görði hann. En lið hertoga fór  
 þá fram af skóginum á ána Leiru. Fóru þá hvárir  
 móti öðrum eptir ár-ísinum. Nes eitt hátt gókk milli  
 þeirra, er Leirnes heitir. Þeir riðu fyrstir af hertogans  
 mönnum, Bárðr vargr lendr maðr hans, ok Bárðr af  
 Guðreksstöðnum son Þorsteins kúgaðs. Ok er þeir  
 kómu mjök fyrir nesit, kómu Birkibeinar mótt þeim,

<sup>1</sup> *gult*] Cd., II.; *gyllt*, Fl.

A.D. 1240 Arnþjörn posí ok sveit manna með honum. Vildu þá (March). Várbelgir undan snúa ok aprí móti sínum félögum. Ok er Bárðr snöri um hestinum, fóll hann undir hónum, ok fékk Arnþjörn tekit hann. En Bárðr af Guðreks-stöðum komst undan, ok fékk mikil spjót-lag milli herðanna; ok hlífði hónum góð bryンja,<sup>1</sup> er hann varð eigi sárr. Hertoginn sneri af ánni ok upp á nesit, ok bjósk þar um, en Birkibeinar annan veg af 490. ánni gegnt. Þeir skutusk á um hríð um kveldit; fékk af því bana Jón parís af hertogans mönnum.

Bárðr [vargr] fór til Eireks stilks, mágs síns, ok kærði þat fyrir hónum, at hann hefði eigi þar klæði sín; ok bað Eirek fá menn til at fylgja sér út á ísinn, ok kvazk vilja kasta rúna-kefli á ísinn til félaga sínna. Eirekr görði svá. Ok er þeir kómu á ísinn, fór Bárðr þeirra skjótast. Sveitungar hans voru öðrum-megin árinnar, ok kenndu hann, ok gengu móti hónum. Hefr Bárðr þá á rás frá Birkibeinum til sveitunga sínna. Skúli hertogi var þrjár nætr á Leirnesi, ok mátti þá eigi lengr fæða þar herinn, ok fór snemma Frjádags-morguninn. Þat var í annari viku Lang-a-  
9th March. Föstu. Þat var inn sjaunda *idus* dag Martii mánaðar; ok sneru þá aprí til Láku. Ok er Birkibeinar urðu varir við þetta fóra þeir þegar eptir hónum. Þá er Várbelgir kómu á Láku, trúðu þeir sér gadd á brekku-nni hjá húsunum. Var þar fyrir niðri dalr einn, ok hæð nökkur öðrum-megin. Sá þeir þá, at Birkibeinar fóru eptir þeim. Þóttusk þeir skilja at fundr mundi verða. Tóku þeir þá at fylkja liðinu á brekku-nni, hertoginn ok hans menn.

218. Birkibeinar fóru til þess er þeir kómu á Láku, ok fylktu þeir öðrum-megin á<sup>2</sup> dalverpinu.<sup>3</sup> Knútr jarl ok Arnþjörn fengu til marga sveitar-höfðingja, at veita Várbelgjum bak-slettur.<sup>4</sup> Var fyrir þeim Loðinn Gun-

<sup>1</sup> bryнja] nýgor, add. II.

<sup>2</sup> á] thus, not ē, Sk., Fl.

<sup>3</sup> dalverpinu] brekkuuni, II.

<sup>4</sup> bakslettur] thus Fl.; bakföll,

H.; áhlæup, Sk.

nason, ok Hákon gríss, ok Jón prófasts-son; hann var A.D. 1240.  
fyrir kertis-sveina-liði; ok bar Þórir knapr<sup>1</sup> merki þeirra. (9th  
Margir voru þar aðrir sveitar-höfðingjar. Gengu þeir á  
bak fylking hertoga; var þá bærinn milli þeirra. Ok  
er hertoginn sá þetta, skipaði hann sínum mönnum  
mót bakfallinu. Ok voru þessir sveitar-höfðingjar þar  
fyrir: Álfr af Þornsbergi, Óláfr af Vígdeild, Álfr af  
Leifa-stöðum, Véseti líthi, ok Algauti bróðir hans, ok  
enn fleiri sveitar-höfðingjar. Ok þá er þeir mættusk,  
varð þar harðr bardagi. Var Birkibeinum óhæg atgan-  
gan, því at snjór var mikill, ok illt at fara, en Vár-  
belgir tóku harðfengiliga við. Þá er þeir þóttusk vita,  
jarl ok Arnbjörn, at bak-föllin voru saman komin,  
þá létu þeir fram bera merki sín, ok gengu í dalinn,  
ok svá upp í brekkuna undir fylking hertogans. Her-  
togi bað sína menn eigi vera of veiði-bráða, ok láta  
þá ganga langt upp áðr þeir réði í móti. En þat var  
at öngu haft; ok gengu Várbelgir skjótt í móti. Bir-  
kibeinar máttu ekki fram komask fyrir snjónum, ok  
viku skjótt aptr þangat sem þeir höfðu staðit í fyrs-  
tunni; ok létz þar einn maðr af þeim.

219. Nú er at segja frá bakföllunum:—Hákon gríss  
gékk í fyrra lagi. Ok er þeir kómu saman, sneri  
þegar mann-fallinu í lið Birkibeina. Þar fél Hákon  
gríss, ok Jón prófasts-son, Gutormr heggr,<sup>2</sup> ok margir  
aðrir ágætir menn. Flyðu þá Birkibeinar. Fél mart  
492. í flóttanum. Loðinn Gunnason hljóp í skotið kirk-  
junnar með sveit manna. Várbelgir tóku merkin, ok  
höfðu þau til hertoga. Póttusk þeir jarl ok Arnbjörn  
þá vita<sup>3</sup> [at menn] þeirra höfðu farit ósigr. Görðu  
þeir þá ráð sítt, ok sendu þann mann er Eilifr kýr  
hét með nökkurri sætta-umleitan til hertoga. Ok  
er hann kom aptr, ok þeir menn er hertoginn hafði  
sent með hónum, þá stóðu þar skildirnir í fönninni

<sup>1</sup> knapr] knapi, H.

<sup>2</sup> heggr] H.

<sup>3</sup> þá vita] add. II.

A.D. 1240. sem þeir höfðu staðit, en menn vóru allir brottu.  
 (9th March.) Flýði Knútr jarl ok Arnbjörn út til Túnbergs; en sumir til Oslóar, ok út í Höfuðey, ok sátu þar í klaustri. Kolbjörn, bróðir Álfss af Þornsbergi, féll af Várbelgjum, ok fáir menn. Svá kvað Óláfr hvítaskáld um þessi tíðendi:—

“ Hilmir fór með herskap stóran  
 hildar-borðs á Upplönd norðan ;  
 “ merki skárusk ljós á Láku ;  
 lá ferð vegin skörpum sverðum ;  
 “ Punnum reið til Prónðheims sunnan  
 þing-fraekn jöfurr völum stinga ;  
 “ herskip brenndi hilmir grundar  
 hyggju-gegn ; en líf gaf þegnum.”

Sturla kvað svá:

“ Stóð ófriðr af afar-menni  
 innan-lands öllu fólki,  
 “ þá er Ynglingr austr á Láku  
 sverða seið um samit hafði.  
 “ Ok viggj-álfr vaxanda lét  
 úlfa ár ok ara ferðar  
 “ valðan vetr til vápn-Þrimu  
 of víg-skátt vísa ríki.”

493.

220. Skúli hertogi gaf grið Loðni Gunnasyni, ok þeim mönnum sem með hónum fóru; ok fór eptir þat út til Oslóar, ok lét sik þar til konungs taka. Gaf hann þeim mönnum grið er í klaustrinu vórni í Höfuðey: Páli gás, Gjarðari Styrkárs-syni, ok enn fleirum sveitar-höfðingjum. Gengu margir Birkibeinar til handa hertoga. Dvaldisk hann þá í Oslo um hríð.

221. Hákon konungs sat í Prónðheimi, sem fyrr var sagt. Þat var síði konungs-manna, at ganga til Elgi-setrs um daga til frú Ragnildar, ok þeirra mæðgna, ok manna hertogans er þar vóru. Ok einn dag, er konungs-menn kómu þar, sá þeir at allt fólk hló at 494. þeim þat er þar var, sem þeir görði gyss nökkurn, en

vildu engi tíðendi segja. Þeir sögðu konungi,<sup>1</sup> at A.D. 1240. víst vóru þar tíðendi nökkur þau er þeim hló hugr (March.) við. Ok þann sama dag kom austan gestr einn til Hákonar konungs. [Konungr] spurði tíðenda. Hann stóð ok þagði. Konungr bað hann segja slík tíðendi [sem vóru, ok] sem Guð hafði fyrir sett at verða skyldu; “Pví at vér munum spryja af öðrum, þó at “þú segir eigi.” Hann svarar: “Þat er skjótt at “segja, at Knútr jarl, ok lendir menn yðrir í Víkinni, “fundusk, ok hertoginn, á Raumaríki á bæ þeim er á “Láku heitir, ok áttu þar bardaga; ok höfðu yðrir “menn betr enn fyrra daginn; en inn síðara flýðu “þeir; ok félru þá margir ágætir menn af Birki-“beinum;” ok sagði konungi allt sem farit hafði, þvíat hann var í bardaganum. Konungi þóttu þetta mikil tíðendi.<sup>2</sup> En jafnan síðan skorti eigi gabb, af þeim mönnum er vóru vinir hertogans, til Birkibeina. Ok svá mikil bragð var at þessu, þegar þeir þorðu, at þeir, sem austan kómu til vina hertogans, sögðu, at drjúgum var hirð Hákonar konungs öll látin, sú er í Víkinni var; ok eigi víst at jarl héldisk við í landinu. Öllum konungs-mönnum var mikil hrygð í þessum tíðendum. Þá kvað Óláfr vísu þessa:—

“ Tjón höfum Birkibeina,  
(böð-hraustr) fregit austan;  
“ (brátt man bug þann rétta  
braguningr, ef vel haguar);  
“ Virðendr munu verða  
vápn-glyms fima ymsir  
“ (veit ek, at vart hefir Knúti  
vegnat) brögðum fegnir.”

495.

222. Hákon konungr görði eptir þetta orð sínum mönnum öllum, at þeir skyldu búa ferð sína sem ákafast. Eptir þetta kom erkibiskup einn dag í Nik-

<sup>1</sup> konungi] Fl.; þetta, Cd.

<sup>2</sup> Konungi . . tíðendi] Fl.; Kon-

ungí mislíkaði mjok þessi tíðendi,

Cd. and II.

A.D. 1240. ulás-kirkju, ok með hónum Lambi prior af Hel-  
 (March.) gi-setri. Erkibiskup mælti til konungs: "Vit höfum  
 " spurt, [herra,] at þér hafit fengit mikinn ok marg-  
 " faldan skaða í láti yðarra manna í Víkinni fyrir  
 " Skúla hertoga. Er þat nú hræðilikt, ef yðrir óvinir  
 " skulu ganga svá mjök fram, ef svá ferr nökkura  
 " hríð sem nú horfisk á: ok því þætti oss þat ráð-  
 " ligt, at<sup>1</sup> væri leitað um sættir milli yðar<sup>2</sup> ok her-  
 " togans, bæði fyrir sakir landsins ok allrar alþýðu.  
 " Vilju vér gjarna mæða oss til þessarar ferðar, ok  
 " ríða suðr um fjall, ef yðr þykkir nökkur öfusa á.  
 " Kann vera, at því síðr nái góðum sættum af hónum  
 " sem nú gengr hónum betr."

Nú svarar Hákon konungr: "Guð þakki yðr, herra,  
 " yðarn góðvilja er þér birtið í þessu. Má þat ok  
 " finna, at þér vildut at vel færi með þessu fram-lagi  
 " yðars starfs. En þó at vér hafim fengit skaða  
 " nökkurn um menn vára, þá kann vera, at þar sé  
 " meira frá sagt en satt er. En þó satt sé, þá segjum  
 " vér, með Guðs miskunn ok ins helga Óláfs konungs,  
 " at þat er várr enn mesti styrkr í landinu, sem  
 " sjálfra vår föru-neyti er. Ok því líkar oss þat varla,  
 " at svá búnu, at göra nökkura sætt við hertoga  
 " fyrr en nökkut er meirr reynt af vörum viðskiptum;  
 " þvíat vit höfum enn ekki fundist sjálfir, né barizk  
 " undir vörum merkjum. En ef þess er auðit, at vit<sup>496</sup>  
 " finnimk, ok hafi Guð svá fyrir sét, ok inn helgi  
 " Óláfr konungr, at ek fá<sup>3</sup> lægra hlut, þá man þess  
 " kostr at göra sættir okkar í milli. En með öngu móti  
 " líkar oss svá búit at sættask, [at] óreyndum okkrum  
 " fundi. Ok sjásk skulu vér áðr, mágar, ok þá við  
 " talask; ok vita, hvárt betr vili vegna, eðr<sup>4</sup> þá er  
 " aðrir beijsask af várri hendi." Skildu þeir at svá  
 mæltu konungr ok erkibiskup.

<sup>1</sup> *at]* eigi, add. Cd.

<sup>2</sup> *yðar]* yðars, Cd.

<sup>3</sup> *fá]* fae, Cd.

<sup>4</sup> *eðr]* Cd., Fr. = en.

Eptir þetta kómu hversdagliga Várbelgir til konungs, <sup>A.D. 1240.</sup>  
baði Jón af Suðrheimum, frændi hans, ok Þorfinnr <sup>(April.)</sup> á Gyrfi, ok margir aðrir, ok tóku grið af konungi. Þá lét hann rannsaka eptir skipum þeim er hertoginn hafði átt, ok tók þau til [sín] sem hónum þóttu sér bezt fallin. En þau in stóru, er uppi stóðu, vóru annat-hvárt brennd eðr upp höggin.

223. Þá er Hákon konungr var al-búinn, lét hann blásá til Eyra-Þings eptir því sem áðr var stefnt. Var þá út borit skrin ins helga Óláfs konungs ok kross sá er í er *lignum Domini*. Þat var Sunnu-[dag] <sup>1st April.</sup> hálfum mánaði fyrir Páska. Var þá gefit Hákonni unga konungs-nafn. Gaf hónum sá maðr er Einarr smjörbakr hét, er síðan var erkibiskup. Var þar við Sigurðr erkibiskup ok allir inir beztu menn ór Þraenda-lögum. Konungr inn ungi sór eið at skrini ins helga Óláfs konungs eptir réttri siðvenju. Sóru<sup>1</sup> eptir hónum allir lendir menn ok birð-stjórar. Svá sóru ok átta<sup>2</sup> bændr ór hverju fylki. Eptir þat talaði Hákon konungr sjálfr, ok sagði svá; at bændr höfðu gört meira styrk í móti hónum en hann lézk vara, ok þeir 497. ætti at göra við sinn konung; en þó kvezk hann eigi þeim þat mest kenna. Gat hann ok þess, at eigi væri örvaent, at öðrum hvórum mislíkaði, konunginum eðr bónnum. Þann sama dag var erkibiskup í boði konungs; en konungr var Mánadag í boði erkibiskups, ok gaf hvárr öðrum góðar gjafir.

224. Týrsdaginn lagði konungr út til Hólms. En <sup>3rd April.</sup> eptir þat gaf hónum hægja byri suðr. Kom hann Týrsdaginn eptir Pálm-Sunnudag til Hegraness í óttu, <sup>10th April.</sup> ok svaf þar til þess er ljóst var. Kom þá lið eptir hónum norðan. Lét konungr þá blásá öllu liðinu af skipum, ok átti húsþing. Kurr nokkurr hafði verit í herinum síðan slagit varð á Láku, ok mest af leiðangrs-mönnum. Beiddusk þá margir orlofs heim, ok

<sup>1</sup> sóru] suóru, Cd.

| <sup>2</sup> átta] Fl., II., and Sk. as it seems.

A.D. 1240. var nökkurr ótti á at fara lengra suðr. Hákon konungr talaði þá fyrir hernum ok mælti svá: “Vér höfum heyrt kurr nökkurn, at mönnum leiðisk rekstr þessi er vér höfum haft í vetr; svá eru menn ok nökkut ótta-fullir síðan þeir spurðu atburði þá sem görzk hafa í Víkinni. Mun þat þó flestum mönnum kunnigt, at opt hafa menn meira rekstr haft ok vásbúðir fyrir konungi sínum; allra helzt er eigi hefir einn maðr skeimu fengit af öllum várum mönnum, ok öngvan væpnaburð hafi þér sét í móti yðr. Mundi slíkt þykkja forðum daga<sup>1</sup> lítill þraut, er hér hefir enn í görzt með oss; ok eigi mundi fornir Birkibeinar skiljask við sín konung í því líkri raun sem enn hefir verit. Ok því er sú bón míni til allra manna, at þér hafizt vel við, ok skilisk eigi 498. við oss svá búti; þat man ódrengiligt þykkja yðarrar handar. Ea þat man ek segja yðr, sem vér væntum at sannask man: Áðr en héðan sé liðinn mánaðr, þá skal sumum vera rýmra um hendr [inn-an-lands ok] innan-hirðar en nú er.” Bóndi einn gamall stóð upp, ok svarar málí konungs: “Ek var í þimr bardögum með Sverri konungi, föður-föður þínum; ok ef hann mælti svá, þá mundi mönnum eigi mikil raun í þykkja at fylgja hónum. Er þat ok mítt mál, at sá verði allra manna armastr er við skilzk sín konung, þó at meiri raun sé en nú er.” Síðan stóð upp Hákon konungr, ok bað menn búna ferð sína sem ákafast til bæjarins. Þegar sem konungr kom til Björgynjar, lagði hann til bæjarins; ok var gör processia í móti hónum; ok urðu allir feginr hans tilkvómu.

225. Þá er Hákon konungr kom til Björgynjar, létt hann rannsaka bréf þau er Björn ábóti fór með. Var þar bréf til pávans ok keisarans ok margra hofdingja út í löndum af hertogans hendi, er hann ætlaði at fram

<sup>1</sup> *forðum daga*] Fl.; fordaga, Cd.

skyldi hafa dregit hans mál sem mest. Ok svá mikit far A.D. 1240.  
 (April.) var at því, at varla mundi nökkurr maðr trúa, at slíkr höfðingi skyldi svá mart vilja segja, ósatt ok logit.<sup>1</sup> Pau vóru sum bréf, at ábóti væri verðr líflátz fyrir; en þó gaf konungr hónum grið, þegar hann fékk öll bréfin, ok hann vissi öll örendi hans. Fór ábóti austr með konungi. Þá er konungr var í Björgyn, gengu til hans lendir menn ok ráðgjafar; ok sögðu ráð, at hann sæti þar um Páskana, ok á várit fram, ok gæfi þeim heimleyfi er áðr höfðu verit með hónum; en byði út leiðangri um öll Gula-þings-lög at mönnum ok vistum, ok tæki svá mikinn styrk at [hann] þyrfti ekki at óttask.

Hákon konungr svarar: "Með öllu þykki mér ekki  
 " þat ráð, at gefa þeim heimleyfi sem nú eru með oss;  
 " þvíat vér vitum varla, hvárt vér fám meira styrk af  
 " Gula-þings-lögum, en nú höfum vær. Þykkjumk vér  
 " þá dýrt kaupa þann styrk, ef vér týnum þeim í Víkinni,  
 " er várri særð vilja fylgja ok sjálfa sik fram leggja  
 " fyrir oss, ef vér komum bráðliga til þeirra. Man ok  
 " því minni vera várri styrkr sem vér komum seinua til  
 " sjálfir. Ok því munu vér fara austr sem skyndili-  
 " gast með því liði sem vér fám; ok þó man ek austr  
 " fara, at ek hafa eigi meira en þrijú skip. Ok þó  
 " munu vér fram halda, at vér farim<sup>2</sup> ein-skipa. En  
 " þeir sem eigi vilja fylgja oss, þá láti Guð oss verða  
 " svá langhenda, at vér fáim umbonat þeim svá at þeir  
 " kenni." Konungr sagði, at hann vildi láta endrnýja  
 500. konungs-nafn unga konungs; ok líkaði þat öllum vel.  
 Var þá blásit til þings, Skíri-Þórsdag,<sup>3</sup> út í Krists- 12th April.  
 kirkju-garði, var þá gefit Hákoni unga konungs-nafn.  
 Sór hann þá eið eptir réttri siðvenju ok lendir menn  
 eptir hónum. Svá sóru ok eiða bændr ór öllum Gula-

<sup>1</sup> ósatt ok logit] Fl.; mart satt ok logit, Sk., II.

<sup>2</sup> farim] fórum, Cd.

<sup>3</sup> Skíri-Þórsdag] II., Fl.; Skírdag, Cd.

A.D. 1240. Þings-lögum ok af Orkneyjum, Hjaltlandi ok Íslandi.<sup>1</sup>  
 (April.) Eptir þat talaði Hákon konungr nökkur orð; ok lýsti því fyrir mönnum, at Langa-Frjádag skyldu þeir brott fara skipunum; en lagði þeim við landráð er þá dvel-

13th April. Ðisk eptir. Frjádaginn lét hann leggja skipunum í Flóru-vága, ok var þar um nöttina. Hann fór um morguninn út til bæjar, ok heyrði tíðir; ok fór þegar út aptr, ok lagði þá suðr í Græningja-sund, ok hafði

15th April. eigi meira en tíu skip, ok lá þar Páska-daginn. Lét konungr reisa tvan landtjöld ok lét veita tíðir sem semiligast. Þar vóru Predikarar, ok görðu ræðu langa um skriptir manna ok nauð-synjar. Sunnau-veðr var á hvasst; ok sögðu flestir menn svá, at eigi mundi vel byrja, með því, at konungr vildi eigi dveljask í kaupstað þvílka hátíð. Af þessu var konungr nökkut hryggr, er menn drápu hann veg orði á um hans tiltæki. Ok er messur vóru sungnar, kallaði hann nökkura menn til [sín] ok sýndi sik blíðligan, ok bað menn vera í góðum hug. Sagði, at Guð mundi vel greiða þeirra ferð.

226. Nú er at segja frá Skúla hertoga: Hann sat í Osló sem fyrir var ritað ok dró at sér mikit lið. Hann byrjaði ferð sína ór Oslo ór Víkinni fyrir Pálma-dag<sup>501.</sup> austr til Valdis-hóhma. Hann sendi ok skip nökkur it ytra austr til Borgar; ok vóru þessir formenn þar: Villhjálmr or Torgum ok Þórir mjóbeinn. Ok þá er þetta spurði Arnbjörn Jónsson, þá skaut hann skipum á vatn, ok fór austr yfir Foldina. Ok er hann kom austr í Borgar-á, mætti hann þar Várbelgjum þeim er á skipum fóru, ok elti þá þar upp. Þar félhu nökkurir menn af Várbelgjum, en Arnbjörn tók skipin. En með því at hann hafði haft erviði mikit, en var mjök á efra aldri, ok þeim öðrum atkvæðum sem til féltru, þá fékk hann sjúkleika; ok lá skamina hríð, áðr hann 6th April. andaðisk; ok þótti þat inn mestimann-skaði, þvíat

<sup>1</sup> *ok Íslandi*] thus Sk., Fr.; om. Fl.

var ein-mælt, at í þann tíma pótti eingi maðr þvílíkr A.D. 1240.  
í Noregi. Skúli hertogi kom í Valdis-hólma; ok sat (April.)  
þar skamma hríð, áðr hólurinn var upp gefinn; ok  
tók hertoginn þar alla hluti þá sem hónum líkaði.  
Fór eptir þat út aptr til Osloar fyrir Páskana. Pótti  
mönnum þá sem eingi hlutr mundi við hónum standa.  
Pétr hertugason var uppi á Heiðmörk um Páskana, ok  
hafði þar mikla sveit manna.

227. Hákon konungr lá í Græninga-sundi, sem fyrr  
var sagt. Ok Páska-daginn kómu þar menn á skútu 15th April.  
austan; var fyrir þeim Guðleikr eiðungr, ok sagði  
lífþát Arnbjarnar Jónssonar, ok þat með, at menn  
502. mundu mjök tví-drægir í Víkinni ef konungr kæmi  
eigi. Annan dag Páska gékk konungr á land upp í 16th April.  
dagan, ok einn sveinn með hónum. Var þá á lítið  
veðr af land-suðri. Pótti hónum vant at vekja menn,  
ef veðrit harðnaði, þvíat margir voru fúsir aptr til  
læjarins; en eigi at síðr, þá bað hann menn klæðask,  
ok róa á fjörðinn Harð-sæ. Ok svá var gört. Óx þá  
veðrit.<sup>1</sup> Gékk konungr þá á skútu með nökkura membrum,  
ok reru suðr til Sand-toðru, ok heyrði þar messu. Ok  
er lesit var, bað hann menn ganga út, ok sjá hvár[t]  
skipin væri komin.<sup>2</sup> [Peir kómu inn,] ok sögðu [at  
menn] tóku til segls á skipunum. Ok er sungit var,  
sigldu öll skipin, ok var á góðr byrr. Skundaði  
[konungr] þá sem mest; ok fékk eigi tekit skipin  
fyrir en í Salbjarnar-sundi; ok var þó heflat á öllum  
skipunum áðr hann kom. Þann dag var góðr byrr  
ok haegr, ok sigldu í Hvítings-eyjar um kveldit. Svá  
segir Sturla:

“ Lagði rösk, en risu laukar,  
“ hilmis hirð hendr at reipum:  
“ En hún-skriptr hreggi blásnar  
“ sylkis ferð<sup>3</sup> til frama greiddu.

<sup>1</sup> Óx þá veðrit] add. Esp.

<sup>2</sup> ok sjá . . . komin] ok sjá hvar  
skipin fari, Fl.

<sup>3</sup> ferð] add. Sk., Fl.; om. Fr.

A.D. 1240.  
(April.)

“ Ok ófar austr með landi  
“ snekkju-brandr svifa<sup>1</sup> knátti,  
“ gulli glæstr und göfug-menni ;  
“ var-at auðligr allvalds floti.”

Tuesday,  
the 17th  
April.

Um morgininn eptir hlýddi konungr messu, ok sigldi þann dag fyrir Jaðar. Ok er þeir kómu fyrir Rífit, var á stórt veðr, ok létu nökkurir menn stýri sín. Ok er þeir kómu á Hvini, þá brast stýri á konungs-skipi, ok gékk af allt blaðit náliga. Vóru þá teknar bryggjur ok árar, ok stýrt þar með suðr um nesit. Ok er þeir liðu nesit, lögðu þeir upp bryggjurnar, ok var stýrt með því er eptir var stýrisins, ok árunum, inn um Skeranda-sund.<sup>2</sup> Ok er þeir kómu til hafnar, var upp lagt þat er eptir var af stýrinu. Ok þótti mönnum miklar jartegnir, er með slíku skyldi stýrt verða á miklu skipi. Öðinsdag sigldu þeir til Esjunnness-eyja; ok lögðu þar at snimma um morguninn, ok kom eptir hónum mestr þori liðsins. Þaðan sigldu þeir inn í Víkina. Ok er þeir kómu á Grænmar fyrir sunnan eyna Aur,<sup>3</sup> þá kom móti þeim land-synningar með miklum stormi ok sjó-myrkri. Sneru þá öll skipin aptr til hafnar þau sem eigi fengu beitt. En konungr lagði inn undir land, ok kom í há höfn er Sláttu-nes heitir, ok var þat langt af þjóðleið; lá hann þar um nóttna. Þar kómu þau tíðendi til konungs, at Várbelgir vóru allir í Osló, ok bímir til Túnsbergs ok fara at Birkibeinum. En Knútr jarl, ok lendir menn konungs, lágu við Jarlseyr ok margir aðrir Birkibeinar, ok vóru albúnir til norðr at fara; en sumir vóru á Berginu eptir. Hákon konungr sendi menu inn á land, 504. Eindriða Bersason, ok menn með hónum, til Túnsbergs at segja Birkibeinum í hljóði, at konungr var kominn í Víkina. Menn höfðu drukkit fast á konungs-skipinu, ok svófu mikil um morguninn. Konungrinn var snim-

The 20th  
April.

<sup>1</sup> *svifa*] Fl., Fr.; *svipa*, H.

<sup>2</sup> *Sheranda-sund*] Skeranda sund, Fl.; *Skjarranda* sund, Fr.; now called *Skjern-sund*.

<sup>3</sup> *Aur*] Fl.; Or, Cd. here and below, but *Aur* leaf 62, col. 1.; cf. Fms. IX. 39, ch. 16.

ma uppi, ok bað menn klæðask. En menn brugðu A.D. 1240.  
seint við. Þá mælti konungr: "Pat ætla ek, at skjótara <sup>20th April.</sup>  
" klæðisk Várbelgir í dag at fara út til Túnsbergs at  
" félögum yðrum, en þér klæðisk nú at fara at þeim."  
Birkibeinar hljópu upp sem skjótast, ok sögðu, at þat  
skyldi alldri vera. Röru þeir þá sem skyndiligast ór  
höfninni. Ok er þeir kómu jamm-fram eynni Aur,<sup>1</sup>  
rann á byrr, ok tóku þeir til segls. Hákon konungr  
hugði þá at öll skipin mundi hafa um siglt. Ok er  
lýsa tók, sá þeir at vestan sigldu skipin it ytra.  
Lagði konungr at í Másundum, ok beið þar til þess er  
allr herrinn kom eptir. Ok hét hann þar heitum sínum  
fyrir sér ok sínum mönnum, at allir Birkibeinar skyldi  
vatn-fasta Óláfs-vöku-aptan enn fyrra, en fasta enn  
síðara, eðr leysask undan fimbrotum penningum vegnum.  
Héldu flestir menn þessi heit vel ina fyrstu tólf-  
mánaðr, en verr síðan.

228. Hákon konungr sigldi þaðan inn til Grind-  
hólma-sunda. Kom þar í mótt hónum Gunnbjörn bóndi,  
Munan biskups-son, Ívarr af Skeðju-hofi. Sögðu þeir  
konungi [at] Knútr jarl lá við Jarlseyr, ok allr herr  
Birkibeina, ok báðu hanu þar at leggja. Hákon kon-  
505. ungr svarar: "Með því at Guð hefir gefit oss þenna  
" byr, þá væntu vér at þetta skal vera sigr-byrr ok  
" öllum oss til sœmðar; ok munu vér þessa neyta  
" með Guðs miskunn. Sigli þeir eptir oss er vilja. Er  
" ok vant at sjá, at hverju haldi sá byrr kemr er  
" þessum er næstr,<sup>2</sup> ef<sup>3</sup> þessi verðr eigi nýtr." Svá  
kvað Óláfr hvíta-skáld:

" Nordan renndi, næst þá er spurðisk,  
nafn-kunnr jöfurr skíðum stafna  
" (bárur léku bröndum haera)  
brodda-hríð fyrir Noregs-síðu :  
" Þrútin lágu veðr á vatni  
vinda dript,<sup>4</sup> né gramr bað svipta—  
" snarr Yngvi kvað sigr-byr fenginn—  
sinni ferð at hjaldri stínum."

<sup>1</sup> Aur] Fl.; Or, Cd.

<sup>2</sup> næstr] so H.; vestr Cd.

<sup>3</sup> cf] H.; ok, Sk.

<sup>4</sup> dript] ript, Fr.

A.D. 1240. Síðan sigldi Hákon konungr inn eptir sundum. Ok  
20th April. Þá er þeir kómu gegnt Jarlsej, þá lét hann blása.  
En þegar sem Birkibeinar heyrðu þat, þeir sem við  
eyna vóru, ráku þeir af sér tjöldin, ok sigldu inn  
eptir konunginum sem skjótast. Konungr görði þá  
menn á skútu inn til Túnbergs; ok lét segja, hverir  
gæta skyldi Bergsins, eðr hverir hónum skyldi fylgja.  
Ok er hann kom inn til Bæðu-sunda,<sup>1</sup> þá lagði hann  
þar at, ok beið jarls ok hans manna. Síðan sigldu  
þeir með herinn inn eptir firðinum it beinsta. Sem  
Sturla kvað:

“ Skriðu haf-rökn und höfuðs-manni  
“ inn í botn Oslo-fjarðar,  
“ þar er veg-stór fyrir vígliði  
“ Skúla öld um skipat hafði.”

506

Veðrit minnkaði svá sem á leið daginn. Ok er þeir  
kómu inn til Sigvalda-steina þá var logn. Tók þá at  
myrkva, ok röru þeir síðan inn til Ness-odda. Þá mættu  
þeir mönnum nökkurum, ok spurðu þá tíðinda.<sup>2</sup> Sögðu  
sumir at hertogi mundi vera riðinn ór bænum; en  
sumir sögðu at Várbelgi vóru at vísu í bænum.

Þá er Hákon konungr kom til Ness-odda, átti hann  
tal við alla stýri-menn ok sveitar-höfðingia, ok sagði  
svá fyrir um atlöguna, svá: at Gunnbjörn bóndi, ok  
Pétr Pálsson, ok nökkurir aðrir sýslumenn fyrir norðan  
Stað, skyldu róa fyrir vestan Höfuðsey, ok leggja at  
norðr við Gyljanda, ok ganga austr móti Frysjan-brú,  
ok saeta Várbelgjum ef þeir kæmi nökkur fram.  
Knútr jarl ok þeir Víkverir,<sup>3</sup> Simon kýr ok Eirikr  
stilkr, skyldu leggja [at] við bryggjur, ok ertask við  
Várbelgi. Hákon konungr sjálfur, ok mestr þori liðs,  
skyldi ganga upp við Eikabergs-stöð<sup>4</sup> fyrir sunnan  
Præla-berg, ok koma svá sunnan at bænum. Skyldu

<sup>1</sup> *Bæðu-sunda*] Bediu s., Fl.;  
Bæðu-sunda, H.

<sup>2</sup> *Þá mættu . . tíðinda*] add. II.

<sup>3</sup> *-verir*] thus Cd., II.

<sup>4</sup> *stöð*] thus, not stoð?

þó eingi skip róa fyrir frá Höfuðey, en þeir röri allir A.D. 1240 saman, ok lýsa tæki, ok þeir sei at Hákon konungr <sup>20th, 21st April.</sup> viki ofan af bergen at bænum; skyldi þá róa hverir sem skipat var, ok þeir<sup>1</sup> fyrstir er at bryggjum skyldi leggja.

Hákon konungr hafði gört áðr um daginn njósar-menn inn til Höfuðeyjar, at þeir skyldu vísis [verða] sannra tíðenda af Várbelgium. En fyrir því, at konunginum þótti þeir enn seinni en hann ætlaði, þá gékk hann á eptir-bát sínn, ok ætlaði inn til Höfuðeyjar. En er hann kom á miðjan fjörðinn, görði svá mikit sjómyrkr, at varla mátti sjá stafna milli; ok því fór konungr til liðs síns. En í því bili, er hann röri inn á 507. fjörðinn, hafði njósnin um farit ok ekki fundit konunginn; vissu menn þá varla hvar hann mundi vera. Görðisk þá kurr mikill í liðinu. Ok því næst brást sú skipan sem áðr var [sett] um atlöguna, þvíat þeir röru ekki norðr er upp skyldu ganga við Gyljanda. En Hákon konungr snöri þá út aptr til skipa sínna. Hákon konungr ungi, son Hákonar konungs, var þá þar; ok lét Hákon konungr hann fara á skútu þá er skjótust var, er Kúfin-hetta hét, ok með hónum marga góða menn: Vilhjálm kapalín sínn, Ingimund Kolbeinsson, Andrés kept,<sup>2</sup> Pétr músa. Hann lét ok tvær skútur aðrar eptir vera með unga konungi; ok bað þá róa fyrir vestan Höfuðey, ok liggja þar leyniliga, ok hafa þar njósn í höfðanum uppi á eynni, at sjá þaðan þau tíðendi sem görðusk í bænum, "Ok ef Guð hefir " svá fyrir séð," sagði Hákon konungr, "at oss brestr " á borði, ok verði þér þess varir til sanns, at vér fáim " nökkurn ósigr, þá dvelisk þér hér ekki: róit út " ór firðinum, ok stundit ekki á Víkverja. Léttið eigi " fyr yðvari ferð en þér komit til Björgynjar, hvat " ráða sem Guð leggr þá fyrir yðr." Hákon konungr talaði mörgum fögrum orðum fyrir unga konungi áðr

<sup>1</sup> [þeir] er, add. Cd.

<sup>2</sup> [kept] kjöpt, II.

A.D. 1240. Þeir skilðusk. Eptir þat gékk Hákon konungr á 21st April. létti-skip, ok þat lið sem hónum fylgði, ok röru fyrir sunnan eyjarnar,<sup>1</sup> ok lagði at við Eikabergs-stöð sem áðr var ætlað. Eptir hónum snöri Knútr jarl. Gekk Hákon konungr upp með því liði sem með hónum var. Ok áðr en þeir kæmi í sýn við bæinn, talaði [Hákon] konungr fyrir liðinu, ok hafði slíkan hátt á ræðu sínni<sup>2</sup> sem Sverrir konungr var vanr at hafa áðr hann berðisk.<sup>3</sup> Hann hóf ræðu sína á þessa lund :

229. “Flestir munu lieyrt hafa getið, ok mörgum “ mun kunnigt vera, um skipti vár Skúla hertoga ; hafa 508. “ þau verit mörg ok ýmislig, sum all-góð ok mörg til “ meðal-lags. Mun hér þó vera, sem víðast, at ‘Sjaldan “ veldr einn ef tweir deila.’ Nú ofan á alla þá hluti “ sem fram hafa farit okkar í milli, þá lét haum gefa “ sér konungs-nafn at ósögðum griðum [sundr] milli “ vár, sem aldri eru dæmi til at gört hafi verit fyrr “ í Noregi. Síðan sendi hann meni alla vega frá sér, “ bæði suðr ok norðr, ok á land upp, ok lét drepa eið-“ svara ok sverð-takara beggja okkar, hvar sem staddir “ voru ; ok níddisk svá á þeim, er jafn-gjarna vildu “ þjóna hónum trúliga sem oss, ok saklausir voru, ok “ sér vissu einskis ván nema góðs, svá at eigi héldu “ þeim kirkjur, heldr en fjós. Ok enn ofan á þetta illt, “ görði haun suðr at oss fjörtán skip, at láta drepa “ [oss], eðr inni brenna, ef því kæmi heldr við, oss eðr “ sonu vára, ef Guð hefdi þat lofat. Nú hefir hann “ fengit mikinn fraingang síðan, svá at varla finnask “ dæmi til, at nökkurr maðr hafi þvílikan fengit með “ jann-miklum rangindum, allra helzt eptir fund þann “ er var á Láku milli hans ok várra manna. Fengu “ vér þar mikinn skaða ; því at [þar] félle margir “ góðir drengir, þeir sem friendr ok vínir munu seint

<sup>1</sup> eyjarnar] Fl. ; add. II.

<sup>2</sup> raðu sínu] add. II.

<sup>3</sup> berðisk] Fl. ; bardiz, Cd. .

“ bætr bíða. Nú vilju vér biðja alla menn þess, þá A.D. 1240.  
 “ sem hér eru komnir, at þér halldit eimörð yðarri ok <sup>21st April.</sup>  
 “ manndóm við oss; ok minnisk menn á frænda-lát  
 “ ok fjár ok þann skaða er Várbelgir hafa oss gört;  
 “ þvíat svá segir oss hugr um, ok þess væntum vær  
 509. “ af Guði, at nú skal nökkut at skapask<sup>1</sup> viðskiptum  
 “ várum ok Várbelgja. Birtið nú hvárt-tveggja í  
 “ yðrum ræðum ok atferðum, hvers þér eигut at  
 “ hefna, ok hversu rangliga á oss er gengit, ok hversu  
 “ einarðliga vér eигum at verja frelsi vårt ok fé.  
 “ Minnisk ok þess, þó at Skúli hertogi hafi góða  
 “ drengi með sér, þá höfu vér it bezta mann-val er  
 “ til er, ok af inum beztum [ættum] er til eru í land-  
 “ inu; ok er því meiri vanvirðing, at várir óvinir  
 “ fái nökkurn bug á oss eðr aptr-hnekking, at vér  
 “ eигum at vera yfir-menn þeirra í öllum stöðum.”  
 Eptir þat hvatti hann lið sítt, ok sagði þeim dæmi-  
 sögu þá er Sverrir konungr var vanr at segja af  
 bóna-syni nökkurum, þeim er fara skyldi til liðs-  
 manna frá feðr sínum:—“ Nú spyrr karl son sínn, áðr  
 “ þeir skilisk,” sagði konungr: “ ‘ Hversu mun nú,’  
 “ sagði karl, ‘ ef þú kemr í orrostu, ok veiztú þat víst,  
 “ ‘ at þar skaltú [deyja]? ’ Karls-son svarar: ‘ Hvat  
 “ ‘ mun þá tjóa<sup>2</sup> annat en berjask sem fræknligast  
 “ ‘ ok falla með sæmð? ’ ‘ Nú mun<sup>3</sup> þat svá,’ segir karl,  
 “ ‘ at þú vissir til víss at þú skyldir brott komask?’  
 “ Hamr svarar: ‘ Mundi<sup>4</sup> þá eigi höfuð-nauðsyn at  
 “ duga sem drengiligast?’—Nú megu vér sjá,” segir  
 konungr, “ at þessir tveir eru fyrir hendi, ok engi er  
 “ til enn þriði.” Síðan sagði hann þeim hversu þeir  
 skyldu fara með vópnnum sínum þann tíma er þeir  
 kæmi til orrostu, at þeir gæti sem bezt at eigi berizk  
 þeir sjálfir vápn á, ok at menn geti gaum at; “ Kennisk<sup>5</sup>

<sup>1</sup> *skapask*] Fl., H., Fr.; skipaz, Cd.

<sup>2</sup> *tjóa*] H.; tjá, Sk.

<sup>3</sup> *mun*] veri, H.

<sup>4</sup> *Mundi*] hví er, H.

<sup>5</sup> *Kennisk*] thus, Sk.

A.D. 1240. “ sem bezt, ok hafi þat ákall sem Birkibeinar vóru 510.  
 21st April. “ vanir: ‘Framm Kristz-menn ok Kross-menn; ins  
 “ ‘ helga Óláfs konungs menn !’ ”

230. Þá er Hákon konungr kom fram á brekkuna í sýn við bæinn, þá tók at lýsa svá at þeir fengu skilt hvat er titt var í bænum. Var allt tvist ok hljótt til at sjá. Þá mælti konungr, svá at þeir heyrðu er næstir vóru,<sup>1</sup> “ Þat óttumk ek nú, at Várbelgjum muni hafa komit njósn um ferðir várar, ok sé þeir í brottru ór bænum.” Því næst renndu skipin undan Höfuðey, þau [er] at byggjunum skyldu leggja.<sup>2</sup> Ok þegar sem varðmenn<sup>3</sup> sá þat, hljópu þeir til her-klokkunnar. En er klokkan kvað við, þóttisk konungr vita, at Várbelgir vóru í bænum. Síðan sá þeir hlaup mikil í bænn ok hark. Várbelgir sváfu í ymsum stöðum; [ok] er þeir heyrðu herklokkuna, hljópu þeir í ymsa staði, ok flestir í konungs-garð þar sem hertoginn svaf. Ok er hónum var sagt, at ófriðr mundi vera, klæddisk hann skjótt ok vápnaðisk; stemndi síðan upp eptir strætinu. Ok er hann kom upp<sup>4</sup> til Hallvarðs-kirkju-garðs, kom þar til hans mart hans manna. Var þá talat um hvat liði þat mundi vera. Sögðu flestir at vera mundi Knútr jarl ok lendir [menn]. Görðu [þeir] þá ekki annat ráð en stefndu upp á Mörtu-stokka. Kom þar þá allt liðit til þeirra. Ræddu þá um hvat til ráðs væri. Vildi hertogi þar fylkja, ok taka í móti Birkibeinum. Árni rófa bar merki hertogans; hann sagði, at [þat] var skömm at láta Knút jarl taka klæði þeirra ok hesta í bænum.<sup>511</sup> Skipti þá hertoginu liðiun, ok skipaði Óláfi af Vígdeild, ok nökkurum mönnum með hónum, á it vestra strætið; en hertogi ok hans merki, ok mestr þori liðsins, sneri ofan móti Hallvarðs-kirkju-garði. Hann

<sup>1</sup> svá . . vóru] add. H.

<sup>2</sup> þau . . leggja] Fl.; en þau . . leggjask, Cd.

<sup>3</sup> varðmenn] H.; þeir, Sk.

<sup>4</sup> Ok er hann kom upp] add. H.

sendi Hallvarð stutt, frenda Orms biskups, ok marga A.D. 1240.  
menn með hónum at taka af Geita-brú, svá at öngir <sup>21st April.</sup>

mætti þar yfir komask.

231. Þá er Hákon konungr var á brekkunni fyrir ofan bæinn, ok Birkibeinar sá at Várbelgir vóru<sup>1</sup> á Mörtu-stokkum, fór þá konungs liðit mikinn.<sup>2</sup> Þorsteini heimnes bar merki Hákonar konungs, spakr maðr ok vel síðaðr. Haim hafði lengi þjónat Hákoní konungi, ok jafnan vel reynzk. Konungr kallar á Þorstein, ok bað hann eigi fara svá ákaffliga; sagði, at þeim eirði þat eigi, er minnr vóru færir í liðinu. Þá var svá fram komit ári, at Páska-aptan var Sumar-dagr inn fyrsti, en þetta var Laugardag í Páska-viku.<sup>3</sup> Var allr þeli ór jörðunni; en svá var vátt ok blaut-lent<sup>4</sup> þar sem Birkibeinar gengu, at leirit<sup>5</sup> tók til knés eðr meir. Var[ð] þeim því þung-gengt, at annarr fótr sökk fyrr en öðrum væri upp kipt. Ok er þeir [kómu] mjök at brekkunni, hljópu menn aptr í móti konungi; ok sögðu, at brottu var brúin. Þorsteinn lét þat ráð, at snúa upp eptir völlum, ok svá til brúarinnar, er liggr til af Rygina-bergi móti Ósyn.<sup>6</sup> Konungr kallaði þat 512. ekki ráð. Víku þeir þá aptr til Geita-brúar;<sup>7</sup> vóru þá Várbelgir enn at, at<sup>8</sup> taka þær lógar<sup>9</sup> er næstar vóru

<sup>1</sup> *Várbelgir vóru*] H.; liðit var, Sk., Fl.

<sup>2</sup> *mikinn*] mikit, Cd.

<sup>3</sup> The wording is here somewhat misgiven. In this year (1240) Easter Sunday fell on the 15th of April, and the first day of the summer on Thursday the 12th. The first Sunday in the Summer fell accordingly on Easter Sunday, or, in other words, it was a "Summer-Easter" (old style), as it is now called in Iceland. There should stand, "þá var svá fram komit ári, " at Páska-dagr var Sunnudag "inn fyrsta í sunri," or "at Páska-

" aptan var Laugardag inn fyrsta í "sumri," or "at Skíri-Þórs-dagr

" var Sumar-dagr inn fyrsti."

<sup>4</sup> *blaut-lent*] blautt ok vát-leut, II.

<sup>5</sup> *leirit*] H.; leirinu, Cd.

<sup>6</sup> *Ósyn*] so Sk., II.; the other vellums omit this name.

<sup>7</sup> *Geita-brúar*] Fr.; brúarinnar, Cd.

<sup>8</sup> *en at at*] en af at, Cd.

<sup>9</sup> *þær lógar*] thus emend.; þær brúr er næst vóru bænum, Cd.; þau lög sem eptir vóru brúarinnar, Fr.; þau lög er næst vóru bænum, Fl., Esp.

A.D. 1240. bænum, ok stukku þegar í brott er Birkibeinar kómu  
 21st April. at; ok máttu vel tíu menn [hafa] varit svá at eingi  
 kæmisk yfir. Lágu þá yfir tveir ásar, ok varð þar yfir  
 at ganga, ef komask mætti. Hákon konungr nefndi  
 fjóra tigi manna at ganga [yfir] fyrir merkinu. Síðan  
 gékk Þorsteinn [yfir] með merkit; ok mátti eigi öðru-  
 vis ganga en styðja sik við spjóts-oddvið annan ásimu  
 er hann gékk eptir öðrum. Ok þá er þeir kómu yfir,  
 stóðu þeir milli Eystra Strætisins ok Nikulás-kirkju.  
 Ok þá er Hákon konungr kom yfir, var eigi meira lið  
 yfir komit, en fyllti<sup>1</sup> í móti strætinu. Þorsteinn bað  
 þá at þeir gengi upp sem ákafast, svá at þeir kæmi  
 eigi<sup>2</sup> fyrr í móti Varbelgjum, er af skipunum gengu.  
 Konungr sagði, at hónum þótti ekki ráðligt<sup>3</sup> at ganga  
 upp [eigi] fjölmennari en þá voru þeir, ok sagðisk  
 bíða vilja til þess er liðit kæmi yfir brúna. Kom þá  
 ok vánu bráðara lið eptir heim. Þegar Hákon kon-  
 ungr sá aukask liðit, gengu þeir upp eptir strætinu  
 með fylktu liðinu. Ok er þeir kómu jam-fram gardi  
 Gutorms Erlendssonar, þá [kom] Gutormr þar í móti  
 heim ökul-skúaðr,<sup>4</sup> ok hafði kápu yfir sér, [ok mælti]:  
 “Guð gæti yðar, herra! mjök fari þér nú háskasam-  
 “liga, ok fá-mennir. Várbelgir eru hér upp frá yðr  
 “með fylktu liði sínu, ok hafa ein-hugsat móti at taka. 513.  
 “Ok vildi Guð, at ek væra nú jamvel fær sem þá  
 “er ek fylgða yðr í Vermaland.” Konungr svarar:  
 “Haf góða þökk fyrir þínn góðvilja; ok gákk inn  
 “aptr; brátt mun koma lið alla vega til mún.” Ok  
 er þeir höfðu skamt gengit, þá kom Sigurðr, son Há-  
 konar konungs, móti heim. Hafði hann farit eptir  
 heim norðan dagfari ok náttfari. Var konungi mikill  
 þokki á hans kvámu. Fylgði hann þá konungi með  
 sína menn. Síðan gengu þeir fram eptir strætinu.

<sup>1</sup> *fyllti*] II., Fl.; fylkti, Sk.

<sup>2</sup> *eigi*] add. Fl.; heim, add. Sk.

<sup>3</sup> ok sagði, at þá mundi þeir  
koma til jafns við Várbelgi. Veik

Þorsteinn þá upp. Konungr sagði,

at þat var með öllu ekki ráð, H.

<sup>4</sup> *ökul-skuaðr*] thus H.; haukul

skuaðr, Sk.

232. Uppi við garð Ásbjarnar kóps var Árni rófa A.D. 1240.  
með merki hertogans, ok allr þori ins bezta liðs Várbelgja; ok höfðu þar fylkt. Ok áðr en saman kaemi fylkingarnar, bað Hákon konungr lúðr-sveininn blása. Hann blés tveim sinnum ok heldr lágt. Konungr mælti: "Betr blæss bikkju-hválprinn þinn á Björgynjar-  
" bryggjum er þú tekr<sup>1</sup> silfr af mönnum!" Síðan blés hann, ok var þá miklu betr. Þá hét konungr á mennina at fram skyldi ganga undir merkit. Gékk hann þá sjálfr einna manna fremstr. Seni Sturla kvað:—

514.

" Gékk allvaldr und ýgis-hjálmi  
" megin-mildr merkjum fyrri :  
" en gull-sett gnæfa knáttu  
" vísa vé um vala-fólki.  
" En þar fram fylgja knátti  
" ræsis hirð rómu stýri  
" hildar-fús á hliðar báðar  
" í gagn-för greypra vápna."

Várbelgir vóru sumir uppi í kirkju-garðinum, en sumir inni í;<sup>2</sup> skorti þar eigi grjót-hríð, ok létu þeir þá fast ganga; en hvárir-tveggju skutu. Svá segir Óláfr hvít-a-skáld:—

" Hall-geislað rauð hvatt í Oslo  
hildar-tungl með skata mildum  
" (raustir þrungu jöfrar øestum)  
járn-faldit lið (saman hjaldri):  
" Bröndum skýfðusk blóðgar randir ;  
bleikir fellu menn at<sup>3</sup> velli ;  
" hlífar-lauss var graml með gæfu ;  
gylltar sungu hjalta-tungur."

Eptir þetta var fram borit merki Hákonar konungs. Brast þá flótti í liði Várbelgja því er fyrir útan stóð kirkju-garðinn. Ok er þeir Várbelgir, er inni vóru í kirkju-garðinum, sá þetta, ok svá it sama þeir er uppi

<sup>1</sup> blæss . . . tekr] H.; bléss-,tókt, | <sup>2</sup> en sumir inni í] add. II.  
Sk., Fl. | <sup>3</sup> at] á, Fr.

A.D. 1240. vóru, at þeirra menn flýðu, þá görðu þeir ena snör. 21st April. pustu hríð með grjóti, at svá flaug sem þykkvast mátti. Árni rófa var þar inni fyrir, ok Vilhjálmr ór Torgum lendr maðr, ok mestr þori liðs Várbelgja. En sumir 515. Várbelgir<sup>1</sup> snéru upp fyrir austan kirkju-garðinn.

Þá er Árni rófa, merkis maðr hertogans, sneri inn<sup>2</sup> í kirkju-garðinn, þá sóttu þar at margir Birkibeinar; hljópu sumir inn í kirkju-garðinn,<sup>3</sup> Ívarr hólmr, ok Ívarr dýri, Þorlaugr bósi. En fyrir því at grjót var ærit laust inni fyrir, þá báru Várbelgir svá grjót ok skot á Birkibeina, at þeir hrukku út aptr. Var þá all-hörð orrost. Sóttu Birkibeinar all-fast at, en Várbelgir vörðusk drengiliga, bæði með grjóti ok skoti. Sem Sturla segir:—

“ Ok inndrótt elda kyndi  
“ böðvar-týs við bauga renni,  
“ svá at egg-fars eisur stukku  
“ of il-flet aurnis-spjalla.”

Ok þá er Álfr af Leifa-stöðum sá, at þeir mundi verða inni byrgðir, þá leitaði hann út um garðs-hliðit, ok varðisk all-djarfliga. Hann komsk ofan til árinnar, ok margir hljópu eptir hónum. Álfr fell í ánni. Ok er þat flestra sögn, at sú hafi vörn verit ein drengilugust er hann varðisk áðr hann fell. Hákon konungr sneri þá upp eptir þeim Várbelgjum er flýðu fyrir austan<sup>4</sup> kirkju-garðinn. Ok í því bili fell sá maðr er Eystein sundramur hét, ok enn fleiri Várbelgir. Einn maðr fell af Birkibeinum, en nökkurir urðu sárir.

233. Á stræti því er hertoginn hafði skipat Óláfi af 516. Vígdeild, þá kómu þeir Birkibeinar móti hónum er upp gengu af skipunum. Varð þar all-hörð snerra. Vóru margir Várbelgir í kastala biskups, ok báru stór-

<sup>1</sup> Várbelgir] add. H.

<sup>2</sup> inn] H., Fl.; vt, Cd.

<sup>3</sup> þá sóttu . . . kirkju-garðinn]

add. Fl.; a homoteleuton in Sk.

<sup>4</sup> austan] H., Fl.; vestan, Cd.

grjót<sup>1</sup> ofan á Birkibeina, var þat mjök mann-hætt at A.D. 1240.  
sækja at þeim er á strætinu vóru, en gæta sín þó fyrir  
þeim er í kastalanum vóru. Ok því varð þar [all-hörð]  
orrosta. Ok lauk með því móti, at Várbelgir snoru  
undan ok inn í kirkju-garðinn. En Óláfr af Vígdeild  
með sveit sínni sneri upp fyrir norðan kirkjugarð; en  
Arnfimnr Þjófsson, stallari hertoga, veik norður til  
Nunnu-setrs ok hljóp þar í kirkju. Hákon konungr  
sneri upp fyrir austan kirkjugarð með sítt merki.  
Vóru þar fyrir margir Várbelgir. Þar var sá maðr er  
Grímr á Sandi hét, ok fjöldi manns. Vóru sumir á  
kirkjugarði, en sumir á smiðju-húsi nökkuru, ok höfðu  
þar borit at sér grjót, ok báru hvárt-tveggja á þá  
Birkibeina sem ákafast. Ok var þar sá maðr af Birki-  
beinum skotinn í knéit með kesju, er Bjarni hestr hét,  
ok af því sári lézt hann; [hann] var bróður-son Karls  
svanga ok Sigurðar skjálga, ok it bezta manns-efni. Þar  
urðu margir Birkibeinar sárir; ok flestir fengu þar  
nökkut hark.<sup>2</sup> Sem Sturla segir:—

517.     “ Fligu hræ-leiptr at hjarár-leiki  
          “ geigurlig á Gauts himin :  
          “ En rand-álfur ríðandi fór  
          “ böðvar-ský blóðs-eldingum.

234. Þá er Hákon konungr kom jamn-fram Kórs-  
braðra-görðum í ofan-verðar geilarnar; þar var fyrir  
hertogi á hesti, ok mjök mart manna með hónum.  
Ok er þeir mættusk, varð nökkurr staðr á, svá at  
hvárigir réðu til annarra. Stóðu Birkibeinar í veisu  
nökkurri, ok þó neðar meirr; en Várbelgir vóru upp  
á brúnni ok strætinu, ok var þar nökkuru þurrara.  
Kirkju-garðs-hliðit var á baki þeim Birkibeinum, ok  
var þat [fullt] af Várbelgjum. Undir merki Hákonar  
konungs mundu vera nökkurir tuttugu menn. Hann  
var þá háskasamliga kominn, er hertoginn var fyrir

<sup>1</sup> stóð-grjót] stórt grjót, Fl.

<sup>2</sup> hark] harðkeypt, H.

<sup>3</sup> ríðandi] rifandi, Sk., Fl., Esp.;  
      | rýfandi, H.

A.D. 1240. ofan með margar menn, en fullt garðs-hliðit á baki þeim  
21st April. af Várbelgjum. Görði Guð þá miskunnsamliga við  
konunginn, er hvárigir réðu á hann; þvíat ef aðrir-  
hvárir hefði á ráðit, þá væri hann skjótt í foraði, ok  
þeir menn sem með hónum vóru. Hákon konungr  
vísaði sínum mönnum móti [kirkju-]garðs-hliðinu;  
en hann sjálfr, ok merkit, sneri upp móti hertoganum.  
Var þar þá mikill vápna-burðr við kirkju-garðs-hliðit  
af grjóti ok skotum er Birkibeinar báru inn í kirkju-  
garðinn, en Várbelgir út í móti. Svá kvað Óláfr  
hvíta-skáld :

518.

“ Snörp bitu járn sem ís-möl yrpi;  
    óða-straumr<sup>1</sup> með heitu blóði ;  
“ her-stefnir rauð hamri ofna  
    hildar-serki framar merkjum :  
“ Grimmum stóð á Göndlars-himni  
    grár regn-bogi<sup>2</sup> Hnikars-þegna ;  
“ harðar lustu fylking fyrða  
    fár-eldingar megin-sára.”

Várbelgir ráku þá aptr kirkju-garðs<sup>3</sup>-hurðina, er þeir  
boldu eigi vápna-burðinn.

235. Skúli hertogi var á hesti. Ok er hann sá þessi  
tíðendi, hét hann á sína menn, at þeir skyldu fram  
sækja. Sá maðr stóð ljá hónum er Sóni síkr hét;  
hann mælti til hertogans: “ Herra, hér er nú merki  
“ Hákonar konungs, ok hér er sjálfr komungr.” Her-  
togi svarar: “ Eigi skal fram at síðr;” ok sló hestinn  
með sporum. Sóni tók í taumana, ok hélta aptr hest-  
inum. Birkibeinar skutu þá at hertoga nökkurum  
spjótum, ok flugu nær hónum. Svá kvað Sturla :—

“ Var laus-hendr lofða-stýrir  
    “ á blóð-orms beinu<sup>4</sup> skapti,  
“ en haldsamr at ljurar-leiki  
    “ á Geir-týs grænni málu.”

519.

<sup>1</sup> straumr] Fl.; straums, Fr.

<sup>2</sup> -bogi] Fl.; -boði, Fr.

<sup>3</sup> kirkju-garðs] II.; kirkjuhurð-  
ina, Sk., Fl., Fr.

<sup>4</sup> beinu] Fl.; benio, Fr.

Ok brátt eptir þetta sneri hertoginn undan ok allir A.D. 1240.  
þeir er hónum fylgðu. Svá segir Óláfr hvíta-skáld :—<sup>21st April.</sup>

“ Aldri börðusk afli stærðir<sup>1</sup>  
ógn-sveipinua blóðgum greipum  
“ (hirð sótti þar braust<sup>2</sup> at garði)  
herrar tveir af drengskap meira :  
“ Undan reið sá er fremstr var fundinu  
fyrða gramr at jöfnum burðum ;  
“ Sverris ætt fékk sigr at rétu ;  
svá vildi Guð, framiðr mildi.”

Í því bili samnaðisk lið til konungs. Ok þá bað konungr Þorstein snúa eptir hertoga með merkit, ok flesta alla menn þá er þar voru ; en hann kvazk eigi vilja skiljask við garðs-hliðit fyrr en þar væri svá skipat,<sup>3</sup> at eigi væri þaðan bak-slettu vón. Hertoginn sneri upp eptir götum. Kom þar mart hans manna í móti hónum, ok snerusk á flóttu með hónum. Vánu bráðara kom Gunnarr konungs-frændi með sveit sína til konungs, ok skipaðu þeir þá mönnum til at sekja at garðs-hliðinu, ok létu menn fara upp á hús með bogum, at reka þá ofan er þáru vápn á Birkibeina. Í 520. því kom Gautr Jónsson með sína sveit [upp undir merkit]. Þá kom ofan frá Þorsteini Ásólfr strykr ; ok sagði, at Þorsteinn var mjök fá-mennr [með] merkinu, en lið samnaðisk mjök til hertogans. Konungr sendi Gaut Jónsson með sveit sínni upp undir merkit, ok mart annarra manna ; en sjálfr hanu skipaði mönnum til atsóknar at garði-hliðinu.

Hertogi hafði snúit upp á Mörtu-stokka ; en Þorsteinn heimnes eptir hónum með því liði er fylgði merkinu. Féllu þá menn af Várbelgjum hér ok lvar [í] götunum. Þar féll Algauti ; en Véseti bróðir hans varð sárr. Peir kómu drjúgum baðir senn upp í göturnar, Gautr Jónsson, ok Óláfr af Vígdeild, síðan hann hafði flýt af inu Vestra strætinu. Átti Óláfr

<sup>1</sup> *stærðir*] stærðar, Fr.

<sup>2</sup> *braust*] huiss, Sk. ; hvörs, H.

<sup>3</sup> *skipat*] frá gengit, H.

A.D. 1240. Þá öngvan annan til, en hann sneri inn í Lafranz-  
21st April. kirkju ok hans menn; en þó felli nökkurir fyrir útan  
kirkju-garðinn. Gautr spurði ef Óláfr vildi grið.  
Hann lézt gjarna vilja. Gautr bað hann vera í kirkju,  
ok treystask eigi meirr þeim griðum. Skúli hertogi  
var á Mörtu-stokkum; ok kom þar mart manna til  
hans. Ætlaði hann þá til viðrtöku. Ok er hann sá,  
at Gautr kom undir merkit, ok Þorsteini samnaðisk  
liði, þá sneri hann á land upp með því liði er [þá]  
var með hónum.<sup>1</sup> Þar vóru þá þessir lendir menn  
hans: Bárðr bratti, Bárðr vargr, Erlingr ljóðhorn, Vé-  
seti lílti. Hertogi reið í hríðinni upp til Hofs til  
Ámundra lögmanns, ok át þar mat.<sup>2</sup>

236. Meðan þeir hertoginn ok Birkibeinar áttusk  
við á Mörtu-stokkum, þá kom svá lið af skipunum,  
at Birkibeinar kringðu allan kirkju-garðinn, svá at  
Várbelgjum var eingi kostr út at komask. En þeir  
höfðu svá skipat fyrir innan, at hvergi mátti inn  
komask. Ok er Hákon konungr hafði skipat mönnum  
til atsóknar, svá sem hann vildi, við þat garðs-hlið  
sem hann var sjálfr,<sup>3</sup> þá gékk hann inn í Kórs-bræðra-  
garð, ok þaðan í Prédikara-garð; en milli Óláfs  
kirkju ok Kórs-bræðra-garðs<sup>4</sup> var sterkr skíðgarðr,  
en eingi stein-múrr. Lét konungr þar bera á svörðu  
ok stór-reip, ok var niðr [felldr] skíðgarðrinn. Ok þá  
er garðrinn fell, varð óp mikit í liði Birkibeina;  
en brestr varð hárv, ok mikit hark, þá er garðrinn  
fell. En er Várbelgir heyrðu þat, þá óttuðuskar þeir,  
ok stukku frá öllum garðs-hliðum. Náðu Birki-  
beinar inngöngu, ok fell þá mestr þori af Várbelgjum.  
Sem Sturla kvað:—

“ Þar baug-segl í brímis-vindi  
“ branda byrr blása knátti :  
“ En hræ-lögr af hjarár-borðum  
“ geigurligr glynjandi féll.

<sup>1</sup> hónum] haunum, H. (sic).

<sup>2</sup> mat] um daginn, add. II.

<sup>3</sup> við . . sjálfr] add. II.

<sup>4</sup> Kórs-bræðra-garðs] thus Fl.,

Sk., Fr. Esp.; Kórsbræðra-garðs,

H.

Pá var mikill vápna-burðr at<sup>1</sup> Várbelgjum. Vóru A.D. 1240.  
höggnar mjök hlífarnar af þeim; urðu margir sárir<sup>2</sup> 21st April.  
mjök, en fjöldi féll. Sem Sturla kvað:—

- “ Reið blóðlaukr á berum knerri  
“ örva-áss járni slunginn :  
“ en gandreið grænna skjalda  
“ Svölnis vegg<sup>2</sup> sleit á lopti.  
522. “ Ok þar féllt<sup>3</sup> feigum hausi  
“ Gjallar-mans greypri hendi  
“ Fenris-nipt<sup>4</sup> fylkis dólga  
“ í hjör-göll heiptar-blóði.

Vilhjálmr ór Torgum var[ði] suðr-garðs-hliðit; en  
ívarr dýri kallaði á hann, ok spurði ef hann vildi  
grið. Hann svarar: “ Ek veit eigi enn, hvárr okkars  
“ þarf annars griða; ” ok sló Ívar með steini mikit  
högg á kinnina. Þá mælti Ívarr: “ Með því, at þú  
“ vilt kjósa it verra, þá skaltú þat hafa.” Var Vil-  
hjálmr þá felldr. En því vildi hann eigi þiggja grið,  
at hann var áðr særðr; svá at af hónum var högginn  
hællinn.<sup>5</sup> Margir Birkibeinar kenndu þar kunningja  
sína; ok fengu sumir eigi grið þótt bæði; en sumir  
vildu eigi þiggja, þótt boðin væri. Snérusk þá Vár-  
belgir til suðr-duranna, ok kómu svá margir at senn,  
at eigi kómusk um hliðit. Félhu þar Várbelgir svá  
þykkt, at þrír eðr fjórir lágu á þyktina. Var þá  
unninn sigrimm Sem Sturla kvað:—

- “ Par sigr-hljóð syngva knáttu  
“ harða hvell hvössum munni  
“ í herför of höfuð manna<sup>6</sup>  
523. “ Högna mans hlýrna dísir.

Í þenna tíma náðu þeir inngöngu, Knútr jarl ok  
Birkibeinar, þeir er vóru fyrir vestan kirkju. En er

<sup>1</sup> at] emend.; af, Cd.

<sup>2</sup> vegg] Sk.; egg, Fr.

<sup>3</sup> féllt] Esp.; fell, Fr., Fl., Sk.

<sup>4</sup> nipt] Fl.; nipr, Fr.

<sup>5</sup> hællinn] so also H.; höndin, Fl.

<sup>6</sup> of höfuð manna] emend.; of  
höfuðs manna, Fr., erroneously,  
ep. Helga, kv. 2, 33, nema sjálfum  
þér syngvi um höfði.

A.D. 1240. kastala biskups þar sem Várbelgir vóru í, þá vóru  
 21st April. göng nokkur upp í kirkju. Báru Birkibeinar þar á svörðu ok felldu þau niðr, ok vóru þar í sumir Várbelgir er vildu hlaupa ór kastalanum ok í kirkjuna. Þar var sá maðr er Hákon laukr hét, [hirðmaðr hertogans], ok enn fleri, ok létnsk allir þá göngin fíllu.<sup>1</sup>

237. Þá er Hákon konungr sá, at allir Várbelgir vóru í kirkju komnir, þeir sem upp stóðu ok eigi vóru grið gefin,—Árni rófa komsk eigi í kirkju ok fékk þó grið,—þá snærisk konungr ór kirkju-gardinum, ok hljóp á hest einu svartan. Þeir menn leituðu at hestum er hónum fylgðu, en sumir runnu. Reið konungr ór bænum, ok var gyrrðr sverði, en hafði blóðugt sverð í hendi, er Várbelgir höfðu átt. Ok er hann kom í göturnar upp, mundi hann hafa nær þrijú hundruð manna. Síðan riðu þeir nökkura hálfa röst götu, ok urðu öngir hestar á veg þeirra. En menn fengu þeir nökkura; ok vóru öllum gefin grið. Konungr nam staðar ok átti tal við [menn] sína. Hann mælti svá: "Ef Skúli, mágr mínn, hefir hér undan<sup>524.</sup>"  
 "riðit, þá mun hann svá hafa fyrir hugat, at oss mun  
 "verða ekki gótt til hesta; en þessir görask mjök  
 "móðir er vér riðum; eru þeir ok svá undan bornir,  
 "at vér fám hvárti af þeim vitond né sýn. En í  
 "bænum var þat títt, sem þér vissut, at Várbelgir  
 "vóru komnir í kirkjur; ok em ek hræddr um  
 "hversu várir menn láta þeim halda kirkjur, er þeir  
 "þykkjask mestar sakir við eiga; en ek vil fyrir  
 "öngvan mun kirkju-friðinn brjóta láta. Munu vér  
 "nú snúa aprí til bæjarins, ok gæta sigrs várs. Fara  
 "enn skipti okkar mága sem Guð hefir fyrir-aetlat." Eptir þetta snéri konungr aprí. En Várbelgir höfðu borit við kirkju-hurðina innan, svá at eigi mátti upp

<sup>1</sup> Thus in Gsk.:—ok þá felldu  
 þeir ofan riðit milli kastala biskups  
 ok kirkjunnar. Þar var í riðinu  
 Hákon laukr hirðmaðr hertogans;

ok enn létnsk þar fleiri Várbelgir  
 þá er riðit fíll. Birkibeinar vóru  
 þá móðir mjök.

brjóta; en Birkibeimar bárn útan at viðu, svá at eigi A.D. 1240.  
mætti út komask. Konungr gékk fyrst til biskups; April.  
tók fyrst lausn af hónum ok hans menn. Eptir þat  
[lét] biskup mat-búa hónum, ok snæddi hann þar um  
hríð. Þeir sátu þá báðir saman at mat, Þorsteinn  
heimnes ok Árni rófa. Var þá konungr svá vel til  
Árna, sem hann hefði hónum jafnan fylgt. Ok svá  
grimmr sem Hákon konungr hafði verit um daginn  
at fyrir-koma sínum óvinum, þá var ok eigi hitt  
miðr frá móti, hversu miskunsamr hann var í griða-  
gjöfum við alla þá sem á hans vald gengu. Um  
daginn áðr var kannaðr valrinn, ok voru þat nök-  
kurir sjau tigir manna er lágu fyrir Hallvarðs-kirkju-  
durum. En þat [var] ávarp manna, at þar mundi  
fallit hafa aukin þrjú hundruð manna, ok margir  
góðir drengir ór Praenda-lögum: Bárðr af Guðreks-  
stöðum son Þorsteins kúgaðs, ok Pétr systur-son Ívars,<sup>1</sup>  
Vilhjálmr or Torgum, Grímr af Sandi, ok margir aðrir  
góðir drengir.

525. Sunnudaginn átti Hákon konungr þing út í konungs- 22nd April.  
garði. Lýsti hann þá því, at allir menn af Várbelg-  
jun hefði grið þeir sem í kirkju sátu. Gengu menn  
þá af þinginu ok til kirkju, ok leitaði hverr þá eptir  
sínum hugðu-manni. Gengu þá Várbelgir allir<sup>2</sup> til  
griða, ok var þeim skipt í sveitir eptir því sem  
konungr sá ráð fyrir. Var eptir þat skipt herfangi  
því öllu, er átt höfðu Várbelgir, eptir siðvenju liðs-  
mannia.

Hákon<sup>3</sup> konungr dvalðisk í Oslo um hríð. Ok nök-  
kurum sjau nóttum eptir bardagann sendi han⁊ lið e. 28th April.  
norðr í land á skútum. Var þar fyrir Ásólfur af Austr-  
átt, Ívarr Pétrsson, Árni blakkr, Clemet af Hólmi,  
Óláfr kiðlings-múli, Bárðr Gróson. Höfðu þeir fimm-  
tán skútur; skyldu þeir fara allt norðr til Þrónd-

<sup>1</sup> *Ívars]* hans, H.

<sup>2</sup> *Várbelgir allir]* H.; þeir, Sk.

<sup>3</sup> *Hákon]* Fl.; Þá er, Cd.

A.D. 1240. heims, ok vita hver tíðendi þar væri. En konungr Apr.-May. dvalðisk eptir í Víkinni at örindum sínum.

Hákon konungr hafði fengit sýslu á Raumaríki Gregorius, syni herra Andrés; en tveim vetrum fyrir ófriðinn hafði Gregorius gefit upp sýsluna, ok fór suðr til Danmerkr ok sveinar hans, ok var með Valdimar konungi vel virðr. Hákon konungi þótti þessi ferð nökkut undarlig, er Gregorius hafði ekki tekit orlof af hónum. En um vetrinn er ófriðrinn hófsk, ok Skúli hafði látið gefa sér konungs-nafn, þá sendi Hákon konungr til Danmerkr Bjarna Moisesson til móts við Gregorius, ok bað hann fara aptr í Noreg, ok hét hónum saemdum eptir því sem hann reyndi trúnað hans til. Fór Gregorius þá aptr. Ok þegar<sup>526</sup> er hann kom í Víkina, aflaði hann sér sveitar, ok kom til Birkibeina fyrir bardagann á Láku; hann var ok í Oslo með konunginum. Ok eptir þetta lagði konungr inar mestu mætr á Gregorium, ok fékk hónum Borgar-sýslu. Gregorius var vitr maðr, ok vel menntr í alla staði. Ok er á leið várit fór Hákon konungr ór Víkinni ok kom til Björgvinar<sup>1</sup> víku fyrir Hvít-Sunnudag. Helga Þórsdag<sup>2</sup> lá hann í Salbjarnar-sundi, en um sumarit sat hann í Björgyn.

238. Nú er at segja frá Skúla hertoga, at hann var með Ámunda Lögmanni, sem fyrr var ritlað, ok reið þaðan til Eiðs-vallar, ok allt upp til Molga<sup>3</sup> um kveldit. Sunnudaginn fór hann upp á Heiðmörk ok út í Eyna helgu, ok var þar Pétr son hans. Dvalðisk hann þar lítla hríð áðr hann fór til lands. Ok er hann kom til Ullins-hofs hafði hann nær hundrað manna. Átti hann tal við lið sítt, hvert ráð upp skyldi taka. Véseti litli ok Þorgils slyðra báðu her-toga fara í Eystri-dali, ok þaðan í Vermaland ok austr

<sup>1</sup> til Björgvinar] add. H.

<sup>2</sup> Helga Þórsdag] Upp-stigningardag, Fl.

<sup>3</sup> Molga] Mjölgja, Fl ; Mölgja,

II.

á Markir í ætthaga þeirra; sögðu at hann mundi eigi A.D. 1240.  
 Þar vera meiri en hálfað manuð áðr en þeir skyldi April.  
 til hans hafa komit eigi minna liði en hann hafði til  
 527. bardagans í Oslo. Erlingr [ljóðhorn] ok [Bárðr] brattí,  
 ok þeir menn sem norðan vóru ór landi, sögðu, at  
 þeim var ekki hent at rekask um fjöll ok skóga; ok  
 báðu hann fara norðr til Prónðheims til vina sínna, ok  
 ráða þar til skipa; ok sögðu þat Norðmanna-hátt at  
 fara á skipum, ef þeir skulu ófrið halda. Ok var þat  
 ráð tekit at snúa norðr. Þorgils ok Véseti skildusk  
 í frá, ok fóru austr í ætthaga sína með sveitir  
 sínar. Hertoginn sneri þá norðr í Dala,<sup>1</sup> ok hafði  
 nær níu tigi mamma. Fór hann þar til er hann kom  
 í Ringabý. Þá spurðu þeir til at Birkibeinar vóru  
 fyrir þeim. Ögmundr kræki-danz var þar ok Oddr  
 Eireksson, Eirekr toppr. Þeir sátu við brúna.<sup>2</sup> Her-  
 togí dvaldisk á lítlum bæ skamt frá brúnni, en sveit-  
 ungar hans fóru fyrir hónum til brúarinnar ok létu  
 kveða við lúðra. Ok þegar er blásit var, reið herto-  
 ginn at brúnni; en Birkibeinar hugðu at liðit mundi  
 meira en var, ok stóðu þeir eigi all-nær brúnni. Gengu Várbelgir þá yfir brúna. Sóni síkr fór með  
 merkit, ok Guttormr Jóna-dalr, Hávarðr dyntill,  
 Eysteinn orri, Hákon Bárðarson, Hallkell á Rygini,  
 Hávarðr kollr, ok enn fleiri aðrir. Ok er þeir kómu  
 yfir brúna, mættu þeir Birkibeinum. Ok félù þar  
 tveir birðmenn Hákonar konungs, Ívarr hálmlíða<sup>3</sup> ok  
 Björn af Hofi. Hertoginn reið yfir brúna þegar eptir  
 þeim, hvítum hesti er hét Fótr. Hertogi hafði góða  
 brynu ok sterka treyju. Birkibeinar hopuðu upp í  
 528. at skjóta at hertoga; ok var svá sem skúfaðr væri  
 skjöldr hans af örnum. Hestrinn hafði sjau brodd-  
 skot, svá at stóðu uppi á reyr-böndum. Hertogi fékk

<sup>1</sup> *Dala*] H.; dali, Cd.

<sup>2</sup> *brúna*] brú eina, H. (better?). |

<sup>3</sup> *hálmlíða*] hjalmhaus, Fl.

A.D. 1240. ok brodd-högg í gegnum fótlegginn við öklat.<sup>1</sup> Eptir April. Þetta sóttu Várbelgir yfir brúna, en Birkibeinar létu hefjask undan í fjalls-hlíðina. Ásvarðr harmr hét sá maðr er fletta vildi Ívar hálmhús. Ok er hann var at, þá kom at Árni lági, er bar merki Pétrs hertoga sonar, ok hugði at Ívarr mundi miðr sárr en hann var, ok hjó til hans; ok kom höggit á höndina Ásvarði, svá at nær tók af; ok fluttu þeir hann norðr með sér til Steigar, en riðu eptir þetta leið sína. Var hertoga fenginn hestr annarr er Gautstafr hét. Fóru þar til er þeir kómu til Þróndheims. Hertogi sendi fyrir sér af fjallinu Sigurð hít, Brúsa, ok nökkuра menn með, ok drápu þeir hirðmann konungs í Uppdal er Halldórr hét. Birkibeinar fóru eptir þeim norðr til fjalls. Þá tóku þeir af lífi Ásvarð, er Várbelgir höfðu eptir látið á Steig. Skúli hertogi var um nött á Vangi<sup>2</sup> í Uppdal, ok fór þaðan til Níðaróss. Ok er hann kom þar, þóttisk hann finna ok vinir hans, at mjök var snúit skaplyndi til hans. Báru þar til margir hlutir; þat fyrst at þeir þóttusk fengit hafa manna-lát mikil í Osló; hitt annat, at þá stund er Hákon konungr hafði setið í Þróndheimi, þá höfðu þeir heyrt margar gagnstaðligar tölur þeim<sup>3</sup> sem hertoga menu höfðu haft á Eyra-þingi um haustið; ok virðusk þeim þessar sannligri. Þat var enn til, at Þráendir þóttusk öngva sjá uppreist hertoga móti<sup>529.</sup> Hákoní konungi, ok vildu þeir öngvan ófrið halda með hertoga í mótt konunginum. Hertogi sat um várit í Níðarosi, ok hélt borð í Breiða-stofu, en var lengstum í herbergjum sínum, ok átti fátt við flesta menn; var þat ok flestra mauna skaplyndi at eiga fátt við hann. Hertogi var þrjár nætr í Kross-gildi, ok heldr fá-málugr. Þá kærðu vinir hans, at hann færi óvarliga ok gætti sín lítt. Hertogi segir, at eigi

<sup>1</sup> öklat] Fl., Fr., Esp.; öklañ, Cd.

<sup>2</sup> Vangi] thus H., Fl.; Vegi, Cd.

<sup>3</sup> þeim] Fl., H.; þær, Sk.

mundu Birkibeinar á skamri stundu fara milli Víkr A.D. 1240.  
ok Þróndheims. Þá var því svarat, at Hákon konungr May.  
hafði skemr farit [um várit] en líkligt þætti, "Ok  
"má enn at svá sé." Ok eptir þat var send<sup>1</sup> ein  
skúta til njósnar á fjörðinn.

239. Mánadags-morguninn í Gagndögum kómu þeir 22nd May.  
Ásólfur með fímtán skipum til Niðaróss á óvart. Lagði  
Clement af Hólmi yfir við Bakka með tvær skútur.  
En þeir Ásólfur lögðu til bæjar öllu<sup>2</sup> liðinu. Skúli  
hertogi vaknaði við er hann heyrði herklokkuna.  
Hljóp [hann] þegar upp, ok klæddisk, ok tók vápu  
sín, ok þeir menn aðrir er þar vóru í garðinum. Sendi  
hann þá sveina sína út í bæinn, ok bað at Várbelgir  
ok annat fólk skyldi sækja upp til hans í konungs-  
garð, ok þeir þar taka í móti Birkibeinum. En er  
sveinarnir kómu aprí, höfðu þeir fengit menn öngva.  
Tveim sinnum görði hann boð út í bæinu,<sup>3</sup> ok fékk  
ekki af mönnum. Sögðu svá þeir sem sendir vóru, at  
530. allir menn hljópu í kirkjur. Hertoginn spurði þá, hvat  
þá væri til ráðs. Brú var eingi á ánni Níð.<sup>4</sup> Menn  
sögðu, at til var<sup>5</sup> at flota skútu er stóð í konungs-  
garði, ok flytjask á henni yfir ána, ok leita síðan at  
forda sér til skógar, ef hann vildi eigi í Krist-kirkju.  
Var þá flotað skútunni. Pétr hertogason, ok sveit hans,<sup>6</sup>  
var fyrir ofan konungs-garð; lét hertogi þá kalla ofan  
til skútunnar; ok þangat fóru sumir sveitungar Pétrs,  
ok fluttusk yfir ána með hertoga. En Pétr sneri inn  
í Krist-kirkju. Bárðr bratti hljóp í Krist-kirkju,  
þvíat hann þóttisk þungferr til göngu. Hertogi gék  
á land yfir við Skellingar-hellu. Bað hann þá, at þeir  
skyldu sækja upp [til] Erlends-haugs, ok hyggja þaðan

<sup>1</sup> *var send]* thus H., Sk., Fr.; see Fl., l. c. where the text is thus cor-  
rupt,—eptir þetta sá menn skútu  
eina fara á fjörðinn, ok hugðu  
menn at vera mundi njósn,—a trans-  
scriber having read "var sén" for

"send," which then in its turn was  
changed into "sá menn."

<sup>2</sup> *öllu]* öðru, H. (better?).

<sup>3</sup> *bæinn]* H.; garðinn, Sk.

<sup>4</sup> *Níð]* Fl.; niðri, Cd.

<sup>5</sup> *rar]* varð, Cd.

<sup>6</sup> *ok sveit hans]* add. H.

A.D. 1249. at,-ef þeir mætti nökkut slag gefa Þeim er upp höfðu  
22nd May. gengit við Bakka. En menn görðu öngan róm at því;  
ok var ekki ráð annat tekit, en þeir sóttu upp á  
brekkurnar, ok létu síðan skóginna gaeta sín.

Pétr hertogason var [skamna stund] í Krist-kirkju, ok fór þaðan til Prédikara-kirkju.<sup>1</sup> Prédikarar buðu hónum á náðir sínar, ok sögðusk skyldu gæta hans; en Pétr bar eigi traust á þat, ok fór þaðan á biskups-garð, ok fjórir sveinar með hónum. Þeir fengu þar bát einn, ok fluttusk yfir ána, ok fóru þar til er þeir kómu til efra Elgi-setrs. Fór Pétr þar inn í hús eitt er konur vóru í bakstri, ok fékk sér þar vánd klæði ok dulðisk. Birkibeinar kómu í bæimu, ok rannsókuðu bæinn. Vóru þá Várbelgir flestir komnir í kirkjur þeir sem 531. innan-bæjar vóru. Bárðr vargr hafði hlaupit í Kross-kirkju. Birkibeinar höfðu njósun af um ferð Pétrs, at hann fluttisk yfir ána til efra Elgi-setrs, ok sendu inn mann í bakstr-húsit,<sup>2</sup> er Jón köttr hét. En er hann kom út, sagði hann at Pétr var þar inni. Eptir þat leiddu þeir hann út, ok drápu hann þegar. Hann hafði verit ekki mikill<sup>3</sup> maðr vexti, ok þykkur; meirr í móður-aett sína yfir-sýndar. Hann var vel menntr maðr, klerkr góðr, ok trú-maðr; en ekki þótti Várbelgjum hann djarfi til löfriðar, sem hans forellri hafði verit. Lík Pétrs var borit til bæjarins. Vóru þá görvar orðsendingar alla vega í héraðit, hvat til hertogans spurðisk eðr hans manna.

240. Skúli var á skóginum, ok hélt þaðan fréttum til Elgi-setrs, ok annan veg. Fékk hann þá þær fréttir,<sup>4</sup> at menn héldi vörðu um-hverfis skógin, svá at hann skyldi eigi brott komask, svá at Birkibeinar yrði eigi varir við. Tóku þá menn at drífa frá hónum þeir

<sup>1</sup> Fl. om. *kirkju*.

<sup>2</sup> *bakstr-húsit*] bakhúsin, H.

<sup>3</sup> *mihill*] H.; líttill, Sk.

<sup>4</sup> *þékk . . fréttir*] Fl., H.; hélt

hann þeim fréttum, Sk.

sem hónum höfðu fylgt; svá ok þeir sem hann sendi A.D. 1240.  
í brott, kómu öngir aptr eða fáir. Erlingr ljóðhorn <sup>22-24th</sup> May.

fór inn í Tautru ok tók þar við kufli. Hertogi var  
tvær nætr á skóginum. En Óðinsdaginn fyrir Helga- <sup>24th</sup> May.

<sup>532.</sup> þórsdag þá er kanokar gengu með krossum, voru  
hertoga færðar kórkápur af klaustrinu, ok gékk hann  
svá inn í klaustrið með bræðrum. Fór hertoginn upp  
í stöpulinn, ok hans menn. Síðan var þeim búit at  
snæða ok drekka. Síðan var gör hvíla hans, ok ætlaði  
hann at leggjask til svefns, því at hann var mjök  
syfjaðr.

241. Birkibecinar fengu njósn af, at menn höfðu <sup>24th</sup> May.

gengit í kórkápum af skóginum til Elgi-setrs, ok var  
þess til getið, at þar mundi verit hafa Skúli hertogi.  
Hljópu þegar til vápna Birkibeinar, ok fengu sér  
skip, ok fluttusk yfir ána. En er þessa varð varr  
Sigurðr erkibiskup, fór hann út til Elgi-setrs, ok mart  
kennimanna með hónum, ok bæjar-menn, ok kaup-  
menn. Þegar sem Birkibeinar sóttu at klaustrinu,  
skutu hertoga-menn á þá sem ákafast máttu þeir. Ok  
er erkibiskup kom til, bannaði hann Birkibeinum at  
ganga at klaustrinu, eðr göra þar nökkurn ófrið. En  
Birkibeinar sögðu, [at klaustrið var svá skipat], at  
nauðsyn var til at göra þar ófrið, hvárt sem þætti vel  
eðr ílla. Erkibiskup bauð þá fé fyrir hertoga, at  
hann skyldi fara í griðum á fund konungs; en þeir  
vildu eigi þat, nemá hann legði stað ins helga Óláfs  
konungs at veði,<sup>1</sup> ef þat endisk [eigil] sem hertoginn  
héti. Sumir voru svá ákasir, at ekki gáfu gaum at

<sup>533.</sup> hvat er erkibiskup sagði, ok hljópu til ok lögðu eld í  
klaustrið; en sumir vildu slökkva. En svá kom at  
eldrinni tók at magnask. Ok er hertoginn sá, at þeir  
vildu brenda klaustrið, ræddi hann við sína menn, at  
þeir skyldu út ganga. Fóru þeir þá til duranna.  
Gekk hertogi þá út, ok hafði buklara fyrir andliti sér.

<sup>1</sup> at veði] Fl.; í veði, Sk

A.D. 1240. Hann mælti pá: "Höggvit eigi í andlit mér, þvíat þat  
 24th-25th May. " er eigi síðr at göra við höfðingja?" Eptir þat báru  
 heir væpn á hertogann ok þá alla er út gengu með  
 hónum: Sóni síkr, Eysteinn orri, Áslákr dyntr, Hallkell  
 á Ryginni, Hávarðr kollr, Brúsi, Árni mariall. Meistari  
 Bergr var særðr til ólifis, ok varð þó græddr: Svá  
 sem Sturla segir:

" Nú man frægt nökkvi síðarr  
 " í ná-reið á Niðar-bakka  
 " við leyg-för<sup>1</sup> leggja knátti  
 " rausnar-líf ríkr hertogi.  
 " Ok þar gekk á Gjallar-brú  
 " ræsis-mágr fyrir riðu-sóttum  
 " bauga-bliks, er boðar félru  
 " elda-vers of afar-menni."

534.

þegar sem hertogi var fallinn, fóru menn ok vildu  
 slökkva eldinn; en því varð ekki á leið komit, ok  
 brann upp allt klaustrið.

242. Lík Skúla hertoga var borit ofan á skildi til  
 bæjarins, ok þar [veittr] umbúnaðr. Stóð líkit uppi í  
 Nikulás-kirkju. Um morguninn eptir gengu heir  
 Ásólfur ok Birkibeinar til erkibiskups, ok heiddusk  
 lausnar af hónum. Gékk þat mál ekki skjótt. En  
 þó kom þar, at þeir voru leystir, svá at þeir skyldi  
 vera mann-værir þar til er Hákon konungr væri fundinn,  
 ok vitað væri hverju hann vildi sér af skipta um  
 þessi stórvirki. Eptir þetta var búin líkferð her-  
 togans, ok var hón gör in sæmiligasta; ok var hann  
 jarðaðr í Krist-kirkju fyrir sunnan, þar undir niðri sem  
 hann hafði búit um leg Inga konungs, bróður síns,  
 uppi í stein-vegginum. Stóð þar yfir Sigurðr erki-  
 biskup ok allir Kórs-bræðr, ok mart annarra kenni-  
 manna, ok bæjar-lýðr, ok margir Birkibeinar. Ártíð  
 hertogans er inn núnda dag kal. Junii. Hann hafði  
 þá vetr ins sétta tigar. Skúli hertogi var mörgum

<sup>1</sup> *leyg-för*] legg fjor, Fr.

Fms. ix.  
535.

manni hārmduði, ok sérliga sínum vinum; þvíat hann A.D. 1240. var inn vinsælasti. Hafði hann marga [hluti] til þess; fyrst blíðu, ok góðar viðr-vistir; þar með mildi, ok örleika, svá at, hann sparði nær ekki við sína menn. Mörgum mönnum gaf hann nafnbót, eðr fókk góð kván-föng, eðr kom til annars þroska, þeim er [til] hans stunduðu; ok varð hann af slíkum hlutum mjök vinsæll. Skúli hertogi gaf bæinn á Reini, föður-leifð sína, til klastrs, ok lét reisa þar ágætt stein-musteri, ok setti þar nunnu-klastr, ok gaf þar stór-fé til. Margir aðrir hlutir eru at segja af athöfnum hans afbragðligir, þótt hér sé eigi ritarðir. Skúli hertogi var heldr hár maðr, ok grann-vaxinn, ljós-jarpr á hár, ok hærðr manna bezt, rétt-leitr, ok ljóss í andliti; eygðr forkunnar-vel. Allra manna var hann kurteisastr ok hæverskastr; snjallr í máli, ok vel talaðr á þingum. Flesta hluti hafði hann þá með sér er fríða skyldu góðan höfðingja. Ok þat mundi menn hafa mælt, ef eigi hefði þat ógiptu-ár yfir komit, er hann lifði síðast, at eigi hafi sá maðr verit faeddri í Noregi, er betr hafi mannaðr verit, þeirra sem eigi voru komnir af sjálfsri langfeðga-tölu<sup>1</sup> konunganna. Hertogi átti öngvan son eptir, svá innu vissi þat með sannindum. En þess er at vænta, með Guðs miskunn, at lengi mun Noregr prýðask af hans afkvæmi.

Fms. x. 1

243. Eptir þetta stórvirki, er nú var frá sagt um hríð, fóru Birkibeinar brott ór Níðarósi; þeir norðr á Hálogaland er þar áttu heima, en þeir suðr er þaðan voru. Stefan Tumas-mágr hét sá maðr, er tók við bréfum þeirra Ásólfs,<sup>2</sup> sem konungi voru send. Ok er Stefan kom til Björgynjar, var konunginum sagt, at maðr var kominn norðan frá þeirra Ásólfs. Lét konungr þá kalla hann [í herbergi] til sín. Ok er hann kom þar, sat konungr í þeirri sömu stofu ok á sömu

<sup>1</sup> sjálfri langfeðga-tölu] sjálfu | <sup>2</sup> þeirra Ásólfs] emend.; Ásólfs langfeðga-tali, H. ok þeirra, Cd.

A.D.1240- skör, ok um vetrinn er Grímr keikan kom til hans.  
 1241. Stefan bar fram bréfin. Ok er konungr hafði yfir lesit  
 bréfin, þá tók hann til orða : " Á bréfi þessu eru mikil  
 " tíðendi tvenn ; ok eru þat síl tíðendi er klaustrið er  
 " brunnit á Elgi-setri ; en þau eru önnur er Skúli her-  
 " togi, mágr mínn, er dauðr." Eptir þetta var blásit til  
 stefnu, ok sagði konungr sjálfr allri hirðinni tíðendin ;  
 ok fannsk mönnum mikit til, ok dróttningunni einna  
 mest.<sup>1</sup>

Hákon konungr sat í Björgyn um sumarit eptir þessi  
 tíðendi, ok efnaði þar til vetr-setu, ok sat þar um  
 1240-41. vetrinn. Þessi var inn fjórði vetr ok tuttugti komung-  
 dóms hans. Um vetrinn eptir á Föstu urðu mikil<sup>2</sup>.  
 1241. tíðendi í Danmörk ; þá andaðisk Valdimarr konungr,  
 son Valdimars konungs Knúts-sonar, er þann tíma var  
 einn ágaetastr konungr á Norðrlöndum. Hann hafði  
 1202- há verit konungr í Danmörk vetri fátt í fjóra tigi.<sup>3</sup>  
 1241. Til ríkis kom eptir hann Eirekr konungr son hans,  
 ok hafði áðr verit fimm vetr konungr með feðr sínum.

Um várit eptir byrjaði Hákon konungr ferð sína  
 austr til Víkr; en hann sendi norðr til Próndhems  
 Jón tví-skafinn, ok tók hann af lífi Síglorð hít; hann  
 var Várbelgr, ok hafði ekki sæt við konunginn. Þá  
 lét<sup>3</sup> Gautr Jónsson drepa Arnfinn Þjófsson. En  
 annat várit áðr<sup>4</sup> drap Bjarni Moisesson Játgeir skáld  
 í Kaupmauna-hafn ; hann var þá kominn ofan ór  
 Svíaveldi, ok hafði farit allt it eystra, sem fyrr var  
 ritað, eptir þat er Gunnarr konungs-frændi hafði tekit  
 bréfin af hónum í Helsingja-landi. Hákon konungr  
 fór austr til Víkr. Ok er hann kom austr í Borg, var  
 þar fyrir hónum Gregorius, son herra Andrés bróður  
 Filipus konungs. Hann vakði þá bónorð sitt, ok bað  
 Ceceliu konungs-dóttur. Hákon konungr tók þessu  
 vel ; ok þat ráð varð at fraunkvæmd nökkuru síðarr,

<sup>1</sup> ok dróttinu . . mest] add. II.

<sup>2</sup> vetrí fátt i fjóra tigi] Esp.; mitjan vetr ok tuttugu, II.; xxxix vetr, Cd.; xix. vetr ok xx., Fr.

<sup>3</sup> Þá lét] um vetrinn lét, Esp.;

Fr. reads Gregorius Jónsson, badly, ván, Esp.; annat várit eptir, II.

<sup>4</sup> aðr] Sk., Fl., Fr.; þat sama

sem enn man getið verða síðarr. Hákon konungr fór A.D. 1241-  
1243. þaðan til Konunga-hellu, ok ætlaði at finna Eirek Svíakonung; þvíat Svíar kærðu þá innjök á Hákon konung er hann hafði brennt Vermaland. En Eirekr 3. konungr [var þá] uppi á Gautlandi, ok vildi eigi finna Hákon konung; ok sendi til hans [herra] Birgi, mág sinn, er þá átti Ingibjörgu systur Eireks konungs. Þá er Hákon konungr kom í Konunga-hellu, kom til hans sá maðr er Matheus hét, sendr af Friðreki keisara með mörgum ágætum gjöfum. Með hónum kómu útan fimm Blámenn. Hákon konungr fór um sumarit norðr aptr til Björgynjar, ok dvalðisk þar nökkura hríð um hanstið. Á þessu sama ári andaðisk Gregorius pávi í Róma, ok kom eptir hann Innocentius. Þetta haust it sama tók Gizurr Þorvaldsson af lífi Snorra Sturluson í Reykjaholti í Íslandi. Hákon konungr fór um haustið norðr til Þróndheims, ok sat þar um vetrinn. Þessi var inn fimti ok tuttugti vetr ríkis 1241-42. hans.

244. Úm várit kom sunnan um fjall herra Gregorius, 1242. ok görði þá brúðlaup, ok fékk frú Ceceliu konungs-dóttur. Veitti konungr þá sæmiliga veizlu, ok bjósk síðan suðr til Björgynjar, ok var þar um sumarit. Þat haust kom af Íslandi Órækja Snorrason; ok höfðu þeir tekit hann, Kolbeinn ungi ok Gizurr, ok sent útan. Hann kom á vald Hákonar konungs í Björgyn, ok gaf hann hónum skjótt upp reiði sína, er hann hafði á hónum fyrir þat er hann fór út í banni hans. Ok sagði konungr þó, at hann var betr til fallinn at deyja fyrir þá sök en faðir hans: "Ok eigi mundi 4. "faðir hans dáit hafa, ef hann hefði komit á mínn "fund." Fór Órækja til konungs, ok var með hónum um vetrinn. Var konungr vel til hans. Þenna vetr sat Hákon konungr í Björgyn. Var þessi vetr inn sétti ok tuttugti<sup>1</sup> ríkis hans. Þetta sumar var konungr 1242-43. í Björgyn, ok ætlaði um haustið austr til Víkr ok

<sup>1</sup> sétti ok tuttugti] vj. z. xx., Cd.

1243-44.

sitja þar um vetrinn. Var konungi því dval-samt í Björgyn [at hann] átti mörgu at skipa. Kómu ok menn til hans vestan um haf, ok [af] öðrum löndum, þeir sem örindi áttu við hann; ok varð hann mjök síð-búinn um haustið, ok lögðusk á stormar miklir. Ok er hann kom suðr fyrir Roga-land, þá sneri hann inn í Stafangr, ok dvalðisk þar um hríð. En með því, at þá tók at vетra, en veðrátta at versna, görði hann þat ráð, at snúa norðr aptr til Björgynjar; ok sat þar um vetrinn. Ok var þessi inn sjaundi [ok] tuttugti<sup>1</sup> konungdóms hans.

245. Þann tíma er Hákon konungr réð Noregi, var Alexandr konungr í Skotlandi, son Vilhjálms Skota-konungs. Hann var höfðingi mikill, ok mjök ágjarn til þessa heims metorða. Hann sendi menn vestan af Skotlandi til Hákonar konungs, biskupa tvá [í] fyrstu. Þeir höfðu þat örindi, at forvitnask, ef hann vildi gefa upp ríki þat í Suðreyjum, er hann kallaði, at Magnús konungr berfættr hefði<sup>2</sup> sótt<sup>3</sup> með nökkurum ójafnaði<sup>5</sup>. af Melkolmi Skota-konungi, frænda hans. En konungr svaraði því svá; at hann lézt vita, at þeir Magnús konungr ok Melkólmr höfðu þat allt samit með sér, hvat ríki Norðmenn skyldu hafa af Skotlandi eðr þeim smá-eyjum er þar liggja til. En ekki vald kvað hann Skota-konung hafa [þann tíma] á sjálfum Suðreyjum, er<sup>4</sup> Magnús konungr vann þær af Guðröði konungi; ok kallaðisk Magnús konungr þó ganga eptir sínum erfða-löndum. Ok er sendimenn heyrðu þenna órskurð, þá sögðu þeir, at Skota-konungr vildi kaupa allar Suðreyjar at Hákoní konungi, ok báðu hann meta við brendu silfri. Hákon konungr svarar svá, at haun vissi sér eigi svá bráða nauðsyn til silfrs, at hann þyrfti þar til löndin at selja. Fóru sendimenn við þat í brottu. En leitaði Skota-konungr þessa optarr, ok görði þar um margar orðsendingar;

<sup>1</sup> sjaundi ok tuttugti] vij. xx., Cd.<sup>2</sup> hefði] hafði, Fr.<sup>3</sup> sótt] fengit, Fl.<sup>4</sup> er] thus H., Fr., Sk.; en, Fl.

ok fengu Skotar hér öngvan annan órskurð en þann sem nú var sagðr.

246. Þann sama vetr er nú var frá sagt, ok Hákon A.D. 1242. konungr sat í Björgyn, ok Órækja kom útan af Íslandi, þá kom ok útan Gizurr Þorvaldsson á fund Hákonar konungs. Ok þat sama sumar fékk orlof til Íslands Þórðr kakali; ok átti hann þá miklar deilur við Kolbein Árnórsson þá þrijá vetr er hann sat í Vestfjörðum. 1242-45. Þá er Hákon konungr hafði setið tvá vetr í Björgyn, sem fyrr var ritað, þá fór hann um várit norðr til 6. Þróndheims, ok sat þar nökkura hríð. Þat vár kom Björn ábóti aptr í land. Hann sendi menn fyrir sér til Hákonar konungs, ok bað at hann skyldi í friði fyrir hónum vera, ok létk hafa góð trúðendi at bera. Konungr játaði hónum þat blíðliga, ok bað hann til sín koma þegar hónum líkaði. Ok er hann fann Hákon konung, bar hann hónum kveðju pávans ok blezan, með bréfum, ok svá fögrum orðsendingum, at varla hefir komit jafn-fagrt bréf í Noreg af pávanum. Ábóti var með konungi um sumarit. En er á leið, bjósk konungr norðr. Fór þa ábóti með hónum. Hákon konungr fór allt í Vík austr um haustið. Ok þá<sup>1</sup> andaðisk Ormr biskup í Oslo. Hákon konungr sat um vetrinn í Víkinni; en Björn ábóti fór norðr, ok ætlaði heim í Hólm; en hann komsk eigi lengra en norðr í Selju, ok andaðisk þar.

247. Þessi var inn átti vetr ok tuttuagli<sup>2</sup> ríkis 1244-45. Hákonar konungs. En er Hákon konungr hugsaði eptir um bréf þat it fagra, er Innocentius pávi hafði ritað til hans, þá sendi hann orð Sigurði erkibiskupi ok öðrum biskupum. En er þeir fundusk, bað konungr biskupana rita með sér til páva, ok biðja orlofs at kóróna konunginn. Biskupar tóku þessu vel.<sup>3</sup> Ok vánu

<sup>1</sup> þá] Fl., H.; þar, Cd.

<sup>2</sup> átti vetr ok tuttuagli] viii. vetr z. xx., Cd.

<sup>3</sup> Biskupar . . vel] Biskuparnir kváðuz vilja göra ráð sítt um þetta, H.

A.D.1245- bráðara gáfu þeir andsvör, ok létsk gjarna vilja rita  
 1246. með hónum, með því, at hann gæfi þeim góðar réttarbætr, ef þetta sýstisk framarr enn aðrir höfðu sýst. 7. Þat létu þeir ok fylgja, at hann skyldi þann sama eiðstaf hafa undir kórónu, er Magnús konungr [Erlingsson] hafði haft þá er hann var kórónaðr. Þá svarar Hákon konungr: "Svá hafa konungar áðr játað yðr "réttar-bótum, at varla veit ek at vær megim á þat "auka; en þó hafi þér enn framar nýttar<sup>1</sup> en gefnar "hafa verit. En ef vér sverjum<sup>2</sup> slíkan eið sem Magnús konungr sór, þá virðisk oss svá sem minnkaðisk "vár sæmð í því heldr en yxi; því at Magnús konungr "hirti ekki hvat hann vann til, ef hann fengi þat er "hann var ekki til kominn. En með Guðs miskunn "þá fíkkjumsk vér þat eigi af yðr þurfa at þiggja [eðr "kaupa], er Guð hefir oss réttliga til kosit eptir várnum "föður ok forelhri. Ok þat skulu þér vita, [at] með "Guðs miskunn skal ek svá frjálsliga at kórónu "komask, ok án allra afar-kosta, at vér síðan megim<sup>3</sup> "hana frjálsliga bera sem góðir konungar, ella skal hón "aldri á várt höfuð koma, ef Guð vill at svá sé." Nökkuru síðarr görði Hákon konungr menn til pávans, ok beiddisk af [hónum, at] hann sendi nøkkurn sín kardinála at göra konungi þá sæmð at vígja [hann] undir kórónu.

1245-46. 248. Hákon konungr sat í Björgyn um vetrinn eptir  
 1246. biskupa-fundinn, ok [var] þessi inn níundi vetr ok tuttugti<sup>4</sup> konungdóms hans. Þetta [sumar eptir] 8. kómu þeir af Íslandi, Gizurr ok Pórðr, ok höfðu þá sætz [í konungs dóm] á öll sín mál. Þá hafði Pórðr barizk í Skagafirði við Brand Kolbeinsson um várit fyri, ok féll þar mart manua af hvárum-tveggjum, ok

<sup>1</sup> enn framar nýttar] eigi óframar  
nýttar, H., Fl.; en þó hafa enn  
framar nýttar verit, Sk.

<sup>2</sup> sverjum] sværum, Fl.

<sup>3</sup> at . . . megim] ok . . . megum,  
Cd.  
<sup>4</sup> níunndi . . . tuttugti] ix, vetr ok  
xx., Cd.

gótt mannvæl. Hákon konungr fór um haustið norðr A.D. 1246,  
til Þróndheims, ok efnadi þar til vetr-setu. Ok er á 1247.  
leið vetrinn, kómu orðséndingar útan frá Roma af  
sendimönnum konungs, ok sögðu, at [á] því sama ári  
mundi koma einn-hverr af kardinálum í landit, ok  
göra alla særð konungs sem mesta eptir páva boði.  
Ok þá birti konungr þetta erkibiskupi, ok bað hann  
senda eptir biskupum öllum ok ábótum, ok inunn  
skynsömustum lærðum mönnum. Konungr sendi ok  
orð lendum mönnum, ok lögmönnum, [ok] hirð sínni,  
ok inum beztum bónum; bað þá búask sem sæmili-  
gast, ok koma til Björgynjar á því sumri. Hákon  
konungr görði skip vestr til Englands ok til annarra  
landa um várit, at afla fanga þeirra sem hónum þótti  
mest skorta í Noregi, at fagna kardinála eptir því  
sem hann vildi, ok báðum þeim samði. Knútr jarl var  
í Þróndheimi, ok hafði þar setið nökkura þrjá vetr  
eðr fjóra, ok hafði jafnan fjogur fylki í Þróndheimi,  
ok Naumudal, ok Sogn hálfan.

9. 249. Hákon konungr fór um várit ór Þróndheimi, ok  
Knútr jarl, ok margir aðrir góðir menn ok göfgir,  
norðan ór landi. Þá hafði Hákon konungr verit þrjá  
tigi<sup>1</sup> vetr. Ok er hann kom til Björgynjar þá hugleiddi 1246-47.  
hann með vitra manna ráði, hversu hann skyldi fyrir  
búask þess er sæmiligast væri.—En um kardinála ferð  
er þat at tala, at hann kom um várit sunnan í Eng-  
land, ok fagnaði Heinrekr konungr hónum vel.  
Hónum var ok þat sagt af Euskum mönnum, fyrir  
sakir öfundar við Noregs-menn, at hann mundi þar  
öngvar sæmðir fá, ok eigi nær mat, ok öngan drykk,  
útan blöndu,<sup>2</sup> ok löttu Euskir menn sem mest at bann  
faeri í Noreg, ok ógnuðu hónum bæði hafinu ok grimmileik  
fólksins, ef hann kæmi fram. Kardináli svarar á

<sup>1</sup> *þrjá tigi*] xxx., Cd.; xxx. vetr, | Gsk.; ok varla vera fæddr, Sk., H.,  
Fr.; xxx. vetr, Fl. | Fl.

<sup>2</sup> *ok eigi . . blöndu*] add. Esp.,

A.D. 1247. Þessa leið. "Pá er ek var firr<sup>1</sup> meir Noregi, en nú June. " em ek, þá heyrða ek sagt betr frá því fólk, er þar byggir, en svá sem þér segit. Er mér sagt, at þar ero margir góðir Kristnir menn, ok vitr konungr ok skynsamr. Erkibiskup þeirra hefi ek séð, ok sýndisk mér hann líkr til góðs höfðingja; svá hefi ek ok heyrт, at þar eru skynsamir biskupar; ok vænti ek, at þessu fylgi mart annat gótt. En hefi ek til þeirra þau tvenn örendi, er ek vænti at öllum mönum man vel at getask. Þat er at birta þeim Jesus Christ, sannau Guðs son; annat at kóróna konung þeirra, með Guðs miskunn ok pávans forsjá. En því kvíði ek eigi, at mik skorti þar mat eðr drykk."— Eptir þat bjó kardináli ferð sína til Noregs, ok gékk á skip.

17th June. Vilhjálmr kardináli kom til Noregs Bótólfs-vöku- 10 dag útan at ey þeirri er Síri heitir, ok görði menn fyrir sér at segja konunginum kvómu sína. Var þat mjök allt í senn, at sendimenn kómu til konungs, ok kardinálinn kom þegar eptir þeim siglandi á váginn skipi sínu, ok [var] þá mjök síð dags. Konungr görði menn í móti hónum, at<sup>2</sup> bjóða hónum alla hluti sem sæmiligast. En hann svarar svá sendimönnum, at hain vildi konungs ráðum hlíta um ferð sína. En um morguninn, er sungnar vóru tíðir, gékk konungr til skipsins; þat var hálf-þrítög<sup>3</sup> með gylldum höfðum vel búit. Þat skip var kallat drekinn. Konungr gékk þar á með hirð sína, en allir sýslumenn, þeir er í vóru bænum, lögðu út skipum sínum ok þangat sem kardinálinn lá. Kardinálinn hafði eina snekkju Enska. Konungr kallaði með sér lenda menn ok hirðstjóra, ok fór síðan í skip til kardinála, ok vóru þar allblíðligar kveðjur, ok fóru þeir svá inn at bryggjum. Fögr processia var gör móti kardinála af biskupum, ok

<sup>1</sup> *firr*] fyrr, Cd.

<sup>2</sup> *at*] Fl.; ok, Cd.

<sup>3</sup> *hálf-þrítög*] Fl.; xxv., Cd.

lærðum mönnum, ok klaustra-fólki. En hér eptir lét A.D. 1247.  
konungr blása til þings út í Krist-kirkju-garði. Ok June.  
er kardinálinn kom á þingit, þá hóf hann örendi sítt  
á þessa leið:—

250. “Ek vil öllum mönnum kunnigt göra, at með  
“ Guðs miskunn ok pávans forsjá kom ek í þetta land,  
11. “ at boða mönnum nafn Jesú Cristz, ok kóróna konung  
“ yðvarn; eru þessi mín örendi tvenn. Eigi sendi  
“ hann til þessa örendis prest einn, eðr lærðan mann  
“ með litlu valdi, ok öngvan nema mik af kardinalibus  
“ sínum, með [biskups-nafni], ok svá miklu valdi at  
“ binda ok leysa öll mál sem sjálfrí pávi væri hér;  
“ þvíat hann vildi, at þetta væri svá gjort sem kon-  
“ unginum [væri mest til sœmðar].” Síðan talaði  
[hann] margfalda trú [fyrir] fólkini; en síðan gaf  
hann öllum blezan sína ok gótt heimleyfi. Eptir þat  
töluðu þeir optliga, konungr ok kardínáli; ok var  
ekki annat í ræðu kardinála en sem mest sœmð  
konungsins. Kardináli talaði opt við biskupa þá er  
þar voru. Erkibiskup kom síðast allra þeirra; en  
síðan er þeir höfðu við talask, þá þóttisk konungr  
finna, at þá var annat fyrir hónum talat en fyrr  
hafði verit í ætlan hans sjálfss.

251. Einn dag er þeir voru á tali í Krist-kirkju,  
konungr ok kardináli, þá hóf kardináli tal sítt á  
þessa leið. “Með því, herra konungr,” [sagði] hann,  
“ at þér ætlið at taka meiri sœmð af heilagri kirkju,  
“ en nökkurr<sup>1</sup> konungr tók fyrr í Noregi, þá væntum  
“ vér, at þér munit játa vilja heilagri kirkju því sem  
“ aðrir hafa játað fyrir yðr, ok með góðri umbót.  
12. “Svá munu þér ok slíkan eið vilja vinna sem vann  
“ Magnús konungr, er fyrst var kórónaðr í landinu.”  
Hákon konungr svarar þessu: “Ek finn nú, herra, at  
“ þessi orð eru eigi minnr af annarra manna orðum en  
“ sjálfra yðar. En þeim réttar-bótum vilju vér gjarna

<sup>1</sup> nökkurr] eingi, II., Fl.

A.D. 1247. " játa heilagri kirkju ok hennar þjónostu-mönnum,  
 June, July. " at hón hafi slíkt frelsi hér, sem í [þeim] löndum  
 " er skipat, er sítt frelsi hefir hvárt, ok sína sæmð,  
 " heilög kirkja ok konungdómrrinn. En þó at nök-  
 " kurr konungr hafi því játað, er þeir áttu eigi at  
 " játa framarr en fyrir sjálfa sik, þá<sup>1</sup> vilju vér þó  
 " eingi mála-spell göra oss eðr þeim sem eptir oss  
 " koma. Ok skjótt at segja, ef þér vilit oss nökkurs-  
 " konar kaupmála-kórónu gefa, at fyrr vilju [vér] öngva  
 " kórónu bera, en nökkut ófrelsi á oss taka. Ok  
 " þurfi þér eigi optarr við oss at leita þessa." Kard-  
 dináli svarar: " Herra konungr, látið yðr ekki um  
 " þetta mislíka, því at svá skal vera sem þér vilit."  
 Eptir þetta görði kardináli orð erkibiskupi, ok ljóð-  
 biskupum, ok Kórs-bræðrum, ok ræddi við þá þessum  
 orðum: " Ek talaða við konunginn þessum orðum  
 " sem [ek] var beðinn; ok sýnisk mér sem hann hafi  
 " sannara í þessu máli en þeir sem annars beiða; <sup>2</sup> ok  
 " því vil ek at þér vitið, at ek mun einskis annars  
 " beiðask héðan í frá, en kóróna konunginn svá frjáls-<sup>13</sup>  
 " liga sem konungligri tign byrjar; en þetta þarf eigi  
 " optarr at ræða."

252. Margar nauðsynjar ræddi konungr fyrir kard-  
 dinála af hendi þegna síma; ok baetti kardináli um,  
 sem hann fékk. Hann vígði Postula-kirkju í Konungs-

2nd July. garði, þá er Hákon konungr hafði göra látið, ok gaf  
 (see Magn. S.) þar mikla aflausn<sup>3</sup> ævinliga. Ok þá er um var rætt,  
 hvern dag at konungr skyldi vera vígðr, þá sagði  
 kardináli, at þat skyldi vera á einhverja Postula-  
 messu. En með því at konungr var í aettar-tölu við  
 inn helga Óláf konung, þá vildi hann helzt á hans  
 hátíðar-degi þá sæmð taka. Síðan var til allra hluta  
 ráðit, sem til þurfti. Þann tíma um summarit var  
 hörd veðrátta af regnum, svá at [öngan], umbúning

<sup>1</sup> þá] Fl., H., Fr.; þ, Sk.

<sup>2</sup> beiðu] eggjuðu, H.

<sup>3</sup> aflausn] afgipt, H.

mátti úti hafa. Eggjuðu menn þess, at konungr A.D. 1247.  
skyldi veita í þeim tveimr tré-höllum sem vóru í July.  
konungs-garði. Hákon konungr hafði göra látið eitt  
mikit hús út undir Knörrum, er til naustz var  
ætlað; þat var níraett at lengð, en sextögt<sup>1</sup> á breið-  
ann.<sup>2</sup> Einn dag er þeir gengu þangat, konungr ok  
kardináli, þá mælti konungr: "Með því, herra, at  
"vér höfum eigi stór hús, sýnisk yðr [nökkut] at  
"vér gerim hér veizlu vára, til þess at fleira fólk  
"megi ljá oss vera?" Kardináli svarar: "Þat þykki  
"mér it bezta, af þessum sem til eru." Síðan létt  
konungr þat hús búa með þeim beztum efnum sem  
til heyrðu.

14. 253. Vígsla þessi var ætluð á Óláfs-vöku-dag. Par 29th July.  
vóru við þessir höfðingjar: Vilhjálmr kardináli, Sigurðr  
erkibiskup, Heinrekr biskup af Hólum, Árni biskup  
af Björgyn, Áskell biskup af Stafangri, Porkell biskup  
af Osló, Páll biskup af Hamri. Þessir leikmanna-<sup>3</sup>  
hofðingjar: Hákon konungr, ok Hákon konungr ungi  
son hans, Knútr jarl, júngherra Magnús, Sigurðr  
konungsson. Þessir vóru lendir menn: Gauðr Jónsson,  
Loðinn Gunnason, Pétr Pálsson, Gunnarr konungs-  
frændi, Munan biskupsson, Finnr Gautzson, Bryn-  
jólfur Jónsson, Jón dróttning, Sigurðr biskupsson.  
[Par vóru] tíu abótar, erkidjáknar, ok prófastar, ok  
flestir Kórs-bræðr, af öllum biskupsstólum í landinu;  
fimm lögmenn; stallarar konungs ok sýslu-menn;  
hirðstjórar; ok öll hirðin; ok inir beztu bændr ór  
liverju fylki. Par var ok fjöldi útlendra manna.  
Pann tíma vóru vætur svá miklar, at bæði rigndi  
nætr ok daga; fyrir því var tjaldat með klæðum,  
bæði grænum ok ranðum, milli konungs-garðs ok  
Kristkirkju-dura, bæði yfir uppi, ok tveggja vega

<sup>1</sup> *sextögt*] Fl.; lx., Cd.

<sup>2</sup> *á breiðann*] Esp.; á breidd,

Sk., Fl.; at breidd, H.; lx. alna  
breitt, Fr.

<sup>3</sup> *leikmanna*] Fl., Esp.; leikmenu

ok, Cd.

A.D. 1247. útan at. En í konungs-garði vóru landtjöld, ok mátti svá til herbergja ganga at ekki meinaði vætan.

28th July. 254. Óláfs-vöku-aptan var á Sunnudag. En messu-  
29th July. [daginn] sjálfan vóru sungnar tíðir um allan bæinn ; ok eptir messur var blásit öllu fólkí út í Krist-kirkju-<sup>15.</sup> garð. Átta tigir hirðmanna vóru herklæddir öllum búnaði, at ganga ór konungs-garði til <sup>1</sup> Krist-kirkju, at rýma veginn. En þessi var skipan á göngu konungs til kirkju : Fyrst gékk hirðin, sú er veginn ruddi, æ jafn-fram ; þar næst gengu tveir merkis-menn með tveim merkjum ; þar næst sýslu-menn ok skutil-sveinar í góðum klaðum ; þá lendir menn með vel búnum sverðum ; þar næst þrír lendir menn, ok höfðu mikil tafl-borð millum sín, ok þar á allt konungsins skrúð ok vígslu-klaði ; þá gékk Sigurðr konungsson, ok Munan biskupsson, ok bárn tvá ríkis-vöndu af silfri, gull-kross á öðrum, en á öðrum ari af gulli. Þar næst gékk Hákon konungr ungi, ok bar kórónu ; ok Knútr jarl, ok bar vígslu-sverð.<sup>2</sup> Sigurðr erkibiskup, ok aðrir biskupar tveir, leiddu konunginn í milli sín. Þar næst við portið í konungs-garði kómu í móti biskupar ok ábótar, ok aðrir kerðir menn, með processione, ok hófu upp Responsorium : "Eece mitto angelum," ok gengu svá út til kirkju. Kardináli stóð í kirkju-durum, ok með hónum tveir biskupar ok klerkar hans, ok hófu þar upp söng á nýja-leik ; ok fylgdu svá konungi til altaris. Eptir þetta var messa sungin, ok fór veizla fram eptir því sem býðr. Ok er messu var lokit, fylgði erkibiskup konungi heim, ok aðrir biskupar, til herbergis, með sama hætti sem fyrr, syngjandi lof <sup>16.</sup> Guði. Hér eptir af-klæddisk konungr vígslu-klaðum ok fór í allan konungs-búnað ; ok bar kórónu þann dag.

<sup>1</sup> at ganga ór . . . til] emend. ;  
at ganga at . . . ok, Cd.; um konungs-garð ok Kristz-kirkju, H.

<sup>2</sup> vígslu-sverð] thus Esp., Fl.;  
vigslu gull, Cd. and Fr. (badly).<sup>1</sup>

Eptir þetta gékk Hákon konungr í herbergi þar A.D. 1247.  
sem veizlau skyldi vera, með ölu fólk. Við Lítlu-<sup>29th July.</sup>  
Krist-kirkju maetti hann kardinála, ok gengu þeir báðir  
saman, ok allt fólk með þeim. Húsit var allt tjaldat  
með steindum klæðum, ok góðum kultum, með silki,  
ok pellum gull-skotnum. En svá var skipat sessum í  
herberginn, at it nörðra<sup>1</sup> megin við inn-stafana sat  
konungrinn. Kardináli sat á hægri hönd konunginum,  
þá erkibiskup, þá biskup af Björgyn, ok hverr at  
öðrum biskupa. Á hægra veg til sjófarins sátu ábótar,  
priores, ok prófastar, ok aðrir lærdir menn. Í miðri  
höllinni, jafn-fram<sup>2</sup> hásetinu, var gört annat báseti,  
ok sat þar Hákon konungr ungi, ok Knútr jarl, Sigurðr  
konungsson, ok út í frá þeim lendir menn. Drött-  
ningin sat á vinstri<sup>3</sup> hönd konunginum; ok næst  
hónum Frú Ragnhildr, móðir hennar; þá frú Kristín;  
þá frú Cecilia, konungs-dóttir; þá frú Rangríð;<sup>4</sup> þá abba-  
dísar; ok síðan aðrar konur, sem skipan vannzt. Við  
inn syðra vegginn sat hirð konungs; var þar tví-skipat  
eptir endi-löngu húsinu. En [út] í frá þeim sátu gestir  
enn með tví-skipuðu.<sup>5</sup> Allz vóru þar eptir endi-löngu  
17. húsinu þrettán skipanir.<sup>6</sup> Mikill fjöldi var í tjöldum  
um-hverfis er eigi höfðu rúm inni. Inn fyrsta rétt  
báru inn þessir lendir menn: Munan biskupsson, ok  
Brynjólfur Jónsson, Gunnarr konungs-frændi, Sigurðr  
biskupsson. It fyrsta ker skenkti Hákon konungr  
ungi feðr sínum; eu Knútr jarl kardinála; Sigurðr  
biskupsson dróttingunni; Munan erkibiskupi. Ok  
gengu síðan til sætis.

<sup>1</sup> *nörðra*] Esp.; neðra, Cd. = nerðra.

<sup>2</sup> *jafn-fram*] gegut, Fl.

<sup>3</sup> *vinstri*] Fl., Fr., Esp.; hægri, Cd.

<sup>4</sup> *Rangríð*] Fl.; Ragnfrið, Cd.; Ragndíð, H.

<sup>5</sup> *tvískipuðu*] tvískipan, II.; ep. Fl. and Fr.

<sup>6</sup> *Allz . . . skipanir*] II.; en allz vóru þessar skipanir þrettán eptir endi-löngu húsinu, Fl.; en allz vóru sessar eptir endi-löngu húsinu þrettán, Sk.

A.D. 1247. 255. Þá er menn vóru varla mettir, þá lét kardináli  
 29th July. kalla til hljóðs, ok talaði fyrst heilaga trú fyrir mönnum. Síðan mælti hann svá:—“ Lofaðr sé Guð, at  
 “ ek hefi þat örendi full-gört í dag, sem ek hefir  
 “ umboð til af hendi heilagrar Róma-borgar, ok  
 “ herra Pávans, ok allra kardinála: ok nú [er] konungr  
 “ yðarr kórónaðr, ok fullkomliga sæmðr, svá at eingi  
 “ mun slíka sæmð fengit hafa fyrr í Noregi. Þess  
 “ sé ok Guð lofaðr, er ek aptraða eigi ferð mínni  
 “ [hingat] svá sem ek var eggjaðr. Mér var sagt,  
 “ at ek munda [hér] fá menn sjá; en þó at ek sæja  
 “ nökkura, þá mundu þeir vera líkari í sínni atferð  
 “ dýrum en mönnum; en nú sé ek hér ótaligan  
 “ [fjölda] af þessa<sup>1</sup> lands fólk; ok sýnisk mér með  
 “ góðum atferðum. Svá sé ek hér mikinn her útlensz-  
 “ kra manna; ok svá mikinn fjölda skipa, at ek hefi<sup>18</sup>  
 “ eigi sét fleiri skip í einni höfn; ok svá trúi ek, at  
 “ flest öll hafi hingat komit með góðum blutum  
 “ hlaðin. Ek var mjök braeddr görr, at ek munda  
 “ hér lítið brauð fá, ok líttinn mat annan; en þó<sup>2</sup>  
 “ vándan þann sem væri; en nú sýnisk mér svá mikil  
 “ gnógt af gæzku, at bæði eru full af hús ok skip.  
 “ Sagt var mér ok, at ek munda hér fá öngan drykk,  
 “ nema blöndu<sup>3</sup> ok vatn. En nú sé Guð lofaðr, at  
 “ ek sé hér alla hluti góða, þá sem til eru, ok betra  
 “ er at hafa en missa. Nú gæti Guð dróttinn kon-  
 “ unga várra, ok dróttningar várrar, ok biskupa, ok  
 “ lærðra manna, ok alls fólks; ok gefi mér þat örendi  
 “ hingat, at yðr sé til fagnaðar, ok öllum oss, bæði  
 “ þessa heims ok annars.” Síðan gæk kardináli brott,  
 ok hans fólk. Svá kvað Sturla um þessi tíðendi:—

“ Sú kom gipta af Guðs syni  
 “ yfir Hákon heilli góðu :

<sup>1</sup> þessa] þessu, Cd.

<sup>2</sup> þó] add. Fr.

<sup>3</sup> nema blöndu] add. Fr., H.

- A.D. 1247.  
29-31 July.
- “ er allvald öflgrar kristni  
 “ fyrir-maðr til friðar vígði.  
 “ Ok geð-stórr<sup>1</sup> á grams-höfuð,  
 “ konunglikt, kórónu lét :  
 “ Þá kom kapp-snúinn kardináli  
 19.      “ í Björgvin at boði páva.”

Ok enn segir hann svá :

- “ Frægan réð þík Vilhjálmr vígja,  
 ver-báls hötuðr, kardináli ;  
 “ engi valðisk jafn-góðr hingat<sup>2</sup>  
 aldar-gramr af páva valdi :  
 “ Kórónu lét Kristni stýrir,  
 kyn-prýddr jöfurr, yðr of skrýdda[n] :  
 “ ramri grund hafit, ríkis-vandar  
 reiði-valdr, með frægðum haldit.”

Hákon konungr sat, þá er kardináli [gékk], ok allt fólk með hónum, [til] þess er borð vóru uppi, ok Máriú-minni. Síðan fagnaði konungr fólkini, ok<sup>3</sup> þakkaði þeim þar-kvámu. Í þessu sama herbergi var veitt þrjá daga með þessum hætti, ok vóru þar [g]nógrir allir hlutir meðr inum mesta góðvilja. Sem Sturla segir :—

20.      “ En sú rausn ríða knátti  
 “ Hörða-grams með himin-skautum,  
 “ hversu Völsungr veita knátti  
 “ sœmðar-dag sínnar vígslu.  
 “ Né allvaldr einu ranni  
 “ frægðar-fólk fleira valði  
 “ austr né vestr at öl-skipan  
 “ nnd hrein-vers hvítu ræfri.”

Eigi skorti þar góðan borð-búnað, ok allt var þar vel fengit. Sem hér segir :—

- “ Þar gull-ker geisa knáttu  
 “ inni full unna greipum :

<sup>1</sup> stórr] stórt, Fr.

<sup>2</sup> hingat] þangat, Fr.

<sup>3</sup> fagnaði . . ok] thus Fl.; síðan

| þakkaði konungr folkinu þar-  
 kvámu, Cd.

A.D. 1247.

Aug.

“ enn inn-drótt allra meina  
 “ heili-vágr til hjarta fél.  
 “ Skaut vist-fars vísa mönnum  
 “ á góð-sker gyltu borði  
 “ hilmis-hirð, en hunangs-bára  
 “ í geð-knörr glymjandi-féll.”

Síðan veitti konungr fimm daga í sjófar-höllinni í konungs-garði. Var þar kardináli ok allir biskupar, 21. ok flest þeirra fólk, lendir menn ok lögmenn, ok allt it bezta mann-val í landinu. Veizlan stóð átta daga. Peir vóru hvern dag á tali, konungr ok kardináli, biskupar, ok lendir menn, ok lögmenn, ok ræddu um nauðsynjar landsins, ok lærðra manna, ok heilagra kirkna. Biskupar vóru í því ráði með kardinála, at hann bæði konunginn gefa nökkut af leiðangrum sínum heilagri kirkju. Kardináli svarar: “ Með því, at “ konungr er yfir öllu landinu, ok hans er allt ríkit, “ ok sýnisk yðr at hann minnki nökkut af sínum “ réttum við fólkit, þá skulu þér [ok] af gefa, hverr “ af sínum tekjum eptir sínum ríkdóm, bæði landz-“ skyldum ok öðrum tollum, þeim sem þér takit. “ En ef þér vilit eigi þetta, þá kann ek eigi biðja “ konunginn minnka sínar tekjur.” Ok síðan gat engi þessa máls optarr. Þá kærðu baendr mjök um, at biskupar tóku tíundir af kirkjum, ok jóku<sup>1</sup> með veizlur sínar, eðr tóku sjálfr til sín. En kardináli sagði þat vandliga upp, ok kvað kirkjur frjásliga skyldu halda tíundum sínum ok öðrum tekjum, svá sem biskupar sínum. Þá kærðu ok lærðir menn, at biskupar tóku veizlur eðr lausnir af prestum, þó at þeir kaemi ekki í fylkit. Kardináli sagði, at þat var bæði móti Guðs lögum ok heilagrar kirkju; ok sagði, at þeir skyldu öngvar taka, ef þeir færí eigi; nema því<sup>22</sup> at eins at þeir [værí] sjúkir, eðr færí eptir boði konungs til hans eðr erkibiskups. Þá kærðu ok baendr,

<sup>1</sup> jóku] juku, Sk.; aukuðu, H.; eyki, Gsk; yki, Fl.

at þeir gyldi fé fyrir, ef þeir byrgi föngum á helgum A.D. 1247.  
July-Aug.  
dögum, eðr tæki fiska, ef Guð gæfi þeim. Kardináli görði þá skipan á, at menn skyldu bjarga hey[v]i sínu ok korni, ok öllu sínu andvirki,<sup>1</sup> ok fiskja síld, ef Guð gæfi, fyrir útan ina hæstu daga. Þá fyrirbauð ok kardináli járn-burð; ok sagði, at þat bar eigi Kristnum [mönnum] at særa Guð til nökkurs vitnis-burðar um mál manna. Margar skipanir görði kardináli, þær er eigi fær hér allar talt.

256. Í þenna tíma réð Eirekr konungr Valdimarsson Danmörk. En eptir andlát Valdimars görðisk sundr-þykki með·þeim bræðrum, Eireki konungi, ok hertoga Abel, er þá var hertogi yfir Jótlandi. Þá hældu Danir ok stríð við Lybiku-menn; ok var af [því] görr ófriðr mikill kaupmönnum þeim er sigldu gegnum Danmörk. Í Græninga-sundi höfðu Danir tekit Norðmanna-skip nökkur, ok rænt öll; ok víðara vóru Norðmenn ræntir, bæði af Dönum ok Lybiku-mönnum. En sumar þetta er  
23. Vilhjálmr kardináli var í Björgyn, þá hafði Hákon konungr látið taka öll skip þau, er konin vóru af Danmörk, ok Vindlands-för, ok nökkura kugga Þýðeskra manna, ok var tekit fé þeirra í vald konungsins. En þeir menu sem fé áttu, gengu til kardinála, ok báðu hann miskunnar, at hann skyldi biðja konunginn, at þeir næði fé sínu. Kardináli flutti þetta við konunginn; ok bað hann miskunna þeim fyrir sakir hans; ok lét þess meiri ván, at þeir væri eigi sakadír um þetta mál, “Þó at ráns-menn í Danmörk eðr Lybiku ræni “menn þá er sigla um [með] varning sínn.” Hákon konungr segir svá, at hann mundi fyrir kardinála orð láta þessa menu ná fé sínu; en [þess] kvað hann eigi ván, at hann mundi jafhan [þola] Dönum þann ófriðr ok ójafnað, er þeir tóku upp við Norðmenn<sup>2</sup> í ránum, ok þó enn í manndrápum. Ok tóku kaupmenn við

<sup>1</sup> ok . . . andvirki] add. Gsk.

<sup>2</sup> við Norðmenn] Fr.; fyrir Norðmönnum, Sk.

A.D. 1247. fé sínu; ok líkaði þeim vel við konung ok kardinála. Sumar þat er Vilhjálmr kardináli var í Björgyn var vígðr Heinrekr Kársson til biskups til Hóla-staðar á Íslandi.

257. Þá var ok sú skipan [gör] til Islands með ráði kardinála, at sú þjóð, er þar bygði, þjónaði til Hákonar konungs;<sup>1</sup> þvíat hann kallaði þat ósannligt, at land þat þjónaði eigi undir einhvern konung sem öll önnur í veroldunni. Var þá sendr út Þórðr kakali með<sup>24.</sup> Heinreki biskupi. Skyldu þeir flytja þat örendi við lands-fólk, at allir játtádisk undir ríki Hákonar konungs, ok slíkar skatt-gjafir sem þeim semðisk. Þetta sumar var sendr til Grænalands Óláfr biskup. Óláfr biskup skyldi ok þangat hafa slíkt örindi.<sup>2</sup> Gizurr Þórvíldsson var eptir í Noregi. Þeir kómu til Islands um haustið, Heinrekr biskup ok Þórðr kakali; ok fór Þórðr<sup>3</sup> til Borgarfjarðar; ok tók Þórðr undir sik ríki þat er átt hafði Sturla Sighvatsson, [ok Snorri Sturluson] föður-bróðir hans, ok it sama fét. Hann tók ok undir sik af konungs-valdi ríki Þorleifs í Görðum, fyrir þat hann hafði farit út í banni konungs, sem fyrr var ritað. Ok er Þórðr kom norðr um vetrinn, þá höfðu þeir menn, er helzt vóru óvinir Þórðar, kært sín mál fyrir biskupi; ok hafði hann tekit þeirra mál á sínn varnað. Ok af þessu tók at spillask vinátta þeirra biskups ok Þórðar, þar til er 1247-48. 1247-49. þeir urðu á öngvan hlut sáttir. Var biskup tvá vetr á Íslandi; ok fór eptir þat utan á fund konungs, ok var inn mesti [óvin] Þórðar jafnan síðan; en þeir slógu<sup>4</sup> þá saman vináttu, Heinrekr biskup ok Gizurr, ok fluttu þat fyrir konungi, at hans mál mundi betr fora á Íslandi ef þeir væri til sendir.

<sup>1</sup> at sú . . konungs] add. Fr.; om. Sk., H. <sup>3</sup> fór Þórðr] H.; fórn þeir, Cd., H.

<sup>2</sup> Óláfr . . örindi] add. H.

<sup>4</sup> slágu] \*, i.e. sér, add. Cd.

258. Nú eru sögð nökkur tíðendi af fundi þeirra A.D. 1247.  
 Vilhjálm kardinála ok Hákonar konungs; en mörg  
 var sú skipan á fundi þeirra til nytsemadar, er eigi  
 25. er hér ritað. Þu öll sú skipan er þeir görðu, þá setti  
 kardináli þar fyrir bréf sítt ok innigli, ok lagði við  
 bann ok Guðs reiði hverjum er eigi hældi. Ok eptir  
 þetta sagði kardináli at hann vildi hafa orlof ór land-  
 inu. Gaf konungr hónum þá gótt orlof, ok flestum  
 mönnum heimleyfi. Síðan lét konungr búa tvítög-  
 sessu, ok tvær skútur, ok byrðing einn. Ok fór kardi-  
 náli með þessum skipum í brott, ok fékk konungr  
 Gunnar frænda [sínn] til skips-stjórnar með hónum.  
 Hákon konungr gaf kardinála stór-gjafir ok hans mön-  
 num; hann gaf ok erkibiskupi, ok öðrum biskupum,  
 góðar gjafir, ok öllum lendum mönnum, ok inu bezta  
 mannvali. [Sem] Sturla kvað:—

“ Ok þar sat seggja dróttinn  
 “ gulli grimmr á gjaf-stóli:  
 “ þá hvern maðr at hring-skata  
 “ þat er yr-þjóð æskja knnni.  
 “ Par rann upp allri þjóðu  
 “ mundar-dagr á mergs-himin :  
 26. “ skein arm-sól jöfра-stýris  
A.D. 1255. fjarðar, ok fann þar Heinrek biskup ok Þorgils skarða, er þá var fyrir Skagafirði, ok flutti konungs-mál fyrir þeim. Tóku þeir báðir vel undir, ok stefndu saman öllum bónum í Skagafirði, ok fluttu konungs-mál með Ívari. Kom þá svá, at allir Skagfirðiugar [ok Eyfirðingar],<sup>1</sup> ok mestr þori<sup>2</sup> bóna í Norðlendinga-fjórðungi, játuðu at gjalda konungi skatt, þvílikau sem þeir urðu á sáttir við Ívar. Fór Ívarr úta um sumarit, ok þótti hónum sít örendi hafa orðit minna en hann ætlaði, ok kenndi hann þat mest vinum Gizurar ok fóst-bræðrum, ok enn sumum frændum Þórðar ok vinum.

284. Einair erkibiskup kom norðr til Níðaróss til stóls síns. Ok þegar sem skip kom sunnan, þá varð erkibiskup þess víss, at Hákon konungi hafði mjök mislíkat, er hann hafði eigi farit á hans fund þegar er hann kom í land, svá skant sem [var] milli þeirra. Erkibiskup býr nú ferð sína suðr til Björgynjar, ok kom á konungs fund. Tók hann hónum vel er þeir<sup>62</sup> fundusk; ok tölzuðu marga hluti síu í milli. Fóru allar ræður vel með þeim. Einarr erkibiskup var inn mesti höfuð-vin unga konungs; þvíat hann hafði gefit hónum konungs-nafn, ek lagði til hans síðan [inn] mesta ástar-þokka. Erkibiskup kærði þat fyrir konungi, at hann skyldi nökkut landa-skipti göra milli sona síenna, at sér lifanda, þat er lands fólkit mætti vel við una, ok láðir þeir játuðu at halda. Hákon konungr átti hér um tal við vini sína ok ráðgjafa. Lögðu menn þar mis-jafnt [til]. Mæltu sumir, at Magnús skyldi hafa þriðjung af landi, ok hertogana-nafn. Sumir mæltu, at skipta skyldi landi í helminga, þó at Hákon konungr bæri einn konungs-nafn eptir fóður sínn. Þeir voru sumir, er eigi kvóðusk vera vilja á þeim stefnum er nökkurr hlutr væri mis-jafnaðr með þeim braðrum; létu þeir bezt gegna mundu, at öllu væri í helminga skipt þeirra millum. Einarr

<sup>1</sup> *ok Eyfirðingar]* add. H., Esp. | <sup>2</sup> *mestr þori]* mikill hluti, II.

erkibiskup, ok vinir unga konungs, báðu konung stað- A.D. 1255.  
festa þetta mál með nökkuri skipan, ok setja þar  
fyrir bréf sít ok innsgili, ok þar með annarra höf-  
ðingja. Konungr tók þessa blíðliga; en mælti svá, at  
þat mundi bezt gegna at Guð skipti. Ok eyddisk  
þat svá, at eingi var skipan á gör. Erkibiskup fór  
norðr til stóls síns, ok skildusk þeir konungr með  
blíðu ok mikilli vináttu.

Hákon konungr ungi hafði þetta sumar gört sendimenn út í Spania til konungsins af Kastel. Var Elis prestr fyrir þeim sendiboðum. Höfðu þeir hauka nökkura at fára hónum, ok fleiri hluti aðra, þá er þar vorú torugætir. Ok er þeir kómu út í Spaniam, ok 63. tók konungr vel við þeim ok svá sendingum þeirra, þær er hónum voru sendar af Noregi. Ok dvölðusk sendimenn þar um hríð í góðu yfirlæti.

285. Penna vetr inn næsta sat Hákon konungr í Björgyn, ok var þessi inn nítjandi vetr ok tuttugti<sup>1</sup> 1255-56. ríkis hans. Um várit nær Páskum sendi Hákon kon- 1256. ungr Þorlaug lósa ok nökkura menn með hónum suðr (Spring.) til Danmerkr; skyldu þeir fara á fund Jacobs erki- biskups í Lund. Görði konungr bréf til erkibiskups, at hann skyldi seuda bréf ok menn til Christoforus konungs, at forvitnask, hvárt hann vildi nökkut halda af sættum þeim er görvar voru milli Dana ok Norðmanna um sumarit er Hákon konungr lá í Ekreyjum. Beiddisk konungr at vita þar af sannan órskurð. En er Þórlaugr kom suðr í Lund, tók erkibiskup vel við hónum, ok lét hann vera með sér. En hann sendi menn í Sjóland til Róiskeldu á fund Dana-konungs. En er hann vissi þeirra örendi, hélt hann þeim með sér, en görði menn upp á Skáney, at taka sendimenn Noregs-konungs ok flytja þá til sín. En erkibiskup fékk njósn af því, ok görði Þorlaug varan við; ok fékk hónum hesta, ok reið hann upp í Svíaríki; en sumir

<sup>1</sup> nítjandi . . . tuttugti] xix. ok xx., Cd.

A.D. 1256. hans félagar vóru eptir með erkibiskupi leyniliga. Þeir fóru ít eystra til Víkrimnar ok svá norðr á konungs fund, ok kómu at Hvítasunu til Björgynjar ok sögðu konungi sín örendi ok orð erkibiskups, at Hákon <sup>64.</sup> konungr mundi ekki til þess þurfa at ætla, at né einn greiðskapr mundi verða á því fé-gjaldi, at Norðmenn áttu skilt af Dönum, eðr óðrum þeim einka-málum sem gör höfðu verit þeirra í millum. Konungr lét sér fátt um finnask. En vónu bráðara lét hann flota skipi sínu Óláfs-súðinni; ok görði þat orð á, at hann ætlaði norðr til Prónðheims. En er skipit var út lagt undir Fenring, sagðisk hann skyldu [sigla] austr til Víkr. Hann görði menn austr fyrir sér með bréfum til sýslumanna í Víkinni, ok kaupmannar þeirra sem vanir vóru at sigla til Danmerkr; ok lagði rákt við, at eingi Eyrar-floti skyldi sigla lengra með landi en í Ekreyjar, ok bíða þar þess er konungr görði ráð fyrir hvernog hann vildi at þeir færi. Hákon konungr sigldi austr með landi; ok er hann kom í Víkina, hélt hann fyrst til Túnbergs. Ok er hann kom þar, görði hanu útboða-bréf um alla Víkina, ok stemndi til sín öllum lendum mönnum ok sýslu-mönnum þeim sem í Víkinni vóru; ok drósk saman mikill herr ok fjöldi skipa. Hélt Hákon konungr öllum þeim her suðr með landi til Ekreyja. Kom þar saman all-mikit lið. Þat var ávarp manna, at eigi mundi vanta þrjú hundrað skipa. Sem Sturla kvað:—

65.

“ Eiga sátuð, jöfра hneitir  
ættum-göðr, at rofnar sættir  
“ (stirðan bjoggu hirðmenn harðir  
her skips-streng) í kyrðum lengi:  
“ Mætum hélt fyrir Elfi útan  
(auðit lézþú flotnum dauða)  
“ (nauða vissu nýjar suðir)  
Norðmanna-gramr borðum þannig.”

· Þá er Hákon konungr lá í Eikundar-sundi, sendi hann

inikinn hluta hers síns suðr fyrir Halland; bað þá herja A.D. 1256. á landit, ok eyða bæði með eldi ok vópnum. Hann sendi nær tveim hlutum liðsins suðr allt til Glaumsteins,<sup>1</sup> vóru þar fyrir: Ögmundr kræki-danz ok Arnbjörn posí, Bárðr í Hestbæ, Áslákr guss, Páll gás, Ámundi Haraldsson. En þriðjungr liðs skyldi ganga upp í Geit-kjörrum. Var þar fyrir Jón dróttning, ok Jón Loðinsson, Þórðr kakali, ok enn fleiri sýslumenn ór Víkinni. Þeir sigldu allir samt til Mostrar-sunds. Sem Sturla segir:—

“ Snejða létu þínar þjóðir  
þunnar skeiðr með búnu reiði  
“ (Gautar spnirðu leiðangr ljótan)  
lunda-völl at Mostrar-sundi :  
“ Síðan leit<sup>2</sup> er seglum hlóðu,  
snarfengr konungr, yðrir drengir,  
“ (lysa tólk af herskips-hausum)  
hrygðar-fólk í Dana-bygðum.”

66. Þá er konungrinn kom í Mostrar-sund, vóru þar fyrir nökkurir Danskir menn, ok vóru flestir drepnir.

286. Bartholomeus-messu-dagr var á Þórsdegi.<sup>3</sup> Þá skipuðusk Norðmenn til uppgöngu á Hallandi eptir því sem Hákon konungr hafði ráð fyrir gört áðr. Gengu þeir ok upp við Glaumstein,<sup>4</sup> en Jón hvárr-tveggi fóru fyrst inn í Barðsfjörð, ok brenndu þar eina kirkju-sókn. Síðan héldu þeir suðr til Geit-kjarra, ok gengu þar upp. Þar var fyrir nökkurr samnaðr<sup>5</sup> af lands-mönnum, ok héldusk þeir lítlia stund við; ok féll þar mart af Dönum. Síðan tóku Norðmenn at herja á landit. Sem Sturla kvað:—

“ Allvaldr réðtú því er ýtar héldu,  
ógnar-bráðs at fylkis ráði  
“ prúðar réðu sveitir síðan  
sóknar-strangs á land at ganga :

<sup>1</sup> *Glaums-]* Fl.; Glymsteins, Sk.

<sup>2</sup> *leit]* lætr, Fr.

<sup>3</sup> *Þórsdegi]* Fimta-dag, Fl.

<sup>4</sup> *Glaumstein]* thus Sk., Fl.

<sup>5</sup> *samnaðr]* Fl.; sa m<sup>r</sup>, Cd.

A.D. 1256.

“ Stórar létu Halland herjat<sup>1</sup>  
 hirðmenn þínir (Frelsi sínu  
 “ víða týndu virða kindir)  
 vægðar-laust fyrir Geit-kjörr austan.”

Norðmenn gengu yfir landit, ok drápu menn, en brenndu bygðir sem við komst; ok kveðit er:—

“ Syngja létu snarpír drengir  
 sóknar-gífr í fleina drífu;  
 “ brandar hleypðu ört ór undum  
 ærnu blóði Danuskrar þjóðar :  
 “ Víða fóllu vegrír þollar,  
 víga-drótt í reknum flótta  
 “ faldin gékk þar ferð at hildi  
 frægra málma ægis-hjálmi.”

67.

Ok enn kvað hann:—

“ Styrkir gengu nænn und merkjum  
 málma-lundz á víðri grundu.  
 “ (val-gammr sleit at vápna-móti  
 varna bráð) af þínu ráði:  
 “ Sjálfri skipti örni við úlfa  
 ógnar-báru höfn-ssára  
 “ (gylðir stóð yfir grimra hölda)  
 greyprar þjóðar (megin-blóði).”

Þeir Ögmundr kræki-danz gengu ok á land Bartholomeus-messu-dag við Glaumstein, ok fengu þar öngva við-stoð, en drápu marga menn af Dönum. Þeir brenndu bygðina um kveldit ok Frjádaginn; ok fóru allt suðr til ár þeirrar er Edre<sup>2</sup> heitir, ok brenndu þar upp kaup-þorp eitt. Laugar-daginn snuru þeir aptr, ok brenndu þá allar bygðir þær sem fyrir þeim urðu. Sem Sturla kvað:—

“ Hæstan kyndu hirðmenn traustir  
 heitan eld í Dana-veldi ;  
 “ skæriligr gékk húsum hæri  
 hallar gandr á svíðnu landi ;

<sup>1</sup> *Halland herjat*] Hallandz heriar, Fr.

<sup>2</sup> *Edre*] Eidre, Fl.; now called R. Åtran.

A.D. 1256.

“ Viða fór um búkarls búðir  
 birki-sótt ; en hræddar drótir  
 “ bragnar margir báli slegnir  
 68.                   brunnit land, til skógar runnu.”

Um nótt[ina] fyrir Sunnudaginn lágu Norðmenn á skipum sínum. Þá kom á stormr mikill, ok rak nökkur skip frá þeim ór festum; en menn báru áðr af féit, ok gengu sjálfr á þau skipin er fest voru.

Sunnudaginn kómu Danir ofan með mikinn samnað. Þeir drápu nökkura sveina Norðmanna er þeir fundu á landi; ok nökkura<sup>1</sup> þá menn er slegisk höfðu eptir í bygðinni at óspektum. Síðan tóku þeir skipin þau sem upp höfðu rekit, ok görðu á<sup>2</sup> bál stór, ok aethluðu at þat skyldi reka út at skipum Norðmanna; því at vindrinn hafði gengit á land. Norðmenn röru í móti at landinu, er þeir sá þessa nýlundu, ok kómu á stafn-léam sum skipin, ok drógu at sér; ok varð þeim ekki mein at þessari umbúð. Eptir þat fóru Norðmenn brott frá Glaumsteini, ok brenndu nökkuru síðarr staðinn í Aranesi. Svá sagði Sturla:—

“ Gneistum hratt fyrir Elfi austan  
 Elris-garmr í ráfít varna ;  
 “ síðan félle háfar hallir ;  
     hrygðar-stund í Dana-bygðum :  
 “ Innin tóku öll at brenda,  
     óguar-stríð[r] á Hallands-síðn  
 “ ýta rann um stórlig stræti  
     storðar-úlfr fyrir Glaum-stein<sup>3</sup> norðan.”

Hákon konungr lá í Ekreyjum til þess er herrium kom eptir sunnan til móts við hann; spurði konungr þá glöggliga öll þau tíðendi sem görzk höfðu. Þeir tóku þá herfangit, ok skiptu með konungs ráði. Hákon konungr hugsaði þá eptir, at Norðmenn höfðu gört mikinn ófrið í ríki Dana-konungs. Átti hann þá 69. tal við sína menn, hversu hann skyldi gaeta ríkis síns

<sup>1</sup> sveina . . nökkura] add. H ; | <sup>2</sup> a] H., Fl.; af, Sk.  
an homoteleton in Sk. (nökkura). | <sup>3</sup> Glaum-stein] Glymstein, Cd.

A.D. 1256. Þar [til er] hann spurði tiltæki Dana-konungs. Var þat þá ráð tekit, at senda menn á fund Christoforus konungs, hvert ráð hann vildi göra fyrir þessum málum þar sem komit var, hvárt hann vildi til sætta [snúask] eðr vildi hann halda ófrið við Norðmenn. Með þessum örendum fóru þeir Símon predicari ok bróðir Sigurðr. Þeir kómu á fund Dana-konungs ok tók hann þeirra málum heldr þungliga; lét sér mikit um finnask er Noregs-konungr hafði herjat í ríki hans. En öngan fengu þeir órskurð af Dana-konungi þann er þeim þatti líkligr. Fóru þeir við þat á fund Hákonar konungs, ok sögðu hónum allar ræður Dana-konungs; ok þeim þótti hann ekki líkligr til nökkurra sætta.

287. Hákon konungr fór ór Ekreyjum. Hann setti eptir við Elfina Hákon son sínn, ok lá hann í Straumsundi með tín stór-skipum. Þessir voru skip stjórnarmenn með konunginum: Ögmundr kræki-danz, Veseti at<sup>1</sup> Helli, Símon stuttr,<sup>2</sup> Loðinn staurr, Helgi ranði prestr. Gestir höfðu tvau skip mikil. Hákon konungr fór í Vikina, ok hélt fyrst [til] Túnbergs, ok dvalðisk þar lítlar hríð áðr hann fór norðr í land. Ok er hann kom á Austr-Agðir, kom þar til hans Elis prestr, er ungi konungr hafði sent út í Spania. Sagði hann konungi, at í landit voru komnir sendimenn konungsins af Spania, ok hét sá síra Ferant<sup>3</sup> er fyrir þeim var. Sagði hann at þeir höfðu mörg örindi<sup>4</sup> til Hákonar konungs; ok svá þat, at konungrinn af Spania vildi vera vin hans, ok binda þat með hinum 70. sterkestum teingðum, ok sendimenninir lægi þar fyrir þeim í höfninni í Rauða-sundi. Ok er konungr kom þar, þá fundu sendimenn hann, ok sögðu hómum sín örindi.<sup>4</sup> Konungr görði þá ráð fyrir þeim, at þeir skyldu sitja í Noregi um vetrinn í Túnbergi, ok bíða

<sup>1</sup> at] H.; af, Sk., Fl.

<sup>2</sup> stuttr] H., Fl.; staurr, Sk.

<sup>3</sup> Ferant] Ferans, Sk., Fl.

<sup>4</sup> örindi] Fl., H.; tíðendi, Sk.

þar til þess er konungr kæmi norðan um várit, ok A.D. 1256. veitti þann órskurð þeirra örendum, sem hónum sýndisk, með inna beztu manna ráði. Síðan fór Hákon konungr norðr í land; ok kom um haustið til Björgynjar, ok efnaði þar til vetr-setu. Þetta sumar<sup>1</sup> kom Ívarr Englason af Íslandi, ok sagði slík tíðendi sem görzk höfðu í hans ferðum.

288. Hákon konungr nagi lá um haustið í Straumsundi, sem fyrr var ritað, ok stóð Dönum mikil ógn af hónum; þvíat þeir höfðu mjök hræddir orðit um sumarit við þann ófrið er þeir höfðu gört á Hallandi. Konunginn görði orðsendigar um hanstið suðr á Halland<sup>2</sup> í þau héruð sem eigi voru brennd, ok lagði á þá mikit fé-gjald; ok kvað á hversu mörg hundruð nauta þeir skyldu gjalda hónum. En at öðrum kosti lézt hann mundu fara til móts við þá, ok göra þeirra kost öngu betra en hinna er brennt var fyrir. Danir gengu undir öll álög þau sem konungr lagði á þá, ok guldu þeir hónum mikinn fjölda nauta; en sumt gjaldit leystu þeir með vaxi, ok léreptum, ok silfri, ok öðrum [góðum] kaupmanna-eyri. Þetta fé var flutt til Hákonar konungs í Straums-sund. Hann lá á skipum allt fram til Marteins-messu. Sjólendingar lágu í samnaði um vetrinn, ok voru mjök hræddir at<sup>3</sup> 71. konungr mundi herja á þá. Hákon konungr hafði látið búa fyrir sér til Jóla-[veizlu] í Túnbergi, ok fór hann þangat fyrir Jólin, en setti eptir í Konunga-hellu<sup>4</sup> Ögmund kræki-danz ok þá sem sýslur höfðu austr þar. Konungr sat um Jólin í Túnbergi, ok kómu þegar orðsendigar frá Ögmundar<sup>5</sup> at konungr skyldi koma austr til styrks við hann, þvíat þeim voru flutt mörg stóryrði af Dönum. Hákon konungr býr þegar ferð sína, ok fór þegar til Túnbergs tveim

<sup>1</sup> sumar] haust, II.

<sup>2</sup> suðr á Halland] add. II.

<sup>3</sup> at] ok, Cd.

<sup>4</sup> i Konunga-hellu] add. H.

<sup>5</sup> Ögmundar] thus Fl.; dat., Cd.

A.D. 1257. nótum<sup>1</sup> eptir Jólin, ok fékk mikit veðr, ok ákafa-þvert; ok varð at slaga til, áðr hann náði höfnimi í Spjör<sup>2</sup> fyrir austan Foldina. Síðan gékk konungrinn á skútu, ok lét flytja sik til megin-lands; ok hann fór út it efra at veizlum; en hann lét skipum sigla it ytra austr til Elfarinnar, ok kom hann fyrr til Konunga-hellu en skipin. Hann sat í borginni í hólmanum við Konunga-hellu, var hann þar til Föstunnar. En þá kómu bréf frá Hákonni föður hans, at hann skyldi fara norðr [til Osloar til Hákonar biskups, ok bíða þar til þess er Hákon konungr kæmi norðan, ok þeir syndisk, ok görði ráð fyrir, hversu fara skyldi með þessum vanda-málum, er sira Ferant fór með, er konungr af Spania beiddi, ab Hákon konungr skyldi gipta hónum dóttur sína, jungfrú Kristínu, einhverjum af braðrum sínum. Hákon [ungi] konungr fór ór Konunga-hellu Ösku-Óðinsdag norðr til Osloar. Ok er hann hafði dvalizk þar um hríð, kvómu til hans bréf austan ór Gautlandi frá B[irgis] jarls, mágs hans, at hann skyldi koma austr sem skjótast til móts við hann. En með því at faðir hans var eigi norðan kominn, þá býr hann ferð sína ór Oslo til Túnsergs,<sup>72</sup> ok fékk í þeiri ferð nökkurn sjúkleik; ok baetti Guð hónum skjótt. Ok er hann kom til Túnsergs, gékk hann á skip, ok sigldi austr [til] Elf[ar]innar, ok kom til Konungu-hellu í Dymbil-daga-[viku] öndverðri, ok fór þaðan til Ljóðhúsa, ok var þar fyrir<sup>3</sup> hónum Valdimarr Svía-konungr, mágr hans, [ok fagnaði hann] Hákoní konungi meðr inni mestu blíðu. Ríðu þeir báðir samt upp í Gautland. Ok er Birgir jarl spurði, at Hákon konungr, mágr hans, var í Svía-veldi, þá átti jarl tal við sína menn; ok bað þess, at allir menn skyldu við hónum taka sem sæmiligast ok hans mönnum; ok lagði svá ríkt við, ef nökkurr maðr tæki

<sup>1</sup> *tveim nótum*] add. II., Fl.

<sup>2</sup> *Spjör*] Spjaur, Cd.; Spjörr, II.

<sup>3</sup> *fyrir*] Fl.; með, Sk.

Norðmönnum með spotti, eða kallaði "bagga" eðr A.D. 1257. Öðrum hæðiligum orðum,<sup>1</sup> at hann skyldi engu fyrir týna nema sínu háls-beina.<sup>2</sup> Þeir mágar voru allir samt um Fáskana í Vestra-Gautlandi á þeim bæ, er í Leinum heitir. Ok Páska-dag inn fyrsta at messu, þá leiddi Valdimar konungr, ok jarl, Hákon konung til altaris, ok veittu hónum alla ina mestu særð. <sup>3</sup>Fóru ok allir hlutir sem blíðast með þeim mágum; skipuðu þeir Hákon konungi milli sín. Þeir skilðusk ok <sup>4</sup>með inum mestu kærleik ok blíðu. Reið Hákon konungr síðan ofan til Konunga-helli, ok dvalðisk þar nökkura hríð um várit, ok bjó þaðan ferð sína norðr í Víkina. Hann reið jafnan ok skemti sér með haukum ok hundum. Ok einn dag er hann fór austri yfir ána í Gulteyna at skeinta sér; ok hann fór <sup>5</sup>þaðan, ina næstu nótt, fékk hann sótt; var þá búin ferð hans norðr í Víkina; ok fór hann þá á skip sít, <sup>73.</sup>ok byrjaði [hónum] vel. Ok er hann kom austan at Foldinni, tók <sup>6</sup>sóttin at herða at hónum. Gékk hann á skútu eina, ok lét róa með sik yfir Foldina til Túnbergs, ok færa sik upp til Munklífis, ok lá þar. Kom þá til læknir sá er farit hafði [útan] af Spania með sira Ferant,<sup>7</sup> ok lagði ráð til um sóttar-far hans. En sóttin <sup>8</sup>þyngði eigi því síðr. Ok andaðisk hann af þeirri sótt. Ok er ártíð hans tveim nótum eptir Kross-  
messu. Þetta þótti öllum inn mesti skaði; þvíat Hákon konungr var all-vinsæll af sínum mönnum, ok örr af fé. Hann var heldr hár meðal-maðr, vel vaxinn, fríðr sýnum, vel hærðr, ok eygðr manna bezt, vel styrkr maðr, ok manna fimastr, ok um allt inn léttasti á sér; allra manna bezt hest-faerr þeirra sem þá voru í Noregi. Lík Hákonar konungs var fært inn

5th May.

<sup>1</sup> *orðum]* nöfnum, Fl.<sup>2</sup> *-beina]* thus Fl.<sup>3</sup> Here begins St.<sup>4</sup> *ok]* add. St.<sup>5</sup> *fór]* kom, St.<sup>6</sup> *ok er hann kom . . . tók]* St.; austr at Foldinni tók þá, Sk.<sup>7</sup> *Ferant]* Feranz, St.<sup>8</sup> *sóttin]* sóttinni, St.

A.D. 1257. til Osloar, ok var hann jarðaðr í Hallvarðs-kirkju, þar sem Sigurðr konungr Jórsala-fari var grafinn.

289. Hákon konungr sat þenna vetr í Björgyn er 1256-57. nú var frá sagt, ók var þessi inn fertugandi<sup>1</sup> vetr ríkis hans. Ok síðan er Predicarar þeir höfðu til hans komit, er haun hafði sent um haustið suðr til Danmerkr, fannsk hónum svá í orðum þeirra sem Dana-konungr hefði lítinn hug á at sættask við Norðmenn. Ok er Hákon konungr sá, at ekki mundi at sættum verða,<sup>2</sup> þá görði hann útboða-bréf um allan Noreg. Fóru minnstar nefningar<sup>3</sup> um Hálogaland; en því 74. meiri sem summar var. Hann sendi [orð] Einari erkibiskupi ok öllum ljóðbiskupum, at þeir skyldu sem skjótast til hans koma, ok fylgja hónum í þenna leiðangr. Hákon konungr lét flota skipi því er hann hafði göra látið í Björgyn, ok kallaði Máriu-súðina. Þat var allra skipa fríðast. Eldr hraut ór hlunnunum, er fram gékk. Sem Sturla kvað:—

“ Hrinda lét út herskipa bröndum  
    hilmir frægr á saltan ægi;  
“ eldi hrauð fyrir æsi-köldum  
    unnar-meid ór dregnum hlunni :  
“ Almenningr varð út at sinna  
    ógnar-lundr á þimni gründu ;  
“ mildir höfðu herboð<sup>4</sup> höldar,  
    harða svelld af Noregs-veldi.”

290. Þá er Hákon konungr var búinn ór Björgyn, hélt hann fyrst austr til Víkr. Ok er haun kom austr-fyrir Agðir, frétti hann andlát Hákonar konungs unga, sonar síms. Þótti hónum þat, sem var, mikil tíðendi ok þungr skaði. Hélt þá fyrst til Túnbergs, ok stefndi þangat til sín erkibiskupi, ok öllum inum vitrustum mönnum er í voru landinu, til ráða-görðar,

<sup>1</sup> *fertugandi*] so in full, Sk., St.

<sup>2</sup> *at sættum verða*] á sættírnar at stunda, St.

<sup>3</sup> *nefningar*] St., Fl.; nefndir, Sk.

<sup>4</sup> *útboð*] herboð, Fr.

hversu svara skyldi þeim örendum, er sendimenn A.D. 1257. konungs af Spania höfðu til Hákonar konungs ok jungfru Kristínar. En er erkibiskup kom, ok hér var um talat, þá sýndisk sumum vitrum [mönnum] þetta 75. sæmilitg gjaforð, ef gipta vildi fylgja, eptir því sem vón þótti til vera. Var þat konungsins atkvæði, með vina sínna ráði, at játa sendimönnum því, at hann mundi senda jungfrú Kristínu, dóttur sína, út í Spaniam, eptir því sem konungrinn hafði orð til sent; ok hón skyldi koma á hans völd; með því móti, at jungfrúin skyldi kjósa sér til manns af braðrum hans, þann sem henni líkaði, ok þeim beztum mönnum sem konungrinn fengi [til föruneytis] með henni. Eptir þat lét konungr búa ferð þeirra, ok ætlaði menn til ferðar með henni. Var þar fyrir Pétr biskup af Hamri, Símon prédicari, ok enn fleiri lærdir menn. Þar var ok fyrir settr Ívarr Englason, Þorlaugr bósi, Loðinn leppr, Ámundi Haraldsson, ok margir aðrir ágætir menn. Höfðu þeir meir en hundrað manna; ok margar ágætar konur voru í fylgi<sup>1</sup> með henni. Hákon konungr görði hana heiman með svá miklu fé í gulli ok brendu silfri, ok skinna-vöru hvítri ok grári, ok öðrum dýrgripum, þeim er eingi vissi dæmi til at þvílikt fé hefði greitt verit með nökkruri konungs-dóttur fyrr<sup>2</sup> af Noregi. Hákon konungr lét búa þeim eina snekkju mikla, ok voru þar gör í herbergi, á annat bord jung-frúnni, en á annat bord sira Ferant; því at hann mátti ekki vera fyrir sjó-verk uppi.<sup>3</sup> Þessi ferð var bútin með inum mesta kostnaði ok hævesku. Sem Sturla kvað:—

76.           “ Errinn sendi ungan svarra  
              út í lönd á geima þrútinn;  
              “ aldri frétnað jöfra-drótins  
              æðri ferð af heiman-gerðum :

<sup>1</sup> *fylgi]* fylgð, St.

<sup>2</sup> Here begins the third vellum leaf of fragm. b.

<sup>3</sup> *uppi]* add. St.

A.D. 1257.

“ Allir tóku yppi-pollar  
 unnar-tams fyrir Lægi sunnan  
 “ ára-blakks sem allvaldr færí  
 innan-lands við dóttur Þínni.”

Þegar sem ferð jungfrú var búin, sigldu þau í haf, ok  
 kómu af hafi við Járna-móðu í Englandi. Munu vér  
 þar léッta at sinni at segja frá þeirra ferðum.

291. Hákon konungr dvaldisk í Túnsbergi, ok  
 kom til hans mikit lið ok frítt af Noregi. Hann  
 hafði stór-mikit lið ok útboð um alla Víkina. Sem  
 Sturla kvað :<sup>1</sup>—

“ Norðan héldu allt um öldur  
 auðar-lundr við þík til fundar  
 “ (húfar treystu drifnar dífur)  
 dygðar-menn ór Finna-bygðum :  
 “ Svífa léztu ór hverju hrófi  
 hlaðnar skeiðr á vatnið breiða  
 “ (sandi jós um stál in steindu  
 storðar-gandr) fyrir Elfi norðan.”

Þá er Hákon konungr var í Túnsbergi kom sunnan  
 af Danmörk Absalon Predicari, er Provincialis var af  
 öllum Predicara-klaustrum í Norænni tungu. Hann 77.  
 var sendr af Dana-konungi til Hákonar konungs, at  
 Norðmenn skyldu eigi herja í ríki hans. Sagði  
 hann at Dana-konungr vildi heldr eiga stefnu við  
 Noregs-konung, ok sættask við hann eptir góðra  
 manna ráði. Hákon konungr bar þetta upp fyrir vini  
 sína, ok fannsk þeim svá, et eigi mætti fyrir alvöru  
 taka þat er Danir mæltu, með því at Danir hefði  
 eigi efnt fyrir þat sem þeir höfðu við talask. Ok  
 fyrir því gaf Hákon konungr þann órskurð bróður  
 Absaloni, at hann mundi sigla suðr til Danmerkr sem  
 hann hafði ætlat, ok fara með spekt ok friði til þess  
 er reynt væri, hvárt þeir Christoforus konungr yrði  
 sáttir, eðr væri þessi orð ekki nema fals ok hégómi.

<sup>1</sup> b. om. the verse.

Fór Absalon við þenna órskurð suðr til Danmerkr, ok A.D. 1257. með hónum Sigurðr prior er áðr hafði milli farit um vetrinn.

Eptir þetta býr Hákon konungr ferð sína af Túnbergi, ok hafði Máriu-súðina; þat var dreki, ok prítegr at rúma-tali, ok allra skipa fríðast [þeirra] er gör hafa verit í Noregi. Höfuðin vóru gulli lögð ok svírárnir. Seglit var sett með fógrum skriptum. Mörg hafði Hákon konungr önnur stór-skip ok ágætavel búin; ok þótti nijök likt at sjá í sólskini sem eldar brynni af höfðunum, ok veðr-vitum, ok gylldum skjöldum, er við vóru stafnana. Sem Sturla kvað:—

78.     “ Digla-eldr var sénn í segli  
              svipti-lundr á dýrðar-skriptum,  
“ rísa tóku roðnir hausar  
              Rínar-logs yfir dreka þínum :  
“ Unnar þóttu eisur brenda  
              Ullar-fars af slegnu gulli,  
“ fasti rauð yfir flota glæstum  
              flesta rönd, á skeiða-bröndum.”

Þá er Hákon konungr var búinn, sigldi hann af Túnbergi með öllum herinum austr yfir Foldina. Sótti þá til hans mikill herr austan-fjarðar.<sup>1</sup> Þá er konungr sigldi austr ór Vegginum, sigldu Harðangr, Þórir Gripsson<sup>2</sup> ok Bárðr Gróson, á skip Einars erkibiskups, ok af stafninni niðri í kinn-vangunum;<sup>3</sup> ok fauk allt senn á sjóim, stafninn, ok skildirnir þeir semi við vóru; en veðr-vitana festi í seglinu þeirra Þóris, ok sigldu þeir í brott með þá. Eirkibiskup létt róa til á báti at taka stafninn ok skjölduna.<sup>4</sup> Síðan létt hann setja stafninn í skipit, ok festa sterkliga, ok skjalda fyrir útan; ok sigldi síðan suðr til Ekreyja, ok fann þar konung. En þegar konungr vissi, at skip

<sup>1</sup> austan-fjarðar ] austan yfir fjörð, St.

<sup>2</sup> Gripsson] b.; Greipsson, Cd.

<sup>3</sup> kinnvangunum] kinnungunum, b.; kionvanginum, St.

<sup>4</sup> skjölduna] St.; skjöldinn, Sk.

A.D. 1257. erkibiskups var brotið, þá fannsk þat á, at hónum mislíkaði mjök; en sumir mæltu svá, at minnr væri brotið en biskups-menn segði Ok er þetta var sagt [erki-]biskupi; þá létt hann taka frá stafninn, ok rak hann þar um strandir. Skipuliga var með þeim konungi ok erkibiskupi; en ekki mart um. En til jung-herra Magnúss var erkibiskup margr, en fárra annarra.

Þá er Hákon konungr lá í Ekreyjum, hafði hann 79. þar stefnur við ráðu-neytí sitt; ok talaði fyrir þeim, ok birti þann skaða sem hann hafði fengit, ok allir Noregs-menn, í frásalli Hákonar konungs unga. Ok eptir þat sagði hann svá:<sup>1</sup> “Pó at almáttigr Guð “ hefði þenna frá þeim tekit,” þá var þó gótt efni eptir um konungs-tekjuna, þar sem var jungherra Magnús son hans. Talaði konungr þar um snjallt örendi, ef mönnun sýndisk at taka hann til konungs í stað þess er þá var fallinn frá. En allir menn görðu hér góðan róm at, ok létusk þat gjarna vilja. Lagði erkibiskup flest til. Þá svarar konungr: “Herra “ erkibiskup,” sagði hann, “þá er vér áttum at tala “ um landa-skipti með sonum mínum, vóru þér mjök “ fýsand, at Hákon konungr einn skyldi bera kon-“ ungs-nafn eptir mínn dag, [en] jungherra Magnús “ skyldi vera hertogi. Pótti yðr, ok öðrum fleirum “ mönnum, undarligt er ek vilda eigi opinberliga göra “ þá skipan þeirra í milli; [en] mér pótti vant at “ misjafna nafn<sup>2</sup> með þeim jafn-bornum sonum mínum. “ Skaut ek þá, sem jafnan, mínu máli til Guðs, at “ hann skyldi skipta með þeim. En nú er svá til “ borit, at sá er frá kallaðr er þá vildu upp hefja allir, “ en hinn lifir eptir, er þér vildut, ok enn fleiri aðrir<sup>3</sup> “ ráðgjafar várir, minni sœmðar unna en hann var “ til kominn.” Erkibiskup svarar: “Játa ek því, “ herra,” sagði hann, “at ek fýsta þess, at einn væri

---

<sup>1</sup> Fragm. b. contracts, reducing to  
a few lines, the following speeches. | <sup>2</sup> *nafn*] om. St.

<sup>3</sup> *aðrir*] add. St.

“ konungr yfir [Noregi] í senn ; unna ek þess öngum A.D. 1257.  
 “ manni betr at njóta<sup>1</sup> en Hákon konungi, þvíat  
 “ hann var ellri þeirra braeðra ; hafða ek hónum kon-  
 “ ungs-nafn gefit. En með því, at Guð hefir hann  
 “ frá kallat, þá ann ek öngum konungs-tignar jamn-  
 “ vel sem jungherra Magnúsi.” At þessa görðu allir  
 menn inn mesta rómi. Var þat þá ráðit, at konungr  
 mundi þar hafa almenniligt þing, ok mundi Magnúsi  
 þar gefit konungs-nafn. En þótt hitt veri vandi mestr,  
 at konungr væri tekinn í Próndheimi á Eyra-Þingi, þá  
 þótti öllum varligra, at landit væri eigi konungs-  
 laust meðan Hákon konungr væri brott ór ríkinu.

80. 292. Jóns-vöku-dag átti Hákon konungr almenniligt 24th June.  
 þing í Ekreyjum. Þar var til konungs tekinn jung-  
 herra Magnús ; hónum gaf konungs-nafn Einarr erki-  
 biskup. Eptir þat sór hann lög ok réttindi öllu  
 lands-fólki at *lignum Domini*. Síðan [sór] Knútr jarl  
 Magnúsi konungi, ok þar eptir lendir menn, ok stall-  
 arar, ok skutil-sveinar ; ok eptir þat tólf bændr ór  
 hverju fylki. Messu-daginn hafði Hákon konungr  
 Magnús konung í boði sínu, ok alla biskupa. Erki-  
 biskup hafði mikit mein í hendi, ok var hann fyrir  
 því eigi þar. Þar vóru allir lendir menn ok hirðstjórar.  
 En um daginn eptir veitti Magnús konungr stórligar  
 gjafir, fyrst Hákoní konungi föður sínum. Erkibiskupi  
 gaf hann langskip meir en tvítögt at rúma-tali, inn  
 bezta grip, ok enn fleiri gjafir. Hann gaf öllum inum  
 beztum mönnum sæmiligar gjafir, þeim sem í boði  
 hans vóru. Varð hann af því þegar stórliga vinsæll.  
 Tók Magnús konungr þá mikla sveit, ok flesta þá er  
 þjónat höfðu Hákoní konungi, bróður hans. Hann  
 skyldi vera eptir til land-grezzlu.

293. Þá er þessir hlutir vóru skipaðir, lagði Hákon  
 konungr herinum brott ór Ekreyjum. Magnús konungr  
 81. fór norðr í Víkina, ok sat í Túnbergi um summarit.

<sup>1</sup> *at njóta*] add. St.

A.D. 1257. Hákon konungr hafði til Danmerkr þrjú hundruð ok  
fimtán skip. Þessi floti var all-glæsiligr. Sem Sturla  
kvað:<sup>1</sup>—

“ Ærin var sem elding færi  
innan borðz á lagi norðan ;  
“ öldnum varp er húsum héldut,  
hilmis-kundr ! til Jörmun-grundar :  
“ Vinda þurðu vísa ferðar  
veglig flaust und búnu segli  
“ (geiga létuð gylltar sýjur,  
grundar-vörðr) at Eyrar-sundi.”

Hákon konungr hílt herinum suð til Eyrar-sunds ok  
til Kaupmanna-hafnar, ok lá þar í Refshala-djúpi.  
Mikit fannsk Dönum um herinn, þótti vera bæði  
mikill ok vel búinn. Sögðu, sem satt var, at eingi  
mundi þvílíkan útlenzkan her hafa fyrr séð kominn  
í Danmörk. Sem Sturla kvað:—

“ Renna þótti upp á umnum  
alla leið af flota breiðum  
“ hilmis frægs þar er herskip lágu  
himna-eldr í Dana-veldi :  
“ Pengill kom þar annarr cingi  
innan-lands, svá at daemi finnisk,  
“ (raesir stýrðut rétt til jarðar  
ríki-látr) með afla slíkan.”

26th June. Hákon konungr kom til Kaupmannia-hafnar Týrsdag ; 82.  
en Frjádaginn eptir komi Dana-konungr í staðinn, ok  
hafði mikinn her, ok marga ágæta herra af Danmörk.  
Par var Jacob erkibiskup af Lund, ok aðrir ljóð-  
biskupar. Par var Jarmar af Rae af Vindlandi. Ok er  
menn fóru um sættir at leita, þá var langt milli máls  
konunga. Vóru þá margir Norðnemn fýsandli Hákon  
konung at herja í ríki Dana-konungs. En konungr  
hafði gefit sex nátta frið til þess at hann mundi eigi

<sup>1</sup> b. em. the three following verses.

herja. Sem kvað Gizurr Þorvaldsson er þá var með A.D. 1257. konunginum :

“ Snjallr bauð ör-graunt öllum  
    allvaldr griðum halda  
“ naðrs gló-strætis njótum  
    nætr sex ok frið gæta.”

Einarr erkibiskup gékk [mest] eptir sætta umleitan, ok margir aðrir með hónum. En þetta var, sem jafnan hefir verit fyrr með Norðmönnum ok Dönum, at hvárum þótti sinn skaði meiri þegar sem í nökkura reiknan fór, hvat hvárir höfðu látið. Leitaði erkibiskup þá eptir með konungs-ráði, at hvárr konungr dæmði sinn skaða ok síンna manna. Ok er þat kom saman, stóð þat í, at Christoforus vildi fyrri dæma. Ok er þat var flutt Hákon konungi, hugðisk hónum svá at, sem var, at sá réði öllu málínu<sup>1</sup> er sfsdarr dænði; ok því játaði hann því. En áðr þessi sætt var samín, hafði Hákon konungr skipat öllu sínu liði, hvar hverir skyldu upp ganga ok herja, ef eigi tækisk<sup>2</sup> 83. sættin. Danir voru mjök fúsir til sættanna, þvíat þeim sýndisk mikill affli Hákonar konungs ok torsótt-ligt lið. Sem Sturla kvað:—

“ Öllum þótti, Egða-stillir,  
    ægiligt, inn víða frægi,  
“ gunnar-logs fyrir græði sunnan  
    geigur-þing við yðr at eiga :  
“ Sætta báðu Sygna-dróttinn  
    snjall-ráðan þik Danir allir  
“ fyrða gram, þvíat fegnir urðu  
    fjándmennu þínir lífi sínu.”

Þá er Christoforus konungr hugsaði þetta með sínum ráðgjöfum, þótti hónum stórr vandi í at skipa nökkura sætt við Norðmenn. Tók hanu þá vitrligt ráð,

<sup>1</sup> öllu málínu] St., Fl.; öllum | málum, Sk.

<sup>2</sup> Here ends the third leaf of b.

A.D. 1257. með vina sínna ráði, ok gaf upp Hákon konungi alla þá hluti sem Norðmenn höfðu af gört við Dani. Ok með þessu fundusk konungarnir sjálfir. Ok er Hákon konungr heyrði þenna órskurð, þá görði hann hvergi óframarr af sínni hendi, ok gaf upp Dönnum allan ófrið ok mótgang þann er Danir höfðu gört Norðmönnum. Til þessarra mála lögðu allir vel þeir sem við voru; ok urðu allir fegnir sáttinni, nema Jacob erkibiskup, ok herra Jarmar af Vindlandi. Eptir sættina drakk Hákon konungr með Christoforo konungi í hans landtjaldi. Síðan gékk Dana-konungr á skip Hákonar konungs, ok drakk með hónum. Með þessi sætt bundu þeir fullkomliga vináttu sína, svá at Dana-konungr skyldi vera Noregs-konungi í sonarstað, en Hákon konungr hónum í föður-stað; skyldi ok hvárr öðrum veita með sínum styrk þann tíma s4. sem annarr þættisk þurfa liðveizlu. Ok eptir þetta gaf hvárr öðrum góðar gjafir. Þá baund Hákon konungr Christoforo hvárt hann vildi piggja af hónum skipit Máriu-súðina, eðr þrjú önnur þau sem hann kjöri ór herinum. En Christoforus konungr játaði gjöfinni; en vildi síðarr kjósa, þá er hann sendi orð til Hákonar konungs, hvár hann vildi heldr skipin eiga. Eptir þetta fóru allir hlutir sem blifðast með þeim, ok skildusk með inum mesta kærleik.

Hákon konungr fór eptir sættina norðr í Noreg í ríki sítt; ok urðu allir fegnir hans heim-kvámu. Sem Sturla segir:—

“ Veitti virða dróttinu  
vík-eldz glasfir ríkjum  
“ (gull-sviptir hlaut giptu  
göfugr) Skánunga-jöfri:  
“ Heim kom hilmir Raumna  
(livatir fundu þat skatnar)  
“ ár með öflgum tíri  
ólestr ok veg mestum.”

Hákon konungr hélt fyrst til Túnbergs ok fann [þar]

Magnús konung ok frú Margrétu drótníng. Eptir A.D. 1257.  
 þat fóru þeir báðir norðr til Björgynjar. Þá veitti  
 Hákon konungr Magnúsi konungi Rygja-fylki. Hann  
 görði ok þat bert fyrir mönnum, at þeir báðir kon-  
 ungarnir skyldu til Próndheims [norðr] ok sitja þar  
 um vetrinn. Bjoggu þeir ferð sína norðr til Prón-  
 dheims. Var dróttning á<sup>1</sup> skipi með konungum ok  
 frú Rikiza.

85. 294. Nú er at segja frá ferð frú Kristínar ok hen-  
 nar föru-neyti. Var þar frá horfit er þau kómu til  
 Englands. En þaðan fóru þau suðr um sjó í Nord-  
 mandí. Ok er þau kómu þar, vildi Ívarr Englason  
 fara it vestra skipleiði; en sira Ferant, ok Þorlaugr  
 bósi, ok þeir sem örendi höfðu til konungs af Franz,  
 vildu þeir fyrst finna hann. Sneru þau þá ferðinni á  
 land upp, ok keyptu meirr en sjau tigi hesta um  
 fram þá sem áðr höfðu þau. Þeir Þorlangr bósi ok  
 [sira] Ferant fóru á fund Frakka-konungs; ok tók  
 hann vel örendum Noregs-konungs. Ok er hann vissi  
 um ferð jungfrúnnar, þá lagði hann þat ráð til, at  
 þau skyldu eigi fara it vestra um Gaskonia; bað þau  
 fara um sitt ríki; ok þar með fékk hann þeim mann<sup>2</sup>  
 með bréfi sínu ok innsigli til alls forbeina þess sem  
 þau þurftu. Ok fór sá með þeim<sup>3</sup> allt út til þess  
 staðar er Narbon heitir, ok liggr við Jórsala-haf. En  
 þegar sem herra sá, er í staðnum var, vissi kvámu  
 jungfrú, lét hann fara á sínn kost þann dag alla  
 hennar menn. Þaðan fóru þau í Kataloniā,—þat er  
 í ríki konungsins af Aragun,—ok var all-vel við þeim  
 tekit. Þaðan fóru þau um stór fjöll ok harðar götur  
 fram með Jórsala-hafi. Jungfrú hafðisk vel við í  
 ferðinni, ok var æ því betr sem þau fóru lengra fram.  
 86. Pau fóru til þess staðar er Gerun heitir. Ok þegar  
 sem jarl, sá er í staðnum var, frétti til jungfrú, reið

<sup>1</sup> á] St.; í, Cd.

<sup>2</sup> ok þar . . mann] add. St.

<sup>3</sup> fór sá . . þeim] St.; ok fóru  
 með þat, Sk.

- A.D. 1257. hann móti henni af staðnum, ok einn biskup með hónum, vel tvær mílur með þrjú hundruð manna. Ok er hón kom til staðarins, þú tók [jarl] í beils hennar, ok leiddi hana í staðinn, ok biskup á aðra hönd, til þess sem hón kom þar sem<sup>1</sup> henni var herbergi tekit. Með svá miklum sæmðum var henni fagnað þar sem þau kómu. Þá er jungfrú reið til Barzalon, reið út konungrinn af Aragon í móti henni með þrjum biskupum, ok ótalligum her, meir en þrjár mílur, ok fagnaði henni allsæmiliða, ok tók sjálfr í beisl hennar, ok leiddi hest hennar í staðinn undir henni; ok hélt henni kost tvá daga ok hennar mönnum sæmiliða, en síðan um allt ríki sítt. Hvar sem þau kómu til staða, þá riðu í móti þeim, jungfrúnni ok hemnar föru-neyti, riddrarar ok barónar, eptir því sem konungrið af Aragun hafði ráð fyrir gört.
- 23rd Dec. Jungfrú kom tveim náttum fyrir Jól í Kastel til þess staðar er Sarri heitir; ok riðu þar út í móti henni, Lofuis bröðir konungsins af Kastel, ok biskupinn af Afstorga;<sup>2</sup> ok var þeim vel fagnat. Þau kómu Jóla-kveldit til Burgs,<sup>3</sup> ok var þar vel við þeim tekit; ok herbergjaði þau at munka-klaustri því sem konungs-systir var í, frú Bæringer, ok heyrdu þar messu í
- 25th Dec. staðnum inn þriðja dag Jóla, ok ofraði jungfrúin einu 87. miklu borðkeri, en öðru hafði hón ofrað áðr í Rothemadun. Ok af slíkum hlutum, ok öðrum þvílikum, fékk hon svá mikla frægð í þessari ferð, at eingi vissi dæmi til, at né ein jungfrú útlend mundi jafnmikla sæmð fá. Ok svá bugsa menn eptir, at eigi hafi sú ferð verit farin af Noregi, er jafn-virðuliga hafi tekin verit, sem þessi, af útlendum höfðingjum,<sup>4</sup> síðan er Sigurðr konungr Jórsala-fari fór. Inn fjórða dag Jóla riðu þau ór staðnum Burgs með ráði konungsins af Kastel, þvíat hann vildi at jungfrúin kæmi til

<sup>1</sup> sem . . . sem] add. St.

<sup>2</sup> af Afstorga] af af storga, Cd.

<sup>3</sup> Burgs] St.; Burks, Sk.

<sup>4</sup> ok, add. Sk.; om. St.

hans enn átta dag Jóla. En sama dag at kveldi A.D. 1258.  
sendi frí Beringer, konungs-systir, henni sjau kven-  
söðla<sup>1</sup> ok alla vel búna, ok þann með baldrkinn er  
sjálf hón skyldi hafa. Ok þann sama dag reið kon-  
ungrinn af Kastel ór Valinz í móti jungfrú með  
mikinn her, ok fagnar henni, sem hann mundi sínni  
[einga-]dóttur; ok tók sjálfr í beisl hennar, ok leiddi  
hana í staðinn virðuliga. Hinn tíunda dag reið kon-  
ungr með henni til Valledelit; ok kom þá ríðandi í  
mótt þeim son komungsins með ótalligum her<sup>2</sup> ríðara  
ok baróna, erkibiskupa ok ljóðbiskupa ok sendi-manna  
baði heiðuna ok kristinna. Lét konungrinn fá jung-  
frú herbergi þar í staðnum, ok virða hana um alla  
hluti svá mikils, at eingi útlendr maðr hafði þar  
komit, hvárki karl né kona, sá er þar væri jafn-vel  
fagnat um alla hluti. Ok hvert sinn er konungr vildi  
finna hana, eðr dróttning, þá leiddu þau hana baði til  
ss. sætis. Eptir þetta sendi konungr af Aragun bréf til  
konungs af Spainia, mág sín, ok til dróttningar,<sup>3</sup> dóttur  
sínnar; ok beiddisk þess, at konungrinn<sup>4</sup> skyldi gipta  
hónum jungfrúna. Konungr bar þetta fyrir jungfrú  
ok Norðmenn, ok lét henni kost á þessu giptingar-  
ordi; ok sagði at hann var [góðr] dreng ok mikill  
höfðingi. En með því at Norðmenn vissu, at kon-  
ungrinn var á efra aldri, þá fundu þeir þat til<sup>5</sup> um  
gjaforðit. Var þess ok ekki meirr leitað en svá. Ok  
hér eptir talði konungr upp bræðr sína alla, ok sagði  
hversu hverjum var háttáð. Sagði hann at Friðrekr  
var ellztr þeirra bræðra; lét hann vera vaskan mann,<sup>6</sup>  
ok góðan riddara, ok réttara góðan í sínu landi; veiði-  
maðr góðr; ok því<sup>7</sup> hafði hann skarð í vör. En  
Heinrek bróður sínn kvað hann vera beztan riddara

<sup>1</sup> *kvensöðla*] St., Fl.; kvenstóða, Sk.

<sup>2</sup> *ótalligum her*] St., Fl.; ótal, Sk.

<sup>3</sup> *dróttningar*] om. St.

<sup>4</sup> af Aragun, add. Cd., writing  
“at konungrinn” twice.

<sup>5</sup> *til*] St.; at, Sk.

<sup>6</sup> Here one leaf is lost in St.

<sup>7</sup> *ok því*] thus?

A.D. 1258. af öllum braeðrum; en ekki kvað [hann] um þat þurfa at tala, þvíat hann hófsk í móti hónum ok föður sínum, ok stríddi á þeirra ríki. En Scí<sup>1</sup> erkibiskup-efni af Tulet sagði hann vera góðan ok vel skapaðan. En Philipus erkibiskups-efni af Sibiliu sagði hann [eigi] vera skapaðan til klerks, heldr at fara með skemtan, haukum ok hundum, ok [kvað] hann vera hinn mesta einvígis-mann at björnum ok villi-svínum; ok jafnliga glaðr ok kátr ok lítilátr, ok inn beztí félagi; "Hann er ok sterkastr af öllum" vórum braeðrum, ok góðr riddari." En af vexti hans <sup>89.</sup> sagði hann ekki eðr fríðleik, þvíat Norðmenn máttu þat jafnliga sjá. Þat fannsk þeim í, at konungi féllok þessi bezt í geð af öllum braeðrum<sup>2</sup> sínum; ok svá þótti jungfrúnni ok Norðmóunum; ok því kaus hon þenna sér til manns með vina sínna ráði. Svá segir Sturla um ferð jungfrú:—

" Ríða frá ek ór borgum breiðum  
bragna fjöld (Af þínu magni  
víða glöddusk Valskar þjóðir  
varrar-eld) í móti svarra:  
" Síðan kaus um sæmðar-fúsa  
snildar-brúðr þann er eiga vildi  
" öðlings braeðr af yðru ráði  
œztra manna gófugr svanni."

<sup>31st Mar.</sup> Þat var Ösku-Óðinsdag er herra Philipus festi jungfrú með Guðs miskunn, ok ráði konungsins af Kastel, ok sjálfar henna vilja. En sú var in fyrsta þær hennar, at hón bað þess herra Philipus, at hann skyldi láta göra kirkju inum helga Óláfi konungi; ok játar hann þegar með fullkomnum góðvilja. En þar eigi mörg orð um at hafa; hvívitna þat sem hón bað þá var sýst. En svá var á kveðit at brúðlaupit skyldi vera Dróttinsdag eptir Páska-viku. Ok er sú stund

<sup>1</sup> Santius? Cerius, Fl.

<sup>2</sup> ok góðr riddari, add. Cd., repetition from above.

kom, þá var þat veitt með inni mestu sæmð er vera A.D. 1258. mátti í því landi. En Óðinsdag eptir brúðlaups-görðina kómu í Spania sveinar Hákonar konungs, Þóralli ok Bjarni, ok sögðu frá ferðum konungsins. Ok eptir þetta bjoggusk Norðmenn brott. Ok fóru 90. þeir aptr í Noreg: Pétr biskup, ok Andrés, ok Nikulas son Ámundur Haraldssonar. En þeir sneru út í Jórsala-heim, Ívarr Englason, ok Þorlaugr bósi; ok and-aðisk Ívarr í þessari ferð.

295. Pann vetr, eptir er Hákon konungr hafði farit til Danmerkr um summarit, sat hann í Prónheimi, sem fyrr var ritað. Þaðan bjósk hann um várit, ok Magnús konungr með hónum, á land upp; ok fóru suðr yfir Dofra-fjall. Þá hafði Hákon konungr ráðit fyrir Noregi fjóra tigi<sup>1</sup> vetra ok einn vetr. Frú Margrét 1257-58. dróttning fór it ytra, ok hafði skip þat er Sauðarvömbin hét til Björgynjar. En þar tók hón Máriusúðina; ok helt henni austr til Víkr. Fann hon Hákon konung í Túnbergi. Einarr erkibiskup fór eigi nordan, þvíat þeir [konungr] höfðu skilizk með nök-kurri fleð. Hákon konungr býr ferð sína af Túnbergi austr til Elfar, ok svá Mágnum konungr, til móts við Birgi jarl. Þá hafði Dana-konungr sent orð bæði í Noreg ok Svía-ríki, at Hákon konungr ok Birgir jarl skyldi koma til liðveizlu; því at þá var mikill ófriðr í Danmörk af hernaði þeim er Jarmar görði í Sjólandi. En synir greifans Álfs herjuðu í Jótland, Jón ok þeir braðr. Ok var af þessum her-naði inn mesti ófriðr í Dana-veldi.

296. Hákon konungr, ok Magnús konungr, ok Birgir 91. jarl, fundusk í Elfi; ok töludu marga hluti sín í milli um orðsendingar Dana-konungs, ok þá hluti sem landa-nauðsyn var til. Réðu þeir þá þat með sér, at þeir skyldu búa her af hváru-tveggja landinu þau [misseri], ór Svía-ríki ok Noregi, ok fara þá er þeir

<sup>1</sup> *fjóra tigi*] xl., Cd.

A.D. 1258. væri búnið at veita lið Christoforo konungi í móti hans óvinum. Var svá á kveðit með þeim, at fjóra tigi hundraða<sup>1</sup> skyldi hafa hvárr þeirra, Hákon konungr ok jarl, nema annarr-hvárr vildi meira her hafa. Fór þá sem jafnan all-blíðliga með þeim; þvíat þeirra vinfengi var æ því meira sem þeir fundusk optarr. Þá var ok þat ráð tekit, at frú Rikiza fór upp í Svía-veldi með fóður sínum, ok leysti Hákon konungr hana all-sænilliga af hendi. Junkeri Sverrir var eptir með Hákoní konungi, ok var konungr all-vel til hans. Var hann ok it bezta manns-efni, ok unni konungr hónum mikit. Hákon konungr sendi þá suðr til Danmerkr skipit Máriu-súðina Dana-konungi. Ok tók hann þessi sending vel, ok svá þeim orðsendingum er til hans kómu, at Hákon konungr ok Birgir jarl mundi koma til liðveizlu við hann þegar sem hann þóttisk þurfa. Hákon konungr fór ór Elfi, þegar er hann var búinn, ok norðr í Víkina, ok dvalðisk hann þar lítlia hríð í Túnbergi, ok fór þaðan norðr í land,

The end of  
June.

ok kom til Björgynjar um Vakna-skeið, ok dvalðisk þar um sumarit, ok skipaði þar mörgum hlutum. Þetta vár áðr brann mestr hluti bæjarins í Túnbergi, ok fengu þar margir menn mikinn fé-skaða.

Þetta haust kómu þeir heim er fylgt höfðu jung- 92. frú Kristínu: þeir bróðir Símon, ok Loðinn leppr, ok Ámundi Haraldsson; ok höfðu þeir farit útan skipaleiði af Spáni á einum kugg. En Pétr biskup fór landveg í Flandr, ok kom hann nökkuru síðarr. Andrés Nikulasson var eptir í Franz þá tólf mánuðr. Þá er þeir Pétr biskup fundu Hákon konung, kunnu þeir segja hónum mörg tíðendi útan ór löndum. Þeir sögðu mikit í frá, hversu konungrinn af Spáni hafði fagnat jungfrú Kristínu, dóttur hans, ok öllu hennar föruneyti, ok hversu höfðingliga hann hafði þá af höndum leyst. Þeir sögðu, at þat var eigi minna fé en

<sup>1</sup> *fjóra tigi hundraða*] xl. c., Cd.

áttu hundruð marka skírra er hann gaf þeim um fram A.D. 1258. Þat er þeir þurftu til kostnaðar at hafa. Þeir sögðu mikil frá, hversu mikill vin konungrinn var Hákonar konungs; ok við hvern sem Hákon konungr atti stríð, þá skyldi hónum heimill hans styrkr, þegar er [eigi] væri til mótz konungr af Franz, eðr konungr af Aragun mágr hans, eðr Engla-konungr. Hákon konungr hét ok, at veita þar í mótt sínn styrk konunginum af Spania, ef eigi væri í mótt Svía-konungr, eðr Dana-konungr, eðr Engla-konungr. Konungr af Spania bjó þá her sínn út í heiðinn dóm; ok fýsti hann mjök Hákon konung at<sup>1</sup> fara með sér, ok leysa svá kross þann er hann hafði tekit; þvíat þar var til páva leyfi, at<sup>1</sup> þar skyldi krossinn leysask sem til 93. Jórsala væri farit. Pétr biskup kom þetta sumar upp í Hamar til staðar síns, ok þá sæmiligar gjafir af Háconi konungi; ok skildusk þeir með inni mestu vináttu.

297. Hákon konungr sat um summarit í Björgyn. Þá var með hónum Gizur Þorvaldsson. Konungrinn görði þá skipan [til] Íslands, at hann sendi Gizur út til Íslands, ok gaf hónum jarls-nafn. Hét Gizurr at friða landit í mótt, ok láta alla bændr gjalda skatt konungi, svá sem hann hafði áðr beitt. Bar Gizurr mikil mál á, at hann mundi því auðvelliga<sup>2</sup> á leið koma. Konungrinn gaf hónum með jarls-nafni margar sæmiligar gjafir, ok leysti hann vel ok sæmiliga sér af hendi. Hann sendi út með hónum Þórhalla inn hvíta<sup>3</sup> hirðmann sínn, at skynja hversu jarl fær með konungs trúnaði. Margir trúnaðar-menn konungssins fóru út á öðrum skipum þat sunnar at skynja konungs örendi, hvárt jarl fær með þeim eptir því sem hann hafði heitið konungi.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> at] ok, Sk.

<sup>2</sup> -liga] -ligar, Cd.

<sup>3</sup> hvíta] Here St. begins again.

<sup>4</sup> eptir . . konungi] St., Fl.; svá sem konungr hafði beitt, Sk.

A.D. 1258-  
1259. En er Gizurr kom til Íslands, þá hélt hann því vel upp, sem vera átti, er Hákon konungr hafði gört meiri sæmð hans en nökkurs manns annars á Íslandi, í þeirri nafnbót er hann hafði gefit hónum, með mörgum öðrum sæmðum. Þat lét hann ok fylgja, at Hákon konungr hafði svá gefit hónum þessa nafnbót, at hann skyldi þat öngvan penning kosta, ok eingi skattr skyldi við þat leggjask á landit. Sagði hann ok um þá menn, er hónum görðusk hand-gengnir, hirðmenn eðr skutil-sveinar, at þeir skyldu þvílikar nafn-<sup>94.</sup>  
bætr hafa í Noregi með<sup>1</sup> Hákoní konungi. Urðu við þetta margir góðir menn til at göratzk hónum hand-gengnir, ok sóru hónum eið, en Hákoní konungi trúnað. Síðan<sup>2</sup> urðu menn þess varir, at þat var fals er hann sagði frá orðum konungsins. En allt at einu héldu menn trúnað við hann ok Hákon konung. Eru frá viðskiptum þeirra jarls ok Íslendinga margar frásagnir, þær sem oss þykkir eigi nauðsynligt at rita í þessa frásögn; en þó mun<sup>3</sup> sunna getið verða síðarr. Um vetrinn áðr Gizurr jarl kæmi til Íslandz, tók Þorvarðr Pórarinsson af lífi Porgils skarða, fyrir þær sakir er Hákon hafði skipat Porgilsi Eyja-fjörð ok allar sveitir fyrir norðan Öxnadals-heiði, þar sem konungr kallaði sína eign; en Þorvarðr þóttisk heimildir til hafa af Steinþoru, mágkonu sínni.

298. Hákon [konungr] efnaði til vetr-setu í Björgyn um haustið, ok sat þar um vetrinn. Þessi var annarr  
1258-59. vetr ins finna tigar ríkis hans. Um várit eptir kómu þau orð frá Danmörk af Christoforo konungi, at Hákon konungr skyldi koma til liðveizlu við hann, sem [þeir] höfðu heitið ok [Birgir] jarl af Svía-ríki. Ok er þessi orð kómu til Hákonar konungs, stefndi hann til sín lendum mönnum sínum ok sýslu-mönnum, ok hafði nefndir ór landi sem hónum líkaði. Lét

<sup>1</sup> með] af, St.

<sup>2</sup> Síðan] Brátt, St.

<sup>3</sup> Here ends Sk.; the text is now taken from St.

hann þá flota skipum þeim sem hann vildi hafa, ok A.D. 1259.  
 95. bjó ferð sína. En er hann var búinn, sigldi hann austr með landi. Ok er hann kom suðr um Jaðar, kómu í mótt hónum tveir ríðarar af Danmörk, ok sögðu þau tilbendi, at Christóforus Dana-konungr var andaðr. Þat með, at dróttning ok aðrir höfðingjar, sendu einkanliga orð Hákoni konungi, at hann skyldi koma til hjálpar við þá, sem hann hafði heitið Christoforo konungi. Þetta bar Hákon konungr fyrir vini sína ok ráðgjafa. En hvat sem hvarr lagði til, þá var þat eigi konungs háattr, at halda eigi orð sín. Ok fyrir því hélt Hákon konungr fram ferðinni; lagði fyrst til Túnsbergs. Drózt þá saman mikill herr í Víkinni, ok hélt Hákon konungr til Danmerkr á því sumri, ok hafði bæði mikit lið ok frítt. Ok hélt hann hernum til Kaupmannna-hafnar, ok fann þar dróttning. Birgir jarl kom ekki til Danmerkr á því sumri, ok hafði þó leiðangr úti; ok komzt eigi lengra en austr til Bleikinga. Þá er Hákon konungr kom til Kaupmannna-hafnar, hafði dróttning, ok Dana-höfðingjar, sætzt við sonu greifa Álfss; ok þóttuzt þá ekki þurfa liðveizlu Hákonar konungs ok Norðmanna. En þat fannzt í orðum Hákonar konungs, at hónum þóttu Danir eigi haldit hafa þat sem þeir höfðu ráðit sín í milli. Hákon konungr gaf dróttningu sæmiligar gjafir, ok svá dróttning hónum í móti. Þá er Hákon konungr lá í Kaupmannna-höfn, lét hann taka kugg einn í Eyrar-sundi yfir við Málm-hauga, er átti herra Jón, bróðir Jacobs erkibiskups af Lund. Þar voru á þeir menn er verit höfðu með Jarmari. En þeir biskups-bróðir<sup>1</sup> styrktu mest Jarmar af Dana-höfðingjum. Hákon konungr lét þessa menn leiða á mótt; ok bað Dani ganga til at kenna þá, hvárt þeir voru kaupmenn eða ráns-menn. En landz-menn kenndu, at þeir voru víst ráns-menn. Vóru sumir háls-höggnir, sumum annan veg skriptað. Hákon konungr

<sup>1</sup> -bróðir] -bræðr, Fl.

A.D. 1259- hafði kugginn; ok var þat hesta-kuggr hans síðan.

<sup>1260.</sup> En þegar sem Jarðar spuði, at Hákon konungr var kominn til Danmerkr, þá flýði hann í brott, ok sigldi suðr undir Vindland. Ok eptir þetta fór Hákon konungr í brott af Danmörk, ok aptr í ríki sít. Danir tóku til konungs Eirek, son Christofora konungs; ok var hann þá barn at aldri.

<sup>1259-60.</sup> 299. Hákon konungr kom aptr um haustið til Noregs, ok fór norðr til Björgynjar, ok sat þar um vetrinn. Ok var þessi inn þriði vetr ins finta tigar konungsdóms haus. Penna vetr andaðizt Pétr biskup í Hamri; ok þótti þat öllum mönnum mikill mannskaði. Eptir annlát Pétrs biskups höfðu Kórs-bræðr þar í Hamri stefnur með sér, ok töluðu um biskupskosning. En þat samðizt [eigi] með þeim, ok fengu Kórs-bræðr<sup>1</sup> öngvan körit,<sup>2</sup> áðr kosningr hvarf undan þeim ok til erkibiskups. Ok eptir þetta sendu þeir menn norðr til Einars erkibiskups; ok beiddu, at hann skyldi órskurð veita, hverr<sup>3</sup> biskup skyldi vera af þeim sem þeir hefði til nefnt. Erkibiskup ritadí bréf austr, ok gaf þeim aptr kosuing; en nefndi þó til þann kórs-bróður er Loðinn hét, at hónum sýndizt at þeir kjöri. En Loðinn var ekki mikill vin Hákonar konungs.

300. Konungrinn sat í Björgyn um vetrinn. Hann hafði áðr um sumarit spurt af Íslandi, at Gizurr jarl hafði lítinn hug á lagit<sup>4</sup> at flytja mál hans við Íslendinga. Tók [konungr] þat ráð, at hann sendi út skip snem mendis til landzins; ok mælti svá fyrir, at 97. þeir skyldu út koma fyrir Alþingi. Vóru þá gör út bréf með þeim; ok kvað konungr á, hversu mikinn skatt hann vildi hafa af landinu, ok svá hvat jarl skyldi hafa. Bað konungr þessi bréf flytja á Alþingi; ok beiddiðr þar órskurðar af landz-mönnum<sup>5</sup> í móti. Með þessum bréfum fór Ívarr Arnljótar son,<sup>6</sup> ok Páll

<sup>1</sup> kórs-bræðr], emend., þessi, Cd.

<sup>2</sup> körit] Fl.; kosning, Cd.

<sup>3</sup> hverr] Fr.; hvortt, St.

<sup>4</sup> hug á lagit] huga lagt, Cd.

<sup>5</sup> landz-] liðs-, Cd.

<sup>6</sup> Arnljótarson] thus, not Arnliotz, St., Fl.

línsauma, hirðmenn konungs. Þeir kómu út fyrir Al- A.D. 1260. þingi; ok fóru til Þings. Var þar fyrir Gizurr jarl ok formenn flestir. Þá voru flutt bréf Hákonar konungs; ok var þar mikil mann-deild á, hversu þeim var tekit. Flutti jarl konungs örendi, ok þó nökkut með öðrum útveg en á bréfum stóð. En Sunnlendiugar, þeir sem mestir vinir voru jarls, mæltu mest í mótt skattinum, ok svá þeir sem komnir voru austan um Þjórsá. Ok félru þær lyktir á, at örindi þeirra Ívars varð ekki; ok fóru þeir útan it sama sumar á konungs fund. Var þat þeirra flutningr, at Sunnlendingar mundu eigi svá djarfliga hafa neitat skattinum, ef þeir vissi at þat væri í mótt vilja jarlsins.

301. Hákon konungr fór þat sama sumar ór Björgyn, er hann sendi þá Ívar út, austr til Víkr, ok með hónum Magnús konungs-son. Fóru þeir allt austr til Elfar; ok kom þar til mótz við þá Birgir jarl. Fór þá all-blíðliga með þeim. Var jarl í boði konungsins, ok synir hans enir ungu, ok margir göfgir menu með hónum. Bundu þeir þá enn fastliga sína vináttu, svá at hana skyldi ekki skilja meðan þeir lifðu báðir.  
98. Mæltu ok til þess, at þeir skyldu finnast annat vár eptir. Ok skildu þeir konungr ok jarl. Fór Hákon konungr norðr í Víkina. Þá var með hónum Heinrekr biskup af Hólum á Íslandi, er þá hafði fylgt konungi lengi. Ok er konungr kom austan yfir Foldina, tók Heinrekr biskup sótt. Þeir sigldu vestr yfir Foldina til Túnbergs. Ok er þeir höfðu lítlar hríð dvalzt í þaenum, andaðið Heinrekr biskup. Lík hans var jarðat í Óláfs-kirkju í Túnbergi. Ok þakkaði Hákon konungr sjálfr söng<sup>1</sup> a grafar-bakka, ok fór þar um mörgum fögrum orðum ok snjöllum; ok lagði mjök til lofs við biskup, sem verðugt var í margastaði.

302. Eptir þetta fór Hákon konungr ok Magnús konungr norðr til Björgynjar, ok þaðan til Próndheims,

<sup>1</sup> *söng*] add. Fr.

A.D. 1260. ok ætluðu norðr at Óláfs-vöku. Ok er þeir kómu til Níðaróss, var fyrir í bænum Einarr erkibiskup, ok mikill fjöldi af vöku-fólk. Þar var ok kominn Loðinn kórsbróðir af Hamri með ráði erkibiskups, ok kosinn til biskups móti konungs vilja. Ok því görði hann stygð á til erkibiskups. Þá er Hákon konungr lagði til árinnar, sveif skipit konungs á eyrina gengt Bakka, ok festi þar. Erkibiskup réri í móti hónum, ok bauð, at allir menn skyldu til fara þeir kænastir væri, at koma skipinu af grunninu.<sup>1</sup> En konungr vildi eigi þiggja at hónum. Síðan lét konungr setja skorður undir skipit, at eigi mætti hallazt er fjarði. En er flæddi, þá flaut skipit; lögðu þá konungarnir til bæjarins, ok görði erkibiskup í móti þeim fagra *pro-99. cessionem*, ok mintizt við Hákon konung. Sira Loðinn gékk undir hönd erkibiskups ok mintizt til konungs, ok ekki mjök einarðligr. Ok er konungarnir höfðu lítla hríð dvalizt í bænum, höfðu þeir stefnu við erkibiskup um biskups-kosning í Hamri. Vildi erkibiskup ekki annat en Loðinn væri biskup; en Hákon konungr mælti í móti þverliga. Ok hér af sló með þeim í ina mestu deilu. Ok kom því mál svá, at Hákon konungr appellaði erkibiskup út til páfa, ok varð erkibiskup við þat inn styggvasti. Ok eptir þetta gékk í millum þeirra Magnús konungr, ok aðrir vinir þeirra, ok áttu hlut í, at þeir semði.<sup>2</sup> Talðiðt þá ok Loðinn undan at vera biskup, er hann vissi forþokka konungs. Kom þá Magnús konungr því á leið, at þeir fundusk, konungr ok erkibiskup. Var þar fyrir Magnús konungr, ok biskup af Suðreyjum, ok Gillibert er þá var klérkr Hákonar konungs ok verit hafði erkidjákn í Hjallalandi. Vildi Hákon konungr hann til biskups hafa í Hamri. Ok lauk svá þessari stefnu, at erkibiskup kaus Gillibert til biskups, en Loðinn gaf upp af sínni hendi. En með því at áðr var til páva skotíð málínus, sendu þeir Gillibert út til pávans. Ritaði þá konungr

<sup>1</sup> *grunninu*] Esp.; miswritten in Cd. | <sup>2</sup> *semði*] sæmdi, Cd.

ok erkibiskup bréf með hónum, at þetta var beggja A.D. 1260-  
þeirra vili. Ok fór hann eptir þetta á páva fund. 1261.

100. 303. Um sumarit eptir fór Hákon konungr inn til Frosta-þings, ok skipaði þar konungs-málum. Síðan bjóst hann suðr í land, ok með hónum Magnús konungr; ok kvómu þeir um haustið til Björgynjar; ok sat Hákon konungr þar um vetrinn; en Magnús konungr fór suðr í Stafangr, ok sat þar. Þetta haust kvómu þeir útan af Íslandi, Páll ok Ívarr; ok sögðu konunginum sít örendi, hvert orðit var. Fansk konunginum svá í, at Gizurr mundi ekki meira af hafa tekit at flytja konungs-mál,<sup>1</sup> en hann hafði heitið, eða konungr, laun fyrir selt. Hákon konungr veitti Jólin í Björgyn. Ok var þessi inn fjórði vetr ins fiunta tigar 1260-61. ríkis hans. Um vetrinn eptir tók jungherra Sverrir sótt þá er hann leiddi til bana, ok þótti konunginum þat inn mesti skaði ok mörgum öðrum.

304. Hákon [konungr] ok Magnús konungr höfðu sent um sumarit bróður Nikulás suðr til Danmerkr at flytja bónorð Magnúss konungs við jungfrú Ingiborgu, dóttur Eireks konungs helga. Ok skyldi bróðir Nikulás fara suðr í Saxland til fundar við hertugann, móðurföður hennar, ok vita hvat hann legði til þessarra mála; þvíat hann var inn mesti höfðingi, ok einn af þeim sjau mönnum er kjósa skulu keisaran; ok hann skal vera dróttseti keisarans hvert sinn er hann er 101. fyrir norðan Fjall. Ok er sendimenn kómu til hertugans, flytjandi þeirra örendi fyrir hónum, tók hann litið af; ok sagði, at hans dóttur-dóttir var Dönsk at föður-aett, ok Danir hefði ráð fyrir hennar giptingar orði. Síðan lét hann leiða í sýn við þá tvær dætr sínar, harla vel búnar, ok mælti hertugi: "Fyrir "þessum mínum dætrum hefi ek ráð, hverr sem þeirra "biðr." Eptir þetta fara sendi-menn aprí í Dan-

<sup>1</sup> *konungs-mál*] emend.; lögmál, Cd.

A.D. 1261. mörk, ok svá til Noregs á fund Hákonar ok Magnúss konungs.

305. Eptir annlát jungherra Sverris fóru þeir Hákon konungr ok Magnús norðr í Sogn, ok þaðan norðr<sup>1</sup> um Filla-fjall,<sup>2</sup> ok svá til Upplanda. Ok er þeir kómu upp á Heiðmörk á Ringisakr, kom þá til mótz við þá Einarr erkibiskup, ok fór með þeim suðr í Víkina. Þeir fóru fyrst til Túnsergs, ok fundu þar bróður Nikulás. Sagði hann sín örendi slík sem orðit höfðu. Konungr sendi sem fljótast sira Askatín ok bróður Nikulás<sup>3</sup> suðr til Danmerkr; skyldu þeir fara á fund dróttningar, ok greifa Ernest, ok þeirra [manna] annarra, er svör höfðu fyrir jungfrú, ok vita hvern útvegr verða skyldi á þessu máli. En meðan þeir voru í þessi ferð, fóru konungarnir ok erkibiskup austr til Elfar, ok ætluðu at finna Birgi jarl. Lágu þeir um hríð í Elfinni, ok biðu jarls.<sup>4</sup> En jarl kom eigi. Fóru þeir þá aptr í Víkina, ok sátu í Túnbergi þar til er Askatín kom ór Danmörk. Nikulás var eptir suðr þar. Hann sagði þau orð dróttningar ok greifa Ernest, ok jungfrú, at konungarnir skyldu senda í móti henni<sup>102</sup>. vegligt föruneyti; en dróttning hét, ok jungfrúnnar frændr, at búa ferð hennar sæmiliga með hinum beztum föngum.

306. Síðan görðu konungar ráð fyrir at senda móti jungfrúnni. Var þar fyrir<sup>5</sup> herra Hákon biskup, Ögmundr kræki-danz, Borgar son hans, Páll gás, ok Loðinn staurr. Þeir höfðu sjau skip, ok flest stór. Biskup hafði tvítog-sessu, en Ögmundr dreka mikinn, ok annan Páll gás. Þeir höfðu frítt lið ok vel búit. Ok er þeir voru búinir, fóru þeir suðr til Danmerkr,

<sup>1</sup> norðr] thus Cd.

<sup>2</sup> Filla-] thus Cd.

<sup>3</sup> Here one leaf is lost in St.; the text is now taken from Fl.

<sup>4</sup> lágu . . . jarls] add. Fr.; om. Fl.

<sup>5</sup> en dróttning . . . Var þar fyrir]

Fr.; en þau hétu at búa hana sæmiliga í brott. Síðan sendu þeir í móti jumfrú, Fl.

ok kómu til Hrossa-ness<sup>1</sup> á Jótlandi at þeim stefnu- A.D. 1261.  
degi sem Danir höfðu þeim lagit. En þat var hálfum  
mánaði fyrir Óláfs-vöku. Ok er þeir kvómu þar, fundu  
þeir engan mann, hvárki af dróttningar hendi, né  
greifans, þann er þeim görði órskurð um sítt örendi.  
Síðan görðu þeir menn upp til klaustrs þess sem júng-  
frúin<sup>2</sup> var í; ok létu spyra ef nokkut ráð væri fyrir  
gört ferð hennar til Noregs. Hón sagði svá, at alls  
ekki ráð væri fyrir gört svá at hón vissi. Ok eptir  
þat sendi hón svein sínn til dróttningar, ok spyrr, ef  
hón vildi nökktu ráð fyrir göra hennar ferð. En  
dróttning veitti þau andsvör, at hón matti ekki ráð  
fyrir henni göra svá skjótt, fyrir sakir þess stríðs er  
hón hafði við hertogann. Nú lét jungfrúin þetta  
03. segja Norðmönnum. Ok er þeir vissu, at dróttningin  
vildi ekki ráð göra fyrir jungfrúnni, ok þeir menn er  
þar skyldu fyrir sjá at búa hennar ferð til Noregs,  
þá fór Hákon biskup, ok þeir menn sem til ferðar  
vóru fengnir með hónum, upp til klaustrsins, ok finna  
jungfrú, ok töludu við hana. Þeir báðu hana, ok  
tölðu fyrir henni, at hon skyldi skjóta sínu máli á  
Guðs vald ok Noregs-konungs,<sup>3</sup> ok taka sjálfrar sínar  
ráð, ok þat sem Guð kendi þeim til at leggja með  
henni. Jungfrúin talaði hér mart í móti í fyristu,  
ok þat einna mest, at hon þóttisk fanga-fá alls-kostar  
svá skjótt í brott at fara. En þeir svörudu því, at  
þat var allt til reiðu með þeim sem hon þyrfti at  
hafa. En svá lyktaðist þessi ræða, at Hákon biskup  
handfesti jungfrú Ingiborg<sup>4</sup> Magnúsi konungi til  
handa. Eptir þat lögðu þau stefnu-dag með sér nær  
Norðmenn skyldu eptir henni koma, en<sup>5</sup> hon skyldi

<sup>1</sup> *Hrossa-ness*] Hosvers, Fr.

<sup>2</sup> The form is at variance in the MSS.; jumfrú, Fl.; jungfrú, and junkfru, Fr.

<sup>3</sup> *ok Noregs-konungs*] add. Esp. and Fr.

<sup>4</sup> The form varies in the MSS.; Engilborg, Fl.; Ingiborg, Ingi-hjörg. The Ann. Reg. have Ingiburg. Ingeborg is the Danish, Ingibjörg the Norse-Icel. form.

<sup>5</sup> *en*] Esp.; at, Fl.

A.D. 1261. Þeim til skips fylgja, ef engar ráða-görðir kæmi frá dróttningar áðr um ferðir jungfrú. Í þessu bili lá Birgir jarl í Eyrar-sundi með Svía-her. Ok er hann spurði til Norðmanna, sendi hann orð Hákonni biskupi, at þeir skyldu bíða hans, ok hann vildi finna þá ef tóm yrði til. En Norðmenn hvataðu eigi at síðr sínni ferð; þvíat þeir vissu, at jarl hafði áðr hedit jungfrú til handa Valdimar konungi syni sínum,<sup>1</sup> ok vildu þeir þenna trunað eigi undir hónum eiga. Ok <sup>104.</sup> er stefnu-dagr kom, bjoggu Norðmenn sik til uppgöngu, ok settu eptir menn til gæzlu við skip sín. Biskup ok sveitar-höfðingjar Norðmanna, ok it bezta mannvil, bjoggusk at vápnunum sem til bardaga; þvíat þeim var ótti á, hvert ráð Danir mundu upp taka, þá er þeir vissu at þeir höfðu afla lítinu í svá fjölmennu landi. Ok er þeir kómu til klaustrsins var þar ekki ráð fyrir gört heldr en fyrr. Þeir fundu jungfrúna. Ok báðu hana efna orð sín ok fylgja þeim til skips. Jungfrúin efndi allt af sínni hendi þat sem hon hafði beztu heitið. Rézk hon til ferðar með þeim, ok með henni tveir riddrarar ok sveinar hennar, ok nökkrar átta konur. Fóru þau síðan til skipa. Príorinn af klastrinu lagði hér fátt til, þvíat hónum var mikill ótti at Norðmönnum. En þetta rézk svá skjótt, at eingi þeirra Dana vissi fyrr en jungfrúin kom í veginn,<sup>2</sup> ok eigi þeir riddararnir er fóru með henni. Höfðu þeir eingi klæði nema þau er þeir stóðu í. Lögðu þeir Norðmenn skjótt í brott skipum sínum, ok sigldu af Danmörk svá at þeir kvómu hvergi við land fyrr en í Túnbergi. En þat var Óláfs-vöku-aptan síðla er þau kvómu þar.

29th July.

307. Eptir þat er þeir fóru til Danmerkr, Hákon biskup; en konungaarnir vóru, norðr farnir,<sup>3</sup> ok erki-

<sup>1</sup> til handa . . sínum] Fr.; om.  
Fl.

<sup>2</sup> i veginn] á veginn, Esp.; var á  
veg komin, Fr.

<sup>3</sup> norðr farnir] Esp.; norðan  
komnir, Fl.

biskup, ok Hákon konungr kom til Björgynjar; kómu A.D. 1261. vestan af Skotlandi sendimenn Alexandri konungs af Skotlandi: erkidjákn einn, ok riddari sá er Missel hét. Þeir fóru meir með fagr-yrðum en trúnaði, at því er 105. konunginum virðisk. Þeir fara svá í brott, at eingi maðr vissi fyrr en þeir höfðu undit segl sítt. Þá sendi Hákon konungr Brynjólf Jónsson eptir þeim; ok hafði hann þá aptr með sér. Sagði konungr, at þeir skyldi dveljask þann vetr í Noregi, fyrir þat er þeir fóru orlofs-laust framarr en aðrir sendimenn.

308. Hákon biskup görði menn með bréfum til Hákonar konungs, ok sagði allt um þeirra<sup>1</sup> ferðir, ok svá þat, at jungfrú Ingiborg var komin í Noreg á Guðs náðir ok konungsins. Sögðu hana ok því svá fá-menna,<sup>2</sup> at þeir höfðu öngvan trúnað á Dönum at bíða þar til er jungfrú mætti búa sína ferð svá sæmiliða sem henni líkaði, ok hennar tígn hafði; “Ekki gótt skortir hana í Danmörku.” Bréf þetta kom til Hákonar konungs í Björgvin, ok gatz hónum vel at [örenni] Hákonar biskups, þegar frúin var í ferðinni með hónum, ok hafði með sjálfrar sínnar vilja sunnan farit. Hákon konungr lét þá við búazt kvómu þeirra, biskups ok jungfrúnnar. Stemndi hann þá til sín öllum hinum beztum mönnum er í voru Noregs-konungs-ríki: fyrst Knúti jarli, ok öllum biskupum. En Einarr erkibiskup var þá í Björgvin; hann hafði farit austan um sumarit í skipi með Magnúsi konungi, ok inn til Stafangrs með hónum; ok voru þamt allt sumarit, ok héldu báðir eitt bord. Hákon konungr sendi menn austr í móti Hákonni biskupi, at hann skyldi skynda sem mest sínni ferð; þvíat Magnús konungr hafði þat kosit, at sem skjótast skyldi snúa [at] brúðlaups-görðinni. Þeim biskupi ok jungfrú byrjaði seint sunnan, ok lágu þar nökkurar þrjár vikur á leiðinni. Þau kvómu [til Björgynjar] nökku-

<sup>1</sup> [þeirra] sínar, Esp.

<sup>2</sup> fá-menna]. Here St. begins again, from which the text is now taken.

A.D. 1261 rum<sup>1</sup> nöttum fyrir Máriu-messu ena síðari, ok lögðu 106.  
(Sept.) fyrst í Laxavág.

Hákon konungr ok Magnús konungr vóru fyrir í bænum, ok gengu þeir þegar til skipa síhma, ok erkibiskup ok allir himir beztu menn með þeim, ok ætluðu at róa í móti jungfrúnni. En veðr var svá hvasst, at þeir fengu hvergi róit.<sup>2</sup> En annan dag eptir réru konungarnir í móti jungfrú, ok erkibiskup, ok ljóðbiskupar, ok allir inir beztu [menn] er í vóru bænum. Ok er Hákon konungr fann jungfrú, fagnaði hann henni vel ok öllu hennar föruneyti. Þá var þat ráð fyrir gört, at jungfrú skyldi ekki koma í konungs-garð fyrr en brúðlaups-veizlan væri búin. Fór hón þá upp til Mikels-kirkju ok Hákon biskup með henni, ok vóru þar nökkurar sjau nætr. Hákon konungr mælti svá, þá er hann kom heim, ok hafði séna jungfrúna: “Pat hafða ek ætlað, at fagna vel þessari jungfrú, “er hon kæmi til Noregs; en svá giptusamliga lízk “mér á hana, at ek skal nú hverja meiri stund á “leggja í alla staði en áðr hafða ek hugsat.” Hákon konungr kvað Magnúsi konungi kost á, hvárt hann vildi heldr búa láta naustið þat it mykla, er þá var veitt í er hann<sup>3</sup> var vígðr, eða vildi hann veizluna væra láta í konungs-garði í þeim herbergjum sem þar vóru til. Magnús konungr svarar svá, at þá vóru svá góður hallir í konungs-garði, þær sem þá vóru eigi görvar er hin fyr[ri] var veizlan, at þá mætti eigi um vanda þau herbergi. Eptir þetta lét konungr búa þrjár hallir í konungs-garði, þær sem hann ætlaði at veita í. Vóru þær búnar með inum mesta kostnaði, ok inum beztum fóngun er til vóru.

11th Sept. 309. Sunnudaginn eptir Máriu-messu ina síðari var jungfrú þísuð konungi með mikilli sæmd. Gékk 107. Magnús konungr þá at brúðlaupi símu; ok vóru báðir

<sup>1</sup> nökkurum] thus St., Fl., Esp.; premr (iii.) Fr.

<sup>2</sup> róit] Fl.; at róa, Cd.

<sup>3</sup> hann] ek, Fl.

<sup>4</sup> síðari] thus, Fr., Esp.; fyrri St., Fl. (erron.)

A.D. 1261.  
Sept.

konungarnir í stein-höllinni ok erkibiskup, ok ljóð-<sup>1</sup> biskupar allir, ok Knútr jarl, ok lendir menn, ok hirðmenn, ok it bezta mannvæl. Frú Margareta dróttning var í tré-höllinni ok jungfrú Ingiborg, ok allt hennar fóru-neyti, konur ok klaustra-menn, ok mart annarra góðra manna. Í Jóla-höllinni var Ögmundr kræki-danz, Erlingr Álfsson, kaupmenn, ok útlendir menn, ok bæjar-fólk. Ok svá var talt, at eigi var færa en m. ok de,<sup>2</sup> annat en þjónustu menn. Var þessi veizla veitt með inum mesta kostnaði, ok inum beztum föngum er til voru. Ok er þat inna vitrustu manna mál, at eingi mun þvílik [brullaups]-veizla veitt hafa verit í Noregi sem þessi. Hákon konungr mælti svá, at í þeiri hölli, er hann veitti sjálfr, skyldi hverr kjósa hvat drekka vildi; þvíat eigi skorti meirr vín en annan drykk. Hákon konungr hafði já tal við vini sína ok ráð-gjafa, ok rézt um við þá, hvárt Magnús skyldi vígja undir kórónu eða eigi. En þar lögðu menn mis-jafnt til. Vóru þeir sunir er þat mæltu, at Magnús konungr mundi taka stærð með kórónunni, ok mundi vilja hafa hirð aðra; ok kölluðu greina-vænt<sup>2</sup> milli konunganna. En Hákon biskup, ok þeir er farit höfðu með jungfrú, sögðu konunginn því<sup>3</sup> heitið hafa, at þau skyldu bædi kórónuð vera; báðu konunginn þat fullkomliga enda los. sem hann hafði þeim lof[at] báðum til sæmðar. Fluttu petta margir vinir Magnúss konungs. En þó var þessu svá komit um hríð, at menn vissu eigi hvárt verða mundi. Magnús konungr gékk já til Hákonar konungs, ok flutti sjálfr sít mál: “ Eigi þurfi þér, mínn “ herra, at trúá þeirra manna orðum, er þat vilja telja “ fyrir yðr, at ek muna nokkura stærð upp taka í móti “ yðr, þó at þér görir mér meiri sæmð en nökkurr ko-“ nungr í Noregi hafi gört sínum syni; þvíat þér vitið “ sjálfr, mínn herra, at ek hefi yðr eptir-látr ok mjúkr

<sup>1</sup> xvij. hundrat, Fl.<sup>2</sup> -vænt] Fl., Fr.; vant, Cd.<sup>3</sup> konunginn því] Fl.; konungi-  
num þá, Cd.

A.D. 1261. " verit í öllum hlutum, eigi<sup>1</sup> nú síðr, er ek em konungr,  
 " en áðr, sem bæði er yður sœmð ok míni. Vænti  
 " ek, at enn skal svá vera, þó at Þér unnit mér þeirrar  
 " sœmðar ok tignar sem Þér hafit mér heitið." Hákon  
 konungr svarar: " Satt er þat, Magnús konungr, at  
 " Þér hafit ástsamliga til vár þjónat; er þat ok mak-  
 " ligt, at ek unna yðr ennar mestu sœmðar, eptir því  
 " sem framast er Guðs vili ok miskunn til." Síðan  
 skildu þeir konungarnir, en brúðlaups-veizlan stóð þrijá  
 daga.

14th Sept. 310. Krossmessu-dagr var Óðinsdagr<sup>2</sup> í vikunni. Lét  
 Hákon konungr þá enn um búazt af nýju í garðinum,  
 því at hann ætlaði, at þann sama dag skyldi vígja  
 Magnús konung undir kórónu eftir því sem Guð hafði  
 fyrir sett. Var þá sungit árla um bæinn. Ok at  
 lyktunum tíðum sótti allt fólkit út í konungs-garð.  
 Vóru þá allir hlutir líktir<sup>3</sup> eptir því sem þá er Hákon  
 konungr var vígðr. Herklæddizt þá mestr hluti hirð-<sup>109.</sup>  
 arinnar öllum herbúnaði, at ganga bæði til konungs  
 garðs, ok<sup>4</sup> rýma veginn til Krist-kirkju. Fyrst gékk  
 hirðin, sú er veginn 'ruddi; þar næst þeir er merkin  
 báru; þar næst sýslu-menn ok skutil-sveinar; eptir  
 þat lendir<sup>5</sup> menn. Þá gengu fjórir lendir menn, ok  
 báru mikit tafl-borð yfir höfði sér, ok þar á konungs-  
 skrúða ok vígslu-klaði. Þar næst gengu þeir Erlingr  
 Álfsson ok Brynjólfur Jónsson, ok báru tvá ríkis-vöndu  
 af silfri, ok gulli búna. Þar næst gékk Knútr jarl,  
 ok bar kórónu, ok leiddu hann tveir stallarar; því at  
 hann var mjök sjúkr. Jafn-fram hónum gékk Gautr  
 Jónsson, ok bar vígslu-sverðit. Þar næst vóru leiddir  
 konungarnir. Við garðz-hliðit í konungs-garði kvómu  
 hónum í móti biskupar, ok ábótar, ok lærðir menn, með  
 processione, ok hófu upp söng, ok gengu svá til kirkju.

<sup>1</sup> eigi] Fl.; en, Cd.

<sup>2</sup> Óðinsdagr] á Fimta-dag, Fl.

<sup>3</sup> líktir] Fl.; luktir, Cd.

<sup>4</sup> ok] Fl.; at, Cd.

<sup>5</sup> lendir] Here ends Esp.

Vóru þá konungarnir leiddir til altariss. Eptir þetta A.D. 1261 (Sept.) var messa sungin, ok fór vígsla fram eptir því sem býðr í heilagri kirkju. Missell riddari, sá er konungr af Skotlandi hafði sent til Hákonar konungs, stóð uppi á kórnum, ok undraði mjök atferli vígslunnar; þvíat þat er ekki siðr í Skotlandi at kóróna konungana. Hónum fanzt svá mikit um vígsluna, at hann klökk, áðr en þeir sögðu hónum er hjá stóðu. Ok þá er Magnús konungr var klæddr, ok Hákon konungr ok Einarr erkibiskup, ok aðrir þrír<sup>1</sup> biskupar, lögðu um hann vígslu-sverðit, þá tók riddarinn sá inn Skotzki til orða: "Þat var mér sagt, at hér væri ekki riddarar "dubbaðir í þessu landi; en ek sá öngvan riddara "jafn-tíguliga dubbaðan, þar sem fimm<sup>2</sup> inir ágætuztu "höfðingjar í þessu landi leggja um hann vígslu- "sverðit." Þá er Magnús konungr var skryddr, leiddi erkibiskup hann útar til sætis síns. Síðan vígðu þeir dróttningina. Þá gékk Hákon konungr at stólnum, 110. er Magnús konungr sat á. Magnús konungr vildi þá upp standa í móti hónum. Hákon konungr tók hendinni á öxl hónum ok mælti: "Eigi skaltú upp standa "í móti mér, frændi," sagði hann; "þér skulut halda "yðr sem tíguligast, ok hneigja öngum manni þenna "dag. Er nú ok sá dagr kominn, er ek vilda gjarna "beðit hafa, at ek sé mítt hold svá mjök tignat, sem "nú er hér í dag, heldr en ek munna fyrir-muna yðr "þessarar tignar. En því leitaða ek hér ráðs um, at "ek vilda vita hér um annarra manna tillögur; ok "vóru þeir inir sömu er mik eggjuðu, ok<sup>3</sup> löttu þessa, "ok eigi hafa verit umbóta-menn með mér ok inum "fyrrum yðrum<sup>4</sup> frændum, sem Guð fyrirláti þeim." Þá er messu var lokit, fylgði erkibiskup, ok aðrir biskupar, konunginum heim til herbergis, sem fyrr syngjandi lof Guði. Þá af-klæddi konunginn vígslu-

<sup>1</sup> [þrír] Fl. (ii.j.); pr., Cd.

<sup>2</sup> fimm] Fl. (v.); x., Cd.

<sup>3</sup> eggjuðu ok] om. Fl.

<sup>4</sup> yðrum] Fl.; öðrum, Cd.

A.D. 1261. klæðum, ok veitti erkibiskup hónum alla þjónustu, er vígslunni átti at fylgja. Eptir þat fór hann í allan konungs búnað, ok bar kórónu þann dag. Eptir þat gengu konungarnir til borgs; ok var þann dag in fyrsta veizla með myklum fagnaði, Magnúsi konungi til fagnaðar ok sœmðar, ok frú Ingiborgu dróttningu, ok öllum þeirra mönnum. Sem Sturla kvað:

“ Ungr tóktu jöfра þengill  
    ægr með vígslu frægri,  
“ (kynnisk kapp þítt mönnum)  
    konungs-nafn á þík (jafnan):  
“ Ok sókn-gæðir síðan  
    snjall-mælltr hlutuð allrar  
“ (hér lýsi ek veg vísa)  
    vald fram komit aldar.”

Ok enn kvað hann:

“ Heilags hafit hála,  
    hraustr þengils son, fengit  
“ (þík reifir Guð gæfu  
    gnótt) Þjóð-konungs dóttur :  
“ Sujallr má Eirikr öllu  
    aldýrr konungr stýra  
“ (yðarr þroski gengr óskum  
    einart) við Guð hreinan.”

111.

At þessari veizlu gáfu konungarnir margar sœmiligar gjasir, fyrst erkibiskupi ok öðrum höfðingjum. Magnús konungr gaf öllum sveitungum sínum gjasir, ok mörgum öðrum. En eptir veizluna hafði hann alla Danska menn í boði sínu þá er frú Ingiborgu höfðu sunnan fylgt, ok leysti þá alla vel af höndum ok höfðingliga<sup>1</sup> með gjöfum. Fóru þeir síðan suðr til Danmerkr, ok unðu vel sínu örendi. En eptir vóru með drottningunni konur þær sem henni líkaði, ok sveinar hennar.

<sup>1</sup> *hofðingliga*] Fl.; *hofðingia*, Cd.

311. Knútr jarl var mjök krankr um veizluna, sem A.D. 1261  
 fyrr var getið. Ok litlu síðarr lagðizt hann í reykkju, (autumn).  
 ok lá mjök lengi um haustið, ok andaðizt ór þeirri  
 sótt. Hákon konungr görði líkferð hans vegliga,  
 sem tign hans heyrði til ok burð[um]. Knútr jarl  
 var jarðaðr í Krist-kirkju hjá Hákonni feðr sínum.  
 Knútr jarl var allra manna kurteizastr um alla hluti ;  
 klerkr góðr, ok manna örvastr af fé; hár maðr vexti,  
 ok vænn yfir-litz; drykkju-maðr of mikill ; ok þar af  
 fíkk hann vanheilsu.

Þetta haust kómu þeir útan af Grænlandi, Oddr af  
 Sjöltum, Páll Magnússon, Knarrar-Leifr. Þeir höfðu  
 verit útan fjóra<sup>1</sup> vetr. Þeir sögðu þat af Grænlandi,  
 at þeir hefði gengit undir skattgildi, svá at öll mann-  
 dráp skyldi bæta við komunginn, hvárt er drepmir  
 væri Norænir [menn] eða Grænlenzkir; ok svá hvárt  
 sem þeir væri drepmir í bygð eðr Norðr-setu. Svá ok,  
 þó þeir sæti allt norðr undir Stjörnuná, þá skyldi  
 konungr<sup>2</sup> eigi at síðr taka þegn-gildi eptir þá. Sem  
 Sturla kvað:

“ Norðr líkar þér allt at auka  
     yðart vald um heim inn kalda  
     .. (gegnir munu því fyrðar fagna)  
     fjörnis álfr und Leiðar-stjörnu :  
     “ Pengill hefir þar annarr eingi  
         allvaldr en þú ríki haldir ;  
     .. lengra reiða þjóðir þangat  
         þína dýrð en röðull skíni.”

Þetta sumar er nú var frá sagt, sendi Hákon kon- 1261  
 ungr til Íslandz Hallvarð gullskó;<sup>3</sup> at flytja sít ör- (summer).  
 indi við landz-fólkit ok við jarl, at hann efndi sín  
 cinka-mál sem hann hafði konunginum heitið. Hall-  
 varðr kom í Hvítá í Borgarfjörð, ok fór brátt at  
 finna jarl, ok flutti djarfliga konungs örindi fyrir

<sup>1</sup> *fjóra*] thus (iiij.) Fl., Fr.; ij., | <sup>2</sup> *konungr*] add. Fl.  
 Cd. | <sup>3</sup> *gullshó*] gulsku, Cd.

A.D.1261- bónum. Jarl tók því vel, ok sagðiſt þar skyldu  
 1262. mikla stund á leggja eptir því sem konungr hafði  
 orð til send. Hallvarðr fór til vistar í Reykjaholt.  
 • 1261. Þeir jarl funduzt um haustið eptir því sem þeir  
 höfðu áðr<sup>1</sup> rætt, ok sóru þá nökkurir baendr konung-  
 inum trúnaðar-eiða; ok þeir sunnir er áðr höfðu mjölk  
 1261-62. í móti staðit. Jarl sat um vetrinn fyrir norðan land, ok  
 átti þá tal við baendr,<sup>2</sup> hvert ráð fyrir skyldi göra þeim  
 áköllum er hann vissi at konungs-menu höfðu;<sup>3</sup> ok hann  
 hafði konunginum heitið. Fór þá allt upp it sanna  
 hverju hann hafði konunginum játað. Var þá þat ráð  
 fyrir gjort, at baendr hétu jarli stórfé, at leysa þat gjald<sup>4</sup> 113.  
 er á var kallat. Hétu sunnir baendr tveim hundruðum;  
 sunnir hundraði; sunnir tólf aurum, eða tíu aurum; sunnir  
 muni minna. Ok er Hallvarðr spurði þetta, sagði  
 hann, at konungrinn vildi eigi at baendr væri píndir  
 til svá mykilla fé-gjalda. Sagði hann, at konungrinn  
 vildi hafa hlýðni af bónum, ok slíkan skatt af landi  
 sem þeim yrði öngvir<sup>5</sup> afar-kostir í at gjalda; ok hét  
 þó þar í móti hlynnendum<sup>6</sup> ok réttarbótum. Hallvarðr  
 flutti ok konungs-mál við Vestfirðinga; ok kom þá<sup>7</sup>  
 svá, at allir hétu at koma til Pórsness-pings um várit,  
 ok sverja þar Hákoní konungi land ok þegna. Var  
 þetta þá ritað norðr til jarls, ok neitað öllum þeim  
 álögum sem áðr hafði hann sunnit við baendr norðr  
 þar. En er jarl varð þessa víss, þá stefndi hann  
 bónum til Hegraness-pings, ok lét þar nökkura menn  
 sverja konungi land ok þegna. En Hrafn Oddsson  
 kom eigi til Pórsness-pings, ok því fór Hallvarðr ekki  
 þangat.<sup>8</sup> Var þá þessu máli skotið til Alþingis.  
 A.D. 1262. Drógu allir hinir stærstu<sup>9</sup> menn í Vestfjörðum saman  
 stórflokka er at leið þing-stefnunni. Þeir sendu ok

<sup>1</sup> áðr] add. fragm. sk.

<sup>2</sup> ok] add. Cd.

<sup>3</sup> höfðu] fóru með, fragm. sk.

<sup>4</sup> gjald] thus Cd.; vald, fragm. sk.

<sup>5</sup> öngvir] sízt, fragm. sk.

<sup>6</sup> hlynnendum] fragm. sk.; linendum, Cd.

<sup>7</sup> þá] því, fragm. sk.

<sup>8</sup> þangat] add. fragm. sk.

<sup>9</sup> stærstu] fragm. sk.; beztu, Cd.

menn á fund sona Steinvarar,<sup>1</sup> ok Andress-sona, at þeir A.D. 1262 skyldu ríða á þing með öllum afta [sínum] fyrir austan (<sup>summer</sup>).

Þjórsá. Þorvarðr Þórarinsson hafði ok heitið at koma með Austfirðingum. Gizurr jarl kom ok til Alþingis með myklu liði. Kom Hallvardr þá vestan, ok sagði at flokkar voru saman dregnir fyrir vestan heiðar,<sup>2</sup> ok höfðn allir heitið at ganga undir skatt ok <sup>3</sup> konungs-mál, ok ætluðu at ríða til þings, ok flytja þar konungs örindli, ef eigi gengizt ella við. Ok er jarl spurði þetta, átti hann tal við vini sína ok ráða-görðir. En er því tali lauk, flutti jarl konungs mál bædi við Nordlendinga ok Sunnlendinga; bað þá til góðum orðum, ek kallaði fjörráð við sik ef þeir gengi eigi undir. Þetta varð auð-fluttast við Nordlendinga. Eptir þetta var skiput Lögréttta; ok sóru flestir inir beztu menn ór

114. Nordlendinga-fjórðungi, ok af Sunnlendingum fyrir utan Þjórsá, Hákon konungi land ok þegna ok æfinligan skatt, með slíkum skildaga sem bréf þat váttar, er þar var eptir gört. Síðan reið jarl af þingi ok suðr í Lau-gardal, ok hélt þar saman flokinum um hríð. Sig-varðr biskup reið vestr til Borgarfjarðar ok Hallvardr,<sup>4</sup> ok fundu Vestfirðinga á Þverár-þingi. Gengu þá Vestfirðingar undir þvílíka eiða sem aðrir. Sóru fyrst formenn: Hrafn, Sighvatr Böðvarsson, Sturla Þórðarsson, Einarr Þorvaldsson, Vigfúss Gunnsteins-son, ok þrír bændr með hverjum þeirra. Þrír bændr sónr ok fyrir Borgfirðinga. Eptir þessa fundi höfðu allir Íslendingar gengit undir skatt við Hákon konung ór þemr fjórðungum; utan Sunnlendingar fyrir austan Þjórsá, ok Austfirðingar.<sup>5</sup>

312. Inn næsta vetr eptir, er Magnús konungr görði 1261-62. brullaup sítt, ok hann var kórónaðr, sat Hákon konungr í Björgyn; en Magnús konungr fór um haustið suðr í Stafangr. Einarr erkibiskup leiddi Magnús

<sup>1</sup> Steinvarar] þeirra Loptz ok Sighvatz Halfdanar-sona, fragm. sk.

<sup>2</sup> heiðar] fragm. sk.; herað, Cd.

<sup>3</sup> skatt ok] add. fragm. sk.

<sup>4</sup> ok Rafn, add. fragm. sk.

<sup>5</sup> utan . . .] utan Austfirðingar frá Helkundu-heiði ok til Þjórsár í Sunnlendinga-fjórðungi, Fl.

A.D. 1261- konung til skips, ok mælti svá: "Jafnan hefir mér

1262. " mykit fyrir þótt at skilja við yðr, utan<sup>1</sup> nú; þvíat  
" þat gleðr mik at ek hefi veitt yðr alla þá þjónustu  
" sem ek má til tignar. Fyrst gaf ek yðr konungs-  
" nafn; eptir þat púsaða ek yðr við dróttning; síðan  
" vígða ek yðr undir kórónu ok svá dróttningina.  
" Er þat nú eitt eptir, sem Guð láti mér eigi auðit  
" verða, at standa yfir greptri Jímum." Magnús kon-  
ungr þakkaði erkibiskupi baði orð ok þjónustu-görð.<sup>2</sup>  
Magnus konungr dvaldizt í Stafangri um bríð. Hau-  
fór norðr aptr fyrir Jólin, ok sátu þeir Hákon kon-  
ungr báðir samt um Jólin í Björgvin. Var þessi inn

1261-62. fimti vetr ins finna tigar konungdóms Hákonar kon-  
ungs. Snemma um várit bjoggu konungarnir ferð sína

1262. austr til Víkr, ok ætluðu allt austr til Elfar at finna  
Birgi jarl, eptir því sem áðr höfðu orð farit milli<sup>115</sup>.  
þeirra; ok skyldu þeir göra ráð um eignir þær sem  
dætr Eireks konungs áttu í Danmörk; því at þeir áttu  
þar heimtingar, Magnus konungr ok Valdimarr Svía-  
konungr. Hann hafði þá fengit Sufio, dóttur Eireks  
konungs, systur Ingiborgar dróttningar. Þá er konun-  
garnir fóru ór Björgyn, var eptir frú Margrét [dróttning]  
ok Ingiborg dróttning, því at hón var þá við barni.  
Konungarnir sigldu þá austr til Víkr. Ok er þeir kómu  
til Túnbergs, voru þar fyrir sendimenn Birgis jarls;  
ok sögðu, at jarl þóttist eigi mega finna konungana  
sýrir sakir fjölskylða þeirra er hann átti um at vera.  
En hann gaf þat ráð um eignir þær, er dróttningar  
áttu í Danmörk, at þeir skyldu þar til senda menn  
hvárir-tveggju á fund Margrétar dróttningar, ok vita  
hvern greiðskap hón villdi á gera; ok síðan væri  
skipt eignum, er vitað væri, hvat hvár þeirra ætti  
systra, Ingiborg dróttning ok Suffia, eða þær tvær sem  
ógiptar voru.

313. Hákon konungr ok Magnús konungr görðu  
þat ráð hér fyrir, at þeir sendu menu suðr til Dan-

<sup>1</sup> utan] Fl.; en, Cd

<sup>2</sup> Magnús . . -görð] add. Fl.

merkr, Pál gás, Andrés plyt, Þorlaug bósa; ok skyldi A.D. 1262. Þeir yfir sjá þetta skipti af hendi Magnúss konungs ok frú Ingiborgar dróttningar. Ok er þeir kómu til Daumerkr, var þar fyrir Aðalbriet hertugi af Brunsvík, ok hafði ráð öll með dróttningu. Dvölduzt þeir Páll með hertuganum um sumarit ok fengu öngvan órskurð sínum örinda. Hákon konungr fór ór Túnsbergi inn til Óslóar, en Magnús konungr austr til Borgar, at sjá um þau léu sem Hákon konungr hafði veitt frú Ingiborg dróttningu, at brullanpi þeirra Magnúss konungs. Í þessari ferð fékk Magnús konungr sjúkleika; var þat mest af því, at hann hafði riðit mykinn<sup>1</sup> til Borgar ok ofan aptr. Ok er nann [kom] ofan til skips, var hann mjök sjúkr; ok fyrir því sneri hann inn til Óslóar, at hann vildi eigi vera hjá konunginum ef sóttin felldi at hónum. Ok er hann kom, þar var hónum mun lettara. Gékk hann þá upp til kirkju, ok görði biskup processionem í móti hónum. Héðan af bættizt hónum, ok var hann þó mjök krankr um várit. Þá er Hákon konungr hafði lukt örindum sínum í Víkinni, fóru þeir báðir konungarnir norðr til Björgynjar, ok kómu norðr um Vakna-skeið, ok dvölduzt þar um sumarit. Petta sama sumar sendi Hákon konungr þá ór landi, Loðin lepp ok Hákon eisil.<sup>2</sup> Þeir fóru út til Soldáns af Túnis við mörgum fálkum ok öðrum þeim hlutum er þar voru oru-gætir. Ok er þeir kómu út, tók Solldán þeim vel, ok dvölduzt þeir þar lengi um vetrinn. Sem Sturla kvað:—

“ Allvaldr dýrkazt út með Serkjum  
innan-landz af mildi þínni  
“ (þjóðum líka líniir haukar  
þaðra) allt með Blálandz jaðri:  
“ Víða hrjóta veglig mæti  
vægðar-laust af yðrum frægðum;  
“ hollar prýða heiminn allan  
hnossir þínar, mærðar tíñir.”

<sup>1</sup> mikinn] Fl.; mikit, Cd.

<sup>2</sup> eisil] Cd. and Fl.; eysil, Fr.

A.D. 1262. Þetta sumar kom útan af Íslandi Hallvarðr gullskór, ok kunni at segja þau tíðendi, at Íslendingar höfðu svarit skatt Hákonri konungi.<sup>1</sup> Þá kom ok útan með hónum Sighvatr Böðvarsson, Sturla son Hrafnss Oddssonar. Þá kom [ok] af Íslandi Brandr ábóti Jónsson at orðsendingu Einars erkibiskups, ok fór hann norðr til Þróndheims ok fann þar erkibiskup.<sup>2</sup> Sendinuenn Hákonar konungs vóru í Dammörk við hertuganum af Brunsvík; ok þóttust þeir finna at hertoginn dvaldi þá, en ekki görðist at örendum þeirra. Þá görðu þeir þat ráð, at Þorlaugr bósi fór á fund Hákonar konungs; en þeir vóru eptir, Páll gás ok Andrés. Þorlaugr fann Hákon konung í Björgyn. Þetta sumar var fæddr í Björgyn Óláfr son 117. Magnúss konungs ok Ingiborgar dróttningar. En um haustið bjogguzt konungarnir norðr til Þróndheims; ok dróttningar með þeim, en junkherra Óláfr var eptir at Nunnu-setri. En er þau kómur norðr til Níðaróss, görði erkibiskup fagra processionem í móti þeim. Fagnaði erkibiskup þeim allvel. Sátu konungarnir þenna vetr í Þróndheimi. Andrés plytr kom sunnan um vetrinn fyrir Jól af Dammörk, ok fann konungana í Þróndheimi. Hann sagði þat, at hertuginn ok dróttningin hafði öngar eignir Ingiborgar dróttningar fengit þeim í hendr, ok ekki skipti var á gört með dætrum Eiriks konungs; en vísir vóru þeir hversu miklar eignir vórn ok hvar lágu.

1262  
(end of  
the year). Hákón konungr sat um Jólin í Þróndheimi, ok hafði mikit fjölmenni ok kostuað. Brandr ábóti var með konunginum um Jólin, ok vóru konungarnir allvel til hans. Einarr erkibiskup var sjúkr um vetrinn, ok

<sup>1</sup> Somewhat fuller in fragm. *sk.* thus—Hallvarðr gullskór fór útan um sumar af Íslandi ok fann Hákon konung í Björgyn; ok segir hónum þau tíðendi, at Íslendingar hefði svarit Hákonri konungi tefnuligan skatt. Konungr þakkaði hónum sína ferð vel.

<sup>2</sup> Fragm. *sk.* here adds: —ok tók hann allvel við hónum; var hann með erkibiskupi um vetrinn í góðu yfirkeiti. Þá var með hónum Árni Þorláksson, er síðan var biskup í Skálaholti; ok var hann þá djákn at vígslu.

gékk hann því lítt at finna konungana; en þó töludu A.D. 1263. þeir nokkurum sinnum, ok fóru allir blutir vel með þeim. Dró Magnús konungr vináttu með þeim, þvíat mikil blíða var með þeim Magnúsi konungi ok erkibiskupi.

314. Um summarit áðr höfðu komit bréf vestan af Suðreyjum frá konunginum þaðan; ok kærdu þeir <sup>1262</sup> <sup>(the summer).</sup>

mjök um þann ófrið, er jarl af Ros, ok Kiarnakr, sun Machamals,<sup>3</sup> ok aðrir Skotar, höfðu gört á Suðreyjum, þá er þeir fóru út í Skíð, ok brenndu bæi ok kirkjur, drápu mikinn fjöldā, karlmenn ok komur. Ok svá sögðu þeir, at Skotar hefði tekit smá-börnini, ok lögðu þau á spjótz-oddana, ok skóku til þess er þau renndu ofan at höndum þeim, ok köstuðu þeim dauðum af fram.<sup>2</sup> Peir hermuðu ok mörg stóryrði Skota-

118. konungs, ok sögðu at hann ætlaði vísliga undir sik at leggja allar Suðreyjar, ef hónum ynnist líf til. Ok er þessi tíðendi kómu til Hákonar konungs, fékk honum mykillar áhyggju; bar hann þetta mál fyrir vini sína ok ráðu-nauta. En hvat sem þar lagði hvern til, þá lét Hákon konungr um vetrinn eptir Jól göra The Yule útboða-bréf um allan Noreg, ok bauð út leiðangri, <sup>1262-63.</sup> bæði at liði ok vistum, svá sem hónum þótti landit mestu aðla mega; stefndi hann þessum her öllum til mótz við sik um snmarit snimma í Björgyn.

315. Einarr erkibiskup átti tal við Kórs-bræðr í Kristz-kirkju um Föstu á várit, ok talaði um biskups-

kosning á Íslandi; ok kom þat ásamt með þeimi, at kjósa Brand ábóta til biskups; ok þann sama dag var hann kosinn af erkibiskupi ok Kórs-bræðrum með ráði Hákonar konungs ok Magnúss konungs. Þá voru ok útan komnir ór kúria, sira Gillibert ok þeir menn sem með hónum höfðu farit. Sögðu þeir þau orð Pávans með bréfi,<sup>3</sup> at hann gaf í vald erkibiskups biskups-kosning í Hamri; ok þó með því móti, at

<sup>1</sup> sun Machamals] Fl., Fr.; ok Sumakamals, Cd. | ok létu smábörn sprokla á spjóta- oddum, Fl.

<sup>2</sup> Ok svá . . fram] thus also Fr.; | <sup>3</sup> með bréfi] om. fragm. sk.

A.D. 1263 hann skyldi öngan annan til kjósa en Gillibert, eptir  
(winter). því sem konungs vili var til. Hinn iiiij. dag *nonas*<sup>1</sup> Martii mánaðar vígði Einarr erkibiskup þá báða til biskupa, Gillibert til Hamars en Brand til Hóla á Íslandi. Vóru þar við Pétr biskup af Björgyn ok Porgils biskup af Stafangri.

<sup>1263</sup> (Lent). 316. Hákon konungr fór úr Níðarósi nær miðri Föstu út til Orkadals, ok svá suðr til Fjalls, ok it efra austr til Víkr, ok út til Oslóar; þaðan til Túnsbergs, ok svá austr til Elfar, eptir því sem orð höfðu farit milli þeirra Birgis jarls, at þeir skyldu finnatz í Ljóðhúsum í Páska-viku. Ok er Hákon konungr kom [til] Ljóðhúsa, þá var jarl í brottu; ok varð þá eingi fundr þeirra. Fór Hákon konungr norðr í Víkina, ok hafði þá útboð mikil austan ór landinu. Magnús konungr fór ór Þróndheimi lítlu síðarr en Hákon konungr, ok hafði þat skip er Hákon konungr hafði um haustið. Við hónum fóru báðar dróttningarnar; ok

1st April. byrjaði seinliga. Hann hafði tídir Páska-dag í Frekseyjar-sundi, ok sigldi um daginn suðr til Hereyja. Magnús konungs kom eptir Páska suðr til Björgynjar, ok dvaldizt þar lítla hríð áðr hann fór suðr til Stafangrs. Þá er Hákon konungr hafði lukt örindum sínum í

3rd May. Víkinni, fór hann norðr í land, ok kom Kross-messudag í Björgyn; dvaldizt hann þar um várit, ok hélt á búnaði sínum sem skjótast. Þegar Magnús konungr hafði lukt örendum sínum ok gört ráð fyrir öllum búnaði í Rygja-fylki, þá fór hann norðr til mótz við Hákon konung föður sínn. Eptir þetta samnaðist hversdagliga lið til baejarins, bæði lendir menn ok sýslumeun, ok flestir hand-gengnir menn í landinu, ok fjöldi leiðangrsmanna. Kom þá saman mykill herr í Björgyn.

317. Þá er mjök leið búnaði Hákonar konungs, hafði hann almenniligt þing í Björgyn uppi á Bökkum; kom þar saman all-mikill herr. Lýsti þá Hákon konungr yfir ferð sínni, at hann ætlaði vestr um haf

<sup>1</sup> *nonas*] om. fragm. sk.; in 1264 the 4th of March fell on Sunday.

öllum her þessum til Skotlandz, at hefna þess ófriðar A.D. 1263  
er Skotar höfdu gört á ríki hans. Lýsti hann ok því,

(June?)

at Magnús konungr bauð at fara þessa ferð, en hann væri eptir. Þakkaði hann hónum þat með mörgum fógrum orðum ok ástsamligum. En sagði þó svá, at þar sem hann var eltri, ok hafði lengr fréttir haft ór Vestrlöndum, ok gört sér kunnigt, hversu þar var háttar, at hann vildi fyrir því fara þessa ferð. En hann fékk þá öll landráð í hendr Magnúsi konungi. Á þessu þingi skipaði hann mörgum hlutum öðrum, þeim sem til heyrðu, bæði landinu, ok þeim sem með hónum skyldu fara. Þá gaf hann ok upp bóndum, at 120. öngar sakir skyldu sýslumenn sækja meðan hann væri í brotta, útan þær sem stærstar vóru, ok eigi þótti annan veg vera mega. Hann gaf ok heimleyfi miklu fólkiaustan ór landi; þvíat hónum þótti svá hæfa fyrir sakir landgæzlu. Til þessarar ferðar hafði Hákon konungr búit skip þat it mikla, er hann hafði göra látið í Björgyn, ok hann hafði aetlað sér til útfarar-skips. Þat var xvij. [rúm] ok xx., ok mikit at því, ok gört af eik einni. Þat skip var gört með ágaetligum dreka-höfðum, öllum gullögðum; ok svá vóru svíarnir við því hófi búinir. Mörg hafði Hákon konungr önnur skip stór til þessarar ferðar, ok vel búin. Um várit hafði Hákon konungr sent vestr um haf Jón Langlifar-son, ok með hónum Heinrek skot; ok fékk Magnús konungr þeim skip ok menn til Hjaltlandz; ok var þangat sent eptir leiðsögu-mönnum. En þeir Jón fóru til Orkneyja,<sup>1</sup> ok fundu Duggal konung í Orkneyjum, ok sögðu hónum at hersins var austan ván. En þat orð lék þar á, at Skotar mundu herja í Eyjarnar um sunnarit. En Duggall konungr laust þá því upp, at austan væri kommir af Noregi fjórir tigir skipa. Ok heptuzt Skotar við þat apr.

<sup>1</sup> *Orkneyja*] Suðreyja, Fr.; Fl. abridges the sentence, leaving the name out.

A.D. 1263    318. Áðr nokkuru enn konungrimm væri búinn,  
 (June?) sendi hann átta skip vestr fyrir [sér]. Þessir voru þar  
 formenn: Rögnvaldr urka, Erlingr Ívarsson, Andrés  
 Nikulásson, Hallvarðr rauðr; ok enn fleiri. Þeir lágu  
 um hríð út við haf, ok byrjaði eigi. Þá er Hákon  
 konungr hafði búit skip sítt, lagði hann út ór bænum,  
 ok með bónum mestr hluti liðsins. Konungr lagði til  
 Eiðs-vágs; ok síðan fór hann inn til bæjar, ok dval-  
 dízit þar nökkurar nætr, ok fór síðan út til skips síns,  
 ok sigldi út í Herðlu-ver. Kom þar saman allr herrinn,  
 bæði norðan ór landi ok austan, ok var þat stórmikill  
 herr. Sem segir í Hrafnsmálum er Sturla  
 orti:—

121.

“ Sóttu sókn hvattar  
       sveitir háleitan  
 “ geira glym-stæri  
       glyggs ór Finn-bygðam  
 “ Allt brá<sup>1</sup> jarð-bellris  
       austan sigr-flaustum  
 “ gjálfr af Gaut-elfi  
       getis há-sæta.”

Ok enn:—

“ Öngr sá orm-vengis  
       ótti víg-dróttir  
 “ fleiri flug-staris  
       fleins í stað einum :  
 “ Lukti lóm-blekkir  
       landa út-strandir  
 “ hríða her-skíðum  
       harðr ok rann-garði.”

Hákon konungr lá við herinum öllum í Herðlu-veri.  
 Var þat all-mikit lið ok frítt. Mörg hafði konun-  
 grimur<sup>2</sup> stórn Skip, ok vel búin, sem hér segir:—

“ Glunði á gjalfr-tömðum  
       Gestils skeið-hestum

<sup>1</sup> brá] frá, Fr.; bar, Fl.

<sup>2</sup> Here one leaf is here cut away | Fl.

| in St. The text is now taken from

“ eldr of allvaldi  
ægis nafn-frægjum :  
“ Skein af skaut-vönum  
skeiðum bryu-reiðar  
“ sól af sigdeili  
snottrum óþróttig.”

A.D. 1263  
(summer).

122. Nökkurum nóttum síðarr en Hákon konungr kom í Herðlu-ver, sigldu þeir af hafi, Rögnvaldr ok Erlingr með þeim skipum er þeir höfðu, ok skildnask í hafi. Ok kom Rögnvaldr<sup>1</sup> til Orkneyja með sumum skipunum; en Erlingr, ok Andrés, ok Hallvarðr rauðr, sigldu fyrir sunnan Hjaltland, ok síðan vestr fyrir Barreyjar-fjörð; ok sá ekki land, fyrr en Súlna-sker<sup>2</sup> vestr af Orkneyjum. Síðan sigldu þeir inn undir Skotland; ok kvómu við Dýrnes, ok gengu þar upp, ok brutu kastala einn er þar var; en innen þeir er þar vóru, flýðu undan. Síðan brendu þeir meirr en tuttugu bæi. Ok þá sigldu þeir í Suðreyjar ok smudu þar Magnús konung<sup>3</sup> af Mön.

319. Þrim nóttum fyrir<sup>4</sup> Seljumanna-vöku sigldi 5th July. Hákon konungr í Sólundar-haf með öllum herinum. Þá haffði hann verit konungr at Noregi fjóra tigi vetrar ok sex vetrar. Var þá allgóðr byrr ok sagrt veðr. Var 1217-63. flotinn all-glæsilegri at sjá. Sem hér segir:—

“ Laust af liðfostum  
ljósunum valdrósar  
“ bríms á bjart-himna  
blómum veg-ljóma :  
“ Ferð var frið-skerðis  
flokka áþokkuð  
“ heims um haf-strauma  
hringa eldingum.”

Hákon konungr haffði mjök valið lið á skip sítt. Þessir vóru í fyrir-ríumi: Þórleifr ábóti af Hólmi,

<sup>1</sup> *Rögnvaldr*] Fr.; Erlingr, Fl.

<sup>2</sup> *Súlna-sker*] Súlna-stapa, Fr.

<sup>3</sup> [þar *Magnús konung*] Fr.; konunginn, Fl.

<sup>4</sup> *fyrir*] thus Fl.; eptir, Fr.; which of the two dates, the 5th or the 11th of July, be the true, it is now impossible to say.

A.D. 1263 sira Askatin, prestar fjórir, ok aðrir klerkar konungs.

(July.) Þessir leikmenn : Áslákr guss stallari konungs, Andrés<sup>123.</sup>  
 af Pissisey,<sup>1</sup> Andrés Hávarðson, Guthormr Gillason ok  
 Þorsteinn bróðir hans, Eirekr skota Gautz son, ok  
 enn fleiri. Þessir vóru í krappa rúmi : Áslákr Dagsson,  
 Steinarr herka, Klemet langi,<sup>2</sup> Andrés guns, Eirekr  
 faðir Duggáls konungs,<sup>3</sup> Einarr lungbarðr, Arnbjörn  
 svæla, Sighvatr Böðvarsson, Höskuldr Oddzson, ok Jón  
 hóglífi, Árni slyngr.<sup>4</sup> Í þriðja rúmi var : Sigurðr  
 son Ívars rófu, Helgi son Ívars<sup>5</sup> af Loflói,<sup>6</sup> Erlendr  
 skolbeinn,<sup>7</sup> Dagr af Suðrheimum,<sup>8</sup> Brynjólfur Jónsson,  
 Guðleikr sneis, ok en fleiri herbergis-menn konungs.  
 Andres plyttr var féhirðir konungs. Þessir vóru í  
 stafni : Eirekr kifa,<sup>9</sup> Þorfinnr Sigvalda son, Kári Ein-  
 driða son, Guðmundr<sup>10</sup> Jónsson, ok enn fleiri skutil-  
 sveinar. Víðast vóru fjórir menn í hálfþými. Með  
 Hákoní konungi fór ór Björgyn Magnús jarl af Ork-  
 neyjum ; ok gaf konungr hónum gótt langskip. Þessir  
 lendir menn fóru með Hákoní konungi : Brynjólfur  
 Jónsson, Finnur Gautzson, Erlingr Álfsson, Erlendr rauði,  
 Bárðr í Hestbæ, Eilífr í Naustdali, Andrés pottr,  
 Ögmundr krekki-danz.—Þessir vóru fyrir framan siglu.  
 Rögnvaldr urka,<sup>11</sup> Erlingr Ívarsson . . .<sup>12</sup> Jón dróttning  
 var<sup>13</sup> eptir í Björgyn, ok enn fleiri skipstjórnar-menn ;  
 þvíat þeir vóru eigi búmir. Gautr af Meli ok Nichulas  
 ór Gizka vóru eptir með Magnúsi konungi. Margir vóru  
 aðrir ágætir skipstjórnar-menn með Hákoní konungi,  
 þeir sem enn verðr getið. Hákon konungr félkk haeg-<sup>124.</sup>  
 jan byr ; ok var tvær nætr í hafi ; ok tók Hjaltland

The 6th  
and 7th  
July.

<sup>1</sup> Pissisey] Fr. ; Pissisey, Fl.

<sup>2</sup> langi] lagi, Fr.

<sup>3</sup> Eirekr . . konungs] Eirekr Dug-  
galsson, Fr.

<sup>4</sup> slyngr] slinkr, Fr.

<sup>5</sup> Ívars] Ívarr son Helga, Fr.

<sup>6</sup> Loflói] Fr. ; Lofalæk, Fl.

<sup>7</sup> sholbeinn] Fr. ; skósveinn, Fl.

<sup>8</sup> -heimum] Fr. ; -heimi, Fl.

<sup>9</sup> kifa] skifa, Fr.

<sup>10</sup> Guðmundr] Guðbrandr, Fr.

<sup>11</sup> Þessir . . urka] thus Fr. ; þeir  
sigldu fyrir Rögnvaldsey, Fl. (no  
doubt corrupt).

<sup>12</sup> . . . ] something must here  
be wanting; see the beginning of  
the preceding chapter, 318.

<sup>13</sup> var] emend.; vóru, Cd.

með miklum<sup>1</sup> hlut hersins þar sem heitir Breiðeyjar-sund. Sem Sturla kvað:—

A.D. 1263  
(July-August).

“ Leysti lang-rastar  
landa stýrandi  
.. héldum há-falldar<sup>2</sup>  
      húfum blá-dúfur :  
“ Lýstisk hrein-hestum  
      höfn af skip-stöfnum  
“ eldi ál-foldar  
      auðar glóð-rauðum.”

Hákon konungr lá í Breiðeyjar-sundi nær hálfum mánaði, ok sigldi þaðan til Orkneyja, ok lá um hríð í Elliðar-vík; þat er nær<sup>3</sup> Kirkjuvági. Þar hafði Hákon konungr tal við ráð sít, ok lýsti því fyrir þeim, at hann vildi skipta herinum, ok senda suman suðr til Breiða-fjarðar, at herja þar. En hann sjálfr vildi bíða með Orkneyingum með stór-skipunum, ok mestum hluta hersins. En bændr, ok leiðangrs-fólk, görðu sik bera á móti at mæla, at fara nökkur nema með konunginum sjálfum. Ok því eyddisk þessi ferð. Óláfsvöku-dagr var á Sunnudegi; ok lét Hákon kon- 29th July. ungr syngja hátíðliga trúir í landtjaldi, ok veitti um daginn almúganum á skipi sínu.

Eptir Ólafs-vökni sigldi Hákon konungr ór Elliðar- Beginning of August. vík suðr fyrir Málá fyrir Rögnvalds-ey<sup>4</sup> með öllum herinum. Var þá til konungs kominn Rögnvaldr útan or Orkneyjum með þeim skipum er hónum höfðu fylgt. Hákon konungr lagði herinum í Rögnvaldz-vág,<sup>5</sup> ok lá þar um hríð. Þá görir hann menn yfir á Kataanes, ok lagði á þá gjald; en hét þeim í móti friði, ef þeir 125. gengi undir; ella mundi þeir sæta<sup>6</sup> afar-kostum. Kat-

<sup>1</sup> *miklum*] add. Fr; om. Fl.

<sup>2</sup> *héldum . . háfalldar*] thus Fl.; helldu um haf aldir, Fr.

<sup>3</sup> *nær*] næst, Fr.

<sup>4</sup> *Rögnvallds-ey*] emend.; Rögnvaldz-eyjar, Fl.

<sup>5</sup> Fr. omits the whole of the

preceding passage, thus: “suðr til

“ Breiða-fjarðar ok herja þar; en

“ hann sjálfr sigldi til Rögnvaldz-

“ vágis.” (An homotel.: en hann

sjálfr.)

<sup>6</sup> *mundi . . sætu*] add. Fr.

A.D. 1263 nesingar játtuðu gjaldi. Ok fékk Hákon konungr þar (August), menn til viðtöku. Svá sem hér er kveðit:—

“ Fyrst tók fjör-leystum  
fróðr af Nes-Íjóðum  
“ gjöld inn griðmildi  
gætir Norð-sættra :  
“ Öll var ógn-fallin  
öld á stór-veldum  
“ hrædd við her-klaðdan  
herði böð-gerðar.”

5th Aug. Þá er Hákon konungr lá í Rögnvaldz-vági, dró myrkr mikít á sólina, svá at hringr lítill var ljartr um útan ; ok hélt þat stund dags.<sup>1</sup> Hákon konungr hafði spurt ill tíðindi ór Suðreyjum ; þvíat Jón Langlifar-son hafði komit til konungs á Hjaltlandi, er konungr hafði vestr sight, ok sagt þau tíðendi, at Jón konungr í Suðreyjum mundi hafa um skipt sínum trúnaði, ok snúisk til Skota-konungs. En Hákon konungr vildi

10th Aug. því eigi trúua fyrir en hann reyndi. Lafranz-vöku-dag sigldi Hákon konungr or Rögnvalds-vági yfir á Pétlands-fjörð. Bað hann Orkneyinga sigla eptir þegar þeir væri búinir. Magnús jarl var ok eptir.<sup>2</sup> Hann hafði þá spurt, at þeir voru þá kommir í Eyjarnar, Jón dróttning ok Kolbeinn Ásláksson, ok þau skip er austan var ván, ok eptir höfðu dvalizt. Hákon konungr sigldi Lafranz-vöku-dag fyrir Hvarf<sup>3</sup> öllum herium ; ok lagði<sup>4</sup> til hafnar þeirrar, er heitir Ásleifar-vík<sup>5</sup> ok þaðan til Ljóðhúsa. Síðan sigldu þeir<sup>6</sup> til Rauneyja, ok þaðan í Skíð-sund ; ok lá þar sem heitir Kerlingarsteinn. Þar kómu til hans : Magnús konungr ór Mön ; ok þeir mágar, Erlingr Ívarsson ok Andres Nikulás-son, Hallvarðr, ok Nikulás tartr. Þeir sigldu allir 126.

<sup>1</sup> ok hélt . . days] ok hélt því nökkura stund dags, Fr.

<sup>2</sup> Bað . . eptir] add. Fr.; om. Fl.

<sup>3</sup> Lafranz- . . Hvarf] add. Fr.; om. Fl.

<sup>4</sup> ok lagði] add. Fr.; om. Fl.

<sup>5</sup> Ásleifar-vík] Halseyjar-vík, Fr.

<sup>6</sup> Síðan . . þeir] Fr.; ok svá, Fl.

saman, ok Jón dróttning, ok skildusk í hafi. Nikulás A.D. 1263  
 hafði hvergi við land komit fyrr en í Ljóðhúsum,  
 síðan hann sigldi af Noregi. Þann dag er Hákon  
 konungr sigldi ór Skíð-sundi, kom Duggall konungs  
 til hans á létti-skútu, ok bað Hákon konung skynda  
 sem mest eptir sér. Konungr sigldi þaðan í Mýlar-  
 sund; en þaðan undir Kjarbarey; ok kom þar saman  
 allr herrinn, baði Dugall konungr ok Suðreyingar.  
 Hákon konungr hafði þá á öðru hundraði skipa, ok  
 flest stór; ok öll vel skipuð, baði at mönnun ok  
 vápnum.

320. Þá er Hákon konungr lá í Kjarbarey, skipti  
 hann herinum, ok<sup>1</sup> sendi hann suðr til Sátíris-eiðs<sup>2</sup>  
 fimm tigi skipa at herja þar.<sup>3</sup> Voru þessir þar fyrir:  
 Duggall konungr, Magnús [konungr] af Mön, Brynjólfur  
 [Jónsson], Rögnvaldr urka, Andrés pottr, Ögmundr  
 kræki-danz, Vígleikr Prestzson. Hann görði fimitán<sup>4</sup>  
 skip til Bótar. Vórú þar fyrir: Erlendr rauðr, Andrés  
 Nikulásson, Simon stuttr, Ívarr ungi; Eyfari ok Guth-  
 ormr Suðreyingar, á sínu skipi hvárr. Síðan sigldi  
 Hákon konungr suðr; ok lá þar sem Guðey heitir fyrir  
 Sátíri.<sup>5</sup> Þar kom til hans Jón konungr. Fór hann á  
 skip Þorgils biskups. Hákon konungr bað hann sylgja  
 sér eptir því sem hann var skyldr til. En Jón konungr  
 talðisk undan, ok sagðisk hafa svart eið Skota-  
 konungi; ok halda meira ríki af hónum en Noregs-  
 konungi.<sup>6</sup> Ok bað Hákon konung göra ráð fyrir því  
 127. ríki er hann hafði hónum fengit. Hákon konungr  
 hafði hann með sér um hríð, ok ætlaði at mykja  
 skap hans til trúnaðar við sik. Margir lögðu þungt  
 til hans mála.

<sup>1</sup> *skipti . . ok]* add. Fr.; om. Fl.

<sup>2</sup> *Sátíris-eiðs]* Sátíris-múla, Fr.

<sup>3</sup> *at herja [par]* add. Fr.; om. Fl.

<sup>4</sup> *fimitán]* thus Fl.; fimm (v.), Fl.

<sup>5</sup> *Síðan . . Sátíri]* thus Fr., but

slightly emend.; Hákon konungr  
 sigldi í Guðey fyrir Satiri, Fl.;

Síðan sigldi Hákon konungr suðr  
 fyrir Satiri, ok lá þar sem Guðey  
 heitir, Fr.

<sup>6</sup> *ok halda . . konungi]* ok hélt  
 af honum meira ríki en af Noregs  
 konungi, Fl.

A.D. 1263 En er Hákon konungr lá í Guðey, kom til hans (August). ábóti einn af Grámúnka-klaustri; ok bað friðar stað sínum, ok varnaði heilagrar kirkju. Ok þat veitti konungr hónum; ok gaf fyrir bréf sít.<sup>1</sup> Þá kómu menn frá Duggali konungi; ok sögðu, at Margaðr ok Engus af Sátíri vildu gefa upp þau lönd er þeir héldu, ok veita konungi síma fylgð.<sup>2</sup> En konungr hafði þau andsvör, at hann mundi eigi þar herja,<sup>3</sup> ef þeir kæmi á hans vald um daginn eptir fyrir<sup>4</sup> hádegi; "En ef "þeir eru þá eigi komnir, læt ek mína menn upp "ganga ok herja." Fóru sendimenn við þat apr. En konungr skipaði mönnum þá til uppgöngu, svá at upp skyldi ganga tveir hlutir liðs. En um morguninn eptir kom Margaðr á vald konungsins, ok lagði allt sít í fang hónum. Lítlu síðarr kom Engus, ok gaf sít mál í konungs vald. Hákon konungr hét þeim því báðum, at fá þeim sætt af Skotakonungi, ef þeirra sætt yrði konunganna. Þá seldu þeir Hákonni konungi gísla, ok sóru eiða. Hákon konungr görði þá bréf móti sínum mönnum, þeim sem hann hafði gört til at herja nesit, at þeir skyldu hætta hernaði; ok lagði gjald á nesit, tíu hundreð nauta, um fram þat sem áðr var herjat. Þeir Engus sættuz með því móti, at hann gaf upp eyna Íl í konungs vald; en konungr skipaði hónum eyna með því móti sem áðr<sup>5</sup> höfðu af hónum Suðreyinga höfðingia[r]. Sem segir í Hrafns-málum:

" Hélt inn hrað-mælti  
    Hringa við-Þingaðr  
    " leiðir lof-skeiðum<sup>6</sup>  
        leygs í Suðreyjum :

<sup>1</sup> *ok gaf' . . sít*] add. Fr.; om. Fl.

<sup>2</sup> *ok sögðu . . fylgð*] ok sögðu at hofðingjar þeir er réðu fyrir Satiri, Myrgaðr ok Engus, höfðu eyna Íl, ok vildu ganga á vald Hákonar konungs, Fr.

<sup>3</sup> *[par herja]* herja nesit, Fr.

<sup>4</sup> *fyrir*] hero St. begins again.

<sup>5</sup> *áðr*] emend.; aðrir, Cd., as also Fr.; Fl. om. the passage.

<sup>6</sup> *lof-skeiðum*] langskíðum, Fl.

128.

“ Upp gaf al-keppnum  
Engus her-fengna  
.. Íl fyrir ítr-bóla<sup>1</sup>  
eyði dal-reyðar.”

A.D. 1263.  
(Aug.)

Ok enn segir hann :

“ Stóð af stór-ráðum  
stýri gin-dýra  
“ ógn of úr-Jvegnar  
jarðir Vestr-garða :  
“ Færðu ljálm-hirða  
hausa frið-lausir  
“ jöfrar ósvifrum  
ótta rán-dróttar.”

Sunnan á Sátíri er einn kastali, þar sat í eimn riddari. Hann fór á fund Hákonar konungs ok gaf kastalann í hans vald. Görði konungr þar til sína menn við at taka því sem þar var. En Hákon konungr skipaði kastalann Guthormi bakka-kólf, ok fékk menn við hónum. Símon bródir hafði legit sjúkr um hríð; ok er Hákon konungr lá í Guðey andaðiz bróðir Símon; ok var flutt lík hans inn á Sátíri, ok tóku þeir Grá-munkar við líki hans, ok grófu í kirkju sínni, ok breiddu yfir leg hans kaugur, ok kölluðu hann helgan.

321. Nú er at segja frá þeim hluta hersins, er konungr hafði sent til Sátíris-eiðs at herja: At þeir gengu þar upp, ok brenndu þær bygðir sem fyrir 129. vóru, ok tóku slíkt af fé sem þeir fengu; drápu ok nökkura menn. En [fólk] allt flýði undan með allt þat sem við mátti komask. Þeir fengu mjök erviða ferð ok ánaudir myklar. En er þeir kómu í megin-bygðirnar, ok<sup>2</sup> bæði var fyrir þeim féit ok menninnir, þá kómu í móti þeim bréf<sup>3</sup> Hákonar konungs ok fyrir-buðu þeim at herja þaðan í frá, ok líkaði þeim þat stór-ílla. Fóru þó til skipa sínni við því

<sup>1</sup> bóta] Here begins the fourth leaf of vellum fragm. b.

<sup>2</sup> ok] þar sem, b.  
<sup>3</sup> bréf] menn, b.

A.D. 1263. herfangi sem fengit var, ok sigldu þaðan út undir  
 (Aug.) Guðey, ok funnn þar Hákon konung. Sem hér  
 segir:

“ Gengu geð-strangir  
                   gætis veg-mæta  
       “ sárs um Sáíri  
                   sunnan log-runnar :  
       “ Söddu svart-klædda  
                   sóknar dyn-bróka  
       “ bragnar byr-gegnir  
                   brandz á Skotlandi.”

Hákoni konungi byrjaði seint úr Guðey. Görði hann  
 þá suðr nökkur létti-skip; var þar Andrés pottr. Þeir  
 skylddu fara til Bótar til mótz<sup>1</sup> við þá er þangat vóru  
 sendir. Ok er þeir kómu þar, var þat tíðinda, at þeir  
 höfðu veitt atgöngu kastala nökkurum; ok unnu hann  
 með því móti, at þeir sem í sátu, gáfu upp kastalann,  
 ok tóku sér grið af Norðmönnum. Þar var ok við Norð-  
 mönnum einn skipstjórnar-maðr, er Ruðri hét; hann 130.  
 þóttisk ætt-borinn til Bótar. Ok fyrir því er hann fékk  
 eigi eyna af Skotum, görði hann þeim mykinn ófrið,  
 ok drap margan mann. Ok fyrir þat varð hann útlægr  
 af Skota-konungi.<sup>2</sup> Hann kom til Hákonar konungs  
 í Suðreyjum, ok sór hónum eiða, ok görðisk hans  
 maðr ok braðr hans tveir með hónum. En þegar sem  
 þeir vóru í brott frá Norðmönnum, þeir sem upp höfðu  
 gefit kastalann, já fór Ruðri eptir þeim, ok drap af  
 þeim nökkura ix. menn;<sup>3</sup> því at hann þóttizt þeim  
 öngum griðum heitið hafa. Eptir þetta lagðist eyin  
 undir Hákon konung. Sem hér segir:

“ Ferð vann frið-skerðis  
                   fræg ok óvægin  
       “ Bót af baug-njótum  
                   breiða guð-leiðum :

<sup>1</sup> *ti mótz]* add. b.

<sup>2</sup> *Skota-konungi]* Skotlandi, b.

<sup>3</sup> *nökkura ix. menn]* marga menn,

*b.*

“ Hraefðiz hjör-kleyfðan  
hrafn af val-tafni  
“ (felli fjandr stillis)  
fleygr í Suðreyjum.”

A.D. 1263.  
(Aug.)

Þeir allir saman Norðmenn, er þá voru í Bót, fóru þar inn á Skotland, ok brendu þorp nökkur ok bæi nökkura. Ruðri fór þar víða með mann-drápum ok ránum, ok görði þat illt sem hann mátti. Sem hér segir :

“ Brunnu búmannna  
bygðir úlygðar,  
“ heitr í haf-sætrum<sup>1</sup>  
hallar líf-galli :  
“ Féllu flein-þollar  
feigir svan-teigar  
“ suðr af sæ-skíðum  
sóttir her-dróttum.”

131.

322. Þá er Hákon konungr kom í Suðreyjar, kómu orðsendingar til hans af Írlandi, þær, at Írar buðu sik undir hans vald ; ok þóttusk mjök þurfa, at hann kaumi af þeim því ófrelsi<sup>2</sup> er Enskir menn höfðu þá undir brotið ; því at þeir héldu þá alla ina beztu staði með sjónum. En þá er Hákon konungr lá í Guðey, sendi hann menn út á Íland á létti-skútu, [ok] þann mann er Sigurðr Suðreyski hét. Þeir skyldu vita með hverju Írar vildu hónum þanneg bjóða.<sup>3</sup>

Eptir þat sigldi Hákon konungr ór Guðey suðr fyrir Sátiris-múla, við öllum herinum þeim sem þá var við hónum, ok lagði at við Herrey.<sup>4</sup> Þar næst lá hann í Herreyjar-sundi, milli ok Malas-eyjar.<sup>5</sup> Penna tíma kómu jafnan sendimenn Skota-konungs til Hákonar konungs, Pre dikarar, eðr Berfættu-bræðr, ok leituðu um

<sup>1</sup> *haf- sætrum*] Fr.; hálm-, St.; “ bjóða ” (an homoteleuton, ‘Háhjalm-’, Fl. (*haf-sætr*=*sæbygðir*). ‘ kon konungr’).

<sup>2</sup> *ófrelsi*] Fl.; ofrefli, Cd.

<sup>3</sup> b. omits the whole passage from “ Þá er Hákon konungr . . . .

<sup>4</sup> *Herrey*] emend.; Hereyjar, Cd.

(plur.)

<sup>5</sup> *Malas-*] thus, not Melas-.

A.D. 1263. sættir milli konunganna. Þá lét Hákon konungr  
 (Aug.-  
 Sept.) lausan Jón konung; ok bað hann fara í friði frá sér  
 hvert sem haun vildi; ok gaf hónum margar góðar <sup>132.</sup>  
 gjafir. Hét Jón konungr því, at draga allt til sætta  
 með þeim Skota-konungi, ok finna Hákon konung ef  
 hann sendi hónum orð.

Af þeim mála-ferðum ok sætta-nmleitan, er sendi-  
 menn Skota-konungs höfðu við Hákon konung, þá  
 görði Hákon konungr þat ráð, at hann sendi menn á  
 fund Skota-konungs. Vóru þeir þar fyrir: biskupar,  
 Gillibert af Hainri ok Heinrekr biskup af Orkneyjum;  
 Andrés Nikulás son, ok Andrés plytr, Páll súrr. Þeir  
 fundu Skota-konung í kaupstaðnum Nórar,<sup>1</sup> ok tók  
 Skota-konungr þeim álitliga. Ok er þeir töluðu um  
 sættir, lét konungr yfir því líkliga, at hann vildi  
 sættaz. Sagði, at hann vildi göra ráð sítt, ok senda  
 síðan menn til Noregs-konungs með þeim boðum sem  
 hónum <sup>2</sup> semðiz ok hans ráðu-neyti. Eptir þetta fóru  
 sendimenn í brott, en Skota-konungs menn nött  
 síðarr. Ok er þeir fundu Hákon konung, var talat  
 um sættir. Hákon konungr hafði látið skrá allar  
 eyjar fyrir vestan Skotland, þær sem hann kallaði  
 sér. En Skota-konungr hafði nefnit þær sem hann vildi  
 eigi láta lausar; var þat Bót, ok Herrey,<sup>3</sup> ok Kumr-  
 eyjar. En um aðra hluti varð skamt milli mál-  
 konungana; en jó gékk þessi sætt eigi saman. Tóku  
 Skotar þá þat ráð, at þeir skutu meirr málínu í lang-  
 bakka; ok drógu þann veg, at eigi skyldi með öllu  
 upp ganga sættin; því at þá leið á sumarit, ok tók  
 veðráttu at versna.<sup>4</sup> Fóru þeir við þessu aprí til  
 Skota-konungs.

Eptir þetta sigldi Hákon konungr inn undir Kumr-  
 eyjar öllum herinum. Vóru þá enn meðal-ferðir;  
 ok létu Skotar jafnan líkliga yfir sættum. Var þá  
 enn fundr til lagðr inn á Skotlandi. Sendi Hákon

<sup>1</sup> Nórar] Nóar, b.; (read Nóvar?)

<sup>2</sup> hónum] add. b.

<sup>3</sup> Herrey] Fl.; Hersey, Cd.

<sup>4</sup> versna] vestna, Cd.; harðna, b.

konungr til þess fundar biskupa, ok klerka, ok A.D. 1263.  
lenda menn; en þar kómu til mótz við þá riddarar (Aug.-  
nökkurir ok klaustra-menn. Tölusu þeir þá mart  
um settir, ok kom þá mjök í sama stað niðr ok  
fyrr. Ok er á leið daginn þótti Norðmönnum Skotar  
133. góraz ótrúlegir, þvíat þeir sömmuðusk þá margir  
af landi ofan. Fóru Norðmenn þá til skipa sínya,  
ok fundu Hákon konung, ok sögðu hónum viðtal  
þeirra, sem verit hafði. Ok fýstu flestir at upp væri  
sagt friðnum; ok væri herjat; þvíat herrinn hafði  
mjök vista-fátt.<sup>1</sup>

323. Hákon konungr sendi þá til Skota-konungs  
hirðmanu sín er Kolbeinn riddari hét. Hann fór  
með<sup>2</sup> friðar-bréfi því er Skota-konungr hafði sent  
Hákoni konungi. Hann skyldi ok hafa með sér aprí-  
þat friðar-bréf er Hákon konungr hafði sent Skota-  
konungi. Hér með skyldi hann ok segja konungi, at  
Hákon konungr bauð hónum, at þeir skyldu finnask  
sjálfir með öllum sínum her, ok talazk við; ok hafa  
þar með ina beztu menn; ok mætti þeir sáttir verða.<sup>3</sup>  
En ef þessa verðr eigi auðit, bauð Hákon konungr,  
at þeir skyldu berjask með öllum herinum; hefði sá  
þá gagn er Guð vildi. En er Kolbeinn flutti þetta  
mál fyrir konungi, tók hann því ekki ólíkliga at  
berjask við Hákon konung. En þó fór Kolbeinn svá  
í brott, at hann fékk öngan órskurð á þessu örindi.  
Tók Kólbeinn þar Hákonar konungs bréf, en lét eptir  
Skota-konungs bréf. Fór bann þar til er hann fann  
Hákon konung, ok sagði hónum af sínum örindum; ok  
þótti<sup>4</sup> hónum hans örindi lítið. Svá segir í Hrafns-  
málum:—

“ Bauð inn böð-fróði  
bragna sigr-magnaðr

<sup>1</sup> *vista-fátt*] *b.*; *vista-fast*, *Cd.*

þá sáttir með Guðs miskun, þá væri  
vel, *Fl.*

<sup>2</sup> *með*] Here one leaf is cut out of  
*St.*; the text is now taken from *b.*

<sup>4</sup> ok þótti . . . verða] yrði þeir  
verse, om. *b.*; here added from *Fl.*  
and *Fr.*

<sup>3</sup> *ok mætti . . . verða*] *yrði þeir*

A.D. 1263.  
(Sept.)

“ austan orrustu  
optarr spjót-sköptum :  
“ Porðut prek-stærðan  
þegnar úsegnir  
“ ljórs við blik-rýri  
berjask útverja.”

Var þá lokit öllum griðum. Hákon konungr skipti herinnum, ok sendi frá sér sex tigi skipa inn í fjörð<sup>134.</sup> Þann er Skipa-fjörðr heitir. Var þar fyrir Magnús konungr ór Mön, ok Duggall [konungr], Alinn bróðir hans, Margaðr ok Engus. Þeir voru fyrir Snorr eyingum. En fyrir Norðmönnum var Vígleikr Prestsson ok Ívarr hólmr. Ok er þeir kómu inn í fjörðinni, tóku þeir báta sína, ok drógu þar upp á land til vatn eins mikils, er heitir Loku-lomni.<sup>1</sup> Um vatnit lá jarlsríki eitt, er Lofnað heitir.<sup>2</sup> Þar var ok mikill fjöldi eyja í því vatni, ok vel bygðar. Þessar eyjar eyddlu Norðmenn með eldi ok vápnum. Þeir brendu ok alla bygðina umhverfis vatnit, ok <sup>3</sup> görðu þar it mesta hervirki sein Sturla kvað :—

“ Drógn dyn-sveigis  
darra flug-skjarrir  
“ báta baug-njótar  
breiðar strand-leiðir :  
“ Eyddlu óhræddir  
Eyjar geir-þeyjum  
“ vegs í við-bygðu  
vatni her-skatnar.”

Aleinn, bróðir Duggals, gókk mjök um þvert Skotland, ok drap margan mann. Hann tók mörg

<sup>1</sup> er . . . *Loku-lomni*] om. b.; add. Fl.: Lokulefni, Fl.; Sokolofni (!), Fr. (contracting the whole passage).

<sup>2</sup> er *Lofnað heitir*] om. b.; add. Fr. and Fl., (Lofnarð, Fl., Lofnath Fr.)

<sup>3</sup> Here is a blank in b. The following, until “leiddi til bana,” is taken from Fr. Then, from “ænga “ Hákon konungr . . . tók þá “akkerin at,” again from b.

135. hundrat nauta, ok görði mikit hervirki. Sem hér A.D. 1263.  
segir:— (Sept.—Oct.)

“ Herðu her-ferðir  
hryggs í stór-bygðir  
“ víða varg-fæðis  
virðar geð-stirðir:  
“ Fékk inn fólk-rakki  
felli gunn-spelli  
“ öldum úkaldan  
Aleinn líf-dvalar.”

Síðan fóru Norðmenn til skipa<sup>1</sup> sínna. Fengu þeir  
þar storm mikinn svá at braut nokkur trú skip.<sup>1</sup> Þá  
tök Ívarr hólmr bráða sótt þá er hann leiddi til bana.

324.<sup>2</sup> Hákon konungr lá í Kumreyjum<sup>3</sup>—Michaels- (The night  
messá var þá á Laugardag.—En Mánadags-náttina eptir between the 1st and  
kom á æsi-stormr með ólum<sup>4</sup> ok hregg-viðri. Fyrir 2nd Oct.)  
dag um nóttna kölluðu þeir er streng-vörð héldu á  
konungs-skipinu, ok sögðu at kugg einn rak framan  
á festarnar. Hljópu menn þá upp skyndiliga, ok  
ráku af sér tjöldin, ok klædduz. Stagit<sup>5</sup> á kugginum  
festi á höfðinu á konungs-skipinu, ok tók af nasirnar.<sup>6</sup>  
Síðan rak kugginn aptr með borði til þess er akkerit  
tók við, ok festi í strenginum á konungs-skipinu.  
Tók[u] þá akkerin at<sup>7</sup> kraka. Konungrinn bað þá  
höggya akkeris-strenginn á kugginum. Ok svá görðu  
þeir. Rak hann þá út á eyna; en konungs-skipit  
hélzt; ok lágu tjald-lausir til dags. En um morginium  
er flæddi, flant kuggrinn; ok rak hann þá upp á  
136. Skotland. Vindrinn tók at vaxa svá at eins. Neytu

<sup>1</sup> nokkur trú skip braut fyrir  
þeim í Skipafirði, Fl. (better), yet  
omitting the preceding passage:  
síðan fóru . . . trú skip.

<sup>2</sup> Here begins the 5th leaf of  
fragment b, written in four columns.  
The whole upper part is cut off.  
The text is now taken from this  
leaf, so far as it goes.

<sup>3</sup> Kumreyjum] emend.: Suðrey-  
jum, b., Fr.

<sup>4</sup> ólum] ærslum, Fr.

<sup>5</sup> Stagit] Stögin, Fl.

<sup>6</sup> nasirnar] nasarnar, Fl.

<sup>7</sup> Or “tók þá akkerit”? Here  
is a blank of a half column in  
b the text is now taken from Fl.

A.D. 1263. menn þá grunnsæra þeirra er til höfðu. Þá var fellt  
1st and 2nd Oct. it finna akkeri á konungs-skipi. En konungr fór í  
 bát, ok réri út til eyjarinnar, ok lét syngja sér messu.  
 En skipit rak inn á sund. Var þá tekit aðal-akkerit,  
 ok sett fyrir; ok rak eigi at síðri. Nökkur fimm  
 skip rak inn at landi. Þá hriflu við akkerin<sup>1</sup> á  
 öllum skipunum, ok svá á konungs-skipinu. Vóru þá  
 fyrir því sjau akkeri, ok it átta þat er fast var í stren-  
 ginum, er þeir höfðu átt á kugginum. Svá mæltu  
 flestir menn, at görningar mundu ráða stormi þessum.  
 Hriflu þá við akkerin á öllum skipunum þeim ér inn  
 vóru rekin. En þrjú vóru með öllu á land rekin, ok  
 höfðu þeir ina mestu vásbúð. Sem hér segir<sup>2</sup>—

“ Mætti marg-fréttinu  
 miklum fram-stiklir  
 “ auðar<sup>3</sup> óþjóða  
 Inga görningum :  
 “ Leysti lá-brostinn  
 lögr in skaut-fögru  
 “ flaust ór frón-læstum  
 festum<sup>4</sup> baug-lestis.”

Ok enn:—

“ Bléss of böð-fússa<sup>5</sup>  
 bragna fjöld magnat  
 “ hregg á herbygðum  
 hríðar brim-skíðum :  
 “ Upp rak alkepna  
 öld með her-skjöldu  
 “ grundar gjálfr-undit  
 grand á Skotlandi.”

137.

325. Þá er Skotar sá at skipin rak at landi, söm-  
 nuðusk þeir saunan, ok fóru ofan at Norðmönnum, ok  
 skutu at þeim. En þeir vörðusk, ok létu kugginn

<sup>1</sup> Here (-erín) begins the 2d col. of b.

<sup>2</sup> This whole episode is much abridged and mangled in Fr.

<sup>3</sup> auðar] b.; oprar, Fr.

<sup>4</sup> festum] flestum, Fr.

<sup>5</sup> Here again is a blank in b., the following, until “dæmði her-“ sœmða,” is taken from Fr., which is here better than Fl.

gæta sín.<sup>1</sup> Skotar sóttu at stundum en jafnan frá A.D. 1263. Féllu þar fáir menn, en margir urðu sárir. Þá sendi <sup>1st and 2d Oct.</sup> Hákon konungr inn lið á bátum nökkurum,<sup>2</sup> því at <sup>Oct.</sup> þá lægði heldr veðrit. Sem hér segir:—

“ Sendi snarlynda  
sverða blik-skerðir  
“ sveit inn sigr-mæti  
síð til bryn-hríðar :  
“ Drap ina dul-miklu  
drengja lof þengils  
“ drótt sá er dal-gauta  
dæmði her-sæmða.”

138. Síðan fór konungr út á kertisveina-skútu með Þorlaugi bósa. Þegar konungs-menn kómu á land flýðu Skotar á land. Vóru<sup>3</sup> Norðmenn á landi um kveldit, ok um nóttina til þess er dró at degi. Þá fóru <sup>2nd Oct.</sup> allir Norðmenn í búzuna. Þegar sem dagr var, klæd-dusk menn á konungs-skipinu ok vápnudusk, ok svá á öðrum skipum, ok rörum til landz. Höfðu Skotar komit at kugginum, ok tekit<sup>4</sup> slíkt af fé sem þeir máttu við komask. Lítlu síðarr kom Hákon konungr á land,<sup>5</sup> ok við hónum nökkurir lendir memi ok mart fólk. Konungr létt þá ryðja kugginn, ok bera í báta, ok flytja út til skipa.

326. <sup>6</sup> Þá er kuggrinn var mjök ruddr, sázk herr Skota, ok ætluðu flestir at<sup>7</sup> sjálfr Skota-konungr mundi fyrir vera, þvíat herrinn sýndiz mykill. Ögmundr kræki-danz var á haugi einum ok sveit nökkur manna með hónum, ok sóttu Skotar at þeim gletting,<sup>8</sup> þeir sem fyrstir kómu. Þá er þeir sá at megin-herrinn nálgaði, báðu menn komunginn fara í bát, ok róa út til skipa,

<sup>1</sup> *ok létu . . . sín]* en þeir vörust vel á kugginum, Fl.

<sup>2</sup> at hjálpa þeim er á landi vóru, add. Fl.

<sup>3</sup> *Vóru]* Here begins the third col. of *b.*

<sup>4</sup> *tekit]* Here (-kit) St. begins

again, from which the text is now taken.

<sup>5</sup> *á land]* blotted out in Cd.

<sup>6</sup> *b.* heads the chapter by “Bar-“ dagi á Skotlandi.”

<sup>7</sup> *at]* allir at, *b.* upon which follows a blank.

<sup>8</sup> *þann*, add. Fl.

A.D. 1263. ok senda þeim lið miklu meira. Konungr bauð at  
 (2nd Oct.) vera á landi með þeim. En þeir vildu eigi leggja  
 hann svá í hættu; ok fór hann af því í bát, ok röri  
 út undir eyna til liðs síns. Þessir vóru lendir menn  
 á landi: Ögmundr kræki-danz, Erlingr Álfsson, Andrés  
 pottr, Erlendr rauðr, Andrés Nikulásson, Þorlaugr bósi,  
 Páll súrr.<sup>1</sup> Nær sex tigir manna vóru af konungs-  
 skipinu; var þar fyrir Andrés plytr. En at flestra  
 manna ávarpi mundi allz á landi vera átta hundruð  
 manna eða níu af Norðmönnum. Nær tvau hundruð  
 manna vóru upp á hauginum við Ögmundi; en annat  
 liðit stóð niðri á mölinni. Þá tók Skota-herr at at  
 dragazt, ok var þat all-mikill herr. Þat var sumra  
 manna ávarp, at vera mundi fimm hundruð riddara;  
 en sunmir kölluðu nökkruru minna. Þat lið var allvel  
 búit með brynuðum hestum ok mörgum Spánskum  
 ersum, öllum forþoxtum.<sup>2</sup> Skotar höfðu mikinn 139.  
 her fót-gangandi manna, ok var þat lið litt<sup>3</sup> búit at  
 vápnunum. Mest höfðu þeir boga ok spörður. Norð-  
 menn, þeir sem á hauginum vórn, dreifðust ofan at  
 sjónum, svá at Skotar skyldu eigi kringja um þá.  
 Andrés Nikulásson kom þá upp á hauginn, ok spurði  
 Ögmund, ef hónum þatti eigi ráðligrar at fara ofan á  
 mólina til þess liðsins er þar var; ok var þat ráðs  
 tekit. Andrés bað menn ofan fara; en fleykta<sup>4</sup> eigi  
 sem flóttamenn. Skotar sóttu þá fast [at], ok grýttu.  
 Var þá mikill vápnaburðr at Norðmönnum. En þeir  
 fóru undan á hæli, ok hlífðu sér. En svá sem Norð-  
 menn kómu fram á þá brekku er fram gengr af haug-  
 inum,<sup>5</sup> þá fór hvern öðrum harðara. Ok er þetta sá  
 þeir er niðri vóru á mölinni, hingðin þeir at Norðmenn  
 vildi flýja. Hljópu þá Norðmenn til bátanna; ok  
 kómuzt sunmir við því móti frá landi ok út til skipa.

<sup>1</sup> Fr. adds, Rognvaldr urka.

<sup>2</sup> forþoxtum] fordýetum, Fr.

<sup>3</sup> litt] vel, Fr. (erron.)

<sup>4</sup> fleykta] flökra, Fr.

<sup>5</sup> en svá . . . hauginum] en er

þeir kómu á neðstu brekkn, Fl.

<sup>6</sup> ok . . . skipa] add. b.

En flestir bátar sukku niðr; ok týnduzt þar nökkurir A.D. 1263.<sup>1</sup> menn. Margir Norðmenn hljópu<sup>2</sup> undir kugginn ok<sup>2</sup> (2nd Oct.) sumir upp í. Þá er Norðmenn kómu ofan af hauginum í dalinn, milli ok malarinnar, þá tóku flestir at hlaupa. En þá var kallat at aptr skyldi snúa. Snörn þá aptr nökkurir menn, ok þó fáir. Þar féll hirðmaðr konungs, Hákon af Steini. Fóru Norðmenn þá enn undan. Ok þá er þeir kómu ofan á möllina var enn kallat at aptr skyldi snúa. Snörn þá enn aptr nökkurir, ok eigi margir. Þat var suðr á möllinni frá langskipinu því er upp hafði rekit. Þar fóllu tveir Norðmenn. Peir sem aptr höfðu snuizt, áttu<sup>3</sup> þá öngvan annan til en hlífa sér, ok óku svá undan á hæli til þess er þeir kómu norðr um langskipit. Þá var þar fyrir nökkur sveit Norðmanna, ok námu þeir þá við allir samt.<sup>4</sup> Þessir vóru þar formenn: Ögmundr kræki-danz, Andrés Nikolásson, Þorlaugr bósi, Páll súrr. Varð þá harðr bardagi, ok þó mjök ójafnligr, þvíat tíu Skotar mundu vera um einn Norðmann. Þar fóll einn ungr maðr af Skotum; sá hét Perus; hann var kominn af hinum beztum ættum, ok var ríks riddara son, ok reið djarfligar enn eingi riddari annarr. Þar fóllu menn af hvárum-tveggjum, ok fleiri af Skotum. Sem Sturla kvað:

“ Hlöðu hug-prúðir  
hrings at bryn-þingi  
.. várir veg-stórir  
virðar baug-nitði:

<sup>1</sup> upp, add. *b.*

<sup>2</sup> *ok*] en, *b.*, which ends here.

<sup>3</sup> The interpolation in St. is here wrong,—þeir sem aptr höfðu snuiz. Áttu.

<sup>4</sup> *En flestir bátar . . . allir samt]* Instead of this Fr. has the following:—Andres pottr hljóp yfir ij. bátana ok í hinum þriðja, ok fór svá

frá landi. Margir bátar sukku niðr, ok týnduz nokkrir menn. Sumir Norðmenn óku undan á hæli ofan at sjónum. Þar fóll hirðmaðr Hákonar konungs, Hákon af Steini. Þá hrukku Norðmenn suðr frá kugginum.—This episode of Andres Potts' leap is not found in the text of St.

A.D. 1263.  
(2nd Oct.)

“ Fyllduz fjöl-seldum  
frammi val-gammar  
“ (hverr man hring-þverris  
hefna ?) auð-stefni.”

Meðan bardaginn var, þá var svá mikill stormr, at 141.  
Hákon konungr sá eigi efni á, at koma liði á land.  
En Rögnvaldr, ok Eilífr í Naustdali, röru á skútu  
inn at landi; ok fór Eilífr á land í báti, en Rögnvaldr  
hrökk út aptr til skips síns. Eilífr kom til bardagans  
við nökkura menn, ok fór alldjarfliga, ok þeir Norð-  
menn sem á bátana höfðu gengit, ok upp kómuzt á  
möolina. Þá tók Norðmönnum at sámnazt lið, ok  
létu Skotar þá undan upp á hanginn; ok var þá  
glettu-sókn í milli þeirra um hríð með skoti ok  
grjóti.

Þá er á leið daginn veittu Norðmenn atgöngu  
Skotum upp á hanginn, ok sóttu þá it djarfligsta.  
Sem segir í Hrafns-málum :—

“ Kvöddu kapp-studda  
kæris Norð-Mæra  
“ hölda her-valðir  
hersar gunn-versum :  
“ Gékk en gunn-rakka  
gætis há-sæta  
“ hirð at ljör-stærðum  
ljaldri járn-faldin.  
“ Beit at bryn-móti  
brún i rauð-túnnum  
“ egg of ódyggvar  
aldir<sup>1</sup> gunn-tjálfa :  
“ áðr en egg-hriðar  
undan<sup>2</sup> víg-lundum  
“ skyndu sky-þundar  
Skotzkir al-þroskins.”

Skotar flýðu þá af hauginum, hverr sem mátti í fjall 142.

<sup>1</sup> aldir] aldar, Fr.

<sup>2</sup> undan] unda, Fr.

í brott. En er Norðmenn sá þat, fóru þeir til bátanna A.D. 1263.  
 ok réru út til skipa, ok kvómuzt nauðuliga fyrir stormi.  
 (Oct.)  
 En um morguninn eptir fóru menn eptir líkum þeirra  
 manna sem fallit höfðu. Þessir félundar: Hákon af  
 Steini, Þorgils gloppa; þeir voru hirðmenn Hákonar  
 konungs. Þær félundar bóniði ór Þróndheimi, er Karls-  
 höfuð hét; annarr bóniði ór Fjörðum er Hallkell hét.  
 Þær léztuðu því kerti-sveinar, Þorsteinn bátr, Jón ball-  
 höfuð, Hallvarðr buniarðr. Ógörla máttu Norðmenn  
 vita hvat fíll af Skotum, þvíat þeir tóku hvern er fíll,  
 ok fluttu til skógar. Hákon konungr lét flytja lík  
 sínna manna til kirkju.

En Þórsdaginn eptir lét hann taka upp akkerin 4th Oct.  
 ok flytja skip sítt undir eyna; ok þann dag kom  
 sá herr til hans er hann hafði sent í Skipafjörð.

En Frjádaginn eptir var veðr gótt; sendi konungr 5th Oct.  
 þá á land gesti at brenda skip þau er upp hafði  
 rekit. Þann saman dag siglði konungr undan Kumr-  
 ey[jum]<sup>1</sup> ok út til Malas-eyjar,<sup>2</sup> ok lá þar nökkurar  
 nætr. Þær kvómu til hans menn þeir er hann hafði  
 sent til Írlandz; ok sögðu hónum, at Írar vildu halda  
 allan herinn um vetrinn til þess at Hákon konungr  
 frelsadi þá undan valdi Enskra manna.<sup>3</sup> Hákon kon-  
 ungr var mjök á þat snúinn at sigla til Írlandz; en  
 alþýðu var þat mjök í móti skapi. Ok með því at  
 eigi byrjaði út þann veg, þá átti konungr þing við  
 lið sítt; ok lýsti því, at hann vildi gefa öllum orlof  
 at sigla til Suðreyja þegar sem byri gæfi til; þvíat  
 herrinn hafði vista-fátt. Þá lét konungr flytja lík  
 Ívars hólms inn til Bótar, ok var hann þar jarðaðr.

143. Eptir þetta siglði Hakon konungr undan Malasey  
 ok lá um nóttina undir Herrey,<sup>4</sup> ok þaðan undir 10th Oct.  
 Sandey, ok svá til Sátiris-múla, ok kom um nóttina 11th Oct.  
 norðr<sup>5</sup> undir Guðsey. Ok þaðan siglði hann út í Ílar-

<sup>1</sup> Kumreyjum] Kumrey, sing., Cd., Fl.

<sup>2</sup> Malas-] or Melas-, Cd.

<sup>3</sup> Hákon konungr fr. . . . manna] Fr., Fl.; om. St.

<sup>4</sup> Herrey] Hersey, Cd., Fl.

<sup>5</sup> um nóttina . . . . norðr] Fl.; om. St., (homoteleuton).

A.D. 1263. sund, ok lá þar tvær nætr. Hann lagði gjald á  
12th till eyna, þrijú hundruð nauta; þat skyldi gjalda sumt í  
14th Oct. mjölví ok osti; setti hann þar menn eptir til viðr-töku.  
14th Oct. Hákon konungr siglði. . . .<sup>1</sup> Sunnudaginn í vetr-nóttum,  
ok fékk svá mikinn storm með myrkri, at fá-ein skip  
héldu heilum seglum sínum; en frá mörgum reif öll  
í brott. Þá tók konungr höfn í Kiarbarey, ok fóru  
menn í milli þeirra Jóns konungs, en þó varð ekki af  
fundi þeirra. Þá spúrdi Hákon konungr, at hans  
menn höfðu höggit mikit strandhögg í Mýl, ok  
þar voru drepnir nökkurir menn af Mýlverjum, ok  
enn tveir eða þvír af Norðmönnum. Þaðan siglði  
Hákon konungr [inn] til Mýlar-kálfss, ok lá þar nök-  
kurar nætr. Þar skilduzt í frá hónum Duggall konungr  
ok Aleinn bróðir hans, ok skipaði hann þeim ríki þat  
sem Jón konungr hafði aðr haft. Magnús konungr  
ok aðrir Suðreyingar höfðu fyrr skilizt við. Ruðra  
skipaði hann Bót, en Murgaði Herrey.<sup>2</sup> Duggali gaf  
hann kastala þann á Sátíri<sup>3</sup> er Guthormir bakka-kólfur  
hafði setið í um sumarit. Í þessari ferð hafði Hákon  
aptr unnit ríki þau er Magnús konungr Berfættr  
hafði unnit af Skotlandi ok Suðreyjum. Sem hér  
segir:—

“ Öll vann Egða stillir  
aptr geir-brúar-krapta †  
“ skjótt af Skotzkum dróttum  
skattlönd megin-gröndoðs :  
“ Reisti öngr við Yngva  
(úlest) fyrir haf vestan  
“ (róg-sækis varð ríki)  
rönd veðr-höði ⁵ Göndljar.”

144

327. Hákon konungr sigldi ór Mýlar-kálfi með þeim her sem þá var við hónum, ok eigi var undan sigldr til Raun-eyja.<sup>6</sup> Þar<sup>7</sup> lá fyrir hónum Balti bónði af Hjalt-

<sup>1</sup> Blank for one word in St.; <sup>5</sup> *rönd veðr-boði*] Fl.; *rand-veðrsboði*, Fr.

<sup>2</sup> Hersey] Hersey, Fl., Fr., Cd.

<sup>3</sup> á *Sátíri*] add. Fl.

*krapta]* hafta, Fl.

5 rönd u

oði, Fr.

<sup>6</sup> -eyja] eyjar, Cd.,

landi, ok þeir menn sem hann hafði sent til Orkneyja; A.D. 1263.  
 ok sigldu þeir til Orkneyja til þeirra manna sem fyrr<sup>1</sup> (Oct.)  
 höfðu sight ok konungr vildi at hans biði í Orkney-  
 jum, ok svá þeir sem hann gaf orlof til Noregs. Sigldi  
 Hákon konungr ór Raun-eyjum<sup>2</sup> leiðar súmar, ok stefndi  
 norðr. En veðr gékk í mótt hónum, ok siglði hann þá í  
 Vestra-fjörð á Skíði, ok lá þar nökkura hríð; ok tók  
 vista-gjald af eynni. Þaðan siglði hann fyrir Hvarf.  
 Ok er hann kom fyrir Dýrnesh<sup>3</sup> þá fell veðrit í logn.  
 Lét konungr þá róa inn undir land, ok lagði til hafnar  
 í þann fjörð er heitir Góa-fjörðr. Þat var Tveggja-  
 Postula-messu-aptan, Symonis ok Jude; en messu-dagrinn 28th Oct.  
 var á Dróttins-degi. Konungrinn lá þar um nóttina. 28th till  
 En messu-daginn, er sunginn var messa, kómu til hans 29th Oct.  
 nökkurir Skotzkir menn er Norðmenn höfðu tekit.  
 Hákon konungr gaf þeim grið, ok sendi þá upp í  
 bygðina; ok hétu þeir at koma ofan með nautum til  
 hans; en einn þeirra var eptir í gisling.

Sá atburðr varð um daginn, at ellifu menn af skipi  
 Andres kúza fóru á land á báti at taka sér vatn.  
 Lítlu síðan var heyrt at þeir æptu. Röru menn þá  
 til af skipum; ok voru þá tveir teknir af sundi  
 mjök sárir, en níu funduzt á landi, allir dreppni.  
 Ok höfðu Skotar komit at þeim; en þeir hljópu allir  
 til bátzins, ok var hann uppi fjaraðr; en þeir allir  
 vápn-lausir; ok varð eingi vörnin. En þegar er  
 Skotar sá at til var róit, hlíópu þeir til skógar; en  
 145. Norðmenn höfðu líkin við sér.

Mámadaginn sigldi Hákon konungr ór Góa-firði; ok 29th Oct.  
 lét flytja á land inn Skotzka manni, ok gaf hónum grið.  
 Konungr kom öndverða nótt til Orkneyja, ok lá í 29th till  
 sundi nökkuru norðr frá Ásmundar-vágí. Þaðan siglði 30th Oct.  
 hann í Rögnvaldz-vág. Ok kom þar saman mestri hluti  
 hers þess er þá var í Orkneyjum; var þat mestr

<sup>1</sup> fýrr] or 'fyrir,' Cd.

<sup>2</sup> Thus, plur. here Cd.

<sup>3</sup> fýrir Dýrnesh] Fl.; frá Dyrnesi,  
 Cd.

A.D. 1263. hluti hersins er fyrir hafði sight. Ok þá er þeir siglðu  
 (Oct.-  
 Nov.) yfir Péttlandz-fjörð, var röst mikil í firðinum; ok þar  
 týndizt eitt skip ór Rygia-fylki, ok allir menn þeir  
 sem á voru. Jón í Hestbæ rak austr eptir firðinum;  
 ok hafði hónum all-nær, at hann mundi reka í Svel-  
 ginn; en með Guðs miskunn rak skipit austr í haf.  
 Ok er hann misti Eyjanna sigldi hann til Noregs.

328. Hákon konungr kom í Rögnvalldz-vág; ok var  
 þá mikill hluti hersins sigldr til Noregs, sumir<sup>1</sup> með  
 lofi hans, en sumir gáfu sér sjálfr heim-leyfi. Hákon  
 konungr hafði þar orð á fyrst er hann kom í Eyjarnar,  
 at hann mundi sigla til Noregs. En með því at veðr-  
 átta tók at harðna, en eigi vildi byrja, tók hann  
 þat ráð at sitja í Orkneyjum um vetrinn. Nefndi  
 hann þá til nær tuttugu skip eptir at vera; en hann  
 gaf þá orlof öðrum heim at sigla. Þá görði Hákon  
 konungr bréf með mönnum sínum<sup>2</sup> um skipan ríkis í  
 Noregi ok aðra hluti. Með Hákonni konungi voru  
 eptir allir lendir menn þeir sem vestr höfðu farit;  
 útan Eilíf í Naustdali, hann var austr sigldr; en  
 flestir inir beztu menn voru eptir með konunginum.

- 1st. Nov. Eptir Allra-heilagra-messu lét konungr sigla skipi  
 sínu út<sup>3</sup> til Meðal-landz-hafnar; en hann dvalðizt um 146.  
 daginn í Rögnvalldz-ey, ok fór þaðan inn til Kirkju-  
 vágs. Eptir þetta sá hvír skipstjórnar-maðr fyrir  
 sínu skipi. Vóru sum upp sett í Meðal-landz-höfn, en  
 sum inn við Skálp-eið. Hákon konungr reið út til  
 10th Nov. Meðal-landz-hafnar Laugardag fyrir Marteins-messu;  
 þat var messu-aptanninn. Hann var þá mjök krankr.  
 11th Nov. Var hann um nóttina á skipinu. Um morguninn lét  
 hann syngja sér messu á landi. Síðan görði hann ráð  
 fyrir skipi sínu, hvor upp skyldi setja; ok bað menn  
 góða stund á leggja at sjá fyrir skipinu.<sup>4</sup> Síðan fór

<sup>1</sup> sumir] add. Fl.

<sup>2</sup> með mönnum sínum] menn með  
 bréfum, Fl.

<sup>3</sup> út] add. Fl.

<sup>4</sup> skipinu] skipunum, Cd., Fl.

hann inn til Skál-p-eiðs ok svá til Kirkjuvágs ; hann A.D. 1263.  
 fór í biskups-garð við öllum sveitungum sínum þeim (Nov.)  
 sem hann hélt borð. Héldu þeir báðir borð í höllinni,  
 konungr ok biskup, hvárr sínum mönnum ; en kon-  
 ungrinn var upp í herbergjum, ok mataði þar jafnan.  
 Hákon konungr lét þá skrá lendum mönnum ok  
 sveitar-höfðingjum eyris-lönd til vista-töku,<sup>1</sup> at halda  
 þær sveitir sem við þeim voru, ok svá af hverjum  
 eyris-löndum. Andrés plýt skyldi taka til þess at halda  
 sjálft konungs-borð, ok út at gefa hirðinni, gestum ok  
 kertis-sveinum, ok öllum hans sveitungum.<sup>2</sup> Þá er  
 menn höfðu fyrir sét skipum sínum, fóru hverir þan-  
 gat sem skipat var. Þessir lendir menn voru í Kirkju-  
 vági : Brynjólfur Jónsson, Erlingr Álfsson, Rögnvaldr  
 urka, Erlingr í Bjarkey, Jón dróttning, Erlindr rauðr,  
 ok margir aðrir skipstjórnar-menn ok sveitar-höf-  
 ðingjar, en aðrir lendir menn ok skipstjórnar-menn<sup>3</sup>  
 voru í heraði á þeim eyris-löndum sem þeim voru  
 skipat.

329. Konungrinn hafði haft um sumarit vökur miklar,  
 347. ok stórar áhyggjur ; var hann opt<sup>4</sup> kallaðr,<sup>5</sup> ok hafði  
 lítið frelsi af sínum mönnum. En er hann kom útan  
 ór Meðal-landz-höfn frá skipi sínu, sem áðr var sagt,  
 þá lagðið hann brátt í rekkju af sótt ; fór sóttin ekki  
 mjök ákaft í fyrstu. Ok er konungr hafði legit  
 nökkurar þrjár vikur, léttizt hónum heldr, ok var  
 hann nökkura þrjá daga svá, at hann gékk fyrsta dag Dec. be-  
 innan um herbergit, en annan dag í kapellu<sup>6</sup> biskups, ginning.  
 ok hlýddi þar messn ; en þriðja dag gékk hann til  
 Magnús-kirkju ok um skrín ins heilaga Magnúss jarls.  
 Þann dag lét hann göra sér kerbað, ok fór þar í, ok  
 lét raka sér. Þá sömu nótt eptir tók at þyngja

<sup>1</sup> *vista-töku*] Fl., Fr.; vista til,

Cd.

<sup>2</sup> þeim eigi ok síðr sem hann  
 hélt, add. Fl.

<sup>3</sup> *ok skipstjórnar-menn*] add. Fl.

<sup>4</sup> *opt*] add. Fl.

<sup>5</sup> *kallaðr*] kalkaðr, Cd. (or kallz-  
 aðr?), as it seems; opt kallaðr, Fl.

<sup>6</sup> Here one leaf is wanting in St.  
 The text is now taken from Fl.

A.D. 1263. mjök hans sóttar-fari; ok lagðisk hann þá annat sinn  
 (Dec.) í rekkju, ok þótti mönnum þá hans sóttar-far mjök  
 þyngjask. Í sóttinni lét hanu fyrst lesa sér Látinu-  
 bækr. En þá þótti hónum sér mikil mæða í, at hugsa  
 þar eptir hversu þat þýddi. Lét hann þá lesa fyrir  
 sér Norænu-bækr, nætr ok daga; fyrst Heilagra-manna-  
 sögur; ok er þær þraut, lét hann lesa sér Konunga-  
 tal frá Hálfdani Svarta, ok síðan frá öllum Noregs-  
 konungum, hverjum eptir annan. Þá er Hákon kon-  
 ungr þóttisk finna, at mjök þyugðisk sóttar-farit, þá  
 görði hann ráð fyrir mála-gjöfum við hirð sína; ok  
 kvað hann á, at gefa skyldi mörk brenda hverjum  
 hirðmanni; en hálfá mörk gestum, ok skutil-sveinum,  
 ok öðrum sínum þjónustu-mönnum. Þá lét hann vega  
 allan borð-búnað sínn, þann er eigi var gylldr; ok  
 mælti svá fyrir, at þar sem þryti skírt silfr, þá skyldi  
 borð-búnaðinn gefa, svá at allir hefði góð skil. Þá <sup>148-</sup>  
 vóru ok rituð bréf þau, er hann vildi senda til Magnúss  
 konungs, með allri þeirri skipan sem hónum þótti  
 mestu varða. Hákon konungr var oleaðr einni nótt  
 fyrir Luciu-messu. Vóru þar at biskupar: Porgils  
 biskup af Stafangri, Gillibert biskup af Hamri, Hein-  
 rekr biskup af Orkneyjum; Þorleifr ábóti; ok margir  
 aðrir lærðir menn. Ok áðr hann væri smurðr, þá  
 mintusk menn við hann, þeir er við vóru. Var þá  
 konungrinn enn mál-hress. Hann var eptir frétr í  
 sóttinni af trúnaðar-mönnum sínum, ef svá erviðliga  
 yrði, at hans missti við eðr Magnúss konungs, hvárt  
 hann ætti engan sun eptir; eðr hvárt nökkt væri í  
 annan stað til at ganga þar sem hans afkvæmi væri.  
 En hann tók mikil af því, at hann ætti engan son  
 eptir sik, nema Magnús konung; ok eigi dóttur þá er  
 menn viti eigi áðr.—Þá er lesit var Konunga-tal framan  
 til Sverris, þá lét hann takा til at lesa Sverris sögu. Var  
 hon þá lesin bæði nætr ok daga, jafnan er hann vakði.

<sup>1</sup> *Látinu-bækr]* Bifljam, Fr.

330. Messu-dagr Lucie meyjar var á Þórsdag.<sup>1</sup> En A.D. 1263.  
 Laugar-daginn eptir, síð um kveldit, þróngði svá (Dec.)  
 sóttar-fari konungsins, at hann misti mál sín. Nær  
 miðri nátt var úti at lesa Sverris-sögu. En heldr at 15th, 16th  
 miðri nótt liðinni kallaði almáttigr Guð Hákon konung Dec.  
 af þessa heims lífi. Var þat öllum mönnum inn mesti  
 harmr, þeim er þar vóru við staddir, ok mörgum  
 149. öðrum þeim er síðan spurðu. Þessir lendir menn vóru  
 við andlát konungsins: Brynjólfur Jónsson, Erlingr  
 Álfsson, Jón dróttning, Rögnvaldr orka, ok nokkurir  
 þjónustu-menn þeir sem næst höfðu gengit konungi-  
 num í sóttinni. Þegar eptir andlát konungsins var  
 sent eptir biskupum ok lærðum mönnum. Ok þegar  
 er þeir kómu, sungu þeir sálu-tíðir. Eptir þat fóru  
 allir menn ór herberginu, nema Þorgils biskup, ok  
 Brynjólfur Jónsson, ok tveir menn aðrir. Þeir þvógu  
 þá líkinu, ok rökuðu; ok veittu alla þjónustu, sem  
 sómði svá ágætum konungi sem Hákon konungr hafði  
 verit. Sunnudaginn var líkit borit upp í lopt-hallina. 16th Dec.  
 Vóru þar búnar barar með ágætum búnaði. Líkit var  
 klætt tignar-klæðum, ok sett garlant á höfuð hónum,  
 ok búit um at öllu sem býðr um svá ágætan höfðingja,  
 ok kórónaðan konung. Líkit var á barar lagt. Gengu  
 þangat þá biskupar allir ok kennimenn þeir sem í  
 vóru baenum, ok allir hand-gengnir menn. Þá héldu  
 kerti-sveinar kertum. Var þá ljóst um alla hallina. Þá  
 gékk til fólkit at sjá líkit, ok sýndisk öllum bjart ok  
 þekkiligt, ok fagr roði í andlitinu sem lifanda manni.  
 Var mönnum þat mikil huggan af þeim mikla harmi  
 er þá höfðu menn fengit, at sjá svá fragan líkama fram  
 farins mannz ok sín herra. Siðan vóru sungnar sálu-  
 tíðir hátiðliga; vakði hirðin yfir líkinu um nóttina.  
 En Mánadaginn var lík Hákonar konungs borit til 17th Dec.  
 Magnús-kirkju, ok nátt-sett þar aðra nótt. Týrs- 18th Dec.  
 daginn<sup>2</sup> var lík Hákonar konungs lagit í kistu með

<sup>1</sup> Þórsdag] Fr. (Þórsdag); Fim-

<sup>2</sup> Týrs-daginn] Fr.; Þriðja dag-  
tagadag, Fl.

A.D. slíkum umbúnaði sem siðr er til eptir kóronaðan  
 1263-1264. konung. Hann var jarðaðr í kórnum í Magnús-kirkju  
 þar á gráðunum fyrir skríni ins heilaga Magnúss jarls.  
 Síðan var aptr luktr steinninn, sem áðr, yfir uppi; ok  
 var breiddr yfir kögurr. Þá var átt hirð-stefna, ok gört<sup>150.</sup>  
 þat ráð, at allan vetrinn skyldi halda höfuð-vörð yfir  
 leiði<sup>1</sup> konungsins. Um Jólin veitti biskup, ok Andréss  
 plytr, eptir því sem Hákon konungr hafði ráð fyrir  
 gört. Var þá ok öllum mönnum gefinn góðr málí.

331. Hákon konungr hafði til þess skipað í sótt  
 sínni, at lík hans væri flutt til Noregs, ok væri hann  
 grafinn í Björgyn ljá feðr sínum, ok öðrum fræendum.  
 Ok þegar af leið há-vetri,<sup>2</sup> ok sjór tók at hægjask, var  
 fram sett skipit þat it mikla, er konungr hafði vestr  
 haft; ok búit sem skjótligast. Ösku-dag var lík Hák-  
 onar konungs tekit ór jörðu. Þat var inn þriðja  
 1264,  
 5th March. Nonas Martij mánaðar. Gékk þá öll hirðin með út  
 um Skálpeið, ok var líkit flutt í báti út til skipsins.  
 Peir voru mest fyrir skipinu, Þorgils biskup, Erlingr  
 Álfsson, ok Andres plytr. Þar var á hirð konungsins,  
 sú er vestr hafði farit. Ok er þeir voru búnir, létu  
 8th March. þeir í haf. Peir sigldu út Laugardaginn fyrsta í Föstu,  
 ok fengu hörð veðr ok þver; ok tóku land suðr í  
 Sila-vági; ok sendu þegar bréf Magnúsi konungi, ok  
 sögðu hónum þau [in] miklu tíðendi, er í þeirra ferð  
 höfðu görzk. Eptir þat fóru þeir norðr til Björgynjar  
 20th Mar. 21st Mar. 151. þegar leiði gaf. Kómu þeir í Laxa-vág um daginn fyrir  
 Benedictus-messu. Messudaginn röri Magnús konungr  
 í móti þeim, ok Pétr biskup. Var þá skipinu lagt til  
 bæjarins við konungs-garð. Var líkit borit af skipi  
 upp í summar-hallima. En um morguninn eptir var líkit  
 borit út til Kristz-kirkju. Gékk þar með Magnús  
 konungr ok dróttningarnar báðar, biskupar, lærðir  
 menn, hand-gengnir menn, ok allr bæjar-lýðr. Vóru þá  
 sungnar sálu-messur. Eptir þat var lík Hákonar kon-

<sup>1</sup> leiði] legi, Fr.

<sup>2</sup> há-vetri] thus, neuter, Fr.; há vetrið, Fl.

ungs jarðat í kórinum í Kristz-kirkju. Ok þakkaði A.D. 1264. Magnús konungr líkferð með mörgum fögrum orðum, ok talaði snjallt örendi yfir greptinum. Þar stóð allr lýðr yfir með hryggju hugskoti. Sem Sturla kvað :—

“ Prim nótum kom Þróttar  
    þing-hlynr til Björgynjar  
“ áðr en allvald prúðan,  
    ófs dyn-viðir grófu:  
“ Margr stóð málma-fergir  
    (mikit stríð var þat) síðan  
“ lýða grams yfir leiði  
    litt kátr með brá váta.”

Hákon konungr var jarðaðr þrimr nótum fyrir Máriu-  
messu. Þá var liðit frá burð ok holdgan vårs Herra  
Jesu Christi, þúshundrað. cc. lx. ok iij. ár, ok þrim  
nótum minnr.<sup>1</sup>

332. Hákon konungr var ekki hár meðal-maðr; vel vaxinn, herði-breiðr, mið-mjór; heldr hár í sessi; ekki fót-langr, nökkut út-skeiðr; vaxinn mjök á þann hátt sem verit hafði Sverrir konungr. Mikilleitr í í andliti, lit-góðr, hærðr vel; eygðr mjök, ok þó vel. Öllum var hann hugþekkr, þá er hónum var gótt í skapi; en grímnaligr, ok ógurligr, ef hann var reiðr. Hann var hverjum manni kátari, ok vakrari, ok léttari 152. á sér; blíðr maðr<sup>2</sup> var hann við fátæka menn ok þurftuga, svá at aldri var hann í svá þungu skapi, at eigi svaraði hann þeim blíðliga. Hann var tíguligr ok lát-góðr þá er hann sat með öðrum höfðingjum, hugat-látr ok veg-látr, snjallr maðr, ok vel talaðr á þingum. Manna var hann vitraztr, bæði til laga ok ráða-görða. Þat mæltu þeir vitrir menn, er sendir vorú til hans af öðrum höfðingjum, at þeir hefði all-

5. . . . su gjöf. Fyrir því sendir hann<sup>1</sup> fram fyrir hann á veg hans mikinn flokk helvízkra anda ok kumpana í hunda líki. Sem þeir sjá hvar þeirra hinn mesti óvin ferr, hlaupa þeir allir at hónum í senn með gapanda gini ok greypiligrí gnaud, grimmari en leonis eðr tigris, ætlandi at þegar at grípa hann kvikan ok slíta,<sup>2</sup> ok svá með sér heim til helvítis hafa. Enn guðlig myskunn skipar því á annan veg; því at þegar er Dunstanus sér á djöfla flokk, er sik hafði hulit ok skreytt með sjónhverfliðum ok hunda yfir-brögðum, kenna þeir mikinn hita hans heilagleiks, ok svipazt hann at þeim. Ok þó óvitugr hvat um leið, sve[i]flar hann fram fyrir sik limanum sem hann hélt á; fleyandi þeir ok ýlandi með afskræmeligum látum, ok niðr drekkjazt gegnum jörðina til helvítis hylja ok brennesteinsliga pytti. Nú sem Dunstanus kemr til múnklífs í Glastonia,<sup>3</sup> fann hann kirkju læsta. Fyrir því fór hann öruggliga upp á þá bjalla sem kirkjusmiðir höfðu sér til giorða upp reisa (!), ok komzt þar inn í kirkjuna öðru-megin þekjunnar, ok komzt þaðan til skála-dormsins braeðranna, leggjandizt síðan til svefn ok náttar-hvíldar, at hann vissi ekki hvat um hann leið. Um morguninn eptir þá bræðr finna hann þar vel heilan ok til reika, undrazt<sup>4</sup> þeir harðla mjög, eptir spyrjandi með hverjum hætti hann hefði þar komit, eðr hversu hann hefði sína heils[u] fengit. En sveinninn Dunstanus kumni þar ekki annat til at svara, enn hann hefði niðr lagizt útan klausters í herbergjum húsfreyjunnar er fyr var getið, krankr ok sjúkr ok mjög at dauða kominn. En með því at Guðs forsjá vildi þessa jartcigu eptirkomandi mönnum seu nálægum viljandi kunnigt láta verða, bar<sup>5</sup> hún húsfrúin, er vér gátum fyrr, trúlynd þar ver[a]nda vitni þessu eru himneska tákni; þvíat hún hafði forvitliga

<sup>1</sup> *hann*] or hún.

<sup>2</sup> *slíta*] slikta, Cd.

<sup>3</sup> Glaskonia, Cd.

<sup>4</sup> *undrazt*] hundraz, Cd.

<sup>5</sup> *bar*] emend.; bað, Cd.

num njósnat um brotthvarf Dunstani ok sér hverja hluti eptir því sem hún heyrði ok sá fram fara, sem fyrr var sagt. Meðr þvílíkri tákna-gjörð, sem nú hafi þér heyrt, prýddi Guð Dróttim æsku-aldr síns einvala kers heilags Dunstani; þvíat svá sem óx skynsemdar-aldr, svá óxu ok hans verðleikar í Guðs augliti, sem enn með Guðs vilja man frá verða sagt síðarr í sögumni. Þessi himm hreinlífi sveinn hegðaði svá símu framferði með Guðs myskunn, at hann var bæði þekkr Guði ok mönnum. Póttuzt allir vitrir menn undir-standa, af Guðs álfu ok Heilags Anda gipt, at hann mundi mikils háttar maðr verða, bæði fyrir Guði ok mönnum, sem bezt var.

6. Þó<sup>at</sup> heilagr Dunstanus væri af góðum ættum ok ríkra manna barn, vildi hann þó líkjast í því Guðs postolum ok helgum höfuð-feðrum, at iðna stundum nyttsamligt ok veralligt verk veraldar (!), at Fjándinn fyndi hann eigi iðjulausan, hugleiðandi þat sem Páll postoli segir, at sá sem ekki vill . . . . (*here is the blank on the other side of the leaf*) . . . . undir gefinn *tutori* ok *pedagogo*, þat er vernd[ar]manni ok leiðtoga. Á hinum þriðja er maðr algörliga fæddr ok móður undirgefinn. Á hinum fjórða aldri verðr ham aunarra verndari ok formaðr. Á hinum fimta aldri skyldi maðr vera af leik ok barnæsku ok hafa sik til fullkomimnar síðsemdar. Á hinum séttá snýzt mannzins líf í dauða ok sorg ok mörg hatr-fáandi ok full leiðindi. Nú sem hinn heilagi Dunstanus var kominn á hinn þriðja aldr er heitir *adolescentia*, ok fyrr var getið, gékk hann út af klaustrinu Glastonia hvar hann hafði verit frá blautu barns-beini sæmiliga upp fæddr, ok góðfúsliga í allri guðfúsligri spekt ok mannligrí vizku; þvíat hann hafði þar til skóla gengit, en eigi undir munks búmat, hafandi sig til erchibiskups Rodobernensem er hét Adelmus ok var fóstbróðir heilags Dunstani. Tók erchibiskup við hónum vel ok sæmiliða, hafandi hann í sínni þjónustu ok heimoligum

kærleikum. Nokkurn tíma, sem hann sá, at þessi hinn ungi maðr mundi vera fullr af Guðs myskunn, ok hafði mörg mörk óvorðinna hluta með sér, fékk hann hann í hendr til þjónustu Etelstano er hann tíma var einvaldz-konungr yfir Englandi, hvern Adelmus hafði krúnat ok til konungs vígt. Varð Dunstanus skjótliga kærr af konungi ok öllum hans mönnum, þvíat hann undirstóð af hans krapta-verkum, at hann mundi mjög kærr Guðs vin. En sem konungrinn Ethelstanus fór fram um almenneligan dauða-veg, tók ríkis-stjórn bróðir [hans] Ethvardus,<sup>1</sup> er var inn röskvasti riddari í bardögum, mjök vópn-djarfr. En síðan hann var einvaldz-konungr yfir öllu [Englandi], lagði hann allan hug á at auka ok styrkja Guðs kristni, ok saema hans þjónustumenn. Fór hann mest fram um ríkis-stjórn eptir ráðum ok áeggjan sáls Dunstani ok Ethelvaldi Winthonar biskups, látandi eptir [þeirra ráð]e<sup>2</sup> ok áeggjan inörg klastr ok kirkjur af konungligum thesaure endrnyja ok upp smíða þá . . . skipandi yfir sum klaustrin síðferðuga menn til ábóta ok ótöluliga flokka Guði til heiðrs . . . safnaði hann saman góðfúsum meyjumi ok guðhræddum þeim leggjandi til borðz ok klæðnaðar . . . [sína]; at þessi klaustra-manna safnaðr mætti sem bezt samdi ok sæmiligast Guði at þjóna . . . klaustrin hefði kost, ok allir nauðsynligir hlutir til fengnir. Vitjaði þessi inn góði konungr sagðra munklifa . . . hann skyldi vera faðir ok forstjóri munklífauna þeirra nauðsynjum myskunsamliga fyrir sjándi. En hans dróttning skyldi vitja sysstra-klaustra, ok með vakri áhyggju móðurligrar umhyggju<sup>3</sup> . . . þá hluti sem þeim til heyrði, at karlmaðr karlmanni, en [kvinnu] kvinnu mætti án nokkurri grunsemd vóntri viðrkvæmilia við hjálpa. Konungrinn Ethvardus<sup>4</sup> átti þann son er hafði fengit nafn föður síns ok hét Eth-

<sup>1</sup> It should be Edgar.

<sup>2</sup> The edge of the leaf is lacerated.

<sup>3</sup> The verb is here missing.

<sup>4</sup> i.e. Edgar

wardus, en annan son átti hann er hét Ethelredus; hann átti hann við einni vóntri konu er Elfrídr hét. En með því at Ethwardus var þeirra ellri ok síðsamari, ok at öllu betr at sér gjörr, ok síns feðr meiri eptirlíkari í öllum góðum verkum, því skipar hann, at þessi sínn son skyldi taka ríkis-stjórn eptir hans dag. [ENN ER] Ethwardus var fram liðinn kaus heilagr Dunstanus með nokkurum öðrum landz-mönnum ok þó góðum höfðingjum (!). Var son hans Ethwardu[s] til konungs tekinn eptir föður hans vilja ok ráðagörð. En þá er vígslan skyldi fram fara, stóðu sumir landz-menn í móti, haldandi með Ethelredo bróður hans. En heilagr Dunstanus er þaun tíma var Kantara-byrgis erchibiskup stóð stóðfastliga með sínum kumpanum ok hélt með Ethwardo. Ok þá er hann skyldi vígja konunginn, greip hann heilagt kross-mark, þat sem vant var at bera fyrir hónum ok erchibiskups tign í Caneia til heyrði, setjandi þat fram á mitt gólfs; ok u[ndir því] Guðs merki vígði hann öruggliga til konungs í Englandi fyrr-nefndan Ethwardum him unga með ráði ok samþykt ok atstoð sínum bræðra biskupanna ok nokkurra landz-höfðingja, elskandi sínn vígslu-son með föðurligri elsku, svó lengi sem hann lifði; því at frá barndómi hafði heilagr Dunstanus haldit þessum pilti undir sínum meistara-dómi, bæði skrárt hann, ok kennt hónum Guð at elskar ok hans réttlæti um fram aðra hluti, ok elskar hann sem sínn holligan son ok allt til dauða.

7. Nú sem Ethwardus hinn ungi komungr hafði stýrt sínu ríki vel ok guðréttliga um þrjú ár ok átta mánaði, gangandi fótspor föðurs síns í allri Guðs þjónustu, taerandi sína dóma með mildi ok myskun eptir ráðum heilags Dunstani, eptir því sem segir í sögu hans, vekr fjándinn hans stjúp-inóður Elfríði með þeirri illsku ok öfund, at hon lugssar um nætr ok daga at drepa hann með ferligum dauða, ok af ríkinu reka sinn stjúps-son Ethwardum, en sínn son Ethelredum hafði hún til ríkis-stjórnar,

ok vildi hann mest upp hefja. Getr hún svó sínni illsku fram komit, at einn tíma sem konungrinn kom til hennar herbergja með öngvan svein at vitja bróður síns fyrr sagðs, því at þeir untuzt harðla mikil ok hjartanliga, gengr hann einn fyrir dæmdr af hennar sambandzmönnum. Ok sem konungrinn er þar kominn inn í þeirra herbergi, gengr hún fram fyrir konunginn bjóðandi hónum bíðan koss með eitrsamt brjóst sínnar djöfuligrar illsku sem Judas Skarioth görði vórum Herra. Ok sem þetta hit meinlausa lamb konungrinn Ethwardus tók haim *pacem* af þessum Guðs níðingi, þvíat þegar lagði hún í gegnum konungsins kvið með því saxi sem hún bólvað bar undir sínum mötli, svó at þegar lágu úti iðrin. Fór þessi konungr hinn ungi ok hinn réttvísí fóstr-son heilags Dunstani með þvílikum píslar-vættis sigri til Guðs, eptir því sem hans píslar-saga vóttar suo fulluliga. Hvílir hans líkami í Englandi í nunnu-setri því er Uistunina(?) heitir, hvar er Guð giorrir fyrir hans ver[þleika] gjorði (sic) Guð margar [jarteinir].

8. Góðrar minningar Ethwardus (') konungr himn gamli, sem vér gátum fyrr, prýddi ok upp hóf heilagan Dunstanum til margra veraldar saemda, skipandi hann föður ok forstjóra yfir klanstr Glastonia, hvar er Dunstanus var forðum upp fæddr í Guðs þjónustu, eptir því sem aðr var sagt; þvíat í þann tíma réðu<sup>1</sup> konungar í Englandi ok skipuðu, ok vígja létu biskupa til biskups-stóla, en abóta ok aðra regluliga menn til klaustranna; stóðu þau ólög ok óvani í allri Englandz Kristni þar til er hinn heilagi Thomas Chantarbyrgis erchibiskup keypti fagrliga með sínu bana-blóði þat frelsi<sup>2</sup> sem kirkjan átti at hafa með réttu eptir Guðs lögum yfir slíkum blutum, sein þeim Heinreki konungi varð til sundr-þykkis. Sem heilagr Dunstanus var inunkr orðinn ok vígðr ábóti yfir sögðu munklifi, lærdi hann ok siðaði undir-gefna bræðr, kennandi þeim at

<sup>1</sup> ræddu, Cd.

| <sup>2</sup> frelsi] frelsa, Cd.

Íjóna Guði með öllum hreimleik andar ok líkama. En þat er hann vissi Guði gagn staðligt í þeirra frannferðum svarf hann af svá algjörliga með myskunsamri . . . gerandi þá svó bjarta ok skíra í Guðs Íjónustu, sem einn klókr gullsmiðr hreinsar . . . gull eðr silfr, til dýrðligrar ok til góðrar gjörðar; því at svó sem ljóskerti móður hans þá er hún var . . . [kveiktu]zt út af þessu einu kerti allra þeirra manna ljós er voru í kirkjunni, eptir því . . . uzt ok dreifðuzt yfir sjálfan Dunstanum, ok út af þessu munklifi fór um allt England . . . heilags siðferðis ok heilaga speki heilags Dunstani (sic).

9. [Eptir líflát] heilags Jatvardi hins yngra tók ríkisstjórm Ethelwardus bróðir hans, son hinnar illu konu ok dróttningar . . . dauða bróður síns; því at hann var með öllu hreinn ok hlutlauss af því vónða verki, er móðir hans h[af]ði gört, sem segir í sögju fyrr sagðs píslar-vótt. Ok einn tíma er pilltrinn grét beiskliga dauða b[róður] . . . a móðir greip nokkur kerti ok barði piltinn mjök harðla, þvíat henni var þat næst hendi, heptandi með þessu hans grát ok kveinkan. Urðu hónum síðan svó leið kerti ok hatrfull, at hann vildi aldri nær sjá þau eðr fyrir sér láta brenna. En þá er þessi sveinn var fæddr þá heyrði Dunstanus, sitjandi í klefa sínum ok um guðliga hluti hugsandi, ok engla raddir yfir sik í loptið heyrandi (sic) ok sætliga syngjandi: *Pax Anglorum ecclesie! exorti nunc pueri et Dunstani nostri tempore:* Hefir þat svó at segja: "Friðr sé Englands kristni á tíma vórs "Dunstani ok tíma upp-runnins smá-sveins." Var þat þessi konungr Ethelwardus, því at hann var friðsamr ok réttlátr mjúkr ok myskunsamr við alla góða menn þar sem þat hæfði.

10. Svó bar til, at einn erhibiskup (!) er hét Elfagus at hann var kallaðr til Guðs frá þeim stóli er heitir Winthonia. Var heilagr Dunstanus kosinn til biskups, ok valdr af öllum góðum mönnum. En hann vildi eigi samþykkjast kosninginum. Á cinni nótt birtizt

hónum í svefni þrír Guðs postolar, Petrus, Paulus ok Andreas, gefandi postuliga blezan, ok offrandi hónum liverr þeirra sverð ok Heilags Anda . . . en þat má skiljast Guðs orð ok biskuplig *predicatio*. Ok seu þeir höfðu allir heilsað hónum með guðligri blezan ok heilsu-kveðju, heyrði hann sælan Andreas postula mæla með blíðu andliti þessi guðspjallz-orð til sín talandi: *Tollite jugum meum super vos, et discite a me, quia mitis sum et humilis corde.* Þat þýðist svó: "Taki þér ok<sup>1</sup> mítt," segir vórr Herra, "yfir " yðr, ok neinit at mér, þvíat ek em mjúkr ok lítilátr " í hjarta." Enn blezaði Pétr postuli hafði í hendi sér *palmatorium*. Sem nokkur skóla-meistari bað hann Dunstano fram rétta höndina. Ok sem hann fram rétti sinn lófa sem hlýðinn kærisveinn, gefr hann hónum plágú svó at skall við, svó segjandi: " Þetta " skal vera þín sína fyrir þat er þú hefir neitað at " vera Winthonar biskup, ok þetta skal þér til marks " vera at þú dirfizt eigi þat at gjöra þá er þú ert " til þvíþikrar sæmdar beðinn." Við þetta plágumnar högg vaknar heilagr Dunstanus, gerandi Guði marg-faldar þakkir fyrir þann heiðr enn háleita er ham veitti hónum, sendandi sína postola, veraldarinna höfðingja ok dómara fyrir, vernda<sup>2</sup> *præs* . . . . því at hann undir-stóð af þessi vitran at þat mundi vera Guðs vili, at hann yrði Vinthonensis biskup; ok sam-þykkjist hann án dvöl sögðum kosningi, ok var síðan vígðr á viðrkæmiligum tíma með allri sæmð ok heiðr af sínum . . . . ok stól-settr biskup Vinthonie. En eftir nokkurár resigneraði hann biskup [stól] sinni, ok var skipaðr af konunginum Ethgaro faðir ok for-stjóri yfir biskups stóla . . . . ok Vigornensem ok annan Lundunensem, skínandi fagrliga um nokkurár í tvífaldri biskups tign um fram alla aðra biskupa í Englandi í þann tíma. Í þenna tíma görðuzt þau

<sup>1</sup> hoc, Cd.<sup>2</sup> i. e., veranda.

tíðendi, at erchibiskup anðaðiſt sá er Oddr (!) hét ok fíll frá sínum ercli-stóli. Var þá heilagr Dunstanus af leikum ok lærðum í Englandi til erchibiskups tekinn ok kosinn ok með Guðs vilja stól-settr í Caneia. En þá er heilagr Ethelvoldr Vinthonie biskup, lærisveinn ok fóstr-son heilags Dunstani, var fram farinn af heimínunum, birtiſt heilagr Andreas postuli í sýn helgum Dunstano erchibiskupi bjóðandi hónum at taka þar til biskups í hans stað ábóta er hét Elfagus sá sem fyrr var nefndr.

11. En sem hinna heilagi Dunstanus var orðinn Chantara-byrgis erchibiskup ok Primas allz Englandz, prýddi hann því framarr sítt líf með allzkyns kraptaverkum sem hann var skipaðr í hærra stétt af Guði ok annara, . . . Því at svó sem hann var frábærligr öðrum í sínum formannz-skap, lagði hann ok á þat heilagt kapp at vera öðrum fremri í vizku ok heilugu siðferði, þvíat hónum birtiſt optliga Guðs englar ok heilagir menn, sem fyrr var sagt, at þrysvar hafði Heilagr Andi birzt hónum í dífu-líki á þann hátt sem hann birtiſt Johanni baptista þá er hann skírði hann í Jórdan; hyggjum vér þó at lítill partr sé skrifaðr í þessum bæklingi af þeim mörgum táknum ok jarteignum er Guð hefir gjört fyrir verðleika heilags Dunstani. En þó höfum vér saman lesit þat sem vér höfum frenst fundit af hónum.

12. Nokkurr jarl á Englandi hafði fest ok fengit sér til húſfrú ok eigin-konu eina sína frændkonu. En heilagr Dunstanus minnti hann opt á með föðurligum kærleik, at hann skyldi konuna upp gefa, ok eigi lifa í hórdómi ok frændsemis-spellum. En af því at hann anzaði ekki um síns föður áminningar ok hirtingar, þá dró heilagr Dunstanus, ok þó tregr, ór sliðrum erchibiskupligt sverð, ok sneið þenna Fjándans lím með bit . . . með öllu af Guðs líkama ok heilagrar kirkju samlagi, eigi óttandizt hans makt eðr

ríkdóm . . . . . Petta er erkibiskupinn hefir gjört, ferr þegar með allri skynding á konungsins fund Ethgari . . . [heila]gan Dunstanum hversu greypiliga hann hafði fram farit viðr hann, ok bað hann skyldu . . . Sem konungrinn bað jarlinum lausnar, eða enn heldr bauð, fékk hann þvílik andsvör . . . : "Langt " sé burt frá mér," segir hann, "at ek fyrir líta svó " Guðs lögmál, at ek leysa nokkurn bannsettan mann " fyrir þen eðr kröf nokkurs veralligs höfðingja." Sem jarlinn heyrði hans einarðlig andsvör er erchibiskupinn sagði konunginum, at hann vildi ekki víkjast eptir hans bænar-stað, tók hann annat ráð ok sér hjalpsamligra, þvíat myskun Guðs tendraði hann upp til myskunar ok sannrar iðranar ok yfirbótar. Fyrir því af lagði hann venjuligan búnað, farandi í vaðmásklæði, ok sótti á fund heilags Dunstani berfættr, húðstríkjandi sik með þeim líma er hann bar með sér, ok fíll til fóta heilögum Dunstano þar sem hann sat á einu biskupligu þingi mjök fjölmennu, bíðjandi sér líknar, lágr ok lítill með mikilli iðran ok lítilæti, viljandi heldr þola kinn-roða með Marie Magdalene fyrir veraldar fjölmenni, enn ævinliga skemd á dómsdegi fyrir Guðs dómstóli ok öllum helgum mönnum. Fann hann þá erchibiskupinn mjúkan ok myskunsaman, sem til heyrði, ok var þá leystr af bannsetningar áfelli, sem Guðs lög bjóða.

13. Á nokkurum tíma voru gripnir þrír myntrameistarar, er falsat höfðu peninga slag; ok sann-próvaðir at þeirri ódygð var þeim daemd sú pína, sem til er sett í Ensku lögmáli ok á kveðin, at af þeim skal höggva hendr ok fætr fyrir sína vónda gjörð. Sem heilagr Dunstanus varð þessa víss, spurði hann eptir, áðr hann fór til messu á sjálfan Hvít-a-sunnudag, hvort lögmálit væri fyllt við sagða glæpa-menn. Hónum var svarat, at fyrir sakir hátíðar væri pínan dvöld ok undan dregin til annars dags. Heilagr Dunstanus svaraði: "Pat skal vera með öngu móti, ek skal " eigi fyrr til altaris ganga at offra Guði feðr lífs

“fórnir enn þessir eru af lífi teknir, ok fengit maka-  
“liga pínu eptir Guðs lögum, þvíat þetta fyrir daemda  
“verk heyrir oss til at hirta.” Vóru þessir menn  
undir valdi erchibiskupsins í Caneia. Nú sem erchibis-  
kupsins justisar, ok þeir er volduligt ok veralligt  
vald réttinda höfðu í hendi, sem þeirra barona (!)  
til heyrði, undir-stóðu 'erchibiskupsins vilja, létu þeir  
áu dvöl á frysögðum hátfðar-degi roincharana<sup>1</sup> (?)  
háls-höggva þá eptir laganna dómi; hvat heilagr Dun-  
stanus smart fréttandi þat gékk síðan glaðr til heilags  
altaris svó segjandi: “Nú treysti ek fullkomliga, at  
“Guð Dróttinn mínn muni þiggja mítt offr ok líta  
“mína fór af sínu veldis-sæti.” Fór hann at segja  
glaðr messu embætti, steypandi út mörgum hjarta-  
ligum tárum í Guðs augliti, biðjandi með sönnu góð-  
fysi fyrir áðr greindum mynturum; sýnandi þat, at  
hann gjörði þetta meir fyrir laganna vandlaeti ok  
öðrum til viðrsjónar, enn hann gleddizt af pínu for-  
daemdra, sem at sjálfr guð bar vitni um; þvíat í öðrum  
líga-söng sem hann sagði þessi orð: *ecclesiam tuam pa-  
cificare, et cetera, steig Heilagr Andi í venjuligri líking  
gallans*<sup>2</sup> (sic) fugls snjó-hvítrar dífú niðr yfir erchi-  
biskupinn mönnnum ásjaundum, breiðandi sína vængi  
út yfir erchibiskupinn alla vegna, sitjandi þar hljóðliga  
þar til er úti var messan. En sem hann gékk í  
sanctuarium at af skryðaft, varð klerkum heldr tíf-  
raett um þenna atburð ok háleita sýn Heilags Anda,  
at þar var einginn ljá hónum í þann punkt er hann  
steypti aptr af sér höklinum at taka með hónum, þá  
sýndi Guð enn aðra jarteing (!) hónum fyrir hans  
verðleika, þvíat þá er erchibiskupinn lét lausan  
hökulinn, ok eingi varð til at taka við hónum, hékk  
hann í lopti móti öllum líkindum, svá at hvergi nam  
jörð, þar til er Þjónustu-meun kómu til, at þat máttí  
hræra eðr rugla Guðs mann af sínni ástundan. Varð þat

<sup>1</sup> Corrupted from some Romanian word.

<sup>2</sup> Somehow corrupt, galla-lauss?

eptir líkendum at Guð vildi eigi láta þat klæði á jörð koma eða á duptugt gólf niðr falla, er svó heilagr maðr hafði borit ok helgat í vórs Herra líkam heldr optliga.

14. Nokkum tíma þá er heilagr Dunstanus fór um syslu sína at hirta ok bæta siðu manna ok annat biskupligt embætti at gjöra, kom hann í eitt þorp at vígja kirkju Guði til Þjónustu, eptir baenar-stað nokkurs voldugs baróns, er hana hafði gjöra látið. Ok þá er allir nauðsynligir hlutir, þeir sem kirkju-víglu til heyrði, var allt til borit, ok þangat komnir, var vatn eigi svó mikil sem hafa þurfti; hvar fyrir at Dunstanus sá, at burgeisinn ruglaðið ok stygðið á sína Þjónustu-menn. Því renndi hann með fáum orðum sínu hugarfari til Guðs, ok stakk síðan niðr bagals-stönginni í kirkju-gólfit. Spratt þar jam-skjótt upp hinn skærasti brunnr með fögrum vatz-aðum allt til þessa dags, ok gjörir frægt nafn heilags Dunstani. —Aðra kirkju vígði heilagr Dunstanus þá er hónum þótti eigi réttilega horfa sem hónum þætti hæfa svó sem til austrs. Þá gækki hann at kirkju-vegginum, þrýstandi undir smám ok smám herðum ok blezuðum bol, svó snúandi henni með krapta-styrk meirr enn með líkamligu affi, svó fulluliga til austr-aettar sem hónum þótti til heyra. Sannaðið þat í þessu æventýri sem Vórr Herra segir í Guðspjallinu til sínum lærisveina: "Ef þér hefðið trú sem mustarðz-korn,<sup>1</sup> ok þér "mundið segja einu fjalli, 'brott sér þú borit, ok sett "í haf!' þá mundi þat þegar at sönnu verða." Svó er ok sagt [at] sakir vandlætis heilagrar trúar ok guðligs lögmáls, hafði heilagr Dunstanus þolat fyrir Guðs Kristni af vóndum mönnum svó sem ofsókn nokkura, ok var rekinn með rangindum af biskupsstólinum ok í grimma útlegð keyrðr. En sá Guð, er aldri fyrir lætr sik elskanda mann, . . .<sup>2</sup> þenna inn blezaða biskup með heilagra manna náveru þá er hann

<sup>1</sup> *mustarðz-korn*] emend.; *meistra bœn*, i.e. meistara börn (!), Cd. | <sup>2</sup> A verb, "huggaði," or the like, is here left out.

var í útlegðinni, þvíat optliga sendi Guð hónum sína helga menn til styrktar ok gleðiligs viðrmælis; ok einkanliga birtizt hónum Guð fyrir hinn sæla Andream postula sem fyrr var sagt.

15. Nú með því at vér höfum yfir farit þá hluti sem vér höfum fundit at Guð hefir gjört fyrir verðleika sæls Dunstani meðan hann var í dauðligum líkama, þá munu vér nú segja af hans lífláti ok heilagri heiman-för til himeríkis á þann hátt sem hér fylgir:—

Nokkurr klerkr, Alvernum at nafni, Kantara-byrgis kirkju fyrir-söngvari, er öllum mönnum í Englandi var fróðari í þann tíma at sönglist ok allra handa klerkdómi, hefir með þvílíkum orðum skrifat af anláti ok framför heilags Dunstani svó segjandi:—Á nækkurn tíma, þá er yfir stóð hátíðar-dagr Dróttin-ligrar uppstigningar, var Heilagr Dunstanus eptir óttusöng eim saman á bænum í höfuð-kirkjunni í Cancia, þá sá hann ötoluligan skara snjó-hvítra manna, berandi á sínum höfðum skínandi kórónur, með óætlaligum ljartleik inn þysja í kirkjuna, standandi í eim kranz fyrir sér, heilsandi hann með þvílíkum hætti, svó segjandi sem eins mannz munni: “Heill þú, “ Dunstanus vórr, heilsar þér son Guðs, hvern er þú “ elskar með sannri ást ok heitri girnd; hann býðr þér, “ at ef þú ert búinn, þá kom þú ok hátíðliga haldir “ þessa hans hátíð með oss til hvers fagnaðar þú girmizt “ at fara.” Heilagr Dunstanus varð við þessa sýn mjök óskjálfanligr ok spurði hverir þeir væri. Þeir svoruðu: “ Vár erum Cherubin ok Seraphin; gef oss skýr “ andsvör hvat þú villt.” Svarar heilagr Dunstanus: “ Í dag er mikil hátíð, ok heyrir mér til at fæða “ lýðinn með himnesku brauði, ok sýna þeim hversu “ þeir skulu koma til fagnaðar þessa hátfðar-haldz; “ ok af því man hér í Cancia mikill fjöldi fólks saman “ koma; heyrir mér eigi þat til, at blekkja þá, ok “ því verð ek eigi búinn at sinni at fara með yðr.”

Þá talaði fyrr-nefnt fylki Cherubin ok Seraphin við

sælan Dunstanum : " At vísu skaltú búinn vera á næsta Laugardag at fara með oss til Róma-borgar, " ok syngja eilífliga, *Sanctus, Ses, Ses* fyrir enum hæsta " biskupi." Þessu samþykti erchibiskupinn. En honum hurfu engla-fylkin at sýn. Nú sem morguninn kom ok guðspjall er lesit í messunni, sté erchibiskupinn upp á einn predicara-stól venjuligan, talandi svó snjallt ok góðfúsliga fyrir lýðnum, sem hann hafði áðr aldri svó vel predicat ; hvarf hann síðan aptr til altaris ok messu-embætti fram hélt. En svó sem komit var at blezan, gékk hann annan tíma frá altarinu ok predikaði annan tíma fyrir fólkini, svó at allir ætluðu heldr engil Guðs enn dauðligan mann talat hafa. Þá gékk hann aptr til altaris, ok at gefinni *benedictione* fólkini fór hann til at predika í þriðja sinni. En svó sem hann lauk upp sínn munn, skein hans ásjána ok yfirlit með svó mikilli birti, at eingi maðr mátti í móti sjá. Sagði hann þeim þá fyrir, at hans andlátz-dagr mundi skjótt til nálgazt, játandi fyrir fólkini, at þó at hann skildizt við þá líkamliga, skyldi hann jafnan þeim nálægr vera andaliga. Gékk erchibiskupinn þá enn aptr til Guðs borðz at neyta líkamligum krásum, holdi ok blóði vórs Herra Jesu Christi. En eptir messuna svó sem hann gékk frá borði, sýndi hann sínum mönnnum ok til skipaði þann stað er hann vildi sínn líkam jarða láta. Ok eptir svó gört, greip hann krankleiki mikill, ok í fyrstu seint ok blíðliga. En á Frjádaginn eptir Uppstigningar-dag, at krankleikanum vaxanda, lagðizt hann í seng, ok talaði þat fyrir öllum er hans vitjaði, at þeir skyldu ganga Kristz fótspor, ok allan hug á leggja Guð at elска umi fram annat, ok hans vilja gjöra í öllum sínum framferðum. Nú sem Laugardagr kom, á hverjum heilagr Dunstanus skyldi búinn vera at fara með Cherubin ok Seraphin, sem fyrr var greint, tók heilagr faðir Dunstanus Dröttinliga þjónustu, er kallazt vegfarandi manna hjálpsamligt götu-nest, hafandi þar til öruggan hlífðar-

skjöld móti andligum óvinum er í loptinu vefjazt. Ok sem hann beið glaðr sínna síðustu líf-stunda ok þó öruggr, var sængin með honum gripin upp í efri hluti hússins þar til at bitar tóku við, en síðan linliga niðr settr með öllum sængrinnar umbúnaði. Fór svó hit sama annat sinn ok þriðja tíma, at erchibiskupinn með sínni sæng var léttliga til þver-treánnar upp lypr ok í hvert sinn hóliga niðr settr. Eptir þetta fal heilagr Dunstanus sik Guði á hendi, ok þá kristni sem hann hafði hónum til stjórnar gefit ok í hendr fengit, leysandi fólkit með postuligri rögsemd af öllum syndum, gefandi þeim sína blezan með mikilli ást-semd, ok þar með friðar-koss í síðustu heilsu-kveðju, ok svó talandi við umstandandi menn: "Nú siáe þér, " inir kerustu bræðr ok synir, hvert ek em kallaðr, " ok ef þér vilit með mór til einnar gistingar koma, " þá gangit þann veg sem ek hefi yðr sýnt ok fyrir " farit. En sá Guð, er mik til sín kallar, græði yður " hjörtu ok stýri í friði yðrum líkönum at gjöra sínn " vilja." Ok sem allir at-standandi mem sögðu Amen, gaf [heilagr Dunstanus] í Guðs vald ok háleitt föruneyti fyrr-sagðra engla fylkja, Cherubin ok Seraphin, sína flekklausu sál, er nú gleðzt með Guði í óumræðiligt fagnaði í himneskri Jerusalem útan enda. *Amen.*

16. Svó segja sumir Enskir sagna-meistarar, at um morguninn fyrir sagðan Laugardag eptir sagðan óttusöng, lét heilagr Dunstanus saman safna ok til sín kalla allra klaustra-manna lifnað ok conventuna í Cantia, biðjandi þá at biðja fyrir sér til Guðs; segjandi hann svó, eptir vórs herra holdtekju ok görvar Guði þakkir, þessi orð Guðs eðr Davíds konungs síðast talat hafa: "*Memoriam fecit mirabilem suorum misericordias et miserator esseam dedit timentibus se. . . Pat* hefir svó at skilja í Norænu: "Minning görði Guð sínum " dásamligra hluta, ok Dróttinn myskunnsamr myskuni- " nari gaf fæðu sik óttandizt mönnum." Millum hverra

orða þeir segja hann gefit hafa sinn heilagan anda í Guðs vald, þar til leggjandi : Þá er hans signaða sál var af líkamligu herbergi út gengin, heyrðu þeir margir í loptið upp þvílíkan líks-fylgju-söng, er englarnir offruðu með sætum hljóðum heilug Prenning (!) fyrir hans sál, svó segjandi : " *Kirieleison*," eptir því sem nú er sungit nær um alla Kristni, ok margir menn kalla "Dunstanus-kirie." Gékk þessi inn góði biskup með þvílíkum haetti inn í eilífa dýrð síns Dróttins sam-jafn patriarchum ok spámönnum, þvíat Guð görði hann makligan hér í veralligu lífi at vera forspár ok samvitugr um marga hluti óvorðinna í himeríki. Ok því trúizt hann nú þeirra tölu samjafn ok samtengdr vera, með því at hann hafði postuligt vald í Guðs kristni, ok stýrði því eptir Guðs lögmáli ; því lifir hann með Kristi gleðjandizt eilífliga í postuligri sveit himneskra öldunga. Eigi er heilagr Dunstanus ræntr píslar-vættis sigri ok samlagi, heldr þeim óleysiliga samtengdr, því at hann fagrliga stundaði at vera Guðs fórn, lifandi með dagligu ok viljugu píslar-vætti munkligs harðlífiss. Þvíat þat greina heilagar ritningar, at með fleirum<sup>1</sup> hlutum verðr píslar-vætti enn með blóðs-úthellingu í játara flokk : Hefir hann orðit makligr at vera Guðs sam-arfi, þvíat um alla sína daga stóð hann trúlyndr þjónn staðfastliga í játning heilagrar Prenningar ok almenniligrar trúar. Þessi himi heilagi Guðs [vin] Dunstanus lifði hér á jarðríki sem Guðs englar í himenríki. Skinn ok af hans birti bjartr sem sól í meyja-flokki (sic), þvíat hann var góðr geymslu-maðr eilífs skírlífiss ; var æ jafn hreinn skærasti sveinn ok jungfrú í guðs anglisti. Blómgaðiðt heilagr Dunstanus fagrligum jarteignum ok skein í Englandi ; ok fyrst ábóti í Glastonia sem fyrr segir ; síðan biskup í Winthonia, ok skjótliga þar eptir var hann erchibiskup í Cantuaria, mikils máttar ok

<sup>1</sup> *fleirum*] fleiri, Cd.

myskunnar fyrir Guði. Enn er liðit var frá hingatburð vórs Herra Jesu Christi tólf árum minnr enn þúshundrut ára, ok þá er hann hafði verit erchibiskup í Caneia xxx. ára ok þrjú ár, eptir því sem sá meistari segir, er diktat hefir Speculum Historiale. En þá vóru liðnir frá fæðing sæls Dunstani með öllu sjautigir ára, þá leið hans en blezaða önd fram af líkamanum, burt farandi ór þessa heims útlegð ok sýtiligum sorgar-dal til himneskrar föður-leifðar ok lifandi manna jarðar. Til þess fagnaðar ok eilífrar dýrðar, er Guð hefir sínum þar fyrir búit, leiði oss ok laði fyrir sína mildi ok myskunnssemi ok volduga verðleika hins dyrðliga Dunstani erchibiskups, lifandi Guðs son vórr Herra Jesus Christi, sá er með Feðr ok Syni (sic) ok Helgum Anda lifir ok ríkir *per omnia secula seculorum*. Amen.

17. Nú sem hinn heilagi Dunstanus Chantarabyrgis erchibiskup var fram farinn af þessa heims lífi til eilífs lífs, sem fyrr var greint, var sú vígð persona til erchibiskups í Caneia er Lanfrankus hét. En á nokkurum hátfíðar-degi, sem fyrr-nefnr erkibiskup söng messu heima at erchi-stólinum í Caneia, bar svó til, sem einn ungr bróðir hafði evangelium, ok hann bar erchibiskupinum *patenam* ok þó eptir, at hann sá reiðiligar ásjónur helvízkra blámanna þar nær altarinnu. Við þessa sýn at hann var (!) mjög hræddr ok ótta-sleginn, at hann greip til erchibiskupsins; en hann á Guðs líkama haldandi, krestandi hann mjök sterkliga millum sínum armleggja, með hárri röddu hræðiliga æpandi ok svó segjandi: *Christus regnat, Christus vincit, Christus imperat*. Pat þýðir svó: Kristr ríkir, Kristr sigrar, Kristr býðr yfir. Allir þeir sem heyrðu, urðu mjök hræddir, en hann bróðirinn vitlauss var borinn eptir messuna af nokkurum riddarum í leyniligt studium erchibiskups. Síðan vóru braðr saman kallaðir

allir á capitulo; ok er hinn óði bróðir sterkliga bundinn millum þeirra fram leiddr. Herra Lanfrankus gjörir þá sermonem, ok predikar fyrir inum óða bróður ok öllum öðrum, ok býðr at þeir skuli biðja til Guðs fyrir inum óða bróður. Ok sem allr bræðra samfnaðr var á bænum, ok sem þeir höfðu beðit um stund, varð hann heill, at því er öllum sýndizt, sagðrar meinsemdar, ok því [næst] var hann leiddr til legs heilags Dunstani erchibiskups, at gjöra þar Guði margfaldað þakkir, fyrir við tekna heilsu-gjöf. En þá er bræðr vóru at náttsöng, var hinn vitlausi bróðir gripinn ór sínu sæti, ok slöngt upp á priorinn, er Heinrekr hét; en priorinn reisti hann upp ok leiddi hann til sengr. En um miðnætti æpir hann upp, ok gjörir bræðrunum miklar ónáðir. Var hann þá enn leiddr til grafar heilags Dunstani, þó at nauðigr væri, þvíat hann stóð fast í móti með öllum sínum öflum. Nú sem hann kom þar, leysir hann alla tauma sínnar ærsla, ok spýr ór sér allt til morguns ótölulig guðlastanar orð í móti vórum Herra Jesu Christo ok hans ástvin Dunstano, hver diktat hafði sá inn vóndi níðingr, er fyrir innan bjó, ok harðliga hertekit þessa Guðs skepnu. Um morguninn var hann borinn inn í *infirmary*,<sup>1</sup> þat er krankra manna herbergi, ok var hann þar geymdr um marga daga. En hvern sem einn maðr er þangat kom til hans, ok væri í hofuðsyndum staddir ójátuðum, þá opinberaði hann þá hvern sem einn óbættan þeirra glæp með þeirri grein ok hætti sem fallit var; svó at hvern mátti sít mark á kenna, ok sögðu at þeir mundu hónum annars heims samteingjast í eilífun kvölum. Pessum hans orðum trúðu margir menn, ok skriptuðuzt þegar án dvöl skjótt, ok við skylduzt með sannri góðfýsi ok iðran þær syndir sem þeir höfðu áðr leynt eptir sér. Ok svó sem þeir kómu inn fyrir hann í annan tíma, kenndi

<sup>1</sup> Emend., *primarium*, Cd.

hann þá ekki, ok spurði hverir þeir væri eða [hvaðan] þeir væri at komnir, eðr með hverjum hætti þeir hefði svó skjótliga hreinsat sik ok þvegit, samtengdan kumpanaskap upp sagt ok sundr-slitið. Má af þvílikum hlutum marka hverr ok einn vitr maðr, hversu nauðsynligross er h[eilagr] skiptar-gangr,<sup>1</sup> eðr hversu mikit hann má í Guðs augliti, eða hann af mår vórar syndir af því máldaga-bréfi eilífrar fyrirdæmingar, er Fjándinn endr-nýjar óaflátiga með vórum illgjörðum. Sættir skiptar-gangr oss við almáttigan Guð ok samtengir, en skilr oss frá Fjánđanum ok vóndra mamma samlagi. Nú sem hinn æri bróðir var settir í milli margra þeirra heilagra dóma sem vórn í höfuðkirkjunni í Chanciea, fylltizt hann upp með svó miklu afli ok fjándans krapti, ok springr upp ok grípr sengina er hann lá í, ætlandi at flýja Guðs krapt ok þeirra manna er hvíldu í Cantarabyrgi. En svó sem hónum var haldit nauðgum þar, kennir hann bróðirinn í sínum kviði at fjándinn er mjök ókyrr í sínum líkama, ok hleypr upp ok ofan í hans kviði, svó mikill sem smá-rakki at vexti, ok vildi í burt fara, stundum um muninn enn stundum um bak-hlutinn; ok finnr at öll port á hans líkama eru svó sterkliga aprí byrgð, at þar fyrir má hann eigi út ganga af sínu herbergi. Eptir þetta fóru braðr til borðz, en einn góðr bróðir ok guðhraeddr var eptir láttinn hjá honum í kirkjunni. Hann var mjök góðfuss í þjónustu-görð ok allri virðing við hinum heilaga Dunstanum. Þar fyrir tekr hann kross þann sem heilagr Dunstanus lét bera fyrir sér á meðan hann var hér á jarðríki, ok lagði yfir him dýöful-ða bróður, treystandist í Guði ok þessa ins heilaga mannz verðleikum, ok kallaði hátt með tárum svá segjandi: *Sancte Dunstane, succurre!* En þat hýði svó: "Heilagr Dunstanus, hjálpa þú." Sem fjándinn, er í var smá-rakka líking, heyrir þar sem

---

<sup>1</sup> skiptar-ganga, Cd.

hann var, nafn heilags Dunstani, bregðr [hann] við skjótt, ok á rás, ok finnr sér maklig útgöng, þvíat hann ferr með skemd ok hneyking rétt hit leiðiligasta port kviðarins ok aprí-lhlutinn hans bróðurins. Nú sem hann bróðirinn finnr, at hans húsbondi er út genginn af myrkva-fullum helli kviðarins, hefr hann upp sín augu til himinsins ok segir þessi orð með mikilli tára skúr svó segjandi: "Þakkir gjöri ek þér, " heilagr faðir, Dunstane, ok þér mínn elskulegasti " sambróðir, því at fyrir þína volduga verðleika, mínn " sæti herra Dunstane, ok með þínni ástsamligri bæn, " mínn kæri bróðir, er ek nú fagrliga frelstr af óvina " valdi." Allir þeir sem sáu þessa jarteign ok til frágu, lofuðu makliga Guð ok hans ástvin hinn dyrðliga Dunstanum erchibiskup.

18. Eptir þetta bar svó til, at einn biskup af þeim stað er *Baiocensis* (sie) heitir ok fyrr hafði verit jarl í Cantarabyrgi, hrærði nokkurar bækr ok hégómligar ásakanir upp á erchibiskupinn Lanfrankum ok yfir nökkurum jörðum kirkjunnar. Nú sem sá dagr kom sem erchibiskupinn ok fyrr-nefndr jarl koma á pláz<sup>1</sup> ok parliament, ok tala um sín mál-aefni, kallaði erchibiskupinn á hinn heilaga Dunstanum sér til árnaðar-orðz. Á þeirri sömu nótt sá erchibiskup sælan Dunstanum í svefni standa fyrir sér svó segjandi: "Heyr *Lanfranke*, ruglast eigi í þínu hjarta; " ek mun vera með þér ok styrkja þik. En ef þú " sigrar<sup>2</sup> þína móttöðu-menn á morgin, þá vit " fyrir víst at ek er Dunstanus er talar við þik, en " eigi annarr." Um morguninn eptir sem Lanfrankus erchibiskup kom til ákveðinnar stefnu, eyddi hann með svó vitrligum greinum ok hvössum skynsemendum öllum hégómligum mótköstum sínum óvina, er allir hjá verandizt menn undraðuzt mikilliga<sup>3</sup> hans

<sup>1</sup> *pláz]* platz, Cd.

<sup>2</sup> *eigi*, add. Cd.

<sup>3</sup> *mikilliga]* mikileika, Cd.

málsnild ok virðuligan framburð. Því félkk hann í þessum mála-ferlum sæmd ok heiðr, en hans óvinir svívirðuliga fyrirlitning ok makliga hneyking. *Amen, finem habemus.*

---

## B.—ICELANDIC ANNALS from year 1392–1430.

*Explanation of the punctuated Paschal letters.*

1. With the point *after* the letter :—  
**b.**=22nd of MARCH; **c.**=23rd;  
**d.**=24th; **e.**=25th; **f.**=26th; **g.**=27th; **h.**=28th; **i.**=29th; **k.**=30th;  
**l.**=31st; **m.**=1st of APRIL; **n.**=2nd; **o.**=3rd; **p.**=4th; **q.**=5th;  
**r.**=6th; **s.**=7th; **t.**=8th; **v.**=9th.

2. With the point *before* the letter :—  
**a.**=10th of APRIL; **b.**=11th;  
**c.**=12th; **d.**=13th; **e.**=14th; **f.**=15th; **g.**=16th; **h.**=17th; **i.**=18th;  
**k.**=19th; **l.**=20th; **m.**=21st; **n.**=22nd; **o.**=23rd; **p.**=24th; **q.**=25th.

Útkvóma herra Petrs Hóla-biskups í Pétrs-bollanum, braut skipið í spón í milli Krýsivíkr ok Grindavíkr; varð mannbjörg en týndist allr peningr. Kom biskupinn heim til Hóla fyrir Festum Michaelis, ok játuðu allir honum hlýðni lærðir ok leikir. Kom eingi skip fleiri af Noregi til Íslandz. Þat haust ætluðu út um sumarit af Björgvin tíu skip.<sup>1</sup> Ófara-ár mikit í skipabrotum ok byrleysum, bæði með Þýskum, Enskum ok Norænum. Braut marga kugga fyrir Noregi. Regn mikil fyrir norðan land á Íslandi.

Braut Hóla-kirkju ok stöpulinn allt saman í grund fjórða dag í Jólum. Deyði einn djakn í kirkjunni.

Útkvóma Herra Vilchins biskups með heilbrigð. Saung hann fyrstu messu in Exaltatione ste crucis heima í Skálholti. Var þar veizla eptir biskupsins boðskap gör svó ágæt, at einginn þóttist þvílíka veizlu séð hafa fyrr á Íslandi fyrir mann-fjölda sakir ok allra handa kostnaðar. Þar var herra Pétr Hóla-biskup ok allt bit vildasta mannvil fyrir norðan, vestan, ok

A.D.  
[1392.]  
gf.e

[1393.]  
c.r.

[1394.]  
d.k

<sup>1</sup> Here ends the old vellum.

sunnan á Íslandi. Stóð þessi veizla í vel sio nætr. Veitt svó heiðrsamliga at þat skyldi hvern helzt drekka sem til lysti, bæði nött ok dag. Ok þat til marks um, at Stóru-stofan var þrí-setin gátta í milli af höfuðs-mönnum. Ok var þar ekki annat drukkit en Þýzkt öl, ok þaðan af dýrra öl.

[1395.] [c.b.] Obitus Sæmundar prestz Þorsteins sonar Fiarðar upp á Páskadaginn sjálfan í þann tíma um morgunum er krossar voru uppteknir, Anno Domini M.ccc.xc<sup>o</sup>.v<sup>o</sup>., anno etatis sue lxx<sup>o</sup>. vi<sup>o</sup>. Hafði hann verit merkiligr maðr, staðligr ok dygðugr, ok allra manna frjálsastr. Hann vildi ok aldri völd eðr umboð þiggja af biskupum sér til vanda eðr sálu-háska. Liggr hann fram fyrir kirkjunni á Hofi í Vópnasírði; hélt hann þá kirkju sæniligast.

[1396.] [ba.n.] Herra Vilchin biskup reið til Austfjarða í visitationem.

[1397.] [g.n.] Herra Vilehin biskup reið til Austfjarða.<sup>1</sup> Hel-sleginn Þórðr Árnason í Vestmannacyjum, saklauss af útlenskum kaupmönnum, er þar kómu út; ok urðu þar margir aðrir stórir áverkar.

[1398.] [f.s.] Höggvinn Páll gaddr Guðmundarson fyrir þat er hann saerði Jón bóna Hákonar son lemstrar-sári í þingreið; komzt hann í kirkju at Eiðum í Fljótdals héraði; ok var síðan tekinn þaðan meðr þeim haetti, at hann var borinn út af kirkjunni sofandi; görðu þat þrír menn í dular-klæðum; ok urðu ei kendir af alþýðu. Var hann fluttr norðr um land, ok höggvinn á Húnavatz-Pingi. Bauð hann miög boð aðr sér til lífs, ok vildu Norðlendingar þau eigi hafa, því öngvir treystnzt at eiga hann yfir höfði sér.

[1399.] [e.k.] Veginn Jón af bragð í Borgarfírði af Gunnlaugi Magnús syni ok hans sveinum.

[1400.] [de.i] Höggvinn Gunnlaugr bóni Magnús son í Reykholti í Borgarfírði fyrir þat er hann veitti áverka Jóni

<sup>1</sup> Perhaps a repetition from the preceding year.

af bragð, þann hann fékk bana af; ok mörgum öðrum málá-ferlum var hann borinn, um heimsóknir, ok öðru harðligu framferði við þaendr, þá hann hafði sýslu konungs yfir. Item vóru þar höggnir með honum tveir sveinar hans; hét annarr Þorsteinn en annarr Björn. Í þeim sama mánaði var höggvinn hinn þriði er Sigfús hét, ok var lokkaðr út af kirkjunni í Bæ í Borgarfirði. Sem Guð hafi þeirra sál allra.

Útanferð hústrú Solveigar Þorsteins dóttur í Vatzfirði er átti Björn Einarsson, í þeirri ferju er<sup>1</sup> hann sjálfur lét byggja at helmingi við kirkjuna í Skálholti. Kom hón fram með heilu ok höldnu.

[1401.]  
b.o.

Braut Kana-bátinn austr fyrir Síðu; töpuðuzt marginir menn ok mesti hlutr góz. Útkvóma Herra Vilchins í Austfjörðum með heilu ok höldnu. Item kom út Hval-Einarr Herjólfsson með þat skip er hann átti sjálfur. Kom þar út í svá mikil bráða-sótt, at menn lágu dauðir innan þriggja náttu, þar til er heitið var þrimr lof-messum með sæmiliðu bæna-haldi ok ljós-bruna. Item var lofað þur-föstu fyrir Kyndil messu, en vatn-fasta fyrir Jól ævinliga. Fengu síðan flestir skipta-mál áðr en léztzt. Gekk sóttin um haustið fyrir sunnan land með svó mikilli ógn að al-eyddi bæi víða, en fólkis var ekki sjálf-bjarga þat eptir lifði í mörgum stöðum. Sera áli Svarthöfðason deyði fyrst af kennimönnum um haustið, ok þar [eptir] bróðir Grímr, kirkju-prestr í Skálholti. Síðan hverr eptir annan heima-presta. Sera Höskuldr ráðsmaðr á Jóladaginn sjálfan. Al-eyddi þá þegar staðinn at laerdum mönnum ok leikum fyrir utan biskupinn sjálfan ok tvó leikmenn.

[1402.]  
a.f.

Manndauða-ár hið mikla á Íslandi. Obitus Páls ábóta í Viðey ok herra Þorsteins frá Helgafelli. Obitus herra Rúnólfs af Þykkvabæ ok sex braðra, en aðrir sex lifðu eptir. Obitus Halldóru abbadísar í Kirkjubæ

[1403.]  
g.f.

<sup>1</sup> or] var, Cd.

ok sjau systra, en sex lifðu eptir. Vígð frú Guðrún abbadís Halldórs dóttir. Eyddi staðinn þrjá tíma að mann-fólki, svó at um síðir miolkuðu systrnar bú-fénaðinn<sup>1</sup> þær er til vóru, ok kunnu flest-allar lítið til, sem vón<sup>2</sup> var, er slíkan starfa höfðu aldri fyrri haft. Kvómu þar til kirkju hálfr átti tugr hins siounda hundraðs danðra manna, svó talið varð; en síðan varð ekki reiknað fyrir mann-fjölda sakir, svó deyði mart síðan. Item eð sama ár eyddi staðinn í Þykkvabæ þrysvar at mann-fólki, svó ekki var eptir nema tveir braeðr, svó heima væri, ok einn húskarl staðarins, ok hann bar matinn fyrir þá, ok þá [er] til kvómu. Obitus herra Þorsteins ábóta at Helgafelli<sup>3</sup> ok Gísla Svartz sonar frá Reykhólum, Jóns Guthormssonar í Hvammi, ok Þórðar undan Núpi, ok Páls Þorvarðsonar frá Eiðum austan, ok Ceceliu Þorsteins dóttur hans húsfrú. Item þat sama ár varð sá atburðr norðr á Hálogalandi í Noregi, at einn Finnur sá er Feðmingr hétt, lá úti í einni bjargskoru heil þrjú ár svá sem dauðr væri; lá þar hjá hónum bogi hans ok örfa-mæli; félulu hvórki á hann dýr né fuglar alla þessa stund. Síðan reis hann upp ok lifði mörg ár síðan. Var herra Árni Ólafsson þar þetta sama ár.

[1404.] fe k. Manndauða-vetr hinn síðari, eyddi þá enn staðinn í Skálholti þrjá tíma at þjónustu-fólki; deyði þar þá þrír prestar, ok mesti hlutr klerka. Tveir prestar lifðu eptir, bróðir Þorfinnr kirkju-prestr, ok Þórarinn prestr Andrésson, er þá var capellanus biskupsins herra Vilehins. Vígðr herra Áskell erkibiskup til Níðaróss. Söng hann fyrstr manna in festo sancti Andree apostoli heima í Níðarósi, var þar þá bróðir Arni Ólafsson með Hákon Sigurðar syni, hver síðan var biskup í Skálholti.

[1405.] d. k. Snjó-vetr hinn mikli. Varð svó mikill fjár-fellir til

<sup>1</sup> bú-fénaðinn] kú-fénaðinn, Cd.

<sup>2</sup> vón] sem, Cd.

<sup>3</sup> Repetition from the preceding.

hrossa ok sauð-fjár fyrir sunnan land, at trautt min-tutz menn þvílikan. Átti staðrinn í Skálholti um haustið þrjú hundrnð roskin hross, en ótal þré-vetr hross ok yngri; en um vórit lifðu eigi fleiri klyfbaer hross á staðnum ok staðar-búum öllum fyrir ofan heiði, en hálfr fjórði togr, fyrir útan fjóra hesta ok xx, er biskupinn sjálfur, herra Vilehin, átti sérlega, suma staðna, ok gengu í Hestz-fjalli um vetrinn. Tók við ráðum í Skálholti sera Oddr Jónsson er þá helt Breiðabólstað í Fljótz-hlíð; en sera Vigfús Þorkjarnar son létt laust. Skipaðir þrír officialis yfir Skálholtz biskups daemi, herra Vermundr [ábóti]<sup>1</sup> af Helgafelli yfir Vestfirðinga-fjórðung til Botnsá. Sera Oddr Jónsson [áðr ne]fnðr yfir Sunnlendinga fjórðung austr [til Lóm]anúps-sandz. Sera Pórarinn Andrésson yfir Austfirðinga fjórðung norðr til Helkundu-heiðar. Stóð svó um þrjú ár. Ut[anferð] Vilehins biskups ok Björns Einarssonar ór [Hval]firði. Vígði [biskupinn áðr] bróður Bjarna . . . son til ábóta [í Viðey]. Létu þeir út ór Hvalfirði. Þar [sigldi ok með Na]rfi Sveinsson löggamaðr [austan ok sunnan á] Íslandi. Item sigldi þar [með biskupinum bróðir] Jón Hallfríðarsson. Brúðlaup Þorleifs Árnasonar ok Kristínar Björns dóttur í Viðey gört með miklum kostnaði. Stóð fyrir veizlunni Vigfúss bóndi Ívarsson, hirðstjóri yfir allt Ísland. Obitus domini Vilehini episcopi Seallholtensis reverende memorie. Liggr hann í Björgvin. Gjörði hans útferð Björn bóndi Einarsson sein bezt hann kunni. Stóðu yfir hans grepti sjau lýðbyskupar ok herra Áskell erkibiskup af Níðarósi. Var haun mikill nytsemdar-maðr til bygginga ok annarra hluta. Hann létt byggja tornit út til Bræðra (sic) þá. hann var þar príor, ok mart annat. Hann létt ok byggja stöpulinn í Skálholti allan af grund; hann bygði ok Sancti Thorlaks höfuð meðr klárt silfr, ok lagði sjálfr þar út í hans helgan

<sup>1</sup> A hole in the vellum is here filled up from old paper transcripts, and marked [ ].

dóm, hausinn heilan, óbrotinn. Hann hafði ok út vórrar Frú bílæti hið minna í Máriu stúku, ok seti Óláfs bílæti fyrir framan kórimu í Skálholti, ok eitt Þýskt er hann gaf enn kirkjunni. [Item] lét hann göra í Kirkjubæ, ok lagði sjálfur allan kostnat til, [sæmilig]a refla kringum alla Stóru-stofuna, svó öngvir vóru fyrri jafn-reisugir, ok gaf þá kirkjunni. Item gaf hann henni sæmilig messu-klæði [með öllum] reiðskap ok dalmatiku, hver er höfð eru á [Kross]-messur báðar jafnan síðan; því hann sagði þá fyrstu messo er hann [kom]<sup>1</sup> til landzins in Exaltatione ste crueis, sem fyrr segir. Hann lét ok byggja staðnum búzu í Noregi, er kölluð var Biskups-búzan. Fórzt henni jafnan vel, sem vón var. Hann leysti ok allar gamlar skuldir staðarins, svó að um hans daga vorð kirkjan skuldlaus. Aflát mikit í táknum af syndum sínum. Bróðir Arni Ólafsson var þar þá með hustrú Sigríði Erlendz dóttur ok var settr penitentiarius öllum Norænum mönnum. Þar sá hann serk vórrar Frú Scte Marie, ok reifa vórs Herra, ok belti, ok dük Johannis baptiste. Í þeim stað er Affrica heitir sá hann hjalltið af sverði Sigurðar Fófnis-bana, ok mæltizt honum þá x. fóta langt, en klótin af kopar tók einnar spannar langt aptr af. Þar var ok tönn, er sögð var ór Starkaði gamla; var hún þverrar handar á lengð ok breidd, fyrir utan þat er í holdinu hafði staðit.

[1406.]  
c.B. Kongr Eirekr Noregs konungr giptizt. Fékk hann Filippu dóttur Heinreks konungs af Englandi; var þeirra brúðhlaup í Dannmörk. Petta ár fór Björn bóndi Einarsson af landi í burt, ok hans hústrú Solveig. Fóru þau fyrst til Róms, ok þaðan aptr í Fenedi. Stigu þar á skip, ok sigldu svó út yfir hafit til Jórsalalandz til Vórs Herra grafar, ok þaðan aptr í Fenedi. [Síðan] skildu þau þar; fór hustrúim aptr til Noregs, en bóndinn fór vestr í Compostellam til

<sup>1</sup> kom] om. Cd.

setum Jacobum; lá hann þar sjúkr hálfan mánuð. Þaðan fór hann inn um endilangt Frank[ariki; svá inn] í Flandr. Þaðan inn í England í Cantarabyrgi. [Síðan] aprt til Noregs. Petta ár fóru þeir til Grænlandz, Þorsteinn Helmingsson (!), Snorri Torfason, ok Þorgrímr Sölvason, á einu skipi. Létu þeir út af Noregi ok ætluðu til Islandz; voru þeir þar iiij. vetr. Druknuðu átta menn af einu skipi í Noregi í vatninu Miers (!). Var þar út í kvinna ein er Sigríðr hét, ok var með barni. Á þriðja degi frá því er hún druknaði, var hún fundin ok færð til kirkju; á fjórða degi var hún til graptar búin; ok á grafar-bakkanum sáu menn at hrærðist blæjan um hana. Var þá sprett til, ok fanzt þar barn ný-fett, ok grét. Var barnit skírt af prestinum, ok deyði upp á staðinn, ok grafit þar með móður sínni.

